ALÞINGI 1966

Þingsetning.

A.
Í sameinuðu þingi.

Árið 1966, mánudaginn 10. október, var 87. löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sextugasta og níunda aðalþing í röðinni, en hundraðasta og önnur samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1,30 miðdegis. Séra Ólafur Skúlason steig í stólinn og lagði út af Jesaja 4, 5. b.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
2. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
3. Axel Jónsson, 3. þm. Reykn.
4. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
5. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
6. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
7. Birgir Finnsson, 2. landsk. þm.
8. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
9. Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm.
10. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
11. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
12. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
13. Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm.
14. Eðvarð Sigurðsson, 3. landsk. þm.
15. Eggert G. Þorsteinsson, 12. þm. Reykv.
16. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
17. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
18. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
19. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
20. Friðjón Skarphéðinsson, 9. landsk. þm.
21. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
22. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn.
23. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
24. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
25. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. e.
26. Gylfi Þ. Gíslason, 6. þm. Reykv.
27. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
28. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
29. Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf.
30. Helgi Bergs, 6. þm. Sunnl.
31. Hermann Jónasson, 1. þm. Vestf.
32. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
33. Ingvar Gíslason, 5. þm. Norðurl. e.
34. Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv.
35. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
36. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
37. Jón Þorsteinsson, 4. landsk. þm.
38. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
39. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
40. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
41. Lúðvík Jósefsson, 5. þm. Austf.
42. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
43. Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm.
44. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
45. Ólafur Björnsson, 8. þm. Reykv.
46. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
47. Óskar E. Levy, 4. þm. Norðurl. v.
48. Páll Þorsteinsson, 4. þm. Austf.
49. Pétur Sigurðsson, 7. þm. Reykv.
50. Ragnar Arnalds, 5. landsk. þm.
51. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
52. Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.
53. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
54. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
55. Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf.
56. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
57. Sveinn Guðmundsson, 10. þm. Reykv.
58. Sverrir Júlíusson, 7. landsk. þm.
59. Þorvaldur G. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
60. Þórarinn Þórarinsson, 5. þm. Reykv.

Ókomnir voru til þings:

1. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
2. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
3. Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm.
4. Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf.
5. Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv.
6. Lúðvík Jósefsson, 5. þm. Austf.
7. Páll Þorsteinsson, 4. þm. Austf.

Eftirtaldir varaþingmenn sátu fundinn:

1. Ásmundur Sigurðsson, 5. (vara)þm. Austf.
2. Geir Hallgrímsson, 4. (vara)þm. Reykv.
3. Pétur Pétursson, 5. (vara)þm. Vesturl.
4. Ragnar Jónsson, 6. landsk. (vara)þm.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hæstvirt ríkisstjórn. Háttvirtir alþingismenn. Hinn 21. sept. 1966 var gefið út svo hljóðandi bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands samkv. 8. gr. stjórnarskrárinnar: forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar, gjöra kunnugt:

Vér höfum ákveðið samkv. till. forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1966 skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. okt. 1966.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 21. sept. 1966.
Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson.
Gizur Bergsteinsson.

Bjarni Benediktsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um, að reglulegt Alþingi 1966 skuli koma saman til funda mánudaginn 10. okt. 1966."

Samkv. bréfi því, sem ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Ég árna Alþingi allra heilla í störfum, að þau megi verða landi og þjóð til trausts og halds, gæfu og gengis.

Að svo mæltu bið ég alþingismenn að minnast ættjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Bjarni Benediktsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna þingfundi, þar til kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti (KK): Sem aldursforseti leyfi ég mér að bjóða alla hv. alþm. velkomna til þings og lýsa þeirri von og ósk, sem ég veit, að býr í brjóstum okkar allra, að þetta þing megi verða gifturíkt.

Eftirfarandi bréf hafa borizt:

Fyrst er bréf frá Lúðvík Jósefssyni, 5. þm. Austf., dags. 28. f. m.:

„Þar sem ég get ekki sinnt störfum á Alþingi í byrjun þings vegna veikinda og verð væntanlega staddur erlendis, þá óska ég eftir, að varamaður minn, Ásmundur Sigurðsson, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni."

Þá er bréf frá formanni þingflokks Alþfl., Emil Jónssyni utanrrh.:

„Þar sem Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., er nú fulltrúi Íslands á þingi Hinna sameinuðu þjóða og getur því ekki sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér samkv. beiðni hans að biðja um fjarvistarleyfi fyrir hann og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Pétur Pétursson forstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Loks hafa borizt tvö bréf frá Þorvaldi G. Kristjánssyni framkvæmdastjóra Sjálfstfl.:

„Samkvæmt beiðni dómsmrh., Jóhanns Hafsteins, 4. þm. Reykv., sem nú er sjúkur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður hans, Geir Hallgrímsson borgarstjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Samkv. beiðni Davíðs Ólafssonar, 6. landsk. þm., sem nú er erlendis í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður hans, Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Pétur Pétursson, 1. varaþm. Alþfl. í Vesturl., Geir Hallgrímsson, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, og Ragnar Jónsson, 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., hafa áður tekið sæti á Alþ. og kjörbréf þeirra verið þá rannsökuð og samþ. Taka þeir því sæti á Alþingi, ef enginn mælir því í gegn.

Kjörbréf Ásmundar Sigurðssonar hefur ekki áður verið rannsakað. Verður því að skipa þm. í kjördeildir, og ef enginn mælir því í gegn, mun ég hafa þann hátt á að lesa upp nöfn þm. í stafrófsröð og biðja skrifstofustjóra að draga miða fyrir hönd þm., um leið og nöfn þeirra eru nefnd. Það er fljótlegra og þægilegri vinnubrögð. Mælir nokkur því í gegn?

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Ólaf Björnsson, 8. þm. Reykv., og Skúla Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

AuA, PP, BBen, BP, EÁ, EmJ, GeirG, GunnG, HS, HV, IngJ, IG, JP, JR, MÁM, ÓB, PÞ, SÁ, SÓÓ, SvG.

2. kjördeild:

ÁÞ, BF, BGuðm, RJ, EggÞ, EystJ, FS, GíslG, HÁ, HermJ, GeirH, JÞ, ÁS, MB, ÓlJ, RA, SB, SkG, SvJ, ÞÞ.

3. kjördeild:

AG, AJ, ÁB, BFB, BJ, EðS, EOl, GilsG, GuðlG, GÞG, HB, JÁ, JSk, KK, MJ, ÓL, PS, SI, SE, ÞK.

Aldursforseti (KK): Þá hefur þingmönnum verið skipt í kjördeildir, og niðurstaðan er sú, að það er 3. kjördeild, sem á að rannsaka kjörbréf varaþm., og Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv., sá sem fyrst var kjörinn í 3. kjördeild, er beð-

inn að kalla kjördeildina saman til fundar í fundarsal Ed. Á meðan kjördeildin starfar, verður fundarhlé í bili. — [Fundarhlé.]

Frsm. 3. kjördeildar (Alfreð Gíslason): Herra forseti. 3. kjördeild hefur athugað kjörbréf Ásmundar Sigurðssonar, 1. varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi, og ekki fundið við það neitt athugavert. Leggur kjördeildin því til, að kosning Ásmundar verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjördeildarinnar samþ. með 38 shlj. atkv.

Fundi frestað.

Þriðjudaginn 11. okt., kl. 2 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Páll Þorsteinsson, 4. þm. Austf., var nú kominn til þings og sat fundinn.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fara fram kosningu forseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Birgir Finnsson, 2. landsk. þm.,
með 32 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 18 atkv., Hannibal Valdimarson, 5. þm. Vestf., 8 atkv.

Hinn kjörni forseti gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.,
með 32 atkv., en 24 seðlar voru auðir. Annar varaforseti var kjörinn

Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.,
með 31 atkv., en 24 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar. Fram komu tveir listar. Á A-lista var ÓB, en á B-lista SkG. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ólafur Björnsson, 8. þm. Reykv., og
Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Kosning kjörbréfanefndar.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar. Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Auður Auðuns (A),
Óskar E. Levy (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Alfreð Gíslason (C),
Friðjón Skarphéðinsson (A).

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Jón Árnason (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Jónas Pétursson (A),
Matthías Bjarnason (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Geir Gunnarsson (C),
Óskar E. Levy (A),
Birgir Finnsson (A),
Ágúst Þorvaldsson (B).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Sigurður Bjarnason (A),
Hermann Jónasson (B),
Davíð Ólafsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

Varamenn:
Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Gunnar Gíslason (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Helgi Bergs (B),
Gils Guðmundsson (C),
Benedikt Gröndal (A).

3. Allsherjarnefnd.

Pétur Sigurðsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Matthías Bjarnason (A),
Axel Jónsson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Ragnar Arnalds (C),
Sigurður Ingimundarson (A).

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Á sama fundi fór fram kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Jónas Pétursson (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Jónas G. Rafnar (A),
Gunnar Gíslason (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Björn Jónsson (C),
Jón Þorsteinsson (A).

B.
Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi, 11. okt., var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Karli Kristjánssyni, 1. þm. Norðurl. e.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
2. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm.
5. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 12. þm. Reykv.
7. Friðjón Skarphéðinsson, 9. landsk. þm.
8. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn.
9. Helgi Bergs, 6. þm. Sunnl.
10. Hermann Jónasson, 1. þm. Vestf.
11. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
12. Jón Þorsteinsson, 4. landsk. þm.
13. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
14. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
15. Ólafur Björnsson, 8. þm. Reykv.
16. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
17. Páll Þorsteinsson, 4. þm. Austf.
18. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
19. Sveinn Guðmundsson, 10. þm. Reykv.
20. Þorvaldur G. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Allir framantaldir þingmenn voru til þings komnir og sátu fundinn.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm., og Pál Þorsteinsson, 4. þm. Austf.

Kosning forseta og skrifara.

Fyrst var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.,

með 11 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 6 atkv., Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., 2 atkv.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Jón Þorsteinsson, 4. landsk. þm.,

með 11 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Þorvaldur G. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,

með 11 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var BGuðm, á B-lista KK. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm., og
Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna, og fór sætaskipunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Helgi Bergs.
7. — — Þorvaldur G. Kristjánsson.
8. — — Sveinn Guðmundsson.
9. — — Ásgeir Bjarnason.
10. — — Páll Þorsteinsson.
11. — — Ólafur Jóhannesson.
12. — — Alfreð Gíslason.
13. — — Ólafur Björnsson.
14. — — Friðjón Skarphéðinsson.
15. — — Hermann Jónasson.
16. — — Auður Auðuns.
17. — — Gils Guðmundsson.
18. — — Björn Jónsson.
19. — — Jón Þorsteinsson.
20. — — Jón Árnason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa hverju sinni. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

Fjárhagsnefnd.

Ólafur Björnsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Helgi Bergs (B),
Björn Jónsson (C),
Jón Þorsteinsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.

Bjartmar Guðmundsson (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Jón Árnason (A),

Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Björn Jónsson (C),
Jón Þorsteinsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.

Bjartmar Guðmundsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Jón Árnason (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Björn Jónsson (C),
Jón Þorsteinsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Jón Árnason (A),
Helgi Bergs (B),
Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Gils Guðmundsson (C),
Friðjón Skarphéðinsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.

Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Auður Auðuns (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Helgi Bergs (B),
Gils Guðmundsson (C),
Friðjón Skarphéðinsson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Auður Auðuns (A),
Karl Kristjánsson (B),
Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Bjartmar Guðmundsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Alfreð Gíslason (C),
Friðjón Skarphéðinsson (A).

7. Menntamálanefnd.

Auður Auðuns (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Bjartmar Guðmundsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Gils Guðmundsson (C),
Jón Þorsteinsson (A).

Allsherjarnefnd.

Ólafur Björnsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Alfreð Gíslason (C),
Friðjón Skarphéðinsson (A).

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi, 11. okt., af aldursforseta, Halldóri Ásgrímssyni, 2. þm. Austf.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Axel Jónsson, 3. þm. Reykn.
2. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
3. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
4. Birgir Finnsson, 2. landsk. þm.
5. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
6. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
7. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
8. Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm.
9. Eðvarð Sigurðsson, 3. landsk. þm.
10. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
11. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
12. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
13. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
14. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
15. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
16. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
17. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
18. Gylfi Þ. Gíslason, 6. þm. Reykv.
19. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
20. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
21. Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf.
22. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
23. Ingvar Gíslason, 5. þm. Norðurl. e.
24. Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv.
25. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
26. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
27. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
28. Lúðvík Jósefsson, 5. þm. Austf.
29. Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm.
30. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
31. Óskar E. Levy, 4. þm. Norðurl. v.
32. Pétur Sigurðsson, 7. þm. Reykv.
33. Ragnar Arnalds, 5. landsk. þm.
34. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
35. Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.
36. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
37. Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf.
38. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
39. Sverrir Júlíusson, 7. landsk. þm.
40. Þórarinn Þórarinsson, 5. þm. Reykv.

Fjarstaddir voru eftirtaldir deildarmenn:

1. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
2. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
3. Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm.
4. Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf.
5. Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv.
6. Lúðvík Jósefsson, 5. þm. Austf.

Eftirtaldir varaþingmenn sátu fundinn:

1. Ásmundur Sigurðsson, 5. (vara)þm. Austf.
2. Geir Hallgrímsson, 4. (vara)þm. Reykv.
3. Pétur Pétursson, 5. (vara)þm. Vesturl.
4. Ragnar Jónsson, 6. landsk. (vara)þm.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf., og Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.,

með 21 atkv. — Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., fékk 12 atkv. og Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv., 5 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.,

með 21 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.,

með 20 atkv., en 16 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var AJ, á B-lista BFB. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Axel Jónsson, 3. þm. Reykn., og
Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutun á þessa leið:

9. sæti hlaut Einar Ágústsson.
10. — — Halldór E. Sigurðsson.
11. — — Jón Skaftason.
12. — — Davíð Ólafsson.
13. — — Einar Olgeirsson.
14. — — Sigurvin Einarsson.
15. — — Þórarinn Þórarinsson.

16. sæti hlaut Eðvarð Sigurðsson.
17. — — Jónas Pétursson.
18. — — Eysteinn Jónsson.
19. — — Matthías Á. Mathiesen.
20. — — Ingvar Gíslason.
21. — — Sigurður Ágústsson.
22. — — Matthías Bjarnason.
23. — — Skúli Guðmundsson.
24. — — Lúðvík Jósefsson.
25. — — Jónas G. Rafnar.
26. — — Birgir Finnsson.
27. — — Benedikt Gröndal.
28. — — Geir Gunnarsson.
29. — — Halldór Ásgrímsson.
30. — — Pétur Sigurðsson.
31. — — Ragnar Arnalds.
32. — — Gísli Guðmundsson.
33. — — Gunnar Gíslason.
34. — — Guðlaugur Gíslason.
35. — — Sverrir Júlíusson.
36. — — Ágúst Þorvaldsson.
37. — — Hannibal Valdimarsson.
38. — — Óskar E. Levy.
39. — — Sigurður Ingimundarson.
40. — — Björn Pálsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Nd., 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Davíð Ólafsson (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Jónas G. Rafnar (A),
Einar Ágústsson (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Sigurður Ingimundarson (A).

2. Samgöngumálanefnd.

Sigurður Bjarnason (A),
Björn Pálsson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Sigurður Ágústsson (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Ragnar Arnalds (C),
Benedikt Gröndal (A).

3. Landbúnaðarnefnd.

Gunnar Gíslason (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Jónas Pétursson (A),
Sverrir Júlíusson (A),
Björn Pálsson (B),
Hannibal Valdimarsson (C),
Benedikt Gröndal (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Sverrir Júlíusson (A),
Ingvar Gíslason (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Jón Skaftason (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Birgir Finnsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.

Jónas G. Rafnar (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Sigurður Ágústsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Eðvarð Sigurðsson (C),
Sigurður Ingimundarson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Matthías Bjarnason (A),
Jón Skaftason (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Axel Jónsson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Hannibal Valdimarsson (C),
Birgir Finnsson (A).

7. Menntamálanefnd.

Gunnar Gíslason (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Axel Jónsson (A),
Ingvar Gíslason (B),
Einar Olgeirsson (C),
Benedikt Gröndal (A).

8. Allsherjarnefnd.

Óskar E. Levy (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Matthías Bjarnason (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Ragnar Arnalds (C),
Birgir Finnsson (A).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Gjaldaviðauki.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 4. fundi í Ed., 17. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samhljóða frv., sem árlega hafa verið flutt um margra ára bil og eru um það að veita ríkisstj. á næsta ári heimild til þess að innheimta tiltekin gjöld með viðauka. Frv. er nákvæmlega samhljóða þeim heimildum, sem undanfarin ár hafa verið veittar, og vil ég leyfa mér að vænta þess, að hv. d. geti samþ. einnig í þetta sinn að veita tilgreinda heimild.
Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 5. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 28).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Í frv. þesu felst, ef samþ. verður, heimild til handa hæstv. ríkisstj. til að innheimta nokkur gjöld til ríkissjóðs með viðauka. Samsvarandi heimild hefur verið í gildi undanfarin ár, og felur frv. ekki í sér neina breytingu frá þeim ákvæðum, sem nú eru í gildi.
Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 28 ber með sér, leggur hún einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 6. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 8. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta er mál hæstv. fjmrh., sem er bundinn við umr. núna í Ed., en ég held, að það þyrfti ekki að koma neitt að sök, þó að málinu yrði hleypt núna til n. og hæstv. fjmrh. hefði svo samráð við n., og vildi ég mega leggja til, að málinu verði nú að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 58).

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Eins og segir í aths. við þetta lagafrv., er hér um að ræða að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1967 með viðaukum, og hafa sams konar lög verið samþykkt á undanförnum þingum.
Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft þetta mál til meðferðar. Frv. er samhljóða núgildandi lögum um þetta efni að öðru leyti en því, að í stað *ársins 1966 stendur nú í frv. 1967, þannig* að það er gert ráð fyrir, að þetta gildi fyrir næsta ár. N. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 67).

2. Lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á millilandaflugvél.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 13. maí 1966, um heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h.f. til kaupa á millilandaflugvél [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 5. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Á síðasta þingi var samþ. að veita ríkisstj. heimild til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á millilandaflugvél. Í því frv. var gert ráð fyrir, að hinar almennu reglur giltu um veitingu þessarar ríkisábyrgðar, þ. e. a. s. ábyrgðin væri einföld ábyrgð, sem er meginregla. En það hefur hins vegar komið í ljós við frekari umr. um hugsanleg lán til þessara kaupa, að aðallánveitandinn, sem er Export-Import bankinn í Washington, ef til kemur, muni ekki láta sér nægja slíka ábyrgð, heldur yrði ekki hjá því komizt í þessu tilfelli að veita sjálfskuldarábyrgð. Eftir atvikum þykir rétt að mæla með, að þetta verði gert, en hins vegar að binda það því, að hér sé eingöngu um erlent bankalán að ræða. Vel getur komið til greina, að seljandi vélarinnar láni að einhverju leyti sjálfur. Það verður að teljast algerlega óeðlilegt, að um slík almenn viðskiptalán verði veitt sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs. En það má segja, að miðað við allar aðstæður hafi þetta ekki efnislega þýðingu varðandi ábyrgðaraðstöðuna að öðru leyti, þó að sjálfskuldarábyrgð yrði heimiluð varðandi þetta bankalán.
Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, nema tilefni gefist til, en legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 38).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Á síðasta Alþingi voru samþ. lög, sem heimiluðu hæstv. ríkisstj. að ganga í ábyrgð fyrir láni, sem Flugfélag Íslands hugðist þá að taka vegna fyrirhugaðra þotukaupa. Eins og venja hefur verið, síðan lögin um ríkisábyrgðasjóð gengu í gildi, var þar þó aðeins um einfalda ábyrgð að ræða. Síðar kom í ljós, eins og grg. með frv., sem hér liggur fyrir, ber með sér, að stofnun sú, sem Flugfélagið hafði hugsað sér að taka þetta lán hjá, Export-Import bankinn í Bandaríkjunum, gerði þá kröfu, að um sjálfskuldarábyrgð væri að ræða. Tilgangur þess frv., sem hér liggur fyrir, er að heimila, að þessi ábyrgð, sem ríkissjóður gengi þá í fyrir Flugfélagið, yrði sjálfskuldarábyrgð.
Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og eins og nál. á þskj. 38 ber með sér, hefur orðið samkomulag um það í n. að mæla með frv., en einn nm., hv. 4. þm. Norðurl. e. (BJ), var fjarstaddur, þegar nál. var afgreitt. Herra forseti. Samkvæmt þessu leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 9. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 14. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Á síðasta þingi var samþ. heimild handa ríkisstj. til að ábyrgjast lán vegna kaupa Flugfélags Íslands á þotuflugvél. Í þeim l. var gert ráð fyrir, að almennum reglum væri fylgt við ábyrgðarveitingu þessa, og hefur þá almennu lögskýringu, að það væri talið, að þar væri átt við einfalda ábyrgð. Aðallánveitandi Flugfélagsins í sambandi við kaup á umræddri þotu mun væntanlega verða Export-Import bankinn í Washington, en samkv. reglum hans er ekki um að ræða, að hann geti veitt lán, nema til komi sjálfskuldarábyrgð. Með hliðsjón af öllum atvikum málsins þykir því rétt að leggja til við Alþ., að það heimili ríkisstj. að veita sjálfskuldarábyrgð, en þó aðeins á því láni, sem Export-Import bankinn veitir. Það kunna að verða fleiri lánveitingar í sambandi við þessi kaup, og tel ég ekki geta komið til mála að veita sjálfskuldarábyrgð á slíkum lánum fremur en almennum lántökum og viðskiptalánum, sem tekið hefur verið af að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir.
Í sambandi við þetta mál er rétt að vísa til

þess, sem ég skýrði frá, þegar frv. um ábyrgð fyrir Flugfélag Íslands var lagt fyrir síðasta þing, að það hefði verið gert með ákveðnum skilmálum, annars vegar þeim, að hlutafé Flugfélagsins yrði aukið að vissu marki, og hafa nú verið gerðar ráðstafanir til þess, og í öðru lagi, að gengið væri út frá því með umræddda þotuvél, að hún yrði gerð út frá Keflavíkurflugvelli. Vegna ummæla, sem fram hafa komið síðar af hálfu Flugfélagsins, þar sem forráðamenn þess virðast gera ráð fyrir því, að frá þessu skilyrði verði fallið, sé ég ástæðu til þess að taka það fram, að af hálfu ríkisstj. stendur ekki til að falla frá þessu skilyrði, þannig að það stendur áfram sú ákvörðun, að þessi þotuflugvél verði gerð út frá Keflavíkurflugvelli, ef til kemur að veita þá aðstoð ríkisins, sem gert er ráð fyrir í sambandi við ríkisábyrgðina.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um málið. Það er einfalt í sniðum, og efnislega hafði Alþ. áður fallizt á að veita ábyrgðina, og sé ég því ekki ástæðu til að ræða í einstökum atriðum kaupin á þessari vél. En ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Nd., 6. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 4, n. 82).

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og var vísað til fjhn. N. hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt, svo sem fram kemur í áliti n. á þskj. 82.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 126).

---

3. Almannatryggingar (stjfrv.).

Á 6. fundi í Ed., 24. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar [34. mál] (stjfrv., A. 35).

Á 7. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Ed., 28. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er ekki viðamikið, aðeins tvær gr., sem fela í sér litla breytingu frá gildandi lögum. Frv. fylgir mjög nákvæm og greinargóð grg., þannig að óþarft er að hafa langa framsögu til skýringar á þessu máli.

Eins og í grg. þessari segir, var með breyt. á almannatryggingalögunum frá 1956 horfið frá því, að læknishjálp hjá heimilislækni skyldi vera alveg ókeypis fyrir samlagsmenn, og sett ákvæði í 52. gr. l. um, að samlagsmenn á 1. verðlagssvæði skyldu greiða svo sem þar greinir, ákveðið gjald fyrir viðtal á lækningastofu og vitjun læknis í heimahús.

Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að í stað þess að þessi upphæð sé tilgreind í l. sjálfum, verði framvegis að gera breyt., sem kynnu að verða á samningum við læknasamtökin, með reglugerð, og frv. þetta er flutt, eins og í upphafi grg. segir, að ósk þeirra aðila, sem að samningunum við Læknafélagið stóðu s. l. sumar. Ég hirði ekki um að fara að rekja þá deilu, sem þá stóð yfir, en minni aðeins á, að þetta er afleiðing þeirra samninga, sem þá voru gerðir. Og breyt. þessi miðar ekki að tekjuhækkun fyrir lækna, enda mundi sú uppbót, sem samlögin greiða læknum og að framan er vikið að, lækka eða falla niður til samræmis við þá breyt., sem gerð yrði á gjaldinu.

Frv. er, eins og ég sagði áðan, flutt að beiðni samninganefndarinnar, þar sem hún lýsti því yfir, að hún mundi beita sér fyrir leiðréttingu á þessu lagaákvæði, strax og tækifæri gæfist.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég stend ekki hér til að andmæla þessu frv. efnislega og get lýst því strax yfir, að ég er því fylgjandi.

Ég vil aðeins hafa orð á því og minna á það, að þetta mál var til umr. hér í hv. d. fyrir 4—5 árum. Þá lagði ég það til, bæði við hæstv. þáverandi félmrh. og við hv. þd., að þessi mgr. yrði orðuð á þá leið, sem nú er lagt til. En árið 1962 var ekki tekið í mál að orða gr. á

þá lund, sem nú er gert ráð fyrir. Eins og tekið er fram í athugasemdum frv., er þetta orðalag, sem hér er gert ráð fyrir, miklu hagkvæmara, og af hagkvæmnisástæðum lagði ég til árið 1962, að þetta yrði þannig orðað. Ég hef orð á þessu, minni á þetta aðeins til þess að sýna fram á, hve hæstv. ríkisstj. er oft sein til að átta sig á, hvað heppilegast er, og það gildir ekki aðeins um þetta litla mál, heldur mörg önnur og stærri mál. Hún virðist furðusein að hugsa, þegar um það er að ræða að koma einhverju góðu til leiðar.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, aðeins geta þess, að mér þætti koma til greina að orða þetta nú á annan veg en hér er gert ráð fyrir og enn þá frjálsar, t. d. að gert yrði ráð fyrir, að ef um væri að ræða sérstakt sjúklingagjald, skyldi það ákveðið með reglugerð. Mér finnst sem sé koma til greina að afnema sjúklingagjaldið, sem hér er um að ræða, með öllu, en það yrði ekki hægt að gera með þessu orðalagi án nýrrar lagabreytingar.

Annars voru það aðallega tvö smáatriði í grg. frv., sem komu mér til þess að standa hér upp. Ég vil með örfáum orðum gera aths. við þessi tvö atriði.

Hið fyrra er, að í aths. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Sjúklingagjaldið var á sínum tíma upp tekið að áeggjan læknasamtakanna.“ *Þetta er gersamlega rangt.* En þetta er ekki ný skröksaga, sem sögð er hér á Alþingi. Þetta var líka sagt árið 1956, þegar verið var að koma á þessu sjúklingagjaldi. Áður höfðu samlagsmenn notið ókeypis læknishjálpar utan sjúkrahúsa. 1956 var þessu breytt og sjúklingum gert að greiða nokkurt gjald fyrir hvert viðtal og hverja vitjun. En það var ekki að áeggjan læknasamtakanna, að þetta var gert, það var að áeggjan sjúkrasamlaganna. Sjúkrasamlögunum hafði þá um tíma blöskrað, hve lyfjakostnaður samlagsins var mikill, og af því tilefni var farið til læknasamtakanna og farið fram á það við þau, að slíkt gjald, aukagjald, yrði upp tekið, eingöngu til þess að reyna að lækka þennan lyfjakostnað, fækka heimsóknum til læknanna, afnema það, sem var kallað óþarfa heimsóknir til lækna. Þetta er sannleikurinn í málinu, og mér finnst rétt, að þetta komi fram við þessa umr., því að þetta mun víst aldrei hafa verið leiðrétt á Alþingi. Það voru ekki læknasamtökin, sem áttu upptökin, heldur sjúkrasamlögin, en það hefur kannske þótt hentara gagnvart almenningi að kenna læknunum um það en sjúkrasamlögunum, og það mun vera ástæðan til þess, að þessi skröksaga, sem hér er endurtekin, var sögð í upphafi.

Hitt atriðið, sem ég vildi lítillega minnast á, eru þessi orð í aths.: „Breyting þessi miðar ekki að tekjuhækkun fyrir læknana.“ Breytingin miðar ekki að tekjuhækkun fyrir læknana. Þetta á víst að vera sagt hv. alþm. til huggunar, það sé svo sem ekki meiningin með þessu að bæta launakjör eða starfskjör læknanna í landinu, enda væri það mjög óvenjulegt, ef hæstv. ríkisstj. tæki upp á slíku að eigin frumkvæði. Ég vil aðeins benda á þetta, en ég verð að segja og játa, að þessi setning undrar mig ekki, úr því að aths. eru runnar undan rifjum hæstv. ríkisstj.

Ég held því fram, að heilbrigðismál hafi hér á landi verið olnbogabarn stjórnarvalda frá ómunatíð, og það er engin ástæða til að ásaka hæstv. ríkisstj., er nú situr, fyrir, að hún sé öðrum ríkisstjórnum stórum verri að þessu leyti og þó vil ég segja, að sjaldan mun svartnættið í þessum efnum hafa verið jafnmikið og síðustu árin. Mér finnst skína í gegn í þessum orðum, sem ég las upp, afstaða ríkisstj. Hún vill segja: Það sé fjarri mér að vilja bæta kjör læknanna í landinu. — Hér er um að ræða mál, sem ástæða væri til að ræða á Alþingi og ræða ýtarlega. En því miður, áhugi á heilbrigðismálum hefur ekki verið og er ekki enn í dag mikill. Það er helzt, þegar yfirvöldin þurfa að kvarta yfir einhverju, að slík mál eru rædd. Við minnumst þess, að hæstv. fjmrh. gerði heilbrigðismálin, spítalamálin og læknamálin, að umræðuefni nú fyrir skömmu, — og í hvaða anda gerði hann það? Við munum það allir, ég þarf ekki að endurtaka það, en það var aðallega til þess að skamma vissan hóp lækna, atyrða þá fyrir þeirra gerðir, sem miðuðu að því fyrst og fremst að bæta læknisþjónustuna á *helzta spítala landsins, Landsspítalanum.* Við skulum ekki halda, að kröfur Landsspítalalæknanna á s. l. sumri hafi fyrst og fremst snúizt um launakjör þeirra, kröfurnar snerust að mestu um bætta starfsaðstöðu á þessum helzta spítala landsins.

Hæstv. fjmrh. minntist á fantatök í sambandi við þessar aðgerðir spítalalæknanna. Hann talaði blátt áfram um fantatök, og hann gaf í skyn, að ef þessi vitra og ábyrga hæstv. ríkisstj. hefði ekki gætt sín, hefði hér getað verið um líf og dauða að tefla. Þvílík firra! Læknar á Íslandi hafa aldrei hótað verkfalli, aldrei hótað því að sinna ekki sjúklingum. Ég veit, að það hefur komið fyrir annars staðar í Evrópu, en aldrei á Íslandi. En ræða þessa hæstv. ráðh., fjmrh., er talandi tákn um afstöðu núverandi stjórnarvalda til heilbrigðismála í landinu, til baráttunnar gegn sjúkdómum og til heilsuverndarstarfsins. Þannig eru ummælin í aths. um, að breyt. þessi miði ekki að tekjuhækkun fyrir lækna, algerlega í stíl við stefnu hæstv. ríkisstj. í heilbrigðismálum og ljós vottur um afstöðu hennar til þeirrar stéttar, sem ber hita og þunga heilbrigðisþjónustunnar í landinu á sínum herðum.

Árið 1961 gerðu læknar í þjónustu Sjúkrasamlags Reykjavíkur kröfu um bætta starfsaðstöðu, bætt starfskjör og einnig um launahækkun. Hvernig var brugðizt við þessum kröfum sjúkrasamlagslæknanna í Reykjavík? Forveri núverandi hæstv. félmrh. dembdi yfir þá þvingunarlögum, bauð þeim í krafti laganna að vinna í þjónustu sjúkrasamlagsins upp á þau býti, sem hann skammtaði. Ekki var þetta gert til að firra sjúklinga vandræðum, því að

læknarnir ætluðu svo sannarlega að halda áfram að vinna fyrir sjúklingana í borginni, en aðeins vildu þeir ekki vinna fyrir Sjúkrasamlag Reykjavíkur. En þessi voru viðbrögðin. Afleiðingin var, að mótstaða læknanna í Reykjavík var brotin á bak aftur þá og síðan, með eftirköstum, sem bitna harðast á hinum tryggðu, almenningi í Reykjavík. Fyrir þessa óbilgirni stjórnvaldanna árið 1961 hrakar með ári hverju læknaþjónustunni í Reykjavík utan sjúkrahúsa. Þetta fullyrði ég og stend persónulega ábyrgur fyrir því. Það er svo komið í sjálfri Reykjavík, þar sem allir vilja vera, að til Sjúkrasamlags Reykjavíkur, í þjónustu þess, vilja ungir læknar ekki ganga. Gamlir hjassar eins og ég vinna þar enn þá. Þeir eru hræddir að standa í stórræðum. En ungir læknar ganga ekki í þjónustu Sjúkrasamlags Reykjavíkur hin síðustu ár og sízt í þeim mæli, sem með þyrfti. Afleiðingin er sú, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur skortir heimilislækna. Það eina, sem hefur hjálpað upp á sakirnar, er, að nokkrir miðaldra héraðslæknar utan af landi hafa sagt sínum störfum lausum þar til þess að setjast að á mölinni í höfuðstaðnum. Þetta er ástandið. Þetta eru hlutir, sem ég hygg, að hvorki hæstv. félmrh., sem að vissu leyti er heilbrmrh., né hæstv. fjmrh. né nokkur hæstv. ráðh. geri sér grein fyrir. Þeim er ekki ljóst, hve mikið illt getur hlotizt af óbilgirni stjórnarvaldanna í garð þeirra manna, sem vinna daglega að heilbrigðisþjónustunni í landinu.

Ég fer nokkuð mörgum orðum um þetta, og það er af þeirri ástæðu, að ég vil mjög skora á hæstv. félmrh., sem er tiltölulega nýr í sínu embætti og auk þess gegn og góður drengur, ég vil skora á hann að athuga ástandið í sjúkrasamlagsmálum Reykjavíkur, láta fram fara rannsókn í því efni og raunar öllu tryggingakerfinu í landinu.

Ég er og hef alltaf verið fylgjandi almannatryggingunum og viljað þeirra veg sem mestan. En ég þykist á síðari árum hafa tekið eftir því, að þar er ýmislegt að fara úrskeiðis, og það er með þetta kerfi eins og hvert annað, að það verður að gæta þess, að það staðni ekki, að það kalki ekki, en það er einmitt það, sem er að gerast, og langmest hef ég orðið var við það, máske af eðlilegum ástæðum, hjá stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur. Er það nokkur meining, að stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur, svo að ég nefni dæmi, líti á sína starfsmenn, læknana, sem einhverja höfuðóvini, sem umfram allt verði að halda niðri, halda í fjötrum? Þetta er óheppilegt, og það er þess vert að benda stjórnarvöldunum á þetta. En því miður er ég hræddur um, að hvað þessa hæstv. ríkisstj. snertir, sé það til lítils. Ég vil samt hafa orð á þessu.

Það væri þarft verk, sem hæstv. félmrh. ynni, ef hann skipaði n. til að rannsaka þessi mál, þó að það væri ekki annað en hvað snerti viðskipti Sjúkrasamlags Reykjavíkur við starfsmenn sína, og þá sérstaklega læknana. Ef við níðum niður læknastéttina, launalega séð og starfskjaralega séð, bitnar það ekki harðast á læknunum. Það bitnar harðast á skjólstæðingum læknanna, sjúklingunum, almenningi í Reykjavík, og það er þess vegna, sem ég hef orð á þessu.

Hæstv. fjmrh. fræddi okkur á því í sinni fjárlagaræðu, að til heilbrigðismála væru ætlaðir 4.7 aurar af hverri krónu, sem úr ríkissjóði færi. Það var ekkert á honum að heyra, hvort honum fyndist þetta mikið eða lítið. En ég vil taka það fram, að mér finnst þetta vera lítið. Við þurfum, ef við ætlum að standa öðrum þjóðum á sporði í heilbrigðismálum, að verja nokkru meira fé en aðrar þjóðir, hlutfallslega. Ef við ætlum að sinna heilbrigðismálunum, svo sem vera ber, þyrfti að tvöfalda þessa upphæð árið 1967 eða þrefalda öllu heldur, ef vel ætti að vera. En þess í stað er það hið eina, sem heyrist frá hæstv. ríkisstj., að telja eftir svo til hvern eyri, sem til heilbrigðismála fer. Það var ekki aðeins verið að fjasa yfir því í ræðunni, sem ég nefndi, — það var ekki aðeins verið að fjasa yfir því, að læknarnir gerðu miklar kröfur til launa, það var fjasað yfir miklum, auknum kostnaði í sambandi við stækkun Landsspítalans yfir höfuð og jafnað að vísu, að hæstv. ríkisstj. hefði ekkert vit á því, hversu mikil þörf væri á því, sem heimtað væri í auknum útgjöldum til Landsspítalans, hún yrði bara að styðjast við sína sérfræðinga. En hvers vegna í ósköpunum kynnir ekki hæstv. ríkisstj. sér þessi mál sjálf til að geta dæmt um þau? Ef um væri að ræða hafnarbætur einhvers staðar eða einhvern annan hégóma, mundu hæstv. ráðh. skammast sín fyrir að segja frá því, að þeir hefðu ekkert vit á málinu, en það er fínt að hafa ekkert vit á heilbrigðismálum. Það er á sama hátt fínt fyrir ráðh. að hafa ekkert vit á heilbrigðismálum, eins og það var talið fínt í mínu ungdæmi og gáfulegt að skilja ekki kvæði Einars Benediktssonar.

En ég skal ljúka þessum orðum mínum og láta í ljós að lokum það traust til hæstv. félmrh., að hann hugleiði þessi mál og kynni sér þau í Reykjavík, sérstaklega ástand tryggingamála og sjúkrasamlagsmála.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég harma það, að það traust, sem hv. 9. þm. Reykv. hafði á mér í upphafi ræðunnar, var aðeins orðið að nokkru trausti í lokin. En ég vona, að það endurreisist á ný síðar meir, og vænti þess, að hann skorist ekki undan samstarfi um þessi mál, sem vissulega eru mjög veigamikil. En það eru sérstaklega tvö atriði í ræðu hans, sem ég vildi leiðrétta hér, svo að þau stæðu ekki ómótmælt í þingtíðindum.

Það er í fyrsta lagi það, að grg. með þessu frv. sé sérstök grg. ríkisstj. Það tók ég sérstaklega fram í ræðu minni, enda er það upphaf aths. með frv., að þetta er grg. þeirrar samninganefndar, sem fór með samningana við læknana, og að sjálfsögðu átti fulltrúi ríkisstj. sæti í þeirri n. En hvorki frv. né grg. er samið

af ríkisstj. eða fyrir hennar atbeina sérstaklega, heldur er hér um að ræða efndir á samkomulagi, sem gert var í læknadeilunni s. l. sumar.

Og svo er annað atriði, sem hv. þm. lagði sérstaka áherzlu á, að deilan við lækna á s. l. sumri hefði ekki snúizt um kjör. Á þetta var alveg þrautreynt, og það var vel ofan í það farið af öllum færustu mönnum, sem hægt var í það mál að skipa, hvort hér væri virkilega um launadeilu fyrst og fremst að ræða eða hvort starfsaðstaðan væri aðalatriðið.

Starfsaðstaðan hafði verið höfð á oddinum í öllum þessum viðræðum. En það kom í ljós á svo óyggjandi hátt, að ekki verður þar staðreyndum um þokað, að deilan var fyrst og fremst kjaradeila. Þegar læknar staðfestu þetta með *samfelldum uppsögnum sínum úr starfi, þrátt* fyrir að þeim hefði verið boðin endurskoðun á öllum starfsháttum, var það sannað, að deilan var fyrst og fremst um kjör, en ekki um starfsaðstöðuna. Starfsaðstaðan var að vísu þeirra frumkröfur, en í raun komust þær kröfur í aðra röð, launakjörin gengu fyrir.

Ég vil ekki hafa um þetta fleiri orð, en það var sannað í sjálfri deilunni, svo að almenningi var ljóst, að deilan *snerist fyrst og fremst* um þetta atriði. Og það, að læknar hafi aldrei hótað verkfalli, kann í orðsins fyllstu merkingu að eiga við einhver rök að styðjast. En á því að boða verkfall með tilskildum fresti skv. vinnulöggjöfinni, eins og verkalýðsfélög gera, og svo hinu, að leggja niður vinnu á skipulegan hátt, eins og læknarnir gerðu í sumar, á því sé ég í praxis ekki stóran mismun fyrir sjúklingana, sem þeir eru að vitja á þessum stöðum.

Það er út af fyrir sig alveg rétt hjá hv. þm., að læknarnir sögðu aldrei: Við ætlum að hætta að hjálpa sjúkum mönnum. — En þeir gerðu það bara ekki á þessum sjúkrahúsum, það voru þeirra svör, og ekki á vegum Sjúkrasamlags Reykjavíkur, eins og hann sagði hér áðan.

Þá fannst mér ein af niðurstöðum hans í sambandi við þetta, að slík átök sem þarna áttu sér stað í sumar bitnuðu mest á skjólstæðingum læknanna, þ. e. sjúklingunum. Hann verður að afsaka það, þó að mér finnist lykta þarna svolítið af sömu rökunum og sí og æ er beint gegn verkalýðsfélögunum, hvort sem það eru talin láglaunafélög eða millilaunafélög, að verkfallið bitni ekki fyrst og fremst á vinnuveitendunum, það bitni á þjóðinni allri. Þetta eru nákvæmlega sömu rök og atvinnurekendur beita í slíkum deilum. Vitanlega bar að sjá svo um, að þessi kostnaður til heilbrigðismála yrði innan þess ramma, sem Alþingi hafði ákveðið með fjárlögum, og skylda ríkisstj. að gera það. Ég skil aftur ekki þau rök, að á sama tíma sem allir flýja landsbyggðina vegna læknisleysis og slæmrar heilbrigðisþjónustu þar og vilja allir vera í Reykjavík, þá sé þar, eins og hv. þm. sagði, hreint svartnætti í heilbrigðismálum. Þetta samrýmist ekki í mínum kolli. En það kann að vera hægt að fá frekari skýringar á þessu, að menn vilji fara til þess staðar, þar sem svartnætti ríki í heilbrigðismálum, á sama tíma sem þeir eru að flýja lélega heilbrigðisþjónustu á öðrum stöðum á landinu. Enda er sannleikur málsins sá, að til heilbrigðismála hefur af opinberri hálfu aldrei verið varið hlutfallslega hærri fjárhæð en í tíð núverandi ríkisstj. Þetta veit ég, að hv. þm. fellst á, ef hann eftir rólega yfirvegun skoðar þessi mál á réttan hátt. Það kann að vera hægt að deila um það, hvernig þessu fé hefur verið varið í einstökum atriðum. En hitt er eigi að síður staðreynd, að hærri upphæð til þessara mála hefur ekki áður verið veitt, hlutfallslega hærri upphæð.

Hann skoraði mjög á mig að beita mér fyrir því, að fram færi endurskoðun á starfsemi sjúkrasamlaganna og tryggingalaganna. *Nýlega hefur slík endurskoðun farið fram, og* þótt að sjálfsögðu verði aldrei endanlega gengið frá jafnviðtækri og viðkvæmri löggjöf og tryggingalöggjöfin er og lögin um sjúkrasamlögin og þau þurfi sífellt að vera í endurskoðun og athugun til að svara tímans kröfum, þá hefur stundum liðið lengri tími á milli endurskoðana á þessum ákvæðum heldur en verið hefur nú. Það er hins vegar sjálfsagt og *rétt að leiða hugann að því, ef þar yrði bætt* eitthvað um frá því, sem kann að vera ábótavant í dag, þá er eins og ég segi sjálfsögð skylda og eðlilegt, að sífellt og vökul endurskoðun sé á ýmsum ákvæðum þessara laga, jafnviðtæk og þau eru.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég verð að játa það, að mig furðaði mjög á því, að jafnhógvær og sanngjarn maður og hv. 9. þm. Reykv. skyldi geta flutt þá endemisræðu, sem hann flutti hér áðan. Og mér fannst það furðulegt einmitt úr hans munni að heyra slík ummæli eins og hann viðhafði varðandi afstöðu ríkisvaldsins til heilbrigðismálanna, sem vissulega eru einn þýðingarmesti málaflokkur, sem við er að fást á hverjum tíma, vitandi það fullkomlega, að það, sem hann fór með, var allt í meginefnum rangt.

Hæstv. félmrh. hefur á það bent, sem er staðreynd, sem ekki verður hrakin, að það hafa aldrei verið gerð jafnmikil átök í heilbrigðismálum og nú á síðustu árum. Og ef hv. þm. vill hafa það við að athuga fjárveitingar til þeirra mála, og ekki aðeins fjárveitingar, heldur einnig lántökur, sem átt hafa sér stað í stórum stíl í sambandi við sjúkrahúsabyggingar síðustu árin, getur hann komizt að raun um, að það er enginn tími sambærilegur hér síðustu áratugina við það, sem nú er verið að gera. Og ég get látið mér nægja í því sambandi að benda til fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir Alþ., þar sem fjárveitingar til ríkisspítalanna einna eru þar auknar um yfir 60%, sem er um þreföld sú almenna hækkun, sem er á öðrum kostnaðarliðum fjárl. Hér er því mælt af fullkominni óbilgirni, og ég harma það mjög, að það skuli vera læknir, sem viðhefur slík ummæli, því að sízt af öllu ætti slík ósanngirni að heyrast úr þeirri átt. En

það er kannske táknrænt fyrir þann anda, sem sums staðar örlar á hjá þessari ágætu og mætu stétt, að líta á þessi mál nokkuð öðrum augum en hægt hefur verið að ætlast til af henni.

Vissulega hefur íslenzk læknastétt á undanförnum árum og áratugum unnið ómetanlegt starf í okkar landi og oft við hin erfiðustu skilyrði, og það má segja, að starfsskilyrði hennar séu ekki nógu góð enn í dag. En ég vil þó ekki taka aftur neitt af því, sem ég sagði í minni fjárlagaræðu, og ég harma það mjög einmitt vegna læknastéttarinnar sjálfrar, að hún skuli hafa tekið upp þau vinnubrögð, sem nú hafa verið tekin upp af vissum hópi hennar, — ég tek það fram, að þar á ekki öll læknastéttin óskilið mál, — þar sem aðstaðan hefur óneitanlega verið notuð til þess að knýja fram kaupkröfur, sem ekki hefði af öðrum ástæðum verið gengið að og engin sanngirni var að ganga að. Og ég vil benda hv. þm. á það, að eitt af málgögnum hans sagði, eftir að læknadeilan var leyst, að nú hefðu slíkir samningar verið gerðir við læknastétt landsins og slíkar hækkanir á þeirra kjörum, að það hlyti að verða öðrum stéttum fordæmi um það, hvers þær ættu að krefjast. Og það hefur vissulega örlað á því í sambandi við þá kjarasamninga, sem nú hefur verið rætt um, að það hefur verið vitnað til hinnar óhæfilegu hækkunar, sem hefur orðið á launakjörum lækna.

Ég skal fúslega segja það, að það væri gleðilegt, ef hægt væri að greiða læknum þau laun, sem þeir fóru fram á og voru eitthvað frá 1 millj. til 1½ millj. kr. á ári. Það væri vissulega ánægjulegt, ef þjóðfélagið gæti gert það. En ég held nú ekki, að það sé hægt að halda uppi miklum æsingi út af því, að það hafi sýnt mikla óbilgirni, að ekki hafi verið orðalaust gengið að slíkum kröfum, og halda því fram, eins og hv. þm. gerði, að deilan í sumar hafi aðallega verið um starfskjör. Það er nánar sagt næsta broslegt fyrir þá, sem stóðu í þessari deilu og vissu nákvæmlega, um hvað hún snerist. Það var haft á oddi í byrjun, að það væru starfskjör, og það var sett sérstök n. til þess að rannsaka, hvernig ætti að bæta starfskjörin. Og það var vissulega fullur velvilji á því að ganga til móts við allar sanngjarnar kröfur lækna í því efni, því að það er vitanlega eðlilegt, að menn geri kröfur til þess að hafa viðunandi starfsaðstöðu. En það bara kom á daginn, að starfsaðstaðan var algert aukaatriði, enda var, þegar hin endanlega kröfugerð kom, starfsaðstaðan síðast meðal þeirra liða, sem kröfugerðin fjallaði um.

Því miður stóðu málin þannig, að læknar ætluðu að ganga út af spítölunum, hvort sem það er kallað verkfall eða ekki. Þeir sögðu upp með löglegum hætti sínum störfum. En þegar heill hópur segir upp, eins og þarna var um að ræða, þá er það auðvitað sambærilegt við verkfall og ekkert annað. Og miðað við þá aðstöðu, sem ríkisstj. var sett í, að gæta hags þess fólks, sem lá sjúkt á spítölunum, og standa andspænis því, að læknarnir væru allir að ganga þaðan út, svo sem einnig þeir gerðu, því að það voru aðeins yfirlæknarnir, sem stóðu alllangan tíma í því að sinna sjúklingum á spítölunum, vegna þess að hinir læknarnir fóru allir, held ég, að það hafi legið nokkurn veginn ljóst fyrir, að það var ekki um annað að ræða en beygja sig fyrir því, sem ég endurtek hér, að var algerlega andstætt því, sem ríkisstj. hefur talið viðhlítandi, að fallast á það, að þessir læknar brytust undan launakerfi ríkisins og við þá væri samið með sérstökum hætti, langt fyrir ofan þau kjör, sem þeir læknar hafa, sem eru innan launakerfisins. Og það er vissulega vandamál út af fyrir sig, að það þurfi að búa miklu lakar að þeim læknum, sem þó beita ekki aðferðum eins og þarna var gert.

Ég hef enga löngun til þess að fara nánar út í þessa sálma. En ég mundi halda, að það væri sízt til neins framdráttar fyrir þessa mætu menn, sem þarna áttu hlut að máli, að sé verið að breiða sig út yfir þetta mál með árásum á skilningsleysi ríkisstj., eins og hér hefur verið gert af þessum hv. þm. Það er hægt að rekja þetta mál miklu nánar, ef þess er óskað, og ég hika ekkert við, eins og ég sagði, að standa við allt, sem ég sagði í minni fjárlagaræðu, og ég endurtek það hér að þessu gefna tilefni frá þessum hv. þm., sem er læknir, að ég harma það mjög, að læknastéttin hafi kosið að taka upp slíka starfshætti sem hér hefur verið gert. Hún á fullkomna kröfu á því, að sanngjörnum óskum hennar sé mætt. En þegar hún notar þessa sérstæðu aðstöðu, sem læknastéttin hefur, til þess að brjóta niður það kerfi, sem með löglegum hætti hefur verið á komið með vilja Alþ. hér á Íslandi, þá tel ég, að þar sé gengið lengra en góðu hófi gegnir, með allri virðingu fyrir þessum mætu og ágætu mönnum. Þeir eiga vissulega að hafa góð kjör, mega hafa það og eiga að hafa það, en þeir mega ekki nota þá aðstöðu, sem er sérstæð og þeir hafa í þjóðfélaginu, til þess að beita það neinu ofríki í skjóli þess, að það verður að tryggja landsmönnum viðhlítandi læknaþjónustu, í rauninni hvað sem hún kostar. Og að lokum hlýtur það auðvitað að koma niður á almenningi í landinu, jafnt þessi sem önnur þjónusta, hversu dýr hún er, þannig að það er þjóðin sjálf, sem að lokum að sjálfsögðu verður að greiða fyrir það, sem verður í þessum efnum sem öðrum hliðstæðum.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta misskilning, sem kom fram hjá hæstv. félmrh. Ég var ekki að skora á hann að hlutast til um endurskoðun á l. um almannatryggingar. Ég viðurkenni, að þar hefur margt verið vel gert, og þarf þó að gera betur, eins og hann tók sjálfur fram. Það eru mál, sem þurfa að vera í sífelldri endurskoðun. En ég skoraði

á hæstv. félmrh. að kynna sér eða láta athuga fyrir sig ástandið í tryggingamálum, í Reykjavík sérstaklega. Þá á ég við framkvæmd l. í fyllstu merkingu þess orðs. Það væri t. d. fróðlegt fyrir hæstv. ráðh. að fá upplýsingar um það, hve margar þúsundir sjúkrasamlagsmanna í Reykjavík hafa ekki heimilislækni í dag. Það er í sjálfu sér mál, sem er alvarlegt. Þetta nefni ég sem eitt dæmi. Það væri líka fróðlegt fyrir hæstv. ráðh. að kynna sér, hversu heilbrigð er afstaða stjórnar Sjúkrasamlags Reykjavíkur til læknasamtakanna og sérstaklega þá, eins og ég sagði áðan, til þeirra lækna, sem eru í þjónustu samlagsins. Í heild held ég, að ekki væri úr vegi, að það færi þarna fram eins konar læknisskoðun á því, hve langt kölkunin er komin í þessu kerfi? Það er þetta, sem ég átti við.

En hæstv. fjmrh. þarf ég nú í raun og veru ekki að svara neinu. Hann sat við sinn keip, vildi ekki taka neitt af því aftur, sem hann hafði sagt í sinni frægu fjárlagaræðu. Þetta sýnir okkur betur en nokkuð annað, hvernig skilningurinn er á heilbrigðismálunum í landinu og hvernig skilningurinn er gagnvart þeim mönnum, sem starfa í heilbrigðisþjónustunni. Það kom t. d. mjög greinilega fram hjá þessum ráðh. í hans ræðu á dögunum, að hann harmaði, — blátt áfram hann harmaði það, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki koma við þvingunaraðgerðum gagnvart þessum læknahópi í Landsspítalanum. (Gripið fram í.) Já, með leyfi hæstv. forseta, hann segir svo í sinni fjárlagaræðu, hæstv. fjmrh.:

„Vafalaust munu ýmsir liggja ríkisstj. á hálsi fyrir það að hafa ekki tekið á þessu máli með hörku. En ég hygg, að flestir muni þó við nánari athugun sannfærast um það, að hér var ekki með góðu móti auðið að koma fram þvingunaraðgerðum."

Hvað felst í þessu: Það var ekki auðið með góðu móti að koma fram þvingunaraðgerðum? Þetta er harmað, að það skyldi ekki vera hægt að gera þetta með góðu móti. En hvenær er hægt að koma þvingunaraðgerðum fram með góðu móti? Það er svo aftur annað mál, það hélt ég að væri aldrei hægt. En hæstv. ríkisstj. virðist þó ekki vera í vandræðum með það þessi síðustu árin að beita þvingunaraðgerðum og það með góðu móti. En ég hefði heldur talið, að það væri fjarstæða að tala um þvingunaraðgerðir, gerðar með góðu móti. Það hélt ég, að væri alltaf neyðarúrræði.

Nei, öll framkoma hæstv. ríkisstj., bæði þessara hæstv. ráðh. nú í þessum umr. svo og yfirleitt, sýnir það, hversu mikil þörf er á að taka heilbrigðismál þjóðarinnar upp til gagngerðrar endurskoðunar og þá fyrst og fremst meðferð og yfirstjórn þeirra, því að það er gersamlega ófært kerfi, eins og það nú er. Það er kunnugt og vitað. Hér er nú fyrst og fremst ekkert heilbrigðismálaráðuneyti. Heilbrigðismálin — eða hluti þeirra — eru höfð, að mér er sagt, í einhverju horni í dóms- og kirkjumrn., og þar er unnið að þessum málum með höppum og glöppum, eftir því sem tími vinnst til. Þegar þjónustumenn heilbrigðismálanna fá bréf frá stjórnarráðinu, er alltaf á bréfhausnum „dóms- og kirkjumálaráðuneytið", en ekki heilbrigðismálaráðuneytið. Auk þess eru heilbrigðismálin úti um hvippinn og hvappinn í stjórnarráðinu. Það er t. d. ekki lítill hluti af heilbrigðismálunum, sem heyrir undir félmrn. Allt þetta þyrfti nauðsynlega að taka til gagngerðrar endurskoðunar og endurskipuleggja sérstaklega yfirstjórn heilbrigðismálanna.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er misjöfn vígstaða þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli. Annars vegar eiga læknarnir sinn forsvarsmann í hv. 9. þm. Reykv., en stjórn Sjúkrasamlagsins, sem liggur hér undir mjög hörðum ádeilum af hans hendi, enginn úr þeirri stjórn getur komið hér við vörnum. Í öllum sínum hugleiðingum um heilbrigðismál í þessum umr. hefur hv. þm. verið með svigurmæli í garð stjórnar Sjúkrasamlagsins og talið, eins og hann sagði, að þar skorti á allan raunhæfan vilja og dug til að snúa sér að lausn heilbrigðismálanna hér í Reykjavík sérstaklega, eins og þyrfti að gera. Þetta hygg ég almennt talað, að sé ekki langt frá sannleikanum um meginefnið í hans ræðu. Þá er eðlilegt, að við, sem erum leikmenn í þessum málum, spyrjum sem svo, þar sem hann hefur talið höfuðástæðuna þetta skilningsleysi af hálfu stjórnar Sjúkrasamlagsins: Hvers vegna vilja læknar ekki vinna á vegum Sjúkrasamlags Reykjavíkur? Um þetta eru mjög miklar getgátur meðal almennings, samfara því sem ríkisstj. er fremur legið á hálsi fyrir þær tilslakanir, sem hún gerði í launadeilunni s. l. sumar, heldur en hitt, að hún hafi ekki gengið nógu langt til móts við óskir lækna. Ég held, að það væri hollt öllum hlutaðeigandi aðilum að fá að vita hið sanna. Hvers vegna vilja læknar ekki vinna á vegum Sjúkrasamlagsins? Það er rétt, að við því fáist skýr og greið svör hér. Það eru nógu margar getgátur uppi um það meðal almennings, hver sú ástæða sé, og það sumar ekki góðar getgátur í garð læknanna, og það er eðlilegt, þar sem þeir eiga málsvara hér, að við því komi skýr og greið svör.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er leiðinlegt að þurfa að standa í karpi við þennan hv. þm., og furðar mig með hverri ræðu hans æ meira á því, hvernig hugarfar hans er, og ég held, að það láti nærri, að það væri engu síður ástæða til að taka það til gagngerðrar endurskoðunar heldur en skipan læknamálanna, því að þegar ályktunarhæfileikinn er kominn á það stig, sem kom hér fram áðan, þegar hann var að vitna í mína ræðu, sem hann ætlaði að láta hjá líða að vísu að vitna í, heldur að leggja mér orð í munn, sem ég hafði aldrei sagt, og segja svo, eftir að hann hafði lesið ummæli, þar sem hvergi var komizt svo að orði sem hann hafði

sagt, að það sæju allir, að þetta væri meiningin. Þetta er ekki skemmtilegt að eiga orðræður við menn, sem slík vinnubrögð hafa. Og ég læt enn í ljós mikla undrun mína yfir, að það skuli vera þessi hv. þm., sem það gerir og sýnir, að hann er eitthvað kominn úr jafnvægi í sambandi við þessi læknamál, og get ég út af fyrir sig skilið það, því að þar er hann að verja mjög slæman málstað, þannig að það er eðlilegt, að grípa verði til ýmissa ekki skemmtilegra aðferða í málflutningi. Hann fjölyrti um það, að ég hafi sagt, að ekki hafi með góðu móti verið hægt að koma við þvingunaraðgerðum, og það væri svo fjarstætt að orða þetta svo, að það væri aldrei hægt með góðu móti, vegna þess að þvingunaraðgerðir væru alltaf neyðarúrræði. Þetta brýtur auðvitað ekki í bág hvað við annað. Þvingunaraðgerðir eru alltaf neyðarúrræði, það er vitanlega rétt. En það getur verið með mismunandi góðu móti hægt að koma þeim við. Og þetta hélt ég, að væri bara ósköp einföld málskýring og þetta væri ekki svo flókið orðalag, að ekki skildi það hver sæmilega meðalgreindur unglingur, hvað þá virðulegur og ágætur langskólagenginn maður.

Þetta sýnist mér ástæða til þess að harma, að svona málflutningur skuli vera hér viðhafður. Ég mælist ekkert undan neinu af því, sem ég hef sagt, og eins og ég hef áður tekið fram, stend við það hvar sem er og tel mig ekki hafa mælt af nokkrum illvilja í garð læknastéttarinnar í því, sem ég sagði. Ég tel, að læknastéttinni sjálfri hafi missézt varðandi sínar athafnir á þessu ári og hún sé komin inn á hættulega braut. Hún hefur notið almennrar samúðar og skilnings hjá þjóðinni fyrir sín miklu og merkilegu störf, og hún þarf að njóta þeirrar samúðar. En því miður vantar verulega á, að læknastéttin hafi nú þá samúð, sem hún þarf að hafa, fyrir það, hvernig að hefur verið farið nú upp á síðkastið. Og ég vona það innilega, að af þeirri braut verði vikið. Og eins og ég sagði í minni fjárlagaræðu, vænti ég þess, að þeir mætu og ágætu menn, sem íslenzka læknastétt skipa, — og þeir eru vissulega margir í fremstu röð, ekki aðeins á íslenzkan mælikvarða, heldur þótt víðar sé leitað, — leggi fram sitt lið til þess að finna viðhlítandi skipulag á okkar læknaþjónustu, því að sannleikurinn er sá, og á það er einnig vert að benda, að þær aðgerðir, sem Alþ. hefur gert á síðustu árum til þess að bæta læknaþjónustu strjálbýlisins, m. a. með því að bæta kjör lækna þar mjög verulega, þær aðferðir eru að renna út í sandinn vegna kröfugerðar lækna hér í Reykjavík og vegna þeirrar feikigóðu aðstöðu, sem aragrúi lækna hér hefur. Því miður hafa þeir horfið frá Sjúkrasamlaginu, og það er vert að taka undir það með hv. þm., að það þarf að rannsaka mjög nákvæmlega, af hverju það er. Það er fyllilega satt og rétt. Það er alvörumál, að það skuli jafnvel vera erfiðara að ná í lækni hér í Reykjavík heldur en úti á landi, þar sem þó er ekki sannarlega auðvelt fyrir fólk að fá lækna. En það er þó í ótal tilfellum, að það getur verið hreint vandamál þrátt fyrir þann aragrúa lækna, sem er í Reykjavík, að geta náð til læknis. Þetta er vissulega áhyggjuefni, og það er tvímælalaust eitt mesta vandamál okkar í dag, að heimilislæknisþjónustan er að verulegu leyti að fara í rúst, það er hárrétt.

Ég er enginn sérfræðingur. Það var sagt hér áðan, að ríkisstj. hefði sett metnað sinn í að setja sig ekki inn í læknamálin og ég hefði eiginlega verið harla ánægður yfir því að geta sagt, að ég hefði ekki vit á þessu. Það er síður en svo, að ég sé ánægður yfir því. Ég harma það. En hins vegar er þetta svo sérhæft, eins og t. d. sjúkrahúsamálin, nauðsynlegt fólkshald þar og annað þess konar, að það er erfitt að setja sig inn í þetta, og þess vegna hefur það verið gert, sem frá sjónarmiði hv. þm. ætti ekki að virðast nein neyðarúrræði, að það hefur yfirleitt verið farið algerlega eftir till. læknanna varðandi starfsmannahald hér á ríkisspítölunum. En hin hlið málsins, sem ég tel ekki síður alvarlega, og má segja, að ég sé þá farinn að hætta mér út á hálan ís í efni, sem ég hef ekki mikla þekkingu á, en ég hef þó tilfinningu fyrir því og hef rætt um það við marga ágæta lækna, að það sé rétt, að það sé áhyggjuefni, að hér séu allir að verða sérfræðingar. Það eru líka ástæður fyrir því, að menn vilji verða sérfræðingar, því að þeir taka töluverða þóknun fyrir það að vera sérfræðingar. En það hefur jafnvel verið talað um, að það væri e. t. v. nauðsynlegt að gera heimilislæknisstörfin að sérfræðingagrein, og ég hef lesið það eftir fræga lækna, að eitt grundvallaratriði heilsugæzlunnar sé heimilislæknisstörfin, það sé hin almenna læknisþekking, sem ekki sé sérfræðibundin, það sé að sjálfsögðu hin brýnasta nauðsyn að hafa sérfræðinga í öllum greinum, en þeir sérhæfa sig aðeins í þeim hluta líkama eða sálarlífs, sem þeir eru sérfræðingar í, en hafa ekki þá yfirlitsþekkingu, sem hinn almenni heimilislæknir þarf að hafa, læknirinn, sem um leið er vinur og ráðleggjandi sjúklingsins, því að ég hygg það rétt vera, að það sé talið eða almennt viðurkennt að læknum, að það sé ekki aðeins sjúkdómurinn sjálfur, heldur séu það ótalmörg önnur bæði ytri og innri atvik, sálræn, og aðbúnaður á ýmsan hátt, sem hafi ekki síður þýðingu varðandi heilsugæzluna. Og það getur ekki nema að litlu leyti fallið í hlut sérfræðinganna að veita þessa aðstoð, heldur verður það að vera heimilislæknirinn. Og ég er hv. þm. algerlega sammála um, að það er hin brýnasta nauðsyn að gera sér grein fyrir því, hvernig stendur á, að það er að verða slíkt vandamál, því að ég hygg, að það sé rétt, að það sé illmögulegt, ef ekki ómögulegt fyrir nýja aðila núna að fá samlagslækni, svo að það er vissulega atriði, sem er til endurskoðunar og athugunar. Eins og hæstv. félmrh. sagði, ætti það að vera allra áhugamál að gera sér grein fyrir því. Það eru uppi alls konar sögusagnir og sumar

misjafnlega vinsamlegar um það í garð læknanna, af hverju þetta stafi, og þess vegna held ég, að það væri æskilegt, að þetta yrði krufið til mergjar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta, og það er rétt, sem hæstv. forseti sagði hér áðan, og læknadeilan er ekki til umr., og ég bið afsökunar, að svo miklu leyti sem ég hef farið hér í mínum ræðum algerlega út fyrir efni þessa máls. Ég vænti, að það verði afsakað af þeirri ástæðu, að hv. þm. kaus að nota meginhluta ræðu sinnar til að víkja hér persónulega að mér.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs sem heilbrmrh. að þessu sinni og það var að sérstöku gefnu tilefni, því að ég vil ekki alveg þegjandi hafa hlustað á það, sem hv. 9. þm. Reykv. hreytti hér úr sér í garð heilbrigðismálastjórnarinnar, og ég bið afsökunar á því að ræða ekki sérstaklega efni þess frv., sem hér er á dagskrá, en þykist hafa nokkuð sérstakt tilefni til þess.

Það er algerlega ómaklegt að viðhafa þau ummæli hér, að yfirstjórn heilbrigðismála sé í einhverju horni í dómsmrn. og unnið að þeim með höppum og glöppum. Öll löggjöf um Stjórnarráð Íslands er meira og minna úr sér gengin, og fyrir þremur árum eða lengri tíma var hafin endurskoðun á þessari löggjöf vegna margháttaðra breytinga, sem smátt og smátt hafa orðið við myndanir ríkisstj. hér, þar sem rn. hefur verið skipt á milli ráðh. oft og tíðum á þann hátt, sem virðist eftir á kannske vera nokkuð óeðlilegt. En þetta er ekkert sérstakt í sambandi við heilbrigðismálin fremur en önnur mál, og heilbrigðismálayfirstjórnin hefur sinn ráðuneytisstjóra, valinkunnan sæmdarmann, og í öðru lagi hefur heilbrigðismálastjórnin deildarstjóra, mjög ágætan starfsmann, sem vinnur ekki með neinum höppum og glöppum, og þessir menn vinna ekki með höppum og glöppum að þessum störfum, til viðbótar því, að samkv. okkar löggjöf frá gamalli tíð, hliðstætt því, sem er í norrænni löggjöf eða skandinavísku löggjöfinni, er landlæknir ráðunautur þess ráðh., sem fer með heilbrigðismál á hverjum tíma. Það má því ekki tala eins og heilbrigðismálin hafi verið algerlega látin liggja í láginni og lítil afskipti hlotið hjá núv. ríkisstj.

Ég vil minna á það, án þess að ég skuli langt út í það fara, að þetta er engin hugmynd hv. 9. þm. Reykv., að myndað sé sérstakt heilbrigðismálaráðuneyti, heldur hef ég sjálfur sett fram þá hugmynd í læknablaði, hann hefur væntanlega lesið hana þar, og þetta hefur verið til athugunar eins og mörg önnur ráðuneyti, sem er til athugunar endurskipulagning á. Þetta á ekkert frekar við heilbrmrn. t. d. af þeim rn., sem undir mig heyra, heldur en iðnmrn., sem er í endurskipulagningu hjá mér á sama hátt. En allt tekur þetta sinn tíma.

Skömmu eftir að ég hafði tekið við yfirstjórn heilbrigðismálanna, gerði ég þinginu grein fyrir því, hvernig ástand þessara mála var þá og hversu gífurlega mikil vandkvæði væru sérstaklega á fjárframlögum til þessara mála. Þessu var vel tekið af öllum flokkum í þinginu, og ég sé ástæðu til þess að láta í ljós þakklæti til hv. fjvn. fyrst og fremst og þm. síðan almennt um það, hvað þingið hefur á undanförnum árum verið ört á hækkandi framlög til heilbrigðismálanna. Ég skal ekki fara út í það nú, enda hef ég ekki þær tölur, en það eru gífurlegar aukningar á fjárframlögum til heilbrigðismála á einmitt 2—3 s. l. árum og gífurlegar framkvæmdir, sem á sviði þessara mála eiga sér stað í sambandi við byggingar. Í mörgum kaupstöðum landsins er nú verið að byggja myndarlega nýtízkuspítala, sem kosta tugi millj. kr., og annars staðar er verið að byggja spítala, sem kosta hundruð millj. kr., einnig í Reykjavík bæði ríkisspítala og borgarspítala o. s. frv. Samt vantar gífurlega á, að nægjanlega sé gert í þessum efnum, og er mér þá efst í huga geðveikrasjúkrahús, sem okkur er mjög vant og mundi kosta hundruð milljóna króna og er kannske eitt af allra erfiðustu og mestu vandamálunum, eins og nú horfir. Og enda þótt Alþingi hafi sannarlega ekki skorið við nögl fjárveitingar til þessara mála á undanförnum árum, hefur samt sem áður ekki verið hægt að gera það, sem gert hefur verið í að veita fé til sjúkrahúsanna og rekstrar þeirra og ríkisspítalanna, nema með því að taka stórkostlegt fé að láni. Og einmitt á árinu 1964, þegar erfiðleikarnir voru mjög miklir í fjárhagsmálum sjúkrahúsanna, var verulegum hluta af tekjuafgangi ársins 1963 varið til þessara mála.

Varðandi svo löggjafaratriðið, þá vil ég vekja athygli á því, að það hafa á þessu tímabili verið sett ný sjúkrahúsalög, í þessu horni dómsmrn. undirbúin, sem marka alveg tímamót í löggjöf um sjúkrahúsamál hér á landi. Það hafa verið sett ný læknaskipunarlög, sem marka líka tímamót á þessu sviði, þó að það sé rétt, sem hæstv. fjmrh. vék að, að margar þær umbætur, sem þá voru lögfestar, koma til með sennilega vegna síðari atvika, sem ég skal ekkert víkja að, að hafa minna gildi. Í allan liðlangan vetur voru starfsmenn heilbrigðisstjórnarinnar í samvinnu við lækna að reyna að vinna að endurskipun heilbrigðismálanna, meðferð þeirra, aðstöðu læknanna á aðalsjúkrahúsi landsins, Landsspítalanum. Þessu máli er stöðugt haldið áfram, og sannast að segja hafa í seinni tíð komið upp þau málefni, sem enn þá miklu meira styðja þá tillögu, sem ég sjálfur setti fram, að nauðsyn væri sérstaks heilbrmrn., vegna þess að því miður eru læknamálin, sem hér hefur nokkuð borið á góma, þannig, að það veldur a. m. k. þeim, sem eiga í þeim að standa af hálfu ríkisvaldsins, mjög miklum áhyggjum. Það felst þó engan veginn í þessu ásökun frá minni hendi í garð læknanna, en áhyggjur mínar stafa af því, að það virðist því erfiðara að ná viðunandi lausn og samkomulagi

um þessi mál sem a. m. k. af minni hendi hefur verið meiri vilji til þess í sambandi og samvinnu við þessa menn.

Ég vil svo ekki hafa þessi orð fleiri og ætlaði mér alls ekki að taka þátt í neinum umræðum hér. En ég vil bera hönd fyrir höfuð þeirra manna, sem unnið hafa að þessum málum, að það sé illa að málunum búið og með höppum og glöppum að þeim unnið. En ég vona, að það haldi áfram sá góði skilningur í garð þessara mála, sem hefur verið almennur og ádeilulaus hér í þinginu fram að þessu, og að takast megi að fá í framtíðinni öruggari og traustari endurskipulagningu og stjórn á heilbrigðismálunum, sem ég viðurkenni að þurfi að sjálfsögðu að koma til, eins og á svo mörgum sviðum annarra ráðuneyta, sem ég hef áður vikið að.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 49).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar þetta frv., sem flutt er að tilmælum samninganefndar trygginganna við læknasamtökin, og er í grg., sem frv. fylgdi frá samninganefndinni, gerð grein fyrir efni þess og ástæðu til þess, að n. óskaði þess, að frv. væri flutt. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 49, leggur n. til, að frv. verði samþ., og eins og þar einnig kemur fram, voru tveir nm., þeir hv. 8. landsk. og hv. 4. þm. Vestf., fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 12. fundi í Nd., s. d. skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 109).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 35 um breyt. á l. um almannatryggingar, er komið hingað frá hv. Ed., og n. sú, sem þar hafði málið til meðferðar, lagði einróma til, að það yrði samþ. óbreytt.
Heilbr.- og félmn. þessarar d. hefur haft málið til athugunar, og leggur n. einnig til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 127).

---

4. Síldarflutningaskip.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til kaupa á síldarflutningaskipi o. fl. [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 4. fundi í Ed., 17. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Snemma á þessu sumri leitaði stjórn Síldarverksmiðja ríkisins til ríkisstj. og óskaði eftir aðstoð til þess, að síldarverksmiðjurnar gætu keypt stórt síldarflutningaskip, sem stjórn síldarverksmiðjanna taldi sérstaklega nauðsynlegt að kaupa til þess að geta í stórum stíl flutt síld til síldarverksmiðjanna á Siglufirði. En skip þetta er hins vegar svo stórt, að það getur ekki komizt inn á aðrar hafnir norðanlands, þar sem síldarverksmiðjurnar hafa verksmiðjur.
Miðað við rök stjórnar síldarverksmiðjanna þótti rétt að verða við því að aðstoða verk-

smiðjurnar til að kaupa þetta skip og jafnframt að aðstoða þær til að gera nauðsynlegar endurbætur á ýmsum tækjum verksmiðjanna, löndunartækjum o. fl. Nú hefur það verið meginregla að veita ekki sjálfskuldarábyrgð á lánum, en þar sem hér er raunverulega um ríkisfyrirtæki að ræða, skiptir það engu meginmáli og gat ekki brotið neinar grundvallarreglur í því efni, þótt það yrði gert í þessu sambandi eða valin sú leiðin, að ríkið tæki lánið, og þótti þá eftir atvikum henta fremur að hafa þessa leið.

Skip það, sem keypt var, mun hafa kostað með öllum tilkostnaði, þ. e. a. s. breytingum, sem á því voru gerðar, um 54 millj. kr. og mun geta flutt á milli 3200 og 3300 tonn af síld, þannig að hér er um mikið og voldugt skip að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um málið. Frv. það, sem hér er flutt, er flutt til staðfestingar á umræddum brbl. Óski hv. n., sem fær málið til meðferðar, eftir nánari upplýsingum, er að sjálfsögðu eðlilegt, að þær séu gefnar, eftir því sem efni standa til. Ég vil að lokinni þessari umr. leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 59).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Lagafrv. þetta um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til kaupa á síldarflutningaskipi o. fl. er flutt til staðfestingar á brbl., er út voru gefin 14. maí s. l. Með brbl. þessum var ríkisstj. heimilað að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni að upphæð allt að 52 millj. kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt, sem Síldarverksmiðjur ríkisins höfðu í huga að taka til kaupa á síldarflutningaskipi og til endurbóta á löndunartækjum o. fl.

Þessu frv. var að lokinni 1. umr. vísað til fjhn. N. kvaddi á sinn fund Svein Benediktsson formann stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, og veitti hann n. ýmsar upplýsingar um mál þetta.

Ríkisábyrgðarheimild brbl. var notuð og lán tekið í Englandi, að fjárhæð 45 millj. kr., og flutningaskip keypt á s. l. sumri. Skipið var 8 ára gamalt, nýkomið úr klössun, burðarmagn þess 3200 smálestir eða um 22 þús. mál síldar. Hlaut skipið nafnið „Haförninn". Er það stærsta síldarflutningaskip í eigu Íslendinga. Kostnaðarverð skipsins að öllum breytingum og búnaði meðtöldum varð um 52 millj. kr. Rekstrarkostnaður skipsins á dag er áætlaður um 70 þús. kr., og er þá fyrning reiknuð þar með.

Skip þetta er aðallega ætlað til síldarflutninga, en á þeim árstíma, sem flutninga á síld er eigi þörf, má nota skipið til lýsisflutninga. Haförninn kom til landsins 4. ágúst s. l. og hóf skömmu síðar síldarflutninga af austanmiðum til Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði. Hefur skipið alls flutt þangað 110 þús. mál í 6 ferðum. Þetta magn hefði að sjálfsögðu orðið allmiklu meira, ef skipið hefði verið tilbúið í upphafi síldarvertíðar. Siglufjörður er eina síldarverksmiðjuhöfnin norðanlands, þar sem skipið getur lagzt hlaðið að bryggju. Segja má, að Siglfirðingum veiti ekki af að sitja að þessu skipi, á meðan síldin heldur sig fyrir austan, þegar litið er til hinnar geysimiklu afkastagetu síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði. Á hitt ber svo að líta, að aðrir staðir, þar sem hráefnasnauðar síldarverksmiðjur eru fyrir hendi, geta einnig með miklum rétti krafizt þess, að þeim sé liðsinnt.

Í sambandi við kaupin á þessu skipi mun hafa verið gefið fyrirheit um síldarflutninga til Skagastrandar á liðnu sumri. Áttu flutningarnir að framkvæmast frá umhleðslustöð á Seyðisfirði með tveim litlum leiguskipum, sem Síldarverksmiðjur ríkisins höfðu undir höndum. Efndir þessa fyrirheits voru heldur slakar, þar eð einungis voru fluttir tveir síldarfarmar til Skagastrandar, þegar langt var liðið á haust, enda voru leiguskipin mikinn hluta sumarsins í mjölflutningum til Englands. Þetta hefur valdið miklum vonbrigðum á Skagaströnd.

Að hinu leytinu verður það æ ljósara, að á komandi árum verður ekki stuðlað að lausn atvinnuvandamála Skagstrendinga með síldarflutningum, nema með því móti að útvega til flutninganna skip, sem getur flutt síldina beint af miðunum.

Það er mín skoðun, að síldarflutningar hafi ótvírætt sannað gildi sitt á undanförnum árum, þó að eflaust megi enn auka gildi þeirra til muna með tæknilegum endurbótum og betra skipulagi. Síldarflutningarnir hafa ekki einungis mikla þýðingu fyrir þá staði, þar sem skortur er á síld til vinnslu, heldur einnig fyrir síldarútveginn í heild. Með síldarflutningum beint af miðunum má spara veiðiskipunum þann tíma, sem fer í siglingu til lands og aftur út á miðin, svo og löndunarbið, og á þann hátt auka veiðiafköstin. Einkum á þetta við annars vegar, þegar síldin veiðist á fjarlægum miðum, og hins vegar, þegar mikil síldargengd er nálægt landi, en nærliggjandi síldarverksmiðjur hafa ekki undan að taka á móti. Með síldarflutningum getum við einnig að vissu marki sparað okkur nýjar verksmiðjubyggingar.

Ég vil að lokum vitna til skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til hagráðs, sem birt var í ágústmánuði s. l., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilflutningur síldveiðanna hefur spillt stórlega afkomu síldarverksmiðjanna á Norðurlandi og teflt rekstri þeirra í algera tvísýnu. Hefur rekstur þeirra í vaxandi mæli byggzt

á síldarflutningum, og er nú svo komið, að reikna má með, að meginhluti vinnslumagnsins sé fluttur langt að. Síldarverksmiðjur ríkisins, sem eiga verksmiðjur bæði á Norður- og Austurlandi, hafa mest bolmagn til að tryggja áframhaldandi rekstur verksmiðja á Norðurlandi. Verksmiðjur einkafyrirtækja og bæjarfélaga hafa á hinn bóginn ekki slíka aðstöðu. Áframhald á rekstri síldarverksmiðja og ef verða má á síldarsöltun og annarri vinnslu síldar á Norðurlandi er þýðingarmikið skilyrði fyrir viðhald og þróun byggðar í þeim landshluta."

Herra forseti. Fjhn. hefur haft frv. þetta til athugunar, og leggur n. einróma til, að frv. verði samþ., svo sem nál. á þskj. 59 ber með sér, en þó hefur einn nm., hv. 4. þm. Norðurl e., ritað undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 17. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin í maímánuði í sumar í sambandi við ósk, sem ríkisstj. þá barst frá stjórn Síldarverksmiðja ríkisins um að veita aðstoð til kaupa á síldarflutningaskipi. Athuganir verksmiðjustjórnarinnar bentu til þess, að það væri hagkvæmt að kaupa stórt skip til síldarflutninga, fyrst og fremst til verksmiðja fyrirtækisins á Siglufirði, og jafnframt lá fyrir, að verksmiðjurnar yrðu að ráðast í allverulegar endurbætur á löndunartækjum með hliðsjón af allsherjarbreytingu, sem gerð var á mælitækjum allra síldarverksmiðja. Það þótti rétt, þar sem hér var um mikið fyrirtæki að ræða, að veita þá ábyrgð, sem hér er um að ræða, á þann hátt að heimila sjálfskuldarábyrgð á láni, sem annars er, eins og hv. þdm. vita, ekki venja, heldur að ábyrgðin sé almenn, og jafnframt að binda ekki ábyrgðina sérstaklega við ákveðna prósentutölu. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. geti fallizt á, að þetta sé eðlilegt sjónarmið, þar sem hér er um algert ríkisfyrirtæki að ræða, og mátti því að vísu eins hugsa sér það, að ríkisstj. jafnvel hefði tekið umrætt lán sjálf og endurlánað verksmiðjunum.

Þetta skip hefur síðan verið keypt og verið í gangi í sumar og ég hygg, að það hafi skilað allgóðum árangri, enda þótt enn sé ekki séð fyrir um rekstrarafkomu þess að fullu.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. þd. geti fallizt á að samþ. þetta frv. Það var einróma samþykkt í hv. Ed., og ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið. Ef hv. n., sem fær það til meðferðar, telur sig þurfa nánari upplýsinga við um skipið og heildarkostnað af þessum framkvæmdum, er það að sjálfsögðu til reiðu.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjhn. með 32 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 147).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Þegar mál þetta var til meðferðar í hv. fjhn., var óskað eftir því í n. að beina nokkrum fsp. til stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins. N. fékk síðan svar frá stjórn SR, sem er mjög stutt og ég vil leyfa mér að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Við höfum móttekið bréf yðar, dags. 22. nóv. s. l., þar sem þér óskið eftir, að við gefum upplýsingar um eftirtalin atriði varðandi kaup og lántöku á síldarflutningaskipi SR. Spurt er: Hefur lánið allt verið tekið? Svar: Tekið hefur verið lán vegna kaupanna að upphæð 1 millj. 50 þús. dollarar, þ. e. a. s. 45 097 500 ísl. kr. Spurt er: Hvar var lánið tekið? Svar: Lánið var tekið hjá Charterhouse Japlet & Thomason Ltd., London. Spurt er: Hvert var kostnaðarverð skipsins, og hve mikið lögðu Síldarverksmiðjur ríkisins fram af því? Svar: Kaupverð skipsins var 6 millj. norskar kr., þ. e. a. s. 36 130 800 ísl. kr. Þar við bætast ýmsar birgðir, varahlutir o. fl. 1 millj. 360 þús. ísl. kr. Loks varð að útbúa skipið losunar- og löndunartækjum og gera ýmsar breytingar, er kostuðu 15 millj. 500 þús. ísl. kr. Kostnaðarverð skipsins er því 53 190 800 ísl. kr. Síldarverksmiðjur ríkisins hafa því lagt fram 8 millj. 93 þús. kr. Spurt var: Hve mikið af láninu hefur farið til endurbóta á löndunartækjum: Svarið: Ekkert. Síldarverksmiðjur ríkisins munu leita eftir láni til viðbótar fyrri lántöku, sem þegar hefur verið framkvæmd, samkv. því sem lántökuheimildin leyfir.

F.h. Síldarverksmiðja ríkisins,
Sigurður Jónsson."

Fjhn. hefur athugað þetta frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 171).

---

5. Fjárlög 1967.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1967 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Þessi útvarpsumr. fer þannig fram, að fyrst flytur hæstv. fjmrh. framsöguræðu, og er ræðutími hans ekki takmarkaður. Því næst verða fluttar hálfrar stundar ræður af hálfu annarra þingflokka en ráðh. og í þessari röð: Framsfl., ræðumaður Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., Alþfl., ræðumaður Birgir Finnsson, 2. landsk. þm., Alþb., ræðumaður Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm. Að lokum talar fjmrh. aftur og hefur stundarfjórðung til andsvara.
Hefst nú umr. og tekur til máls hæstv. fjmrh., Magnús Jónsson.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Áður en ég geri grein fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1967, mun ég í stórum dráttum skýra afkomu ríkissjóðs á árinu 1965 og horfur á yfirstandandi ári.
Að því var stefnt, að ríkisreikningurinn fyrir 1965 gæti orðið lagður fram strax í byrjun þings, en því miður verður prentun hans ekki lokið fyrr en í næstu viku. Ég verð að láta nægja að gefa heildarmynd af afkomu ríkissjóðs á árinu 1965, enda verður tækifæri til að ræða einstök atriði ríkisreikningsins, er hann verður tekinn til meðferðar síðar á þessu þingi.
Heildartekjur á rekstrarreikningi reyndust 3690.2 millj. kr., sem er 167.1 millj. kr. hærra en áætlað var í fjárl. Munar þar mestu um aðflutningsgjöld og söluskatt. Aðflutningsgjöld fóru 117.7 millj. kr. fram úr fjárlagaáætlun, og stafar það bæði af meiri aukningu innflutningsmagns og hærri raunverulegum meðaltolli en gert hafði verið ráð fyrir. Söluskattur fór 89.2 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. vegna meiri aukningar viðskiptaveltu en séð var fyrir, en söluskattsálagningin var óbreytt á árinu. Einnig fóru tekjur af stimpilgjöldum 5.4 millj. kr. fram úr áætlun. Flestir aðrir tekjuliðir reyndust lægri en áætlað var í fjárl., og munar þar mestu um gjöld af bifreiðum og bifhjólum, sem reyndust 14.7 millj. kr. undir áætlun þrátt fyrir hækkun leyfisgjalda í byrjun ársins. En bifreiðainnflutningurinn minnkaði verulega frá fyrra ári. Tekjur af tekju- og eignarskatti urðu 9.2 millj. undir áætlun, og hluti ríkissjóðs af umboðsþóknun og gengismun viðskiptabankanna 8.2 millj. undir áætlun fjárl. Í því skyni að rétta nokkuð við hag ríkissjóðs var á síðari hluta ársins ákveðin allveruleg hækkun á verði áfengis og tóbaks, og fór sá tekjuliður 24.6 millj. kr. fram úr áætlun.
Heildarútgjöld á rekstrarreikningi námu 3413.5 millj. kr. og fóru 111.5 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. Var lögð rík áherzla á að spyrna gegn öllum umframgreiðslum, en þróun mála varð þannig, að hjá ýmsum nýjum útgjöldum varð ekki komizt.
Meginorsök umframútgjaldanna má rekja til þróunar kaupgjaldsmála á árinu. Þannig hækkuðu grunnlaun opinberra starfsmanna um 4% í júlímánuði og verðlagsuppbætur á laun samkv. vísitölu hækkuðu á árinu úr 3.05% í marzbyrjun í 7.32% frá og með 1. des. Komu áhrif þessara launahækkana fram í flestum útgjaldaliðum. Eftir að fjárlög voru afgreidd, var í ársbyrjun með sérstökum l. frá Alþ. samþ. að veita bátaútveginum aðstoð, er hafði í för með sér 50.4 millj. kr. ný útgjöld fyrir ríkissjóð á árinu, og jafnframt voru samþykktar launabætur til opinberra starfsmanna, sem taldar voru óumflýjanlegar vegna launahækkana annarra stétta, og kostuðu þær launabætur ríkissjóð alls um 65 millj. kr.
Til þess að mæta þessum nýju útgjöldum ákvað ríkisstj. fyrri hluta árs að nota heimild fjárlaga til þess að lækka framlög til opinberra framkvæmda um 20% á árinu. Var áætlað, að með þessari ráðstöfun mundi sparast nægilegt fé til þess að mæta þessum tveimur nýju útgjaldaliðum. Reyndin varð hins vegar sú, að hér hallaðist á um rúmar 30 millj. kr. Við bættist svo það áfall, að í samræmi við samkomulag við verkalýðsfélögin var veitt sérstakt framlag úr ríkissjóði til byggingarsjóðs ríkisins, 40 millj. kr. Þessi útgjaldaliður var einnig utan ramma fjárl., en áætlað að mæta honum með sérstakri lagaheimild með þreföldun fasteignamats við álagningu eignarskatts. Áætlaður tekjuauki af þessari ráðstöfun reyndist algerlega óraunhæfur, þannig að ekki fékkst nema helmingur þess, er þurfti.
Um einstaka útgjaldaliði skal þetta tekið fram:
Alþingiskostnaður fór fram úr áætlun um 12.9 millj. kr. Er orsökin fyrst og fremst óraunhæf áætlun, sem ljósast sést af því, að útgjöld á þessum lið urðu 8.3 millj. umfram áætlun á árinu 1964, en hækkun í fjárlagaáætlun 1965 nam þó aðeins 1.6 millj.

Kostnaður við stjórnarráðið fór 9.4 millj. kr. fram úr áætlun. Munar þar mestu um annan kostnað rn., 4.6 millj. kr., en tilhneiging hefur jafnan verið til að vanáætla þann lið. Kostnaður við kjarasamninga, 1 millj. kr., var færður á stjórnarráðskostnað, en að öðru leyti er hér um eðlilegar hækkanir að ræða vegna launabreytinga.

Kostnaður við utanríkisþjónustuna fór 4.1 millj. kr. fram úr áætlun og kostnaður við dómgæzlu og lögreglustjórn 8.5 millj. fram úr áætlun. Er hér fyrst og fremst um launabreytingar að ræða.

Kostnaður við innheimtu tolla og skatta fór mjög mikið fram úr áætlun eða um 17 millj. kr. Eru um 11 millj. kr. af þessari fjárhæð vanáætlaður kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur. Vék ég að því í fjárlagaræðu minni í fyrra, að enda þótt hið nýja skattakerfi væri tvímælalaust til mikilla bóta og aukinnar samræmingar og aðhalds í skattaálagningu og skattheimtu, hafa hugmyndir manna um beinan fjárhagssparnað af hinu nýja kerfi ekki reynzt raunhæfar. Að auki hafa að sjálfsögðu einnig komið til aukin og ný verkefni á þessu sviði, m. a. tilkoma skattrannsóknadeildarinnar. Að sjálfsögðu þýddi ekki annað en koma þessum málum í viðhlítandi horf, enda víða á landinu miklar kvartanir vegna seinagangs skattstofanna við álagningu skatta, og lét ég því um mitt ár 1965 framkvæma á því rækilega athugun, hverjar væru lágmarksþarfir skattstofanna á starfsliði, svo að þær gætu með sómasamlegum hætti innt starf sitt af hendi. Verður að telja, að aðstaða skattstofanna og ríkisskattstjóra sé orðin sómasamleg að þessu leyti, en afleiðingarnar hafa orðið allverulegur kostnaðarauki. Sjást þó stundum ásakanir um það, að skattkerfinu sé enn ekki séð fyrir nægilegum starfskröftum.

Útgjöld til heilbrigðismála urðu 8.4 millj. kr. undir áætlun fjárl. Er ástæðan fyrst og fremst sú, að viðbygging Landsspítalans var ekki tekin í notkun á árinu, svo sem ráð hafði verið fyrir gert, og enn fremur, að fjárfestingarliðir á þessari grein voru lækkaðir í samræmi við almenna lækkun slíkra útgjalda.

Af sömu ástæðu urðu framlög til vegamála 9.2 millj. kr. undir áætlun. Aftur á móti urðu að venju miklar umframgreiðslur á útgjöldum vegna samgangna á sjó, og fór sú gr. 17 millj. kr. fram úr áætlun. Er þar um að ræða rekstrarhalla Skipaútgerðar ríkisins, sem varð á árinu 1963 samtals um 43 millj. kr. Mun ég víkja síðar nánar að því fyrirtæki.

Vegna skerðingar framkvæmdafjár urðu framlög til vitamála 7.5 millj. kr. undir áætlun, en aftur á móti urðu rekstrarútgjöld flugmálastjórnar 2 millj. umfram áætlun. Stafar það af launahækkunum. Af sömu ástæðu fór Veðurstofan 1.9 millj. kr. fram úr áætlun.

Útgjöld vegna kennslumála urðu 14.6 millj. kr. umfram áætlun fjárl. og þó raunar mun meira, því að skólabyggingafé var lækkað um 8.8 millj. kr. Er hér um lögbundin útgjöld að ræða, sem ekki verður við ráðið, og orsök umframgreiðslnanna fyrst og fremst launahækkanir.

Framlög til opinberra safna, bókaútgáfa o. fl. urðu 1.7 millj. kr. umfram áætlun, og er það kostnaðarauki safnanna.

Framlög til kirkjumála urðu 1.2 millj. kr. umfram áætlun vegna launahækkana.

Framlög til landbúnaðarmála fóru mjög mikið fram úr áætlun eða samtals um 29.2 millj. kr. Stafar það fyrst og fremst af miklum mun meiri jarðræktarframkvæmdum en gert hafði verið ráð fyrir við afgreiðslu fjárl. Fóru jarðræktarstyrkir þannig 19.8 millj. kr. fram úr fjárl. og framlög samkv. l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. 7.5 millj. kr. fram úr fjárlögum.

Framlög til sjávarútvegsins urðu 11.3 millj. kr. umfram áætlun. Er þar aðallega um að ræða annars vegar framlag til aflatryggingasjóðs, 4.3 millj., og til fiskveiðasjóðs 5.3 millj. umfram áætlun. Hvor tveggja þessi framlög eru lögbundin og því ekki um annað að ræða en inna þau af hendi.

Útgjöld vegna raforkumála urðu 12.9 millj. kr. undir áætlun vegna skerðingar framkvæmdafjár, en kostnaður vegna rannsókna í þágu atvinnuveganna fór 3.1 millj. kr. fram úr áætlun vegna launahækkana.

Framlög til félagsmála urðu 18.2 millj. kr. umfram áætlun. Framlög til almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga taka breytingum í samræmi við launahækkanir, og enn fremur hafði fallið niður af vangá að taka í fjárlög greiðslur vegna afborgunar af láni í Seðlabankanum vegna atvinnuleysistryggingasjóðs, er tekið var vegna þess á sínum tíma, að fellt var niður eitt ár framlag ríkisins til sjóðsins.

Eftirlaun og tillag til lífeyrissjóða fór 7.9 millj. kr. fram úr áætlun.

Framlög til niðurgreiðslna á vöruverði urðu 31.5 millj. kr. undir áætlun og framlög til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir 15.2 millj. kr. undir áætlun. Þessar greiðslur hvorar tveggja færast jafnan oft á milli ára og því erfitt um nákvæma fjárlagaáætlun.

Flestir útgjaldaliðir á 20. gr. fjárl. lækka um 20% í samræmi við niðurskurð til verklegra framkvæmda.

Útgjöld á eignahreyfingareikningi reyndust alls 193.4 millj. eða 16.9 millj. undir áætlun fjárlaga.

Á síðasta Alþ. voru samþ. ný lög um gerð ríkisreiknings og fjárl. Gera lög þessi ráð fyrir mjög víðtækum breytingum á uppsetningu fjárl. og gerð ríkisreiknings. Jafnvíðtæk breyting á öllu reikningshaldi ríkisins krefst mikils undirbúnings, en gert var ráð fyrir sem nauðsynlegri byrjunaraðgerð í því sambandi, að reikningum ríkissjóðs fyrir árið 1965 yrði lokað í árslok. Áður hefur það verið venja um langt árabil að halda reikningum opnum fram á næsta ár. Var tilgangurinn þá sá að færa öll viðskipti, sem tilheyrðu hverju ári, á reikninga viðkomandi árs, enda þótt raunverulegar greiðslur færu fram eftir áramótin. Voru slíkar færslur

síðan látnar hafa áhrif á sjóðsinnstæður hjá ríkisféhirði, sem þannig var einungis bókhaldslegur sjóður, en sýndi mun hærri innstæður en raunverulegur sjóður, vegna þess að þær inngreiðslur, sem fóru fram eftir áramótin, voru jafnan mun hærri en útgreiðslur, sem inntar voru af hendi á sama tíma. Að þessu sinni er greiðsluafkoman hins vegar miðuð við raunverulega sjóðshreyfingu, og verður sá háttur á hafður framvegis. Þetta veldur nokkru ósamræmi í samanburði við fyrri ár, en misræmið er einkum fólgið í því, að í stað áðurnefndra sjóðfærslna eftir áramót eru færri leiðréttingaliðir á eignahreyfingareikningi vegna oftaldra tekna og gjalda, sem þegar hafa verið færð á rekstrarreikning og í sumum tilfellum á fjárlagaliði eignahreyfingareiknings. Nettóupphæð þessara leiðréttingaliða árið 1965 varð samtals rúmar 209 millj. kr. og er fyrst og fremst fólgin í liðunum vangreiddar tekjur Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, vangreiddar tekjur frá innheimtumönnum og geymslufé. Þetta veldur að sjálfsögðu því, að borið saman við fyrri ár eykst halli á eignahreyfingareikningi sem þessari upphæð nemur.

Vegna þessara víðtæku breytinga yrði greiðslujafnaðaryfirlit mjög villandi borið saman við fyrri ár, og var því sá kostur valinn að birta ekki greiðslujafnaðaryfirlit með ríkisreikningi í þetta sinn. Það mun hins vegar verða gert í sambandi við ríkisreikninginn fyrir árið 1966. Að sjálfsögðu verður þó þrátt fyrir þessar bókhaldsbreytingar að gera sér grein fyrir raunverulegum greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1965, og með því að skoða breytingar á viðskiptareikningum og raunverulegum sjóði hjá ríkisféhirði um áramót kemur í ljós, að greiðsluhalli á árinu 1965 hefur verið 90.7 millj. kr. Á árinu 1964 var greiðsluhalli 253.2 millj. kr., og hefur greiðsluhalla þessara tveggja ára verið mætt með yfirdráttarskuld á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum. Koma þar á móti 100 millj. kr., sem lagðar voru til hliðar af greiðsluhagnaði ársins 1963.

Við undirbúning fjárlaga ársins 1966 var mönnum ljóst, að greiðsluhalli ríkissjóðs á árinu 1965 mundi verða nálægt því, er raun ber vitni. Hallarekstur ríkissjóðs á þenslutímum hefur að sjálfsögðu alvarleg áhrif á efnahagskerfið, enda má segja, að um það hafi ekki verið ágreiningur á síðasta Alþ., að tryggja yrði greiðsluhallalausan ríkisbúskap á þessu ári, enda þótt menn væru ekki á einu máli um þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar af hálfu ríkisstj. í þessu skyni. Enda þótt enn verði ekki sagt með vissu um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári, er þó ljóst, að þessu nauðsynlega takmarki verður náð og jafnvel líklegt, að um töluverðan greiðsluafgang geti orðið að ræða. Stafar það fyrst og fremst af þróun mála, sem enginn gat séð fyrir, er fjárlög ársins voru afgreidd, enda komu þá ekki fram neinar raddir um það, að auðið væri að áætla tekjur ríkissjóðs á árinu 1966 hærri en gert var í þeirri tekjuáætlun Efnahagsstofnunarinnar, sem lögð var til grundvallar við ákvörðun tekjuáætlunar fjárl. Hin geysimikla síldveiði allt fram til áramóta á s. l. ári og stóraukin peningavelta og kaup hafa getað leitt til miklu meiri innflutnings og þar af leiðandi veltuaukningar á þessu ári en gert hafði verið ráð fyrir. Samkv. áætlun Seðlabankans á miðju þessu ári er gert ráð fyrir, að innflutningur verði 16—17% meiri í ár en á árinu 1965. Var aukningin raunar mun meiri 5 fyrstu mánuði ársins, en minni nú síðustu mánuðina. Gæti því svo farið, að tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum yrðu 250—300 millj. kr. hærri en fjárlög gera ráð fyrir. Söluskattur hlýtur þá jafnframt að fara fram úr áætlun, er gæti numið 100—150 millj. kr. Þá hefur orðið mikil aukning á sölumagni áfengis og tóbaks á þessu ári. Er sú aukning svo mikil, að hún verður ekki skýrð með aukinni neyzlu, heldur hljóta hér einnig að koma til hagstæð áhrif af hinum nýju reglum um tollfrjálsan innflutning. Ef þessi aukning helzt út árið, má gera ráð fyrir 50—75 millj. kr. umframtekjum á þessum lið. Þá er ljóst, að tekju- og eignarskattur mun fara töluvert fram úr fjárlagaáætlun, enda þótt frádráttarliðir hafi hækkað um 12.5% samkv. skattvísitölu, sem ákveðin var með hliðsjón af meðallaunabreytingum á árinu og þó talsvert hærri en hækkun framfærsluvísitölu. Má gera ráð fyrir, að innheimtur tekju- og eignarskattur á árinu fari a. m. k. 50 millj. kr. fram úr áætlun. Loks er einn tekjuliður ríkissjóðs, sem mun verulega fara fram úr áætlun, og er það leyfisgjald af bifreiðum. Á s. l. ári varð mjög mikill samdráttur í bifreiðainnflutningi, en hann hefur aftur vaxið stórlega á þessu ári. Snemma á árinu var tekið upp 30% leyfisgjald af innfluttum jeppum, þar eð jeppar eru nú ekki síður fluttir inn til kauptúna og kaupstaða en til notkunar í sveitum. Tekjur af því gjaldi verða ekki miklar á þessu ári, þótt innflutningur jeppa hafi verið mjög mikill, þar eð þeir höfðu flestir verið pantaðir í ársbyrjun og leyfisgjald var ekki innheimt af þeim jeppum. Má gera ráð fyrir, að leyfisgjöld af bifreiðum geti farið yfir 30 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. Líklegt er, að aðrir tekjuliðir ríkissjóðs verði nálægt áætlun fjárlaga.

Lögð hefur verið mikil áherzla á að forðast allar greiðslur umfram heimildir fjárl. og öllum kostnaðarliðum haldið svo í skefjum sem frekast hefur verið unnt. Er þó auðvitað aldrei hægt alveg að komast hjá áföllum, annaðhvort vegna óvæntra atvika eða vegna rangrar fjárlagaáætlunar, einkum í sambandi við lögboðin framlög. Að undanskildum nokkrum liðum, sem ég mun sérstaklega víkja að, geri ég mér þó vonir um, að ekki verði um neinar verulegar umframgreiðslur að ræða, og þykir mér rétt að láta það koma fram, að öll ráðuneyti hafi verið mjög samhent fjmrn. um það að sporna gegn umframgreiðslum og forðast öll útgjöld, sem hægt hefur verið að komast hjá. Tel ég enda með öllu fráleitt, að ríkisstj. taki sér fjárveitingavald nema í þeim

tilfellum, þegar ógerlegt er að bíða ákvarðana Alþ. Á þetta ekki hvað sízt við um ýmsar styrkbeiðnir, sem oft er leitað með til ráðuneytisins eftir afgreiðslu fjárl., jafnvel eftir að fjvn. hefur synjað þeim.

Í launaliðum fjárl. ársins 1965 er aðeins reiknað með rúmlega 3% verðlagsuppbót, en verðlagsuppbótin er nú orðin 15.25%. Þá er hvorki reiknað með 4% launahækkun opinberra starfsmanna á s. l. sumri, sem kom til eftir undirbúning fjárlagaáætlunar, né heldur 7% launahækkun samkv. ákvörðun kjaradóms á s. l. hausti. En til þess að mæta þessum launahækkunum, sem að nokkru leyti voru séðar fyrir við afgreiðslu fjárl., voru veittar á 19. gr. fjárl. í einu lagi 107 millj. kr. vegna launahækkana. Var þó sýnt, að ef um verulega visitöluhækkun yrði að ræða, er bæði orkaði á laun og tryggingabætur, mundi þessi fjárhæð alls ekki nægja. Enda er reyndin sú, að gera má ráð fyrir, að launaútgjöld ríkissjóðs á þessu ári fari um 90 millj. kr. umfram áætlun fjárlaga.

Þegar fjárlög voru afgreidd, hafði fiskverð ekki verið ákveðið, en gert hafði verið ráð fyrir því, að auðið yrði að mæta svipaðri aðstoð við sjávarútveginn og árið 1965 með lækkun á niðurgreiðslum á vöruverði innanlands. Endanlega var þó fallizt á að auka aðstoð við sjávarútveginn um 30 millj. kr., upp í 80 millj. Var sýnt, að draga yrði mjög verulega úr niðurgreiðslum, ef auðið átti að verða að afla alls þessa fjár á þann hátt. Varð þó að ráði að fella að sinni aðeins niður niðurgreiðslur á smjörlíki og fiski, og hafði raunar af ýmsum öðrum ástæðum verið talið æskilegt að fella niður fiskniðurgreiðslur. Þar er niðurfelling þessara niðurgreiðslna náði aðeins til 8 mánaða ársins, sparast ríkissjóði ekki nema um 40 millj. kr., en hins vegar hefur hin stórfellda lækkun smjörverðs í sumar leitt til verulega aukinnar neyzlu þessarar vöru, þannig að um getur orðið að ræða útgjaldaauka allt að 25 millj. kr., því að ekki mátti lækka niðurgreiðslurnar, ef sá árangur átti að nást, sem að var stefnt með smjörverðslækkuninni. Kostnaður við niðurgreiðslur var hins vegar nokkuð of hátt áætlaður í fjárl., og má því gera ráð fyrir, að um hreinan 30 millj. kr. sparnað verði að ræða á niðurgreiðslulið. Þessar tölur eru miðaðar við niðurgreiðslur, sem í gildi voru, þegar fjárlagafrv. var samið, og aðeins nefndar hér til að gefa mynd af afleiðingum þeirra ráðstafana, sem gerðar voru fyrr á árinu.

Um veruleg aukaútgjöld mun hins vegar verða að ræða síðustu mánuði ársins vegna þegar ákveðinna og áformaðra nýrra niðurgreiðslna á vöruverði, en á þessu stigi er ekki auðið að áætla þau útgjöld. Vafalaust verður um töluverða umframgreiðslu að ræða á fjárveitingu til Skipaútgerðar ríkisins, enda þótt vandamál þess fyrirtækis hafi nú verið tekin nýjum tökum, sem ég mun síðar gera grein fyrir. Útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörum munu hafa verið nokkuð vanáætlaðar, enda erfitt að áætla þann útgjaldalið nákvæmlega. Þá er og ljóst, að ræktunarframkvæmdir hafa haldið áfram með vaxandi hraða, þannig að um nokkur umframútgjöld verður að ræða á þeim lið og einnig á framlögum ríkissjóðs til þeirra sjóða atvinnuveganna, sem miðast við sölu afurða. Loks má gera ráð fyrir, að ýmsar ríkisstofnanir þurfi á nokkuð auknu rekstrarfé að halda vegna aukinnar veltu og tilkostnaðar.

Þegar saman eru taldir allir reikningar ríkissjóðs og ríkisstofnana í Seðlabankanum, var 1. okt. s. l. 145 millj. kr. innistæða. En yfirdráttarskuld á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs nam þá 248.5 millj. kr. og er þá skuldfærður allur greiðsluhalli áranna 1964 og 1965. 1. okt. í fyrra var yfirdráttarskuld á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs 585 millj. kr., og hefur því staðan á hinum almenna viðskiptareikningi batnað á þessum 12 mánuðum um 336.5 millj. kr.

Skal þá vikið að fjárlagafrv. fyrir árið 1967 og þeirri meginstefnu, sem það byggist á. Í fjárlagaræðu minni s. l. haust lét ég í ljós þá skoðun, að ríkisrekstur inn væri nú orðinn svo umfangsmikill, að það væri með öllu óviðunandi, að undirbúningur fjárlaga og eftirlit með ríkisrekstrinum og framkvæmd fjárl. væru í rauninni aukastörf í fjmrn., miðað við fámennt starfslið þess, og hér væri um svo mikla fjármuni að ræða, að ekki væri áhorfsmál að leggja í nokkurn kostnað til þess að koma þessu máli í viðunandi horf, enda mundi sá kostnaður margfaldlega skila sér aftur, þegar frá liði. Í samræmi við þetta sjónarmið ákvað ríkisstj. snemma á þessu ári að setja á stofn í fjmrn. sérstaka fjárlaga- og hagsýslustofnun undir forustu hagsýslustjóra ríkisins, er hafa skyldi það tvíþætta verkefni að undirbúa fjárlög og fylgjast með framkvæmd þeirra og hafa forustu um endurbætur í ríkisrekstrinum, leita að tæknilegum nýjungum og benda á leiðir til betri hagnýtingar á ríkisfé, aukins sparnaðar og hagræðingar. Öll þessi atriði hafa grundvallarþýðingu fyrir heilbrigða fjármálastjórn ríkisins og skynsamlega hagnýtingu ríkisfjár. Til þess að tryggja svo sem bezt reikningslega yfirsýn yfir ríkisbúskapinn og gefa Alþ. kost á skýrara yfirliti um einstaka þætti hans eru l. um gerð ríkisreiknings og fjárl., sem síðasta Alþ. samþykkti. Hagsýslustörfin eru svo náskyld gerð fjárlagaáætlana, að rétt þótti að láta þessi verkefni fylgjast að. Á undanförnum árum og áratugum hefur að þeim málum verið unnið af ýmsum sparnaðarnefndum og síðustu árin af sérstökum trúnaðarmönnum um hagsýslumál undir forustu ríkisendurskoðanda. Kom þá hvað bezt í ljós sá mikli annmarki, að hagsýslan og fjárlagagerðin voru ekki tengd saman. Ríkisendurskoðunin mun að sjálfsögðu áfram fylgjast vandlega með útgjöldum ríkisstofnana, og það verður að vera náið samband milli hennar og hagsýslustofnunarinnar. Þótt hér sé raunveru-

lega um nýja stjórnardeild að ræða, eru hagsýslumálin ekki nýr útgjaldaliður ríkissjóðs, því að á árinu 1964 var varið um 900 þús. kr. til ýmiss konar hagsýslustarfa. En í áætlun fjmrn. nú er aðeins gert ráð fyrir embætti hagsýslustjóra, og er fyrirhugað, að honum verði til aðstoðar fulltrúi í ráðuneytinu.

Hin nýja fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur annazt undirbúning og gagnasöfnun í sambandi við fjárlagafrv. fyrir árið 1967. Fullyrði ég, að sú reynsla, sem þegar er fengin af hinu nýja skipulagi, réttlæti fullkomlega tilveru þess. Hagsýslustjóri gat helgað sig algerlega undirbúningi fjárl. og gat m. a. rætt fjárlagaáætlanir allra helztu ríkisstofnana við forstöðumenn þeirra persónulega og fengið þannig mun betri yfirsýn og skýringar á hinum einstöku liðum en áður hefur verið auðið að leita eftir í sambandi við undirbúning fjárl. Munu þessar athuganir geta greitt verulega fyrir störfum fjvn., enda er ætlazt til, að hagsýslustjóri verði henni til ráðuneytis.

Fjárlagagerðin sjálf hefur vitanlega verið með hefðbundnum hætti, þar eð ekki hefur verið auðið að sjálfsögðu að kryfja svo til mergjar nú þegar þá þætti ríkiskerfisins, sem helzt kæmi til mála að breyta. En það er engum efa bundið, að þörf er rækilegrar endurskoðunar á þeim grundvallarsjónarmiðum og reglum, er ákvarða veigamikla þætti ríkisútgjalda. Með þessu er ekki sagt, að auðið sé að koma við stórfelldum samdrætti í útgjöldum ríkisins. En það er hægt á mörgum sviðum að hagnýta mun betur það fé, sem til ráðstöfunar er. Er það hvað veigamesti þátturinn í hlutverki fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar að kanna þau mál í samráði við önnur ráðuneyti. Sennilega munu ýmsir benda á, að ekki hafi þessi rækilegi undirbúningur leitt til lækkunar ríkisútgjalda. Þetta er rétt, en þó ekki nema að nokkru leyti. Einmitt þessi rækilegi undirbúningur hefur haft þær afleiðingar, að hægt hefur verið með fullum rökum að synja um margvíslegar fjárbeiðnir stofnana og lögð hefur verið áherzla á að sporna gegn allri óeðlilegri þenslu, en jafnframt hefur leitazt við að áætla öll óumflýjanleg útgjöld raunhæf. En hingað til hefur vegna tímaskorts allt of mikið verið að því gert að skera af of miklu handahófi niður ýmsa útgjaldaliði ríkisins með þeim einum árangri, að komið hefur til mikilla umframgreiðslna, og hefur þetta dregið úr nauðsynlegu aðhaldi að forstöðumönnum ríkisstofnana um að gera raunhæfar áætlanir, og dæmi munu til þess, að sumir forstöðumenn hafi áætlað fyrir niðurskurðinum.

Festa og aðhald að öllum ríkisstofnunum og framkvæmdastofnunum ríkisins er hin brýnasta nauðsyn. Og stofnunum verður að vera það ljóst, að þær verða að sætta sig við fjárveitingar í fjárl. En þá verða fjárveitingarnar líka að vera byggðar á svo raunsæju mati allra aðstæðna, að hægt sé með fullum rökum að standa gegn umframgreiðslum. Í anda þessarar meginstefnu er fjárlagafrv. nú samið, og það er skoðun okkar, sem að undirbúningi þess höfum starfað, að hægt sé með fullum rökum að krefjast þess af öllum fjárlagastofnunum, að þær haldi útgjöldum sínum innan ramma fjárlagaáætlunar miðað við núverandi aðstæður. Tekjuáætlun frv. er við það miðuð, að engir nýir skattar verði á lagðir, heldur aðeins stuðzt við núgildandi tekjustofna.

Tekjuáætlunin hefur verið gerð af Efnahagsstofnuninni. Þótt tekjuáætlun stofnunarinnar hafi reynzt til muna of lág fyrir yfirstandandi ár, er óhugsandi með öllu, að um sambærilega aukningu geti orðið að ræða á næsta ári. Horfur varðandi verðlag sjávarafurða eru ekki góðar, og um verulega framleiðsluaukningu frá síðasta ári getur naumast orðið að ræða, enda var síldveiði þá meiri en nokkru sinni áður eru dæmi til. Það verður því að teljast til fyllstu bjartsýni að reikna með jafnmiklum innflutningi á árinu 1967 eins og árinu 1966, 6200 millj. kr., svo sem gert er í fjárlagaáætluninni, því að aukning innflutningsins í ár er óvenjulega mikil, svo að markaðurinn hlýtur á ýmsum sviðum að mettast og frekari aukning enda óhugsanleg af gjaldeyrisástæðum. En nettótekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum eru áætlaðar 1829 millj. kr. Við ákvörðun söluskatts er reiknað með 5% aukningu hreinnar veltu frá árinu 1966 og er þannig reiknað með nettósöluskattstekjum 1178 millj. kr. Hefur þá í báðum tilfellum verið dregið frá framlag til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, er mundi þá nema samtals 198 millj. kr. Þar eð gera verður ráð fyrir, að hin mikla söluaukning Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins á þessu ári stafi að töluverðu leyti af strangari tollheimtu, er ekki hægt að gera ráð fyrir hliðstæðri aukningu á næsta ári. Eru nettótekjur af þessum lið áætlaðar 548 millj. kr. og þá reiknað með óbreyttu verðlagi. Tekju- og eignarskatt er mjög erfitt að áætla, bæði vegna óvissu um tekjuaukningu og skattvísitölu. Þessar tekjur eru áætlaðar 596 millj. kr. auk hins sérstaka álags vegna húsnæðismála, 40 millj. Er því ljóst, að þessi tekjuliður er í algeru hámarki. Gert er ráð fyrir sama bifreiðainnflutningi og í ár. Má það raunar teljast óvarlegt, því að reynslan sýnir, að sveiflur eru miklar í þessum innflutningi. Kann þó að vera, að fjárlagaáætlun standist með hliðsjón af því, að leyfisgjald af jeppabifreiðum kemur fyrst til að nokkru marki á næsta ári. Aðrir tekjuliðir ríkissjóðs eru áætlaðir svipað og á yfirstandandi ári.

Samtals er gert ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs á árinu 1967 nemi 4646 millj. 105 þús. kr., og er það 851 millj. kr. hærra en í fjárl. ársins 1966 eða 22.4% hækkun. Áætlað er, að rekstrarútgjöld ríkissjóðs á næsta ári verði 4265 millj. kr., sem er rúmum 18% meira en á yfirstandandi ári. Til viðbótar koma svo útgjöld vegna afborgana af lánum og til eignaaukningar 236.3 millj. Til þess að meta það, hvort hér sé um eðlilega hækkun að ræða,

er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þeim helztu hækkunum útgjalda, er til hafa komið, síðan fjárlög yfirstandandi árs voru afgreidd. Skiptir hækkun fastra launa hér mestu máli, en þau hafa hækkað um 25% frá fjárlagaáætlun 1966. Venjulegur skrifstofukostnaður mun hafa hækkað um 20—25%, ferðakostnaður um 25—30%, húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 16—20% og pappír og prentkostnaður nálægt 25%. Sýna þessar staðreyndir, að ekki er um að ræða neina óeðlilega útþenslu ríkiskerfisins.

Mun ég nú víkja nokkuð að ýmsum helztu útgjaldaliðum fjárl., en með hliðsjón af því, að grg. er nú ýtarlegri en áður hefur verið, mun ég aðeins drepa á nokkur meginatriði, en vísa að öðru leyti til greinargerðarinnar.

Fjárlagaáætlun Pósts og síma er ekki í samræmi við rekstraráætlun stofnunarinnar. En þótt mikilvægt sé, að þessi stofnun geti eflt starfsemi sína með eðlilegum hætti og veitt nauðsynlega þjónustu, verður að telja, að útgjöld stofnunarinnar ár hvert verði að takmarkast við tekjur af eigin rekstri og hugsanlega eitthvert lánsfé eftir atvikum. Tekjur stofnunarinnar hækka mjög mikið miðað við fjárlagaáætlun yfirstandandi árs vegna gjaldskrárbreytingar um síðustu áramót. Lögð hefur verið áherzla á að breyta reikningshaldi stofnunarinnar þannig, að hægt verði að fá gleggri sundurliðun rekstarútgjalda og fjárfestingarútgjalda. Er því nú gerð veruleg breyting á uppsetningu fjárlagaáætlunar stofnunarinnar.

Nú er í fyrsta sinn gerð áætlun um rekstur sjónvarps miðað við heilt ár og heildartekjur áætlaðar samtals rúmar 56 millj. kr. Er þó enn vafalaust margt óljóst um raunverulegan rekstrarkostnað sjónvarpsins. En leggja verður á það ríka áherzlu, að útgjöld sjónvarpsins í framtíðinni verði takmörkuð við tekjur þess af afnotagjöldum og auglýsingum, svo sem verið hefur um hljóðvarpið. Í rekstraráætlun hljóðvarpsins eru 5.3 millj. kr. áætlaðar til FM-sendistöðva til þess að bæta hlustunarskilyrði á ýmsum stöðum um landið, en þeim hefur sums staðar verið mjög ábótavant og mjög eðlileg krafa fólks í strjálbýlinu, að það fái sæmilega notið síns hljóðvarps, þegar þéttbýlissvæðin hafa einnig fengið sjónvarp.

Í frv. er gert ráð fyrir óbreyttum rekstri Viðtækjaverzlunar ríkisins, en ríkisstj. hefur síðar ákveðið að leggja Viðtækjaverzlunina niður. Hefur rekstur Viðtækjaverzlunarinnar síðustu árin reynzt mjög óhagstæður og sannreynt, að auðið á að vera að tryggja meiri tekjur af viðtækjasölunni með því að láta hana vera í höndum einstakra innflytjenda. Sérstakra aðgerða er þörf í sambandi við rekstur Landssmiðjunnar, og hefur nefnd á vegum iðnmrn. unnið að ýtarlegri athugun þess máls. Mun ríkisstj. á næstunni taka ákvörðun um framtíð fyrirtækisins.

Vegna offramleiðslu landbúnaðarvara telur ríkisstj. nauðsynlegt að draga úr búrekstri á vegum ríkisins. Hefur verið ákveðið að takmarka búrekstur á Hvanneyri og á Hólum svo sem verða má, en leggja niður búrekstur að Vífilsstöðum, og stefnt er að því að leggja niður kúahald á tilraunastöðvum landbúnaðarins. Rekstur skólabúanna hefur undanfarin ár verið mjög óhagstæður og einnig rekstur Bessastaðabús, en önnur bú hafa verið rekin hallalaust.

Áætlað er, að alþingiskostnaður muni hækka um 9 millj. kr. og heildarkostnaður við stjórnarráðið um 12 millj. kr., og er á hvorugum þessum liðum um neina óeðlilega aukningu útgjalda að ræða. Sama er að segja um framlög til utanríkismála, sem hækka um 5.5 millj. kr. Heildarfjárhæð tillaga til alþjóðastofnana lækkar nokkuð, og stafar einkum af því, að nú fellur niður viðbótarframlag til Sameinuðu þjóðanna, sem veitt var á þessu ári, 3.4 millj. kr. Hins vegar hækkar framlag vegna þátttöku Íslands í heimssýningunni í Kanada um svipaða upphæð. Heildarhækkun á fjárveitingum til Alþingis, stjórnarráðs og utanríkismála er rúm 20% frá núgildandi fjárlögum, og er sú hækkun ekki óeðlileg, þar sem meginhluti þessara útgjalda er laun.

Ýmsir útgjaldaliðir vegna dómgæzlu og lögreglustjórnar hækka meira en nemur hinum almennu hækkunum, og á það allt sínar skýringar.

Kostnaður við sakadómara- og saksóknaraembættin hækkar þannig um 30%, borgardómaraembættið í Reykjavík um rúm 40% og borgarfógetaembættið í Reykjavík um 37%. Húsnæði borgardómaraembættisins var orðið algerlega ófullnægjandi, en nýja húsnæðið er mun dýrara, og vegna vaxandi starfa við öll þessi embætti hefur reynzt óumflýjanlegt að bæta við nokkru starfsliði. Hafa enda hvað eftir annað bæði hér á Alþ. og annars staðar komið fram kvartanir um óhæfilegan seinagang í meðferð dómsmála. Kostnaður við lögreglustjóraembættið í Reykjavík hækkaði einnig óeðlilega mikið, en það stafar annars vegar af vanáætlun og hins vegar af aukakostnaði vegna flutnings í nýju lögreglustöðina. Virðist mega ganga út frá því sem algildri reglu, að bætt starfsaðstaða stofnana leiði alltaf af sér aukinn kostnað, þótt í fljótu bragði kunni slíkt að virðast einkennilegt.

Á kostnaði við embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar verður einnig nokkur aukahækkun, sem að nokkru stafar af vanáætlun í fjárlögum 1966 og að nokkru af lítils háttar fjölgun starfsfólks.

Nokkur aukahækkun verður á kostnaði við ríkislögreglu og hluta ríkissjóðs í almennum löggæzlukostnaði, vegna þess að lögregluþjónar færðust almennt upp um einn launaflokk við síðasta kjaradóm. Ýmis annar löggæzlukostnaður hækkar mjög mikið eða um 50%. Hér er um lögbundin útgjöld að ræða, og stafar þessi hækkun af því, að safnazt hafa fyrir á síðustu árum gjaldfallnar kröf-

ur, sem að sjálfsögðu þýðir ekki annað en að greiða.

Kostnaður vegna vinnuhælisins á Litla-Hrauni hækkar óeðlilega mikið, og hefur dómsmrn. nú til sérstakrar athugunar leiðir til að koma rekstrinum í betra horf.

Á fjárveitingu til almannavarna er töluverð hækkun umfram eðlilegan kostnaðarauka, og er þó gert ráð fyrir mun minni fjárveitingu en stofnunin fór fram á. Hefur verið safnað allmiklum birgðum ýmiss konar nauðsynja, og er nú unnið að byggingu birgðageymslu og skipulagningu á starfsemi stofnunarinnar á þann hátt, að hún geti veitt aðstoð á sem breiðustum grundvelli. Er hér tvímælalaust um mikilvæga starfsemi að ræða, ef rétt er á haldið.

Á kostnaði við landhelgisgæzlu verður engin óeðlileg hækkun. Samningur hefur nú verið gerður um smíði nýs varðskips, sem mun kosta um 83 millj. kr., en vegna sjóðseignar landhelgissjóðs verður ekki þörf sérstakrar fjárveitingar til skipasmíði þessarar á næsta ári. Síðar á ekki heldur að koma til nein teljandi hækkun á framlögum til landhelgisgæzlunnar vegna smíði þessa skips, því að afborgun af láni vegna Óðins er nú að ljúka. Hitt er ljóst, að nauðsynlegt er að stefna að því að losa landhelgisgæzluna við hin minni skip, sem koma að sáralitlum notum, en eru mjög dýr í rekstri. Hefur dómsmrn. það mál nú til sérstakrar athugunar.

Framlög til bindindisstarfsemi eru hækkuð nokkuð með hliðsjón af till. mþn. í áfengismálum. Hér er þó ekki um verulegar hækkanir að ræða, enda liggja ekki fyrir nauðsynlegar áætlanir um auknar áfengisvarnir í samræmi við till. mþn. Mun Alþ. fá till. n. til athugunar.

Vegna hins stóraukna innflutnings hafa störf tollstjóraembættisins í Reykjavík aukizt gífurlega. Hefur þannig afgreiðslufjöldi tollskjala aukizt um rösk 11% á einu ári. Er mjög mikilvægt, að ekki sé óeðlilegur dráttur á afgreiðslu tollskjala, og hefur því reynzt óumflýjanlegt að fjölga starfsliði stofnunarinnar allverulega. Leiðir þetta af sér 36% hækkun útgjalda við tollstjóraembættið. Kostnaður við tollgæzlu vex einnig verulega umfram almennar hækkanir, og stafar það af beinni aukningu tollgæzlunnar. Er nú sérstaklega að því stefnt að auka tollgæzlu utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Er það hin brýnasta nauðsyn, því að eftir að hert hefur verið tollgæzla í Reykjavík og nágrenni, vex hættan á smygli annars staðar á landinu. Hefur að undanförnu verið unnið að ýmiss konar endurskipulagningu tollgæzlunnar og á það lögð hin ríkasta áherzla að koma með öllum ráðum í veg fyrir smygl. Er ekki sjáandi í aukinn kostnað til þess að uppræta þessa meinsemd, enda enginn vafi, að slíkur kostnaðarauki skilar sér margfaldlega aftur.

Á þessu ári var sett reglugerð um tollfrjálsan innflutning ferðamanna og farmanna á sjó og í lofti. Sé ég ástæðu til að þakka farmönnum og flugmönnum skilning þeirra á nauðsyn þessarar reglugerðar. Var með reglugerðinni lögð áherzla á að koma þessum málum í viðunandi horf án þess að sýna nokkra óbilgirni. Auðvitað varð ekki hjá því komizt að skerða nokkuð þann innflutning, sem tíðkazt hafði með ólöglegum hætti, en engu að síður er þó réttur bæði flugmanna og farmanna samkvæmt reglugerðinni meiri en í nálægum löndum og réttur ferðamanna svipaður því og annars staðar tíðkast. Hin mikla aukning ferðalaga til útlanda eykur að sjálfsögðu mjög tollfrjálsan innflutning ýmissa vara, einkum fatnaðar. Við því verður ekkert gert, en lögð verður áherzla á að framkvæma reglugerðina af lipurð, en þó með fullkominni festu og viðurlögum, ef viðleitni verður sýnd til brota.

Unnið hefur verið að heildarendurskoðun laganna um tollheimtu og tolleftirlit, og er frv. að vænta á þessu þingi.

Á þessu ári var hækkuð verulega fjárveiting til greiðslu kostnaðar við ríkisskattanefnd og skattstofur, þar eð augljóst var, að þau útgjöld höfðu áður verið áætluð allt of lág. Rækileg athugun hefur leitt í ljós, að nauðsynlegt er að hækka enn þennan útgjaldalið nokkru meira en svarar almennum hækkunum, enda námu umframgreiðslur á þessum lið 11 millj. kr. á árinu 1965. Má nú vænta þess, að áætlunin sé raunhæf.

Þegar dómar eru felldir um kostnað við skattheimtuna, verða menn að hafa í huga, að í upphafi var erfitt að gera sér til hlítar grein fyrir því, hve víðtæk starfsemi yrði í sambandi við hið nýja embætti ríkisskattstjóra, einkum með hliðsjón af starfi skattrannsóknardeildarinnar, sem var nýr þáttur í skattakerfinu. Reynslan hefur sýnt, að þessi nýskipan skattamála hefur mjög stuðlað í senn að samræmingu skattálagningar og betri skattheimtu, og hafa ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra verið tryggðir þeir starfskraftar, sem um hefur verið beðið, hvað fjárveitingu snertir, en erfiðlega hefur reynzt að fá nægilega þjálfað starfslið.

Mér þykir rétt að gefa hér nokkurt yfirlit um starfsemi skattrannsóknardeildarinnar til þessa, þar eð eðlilegt er, að menn hafi áhuga á að fylgjast með starfi hennar, sem er nýmæli í skattakerfinu, enda þótt heimildir þær til rannsóknar, sem hún byggist á, hafi flestar verið í gildi um áratugi. En því miður hefur skattaeftirlitið jafnan verið allt of mikið í molum. Frá því að rannsóknardeildin hóf starfsemi sína, hefur hún skilað til meðferðar hjá ríkisskattanefnd alls um 142 málum. Af þessum málum hafa 84 verið rannsóknarmál, en 58 hafa verið svokölluð hliðarmál þeirra, þ. e. a. s. hafa leitt til skattbreytinga hjá 58 aðilum vegna upplýsinga, sem fram komu við rannsókn hjá öðrum, og er hér þá yfirleitt um launþega að ræða. Auk þess hefur deildin haft til rannsóknar 31 mál, þar sem ekki þótti ástæða til skattbreytinga. Einu máli hefur verið vísað til sakadómara og tveimur málum til umsagnar saksóknara ríkisins. Í gangi eru

nú til viðbótar 20—30 rannsóknarmál, sem send verða ríkisskattanefnd til afgreiðslu á næstunni, auk fjölda hliðarmála, sem annaðhvort verða falin skattstjóra eða ríkisskattanefnd til afgreiðslu.

Ríkisskattanefnd hefur lokið skattaákvörðun í þeim 142 málum, sem til hennar hefur verið vísað. Hafa þær ákvarðanir leitt til hækkunar tekjuskatts hjá 136 gjaldendum, samtals um 9.6 millj. kr., eignarskatts hjá 43 gjaldendum, samtals rúmar 700 þús. kr., söluskatts hjá 74 gjaldendum, samtals 4.3 millj., dráttarvaxta á söluskatti hjá sömu gjaldendum, samtals 1.6 millj., aðstöðugjaldi hjá 75 gjaldendum, samtals rúm 1 millj. Hefur heildarhækkun gjalda hjá þessum 142 gjaldendum numið rúmum 17.3 millj. kr. Ákvörðun útsvara hjá þessum gjaldendum er enn ekki lokið nema að litlu leyti, en hækkun útsvara, sem þegar er vitað um, nemur rúmum 3.7 millj. kr. Skattsektanefnd hefur kveðið upp úrskurð í 80 málum, og leiddi úrskurður hennar til sektaákvörðunar hjá 56 gjaldendum, að heildarupphæð rúmar 5.3 millj. kr. 10 mál voru afgreidd án sektar, en 14 mál eru enn í afgreiðslu og athugun.

Um það verður ekkert fullyrt, hvaða áhrif skattrannsóknirnar hafa haft á framtöl manna, en það var að sjálfsögðu megintilgangurinn að koma framtölum almennt í lag, því að refsingar eru aðeins nauðsynlegt neyðarúrræði til aðvörunar. Ýmislegt bendir þó til þess, að skattframtöl hafi batnað, þó að tölur sé ekki hægt að nefna í því sambandi, og það er engum efa bundið, að starfssvið skattrannsóknardeildarinnar hefur veitt aukið aðhald. Nauðsynlegt hefur verið að framkvæma í vissum tilfellum hópathuganir, en annars mun deildin hafa lagt sig fram um að framkvæma rannsóknir hjá sem flestum starfsstéttum. Þeir skattgreiðendur, sem orðið hafa fyrir barðinu á rannsóknardeildinni, bera sig að vonum illa og telja sig ekki óheiðarlegri en marga aðra. Vissulega er þetta rétt. En það hlýtur öllum að vera ljóst, að bæði á þessu og mörgum öðrum löggæzlusviðum hitta aðgerðir löggæzlunnar menn mjög misjafnlega, ekki sízt þegar um viðtæka meinsemd er að ræða eins og skattsvikin. En það sjónarmið getur þó aldrei orðið viðurkennt, að einum eigi að hlífa, af því að ekki sé hægt að tryggja það örugglega, að annar sekur náist, og linkind í þeim málum, sem upp komast, hlyti að gera að litlu þann árangur af eftirlitsstarfinu, sem að er stefnt, en það er einmitt að fæla aðra frá að brjóta lögin af ótta við þung viðurlög, ef siðgæðistilfinningin ein er ekki nægilega sterk til að forða mönnum frá hinum ólögmæta verknaði. Það verður því ekki hjá því komizt að halda skattrannsóknunum áfram af fullum krafti. En hins vegar er þess mjög að vænta, að sá tími sé skammt undan, að menn þurfi ekki að kvarta undan þungum viðurlögum, einmitt vegna þess, að skattsvikin hverfi.

Enn er kostnaður við fasteignamat áætlaður 10 millj. kr. á næsta ári. Hefur verið lögð áherzla á það við yfirfasteignamatsnefnd að hraða matinu sem mest, en hér er um mjög viðtækt og kostnaðarsamt mál að ræða. Nú mun um helmingi matsins lokið í kaupstöðum og um 80% í sveitum og kauptúnum, en matinu mun naumast verða lokið fyrr en á árinu 1968.

Kostnaður við ríkissjúkrahúsin hefur vaxið geysilega, eða sem svarar 62% frá fjárlögum þessa árs. Er þó gert ráð fyrir, að 100 kr. hækkun verði á daggjöldum sjúkrahúsanna frá næstu áramótum að telja. Langmest er hækkunin á Landsspítalanum, sem stafar af mjög mikilli aukningu starfsliðs vegna nýrra deilda, er teknar verða í notkun í nýbyggingu spítalans. Mjög erfitt er fyrir ráðuneytin að gera sér grein fyrir nauðsyn þessarar starfsmannafjölgunar, og hefur því orðið að byggja algerlega á áætlunum stjórnarnefndar ríkisspítalanna. Það er enginn efi, að brýn þörf var umbóta á sjúkrahúsamálum og tilkoma nýrra sjúkradeilda nauðsynleg. En ég efast um, að menn geri sér til hlítar grein fyrir hinum gífurlega rekstrarkostnaði sjúkrahúsa, miðað við nútímakröfur um búnað og starfslið.

Gert er ráð fyrir sérstakri 4 millj. kr. fjárveitingu til Landsspítalans til tækjakaupa, en brýna nauðsyn ber til, að þetta aðalsjúkrahús landsins sé sem bezt búið tækjum.

Hlutfallsleg hækkun verður mest hjá geðveikrahælinu á Kleppi, eða rúm 85%. Gert er ráð fyrir verulegri starfsmannafjölgun, sérstökum kostnaði við eftirmeðferð sjúklinga, er útskrifazt hafa, og verulegum kostnaði við viðhald og endurbætur á sjúkradeildum, sem ekki má lengur dragast. Í heimildagrein fjárlagafrv. er lagt til, að veitt sé heimild til kaupa á starfsmannahúsi, ef hagkvæmt hús er fáanlegt, en gera má að öðru leyti ráð fyrir, að vandamál geðsjúklinga verði það næsta, er leysa þurfi, eftir að lokið er þeim stórframkvæmdum Landsspítalans, sem nú er unnið að og vonandi sést fyrir endann á að tveimur eða þremur árum liðnum.

Rétt er að skýra frá í þessu sambandi, að fallizt hefur verið á ósk Geðverndarfélags Íslands um, að félagið fái til sinna þarfa tekjur af auglýsingum, sem settar verða á eldspýtnabréf, er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins muni senn hefja sölu á. Er ætlunin að nota tekjurnar til að koma upp sérstöku dvalarheimili fyrir geðveila, sem þó eiga ekki heima á geðveikrahæli.

Kostnaður við önnur sjúkrahús hækkar verulega, en þó mismunandi mikið. Lagt er til að hækka fjárveitingu til byggingar sjúkrahúsa og sjúkraskýla um 4 millj. kr., og er þá hægt að fullnægja skylduframlögum í samræmi við gildandi lög. Byggingarframlög til ríkisspítalanna hækka um 10 millj. kr., og verður þó enn að gera ráð fyrir lántökum.

Sjúkrahúsin eru svo dýrar stofnanir, að nauðsynlegt er að leita allra úrræða til að leysa þessar þarfir á sem hagkvæmastan hátt. Þarf sérstaklega að gæta þess, að ekki séu margir aðilar að leysa sömu verkefnin, og

þarf af þeim sökum að vera sem nánust samvinna milli allra þeirra aðila, er að þessum þýðingarmiklu málum starfa. Vinnur dómsmrn. og hagsýslustofnun fjmrn. nú að ýmsum athugunum á þessu sviði.

Ekki verður hjá því komizt að nefna hér samninga þá við lækna á ríkisspítölunum, sem gerðir voru á þessu ári og talið er að muni valda ríkisspítölunum útgjaldaaukningu á næsta ári sem nemur 14.5 millj. kr. Því miður verður að segja þá sögu eins og hún er, að læknar neyttu hér þeirrar aðstöðu sinnar að hafa í bókstaflegri merkingu líf fjölda fólks í sinni hendi og brutust undan launakerfi ríkisins. Læknar eiga vissulega allt gott skilið fyrir sín mikilvægu og erfiðu störf, en þeir gengu hér mun lengra en sæmilegt má teljast, og er hér um algera nauðungarsamninga að ræða. Vafalaust munu ýmsir liggja ríkisstj. á hálsi fyrir að hafa ekki tekið á þessu máli með hörku. En ég hygg, að flestir muni þó við nánari athugun sannfærast um, að hér var ekki með góðu móti auðið að koma við þvingunaraðgerðum, enda eru kjarakröfur lækna að verða stórt vandamál í mörgum löndum og vafasamt, að læknar hér hafi sýnt meiri óbilgirni en starfsbræður þeirra í ýmsum öðrum löndum. En þó að rétt sé að launa þessa mikilvægu stétt svo vel sem verða má, verður hún að eiga þá þegnhollustu við sitt litla þjóðfélag að beita það ekki fantatökum í skjóli aðstöðu sinnar. Ég skal ekki rekja þessa sögu nánar, en niðurstaðan varð sú, að gerður var sérstakur verksamningur við þorra lækna ríkisspítalanna, þannig, að þeir eru ekki lengur fastir ríkisstarfsmenn, heldur vinna þeirra greidd eftir ákveðnum töxtum, sem samið var um, og er um mjög skamman uppsagnarfrest að ræða. Læknar þessir njóta ekki lengur réttinda sem opinberir starfsmenn og allar umræddar læknastöður eru raunverulega lausar, en tilgangslaust hefur þótt að auglýsa þær að sinni.

Þessi stórbylting á kjörum lækna hér í þéttbýlinu eykur að sjálfsögðu enn á vanda strjálbýlisins að fá viðhlítandi læknaþjónustu og gerir að litlu þær mikilvægu úrbætur, sem Alþingi hefur áður gert til að bæta úr læknaskorti í strjálbýlinu. Þrátt fyrir það, sem nú hefur gerzt, verður að vænta þess af hinum ágætu mönnum, sem skipa íslenzka læknastétt, að þeir leggi sig fram um í samráði við heilbrigðisstjórnina að finna viðhlítandi úrlausn á læknaskipunarmálum þjóðarinnar í heild.

Lagt er til að verja á næsta ári 29 millj. kr. til Skipaútgerðar ríkisins. Er jafnframt í heimildargrein lagt til að heimila að verja andvirði seldra skipa útgerðarinnar til kaupa á nýjum skipum og jafnframt að verja úr ríkissjóði eða taka að láni allt að 15 millj. kr. til að endurnýja skipakostinn og bæta vörugeymsluaðstöðu útgerðarinnar hér í Reykjavík. Í síðustu fjárlagaræðu lagði ég áherzlu á óhjákvæmilega nauðsyn þess að taka allan rekstur Skipaútgerðar ríkisins til gaumgæfilegrar endurskoðunar með það í huga að draga úr hinum gífurlega rekstrarhalla, sem hefur tvö síðustu árin verið yfir 40 millj. kr. á ári. Á liðnum árum hefur margoft verið gerð víðtæk athugun á rekstri Skipaútgerðarinnar, en ekki hefur tekizt að fá framkvæmdar þær endurskipulagningar, sem lagt hefur verið til að gera, og hefur í þess stað hallinn vaxið ár frá ári. Nefnd var skipuð á s. l. ári til að gera tillögur um framtíð Skipaútgerðarinnar. Sýnt var, að gera yrði þegar bráðabirgðaráðstafanir, ef hinn mikli rekstrarhalli ætti ekki að halda áfram. Voru því snemma á þessu ári tilnefndir 2 menn, annar frá fjmrn. og hinn frá samgmrn., til þess að annast yfirstjórn útgerðarinnar ásamt forstjóranum, og var svo fyrir mælt, að þegar skyldu undirbúnar ráðstafanir til þess að draga verulega úr greiðsluhallanum, án þess þó að skerða að nokkru ráði þjónustu Skipaútgerðarinnar. Var stjórnarnefndinni heimilað að selja tvö skipanna, Esju og Skjaldbreið, og í haust var síðan tekið á leigu færeyskt skip, „Blikur“, sem er nýtt og hentar mjög vel til þessara siglinga. Hvort að ráði verður að kaupa þetta skip, verður ekki sagt á þessari stundu, en vel getur það komið til álita, því að það er miklu ódýrara í rekstri en Esja, en bæði Hekla og Esja eru óheyrilega dýrar í rekstri og fráleitar til strandsiglinga við núverandi aðstæður, enda þörfin ekki meiri en svo, að Hekla hefur undanfarin sumur verið höfð í skemmtisiglingum. Kann enda svo að fara af ýmsum ástæðum, að hentara þyki að selja Heklu en Esju.

Aðstaða Skipaútgerðarinnar við Reykjavíkurhöfn er hin bágbornasta, sem ljóst verður af því, að um 7 millj. kr. halli er á vöruafgreiðslu hennar. Verður að gera á þessu nauðsynlega lagfæringu og jafnhliða að taka allt mannahald fyrirtækisins og vinnubrögð til heildarendurskoðunar.

Reynt hefur verið að gera það tortryggilegt, að þessi endurskipulagning á starfsemi Skipaútgerðarinnar þýddi óeðlilega skerðingu á strandsiglingum. En hér er ekki um það að ræða. Einhverjar breytingar strandsiglinga kunna að vera nauðsynlegar. Að því er stefnt að tryggja nauðsynlega þjónustu við strjálbýlið að þessu leyti, en hins vegar er ekki hægt á það að horfa aðgerðarlaus, að yfir 40 millj. kr. á ári séu greiddar úr ríkissjóði til að greiða hallann á rekstri þessa fyrirtækis. Með þeim breytingum á skipakosti, sem þegar hafa verið ákveðnar, þykir raunhæft að áætla, að hallinn þurfi ekki að vera nema 29 millj. kr. á næsta ári í stað 43 millj. kr. á árinu 1965. Hver hallinn verður í ár, er ekki auðið að segja nú, en vonir standa til, að hann verði einnig verulega minni en á árinu 1965.

Siauknir vöruflutningar á landi auka að sjálfsögðu mjög á örðugleika Skipaútgerðarinnar. Þessir vöruflutningar eiga að sjálfsögðu fullan rétt á sér, en aðeins að vissu marki,

því að hinir stóru flutningabílar fara hvað verst með vegina og síaukið álag á vegakerfið og þar af leiðandi aukinn viðhaldskostnaður vega gerir nauðsynlegt að gera á því þjóðhagslega athugun, að hverju marki gerlegt sé að flytja vöruflutninga frá sjónum yfir á vegina.

Lagt er til að hækka framlag til hafnargerða um 13 millj. kr. 3 millj. af þessari fjárhæð ganga til greiðslu lána vegna landshafna, en 10 millj. kr. þykir eðlilegast að verja til að greiða upp í vangoldin framlög ríkissjóðs til hafnargerða, sem þegar hafa verið framkvæmdar. Síðustu árin hefur verið mjög greitt fyrir hafnargerðum á þann veg, að fjár hefur verið aflað til þeirra í framkvæmdaáætlun ríkisins, og hefur verið unnið fyrir það miklar fjárhæðir, að áætlað er, að vangoldin framlög ríkissjóðs um næstu áramót muni verða um 55 millj. kr. Í sumar hefur verið unnið að endurskoðun hafnarlaga og ráðgert, að frv. til nýrra hafnarlaga verði lagt fyrir þetta þing. Rekstrarkostnaður vitaskipsins nemur nú orðið 7 millj. kr. á ári nettó. Er hér um svo mikinn kostnað að ræða, að nauðsynlegt er að taka til ýtarlegrar athugunar, hvort ekki er hér hægt að koma við einhverri skipulagsbreytingu. Er það mál nú í rannsókn.

Framkvæmdir á vegum flugmálastjórnarinnar eru meiri í ár en nokkru sinni áður, og hefur verulegs fjár verið aflað umfram fjárlög innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar í ár. Lagt er til að hækka fjárveitingar til flugvallagerðar um 4 millj. kr.

Lagt er til að hækka mjög stórlega fjárveitingu til háskólans eða um rúm 51%. Bætt er við allmörgum nýjum kennurum í samræmi við 10 ára áætlun um eflingu háskólans, og er gert ráð fyrir aukinni starfsemi í ýmsum greinum. Mjög veruleg hækkun er á fjárveitingu til Raunvísindastofnunar háskólans, sem gert er ráð fyrir að verði í fjórum deildum, er vinni að rannsóknum í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og jarðeðlisfræði. Mun naumast vera ágreiningur um nauðsyn þess hér á hinu háa Alþingi að efla háskólann svo sem við verður komið, því að mönnum er að verða það æ ljósara, að hin æðri menntun og vísindi hafa grundvallarþýðingu varðandi flestar framfarir.

Mikil hækkun er á fjárveitingu til styrktar íslenzkum námsmönnum, eða 6 millj. kr. Hefur verið unnið að endurskoðun námslánakerfisins, og er fjárveitingin í samræmi við það, sem nú er stefnt í því efni.

Komið hefur verið af stað heildarathugun á öllu skólakerfinu. Nefnd hefur verið skipuð til að gera till. um þróun háskólans næstu 20 árin, og er ætlazt til, að sú nefnd ljúki störfum á tveimur árum, og hafin hefur verið fyrir atbeina menntmrh. fræðileg athugun á skólakerfinu í heild, að nokkru í samvinnu við Efnahags- og framfarastofnunina í París. Er hér um mjög þýðingarmikið verkefni að ræða. Rekstrarframlög til skólakerfisins gefa ekki tilefni til sérstakra hugleiðinga. Þar er að venju um mjög mikla hækkun að ræða vegna fjölgunar kennara og annars aukins kostnaðar. Er hér um að ræða þá grein ríkiskerfisins, sem veldur hvað mestri útgjaldaaukningu árlega. Framlög til byggingar barna- og gagnfræðaskóla eru áætluð jafnhá og í núgildandi fjárlögum, og á að vera auðið að greiða lögboðin framlög ríkissjóðs til þeirra skóla, sem eru í smíðum, og verja einnig töluverðu fé til nýrra skóla.

Sú nýja skipan, sem tekin var upp á árinu 1965 í sambandi við fjárframlög til skólabygginga, hefur gefizt vel. Sú nýbreytni, sem tekin var upp í fjárlögum þessa árs, að verja nokkru fé til undirbúnings skólamannvirkjum, enda þótt endanleg ákvörðun væri ekki tekin um byggingu þeirra, er einnig tvímælalaust spor í rétta átt. Skólabyggingarnar eru svo þungur baggi bæði fyrir ríki og sveitarfélög, að leita verður allra úrræða til þess að leysa þann vanda með ódýrari hætti en nú er. Er mörgu ábótavant í því efni og nauðsynlegt að finna ákveðna „standardiseraða" gerð skólahúsnæðis og jafnvel tilbúin skólahús. Höfum við ekki efni á að hafa jafnlitla hagsýni í meðferð skólabyggingarfjár og oft á sér stað nú. Lögin um greiðslu skólakostnaðar hafa nú verið endurskoðuð með það fyrst og fremst fyrir augum að finna fastan viðmiðunargrundvöll til ákvörðunar á greiðsluskyldu ríkissjóðs til skólabygginga. Unnið er nú að miklum byggingarframkvæmdum ýmissa framhaldsskóla á vegum ríkisins og þá fyrst og fremst menntaskólanna. Eru fjárveitingar til þeirra og kennaraskólans hækkaðar um 5 millj. kr., og verður þó að afla verulegs lánsfjár á næsta ári eins og í ár, til þess auðið sé að taka nægilega stóra áfanga. Nýr menntaskóli tekur nú til starfa í Reykjavík á þessu hausti, en þar er þó enn ólokið miklum byggingarframkvæmdum og einnig á Laugarvatni. Svo er og ráðgert að hefjast handa á næsta ári um byggingu kennslustofa í eðlis- og efnafræði við menntaskólann á Akureyri. Jafnframt eru hækkaðar undirbúningsfjárveitingar til byggingar menntaskóla á Vestfjörðum og Austurlandi. Nauðsynlegt er að koma traustara skipulagi á uppbyggingu skólakerfisins á Laugarvatni og samræma þær framkvæmdir meira en verið hefur. Er nú að því unnið.

Til þess að stuðla að betri nýtingu viðhaldsfjár skólanna er því nú ekki deilt niður á einstaka skóla, svo sem áður hefur verið gert, heldur eru veittar í einu lagi fjárhæðir til viðhalds hinna einstöku tegunda skóla. Er síðan gert ráð fyrir, að menntmrn. úthluti fénu í samráði við fjármálaeftirlit skólanna eftir því, hvar þörfin er brýnust hverju sinni.

Gerð hefur verið athugun á námskostnaði á hvern nemanda í ýmsum skólum, og kemur í ljós, að þessi kostnaður er mjög mismunandi. Er mikilvægt, að athugað verði til hlítar, af hverju þessi mismunur stafar, og slík athugun verði gerð varðandi alla skóla.

Alkunnugt er, að íþróttasjóð skortir mikið fé til að greiða áformuð framlög til íþróttamannvirkja, er sjóðsstjórnin hefur samþykkt styrkhæf. En íþróttasjóður hefur engan annan tekjustofn en fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni. Lagt er nú til að hækka þessa fjárveitingu um 2 millj. kr., og er gert ráð fyrir, að það fé verði eingöngu notað til að grynna á skuldum, en ekki til nýrra framkvæmda. Er nauðsynlegt að gera ákveðna áætlun um greiðslu á vangoldnum framlögum sjóðsins og varðandi framtíðina að samþykkja ekki önnur mannvirki styrkhæf en þau, sem fjárhagsgeta sjóðsins leyfir hverju sinni.

Framlög til kirkjumála hækka um 20%. Lögboðið framlag ríkissjóðs til kirkjubyggingasjóðs er 1 millj. kr. á ári, en lagt er til að veita nú ½ millj. kr. aukaframlag. Þá er og lagt til að hækka nokkuð fjárveitingu til æskulýðsstarfsemi á vegum kirkjunnar, en þar er hvað brýnast verkefni fyrir kirkjuna.

Í fjárlagaræðu minni s. l. haust komst ég svo að orði:

„Prestakallaskipunin er nú í endurskoðun að tilhlutun kirkjumrh. Skal ég ekki ræða það mál á þessu stigi, en þess er að vænta, að menn líti það mál raunsærri augum en gert hefur verið með hliðsjón af gerbreyttum þjóðfélagsháttum. Vegna mjög bættra samgangna sýnist fækkun prestakalla á ýmsum stöðum á landinu sjálfsögð og eðlileg ráðstöfun, og jafnframt ætti að létta af prestum búskaparbasli, sem er þeim nú margfalt erfiðara en áður fyrr, og virðist eðlilegt, að aðsetur presta sé í þéttbýlisstöðum eða við menningarmiðstöðvar í sveitum, þar sem þeir jafnframt gætu sinnt kennslu í kristnum fræðum. Hef ég ekki talið rétt að fallast á óskir biskups um fjárveitingar til nýrra prestsembætta í Reykjavík, fyrr en þessari endurskoðun prestakallaskipunarlaga er lokið."

Mér þykir rétt að endurtaka þessi ummæli mín hér til þess að gefa biskupi landsins tækifæri til að leggja aftur út af þeim á næstu prestastefnu. Vonast ég þá til hans vegna, en ekki mín, að hann leggi rétt út af ummælum mínum.

Það er engum efa bundið, að kirkjunni er fengið eitt mikilvægasta hlutverkið í okkar litla þjóðfélagi, og ef hún á að geta sinnt því hlutverki á viðhlítandi hátt, tjóar ekki að halda í úrelta starfshætti, heldur verður þessi stofnun sem aðrar að laga sig eftir nýjum þjóðfélagsaðstæðum, eigi hún að fá nauðsynlega áheyrn. Það eykur ekki virðingu neinnar stofnunar að hafa hér og þar starfslitla eða starfslausa fulltrúa, og sízt af öllu hæfir það stríðandi og starfsamri kirkju. Það hefur aldrei verið ætlun mín að skerða fjárveitingu til kirkjunnar, en þjóðin á rétt á því á þessu sviði sem öðrum, að fé úr sameiginlegum sjóði hennar sé hagnýtt með sem jákvæðustum árangri. Prestar þurfa hvarvetna að fá viðhlítandi starfsaðstöðu og nægilegt að starfa, og á þetta sjónarmið er fallizt í grundvallaratriðum af endurskoðunarnefnd prestakallaskipunar og raunar einnig af prestastefnunni, þótt á kirkjuþingi hafi nú komið fram sú furðulega tillaga að setja á laggirnar þrjú sjálfstæð biskupsembætti, sem ekki munu auka trú manna á nauðsyn kirkjuþings. Þjóðin er svo lánsöm, að úrvalsmaður gegnir nú biskupsembætti og margir hinir mætustu menn í klerkastétt, og þess verður því að vænta, að kirkjan staðni ekki í úreltum og óraunhæfum starfsháttum.

Í þessu sambandi er skylt að geta þess, að það er ekki aðeins starfsemi kirkjunnar, sem þarfnast skipulagsbreytingar. Skipan lögsagnarumdæma þarfnast einnig endurskoðunar og þá ekki síður skipan sveitarfélaga. Viðhlítandi læknisþjónustu verður heldur naumast haldið uppi nema með nýju skipulagi. Það eru því margir fleiri en kirkjunnar menn, sem þurfa að sýna víðsýni og skilning á breyttum þjóðfélagsháttum, en vel væri, að þeir gæfu gott fordæmi.

Fyrirhuguð fjárveiting til atvinnuveganna í 16. gr. fjárlaga gefur ekki tilefni til sérstakra útskýringa. Fjárveiting til Búnaðarfélags Íslands hækkar um 25%. Kostnaður við búnaðarþing er nú orðinn rúm 1 millj., og sýnist full ástæða að taka til athugunar, hvort ekki sé mögulegt að halda þetta þing annað hvert ár eins og fiskiþingið, úr því að þinghaldið er orðið svo kostnaðarsamt. Ekki sýnist varlegt annað með hliðsjón af reynslu yfirstandandi árs en gera enn ráð fyrir nokkurri aukningu jarðræktarframkvæmda á næsta ári, en þessi og flest önnur framlög til landbúnaðarins eru lögbundin og því áætlunarfjárhæðir.

Fjárfesting til fiskileitar og veiðitilrauna er hækkuð um 3.4 millj. kr., og einnig er um töluverða hækkun að ræða á lögboðnum framlögum til aflatryggingasjóðs og Fiskveiðasjóðs Íslands. Það, sem mestu veldur um hækkun á þessari grein, er áætlað 80 millj. kr. framlag til aðstoðar við sjávarútveginn, og er þá miðað við, að sambærileg aðstoð verði veitt útveginum og gert er á yfirstandandi ári. Ber þó ekki að líta á þessa upphæð sem tillögu til Alþingis um endanlega ráðstöfun þessa fjár til sjávarútvegsins, heldur aðeins heimild ríkisstj. til handa til að verja allt að þessari fjárhæð í því skyni, ef það verður talið nauðsynlegt í sambandi við ákvörðun fiskverðs, sem ekki mun hafa verið ákveðið, þegar fjárlög verða endanlega afgreidd.

Samkv. lögum frá Alþingi um eflingu iðnlánasjóðs til veitingar hagræðingarlána fyrir iðnaðinn hækkar fjárveiting til iðnlánasjóðs um 8 millj. kr. Er hér um hið brýnasta nauðsynjamál að ræða til þess að tryggja íslenzkum iðnaði aðstöðu til aðlögunar vegna aukins frelsis í innflutningi.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til raforkusjóðs um 2 millj. kr., sem er sérstök nauðsyn vegna aukinna kaupa á dísilrafstöðvum til þeirra sveitabýla, sem sýnt er, að ekki fá raforku frá samveitum í náinni framtíð. Þá er og lagt til að hækka framlög til sveitaveitn-

anna um 3 millj. kr. til þess að geta haldið í horfinu með framkvæmdir. Loks er fjárveiting til jarðhitasjóðs hækkuð um 2.8 millj. kr.

Með hliðsjón af hinni nýju löggjöf um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er óhjákvæmilegt að heimila eflingu hinna einstöku rannsóknastofnana atvinnuveganna. Hér er líka um hið mesta nauðsynjamál að ræða, því að stofnanir þessar gegna hver á sínu sviði þýðingarmiklu hlutverki til eflingar atvinnulífi þjóðarinnar.

Safnazt hafa fyrir töluverðar skuldir vegna vangreiddra framlaga til vatnsveitna, sem samþykktar hafa verið styrkhæfar. Er því lagt til að hækka framlög til vatnsveitna um 2 millj. kr., og framlag til byggingarsjóðs verkamanna hækkar um 2.6 millj.

Mjög miklar hækkanir verða að venju á framlögum til almannatrygginga og einnig til ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, og stafar sú hækkun fyrst og fremst af hækkun daggjalda á sjúkrahúsum. Þótt hækkun daggjalda á ríkissjúkrahúsum bæti nokkuð rekstraraðstöðu þeirra, hefur sú ráðstöfun jafnan mikinn, beinan útgjaldaauka í för með sér fyrir ríkissjóð vegna ríkisframfærslunnar. Er því beinlínis óhagkvæmt fyrir ríkið að hækka daggjöldin, en það er óumflýjanlegt vegna rekstrarafkomu annarra sjúkrahúsa.

Fjárveiting til niðurgreiðslna á vöruverði er áætluð í frv. 478 millj. kr., og er þá miðað við óbreyttar niðurgreiðslur. Þar sem ríkisstj. hefur nú ákveðið, eftir að fjárlagafrv. var samið, að auka niðurgreiðslur, kemur þessi útgjaldaliður til endurskoðunar, áður en fjárlög verða endanlega afgreidd. Áætlaðar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir nema á næsta ári 248 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir 10% verðhækkun.

Svo sem ég áður gerði grein fyrir, er fjárlagafrv. miðað við 15.25% verðlagsuppbót. Takist ekki að halda niðri verðlagi eða komi til frekari launahækkana, verður að sjálfsögðu að áætla fyrir þeim hækkunum, og er lagt til að veita í 19. gr. fjárl. eina heildarfjárveitingu, 108 millj. kr., til þess að mæta launahækkunum og eftir atvikum hækkun tryggingabóta, sem leiðir af launabreytingum.

Á síðasta þingi voru sett lög um lánasjóð sveitarfélaga. Var þar ákveðið, að aðaltekjustofn sjóðsins væri 15 millj. kr. árlegt framlag úr jöfnunarsjóði, en gert var að auki ráð fyrir árlegu framlagi ríkissjóðs. Er nú lagt til, að það framlag verði 5 millj. kr. á næsta ári. Sjóður þessi er mikilvægur sem milligönguaðili fyrir sveitarfélögin um öflun framkvæmdalána, en ekki getur talizt eðlilegt, að um há bein ríkisframlög til lánasjóðsins sé að ræða, enda jöfnunarsjóðurinn til orðinn af tekjustofnun, sem ríkissjóður hefur afhent sveitarfélögunum.

Útgáfa íslenzkra landabréfa hefur til þessa verið í höndum danskrar stofnunar, sem að vísu hefur haft góða samvinnu við íslenzku landmælingastofnunina, en þó naumast vansalaust, að kortagerðin sé ekki í okkar höndum, úr því að hæfum mönnum er hér á að skipa til þeirra starfa. Er því lagt til að heimila að kaupa af Geologisk Institut upplag og útgáfurétt að íslenzkum landabréfum.

Lengi hafa verið uppi umr. um byggingu nýs þinghúss, en illa gengið að koma sér saman um staðsetningu þess. Mun nú svo komið, að fáar eða engar meiri háttar stofnanir ríkisins búa við eins þröngan og ófullnægjandi húsakost og Alþ., elzta löggjafarþing heims, og þótt sízt sitji á fjmrh. að gerast talsmaður útgjalda úr ríkissjóði, þykir mér sómi Alþ. liggja við, að framkvæmdir strandi a. m. k. ekki lengur á ósamkomulagi um staðsetningu nýs þinghúss. Sú skoðun hefur átt verulegan hljómgrunn, að reisa ætti þinghús hér í miðborginni. Í sumar voru ríkisstj. boðnar til kaups lóðir Sambands ísl. samvinnufélaga við Kirkjustræti, sem óhjákvæmilegt er að kaupa, ef reisa á þinghús hér við hlið núverandi þinghúss. Þótti ríkisstj. rétt að gera bráðabirgðakaupsamning um lóðir þessar, að sjálfsögðu með fyrirvara um samþykki Alþingis. Þar sem málið er svo sérstaks eðlis og hér er fyrst og fremst um fjárveitingu að ræða í þágu Alþingis, mun heimild þessi ekki verða notuð, nema um kaupin verði samstaða allra flokka á Alþingi.

Í sambandi við álverksmiðjuna þarf að byggja mikla höfn í Straumsvík. Samkv. samningum við Íslenzka álfélagið á Hafnarfjarðarkaupstaður að byggja höfn þessa, en kostnaður við hafnargerðina greiðist síðan á vissu árabili með hafnargjöldum álfélagsins. Nauðsynlegt er, að ríkissjóður fái heimild til að taka 150 millj. kr. lán í þessu skyni og endurlána síðan Hafnarfjarðarkaupstað, þar eð torvelt mundi verða fyrir kaupstaðinn að fá svo hátt lán, þótt hafnargjöldin tryggi endurgreiðslu þess. Hafnargerðin er nú að hefjast og lánsfé fengið.

Í lögum um atvinnujöfnunarsjóð er gert ráð fyrir sem stofnfé sjóðsins 55 millj. kr. óafturkræfu framlagi Bandaríkjastjórnar frá 1960, og í lögum um Landsvirkjun er ráðgert, að 150 millj. kr. framlag ríkisins til Búrfellsvirkjunar verði einnig greitt af þessum sjóði. Loks hefur verið ráðgert að nota 20 millj. kr. af þessu mótvirðisfé sem hlutafé ríkissjóðs í Kísiliðjunni h/f. Þótt þegar sett löggjöf heimili að nokkru ráðstöfun þessa sérstaka mótvirðissjóðs, þótti samt rétt að leita í fjárl. staðfestingar Alþ. á umræddum ráðstöfunum öllum.

Í fjárlagafrv. er ekki leitað eftir lántökuheimildum nema vegna Straumsvíkurhafnar. En orsökin er sú, að undirbúningi framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967 er ekki það langt komið, að enn verði séð fyrir, hverra lántökuheimilda sé þörf. Mun sami háttur verða á hafður og um lántökur í sambandi við framkvæmdaáætlun yfirstandandi árs, að leita heimildar með sérstökum lögum síðar á þinginu, um leið og gerð verður grein fyrir framkvæmdaáætluninni.

Samkv. frv. hækka rekstrarútgjöld ríkissjóðs

á næsta ári um 656 millj. kr. Er hér að sjálfsögðu um geysiháa fjárhæð að ræða, og þykir mér rétt að gefa nokkra heildarmynd af orsökum hækkunarinnar.

Launagreiðslur ríkissjóðs hækka um 260 millj. Almannatryggingar hækka um 172 millj. Aðstoð við sjávarútveginn, sem ekki er í núgildandi fjárl., er 80 millj. Áætluð hækkun á útflutningsuppbótum á landbúnaðarvörum 34 millj. Hækkun annars skólakostnaðar en launa 64 millj. Hækkun á framlögum til skólabygginga, sjúkrahúsabygginga og flugvallagerða 25 millj. Hækkun á styrktarfé, ellilaunum og framlögum til lífeyrissjóða 14 millj. Framlög til hafnargerða 13 millj., til iðnlánasjóðs 8 millj., til raforku- og jarðhitamála 10 millj.

Oft er rætt um stjórnsýslukostnaðinn eða ríkisbáknið, sem svo er orðað, og öll ógæfa talin af því stafa, án þess að menn geri sér rækilega grein fyrir, hvað þeir eru að tala um. Í fjárlagaræðu minni s. l. haust gerði ég grein fyrir athugun, er gerð hefði verið á stjórnsýslunni í þætti ríkisútgjalda, og kom glöggt í ljós, að þar hefði ekki verið um óeðlilega aukningu að ræða. Ég skal ekki endurtaka þá greinargerð hér, en fróðlegt getur verið að draga upp nokkra mynd af því, hvernig hver króna ríkisútgjalda skiptist á einstaka útgjaldaliði ríkissjóðs, miðað við fjárlagafrv., sem hér er til meðferðar. Kemur þá í ljós, að 23.7 aurar af hverri krónu ganga til hinna ýmsu þátta tryggingakerfisins, 19.7 aurar til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir og niðurgreiðslu á vöruverði, og eru þannig rúmir 44 aurar af hverri kr., sem almenningi er skilað aftur í ýmiss konar beinum fjárframlögum. Er ríkissjóður að þessu leyti aðeins milliliður til jöfnunar aðstöðu fólks í þjóðfélaginu. Langstærsti hluti hinna raunverulega rekstrarútgjalda ríkissjóðs gengur til menntamála eða 14.3 aurar af hverri kr., til löggæzlu og dómsmála 5.5 aurar, til sjávarútvegsmála 5.3 aurar, til landbúnaðarmála auk útflutningsuppbótanna 4.9 aurar, til heilbrigðismála 4.7 aurar, en til ýmissa samgöngumála 3.9 aurar, og er þá ekki reiknuð með sérstök fjáröflun til vegasjóðs. Kostnaður við toll- og skattheimtu er 2.3 aurar af hverri kr., kostnaður við stjórnarráðið 1.3 aurar, utanríkismál 1.1 eyrir og Alþingi tæpur 1 eyrir. Þessi upptalning er ekki tæmandi, en gefur nokkra mynd af skiptingu ríkisútgjalda.

Í sambandi við uppbyggingu ríkiskerfisins verður aldrei nógsamlega lögð áherzla á tvö meginatriði, sem hafa verður að leiðarljósi. Annars vegar, að við verðum sem sjálfstæð menningarþjóð að halda uppi tiltekinni stjórnsýslu og opinberri þjónustu, en hins vegar er okkur lífsnauðsyn vegna smæðar þjóðarinnar að sníða okkur á þessu sviði sem öðrum stakk eftir vexti. Skipulagning er góð og nauðsynleg, en hún getur auðveldlega endað í kæfandi pappírsflóði, ef ekki er gætt fyllstu varúðar. Þótt skriffinnska og skýrslugerð þyki hér á ýmsum sviðum mikil, stöndum við sem betur fer flestum nálægum þjóðum langt að baki í þeim efnum. Það er margt á sviði skipulagningar og skýrslugerðar, sem færa má haldgóð rök fyrir, að sé nauðsynlegt, en mín skoðun er sú, þótt ég á engan hátt vilji gera lítið úr eftirliti og skipulagningu, að giftudrýgra sé, að skýrslugerðirnar séu of fáar en of margar, ekki sízt hjá þjóð, sem hefur takmarkað vinnuafl og má ekki missa of mikið af því til skrifstofu- og þjónustustarfa. En það væri fróðlegt að athuga það jafnhliða tíðum aðfinnslum um síaukinn kostnað í ríkiskerfi, hversu mikið af löggjöf Alþ. og þál. felur í sér myndun ráða, nefnda og nýrra stofnana.

Þrátt fyrir hina miklu útgjaldahækkun ríkissjóðs á næsta ári, er þó áætlað, að tekjurnar hækki mun meira, svo sem ég hef áður gert grein fyrir, þannig að á rekstraryfirliti frv. er rekstrarafgangur, sem nemur 381 millj. kr., og á sjóðsyfirliti er hagstæður greiðslujöfnuður, sem nemur 150.7 millj. kr. Er hér um að ræða margfalt hærri greiðsluafgang en nokkru sinni áður hefur verið gert ráð fyrir í fjárlagafrv. Þetta réttlætir þó á engan hátt nýja kröfugerð á ríkissjóð. Við lifum nú á tímum mestu velmegunar og framleiðsluaukningar í sögu þjóðarinnar og miðað við hina miklu þenslu í þjóðfélaginu væri hið mesta óráð að ausa nú fé í stórum stíl út í nýjar framkvæmdir. Nauðsynlegar aðgerðir til þess að stemma stigu við vaxandi dýrtíð gætu einnig verið háðar því, að hagur ríkissjóðs væri svo góður, að hann gæti tekið á sig nokkra byrði í því sambandi.

Ég hef þá lokið að gera grein fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1967 og mun þá víkja að ýmsum einstökum atriðum, er máli skipta í ríkisbúskapnum og annaðhvort er unnið að eða nauðsynlegt er að taka til athugunar.

Aðflutningsgjöldin eru langhæsti tekjuliður ríkissjóðs, og eru þau hærri hér en í flestum öðrum vestrænum löndum. Mikið umrót er nú í tollamálum flestra viðskiptaþjóða okkar. Tvö viðskiptabandalög stefna markvisst að afnámi allra tolla í innbyrðis viðskiptum meðlimaríkjanna, og torveldar það mjög markaðsaðstöðu þeirra ríkja, er utan standa. Á vegum Alþjóðatollamálastofnunarinnar í Genf er nú leitað úrræða til þess að koma í veg fyrir tollastríð milli bandalaganna, og þótt enn sé þar allt á huldu um úrslit, bendir þó margt til þess, að við neyðumst til að gera allvíðtækar breytingar á okkar tollakerfi í náinni framtíð, ef við eigum að tryggja viðskiptaaðstöðu útflutningsframleiðsluatvinnuveganna. Hér er við stórfellt vandamál að fást, eigi aðeins vegna hagsmuna ríkissjóðs, heldur eigi síður vegna hagsmuna margra greina íslenzks iðnaðar, sem notið hafa mikillar tollverndar. Er því nauðsynlegt að kanna allar aðstæður rækilega til þess að vera ekki óviðbúnir því, sem koma skal. Á s. l. vori var því íslenzku tollamála- og GATT-nefndunum falið að gera nú fyrir árslok athugun á aðstöðu okkar til þess að framkvæma t. d. á 5 árum allt að 50% lækkun aðflutningsgjalda, hvernig hægt

væri að tryggja starfsaðstöðu iðnaðarins, ef til þessa kæmi, og tryggja fjárhag ríkissjóðs. Þessum athugunum er enn ekki lokið og algerlega óvíst, hvað gerast kann í þessum efnum, en það er þó nokkuð víst, að til langframa getum við ekki búið við miklu hærri aðflutningsgjöld en viðskiptaþjóðir okkar, og er hér einnig um að ræða mikilvægan þátt í lífskjörum alls almennings í landinu.

Við 1. umr. fjárl. í fyrra skýrði ég frá því, að ríkisstj. hefði skipað nefnd manna til könnunar á úrræðum til þess að tryggja sem bezt nýtingu framkvæmdafjár ríkisins, bæði í sambandi við skipulagningu framkvæmda, undirbúning, útboð verka og innkaup efnis og aðra þætti, er máli skiptu. Nefnd þessi hefur nú skilað mjög fróðlegu áliti, sem er til athugunar hjá ríkisstj. Staðfestir nál. mjög rækilega annmarka þá, sem ég taldi sennilega vera til staðar, og er ljóst, að hér er um mjög mikilvægt vandamál að ræða, sem miklu varðar, að takist að finna viðhlítandi lausn á. Oft er um ónógan tæknilegan undirbúning að ræða, þar eð einungis hluti teikninga og verklýsinga er fyrir hendi, þegar framkvæmdir eru hafnar. Þess eru einnig dæmi, að mannvirki eru teiknuð og þeim ákveðin stærð og gerð, áður en fullráðið er, hvaða starfsemi skuli komið þar fyrir eða með hverjum hætti. Fyrirkomulagsatriði eru iðulega ráðin þá fyrst, þegar búið er að steypa upp mikið mannvirki, og þá koma gjarnan upp kostnaðarsöm atriði, sem betur hefðu verið könnuð á teikniborði. Allt of oft er um að ræða ónógan fjárhagslegan undirbúning opinberra framkvæmda. Ráðizt er í verk, án þess að nægilegt fé sé fyrir hendi, og fjárveitingar ekki miðaðar við að ljúka verki eða ákveðnum áfanga þess, heldur er ákveðinni fjárveitingu deilt niður á margar framkvæmdir til að sætta hin ýmsu sjónarmið. Hverju einstöku verki miðar því hægt og það verður mun dýrara en ella. Annar galli á fjárhagslegum undirbúningi verka er fólginn í því, að menn gera sér ekki nægilega grein fyrir því fyrir fram, hvaða kostnaður fellur til, þegar mannvirki er fullgert. Er því nauðsynlegt við ákvörðun framkvæmda að skoða rækilega, hvort með þessari tilhögun fremur en annarri er fundin ódýrasta leiðin til þess að fullnægja þeim félagslegu þörfum, sem leysa á, og jafnframt þarf að gera sér grein fyrir því, hvaða bundinn kostnað mannvirki hefur í för með sér í framtíðinni. Útboð framkvæmda er heldur ekki enn nýtt eins og æskilegt væri, og nútíma verkskipulagningarkerfi hefur ekki almennt verið tekið upp. Það er yfirleitt ekki heppilegt, að sami aðili sjái um undirbúning verks og framkvæmd þess. Og engin samræmd úttekt fer fram á opinberum framkvæmdum, svo að samanburðargrundvöllur fáist á milli samstæðra framkvæmda.

Í litlu og fjármagnsfátæku þjóðfélagi eins og okkar er að sjálfsögðu hin mesta nauðsyn, að fyllstu hagsýni sé gætt í sambandi við hin ýmsu þjónustufyrirtæki almennings. Leggja þarf áherzlu á að lagfæra þá annmarka, sem ég hef hér drepið á, og gera sér betur grein fyrir heildarþörfum þjóðarinnar á hinum ýmsu sviðum. Nú er einmitt verið að vinna mjög mikilvægt verk á þessu sviði á vettvangi skólamála, þ. e. að kanna þarfir fyrir skólabyggingar á næstu árum. Á grundvelli þeirrar athugunar á að vera hægt að gera sér grein fyrir, hvar byggja eigi skóla. Á viðhorfum manna í því efni hafa orðið miklar breytingar í jákvæða átt á síðustu árum, því að vegna kostnaðar og ef tryggja á góða kennslukrafta þýðir ekki að hugsa sér skólabyggingar í hverri sveit, heldur verða sveitarfélög að sameinast um stærri skóla. Þá hefur og í gerð framkvæmdaáætlana ríkisins síðustu árin verið lögð áherzla á að tryggja fé til þess, að auðið væri að ljúka tilteknum stórframkvæmdum eða vissum áföngum þeirra. Allt of margar byggingar hafa verið reistar handahófskennt á liðnum árum og áratugum, og má þar t. d. nefna félagsheimili, sem víða hafa verið reist án þess að gera sér grein fyrir afkomumöguleikum þeirra og starfsaðstöðu. Það verður því að leitast við að gera áætlanir um framkvæmdir byggðar á nauðsynlegum undirbúningi og athugun allra aðstæðna og framkvæma síðan þær áætlanir og láta ekki þröngsýn hreppasjónarmið ráða, eins og því miður á sér stað enn í dag. Slík áætlanagerð á ekkert skylt við sósíalisma, heldur eru það hagnýt og óhjákvæmileg vinnubrögð til þess að nýta sem bezt fjármagn þjóðarinnar á hverjum tíma. Því miður er einnig enn of mikið af því, að Alþingi samþykki lög án þess að gera sér til hlítar grein fyrir þeim fjárhagslegu kvöðum, er í framtíðinni munu af slíkri lagasmíð stafa. Yfirleitt eru þetta lög, sem menn almennt eru sammála um, en síðar er kvartað, þegar þarf að fara að afla fjár til þess að standa undir afleiðingunum. Hér eins og á öðrum sviðum verða menn að vera reiðubúnir til þess að taka afleiðingum verka sinna.

Í síðustu fjárlagaræðu skýrði ég frá athugun, sem væri að hefjast á hinum ýmsu lögum um embættisbústaði, og frekari umr. urðu um embættisbústaði í sambandi við þáltill., sem flutt var á síðasta þingi. Fulltrúar ráðuneytanna, sem unnið hafa að athugun málsins, hafa nú lokið störfum, og eru niðurstöður þeirra til athugunar hjá ríkisstj. Athugunin hefur leitt í ljós, að nauðsynlegt var að taka þetta mál til heildarendurskoðunar, því að í senn er ófullnægjandi eftirlit með embættisbústöðum, ósamræmi verulegt í leigugreiðslum og nauðsynlegt er að setja nýjar reglur um skyldur ríkissjóðs til þess að koma upp embættisbústöðum og hverjir rétt sé, að njóti þeirra, því að löggjöf um þá hefur orðið til á ýmsum tímum, en ekki öll miðuð við sömu sjónarmið. Þá er það og mikil nauðsyn að staðla — standardisera — gerð embættisbústaða, því að í mörgum tilfellum er bygging þeirra óhæfilega kostnaðarsöm og ekki fylgt neinum föstum reglum um stærð eða

gerð, heldur ráða of oft sjónarmið þess embættismanns, sem verið er að byggja yfir í það og það skiptið, án nægilegrar hliðsjónar af því, hvort byggingin muni henta öðrum embættismanni jafnvel. Hér eiga auðvitað engin slík persónuleg sérsjónarmið að koma til greina. Vonandi verður auðið að leggja fyrir yfirstandandi Alþ. ákveðnar till. um skipan embættisbústaðamálanna í framtíðinni.

Unnið hefur verið í sumar að samræmingu reglna um ferðakostnað þeirra manna, sem sendir eru til útlanda á vegum ríkisins, hvort heldur er á vegum stjórnardeilda, utanríkisþjónustu eða Alþingis. Er nauðsynlegt, að um þetta gildi samræmdar og fastar reglur. Annars eru ferðalög embættismanna og ýmissa annarra opinberra fulltrúa á margvíslegar ráðstefnur vaxandi vandamál og erfitt að setja um þetta fastar reglur. Íslendingar eru aðilar að ótal alþjóðastofnunum auk Norðurlandasamstarfsins. Þessu samstarfi þarf að sinna og ýmsar þessar stofnanir veita okkur dýrmæta aðstoð. Við verðum því oft að senda fulltrúa á ýmsar ráðstefnur. En það tjóar ekki í því efni að haga sér eins og stórveldi. Margir fulltrúar landsins við þessar stofnanir sýna fulla hófsemi um ferðalög, en aðrir miður. Er það stöðugt viðfangsefni, en ekki eftir því vinsælt, að synja einum og öðrum um ferðalög á kostnað ríkisins. Skal þá fúslega játað, að ekki hefur tekizt að takmarka þessar utanferðir sem skyldi.

Athugað hefur verið, hvort ekki væri auðið að koma við hagkvæmari tryggingu þeirra ríkiseigna, sem ekki eru í skyldutryggingu, og leitað hefur verið fyrir skömmu eftir tilboðum í ferðatryggingar opinberra starfsmanna, en varðandi slíkar tryggingar hafa engar fastar reglur verið.

Til þess að tryggja hagkvæmni í innkaupum hefur á þessu ári verið ákveðið, að öll kaup á skrifstofubúnaði, húsgögnum og áhöldum opinberra stofnana skuli gerð í gegnum innkaupastofnun ríkisins í því skyni að tryggja sem hagkvæmust innkaup. Settar hafa verið reglur um bílaúthald ríkisins og ákvörðun bifreiðastyrkja, og verða þau mál framvegis í höndum fjárlaga- og hagsýslustofnunar ráðuneytisins. Hefur jafnframt verið ákveðið að merkja bifreiðar ríkisins í samræmi við reglur þessar í því skyni að veita aukið aðhald um notkun þeirra.

Árlegar launagreiðslur ríkissjóðs nema nú um 1300 millj. kr. Samningar um launakjör ríkisstarfsmanna og eftirlit með þessum gífurlegu fjárgreiðslum eru í hendi fjmrn. Er hér um svo þýðingarmikið og vaxandi verkefni að ræða, að nauðsynlegt var að setja á stofn sérstaka launamáladeild í fjmrn., enda hafa það verið ákveðin tilmæli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að ákveðinn aðili í rn. hefði með höndum launamálin. Hefur því einn fulltrúi rn. nýlega verið skipaður sérstakur deildarstjóri launamála. Mun hann verða ráðunautur og ritari samninganefndar ríkisins í launamálum og annast af rn. hálfu eftirlit með framkvæmd kjarasamninga og úrlausn einstakra ágreiningsefna, sem upp kunna að koma. Er ljóst, að á þessu sviði er þörf meira eftirlits og betri skipulagningar.

Enginn fastur starfsmaður er ráðinn til ríkisstofnana nema að undangengnu samþykki nefndar þeirrar, sem lögum samkv. á að fjalla um nýjar mannaráðningar, en því miður er of mikið um það, að lausafólk sé þá ráðið í stofnanirnar engu að síður. Verður það verkefni hagsýslustjóra að kanna til hlítar nauðsyn stofnunar fyrir nýtt starfsfólk og launamáladeildarinnar að fylgjast með því, að ákvörðunum í þessu efni sé framfylgt. Tel ég, að með stofnun fjárlaga- og hagsýsludeildarinnar fyrr á þessu ári og nú með skipun sérstaks launamálafulltrúa sé nauðsynlegur grundvöllur að því lagður, að hægt sé að hafa viðhlítandi eftirlit með þessum mikilvægu þáttum ríkisrekstrarins.

Með launaflokkuninni í sambandi við kjarasamninga opinberra starfsmanna 1963 var stigið mikilvægt spor í áttina til skynsamlegrar skipunar launamála opinberra starfsmanna. Var þá leitazt við að ákvarða launin með hliðsjón af starfsábyrgð og menntun. Því miður fer því fjarri, að opinberir starfsmenn séu almennt ánægðir með niðurröðun sína í launaflokka, og eflaust verður aldrei fundið kerfi, sem allir geti við unað. Við kjarasamningana á s. l. ári tókst ekki að ná samkomulagi um launaflokkunina, og hefur það skapað ýmis ný vandamál, þar eð þess var alls ekki að vænta, að kjaradómur gæti haft nægilega yfirsýn yfir þann þátt vandamálsins. Viss vandamál hefur verið reynt að leysa án þess beinlínis að brjóta gegn úrskurði kjaradóms, því að það hlýtur að vera grundvallarregla að greiða opinberum starfsmönnum laun í samræmi við niðurstöðu dómsins, ef ekki koma til einhver sérstök tilvik, sem ætla má, að hefðu haft áhrif á niðurstöðu kjaradóms, ef þau hefðu þá legið fyrir. Það er brýn nauðsyn að hefja nú þegar viðræður um launaflokkun, er geti orðið til frambúðar, því að óviðunandi er, ekki hvað síst fyrir opinbera starfsmenn sjálfa, að nýjar deilur hefjist um launaflokkunina í sambandi við hverja kjarasamninga. Leitað hefur verið eftir upplýsingum um það í sumar erlendis, hvar mest festa muni vera komin á launamál opinberra starfsmanna, og hefur Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja verið boðið að senda mann ásamt fulltrúa frá rn. til þess að kynna sér skipan launamálanna í því landi. Er einmitt með tilkomu launamáladeildarinnar auðið að hefja skipulagsbundna athugun málsins nú þegar í samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru nú í sérstakri endurskoðun, og fallizt hefur verið á þá ósk bandalagsins að hefja endurskoðun laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Góð samvinna ríkisvalds-

ins og opinberra starfsmanna er hin mikilvægasta nauðsyn, til þess að ríkiskerfið geti þróazt og starfað með eðlilegum hætti.

Ákveðið hefur verið að efna nú í haust til sérstaks námskeiðs í hagræðingu á vegum hagsýslu- og fjárlagastofnunar fjmrn. Er ætlunin, að námskeið þetta verði fyrir forráðamenn hinna ýmsu ríkisstofnana og til þess ætlað að veita leiðbeiningar um úrræði til bætts skipulags og til sem mestrar hagsýni í rekstri stofnananna. Er hér um nýbreytni að ræða, sem vonandi gefur góða raun.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. á síðasta þingi var gefið fyrirheit um það, að staðgreiðslukerfi skatta yrði innleitt á árinu 1967. Síðan hefur sleitulaust verið unnið að athugun og undirbúningi málsins. Rækilegra upplýsinga hefur verið aflað frá þeim löndum, þar sem það kerfi hefur þegar verið innleitt, bæði um tilhögun kerfisins og reynslu af því, og jafnframt hefur verið gerð á því ýtarleg athugun, við hvaða sérstök vandamál sé að fást hér á landi í þessu sambandi. Á þessu stigi skal ég ekki ræða málið nánar. En þessi heildarathugun hefur leitt í ljós, að málið er miklum mun vandasamara og flóknara en bæði ég og aðrir höfum gert okkur grein fyrir. Í fyrsta lagi eru kerfin mismunandi í hinum ýmsu löndum og er ekki einfalt mál að gera sér grein fyrir, hvert kerfi skuli velja, og í annan stað eru íslenzk skattalög svo flókin, að ekki mun auðið að fella þau að neinu kerfi án mjög víðtækra breytinga. Í flestum eða öllum löndum mun hafa verið fylgt þeirri reglu að lögfesta staðgreiðslukerfið alllöngu áður en það kemur til framkvæmda, og er að því ákveðið stefnt, að hægt verði að leggja málið í því formi fyrir Alþ., að þingið geti tekið um það ákvörðun að athuguðum öllum málavöxtum, hvort lögfesta skuli staðgreiðslukerfi og þá hvaða kerfi. Hefur ríkisstj. ákveðið að setja nú þegar nefnd til þess að athuga öll þau gögn málsins, sem fyrir liggja, og verður sú n. skipuð fulltrúum bæði frá ríki og sveitarfélögum, enda er núgildandi tilhögun útsvarsálagningar eitt erfiðasta vandamálið í sambandi við staðgreiðslukerfið. Verður lögð áherzla á, að n. þessi hraði mjög störfum, enda er undirbúningsvinna ríkisskattstjóra og starfsmanna hans það ýtarleg, að flestöll vandamálin liggja þegar ljóst fyrir.

Samið hefur nú verið við Seðlabankann um að yfirtaka myntsláttuna. Þar sem öll seðlaútgáfa er í höndum Seðlabankans, verður ekki séð nein skynsemi í þeirri tilhögun, að útgáfa skiptimyntar sé í höndum fjmrn. Myntsláttan er ekki heldur neinn sérstakur búhnykkur fyrir ríkissjóðinn, og má t. d. nefna það, að nú kostar einseyringurinn 22 aura, 5-eyringurinn 53 aura, 10-eyringurinn 23 aura og 25-eyringurinn 30 aura. Er ljóst af þessu, að stefna verður að því að afnema hinar smæstu mynteiningar. Nokkrar umr. hafa einnig verið um það, hvort ekki væri rétt að auka verðgildi krónunnar, t. d. tífalda gildi hennar. Hefur sérstök athugun farið fram á þessu máli á vegum rn. og Seðlabankans og niðurstaðan verið sú, að rétt væri að athuga þetta mál í fullri alvöru. Hins vegar er ljóst, að ekki kemur til mála að gera slíka breytingu án þess að um hana geti verið fullkomin eining, því að ef reynt er að gera hana tortryggilega, er verr af stað farið en heima setið. Á síðasta þingi leitaði ég óformlega eftir því við forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna, hvort þeir vildu tilnefna menn í n. til þess ásamt fulltrúum frá ríkisstj. að athuga málið, en um það gat ekki orðið samstaða á þessu stigi málsins a. m. k.

Í síðustu fjárlagaræðu gerði ég grein fyrir því, að útgjöld ríkissjóðs vegna vanskila á ríkisábyrgðalánum hefðu farið minnkandi síðari árin og með hinum nýju lögum um ríkisábyrgðir hefði orðið gerbreyting til hins betra á þessu sviði. Árið 1963 var fjárframlag ríkissjóðs til ríkisábyrgðasjóðs 93.7 millj. kr. Á árinu 1964 var framlagið 87.7 millj., en á árinu 1965 aðeins 46 millj. Urðu útborganir úr ríkisábyrgðasjóði á því ári 164.2 millj., en innborganir 123.9 millj. Stærstu útgjaldaliðir sjóðsins á árinu 1965 eru vegna togaranna, austurþýzku skipanna, nokkurra fiskiðjuvera og vegna vanskila á hafnarlánum. Þá hefur ríkissjóður nú lagt út 22 millj. kr. vegna vanskila á endurlánuðu Marshall-fé á sínum tíma, og hefur mjög lítið fengizt greitt hjá skuldurum þeirra lána. Er það óviðunandi, og hafa verið gefin fyrirmæli um að innheimta þessi lán eins og önnur. Stefna verður að því að afnema ríkisábyrgðir fyrir lánum, sem veitt eru úr opinberum sjóðum. Er með öllu óeðlilegt, að ríkið sé sett í sérstaka áhættu vegna slíkra lánveitinga. Nú á þessu ári hafa verið veittar ríkisábyrgðir fyrir geysiháum fjárhæðum og er þar fyrst og fremst um að ræða lántöku vegna Landsvirkjunar. Var ekki um annað að ræða en veita þessar ábyrgðir, ef úr stórvirkjun við Búrfell átti að verða. Hafa svo rækilegar athuganir verið gerðar á fjárhagsafkomu þess fyrirtækis, að ekki ætti að þurfa að óttast útgjöld ríkissjóðs vegna þessara ábyrgða.

Mér þykir rétt að víkja hér nokkuð að stóreignaskatti þeim, sem á var lagður með lögum frá 1957. Var álagningu þessa skatts lokið snemma árs 1958, og var talið, að skatturinn næmi um 135 millj. kr. Víðtækar kærur voru þegar fram bornar út af skattálagningu þessari, og að þeim kærum úrskurðuðum nam skatturinn um 125 millj. kr. Eftir það hófust víðtæk málaferli, sem ópekkt eru í sambandi við skattálagningu hérlendis, og varð á grundvelli dómsúrskurða að endurreikna skattinn hvað eftir annað. Lækkaði hann smám saman svo við þennan endurreikning, að hann reyndist að lokum vera 65 millj., eða rúmlega helmingi lægri en upphaflega var áætlað. Er af þessu ljóst, að hrapalleg mistök hafa orðið í sambandi við lagasetningu þessa, þótt látið sé liggja á milli hluta, hvort skattheimta þessi hafi yfir höfuð verið eðlileg eða ekki. Til þess að gera skattheimtu

þessa bærilega var svo ákveðið í lögunum, að 90% skattgjaldsins mætti greiða með skuldabréfum til 10 ára. Þegar í stað voru gerðar ráðstafanir til að hefja innheimtu skattsins, en erfitt reyndist um vik vegna sífelldra málaferla og endurreikninga skattsins. Hafa því orðið mjög mikil vanhöld á innheimtu skattsins, enda málaferli staðið allt til þessa dags og enn allmörgum málum ólokið fyrir borgardómi Reykjavíkur, 8 árum eftir að skatturinn var upphaflega á lagður. Kröfur hafa verið uppi um það á ýmsum tímum, að fella bæri niður algerlega skatt þennan, sem með einstæðum hætti hefur verið á lagður. Sú krafa hefur þó ekki átt hljómgrunn á Alþingi, að l. væru afnumin, enda væri ekki auðið að afnema þau nema endurgreiða það, sem þegar hefur verið innheimt, en það eru 12.5 millj. kr., sem afhent hefur verið þeim sjóðum, er skattinn áttu að fá, en það er annars vegar byggingarsjóður ríkisins og húsnæðismálastjórn og hins vegar veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Skuldabréf voru upphaflega gefin út fyrir um 42 millj. kr., en frá allstórum upphæðum hefur ekki verið gengið með lögformlegum hætti enn þá.

Þótt full rök geti verið fyrir eignaraukaskatti í vissum tilfellum, þá tel ég stóreignaskatt þennan hið mesta leiðindamál, eins og allt er í pottinn búið. Hins vegar tel ég fjmrn. skylt að gera ráðstafanir til að innheimta skattinn, því að þau mál, sem enn eru óafgreidd, geta ekki haft nein teljandi áhrif á síðasta útreikning skattsins, og hef ég falið sérfræðingum rn. á þessu sviði að gera nú um það ákveðnar tillögur, hvernig haga beri innheimtu skattsins. Í því sambandi rísa ýmis vafaatriði eftir allan þennan tíma. Fyrir þá, sem enn hafa ekki nema að litlu leyti greitt skattinn, er að sjálfsögðu miklum mun léttbærara að greiða hann nú en fyrir 8 árum.

Herra forseti. Síðustu vikurnar hefur ýmislegt gerzt á sviði efnahagsmála, sem ekki varð séð fyrir nema að nokkru leyti, þegar endanlega var gengið frá fjárlfrv. Gerbreyting hefur orðið á þróun verðlags útflutningsframleiðslunnar frá fyrri hluta ársins. Fram til þess tíma hafði verðlag helztu sjávarafurða farið hækkandi um alllangt skeið og gert sjávarútveginum fært án teljandi aukningar opinberrar aðstoðar að taka á sig verulegar kaphækkanir. Hafði sú hagstæða þróun m. a. leitt til þess, að talið var gerlegt sem þáttur í að rétta við fjárhag ríkissjóðs fyrr á þessu ári að lækka nokkuð niðurgreiðslur á vöruverði, sem vitanlega hlaut að leiða til nokkurrar hækkunar vísitölu. 3.5% kauphækkun sú, sem vinnuveitendur sömdu um á s. l. vori, jók svo enn á tilkostnað útflutningsframleiðslunnar, og varð því ljóst, að án áframhaldandi hagstæðrar verðlagsþróunar mundi framleiðslan ekki fá risið undir frekari hækkun. Síðustu mánuðina hefur hins vegar verðlag helztu sjávarafurða farið lækkandi og sumar þeirra lækkað verulega. Menn vona að vísu, að hér sé um tímabundið ástand að ræða, enda verðlag og kaupgjald almennt hækkandi í flestum okkar viðskiptalöndum. En engu að síður er ljóst, að miðað við núverandi ástand er óhjákvæmileg nauðsyn, ef forða á frá vandræðum, að auðið sé að stöðva um sinn a. m. k. alla hækkun verðlags og annars tilkostnaðar framleiðslunnar. Jafnsjálfsagt og það var, að aukinn afrakstur útflutningsframleiðslunnar yrði til að bæta kjör alls almennings, er það óhjákvæmilegt, að úr kröfugerðinni sé dregið, þegar að þrengir fyrir útflutningsframleiðslunni, því að gjaldþol hennar er sú viðmiðun, sem ætíð verður að styðjast við í allri kröfugerð um bætt kjör.

Á síðustu árum hefur verið lögð rík áherzla á það að fræða almenning um ýmsar helztu grundvallarstaðreyndir efnahagslífsins, og bendir ýmislegt til þess, að ríkari skilningur sé á því en oftast áður, að flokkssjónarmið megi ekki ráða afstöðu almenningssamtaka við úrlausn hinna þýðingarmestu efnahagsvandamála, heldur raunsætt mat á hagsmunum þeirra aðila, sem hlut eiga að máli hverju sinni. Sannanlegri lækkun síldarverðs hefur þannig verið mætt með skilningi allra aðila og samkomulagi, og í sambandi við ákvörðun búvöruverðs á þessu hausti hefur verið sýnd hófsemi og skilningur á þeim vandamálum, sem við er að fást. Enn er að vísu ekki vitað, hvernig fer um hina almennu kjarasamninga við verkalýðsfélögin né um ákvörðun fiskverðs um áramótin. En á þessu stigi málsins a. m. k. er ekki ástæða til að vænta annars en að fullur skilningur verði sýndur á þeim efnahagsstaðreyndum, sem við blasa.

Síðustu árin hefur tekizt að bæta mjög kjör alls almennings. Ber að fagna þeirri þróun, og ekki sýnist ástæða til að halda, að til neinnar kjararýrnunar þurfi að koma, ef skynsamlega er nú brugðizt við þeim stundarvanda, er við blasir. En það veltur vissulega á miklu fyrir framtíð þjóðarinnar, að skynsemi og róleg dómgreind ráði nú gerðum allra þeirra aðila, er áhrifavald hafa á þróun kaupgjalds- og verðlagsmála á næstu mánuðum.

Ríkisstj. hefur að sínu leyti viljað stuðla að nauðsynlegri verðstöðvun með því að auka svo niðurgreiðslur á vöruverði, að ekki yrði um neina hækkun að ræða á landbúnaðarvörum nú í haust. Er þetta auðið vegna góðrar fjárhagsafkomu ríkissjóðs, en að sjálfsögðu algerlega háð því skilyrði, að ekki verði um nýjar, óviðráðanlegar hækkanir að ræða. Vafalaust verður því haldið fram af einhverjum, að í því sé lítið samræmi að afnema niðurgreiðslur í vor, en auka niðurgreiðslur í haust. Slíkar ásakanir skipta litlu máli, ef tekst að ná því marki, sem að er stefnt, að stöðva verðbólguna, enda fullt samræmi í því að lækka niðurgreiðslur við hækkandi verðlag framleiðslunnar, en grípa til aukinna niðurgreiðslna, ef framleiðslan fær ekki um stundarsakir risið undir auknum tilkostnaði. Að hve miklu leyti gripið verður til enn frekari

ráðstafana til að halda verðlagi í skefjum og jafnvel lækka það, get ég ekki á þessu stigi sagt meira en hæstv. forsrh. í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. í síðustu viku. En það er að sjálfsögðu því háð, hversu fer um kjarasamninga þá, sem nú standa yfir.

Í sambandi við samkomulag um búvöruverðið á þessu hausti var af hálfu ríkisstj. lofað tvenns konar aðgerðum, sem varða fjárhag ríkissjóðs. Annars vegar var lofað að leggja á þessu ári fram 30 millj. kr. til hagræðingar í landbúnaði með það fyrir augum að taka upp hagkvæmari framleiðslu og framleiðsluaðferðir, og hins vegar var lofað að leggja fram á næsta ári allt að 60 millj. kr. sem stofnfé jarðakaupasjóðs, en þeim sjóði verður ætlað það hlutverk að kaupa jarðir, er taldar eru óhæfar til búsetu, en reynt er að halda í byggð, þar eð menn verða ella að ganga frá þeim slyppir og snauðir. Hvorar tveggja þessar ráðstafanir eru skynsamlegar og geta, þegar tímar líða, beinlínis orðið til þess að létta af ríkissjóði hinum háu útgjöldum vegna útflutningsuppbóta á landbúnaðarvörur.

Herra forseti. Þó að full ástæða væri til þess að gera mörg önnur atriði, er þýðingu hafa í ríkisbúskapnum, að umræðuefni, læt ég hér staðar numið, enda ræða mín þegar orðin æðilöng.

Ég vil að lokum mega vænta þess, að hér á hinu háa Alþingi takist um það full samstaða að afgreiða fjárlög fyrir 1967 raunverulega greiðsluhallalaus. Hallalaus ríkisbúskapur er eitt af hinum óhjákvæmilegu skilyrðum heilbrigðrar efnahagsþróunar á verðþenslutímum, og ég tel, að með fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, sé í senn sýnd viðunandi hófsemi í skattheimtu, sómasamlegum fjárveitingum varið til opinberra framkvæmda og á viðhlítandi hátt haldið uppi allri nauðsynlegri þjónustu við þjóðfélagsborgarana.

Ég legg til, herra forseti, að 1. umr. verði að loknum þessum útvarpsumr. frestað og frv. vísað til hv. fjvn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1967, sem hér liggur fyrir til 1. umr., er að fjárhæð á sjóðsyfirliti 4 milljarðar 652 millj. kr. Hækkun frá fjárlögum ársins 1966 er 852 millj. kr. eða yfir 22%.

Þegar ég virði fyrir mér niðurstöðutölur fjárlagafrv. og hækkunina frá núgildandi fjárlögum, minnist ég 1. umr. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1959, er fór fram hér á hv. Alþingi 20. okt. 1958. Það fjárlagafrv. var að niðurstöðutölum til á sjóðsyfirliti 900 millj. kr., eða lítið eitt hærra en hækkun fjárlagafrv. er nú. Það fjárlagafrv. þótti þó svo hátt, að formaður Alþfl., sem var talsmaður síns flokks í þeirri umr., komst þá m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Svona hefur þetta farið mörg undanfarin ár. Fjárlög hvers árs eru hærri en ársins á undan. Þessi þróun er uggvænleg og stefnir greinilega í fullkomið óefni.“ Hver hefði trúað því, er á þá ræðu hlýddi, að 8 árum síðar væri lagt fram hér á hv. Alþingi fjárlagafrv., sem væri 416% hærra en fjárlagafrv. fyrir árið 1959 var, er skaut formanni Alþfl. svo skelk í bringu sem ég hef þegar lýst? Og allan þennan tíma, sem liðinn er síðan, að 2 mánuðum undanskildum, hefur Alþfl. setið í ríkisstjórn og situr enn sem fastast. Hann ber því ábyrgð ásamt Sjálfstfl. á þeim risastökkum, sem hafa orðið í hækkun fjárlaga. Hvað segja þeir hæstv. Alþfl.-menn nú um þróun í fjármálum ríkisins? Þeim, sem eftir þessa ræðu formanns Alþfl. 1958 treystu Alþfl. til gætni í meðferð ríkisfjár og til að stöðva verðbólgu, ætti að vera það ljóst nú, að þar var um oftraust að ræða, traust, sem Alþfl.-menn geta ekki notið, eftir að reynslan hefur sannað getuleysi þeirra til að fást við vandamálin.

En það voru fleiri en Alþfl.-menn, sem gáfu fögur fyrirheit um góða fjármálastjórn og gætni í meðferð ríkisfjár árið 1958. Sjálfstfl. lét ekki sinn hlut eftir liggja þá né síðar, er hann var kominn í valdastól. Í fyrstu fjárlagaræðu Viðreisnarstjórnarinnar, sem flutt var 8. febr. 1960, komst fjmrh. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Um leið og efnahagskerfi þjóðarinnar í heild er endurskoðað og endurbætt, þarf einnig að endurskoða og endurbæta allt starfskerfi og starfshætti ríkisins sjálfs, stjórnarráðs og ríkisstofnana. Á vegum fjmrn. er hafinn undirbúningur að skipulegri hagsýslu í þágu ríkisrekstrarins.“

Kafla fjárlagaræðunnar um hagsýslu, bætt vinnubrögð, sterkari verkstjórn, meiri festu í stjórn fjármála og sparnaði lauk fjmrh. með þessum orðum: „Og það ætla ég, að allir góðir Íslendingar séu sammála um, að nauðsynlegt sé að hafa sívökult auga á öllu því í rekstri ríkisins, er til sparnaðar má horfa, bættra vinnubragða og aukinnar hagsýni.“

Þessi fögru fyrirheit gáfu óneitanlega von um góð vinnubrögð.

Á árunum 1960—65 hefur verið varið úr ríkissjóði 4.3 millj. kr. til hagsýslustarfa. Það er að vísu ekki há fjárhæð, en mestu máli skiptir um árangurinn. Um árangurinn af þessum tilburðum segir hæstv. fjmrh., Magnús Jónsson, svo í grg. fjárlagafrv., á bls. 85, með leyfi hæstv. forseta:

„Annað tæknilegt viðfangsefni, sem ekki kemur fram í þeim athugasemdum, sem hér hafa verið gerðar, er skortur á upplýsingum fyrir miðstjórn ríkisrekstrarins til að tengja hvert viðfangsefni, sem unnið er að, við þær fjárhæðir, sem um er beðið eða veittar eru í fjárlögunum. Eins og málum er nú háttað, er grundvöllur fjárveitinga að jafnaði rekstur tiltekinna stofnana, sem hafa tilgreindan fjölda starfsmanna. Kostnaður við rekstur stofnunarinnar er síðan áætlaður eftir tilkostnaði eða fjárveitingum síðustu ára með álagi fyrir tilkostnaðarhækkuninni. Tilvera stofnunarinnar sem skipulagseiningar skyggir þannig á eða

dregur athygli frá þeim verkefnum, sem skipulagseiningin á að afkasta." Og síðar: „Með þeim hætti fæst oft ekkert mat á því, hversu vel eða illa stofnunin hefur sinnt sínum viðfangsefnum, þar eð fjárveitingin til stofnunarinnar miðast ekki við ákveðið viðfangsefni, heldur við rekstur stofnunarinnar."

Hvað finnst hv. þm. og áheyrendum um þennan vitnisburð hæstv. fjmrh. eftir nærri 7 ára stjórn Sjálfstfl. á fjármálum ríkisins með hagsýslusérfræðinga, innlenda og erlenda, sér við hlið? Eftir margendurteknar yfirlýsingar um bætt vinnubrögð og sérstaka yfirlýsingu um, að þeirra sívökula auga hvíli á öllu, er til bættra vinnubragða og sparnaðar megi horfa, kemur hæstv. fjmrh. til þjóðarinnar og segir: Við vitum ekkert um ríkisreksturinn. Okkur skortir allar upplýsingar til að tengja hvert viðfangsefni, sem unnið er að, þeirri fjárveitingu, sem um er beðið. Tilvera stofnana sem skipulagseiningar skyggir á eða dregur athyglina til sín frá þeim verkefnum, sem átti að leysa, eða a. m. k. frá þeim upplýsingum, sem við og hagsýslan okkar ætlum að afla. Við göngum því frá undirbúningi fjárveitinga með því að áætla kostnað eða fjárveitingu eftir tilkostnaði síðustu ára með álagi fyrir tilkostnaðarhækkunum. Ég verð að segja það, að mér finnst hæstv. fjmrh. vera í meira lagi hreinskilinn, þegar hann kemur til þjóðarinnar, fórnar upp höndunum og hrópar, að hann viti sjálfur ekkert um ríkisreksturinn, ekkert um það, hvort ríkisstofnanir sinni vel eða illa sínum verkefnum. Þó að virða beri hreinskilni að verðleikum, eru hér gefnar upplýsingar, sem ég hefði ætlað, að væru ekki fyrir hendi, og sannarlega hefði ég treyst hæstv. fjmrh. til betri vinnubragða. Mér er það ljóst, að hinir mörgu ágætu ríkisstarfsmenn eiga ekki þennan dóm skilið fyrir sín störf, þó að hæstv. ríkisstj. hafi ekki tileinkað sér meira vald á fjármálum ríkisins en svo, að eftir 7 ára setu miðar hún nánast fjárveitingu við heiti stofnana, en ekki þau verkefni, sem vinna á að.

Það þarf engan að undra, er þetta er haft í huga, þótt hækkun fjárl. eigi sér stað, eins og nú gerist með slíku heljarstökki, að það líkist því, að það eitt hafi verið haft hugfast að setja met, en ekki, hver yrði afleiðing stökksins. Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að þessi játning um vinnubrögð er gerð af þeirri ríkisstj., sem mest hefur heitið þjóðinni bættum vinnubrögðum og óspart gumað af hagsýslu og ráðdeild í meðferð ríkisfjár.

Sparnaður í ríkisrekstrinum var eitt af þeim fyrirheitum, er Sjálfstfl.-menn gáfu þjóðinni fyrir valdatöku sína og í upphafi hennar. Við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1959 tók núv. hæstv. fjmrh. þátt í umr. af hálfu Sjálfstfl. Við það tækifæri komst hann m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er áreiðanlega hægt að spara á mörgum sviðum. En það þarf í senn réttsýni og kjark til þess að gera slíkar ráðstafanir. Án einbeittrar forustu fjmrh. á hverjum tíma er þess ekki að vænta, að andi sparnaðar og hagsýni ráði í ríkisrekstrinum."

Svo mörg voru þau orð. Skal nú að því vikið, hvernig til hefur tekizt með þessi fyrirheit.

Á það hefur verið bent fyrr í þessari ræðu, að fjárlagafrv. þetta er yfir 400% hærra en fjárlagafrv. fyrir árið 1959 var. Það segir að vísu ekki allt um það, hvort sparnaðar hafi verið gætt í ríkisrekstrinum eða ekki. Þar kemur fleira til, svo sem dýrtíðarstefnan, sem ríkisstj. hefur fylgt dyggilega. En með hliðstæðum samanburði má átta sig á þessu atriði. Ef t. d. eru borin saman óviss útgjöld á 19. gr. ásamt fyrningum fyrir árin 1959 og 1967, kemur í ljós, að kostnaðurinn hefur fimmfaldazt. Launuðum nefndum átti að fækka. Þær eru einum tug fleiri nú en árið 1958. Ferðakostnaður og gestrisni valdhafanna hefur hækkað um 300—400%. Innheimta og álagning skatta og tolla átti að lækka með breyttu skipulagi. Kostnaðurinn hefur fjórfaldazt og hækkar í fjárlagafrv. frá yfirstandandi fjárl. um 30%.

Annars gerist ekki þörf að fara svo langt aftur í tímann eins og til áranna 1958—1959 til þess að gera sér ljóst, að eyðsla og útþensla veður uppi í þessu fjárlagafrv. Þar nægir samanburður við núgildandi fjárlög og fjárlagafrv., og ætla ég að taka nokkur sýnishorn til þess að sanna mál mitt. Fjárveiting til stjórnarráðsins hækkar um 25%, til saksóknaraembættisins um 30%, til borgardómaraembættisins um 41%, til borgarfógetaembættisins um 37%, til lögreglustjóraembættisins um 37%, til lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli um 40%, til sýslumanna og bæjarfógeta um 32%, til ríkislögreglunnar um 34% og til almannavarna um 46%. Þessi lestur ætti að sanna það, að í þessu fjárlagafrv. er allt annað en sparnaður í rekstri ríkisins, sem þar er til staðar.

Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvar voru hin mörgu svið, sem hægt var að spara á haustið 1958? Skorti nú kjark til þeirra verka eða forustu þar um? Voru það kannske verklegar framkvæmdir, sem sparnaðinum var stefnt að? Þar hefur verið dregið úr fjárveitingum, eins og ég mun sýna fram á.

Á sama tíma, sem fjárlög hækka um 416%, hækkar fjárveiting til samgangna á sjó, þ. e. til Skipaútgerðar ríkisins og flóabátanna, um 100%, og á sama tíma, sem fjárlög hækka um 22% og fjöldamargir útgjaldaliðir um 30—40%, hækka framlög til þessa málaflokks um 15%. Ástand það, sem nú er að skapast hjá Skipaútgerð ríkisins, er mjög alvarlegt, og aðgerðarleysi stjórnvalda í þeim málum sýnir úrræðaleysi hæstv. ríkisstj. og viðhorf hennar til landsbyggðarinnar.

Á fjárlfrv. 1967 er varið sömu fjárhæð í krónutölu til nýrra hafnarframkvæmda og á núgildandi fjárlögum. Í árslok 1965 voru vanskil ríkisins við hafnirnar um 40 millj. kr., og miðað við framkvæmdaáætlun fyrir árið 1966 verða þær um 50—60 millj. kr. í árslok þessa árs. Með svipuðum framkvæmdum á næsta ári og þeirri fjárveitingu, sem fjárlfrv. gerir ráð

fyrir, má reikna með, að vangreitt verði frá ríkissjóði til hafnargerða, — þar eru ekki taldar með landshafnir, — ca. 70—80 millj. kr. Þannig er það í ýmsum verklegum framkvæmdum, sem ríkið á að sjá um hér á landi, til þess er nú notað lánsfé. En hvenær getur ríkissjóður greitt sinn hluta af verklegum framkvæmdum, ef það er ekki hægt í slíku góðæri eins og verið hefur nú undanfarin ár? Verður það betra, þegar hann þarf einnig að borga afborganir af lánum, sem nú eru tekin?

Framsfl. flutti frv. á síðasta þingi og hefur lagt það fyrir aftur um breytingu á hafnarlögum, er í voru mörg og merk nýmæli, þ. á m. aukin hlutdeild ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum og ákvæði um greiðsluskyldu ríkisins. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að skýra, hversu fráleitt það er að veita til hafna, sem leggja í framkvæmdir upp á nokkra tugi millj., fjárveitingar, sem eru 500—700 þús. kr., eins og nú er gert. Það sýnir skilning valdhafanna á undirstöðuatriðum atvinnulífsins, þegar fjárlagafrv. hækkar um 850 millj. kr., að ekki skuli vera unnt að auka um eina krónu framlag til framkvæmda í hafnargerð. Þar má koma við sparnaði.

Annar málaflokkur, sem hæstv. ríkisstj. sá ekki ástæðu til að hækka fjárveitingu til, ekki einu sinni eftir reglulegum dýrtíðarvöxtum, eru nýbyggingar barna- og gagnfræðaskóla. Ástandið í þeim málum er þó þannig, að það eru 25 skólamannvirki, sem fjárveiting var veitt til á fjárl. 1964—65, sem ekki hefur verið fengið leyfi til að hefja framkvæmdir við enn þá þrátt fyrir valfrelsi „viðreisnarstjórnarinnar". Auk þess eru 15 skólamannvirki frá síðasta ári, sem fengu þá fjárveitingu til undirbúnings, en ekki til framkvæmda. Það eru því alls 40 skólamannvirki, 30 barnaskólar og 10 gagnfræðaskólar, sem Alþ. hefur þegar viðurkennt nauðsyn á, að framkvæmdir skuli hafnar við, en standa þó enn við lokaðar dyr valfrelsisstjórnarinnar. Í þriðja flokki eru svo 25 skólamannvirki, sem enga áheyrn hafa hlotið við umsóknum sínum. Gerir hæstv. ríkisstj. sér ekki grein fyrir því, að þegar hún sýnir þá rausn að hækka fjárveitingar við hvert embættið á fætur öðru um 30—40%, eins og nú er gert, krefst þjóðin þess, að skólarými sé til, a. m. k. svo að börn og unglingar geti stundað skyldunám?

Eitt af þeim málum, sem verulegum deilum olli hér á hv. Alþ. við fjárlagaafgreiðsluna á síðasta þingi, var sú ákvörðun hæstv. ríkisstj. að fella niður á fjárl. þær 47 millj. kr., sem voru á fjárl. 1964—65 veittar til vegamála. Þegar frv. að nýjum vegal. var til meðferðar á hv. Alþ. í des. 1963, varð samkomulag um afgreiðslu málsins og því þá heitið, að fjárveiting á fjárl. yrði ekki lægri en þær 47 millj. kr., er þá voru veittar. Máli mínu til sönnunar þar um vil ég, með leyfi hæstv. forseta, tilfæra ummæli úr ræðu hæstv. samgmrh., Ingólfs Jónssonar, er hann flutti hér á hv. Alþ. 17. des. 1963, en þar segir svo m. a.:

„Engin hætta er á því, alveg útilokað, að ríkisframlag til veganna verði lækkað. Það er alveg útilokað. Þörf fyrir aukið vegafé frá ríkissjóði verður fyrir hendi, þó að vegamálunum hafi verið tryggt fé með benzíngjaldi, þungaskatti og gúmmígjaldi."

Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu var fjárveitingin felld niður. Það hefði mátt ætla, að þegar hæstvirt ríkisstjórn ráðstafar 850 millj. kr. til viðbótar fyrri tekjum, væri hægt að sjá af 47 millj. kr. til vegamála, ekki síst þegar það er haft í huga, að gert er ráð fyrir 45 millj. kr. tekjuviðbót af leyfisgjöldum af bifreiðum. Ástandið í vegamálum hér á landi er slíkt, að lágmarkskrafa um fjárframlög frá ríkissjóði er, að öll leyfisgjöld af bifreiðum, 170 millj. kr., gangi til nýbygginga á vegum. Umferðin er víða orðin það mikil, að hún krefst þess, að vegir verði gerðir úr varanlegu efni, svo sem Austurvegur til Selfoss, a. m. k., hluti af Vesturlandsvegi og fjölförnustu vegir norðanlands og austan. Við eigum líka eftir að ljúka hringvegi umhverfis landið, auk ótalmargra smærri verkefna.

Hæstv. ríkisstj. verður að gera sér grein fyrir því, að þegar hún hækkar fjárlög á einu ári um 800—900 millj. kr. og hækkar fjárveitingu til margra embætta um 30—40% og þenur þannig út ríkiskerfið, una þeir illa og það að vonum, sem byggja hafnir og fá ekkert af viðbótarfénu, — þeir, sem neitað er um að byggja skóla, þótt þörfin sé brýn, — þeir, sem aka ófæra vegi, en greiða þó alltaf meira og meira fé til ríkissjóðs, — og þeir, sem bíða eftir rafmagni, en fá aðeins um 12% hækkaða fjárveitingu, sem nægir ekki til að framkvæma svipað verk og gert var á s. l. ári.

Hér að framan hef ég eingöngu rætt um útgjaldahlið fjárlagafrv., en nú mun ég snúa mér að tekjuáætluninni. Það, sem fyrst vekur athygli mína þar, er, að engin skýring er gefin á 2. gr. fjárlagafrv., þ. e. tekjum af sköttum og tollum. Hún er þó ekki ómerkilegri en það, að ætlazt er til, að hún gefi ríkissjóði tekjur að fjárhæð 4 milljarðar 63 millj. kr. og hækkar frá gildandi fjárl. um 774 millj. kr. Vonandi er hér um handvömm að ræða, þótt ótrúlegt sé, og hefur slíkur atburður ekki hent, síðan ég fór að kynnast fjárlagafrv. hér á hv. Alþ. fyrir áratug. Það vekur athygli, að gert er ráð fyrir, að tekjur af tekju- og eignarskatti hækki um 46% á næsta ári. Ef gerður er samanburður á tekjum þessa fjárlagafrv. af sköttum og tollum og fjárlagafrv. 1959, kemur í ljós, að hækkunin er 576%. Góðar efndir á fyrirheitinu um lækkun skatta og tolla, þetta!

Það kemur mjög greinilega fram hringlandaháttur og stefnuleysi hæstv. ríkisstj. í sambandi við fjárlagaafgreiðslu á s. l. ári og verðlagsmálin. Þegar verið var að afgreiða fjárl. fyrir árið 1966, fór ríkisstj. víða til fanga og hirti þá ekkert um það, þó að tekjustofnar þeir, er þá voru upp teknir, hækkuðu verðlag og vísitölu jafnharðan. Þannig var það með

rafmagnsskattinn, sem hækkaði allt rafmagnsverð í landinu um 10—20%. Sama er að segja um hækkun á flutnings- og fargjöldum, sem voru afleiðing af hækkuðum benzín- og þungaskatti. Hætt var niðurgreiðslum á nokkrum vörutegundum á s. l. vori, og nam sú upphæð um 50—60 millj. kr. Allar þessar ráðstafanir og fleiri, sem hér eru ótaldar, voru gerðar vegna þess, að að dómi ríkisstj. stóð fjárhagur ríkissjóðs svo illa, að leita varð allra ráða til þess að bjarga honum. Afleiðingin varð sú, að verðlagsvísitalan hækkaði um nokkur stig um sumarmánuðina, en þá fóru viðhorfin í verðlagsmálum að breytast. Dag einn í septembermánuði var tekin ákvörðun um að hækka niðurgreiðslur um ca. 100 millj. kr., og nú voru nógir peningar til í ríkissjóði til þess að framkvæma þá ákvörðun. Og þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1967 er lagt fram hér á hv. Alþ., sýnir það sig, að tekjustofnarnir, sem talið var mjög hæpið að skiluðu þeirri fjárhæð, sem þeim var ætlað á s. l. ári, eru taldir skila á næsta ári 852 millj. kr. hærri upphæð en þá var áætluð. Og nú dregur enginn hv. þm. stjórnarliðs í efa, að tekjustofnarnir skili sínu. Hins vegar er nú komið upp nýtt vandamál, sem enginn þeirra stjórnarliða hafði áhyggjur af á s. l. vori, eða fram eftir þessu ári. Það er hækkun á verðlagi í landinu. Allt verður að gera til þess að stöðva verðhækkanir, segir hæstv. ríkisstj. Ekki stendur á forustu okkar þar um. — Og nú skorar hún á fólkið í landinu, hvar í flokki sem það er, að það standi fast með ríkisstj. í því að koma verðstöðvun í framkvæmd. Við erum, segir hæstv. ríkisstj., á vegamótum velgengni og vandræða. Það er stefnufesta þetta, eða hitt þó heldur. Eftir að ríkisstj. sjálf hefur með ráðstöfunum sínum svo að segja spanað upp verðlagið í landinu allt þetta ár, er nú þotið upp til handa og fóta og boðuð verðstöðvun, og á sama tíma og það er gert réttir ríkisstj. fram fjárlagafrv., sem er 800—900 millj. kr. hærra en gildandi fjárlög. Það er meiri hækkun en nokkru sinni fyrr á fjárl. og boðar að taka um 46% hærri tekju- og eignarskatt en á yfirstandandi ári. Það eru hraustir menn, hæstv. ráðh. okkar, að bera slíkt á borð samtímis, og trúgjarnir, ef þeir halda, að þetta tvennt sé framkvæmanlegt: að stöðva verðlagið og hækka fjárl. eins og hér er stefnt að. Ríkisstj., sem þannig heldur á málum, nýtur að vonum ekki þess trausts, sem hún þarf að njóta, til þess að taka á verðbólgunni eins og þörf er, enda veit enginn, hvort sú stefna, sem boðuð er úr stjórnarherbúðunum í dag, endist fram í næsta mánuð eða lengur. Ef að líkum lætur, eru litlar vonir til þess.

Í ræðu minni hér að framan hef ég að mestu haldið mig við að ræða fjármál ríkisins og framkvæmd hæstv. ríkisstj. á þeim. Ég mun nú víkja nokkrum orðum að stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum og horfum í þeim málum í dag, en vil fyrst vekja athygli á þeim möguleikum, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft á því að koma stefnu sinni í framkvæmd.

Ríkisstj. tók í sínar hendur strax í upphafi valdatímabilsins stjórn á peninga- og bankamálum í landinu. Hún hefur látið Seðlabankann framkvæma þá stefnu með því að hækka vexti, stytta lánstíma fjárfestingarlána, frysta hluta af sparifénu. Hún hefur sjálf, ríkisstj., staðið í beinum samningum um kaup og kjör við verkalýðinn undanfarin ár og einnig átt hlut að verði landbúnaðarafurða. Allt stjórnartímabilið hefur verið góðæri og nú síðustu árin afbragðsárferði, svo að aflabrögð hafa verið slík, að þau eru tvöföld á við meðalaflaár. Allt hefur selzt, er á land hefur komið, fyrir hærra verð en nokkru sinni fyrr. Það er ekki fyrr en á þessu ári, að á því hefur orðið breyting. Þetta stutta yfirlit sannar, að stefna ríkisstj. hefur getað notið sín og ríkisstj. hefur ekki við neinn að sakast nema sjálfa sig, hvernig komið er í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Og hvernig er ástandið í atvinnumálum þjóðarinnar í dag? Það er í stuttu máli þannig, að helmingur togaraflota landsmanna er annaðhvort seldur úr landi eða bundinn við bryggju. Engin endurnýjun hefur átt sér stað á þeim flota síðustu árin og allt í yfirvofandi hættu með áframhald þeirrar atvinnugreinar. Sá hluti bátaflotans, sem aflar hráefnis fyrir frystihúsin, hefur ekki starfsgrundvöll. Ár er liðið síðan ríkisstj. tók það mál í sínar hendur með skipun n., en ekkert hefur enn þá heyrzt þrátt fyrir mjög alvarlegt útlit um áframhaldandi rekstur þessarar mikilvægu atvinnugreinar. Frystihúsin loka nú hvert af öðru vegna rekstrarfjárskorts og vegna þess, að rekstrargrundvöll vantar sökum verðbólgu og skorts á hráefni. Flest iðnaðarfyrirtæki í landinu eiga í vök að verjast vegna dýrtíðar og rekstrarfjárskorts og harðrar samkeppni frá erlendum fyrirtækjum. Sum iðnaðarfyrirtækin hafa orðið að hætta rekstri sínum vegna þess, hvernig stjórnvöldin búa að þessari atvinnugrein, og æ fleiri eru í hættu um, að rekstur þeirra stöðvist. Ekkert mun þó geta haft jafnmikil áhrif til viðhalds jafnvægi í byggð landsins og aukinn og vel rekinn iðnaður. Þetta er flestum ljóst nema hæstv. ríkisstj. Hennar orka og umhyggja fer til þess að hagræða fyrir erlendum fyrirtækjum til atvinnurekstrar í landinu.

Hver er ástæðan fyrir þessu erfiða ástandi atvinnuveganna mitt í góðærinu? Ég hef hér að framan sýnt fram á stjórnleysi og hringlandahátt hæstv. ríkisstj. Það hefur sitt að segja um ástand þessara mála, en aðalástæðan er þó álöguæði það, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið haldin af. Hún mun ekki láta sér nægja að innheimta til ríkissjóðs 576% hærra í sköttum og tollum, eins og stefnt er að með þessu fjárlagafrv., heldur hefur hún hrúgað saman alls konar sérsköttum svo að segja með hverju máli. Má þar nefna launaskatt, bændaskatt, iðnlánasjóðsgjald, veitingahússkatt, margfaldaðan benzín- og þungaskatt, sementsskatt, timburskatt, umferðarskatt, ríkisábyrgðasjóðsgjald og e. t. v. eitthvað fleira. Þar við bætast svo háu vextirnir og óhagstæð

fjárfestingarlán. Allt þetta skattafargan og ráðstafanir í peningamálum hafa verið hugsaðar af hendi valdhafanna sem tæki, sem gerði þeim auðveldara að stjórna efnahagsmálunum og þjóðinni. Allt hefur þetta mistekizt. Dugnaður og framsækni fólksins í landinu hefur komizt yfir allar hindranir og því tekizt að halda fram gegn rangri stjórnarstefnu með síaukinni orku. Þetta hefur í för með sér, að allar ráðstafanir stjórnarvaldanna, svo sem háu vextirnir og háu skattarnir, leika nú lausum hala í efnahagsmálum þjóðarinnar og verka þar sem aflgjafi á vöxt verðbólgunnar. Hæstv. ríkisstj. situr eins og illa gerður hlutur, úrill og úrræðalaus, mitt í vandræðaástandinu, sem nú er að skapast, og rembist eins og rjúpa við staur að halda sér í ráðherrastólunum og kenna öðrum um sín eigin mistök, — þessi mistök, sem eru orðin það alvarleg, að hæstv. forsrh. sendi út neyðarskeyti til stjórnarandstöðunnar á Varðarfundinum í gærkvöld og bað þá um aðstoð, sem var eitthvað á þá leið: Okkur sýnist sem góðærið sé að verða búið í bili. Viljið þið hjálpa okkur til þess að hanga í ráðherrastólunum fram yfir kosningar? Eftir það þurfum við ekkert á ykkur að halda, ef við vinnum þær.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu, en vil að lokum undirstrika þetta: Í fyrsta lagi: hækkun þessa fjárlagafrv. er slík, að undrum sætir. Frv. er að fjárhæð 4 milljarðar 652 millj. kr., þ. e. sama fjárhæð og níu fjárlög Eysteins Jónssonar voru á árunum 1950—1958. Þau voru samtals 4 milljarðar 654 millj. kr. Ekki var að undra, þó að þeim Morgunblaðsmönnum þættu þau fjárlög há. Í öðru lagi hef ég vakið athygli á þeim vinnubrögðum, sem hæstv. ríkisstj. greinir frá, að viðhöfð séu við stjórn á fjármálum ríkisins. Í þriðja lagi hef ég bent á þá eyðslu og útþenslu í ríkiskerfinu, sem einkennir þetta fjárlagafrv. Í fjórða lagi er sýnt fram á það, hve hlutur verklegra framkvæmda rýrnar með hverju fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. Í fimmta lagi hef ég vakið athygli á hinu alvarlega viðhorfi í atvinnumálum þjóðarinnar. Í sjötta lagi hef ég sýnt fram á það, að hæstv. ríkisstj. hefur fengið góð tækifæri til þess að stjórna málefnum þjóðarinnar, en vegna rangrar stjórnarstefnu og hringlandaháttar hefur það mistekizt. Í áttunda lagi legg ég áherzlu á það, að hér verður engu um þokað til umbóta í fjármálum ríkisins nema með breyttri stjórnarstefnu.

Að allra síðustu þetta: Ef hæstv. ríkisstj. hefur talið sig eiga það erindi, er hún hóf ferð sína í valdastólana, að stjórna málefnum þjóðarinnar, hefur hún fyrir löngu gleymt erindinu. Það er því mikils virði fyrir þjóðina, að stutt er nú að ferðalokum. — Góða nótt.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Stuðningsflokkar ríkisstj. hafa frá upphafi stjórnarsamstarfsins stefnt að því að hafa ríkisbúskapinn hallalausan, og þegar litið er á öll árin til samans frá 1960, hefur þetta tekizt þrátt fyrir nokkurn halla á árunum 1964—1965. Þetta er mjög mikilvægur árangur af þeirri efnahagslegu viðreisn, sem átt hefur sér stað, og í því frv. til fjárl. fyrir árið 1967, sem hér liggur fyrir, er enn fylgt sömu stefnu, þar sem greiðslujöfnuður á sjóðsyfirliti er áætlaður rúmlega 150 millj. kr., eftir að varið hefur verið til afborgana lána og til eignaaukninga rúml. 236 millj. kr. Láta mun nærri, að um fimmti partur þjóðarteknanna fari um ríkissjóðinn, og er af því augljóst, hversu mikilvægt það er, að jafnvægi sé í ríkisbúskapnum og helzt að hann sé gerður upp með sem ríflegustum greiðsluafgangi, þegar vel árar.

Ríkisreksturinn er margþættur, og auk alls konar þjónustu, félagsmála og framkvæmda á ríkisins vegum þykir nú á dögum einnig sjálfsagt, að ríkissjóður stuðli að eflingu atvinnuveganna og styrki þá, ef með þarf. Greiðslugeta ríkissjóðs og lánstraust verður þess vegna að vera öruggt, þannig að starfsemi ríkisins komi að því gagni, sem til er ætlazt, og jafnan eru uppi till. um það, að starfssvið ríkisins sé aukið. Á tímum mikillar verðþenslu eins og undanfarin ár er greiðsluafgangur ríkissjóðs enn fremur mælikvarði á það, hvort ríkisrekstrinum hafi verið hagað þannig, að hann stuðli að fjárhagslegu jafnvægi. Af þessum ástæðum m. a. er afgreiðsla fjárl. jafnan eitt mikilvægasta málið, sem fyrir Alþ. kemur, og getur ráðið miklu um þróun efnahagsmálanna, a. m. k. á því ári, sem þau ná til hverju sinni, og oft lengra fram í tímann. Hefur t. d. komið fyrir, að orðið hefur að hækka skatta mjög verulega, til þess að unnt væri að hlaupa undir bagga með atvinnuvegunum, og hafa af því stafað ótal keðjuverkanir í efnahagslífinu og jafnvel farið svo, að stuðningurinn, sem veita átti, hefur orðið harla lítils virði og ekki náð tilgangi sínum. Þegar þannig hefur farið, hefur það stafað af því, að staða ríkissjóðs hefur raunverulega verið of veik, og ef vel hefði átt að vera, hefði þurft að veita atvinnuvegunum stuðning án þess að leggja á nýja skatta.

Nú er þannig ástatt um sumar greinar útflutningsframleiðslunnar, að þær standa höllum fæti vegna verðfalls á erlendum mörkuðum, verðbólgu hér innanlands og af ýmsum fleiri samverkandi orsökum, og er greinilegt, að þessar mikilvægu framleiðslugreinar þurfa stuðnings með, ef ekki á svo að fara, að þær stöðvist eða dragist saman, þannig að við fáum á ný að kynnast atvinnuleysi, sem verið hefur óþekkt í mörg ár. Vonandi eru a. m. k. sumir þeir erfiðleikar, sem um er að ræða, tímabundnir, en samt þarf að gera ráðstafanir til þess að mæta þeim og sigrast á þeim. Og hvernig er þá ríkissjóður undir það búinn að taka þennan vanda á sig, eins og nú er ástatt? Langsamlega stærsti þátturinn í þeim vanda, sem við er að etja, er verðbólgan. Hún hefur veikt starfsgrundvöll útflutningsatvinnuveganna meira en nokkuð annað, og sú staðreynd, að ekki hefur fyrr komið til stöðvunar, byggist eingöngu á því, að verðlag hefur að undanförnu verið mjög hagstætt erlendis á flestum

útflutningsafurðum sjávarútvegsins. Nú hefur hins vegar brugðið svo við, að veruleg lækkun hefur orðið á síldarlýsi, síldarmjöli og freðfiski á erlendum markaði, og verðlagið þar er þess vegna ekki lengur sú vörn gegn hinum innlenda verðbólguvexti, sem áður var. Gagnráðstöfunin, sem gera þarf, liggur í augum uppi: Það verður að stöðva verðbólguvöxtinn innanlands, hvað sem það kostar. Og það kostar mikið, það vitum við, því að verðhækkanirnar nú í haust á landbúnaðarafurðum og ýmsu fleiru mundu valda allt að 9—11 stiga hækkun framfærsluvísitölunnar, ef ekkert væri að gert. Hækkun kaupgreiðsluvísitölu mundi þá nema um 5% og verðbólguskriðan halda áfram með fyllsta þunga.

Þeirri byrði, sem af þessu mundi leiða, getur ríkissjóður nú létt af atvinnuvegunum með því að taka á sig kostnaðinn við að greiða niður þessa miklu hækkun. Þá aðstoð er nú hægt að veita, án þess að grípa þurfi til nýrra skatta eða samdráttar, og þess vegna er þessi leið til stöðvunar verðbólgunnar nú líklegri til árangurs en oft áður, þótt hún sé ekki frambúðarlausn á vandamálum verðbólgunnar í heild. En það þarf fleira til að koma en það, að ríkissjóður leggi fram fé í niðurgreiðslurnar, og leyfi ég mér í því sambandi að vitna til orða hæstv. forsrh. í tilkynningu ríkisstj., er hann flutti hér á þessum stað s. l. fimmtudag. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Skilyrði þess, að stöðvun verðlags fyrir atbeina ríkisvaldsins takist, er, að ekki séu gerðar aðrar ráðstafanir, sem leiða hljóta til verðhækkana, og veltur þá á miklu, að í þeim efnum takist samvinna milli ríkisstj. og Alþingis annars vegar og stéttarfélaga verkalýðs og annarra launþega og atvinnurekenda hins vegar.“

Í sömu tilkynningu gat hæstv. forsrh. þess, að þegar hefði verið ákveðið að auka niðurgreiðslur vegna hækkunar búvöruverðsins og ríkisstj. hefði nú til athugunar fleiri ráðstafanir í þá átt að draga úr áhrifum verðhækkana frá 1. ágúst. Það hefur þegar sýnt sig, að þessar aðgerðir mælast vel fyrir. En til þess að þær beri tilætlaðan árangur, þurfa þær að mæta almennum skilningi, þannig að verðlaginu verði haldið í skefjum á öllum sviðum. Máltækið segir, að of seint sé að byrgja brunninn, þegar barnið sé dottið ofan í, eða m. ö. o., ef ekki sé forðað frá augsýnilegum hættum í tæka tíð, séu slysin sjálfskaparvíti. Nú er augsýnileg hætta fram undan í atvinnulífinu, ef haldið er áfram að magna verðbólguna hér innanlands meira en í nokkru öðru nágranna- og viðskiptalandi. Sú þróun hlýtur að enda með stórslysi, ef ekki er spyrnt við fótum í tæka tíð. En það er miklu hægt að bjarga, ef farið er nú að ráðum ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, og niðurgreiðsluleiðin er nú vel fær, eins og ég áðan sagði, vegna góðrar afkomu ríkissjóðs og þess aðhalds, sem beitt hefur verið í ríkisrekstrinum að undanförnu.

Það er margt í þessu fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, og í upplýsingum hæstv. fjmrh. um afkomu þessa árs, sem sanna þetta. Þannig hækkar tekjuhlið frv. 4.4% meira en gjaldahliðin, þrátt fyrir óbreytta skatta og þrátt fyrir það, að ýmsir útgjaldaliðir eru nú áætlaðir af meira raunsæi en oft áður. Þau vinnubrögð eiga að tryggja það, að Alþ. fái sem sannasta mynd af útgjaldaþörfinni, eftir því sem hægt er að búast við á verðbólgutímum, og umframgreiðslur umfram fjárlög ættu að minnka, þegar áhrifa þessara vinnubragða fer að gæta enn betur. Nú, þegar þessum vinnubrögðum er beitt í fyrsta skipti, hefur ýmiss konar útgjaldaþörf ríkisstofnana verið viðurkennd í fjárlagafrv., sem undanfarið hefur verið raunveruleg og greidd úr ríkissjóði með umframgreiðslum umfram fjárlög. Einnig eru nú teknar inn í frv. 80 millj. kr. til aðstoðar fyrir sjávarútveginn, en í ár og s. l. ár var sú aðstoð ákveðin með sérstökum lögum, eftir að afgreiðslu fjárl. var lokið. Af þessu stafar að sjálfsögðu að nokkru leyti sú 18% hækkun útgjalda, sem frv. gerir ráð fyrir, en að öðru leyti má rekja útgjaldahækkunina til hinnar almennu verðþenslu. Þannig nemur hækkun fastra launa um 25% frá fjárl. þessa árs, skrifstofukostnaður hefur almennt verið ráðgerður 20—25% hærri, og ferðakostnaður innanlands hækkar um 25—30%, að því er upplýst er í aths. með frv. Hjá ríkinu og ríkisstofnunum mun vera talið, að við hvert stig, sem framfærsluvísitalan hækkar, hækki launagreiðslur um allt að 10 millj. kr. Niðurgreiðsla vísitölunnar um 9—11 stig mundi þannig forða ríkinu frá 90—110 millj. kr. hækkun gjalda, en mundi samt sem áður kosta ríkissjóð 200—300 millj. kr. Ætla má, að niðurgreiðsla vísitölunnar um 9—11 stig geti forðað atvinnuvegunum frá 400—500 millj. kr. hækkun á launakostnaði, en almenningi yrði samtímis forðað frá enn þá meiri hækkunum á vöruverði og þjónustu, sem sífellt mundu halda áfram að velta upp á sig vegna vísitölutengslanna milli verðlagsins og kaupgjaldsins, og að lokum yrði ástandið óviðráðanlegt. Með þetta í huga finnst mér, að auðvelt hljóti að vera að velja stöðvunarleiðina. Og þeir menn, sem kynnu að hafna henni, mundu taka á sig þunga ábyrgð, ekki sízt gagnvart launþegum og atvinnuöryggi þeirra.

Þrátt fyrir þá erfiðleika og þá hættu, sem ég hef nú gert að umtalsefni, er engin ástæða til fyrir þjóðina að trúa því, sem stjórnarandstöðuflokkarnir halda fram um bágborinn efnahag og allsherjarhrun atvinnuveganna. Stjórnarandstæðinga hefur dreymt sama móðuharðindadrauminn í 7—8 ár og alltaf haldið á hverjum morgni, að nú mundi draumur þeirra rætast þann daginn. En allan þennan tíma hefur það verið að gerast, að efnahagurinn hefur farið batnandi, atvinnuleysi hefur verið óþekkt og þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa aukizt meira en hjá flestum öðrum þjóðum. Við höfum eignazt meiri varanleg verðmæti en nokkurn tíma áður, og þessi efna-

hagslegi bati nær ekki aðeins til fárra útvaldra, heldur til þjóðarinnar allrar. Þannig erum við nú betur undir það búnir en nokkurn tíma fyrr að mæta aðsteðjandi erfiðleikum, jafnvel miklum erfiðleikum. En við skulum þó vona, að sú blika, sem nú er á lofti, sé tímabundin. Það er margt til marks um batann í efnahagslífinu og árangur viðreisnarinnar á liðnum árum, og blasir flest af því við allra augum. En ef við viljum kynna okkur það betur, höfum við m. a. fyrir framan okkur skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til hagráðs um ástand og horfur í efnahagsmálum. Í henni koma m. a. fram eftirfarandi atriði:

Að meðaltali hefur ársvöxtur þjóðarframleiðslu numið 5½% frá 1960—1965 og vöxtur þjóðartekna 7.6%. Sé árið 1961 ekki talið með, en á því ári dró langt verkfall úr framleiðslunni, er vöxturinn enn örari eða 6.4% fyrir þjóðarframleiðslu og 8.2% fyrir þjóðartekjur frá 1961—1965. Mest er aukningin í fiskveiðum og fiskvinnslu eða um 8—9% að jafnaði s. l. 5 ár, svo og í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, en þar er aukningin um 10% til jafnaðar á ári. Aukning þjóðarframleiðslu til jafnaðar á mann frá 1961—1965 nemur 4.6%, en aukning þjóðartekna 6.3%, og er þetta örari hagvöxtur en þekkist á sama tíma í nokkru öðru iðnþróuðu landi innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar, að Japan undanskildu. Ekki ber þetta vott um hrun. Orðrétt segir í skýrslunni um hlutdeild launþega í þjóðartekjunum:

„Launþegar hafa því að fullu notið góðs af hinni miklu aukningu þjóðartekna á undanförnum árum og haldið þeirri hagstæðu hlutdeild í þjóðartekjunum, sem þeir höfðu áður náð á árinu 1960."

Þetta er betur skýrt nokkru síðar, þar sem segir um aukningu raunverulegra atvinnu- og ráðstöfunartekna launþega orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé reiknað frá því ári" — þ. e. 1961 — „telst heildaraukningin yfir 4 árin frá 1961—1965 vera 37—41% og meðalaukningin á ári 8—9%. Aukning raunverulegra þjóðartekna á mann var á sama tíma 6.3%."

Samkv. þessum tölum er aukning rauntekna launþega á umræddu tímabili nokkru meiri en aukning raunverulegra þjóðartekna. En vegna ýmissa fyrirvara við útreikningana er ekki fullyrt meira í skýrslunni en það, að launþegar hafi fyllilega notið góðs af hinni miklu aukningu þjóðarteknanna. Ekki ber þetta vott um aukið arðrán eða launakúgun, og yfirlit skýrslunnar um þróun kaupgjalds sýnir meðalhækkun kauptaxtanna á ári frá 1960—1965 um 15%, en á sama tíma er árleg meðalhækkun í iðnaðarlöndum Vestur-Evrópu um 8%. Þá er í skýrslunni athuguð aukning kaupmáttar meðalkaupsins á vinnustund, og kemur í ljós, að alls hefur kaupmættinum samkv. vísitölu framfærslukostnaðar skilað fram um tæp 28% frá 1960 til 1. júní 1966, en það samsvarar 4.2% meðalaukningu á ári. Að þessu leyti hefur þannig þrátt fyrir allt verið haldið í horfinu og vel það í kapphlaupinu við hina ört vaxandi dýrtíð hér á landi, en verðlagið hefur hækkað að meðaltali á ári 1960—1965 um 11—12.4%, eftir því, hvort miðað er við vísitölu framfærslukostnaðar eða vísitölu neyzluvöruverðlags. Á sama tíma hefur meðalhækkun verðlagsins í 11 Evrópulöndum verið um 4% á ári. Þá fræðir skýrslan okkur um það, að viðskiptajöfnuðurinn út á við á umræddu tímabili hafi verið hagstæður, að undanskildum árunum 1960—1963, þrátt fyrir sérstaklega mikinn innflutning skipa og flugvéla, sem komst upp í 938 millj. kr. árið 1964, og bifreiðakaup, sem námu um 520 millj., á útsöluverði að vísu, árið 1963. Einkaneyzla og samneyzla, þ. e. rekstrarútgjöld vegna þjónustu hins opinbera við borgarana, en þó ekki fjárfesting og styrkir, hafa hvor um sig aukizt um 5.1%, og er það svipað og raun hefur á orðið í öðrum löndum. Fjármunamyndunin aftur á móti jókst frá 1960—1965 um 7% á ári, og er það örari meðalvöxtur en í 11 Evrópulöndum, þar sem hann var 6.5%.

Heildarupphæð fjármunamyndunar á síðasta ári nam 5600 millj. kr. á verðlagi þess árs, og svarar það til 27.6% allrar þjóðarframleiðslunnar. En annars hefur fjármunamyndunin verið breytingum háð frá ári til árs. 1963 jókst hún um 30.7%, 1964 um 17.6%, en hélzt svo að heita mátti óbreytt 1965. Í skýrslunni segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnuvegirnir hafa haft forustuna í þeirri þróun, sem átt hefur sér stað síðan 1962. Árið 1965 var fjármunamyndun á þeirra vegum 61% meiri að magni en árið 1962. Sama ár var fjármunamyndunin í íbúðabyggingum 62% meiri en 1962 og í opinberum framkvæmdum 43% meiri. Þó var fjármunamyndun atvinnuveganna enn meiri 1964 heldur en 1965. Á því ári voru gerð meiri kaup fiskiskipa en nokkurt ár síðan 1960 og langhæst kaup flutningatækja, sem nokkru sinni hafa verið gerð, eða um 60% meiri en árið 1947, er þau voru mest áður. Fjármunamyndunin í fiskiðnaði hefur verið mjög svipuð frá og með árinu 1962, er miklar framkvæmdir hófust í síldariðnaði, en þá var fjármunamyndun í fiskiðnaði alls um 57% meiri en að meðaltali 5 síðustu árin á undan, 1957—1961. Fjármunamyndun í öðrum iðnaði en vinnslu sjávarafurða hefur aukizt mjög mikið. Var hún um 75% meiri 1965 heldur en 1963, en hafði nærfellt tvöfaldazt frá 1960. Meginhluti þeirrar aukningar féll á árið 1963. Fjármunamyndun í landbúnaði hefur aukizt jöfnum skrefum, en einnig mjög ört, var árið 1965 um 50% meiri en 1962, en um 78% meiri en 1960. Aukningin er hvað fyrirferðarminnst í byggingu verzlunar-, skrifstofu- og gistihúsa, sem árið 1965 var 45% meiri en 1962 og 65% meiri en 1960. Íbúðabyggingar drógust talsvert saman árið 1961, en hafa aukizt mjög ört frá árinu 1962 eða alls um 52% til 1965. Langmest varð aukningin árið 1963, 28%. Íbúðabyggingarnar hafa farið talsvert fram úr því, sem þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin gerði ráð fyrir, þannig að þær

munu samsvara um 1600 íbúðum á ári 1964—66 í stað 1500 íbúða samkv. áætluninni. Auk þess hefur meðalstærð íbúðanna aukizt. Fjármunamyndun í mannvirkjum og byggingum hins opinbera var árið 1965 43% meiri en 1962, en um 58% meiri en 1960. Mest varð aukningin 1963, 17%, en hefur farið minnkandi síðan."

Ég læt þessi sýnishorn af úttekt Efnahagsstofnunarinnar á tímabilinu 1960—1965 nægja að sinni. Þau tala sínu máli um blómlegt atvinnulíf og batnandi efnahag. Hið sama verður uppi á teningnum, ef blaðað er í samanburðarskýrslum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, t. d. fyrir árið 1964. Samkv. þeim urðu þjóðartekjurnar reiknaðar í dollurum á mann það ár hæstar í Bandaríkjunum, um 3330 dollarar, en Ísland var í 5. sæti, næst á eftir Svíþjóð, Kanada og Sviss, með 2110 dollara. Þátttökuríkin í Efnahagsstofnuninni eru 21 talsins. Fjármunamyndun var hæst í Sviss, 650 dollarar á mann, en Ísland er í 2. sæti með 590 dollara, næst á undan Bandaríkjunum, Svíþjóð og Kanada. Í einkaneyzlu á mann var Ísland í 3. sæti með 1350 dollara, aðeins Bandaríkin og Kanada voru hærri. Og í bílaeign og talsíma var Ísland í 6. sæti.

Þetta, sem ég nú hef rakið, vitnar allt gegn stjórnarandstöðunni og þeim áróðri hennar, að við höfum verið að gera þá ríku ríkari og greitt fyrir því, að ofsagróði safnaðist á fárra manna hendur. Allt slíkt tal er úr lausu lofti gripið og sömuleiðis söngurinn um allsherjarhrunið, sem nú er upphafinn, aðallega í tilefni af erfiðleikum togara, minni vélbáta og hraðfrystihúsa, og skal þó engan veginn gert of lítið úr þeim vanda, sem þar er við að glíma. Þau vandamál hefðu fyrir nokkrum árum haft í för með sér mikið umrót í þjóðfélaginu og naumast verið hægt að leysa þau án gengisfellingar, eða hliðstæðra ráðstafana, af því að þá höfðum við ekki efni á því að fara aðrar leiðir. Í dag er allt öðruvísi ástatt og margt er hægt að gera til aðstoðar þessum mikilvægu atvinnugreinum einmitt vegna þess, að viðreisnin hefur borið árangur og fjárhagsafkoma þjóðarinnar er traustari en nokkru sinni fyrr. Þessi mál eiga eftir að koma fyrir þingið, svo sem boðað hefur verið, og gefst þá tækifæri til að fjalla nánar um þau.

Sá vandi, sem við er að etja, á rætur sínar í ýmsu fleiru en dýrtíðinni, og þarf að kanna rækilega mörg önnur vandamál en þau, sem beinlínis leiðir af vaxandi dýrtíð. Tökum t. d. togarana. Þeirra vandi er m. a. sá, að afli þeirra hefur minnkað stórkostlega. Á fyrstu árunum eftir stríðið var algengt, að hvert skip aflaði um 5000 tonn á ári, og á karfaveiðunum komst aflinn jafnvel hærra. Nú mun meðalafli vera nálægt 2000 tonnum á skip á ári. Og þessi mikli mismunur leiðir að sjálfsögðu til lélegri afkomu skipanna.

Þá vaknar sú spurning, hvernig á þeim mikla mismun standi, og hafa dagblöðin hér í Reykjavík svo lengi og oft haldið því fram, að þetta megi rekja til þess, að togararnir hafi misst hefðbundin fiskimið við útfærslu landhelginnar, að sumir eru farnir að trúa þessu og telja, að mestallan vanda togaranna megi leysa með því að veita þeim aukin leyfi til fiskveiða í landhelginni. Hef ég heyrt talað um, að með því móti megi auka ársafla hvers togara um 600 tonn. Við þetta er tvennt að athuga. Í fyrsta lagi hafa íslenzk togveiðiskip og dragnótaskip nú þegar mjög víðtækar undanþágur til veiða innan fiskveiðilandhelginnar. Mega þau sums staðar veiða allt árið um kring á yztu 4 mílunum, en annars staðar mega þau veiða í 4—6 mánuði á ári á 4—8 mílum yzt í landhelginni, en það er breytilegt eftir stöðum. Og þar eð þessar undanþágur miðast við grunnlínurnar frá 1958, ná þær sums staðar, t. d. á Selvogsbanka, langt inn fyrir núgildandi grunnlínur. Vestfirðir eru eini landshlutinn, þar sem engar undanþágur eru leyfðar. Blaðaskrifin um útilokun frá hefðbundnum fiskimiðum eru þannig vægast sagt ónákvæm.

Í öðru lagi er það engan veginn víst, að afli hvers togara mundi aukast um 600 tonn, þótt undanþágur þeirra yrðu auknar, svo mjög hefur afli íslenzkra, brezkra og þýzkra togara minnkað á hverja sóknareiningu, og setja fiskifræðingar þá útkomu í samband við of háa dánartölu hins kynþroska fisks og ofveiði á ókynþroska fiski, en þetta þýðir víst hvort tveggja nokkurn veginn það sama. Þannig var afli íslenzku togaranna árið 1960 1185 tonn á millj. togtíma, en hann var kominn niður í 411 tonn árið 1964, miðað við sömu einingu. Hjá vélbátunum er svipaða sögu að segja. Á vetrarvertíð 1964 var heildarafli 393 báta á svæðinu frá Hornafirði að Ísafjarðardjúpi 234146 tonn. Í ár voru gerðir út hér um bil jafnmargir bátar á þessu svæði, eða 397, og varð afli þeirra aðeins 173932 tonn, eða 60164 tonnum minni en árið 1964. Að þessu athuguðu tel ég, að ræða sú, sem hæstv. utanrrh., Emil Jónsson, flutti nýlega á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, hafi verið fyllilega tímabær og áhrifamikil aðvörun til allra þjóða um þá hættu, sem ofveiðin hefur í för með sér fyrir fiskveiðiþjóðir á Norður-Atlantshafi. Í því efni þarf samkomulag, sem nær langt út fyrir íslenzka landhelgi.

Ég hef ekki trú á því, að auknar landhelgisveiðar togara mundu skipta sköpum um afkomu þeirra, og tel þær hugmyndir, sem fram hafa komið um þetta efni, ekki vera neitt bjargráð þeim til handa. Sjálfsagt er þó að athuga þær till. vandlega eins og allt annað, sem til greina getur komið í þessu mikla vandamáli.

Hér er ekki tími til að ræða þetta mál ýtarlega. En mér virðist af því, sem fram hefur komið um togaraútgerðina, að eigi hún að halda áfram, dugi ekkert annað og minna en að keypt séu ný skip með fullkomnum tæknibúnaði, sem hægt sé að gera út með fámennari áhöfnum en tíðkast, m. ö. o. skip, sem séu hagkvæmari og ódýrari í rekstri en gömlu skipin. Vandi vélbátanna er m. a. sá, að veiðisvæði síldarinnar hafa færzt mjög til

í ár og í fyrra frá því, sem áður var, þannig að bátar undir 150 rúml. þykja nú ekki lengur gjaldgengir til síldveiða. Margir þessara báta sitja þannig uppi með dýran síldveiðiútbúnað, sem nú kemur þeim ekki lengur að notum, og flestir þeirra eru nýlegir og lítið afskrifaðir.

Ég var formaður í n. þm., sem var falið að rannsaka vandamál minni vélbáta. Sú n. gerði ýmsar athuganir á vandamálum vélbátanna og skilaði fyrir nokkru áliti sínu og till. til hæstv. ríkistj., og hafa þær verið hjá henni í athugun síðan. Að gefnu tilefni í fram kominni fsp. vil ég upplýsa, að hæstv. sjútvmrh. hefur tjáð mér, að þingflokkarnir hafi þegar fengið skýrslu okkar til athugunar sem trúnaðarmál og öllum hv. alþm. verði sent eintak af henni. Sé ég því ekki ástæðu til að rekja efni hennar hér. Þess vil ég þó geta, af því að n. var sérstaklega falið að gera till. um, hvort rétt sé að veita vélbátunum aukin réttindi til fiskveiða með dragnót eða botnvörpu í landhelgi, að n. var ekki meðmælt frekari undanþágum en nú gilda. Í n. voru auk mín Sigurður Ágústsson, Matthías Bjarnason, Lúðvík Jósefsson og Jón Skaftason.

Vandamál hraðfrystihúsanna eru samtvinnuð vandamálum útgerðarinnar og aflabrögðunum. Hraðfrystihúsin eru afkastamikil og vantar hráefni, en það fá þau ekki, nema því aðeins að unnt sé að gera út og afli fáist. Vegna mikils tilkostnaðar þurfa bæði bátar og togarar hærra verð fyrir aflann, en það geta frystihúsin ekki greitt vegna verðfallsins á hraðfrystum fiski og vegna mikils tilkostnaðar í landi. Meðan eins horfir og nú með fiskverðið, er þess vegna nauðsynlegra fyrir sjávarútveginn en flestar aðrar atvinnugreinar, að verðbólguskriðan sé stöðvuð. Takist ekki að stöðva hana, verður lítið gagn að öðrum aðgerðum. Gleymum því ekki, að sjávarútvegurinn stendur undir mestallri þeirri gjaldeyrisöflun, sem nauðsynleg er, til þess að þjóðin geti lifað hér menningarlífi á nútímavísu. Við höfum engu að tapa, en allt að vinna með því að standa vörð um það, sem áunnizt hefur á síðustu árum. Það gerum við með því að fara nú stöðvunarleiðina.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar 1. umr. um frv. til fjárlaga fer fram að þessu sinni, eru nærri 7 ár liðin frá því, er núverandi stjórnarflokkar tóku upp það nýja efnahagskerfi, sem þjóðin hefur búið við síðan og er að koma framleiðsluatvinnuvegunum í þrot eftir samfellt góðæri og aflahlaup allan þennan tíma. Þegar stjórnarflokkarnir framkvæmdu þær stórfelldu breytingar á efnahagskerfinu, gáfu þeir þjóðinni fögur fyrirheit um stöðvun verðbólgunnar, og því var lýst sem einu höfuðverkefni ríkisstj. að koma atvinnuvegunum á traustan og heilbrigðan grundvöll. Og þá var enn fremur gefið veigamikið loforð um verðlagsmál, sem vert er fyrir almenning að rifja upp nú. Það hljóðaði svo orðrétt í grg. ríkisstj. með frv. um efnahagsmálin:

„Ríkisstj. telur, að með þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem þetta frv. felur í sér, muni nýtt viðhorf skapast. Útflytjendur verða framvegis að sæta ríkjandi gengi og geta ekki fengið aukinn launakostnað endurgreiddan í hækkuðum útflutningsbótum. Þá er það einnig ætlun ríkisstj. að leyfa engar verðhækkanir á innlendum vörum og þjónustu vegna launahækkana. Með þessu móti getur því aðeins skapazt grundvöllur fyrir launahækkunum, að um sé að ræða aukningu framleiðslutekna, sem launþegi njóti góðs af fyrir sitt leyti í hækkuðu kaupi. Það er líka aðeins með þessu móti, sem launahækkanir geta orðið launþegum til raunverulegra hagsbóta."

Og þáverandi hæstv. forsrh. tók svo til orða um þetta atriði í framsöguræðu fyrir frv.:

„Það er þess vegna meginstefna ríkisstj. að beita sér fyrir því, að almennt kaupgjald verði óbreytt, þangað til aukin framleiðsla og bætt afkoma atvinnuveganna gerir það kleift að hækka laun, án þess að því fylgi verðhækkanir."

Og enn fremur sagði hann:

„Atvinnurekendurnir verða sjálfir að taka ábyrgðina á rekstri fyrirtækja sinna og telji þeir sig geta fallizt á kauphækkun, verða þeir sjálfir að geta greitt hana af afrakstri fyrirtækja sinna án hækkunar verðlags."

Þetta voru loforðin, þegar verið var að hrinda af stað þeirri stjórnarstefnu, sem eftir lengsta samfellt góðæri í sögu þjóðarinnar, að því er varðar aflamagn og viðskiptakjör, er að koma veigamiklum þáttum undirstöðuatvinnuveganna í þrot og hefur haft af verkamönnum allan þeirra hlut af auknum þjóðartekjum, svo að kaupmáttur tímakaups þeirra er lægri í dag eftir allt góðærið og uppgripaaflann en hann var 1959 eftir 15 ára samfellt síldarleysistímabil. Þetta hafa ríkisstjórnarflokkarnir m. a. gert með því að svíkja frá upphafi það fyrirheit sitt að tryggja, að launahækkunum yrði ekki mætt með verðhækkunum. Þeir hafa þess í stað afnumið svo til með öllu allt verðlagseftirlit og gefið þannig lausan tauminn í verðlagsmálum. Þótt fyrir hendi hafi verið á þessu tímabili einmitt þær aðstæður, sem stjórnarflokkarnir hafa talið nauðsynlegan grundvöll, til þess að um raunhæfar kauphækkanir ætti að vera að ræða, þ. e. a. s. aukna þjóðarframleiðslu, auknar þjóðartekjur, hefur ríkisstj. með stefnu sinni séð til þess, að kauphækkanirnar væru hirtar aftur með verðlagshækkunum.

Fulltrúar Alþb. héldu því fram þegar í upphafi, að ráðstafanir ríkisstj. mundu stórlega skerða hlut almennings með stórfelldri gengislækkun og þeim grundvallarbreytingum á skattheimtu að lækka þá skatta, sem miðast við launatekjur manna og eigur, en taka margfalt hærri upphæð í ríkissjóð í staðinn með sköttum á algengustu neyzluvörum, eftir þeirri reglu, að stærstu fjölskyldurnar greiða mest, auk þess mundu þessar ráðstafanir síður en

svo tryggja jafnvægi í efnahagskerfinu, heldur auka verðbólguna og kippa grunninum undan rekstri sjávarútvegsins. Allt er þetta nú að koma á daginn. En það er engu líkara en forkólfar viðreisnarstefnunnar hafi trúað því sjálfir, að þær beinu verðbólguráðstafanir, sem þeir voru að framkvæma, yrðu til þess að skapa efnahagslegt jafnvægi, sem m. a. mundi koma fram í því á næstu árum eftir höfuðaðgerðirnar í efnahagsmálunum, að tekjur ríkissjóðs, álögur á almenning, þyrftu ekki að hækka sem neinu næmi ár frá ári, og hæstv. núv. fjmrh. sagði við afgreiðslu fjárl. 1961, en hann var þá form. fjvn., þegar hann var að mála upp glansmyndina af væntanlegu viðreisnartímabili efnahagslegs jafnvægis, — hann sagði:

„Jafnvægi í efnahagskerfinu innanlands og viðskiptum við útlönd mun skerða mjög hina óeðlilegu árlegu aukningu ríkistekna undanfarin ár, og tekjuaukning ríkissjóðs hlýtur því á næstunni að ákvarðast af aukningu þjóðartekna og þjóðarframleiðslu."

Þegar viðreisnarstjórnin framkvæmdi höfuðaðgerðina í efnahagsmálum þjóðarinnar með stórfelldri gengislækkun, stórhækkun söluskatts og öðrum afdrifaríkum ákvörðunum, ollu þær ráðstafanir hækkun á fjárlögum ársins 1960 um 350 millj. kr., en þar með áttu slíkar hækkanir frá ári til árs að verða úr sögunni og viðreisnarstefnan að tryggja, að eftirleiðis breyttist upphæð skatta og tolla aðeins í samræmi við breytingu á þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu. En hver hefur reynslan orðið? Hvernig hefur staðizt sú framtíðarmynd, sem hæstv. núv. fjmrh. dró upp í upphafi viðreisnarinnar? Hver hefur reyndin orðið? Hún hefur orðið sú, að niðurstöðutölur fjárlaga voru árið 1960 500 millj. kr., en þess frv., sem hér liggur fyrir, 4652 millj. kr., og eiga þó án efa eftir að hækka enn í meðförum Alþingis, þ. e. a. s. hækkunin nemur a. m. k. yfir 200%. Áætlað er, að þær tekjur, sem ríkissjóður innheimtir af landsmönnum á næsta ári, hækki um ríflega 850 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum, — 850 millj. kr. hækkun á einu ári eða hækkun sem svarar til 4500 kr. á hvert mannsbarn í landinu. Þessi hækkun á álögum á landsmenn á næsta ári er á annað hundrað millj. kr. meiri en öll útsvör og aðstöðugjöld í Reykjavík á þessu ári. Og um leið og þetta plagg er lagt fyrir á hv. Alþingi, segir hæstv. forsrh.: „Nú ríður á, að verkafólk hækki ekki kaupið." Það gildir nefnilega áfram regla viðreisnarstjórnarinnar: „Allt má hækka nema kaupið."

Það er því önnur mynd, sem blasir við nú, þegar fjárlög eru afgreidd, og hefur blasað við undanfarin ár, en sú, sem hæstv. núv. fjmrh. og félagar hans voru að reyna að mála upp fyrir þjóðinni í upphafi viðreisnarstefnunnar. Að sjálfsögðu hefur reynslan sýnt, að ríkisstj. hefur mistekizt að stöðva verðbólguna með ráðstöfunum, sem hafa verið hreinar verðbólguráðstafanir: gengislækkanir, vaxtahækkanir, söluskattshækkanir og afnám verðlagshafta, enda hefur þessi stefna ríkisstj. valdið slíkri óðaverðbólgu, að hækkun á fjárlögum það ár, sem stjórnarflokkarnir voru að framkvæma sjálfar höfuðbreytingarnar á efnahagskerfinu, og átti að vera hækkun í eitt skipti fyrir öll, hækkun, sem tryggði framtíðarjafnvægi, — sú hækkun, þegar sjálf aðgerðin var framkvæmd, er ekki nema brot af árlegum hækkunum fjárlaga, eftir að viðreisnarkerfið var farið að verka í efnahagslífinu. Hið normala ástand undir viðreisnarstjórn, þegar engar slíkar stóraðgerðir, sem raska öllum tölum, eru framkvæmdar, veldur þannig meiri þenslu, en jafnvel sjálf grundvallarbreytingin í upphafi. Það liggur því ljóst fyrir, hvaða afleiðingar þær ráðstafanir, sem viðreisnarstjórnin hefur staðið að, hafa haft á ríkisbúskapinn og atvinnulífið í landinu.

Fjárlagafrv. fyrir næsta ár mótast af þeirri stefnu, sem átti að koma í veg fyrir árlega útgjaldaaukningu ríkissjóðs, og er meira en 2000 millj. kr. hærra en það fjárlagafrv. var, sem verið var að afgreiða, þegar núv. hæstv. fjmrh. var að lýsa því fyrir þjóðinni, hve glæsilegt jafnvægistímabil væri fram undan í efnahagslífinu, eftir að alþýðan hefði tekið á sig þær byrðar, sem ríkisstj. var þá að spenna á bök hennar. Í fjárlagaræðu sinni þá eyddi þáv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, verulegum hluta af ræðutíma sínum til þess að boða þjóðinni stórfelldan sparnað á einstökum rekstrarliðum fjárlagafrv., en hæstv. núv. fjmrh. ætlar sýnilega ekki að brenna sig á sama soðinu, og hefur hann þá eflaust í huga örlög sparnaðarfyrirheitanna og fyrirrennara síns, því að hvort tveggja hvarf af sviðinu, efndirnar á fyrirheitunum og höfundur þeirra, og þess vegna ráðlegast að lofa sem minnstum sparnaði á einstökum greinum nú. Hins vegar halda þeir liðir áfram að hækka, sem mestum sparnaði var lofað á.

Kostnað við ríkisskattanefnd og skattstofur átti t. d. að lækka með afnámi skattanefnda, en tilkomu nýrra skattstjóraembætta í hverju skattumdæmi. En þrátt fyrir öll fyrirheitin hefur kostnaður verið áætlaður í fjárlögum 1963 8.5 millj., 1964 15.5 millj., 1965 21 millj., 1966 27.5 millj., og á fjárlagafrv. fyrir næsta ár, sem lagt er fram með yfirlýsingu um, að nú þurfi að stöðva allar hækkanir, fer kostnaðurinn úr 27.5 millj. núna í 35.5 millj., eða nálega 340% hækkun á 4 árum. Venjulegur skrifstofukostnaður hefur venjulega verið ráðgerður sem nemur 20—25% hærri en í gildandi fjárlögum, segir í athugasemdum við frv. Ferðakostnaður innanlands hefur á hinn bóginn hækkað nokkuð meir, eða um 25—30%, segir enn fremur í sömu athugasemdum. Útgjöld borgardómaraembættisins í Reykjavík eru áætluð 41.5% hærri en á núgildandi fjárlögum, hækkun um tæpar 2 millj. kr. á ári. Kostnaður við borgarfógetaembættið hækkaði um 37.6% á einu ári, kostnaður við saksóknaraembættið 29.7%. Kostnaður við lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli hækkar um ríflega 40%. Það er ekki furða, þótt hæstv. forsrh.

tali um, að verkafólk ætti nú að hafa vit á því að stöðva hækkanir á launum sínum. Allt má auðsýnilega hækka nema kaupið. Fjárveiting almannavarna hækkar um 46.6%, rekstrarkostnaður tollstjóraembættisins um 36.1% eða tæplega 4 millj. kr. á einu ári. Kostnaður við tollgæzlu utan Reykjavíkur hækkar um 53.6%. Þetta eru dæmi um nokkra rekstrarliðina. Hins vegar eru framlög til hafnarmála, skólabygginga, sjúkrahúsbygginga og annarra verklegra framkvæmda óbreytt að krónutölu, sem þýðir að sjálfsögðu beinan samdrátt í framkvæmdum, og bætist það ofan á 20% beinan niðurskurð, sem ríkisstj. hefur áður framkvæmt.

Að þessu leyti er fjárlagafrv. sama marki brennt nú og undanfarin ár: stórfelldar hækkanir á rekstrarliðum, en árlegur samdráttur í nauðsynlegustu verklegum framkvæmdum. Afleiðingunum af verðbólgustefnu sinni hefur ríkisstj. annars vegar mætt á þann hátt að auka skattheimtu við setningu hverra fjárlaga til að standa undir hækkuðum rekstrarkostnaði og hins vegar með því að draga úr nauðsynlegum verklegum framkvæmdum. Eftir að þeirri stefnu hefur verið beitt um svo langt skeið, er svo komið, að til stórfelldra vandræða horfir í sambandi við uppbyggingu í skólamálum, hafnarmálum, sjúkrahúsmálum, vegamálum og á öðrum þeim sviðum, sem varða landsmenn alla. Eindæma góðæri og ný aflamet á hverju ári undanfarið valda því, að aldrei í sögu þjóðarinnar hafa boðizt slík tækifæri til að gera stórátök einmitt í þessum framkvæmdum, sem allri þjóðinni eru nauðsynlegastar. Stórfelldur vöxtur þjóðartekna ætti að vera eðlilegur grundvöllur fyrir stórframkvæmdum á þessum sviðum. En það er einn skýrasti dómurinn um stjórnarstefnuna og sýnir bezt, hverra hagsmuna stjórnarvöldin hafa gætt, að nauðsynlegustu framkvæmdir til þjónustu við almenning í landinu hafa markvisst verið dregnar saman, en einkaaðilum gefnar sem frjálsastar hendur til að fjárfesta verðbólgugróðann, stjórnlaust og skipulagslaust, án tillits til þarfa þjóðarinnar. Slíkar framkvæmdir, sem miða við skjóttekinn verðbólgugróða einkaaðila, hafa verið látnar sitja í fyrirrúmi, samtímis því sem dregið er úr opinberum framkvæmdum og framleiðsluatvinnuvegirnir búa við hina hörðustu lánsfjárkreppu.

Stefnumið ríkisstj. hafa verið annars vegar að gefa einkaaðilum, sem aðgang hafa að fjármagni, algerlega frjálsar hendur um fjárfestingu verðmætanna með eigin gróðahyggju að leiðarljósi og hins vegar frelsi fyrir verzlunarstéttina til innflutnings á hverju því, sem getur gefið henni gróða í aðra hönd, og frelsi til að ráða verðlagningunni í landinu að eigin geðþótta. Við þessi tvö markmið hefur stefnan verið miðuð undanfarin ár, en öll viðleitni til að hamla gegn verðbólgunni lögð á hilluna. Þvert á móti hefur þessi stefna kynt undir verðbólguna. Sú stefna að gefa þeim, sem bezta hafa aðstöðuna til að nota verðbólguna sér til gróðamyndunar, lausan tauminn um stjórnlausa og skipulagslausa fjárfestingu og algert frelsi til verðlagningar á vörum og þjónustu er í eðli sínu andstæð allri viðleitni til að vinna bug á verðbólgunni. Þessi stefna hefur valdið því, að hin mestu góðæri, sem þjóðin hefur lifað um aflabrögð og viðskiptakjör, hafa verið látin líða hjá, án þess að aðstaðan væri notuð til þess að gera stórátök í þeim framkvæmdum, sem almenningi í landinu eru nauðsynlegastar. Svo langt hefur öfugþróunin gengið, að viðreisnarstjórnin hefur gripið til beins niðurskurðar á framlögum til verklegra framkvæmda. Þetta gerist í mestu góðærum í sögu þjóðarinnar og samhliða sívaxandi skattheimtu af þjóðinni. Þannig tapast gullin tækifæri til að ná stórum áföngum fyrir framtíðina í þeim málum, sem þjóðarheildina varða mestu, en þess í stað hrúgast upp óleyst verkefni, svo að til stórvandræða horfir nú þegar. Við setningu hverra nýrra fjárlaga undanfarin ár hafa blasað við verðbólguáhrifin af fyrri skatta- og tollahækkunum ríkisstj. Þeim vanda hefur verið mætt með nýjum verðbólguskatti í mynd gengislækkunar eða endurteknum hækkunum á söluskatti, og þrátt fyrir að launþegar væru um langt skeið sviptir vísitölubótum á laun, réð viðreisnarstjórnin ekki við afleiðingarnar af gerðum sínum, sífellt aukinn hraða verðbólgunnar.

Sumarið 1964 gerðu verkalýðssamtökin úrslitatilraun til að koma viti fyrir stjórnarflokkana, úrslitatilraun til þess að fá tekna upp farsælli stefnu í þjóðmálum. Þrátt fyrir rýrnandi kaupmátt launa í mestu uppgripaaflaárum, sem þjóðin hafði lifað, féllu verkalýðssamtökin frá réttlátum kröfum um verulegar kauphækkanir og sömdu um mjög óverulegar breytingar á töxtum í trausti þess, að gerðar yrðu tryggar ráðstafanir til að halda verðlaginu í skefjum. Þá kórónaði ríkisstj. óhappaferil sinn við setningu fjárlaga um haustið, en einmitt setning þeirra fjárlaga hlaut að skera úr um vilja hennar til þess, að samkomulagið, sem gert var við verkalýðsfélögin, skyldi móta efnahagsþróunina og leysa verðbólgustefnuna af hólmi eða draga a. m. k. úr henni. Þá tilraun alþýðustéttanna gerði ríkisstj. að engu með því að hækka skatta og tolla meir við setningu þeirra fjárlaga en nokkru sinni fram til þess tíma, með sérstakri hækkun á söluskatti, og svipti þar með þjóðinni út í eina hækkanakollsteypuna enn.

Þrátt fyrir þetta eyðileggingarstarf stjórnarvaldanna voru þær beinu kauphækkanir, sem verkalýðsfélögin sömdu um næsta sumar á eftir, sumarið 1965, svo vægar, að jafnvel hæstv. viðskmrh. hélt því opinberlega fram, að hverri tilraun til þess að hækka verðlag eftir þá kjarasamninga yrði að mæta með harðvítugu verðlagseftirliti. Þau loforð reyndust ámóta mikils virði og þau, sem viðreisnarstjórnin gaf í upphafi um, að hún mundi engar þær verðhækkanir leyfa, sem byggðar voru á hækkun launa. Þrátt fyrir linnulausa verðbólgustefnu ríkisstj. undanfarin ár blossar jafnan upp áhugi hjá stjórnarflokkunum á stöðvun,

þegar verkalýðsfélögin ætla með nýjum kjarasamningum að bæta kjör félagsmanna sinna og gera tilraun til að endurheimta þann hluta af auknum þjóðartekjum, sem verkafólk hefur farið varhluta af.

Það er ekkert nýtt, sem heyrist þessa dagana frá stjórnarflokkunum um feiknaáhuga þeirra á stöðvun. Þetta gerist fyrir hverja kjarasamninga, en lengur stendur sá áhugi aldrei. Og reynslan hefur margsýnt, að þegar kjarasamningum er lokið með vægri hækkun á krónutölu kaups, er öllu verðlagi sleppt lausu. Á loforðum og fyrirheitum þessarar ríkisstj. geta launþegar ekkert mark tekið nú fremur en endranær, það margsannar reynslan.

Þrátt fyrir loforðin í upphafi og þrátt fyrir loforðin í sambandi við hverja nýja kjarasamninga hefur verðlagið stöðugt verið hækkað og verðbólgan magnazt, svo að nú hriktir í stoðum atvinnulífsins. Þeir, sem ráða fjármagninu, hafa undanfarin ár fengið að ráðstafa því eftir gróðahvötinni einni saman, og fjármagnið hefur eðli sínu samkvæmt sótt þangað, sem gróðinn hefur verið fljótteknastur, í þá þætti verzlunar, sem mestan gróða gefa, og í byggingarbrask. Verzlunin og þjónustustarfsemin hefur þannig sogað til sín um 40% af nýju vinnuafli þjóðarinnar, og þangað hefur meira af lánsfjáraukningunni farið en í aðra atvinnuvegi samanlagt. Þeir, sem hafa ávaxtað fé sitt í íbúðarbyggingabraski, hafa á þessum tíma haft yfirburði fram yfir framleiðsluatvinnuvegina að ná til sín vinnuaflinu. Á sama tíma hefur stöðugt þrengzt hagur framleiðsluatvinnugreinanna, sem búið hafa við skipulagða lánsfjárkreppu stjórnarvaldanna. Flóð af hömlulausum innflutningi hvers kyns erlends iðnaðarvarnings, sem verzlunarstéttin hefur séð sér ágóðavon í að flytja inn, hefur leikið innlendan iðnað svo grátt, að fjölmörg fyrirtæki hafa gefizt upp og sum hafa séð sér það helzt til bjargar að hefja innflutning á sams konar iðnvarningi og þau hafa sjálf framleitt, en dregið úr framleiðslu þeirra vara að sama skapi. Það þóttu t. d. á sínum tíma merkir atburðir, þegar Vinnufatagerð Íslands og Raftækjaverksmiðjan í Hafnarfirði hófu göngu sína og juku á fjölbreytni íslenzks atvinnulífs. En nú er svo komið, að þessi fyrirtæki selja að verulegu leyti fullunnar erlendar iðnaðarvörur. Fjölda iðnfyrirtækja hefur verið lokað, og ískyggilegar horfur eru um rekstur annarra, og er ekki sjáanlegt annað en alvarleg kreppa sé að hefjast hjá innlendum iðnfyrirtækjum. En samdrátturinn í framleiðslu þeirra bitnar að verulegu leyti á starfsfólki, sem ekki á margra kosta völ á vinnumarkaðnum. Vegna stjórnarstefnunnar undanfarið er nú svo komið í sjávarútveginum, að aðeins þau fyrirtæki, sem njóta hins óhemjumikla síldarafla, standa upp úr, en togaraútgerð og útgerð minni vélbáta er með öllu að stöðvast, með þeim afleiðingum, að frystihúsin eru að komast í þrot og sumum hefur þegar verið lokað. Að sama skapi blómgast hagur þess eina frystihúss, sem ríkisstjórnarflokkarnir virðast hafa velþóknun á, Seðlabankans, sem frystir það lánsfé, sem atvinnureksturinn skortir. Afleiðingarnar eru þær, að atvinnuhorfur víða á stöðum, sem ekki njóta síldaraflans, eru orðnar hinar uggvænlegustu, ekki sízt þegar haft er í huga, að kaupmáttur tímakaups verkamanna er ekki meiri en svo, að einungis þrotlaus eftir-, nætur- og helgidagavinna hefur fært verkafólki þær tekjur, að það geti komizt af og staðið undir kostnaði af því húsnæði, sem það býr í. Þó að ekki kreppi meira að en svo, að eftir- og nætur- og helgidagavinna falli niður, kemur í ljós, hver þau kjör eru, sem verkafólk í raun og veru býr við, og sannast, hve fölsk og yfirborðskennd er sú velmegun, sem reynt er að básúna út, að íslenzkur almenningur búi við. Ef verðbólgustefna og lánsfjárkreppa viðreisnarstjórnarinnar leiðir nú til þess, að atvinna dregst saman í ríkari mæli og atvinnuástandið kemst í það horf, sem þykir eðlilegt í öðrum löndum, þ. e. a. s. að verkafólk hafi það, sem telst fullur vinnudagur án yfirvinnu, þá er um leið horfin sú yfirborðsvelgengni, sem mest hefur verið auglýst undanfarið, þegar stjórnarvöldin eru að reyna að telja launþegum trú um, að þeir búi við betri launakjör en annars staðar þekkist og skuli því falla nú frá öllum frekari kröfum. Staðreyndin er nefnilega sú, að þrátt fyrir meiri aflasæld og betri viðskiptakjör um langt árabil en nokkru sinni hefur áður þekkzt hér á landi er kaupmáttur tímakaups verkamanna frekar lægri en hærri en hann var, þegar núv. stjórnarflokkar tóku við völdum 1959. Allt tal um, að kaupmáttur tímakaupsins hafi hækkað síðan, er blekking. Þegar stjórnarvöldin hafa haldið fram þeirri staðhæfingu, bera þau fyrir sig skýrslu frá Efnahagsstofnuninni, en auk þess sem grundvöllur þeirra útreikninga er hæpinn, þá er þar miðað við kaupmátt tímakaups, ekki þegar núv. stjórnarflokkar tóku við völdum, heldur árið 1960, þegar þeir höfðu þegar lækkað kjörin.

Sá boðskapur stjórnarflokkanna hefur löngum hljómað í eyrum almennings, að óraunhæft sé að gera kröfur um bætt lífskjör, nema fyrir hendi sé aukning þjóðartekna á mann í landinu, þannig að kaup geti því aðeins hækkað, að meira sé til skipta en áður, en ef þær aðstæður séu fyrir hendi, fái launþegar réttar til sín raunhæfar kjarabætur á silfurdiski. Þá er að vísu litið fram hjá þeirri staðreynd, að skipting þjóðartekna innbyrðis er ekki föst og óumbreytanleg. En hvað sem því líður, er rétt fyrir verkafólk að gera sér grein fyrir því, að nú um margra ára skeið hafa launþegar búið við þessar aðstæður, sem þeim hefur jafnan verið sagt að bíða eftir, en kjarabæturnar hafa ekki verið réttar að launþegum. Vegna stóraukningar aflamagns á ári hverju og bættra viðskiptakjara hefur vísitala þjóðartekna á mann breytzt sem hér segir miðað við 100 árið 1959: Árið 1960 99.8, 1961 103.3, 1962

110.2, 1963 115.9, 1964 123.5, 1965 132.2. Og á því ári, sem nú er að líða, mun meðalverð útflutningsafurða verða hærra en 1965 og enn nýtt aflamet sett á síldveiðum. Þessar tölur sýna, hversu sífellt hefur komið meir og meir til skipta hjá þjóðinni, hvernig sífellt hefur styrkzt grundvöllurinn fyrir því að hækka raunveruleg laun, ekki aðeins að krónutölu í samræmi við hækkað verðlag, heldur að auknum kaupmætti tímakaupsins. En hver hefur þá verið hlutur launþega af þessari stóraukningu þjóðartekna? Ef tekin er til samanburðar vísitala kaupmáttar tímakaups miðað við neyzluvöruvísitölu og 3. taxta Dagsbrúnarkaups og vísitala kaupmáttar sett 100 1959, kemur í ljós, að kaupmátturinn hefur verið lægri allt þetta tímabil og hefur hinn 1. okt. s. l. enn ekki náð kaupmættinum 1959, á sama tímabili og þjóðartekjur á mann hafa hækkað um 32.2%. 1959 var kaupmátturinn 100, 1960 90.6, 1961 85, 1962 83.7, 1963 84, 1964 85.3, 1965 91 og 1. okt. 1966 99.6. Nokkurn veginn það sama kemur út, ef miðað er við tímakaup í fiskvinnu. Þessa skerðingu kaupmáttar tímakaups, sem verið hefur veruleg um langt skeið, allt þetta tímabil, hafa launþegar reynt að bæta sér upp með þrotlausri yfirvinnu. Þess vegna hafa ráðstöfunartekjurnar, þ. e. a. s. heildartekjur án tillits til vinnutíma, breytzt á þessu tímabili, tímabilinu frá 1959—1964, sem hér segir miðað við 100 1959: 1960 99.4, 1961, 90.7, 1962 100.7, 1963 108.8 og 1964 112.7. En þótt ráðstöfunartekjurnar hafi þannig vegna aukinnar eftir-, nætur- og helgidagavinnu komizt í það að verða 12.7% hærri 1964 en 1959, hafa ekki einu sinni ráðstöfunartekjurnar aukizt til jafns við aukningu þjóðartekna á mann á þessu tímabili. Og ef borin er saman afstaða ráðstöfunartekna til þjóðartekna á mann og það hlutfall sett 100 1959, er það hlutfall komið niður í 91.9 árið 1964. Það eru því alrangar staðhæfingar, að verkafólk hafi fengið sinn hlut af auknum þjóðartekjum undanfarinna ára.

Hvort sem litið er á kaupmátt tímakaups eða á heildartekjur án tillits til vinnutíma, skortir mikið á, að verkafólk hafi haldið sínum hlut. Samtímis því, sem kaupmáttur tímakaups hefur lækkað, hafa þjóðartekjur á mann aukizt, og ef athuguð er afstaða kaupmáttar tímakaups verkamanna til hreinna þjóðartekna á mann, kemur í ljós, hve mjög hefur verið gengið á hlut verkafólks á stjórnartíma viðreisnarstjórnarinnar. Ef miðað er við 3. taxta Dagsbrúnar og afstaða milli kaupmáttar tímakaups og þjóðartekna á mann sett 100 1959, er 1960 90.7, 1961 82.3, 1962 76, 1963 72.5, 1964 69.1 og 1965 58.8, þ. e. a. s. þetta hlutfall hefur breytzt um 31.2% verkafólki í óhag á þessu tímabili.

Það er því sama, hvernig á málið er litið, hvort sem miðað er við kaupmátt tímakaupsins eða kaupmátt heildarlauna verkafólks án tillits til vinnutíma, borið saman við aukningu þjóðartekna á mann, þ. e. a. s. þann afrakstur, sem vinnandi fólk hefur skilað þjóðarbúinu, kemur í ljós, að hlutur verkafólks hefur rýrnað á þessu tímabili. Kaupmáttur tímakaupsins er minni en 1959 og hlutur verkafólks af þjóðartekjunum hefur stórlega minnkað.

Nú, þegar að því hlýtur að draga, að verkalýðssamtökin beiti samtakamætti sínum, til þess að verkafólk fái sinn hlut óskertan af þjóðartekjunum og leiðréttingu á málum sínum, er sérstök herferð hafin í áróðursmálgögnum ríkisstj., annars vegar til þess að leiða athyglina frá því, að kreppan, sem er að setja mark sitt á atvinnulífið, er bein afleiðing stjórnarstefnunnar, og hins vegar til þess að fá verkafólk til þess að falla frá kröfum um, að hlutur þess verði réttur. Í þessari herferð, sem hefur þennan tvíþætta tilgang, útmála stjórnarvöldin fyrir almenningi, að lækkun hafi orðið á verði útflutningsvöru. Undanfarin ár hefur verð á útfluttum sjávarafurðum farið hækkandi með ári hverju og lækkun nú frá þeim hæsta verðtoppi, sem náðst hefur, þýðir ekki það, að verðið sé ekki eftir sem áður hærra en svarar til þess hlutar, sem verkafólk hefur fengið af þjóðartekjunum. Auk þess kemur hér á móti meira aflamagn á síldveiðum en nokkru sinni fyrr.

Það er fróðlegt að athuga, hver hefur orðið hækkun á sjávarafurðum undanfarin ár, þegar hlutur verkafólks af þjóðartekjum hefur stórlega rýrnað. Á árunum 1963—1965 hækkaði verð á eftirtöldum útflutningsvörum sem hér segir í prósentum: Saltfiskur óverkaður 31.4%, skreið 9.5%, fryst síld 20.2%, fryst fiskflök 21.5%, þorskalýsi hreinsað 26.6%, þorskalýsi óhreinsað 90.5%, saltsíld 11.4%, síldarlýsi 118.8%, fiskmjöl 5.2% og síldarmjöl 10.6%.

Þetta eru hækkanirnar síðustu árin, og þrátt fyrir einhverja lækkun síðari hluta árs 1966 verður meðalverð á þessu ári fremur hærra en lægra en meðalverð 1965, og varðandi þjóðartekjurnar bætist þar á ofan, að aflamagn á síldveiðum hefur stóraukizt. Hér ber því allt að sama brunni um það, að þau kreppueinkenni, sem tekin eru að marka atvinnulífið, verða ekki rakin til óhagstæðra ytri aðstæðna né heldur til þess, að verkafólk hafi fengið of mikið í sinn hlut. Hér er stjórnarstefnan sjálf að verki, og verðlækkanir á afurðum verða hvorki notaðar til þess að kenna um ófarnaðinn eða til þess að halda fyrir verkafólki réttmætum hlut þess úr þjóðartekjunum, og það verður ekki samrýmt neinni skynsemi að gera kröfu til launafólks nú, að það afsali sér rétti til hærra kaupmáttar tímakaups, en leggja um leið fram fjárlagafrv., sem gerir ráð fyrir aukinni skattheimtu, sem nemur 850 millj. kr. á einu ári, og miðar við 20—30 og yfir 40% hækkanir á rekstrarliðum, þverneita þannig á sama tíma að hverfa frá þeirri verðbólgustefnu, sem er að koma framleiðsluatvinnuvegunum í þrot. Þrátt fyrir góðæri, aflamet á ári hverju og þrátt fyrir minni hlut þeirra af auknum þjóðartekjum eru óheillaáhrif stjórnarstefnunnar svo afgerandi á framleiðsluatvinnuvegina, að góðærið og aflahlutir duga ekki til mótvægis. Ráðamenn viðreisnar-

stjórnarinnar hafa siglt þjóðarfleyinu eftir rangri stefnu og eru að sigla í strand í blæjalogni og blíðviðri. Það eru ekki ytri áföll, sem hafa borið þjóðarskútuna af leið. Stefnan hefur frá upphafi verið röng, og henni verður að breyta, ef ekki á verr að fara. Þeirri kreppu, sem nú fer að í atvinnulífinu, verður ekki bægt frá með því að ganga enn á hlut launþega, eins og ríkisstj. undir forustu Bjarna Benediktssonar ætlar sér að leggja alla áherzlu á að gera. Sú fyrirætlun fer ekki milli mála í þeirri áróðursherferð í sambandi við markaðsverðið, sem ég áðan minntist á, en hún fer enn síðar leynt í eftirfarandi orðum úr Reykjavíkurbréfi *Morgunblaðsins* 25. sept. s. l., en þau hefur hæstv. forsrh. efalítið ritað, en þar segir:

„Vegna þess, hve ríflegur hlutur launþega hefur orðið, eiga atvinnurekendur hins vegar í vök að verjast, jafnskjótt og á móti blæs."

Það má segja, verkamenn, að gjafir eru ykkur gefnar. Ykkar hlutur hefur verið svo ríflegur, að þið eruð að koma atvinnuvegunum á vonarvöl, og ætlunin er að rétta hlut þeirra á ykkar kostnað. Þó að kaupmáttur tímakaups verkafólks hafi lækkað og hlutur þess úr þjóðartekjunum minnkað *enn meir í góðærunum* undanfarið, er hann að dómi Sjálfstfl. samt of stór, og það er það, sem sá flokkur telur að þurfi að leiðrétta í efnahagslífinu. Hæstv. forsrh. er ekki í vafa um, hverjir eiga að fórna núna, þegar hann sér fram á þrot viðreisnarstefnunnar.

En verkafólk veit bezt allra, að það hefur ekki fengið sinn hlut af auknum þjóðartekjum undanfarin ár. Verkafólk hefur horft upp á gróðaliðið í Reykjavík skófla til sín verðbólgugróðanum. Það hefur séð, hvernig farið er með þann gjaldeyri, sem almenningur skapar með vinnu sinni, hvernig hann hefur verið og er til frjálsrar ráðstöfunar fyrir innflytjendur til þess að eyða honum í það, sem gefur þeim mestan gróða að flytja inn. Verkafólk hefur séð þann grundvallarþátt í stjórnarstefnunni í framkvæmd, að þeir, sem fjármagninu ráða, geti fest fé í þeim byggingum og fyrirtækjum, sem geta skapað þeim mestan persónulegan gróða, algerlega án tillits til þarfa þjóðarheildarinnar, á sama tíma og opinberar framkvæmdir eru skornar niður. Almenningur hefur séð olíufélögin byggja sölustöðvar fyrir millj. kr. hlið við hlið um land allt og heimta síðan verðhækkanir vegna hækkaðs dreifingarkostnaðar. Olíu- og benzínbifreiðarnar frá öllum þessum fyrirtækjum elta hver aðra og þræða sveitavegina til þess að skila sams konar olíu og benzíni hver á sinn sveitabæinn. Ný bankaútibú eru opnuð í hverjum mánuði, og hvers kyns milliliðir og afætur baða sig í verzlunarfrelsinu.

Í Indlandi er talið, að 67 millj. nautgripa fái að ráfa um eftirlitslaust og éta mat, sem mundi duga til viðurværis 9 millj., á allri leið sinni um landið. Þetta þykir okkur furðulegur búskapur. En við eigum okkar heilögu kýr, þá milliliði og gróðabraskara, sem ríkisstj. heldur sérstakri verndarhendi yfir. Þessar heilögu kýr okkar eru að vísu snöggt um færri en í Indlandi, en það fóður, sem þær hafa vanizt undanfarið, er þeim mun dýrara.

Í vaxandi mæli sér almenningur, að hér verður að skipta um stefnu. Það er í hróplegri mótsögn við hagsmuni vinnandi fólks, að blind gróðahvötin sé látin vera hið ráðandi afl í þjóðlífinu, eins og verið hefur í tíð viðreisnarstjórnarinnar. En hún hefur mótað alla þætti þjóðlífsins í ríkari mæli, jafnt atvinnumálum, innflutningsmálum sem húsnæðismálum. Almenningur hefur nú um langt skeið horft upp á rangsleitni stjórnarstefnunnar, stjórnleysið, skipulagsleysið, braskið, bruðlið og sóunina og séð öngþveitið aukast á uppgripaárum, en kjör verkafólks rýrna. Og sízt af öllu mun verkafólk fórna hagsmunum sínum fyrir áframhald þessarar stefnu, eins og ríkisstjórnarflokkarnir fara nú fram á. Sú krafa fær æ dýpri hljómgrunn, *að horfið verði frá þessari óheillastefnu*, sem hefur blinda gróðahyggju einstaklinga að leiðarboða, en þess í stað tekin upp bein stjórn á öllum þáttum þjóðarbúskaparins, þar sem hagsmunum fjáraflamanna, sem öllu hafa ráðið síðastliðin ár, verði vikið til hliðar fyrir hagsmunum þjóðarheildarinnar. Þau umskipti þurfa launþegar að tryggja við alþingiskosningarnar næsta sumar með eflingu Alþýðubandalagsins. Í bæjarstjórnarkosningunum s. l. vor sneri verulegur hópur kjósenda baki við Sjálfstfl., forustuflokknum í viðreisnarstjórninni, en Alþb. *fékk að sama skapi aukið fylgi.* Nú er aðeins rúmlega hálft ár til alþingiskosninga, sem munu ráða mestu um afkomu alþýðuheimilanna næstu árin. Þann tíma þurfa launþegar um allt land að nota vel til þess að tryggja með auknum áhrifum Alþb. nýja, jákvæða stjórnarstefnu að kosningum loknum. — Góða nótt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er í rauninni ekki margt, sem ég þarf að svara í ræðum háttvirtra stjórnarandstæðinga. Það *má segja, að það sé sorglegast, að það er* augljóst að þeir flokkar, sem nú eru í stjórnarandstöðu, hafa ekkert lært og engu gleymt á því tímabili, sem liðið er, þeirri 7 ára eyðimerkurgöngu, sem þeir hafa gengið, frá því að þeir hrökkluðust frá völdum 1958. Og það er í rauninni sorglegt, að jafngreindur maður og hv. síðasti ræðumaður skuli flytja ræðu, sem er byggð upp á jafngersamlega óraunsæjan hátt og laus við alla viðleitni til að kryfja vandamálið til mergjar eins og hann gerði hér áðan, t. d. það að nota langan hluta sinnar ræðu í töluupplestra, sem allir eru byggðir á röngum forsendum, þar sem hann er að ræða um það, að kjör verkamanna hafi versnað mikið, og tekur og byggir á tvennum forsendum, annars vegar lægsta launataxta Dagsbrúnar, sem ekki er lengur til í notkun, og hins vegar miðar hann við það tímabil, þegar 17 vísitölustigin höfðu komið ofan á kaup verkamanna í árslok 1958, nákvæmlega þau 17 stig, sem vinstri stjórnin fór á fund Alþýðu-

sambandsþings til þess að fara fram á að yrðu felld niður, vegna þess að það væri algerlega óraunhæf kauphækkun, og þessi kauphækkun gat auðvitað aldrei staðizt. Það er vitanlegt öllum, sem vilja vita, og ef menn lesa skýrslur með því að lesa ekki eins og skrattinn biblíuna, öfugt, að þá hafa kjör verkamanna batnað meir nú á s. l. árum heldur en nokkurn tíma hefur áður átt sér stað.

Það var sagt hér áðan af öðrum hv. ræðumanni stjórnarandstöðunnar, að ráðherrarnir væru úrillir og þeir hefðu sent frá sér neyðarákall til stjórnarandstöðunnar. Þetta er mikill misskilningur. Við erum í bezta skapi og höfum enga ástæðu til annars. En það eru aðrir menn, sem eru úrillir og langar til að sitja annars staðar en þeir sitja í dag. En ég er ósköp hræddur um það, að ef þeim lærist ekki að skoða málin frá nýjum sjónarhóli, ef þeim lærist ekki að líta á þau raunsærri augum en þeir gera nú, þá eigi þeir eftir að sitja áfram í þeim stólum, sem þeir nú sitja, og kannske fækkar jafnvel þeim stólum. En ég vona innilega þeirra vegna, að þeim skiljist betur eðli vandamálanna, hinn raunverulegi kjarni þeirra, þannig að þeir verði fremur viðtalshæfir en þeir eru í dag.

Það er svo enn eins og löngum áður, að vitnað er til blessaðrar vinstri stjórnarinnar og talað um það, að eitt og annað hafi breytzt og orðið verra en það var 1958. Nú er auðvitað endalaust hægt að leika sér með tölur, og ég skal ekki taka þátt í því. En ég freistast þó aðeins til þess að gera það í einu tilfelli, þar sem verið er að ræða um það, hvað stórkostlega fjárlög hafi hækkað. Ef litið er á vinstristjórnarárin og þá að sjálfsögðu tekin saman fjárlögin og útgjöld vegna útflutningsuppbóta og niðurgreiðslna, sem þá voru lögð í sérstakan sjóð, sem búinn var til, til þess að fjárlögin litu ekki eins illa út, — það hefur ýmislegt verið prófað, — þá vildi svo til, að þessi útgjöld hækkuðu á árinu 1957 um 53.8%, þessi sameiginlegu fjárlög Framsóknarstjórnarinnar þá, vinstri stjórnarinnar, 1958 um 22.8% og 1959, sem byggðist á gjöldum, sem lögð voru á 1958, um 43.9%. Og geta menn þá séð, hvort það er einsdæmi, að fjárlög hækki eins og nú er, um 18% útgjöldin. Það er alveg rétt, að það hafa hækkað stórlega fjárlögin, og ég fór ekki dult með það í minni framsöguræðu, af hverju það væri. Ég reyndi ekki að fela neinar staðreyndir í því efni, heldur skýrði, eftir því sem ég bezt vissi, eins rétt og satt frá öllum atvikum mála og auðið er, hvað hefur hækkað. En það verður bara að gera sér grein fyrir, af hverju þetta hefur hækkað, og ég skýrði einnig frá því. Það hefur hækkað vegna kostnaðarauka, sem orðið hefur af margvíslegum orsökum, og langt frá því, að það stafi af verðbólguþróun einni saman, en ég mun koma lítillega að því síðar.

Hv. talsmaður Framsfl. hér, Halldór E. Sigurðsson, sem annars flutti hófsamlega ræðu, vék mjög að ummælum, sem uppi hefðu verið höfð bæði af mér og fyrrv. hæstv. fjmrh. um hagsýslustörf og nauðsyn sparnaðar. Ég þakka honum fyrir að rifja upp þessi ummæli. Ég get endurtekið þau enn og er þeim algerlega sammála, og ég tel ekki, að neitt af því, sem ég sagði eða stendur í fjárlagafrv., stríði á móti því, sem áður hefur verið sagt í því efni. Það liggur ljóst fyrir, að þær hagsýslugerðir, sem unnið var að undir forustu fyrrv. hæstv. fjmrh., hafa borið mikinn árangur. Dýrar stofnanir hafa verið sameinaðar og margt annað gert, sem hefur leitt til aukinnar hagkvæmni í ríkisrekstrinum. Þetta kemur í rauninni aldrei fram, það kemur ekki fram, hvað það er, sem hefur sparazt. Útgjöldin koma fram, en hvað útgjöldin hefðu orðið mun hærri, ef ekkert hefði verið aðhafzt, það kemur ekki fram og er tölulega aldrei hægt að sanna. Það er engum efa bundið, að hér hefur mikið áunnizt. En það er óendanlega margt enn ógert og á lengi eftir að vera ógert. Og margt af því, sem t. d. hv. þáv. fjmrh. Framsfl. vildi gera og ég vann að með honum um skeið, þá sem starfsmaður hans, og ég vissi, að hann hafði fullan hug á að gera, það tókst ekki allt að framkvæma.

Það, sem hv. þm. vitnaði á fjárlagafrv. og taldi, að væri fordæming á embættismenn ríkisins, er byggt á mesta misskilningi. Það, sem þar er sagt, er, að það þurfi grundvallarathugun á starfsháttum ríkisins til þess að gera veigamiklar breytingar til sparnaðar, og á þetta hefur hvað eftir annað verið lögð áherzla. Þegar meginhluti af útgjöldum ríkisins er lögboðinn og stofnanirnar, sem til eru í landinu, eru lögboðnar, þá verður ekki margt gert nema með því að taka málið til heildarendurskoðunar og skipulagningar. Þetta tel ég nauðsynlegt að gera, og ég veit, að hann sem fjárveitinganefndarmaður mun hafa einnig áhuga á þessu.

Það er auðvelt að halda því fram og benda á, að margt hækki, og það er talað um, að eyðsla vaði uppi, en það verður fróðlegt að vita og sjá framan í tillögur um það að draga úr þessari eyðslu, sem báðir þessir hv. þm., sem lengi hafa átt sæti í fjvn., ættu að hafa möguleika til að gera, ef hér er ekki aðeins um fullyrðingar að ræða út í loftið. Það verður fróðlegt að vita það, hvaða útgjaldaliðum þeir telja mögulegt að sleppa í því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir. Það þýðir ekki að loka augunum fyrir staðreyndum, það verður að taka þá útgjaldaliði eins og þeir eru, og er ekki hægt að hætta að greiða þá, nema grundvallabreyting verði gerð á útgjöldum ríkisins. En það er fróðlegt að athuga það, af hverju hinn bætti fjárhagur ríkissjóðs nú stafar. Menn segja það stafa af auknum álögum. Þetta er ekki rétt. Það stafar fyrst og fremst af stórbættum hag alls almennings í landinu. Verðlag hefur ekki hækkað á þeim vörum, sem fluttar eru til landsins, og megintekjuauki ríkissjóðs stafar af aðflutningsgjöldum og söluskatti, heldur stafar það beinlínis af stóraukn-um innflutningi, sem stafar af stóraukinni

kaupgetu almennings í landinu, þannig að hér er ekki um skattaauka að ræða, heldur aðeins aukna neyzlu þjóðfélagsborgaranna. Og það er eðlilegt, að kjörin batni þannig ár frá ári, og hin aukna neyzla þarf að vera þess umkomin að standa undir þeim aukakostnaði, sem verður við ríkisbúskapinn vegna launahækkana opinberra starfsmanna, sem eru stærsti útgjaldaliður ríkisins og það, sem mest hækkar nú. Og þar kem ég aftur að verðbólgunni.

Það er margt um verðbólguna talað, og það er ekki unnt á nokkrum mínútum að gera henni skil. En ég held, að mönnum séu að opnast augun fyrir því, að hún er allt annars eðlis í meginatriðum en oft er haldið fram. Það er talað um dýrtíðar- og verðbólgustefnu ríkisstj. Ríkisstj. hefur gert nákvæmlega það, sem rétt hefur verið að gera í sambandi við þetta viðfangsefni á hverjum tíma síðustu árin, og það hefur fengið staðfestingu í aðgerðum margra annarra ríkisstjórna, sem eru þó taldar fullkomlega vinveittar verkalýð og launþegum, að sú stefna, sem hér hefur verið fylgt, er rétt. En ástæðan til hækkananna, ástæðan til verðbólgunnar er fyrst og fremst sú, að það hefur batnað hagur alls almennings í landinu. Sjávarútvegurinn hefur sem betur fer fyrir dugnað útgerðarmanna og fiskframleiðenda í leit að betri nýtingu, aukinni tækni og vegna bættrar viðskiptaaðstöðu erlendis bætt svo kjör sín, að hann hefur verið þess umkominn allt til ársins í ár með smávægilegum styrkjum að standa undir stórfelldum kauphækkunum. Aðrir atvinnuvegir í landinu hafa hins vegar ekki getað staðið undir þessum hækkunum, og það hefur leitt til þess, að verðbólgan hefur vaxið. Þar er eitt höfuðvandamálið landbúnaðurinn og búvöruverðið, sem hefur alltaf stærst áhrif á hverju hausti. Landbúnaðurinn hefur ekki verið þess umkominn að taka á sig án hækkaðs vöruverðs þann kostnaðarauka, sem hefur leitt af launahækkunum. Og þessar launahækkanir sjávarútvegsins hafa eðlilega gengið yfir bæði til bænda, til iðnverkafólks og til opinberra starfsmanna, því að allar þessar stéttir hljóta að gera kröfu til þess að fá sambærileg kjör og sjómennirnir hafa notið. Hér er þess vegna ekki um neinar hörmungar út af fyrir sig að ræða, að aðalframleiðsluatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, skuli hafa verið þess umkominn, en það hefur leitt af sér önnur vandamál. Þegar því rætt er um það, að hin stóraukna framleiðsla sjávarútvegsins og verðhækkanir þar hafi orðið til þess að hjálpa ríkisstj. síðustu árin, þá er það misskilningur að þessu leyti.

Það hefur verið talað um, að það hafi verið dregið stórlega úr opinberum framkvæmdum, og það var á það bent af hv. talsmanni Framsfl. hér áðan, að það sýndi fjandskap við landsbyggðina. Þetta er mesti misskilningur. Þetta var úrræði hv. fjmrh. Framsfl. æ ofan í æ á sínum tíma, að draga úr verklegum framkvæmdum, og var það þó ekki af hliðstæðum ástæðum og nú er gert. Mér dettur ekki í hug að halda, að það hafi verið gert af fjandskap við landsbyggðina, heldur vegna þess, að þetta eru einu útgjöldin, sem í raun og veru eru ekki lögbundin, það eru eignahreyfingaútgjöldin — fjárfestingar-útgjöld ríkissjóðs. Í dag kemur svo að sjálfsögðu það til viðbótar, að á þenslutímum er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hafa hóf á opinberum framkvæmdum og keppa ekki um of við uppbyggingarviðleitni einkaaðila, en á tímum minnkandi þenslu eða atvinnuleysis á að auka hinar opinberu framkvæmdir.

Það er ekkert launungarmál, að síðustu árin hefur með hliðsjón af almennum framkvæmdahraða í landinu þótt rétt að gæta hófs í aukningu opinberra framkvæmda. En því fer fjarri, að um samdrátt hafi verið að ræða. Segja fjárveitingar í fjárlögum ekki nema hluta þeirrar sögu, því að síðan framkvæmdaáætlunargerð hófst árið 1963 hefur mikils fjár verið aflað með öðrum hætti bæði til þarfa ríkis og sveitarfélaga. Þrátt fyrir aðhaldið er staðreyndin sú, að opinberar framkvæmdir hafa verið meiri síðustu árin en áður hefur þekkzt.

Reynt er að nota vegamálin til áróðurs gegn ríkisstjórninni, og í Tímanum í dag sjáum við lofgjörð um það framtak framsóknarmanna að leggja til að taka af ríkissjóði 170 millj. kr. og leggja til vegagerða. Það er þægilegt að vera stórtækur, þegar menn þurfa ekki að gera annað en skrifa nokkrar línur á blað. Sannleikurinn er þó sá, að síðustu árin hefur verið lagt miklu meira til vegagerðar en áður. Má þar til greina áður óþekkt stórátök, svo sem Keflavíkurveg, Strákaveg, Múlaveg, og vegagerð samkv. Vestfjarðaáætlun. Í flugmálum eru miklu meiri framkvæmdir í ár en nokkru sinni áður. Sama er að segja um sjúkrahúsabyggingar nú síðustu árin, og fjárveitingar eru nú hækkaðar til þeirra um 14 millj. kr. Skólabyggingum hefur verið haldið áfram með eðlilegum hraða og stórátök gerð í byggingarmálum framhaldsskóla, einkum menntaskólanna. Þótt skuldir ríkissjóðs við hafnargerðir hafi aukizt, er það afleiðing af miklum framkvæmdahraða á því sviði, sem ríkisvaldið hefur haft meginforustu um varðandi fjárútvegun. Þannig má halda áfram að telja.

Auðvitað er hægt að benda á ótal óleyst verkefni. En er það ekki svo í hverju einasta þjóðfélagi? Það er líka oft látið svo, að öll útgjöld ríkissjóðs, sem ekki eru beinlínis til verklegra framkvæmda, séu nánast vandræðaeyðsla. Þetta er mikill misskilningur. Menntun æskunnar og margvísleg rannsókna- og vísindastarfsemi er ekkert síður nauðsynleg fjárfesting, og á þessu sviði hækka útgjöld hvað mest árlega. Og er ekki sama að segja um heilsugæzlu og hin stórauknu útgjöld til félagslegra umbótamála?

Nei, það tjóar ekki það eitt að finna að því ástandi, sem ríkjandi er. Það verður líka að gera þá kröfu til stjórnarandstæðinga hverju

sinni, að þeir bendi á, hvaða úrræði beri þá að velja til þess að leysa vandann eftir öðrum leiðum. Og það tjóar þar ekki, eins og ég áðan sagði, að fara með algerlega óraunhæfar fullyrðingar, eins og að tala um verzlunargróða og annað þess konar, sem allir vita í dag, að er algerlega út í hött. Þar bendir bezt á afkoma Sambands íslenzkra samvinnufélaga, og hv. þm., sem hélt þessu fram, mætti spyrja forráðamenn KRON, hvort verzlunargróðinn sé stórkostlega mikill. Það er einnig fróðlegt að heyra það frá talsmanni verkalýðssamtaka, sem telur sig vera, að ráðast að ríkisstj. fyrir það, að það hafi verið aukinn innflutningur á vörum, sem hafi skapað vissulega vandræði fyrir ýmis iðnaðarfyrirtæki. En af hverju hefur sá vandi skapazt? Af því að þessar vörur eru ódýrari. Og það hlýtur að sjálfsögðu að kosta það, ef á að halda uppi aukinni tollvernd og hindra innflutning vara, til þess að hægt sé að halda uppi vissum iðngreinum íslenzkum, sem ekki geta keppt, þá leiðir það til þess, að það verður að kosta almenning það, að hann borgi meira fyrir vöruna en ella hefði verið með hinum frjálsa innflutningi. Þannig rekur sig anzi margt hvert á annars horn, ef um þetta er rætt.

Það er ósköp auðvelt í ræðu að varpa því fram, að allt megi hækka nema kaupið, eins og sagt er, þegar hækkanirnar stafa ekki hvað sízt af því, að kaupið hefur hækkað. Það er vissulega rétt, að kaupið hækki, eftir því sem mögulegt er hverju sinni og atvinnuvegirnir geta borið. En það verður aldrei nein raunhæf kauphækkun úr því, ef krafizt er óeðlilegra hækkana, sem aðeins leiða til aukinnar verðbólgu og til þess ástands, að það verður að gera kröfur um auknar álögur og skatta á almenning. Við stöndum andspænis því í dag, sem hér hefur réttilega verið bent á, að við erum svo gæfusöm, að við höfum hagstæðan ríkisbúskap, sem gerir það mögulegt án nýrra skatta að stöðva þá verðbólgu, sem við er að stríða nú, og mæta vandræðunum með viðráðanlegum hætti, ef menn aðeins gefa sér tóm til þess að gera það og dæma vandamálin rétt.

Ég sagði í frumræðu minni, að sem betur fer benti margt til þess, að almenningur og stéttarsamtök væru farin að líta efnahagsmálin raunsærri augum en áður og gera sér grein fyrir því, að óábyrg afstaða í þeim efnum leiddi fyrst og fremst til vandræða fyrir þjóðina í heild, en ekki þá ríkisstj., sem sæti í það og það skiptið. Þetta er ekki hvað sízt að þakka aukinni upplýsingastarfsemi hlutlausra stofnana, samstarfsnefndum hagsmunasamtaka og ríkisvalds og nú síðast stofnun hagráðs. Fullkomin hreinskilni af hálfu ríkisstj. og einlægni í samvinnu hefur loks stuðlað að því andrúmslofti, sem leitt hefur til skynsamlegrar úrlausnar margra erfiðra vandamála og lengri samfellds vinnufriðar en áður. Því miður hefur hin pólitíska forusta stjórnarandstöðuflokkanna kosið að fara hina leiðina, leið blekkinga og ófriðar. Áframhald þess blómaskeiðs framfara og velmegunar, sem ríkt hefur síðustu 5 árin samfellt, er hins vegar því háð, að valin sé stefna raunsæis og friðsamlegs samstarfs. Það er sannfæring mín, að þjóðin hafi almennt trú á nauðsyn þessarar stefnu og því eigi öfgafullur málflutningur, blekkingar um eðli vandamálanna og ábyrgðarlaus yfirboð sér engan hljómgrunn. Vegna hinnar miklu efnahagslegu uppbyggingar síðustu ára stendur efnahagur þjóðarinnar traustum fótum, og nú er um það eitt að ræða að misstíga sig ekki. Það þarf enginn að fórna neinu, ef skynsamlega er á haldið, heldur þarf aðeins að nema staðar um stund og búa sig því betur undir næstu sóknarlotu til aukinnar velmegunar. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 12. fundi í Sþ., 30. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Árnason: Herra forseti. Við þessa umr. sér fjvn. ekki ástæðu til að gera aths. við frv., en leggur til, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun útvarpsumr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 94, 96 og 98, 92, 93, 95, 97, 110, 113).

Afbrigði um brtt. 110, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hóf störf sín og athugun á fjárlagafrv. þegar á fyrstu dögum þingsins. Segja má, að n. hafi unnið sleitulaust við afgreiðslu málsins síðan og því æðimikið mætt á nm. undanfarnar vikur. Alls hefur n. haldið 34 fundi, en auk fjárlagafrv. hefur hún haft til athugunar og afgreiðslu fjöldamörg erindi, sem til hennar hafa borizt. Hefur n. leitazt við að setja sig inn í mál þessi, eftir því sem kostur hefur verið á.

Í mörgum tilfellum er hér um fjárbeiðnir að ræða, sem ætlaðar eru til stuðnings góðum málefnum og framkvæmdum, sem eiga fyllilega rétt á sér. Samt sem áður hefur n. eigi séð sér fært nú frekar en áður að verða við umræddum fjárbeiðnum nema að takmörkuðu leyti. Hefði n. vissulega óskað að geta verið ríflegri í till. sínum um auknar fjárveitingar, en nú sem fyrr er í mörg horn að líta, og hefur n. fyrst og fremst haft að leiðarljósi, hvað hún taldi óhjákvæmilegt og ekki yrði á frest

skotið, um leið og hún að sjálfsögðu lagði sig fram um að koma til móts við óskir manna, eftir því sem n. sá sér fært og ástæður leyfa.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka meðnm. mínum öllum fyrir gott samstarf í n. Ég vona, að enda þótt afgreiðsla málsins af hendi meiri hl. n. hafi skipazt nokkuð á annan veg en fulltrúar minni hl. í n. hefðu kosið, telji þeir sig ekki hafa verið órétti beitta í sambandi við vinnubrögð í nefndinni.

Fjárlagafrv. það, sem hér um ræðir, er hið fyrsta, sem samið er á vegum þeirrar fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem sett var á stofn innan fjmrn. fyrr á þessu ári. Enda þótt frv. sé í meginatriðum óbreytt frá því, sem verið hefur, hvað uppbyggingu snertir og þær breytingar, sem stofnunin telur æskilegar við undirbúning og samningu fjárl., bíði næsta árs og komi þá til framkvæmda í samræmi við nýsett lög um ríkisreikning og fjárlög, er það álit meiri hl. n., að fjárveitingar til ríkisstofnana eða rekstrar þeirra séu að þessu sinni í meira samræmi við raunverulegar þarfir stofnananna en oftast hefur tíðkazt. Þetta álit meiri hl. n. er byggt á þeim upplýsingum, sem n. hefur aflað sér og fram hafa komið í viðræðum n. við forsvarsmenn hinna ýmsu ríkisstofnana.

Að þessu sinni hefur hagsýslustjóri ríkisins, Jón Sigurðsson, starfað að nokkru leyti með n., veitt henni margvíslegar upplýsingar, og hefur það auðveldað n. störfin og flýtt fyrir afgreiðslu málsins. Þá hafa nm. á sama hátt og áður skipt með sér verkum og unnið að athugun einstakra málaflokka milli funda. Hefur það einnig flýtt fyrir afgreiðslu málsins í heild.

Eins og fram kemur í nál. um málið, náðist ekki samstaða innan n. um afgreiðslu þess í heild. N. hefur þó leyft sér að flytja brtt. á þskj. 92 sameiginlega, þó með þeim fyrirvara af hendi fulltrúa Framsfl. og fulltrúa Alþb. í n., að till. n., sem fluttar eru á umræddu þskj., njóti ekki allar stuðnings þeirra og þeir hafi óbundnar hendur um að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við þær eða einstaka liði frv. Brtt. við tekjubálk frv. eru hins vegar fluttar af meiri hl. n. á þskj. 93. Eru þær byggðar á nýjum upplýsingum, sem n. fékk frá Efnahagsstofnun ríkisins. Hefur komið í ljós við endurskoðun á tekjum ríkissjóðs fyrir árið 1966 varðandi suma tekjuliði fjárlagafrv., að gera má ráð fyrir, að tekjur ríkisins á árinu 1967 verði eins og fram kemur á fyrrnefndu þskj.

Svo sem kunnugt er, beitti ríkisstj. sér fyrir því á s. l hausti að greiða niður hækkun á búvöruverði, sem ella hefði komið til framkvæmda í septembermánuði s. l. Síðan hefur komið til framkvæmda hækkun á fjölskyldubótum og frekari niðurgreiðslur. Allar þessar ráðstafanir eru til þess ætlaðar að koma í veg fyrir verðhækkanir innanlands og skapa grundvöll að almennri verðstöðvun. Af þessu leiðir, að gera verður breytingar á 17. og 19. gr. fjárlagafrv. varðandi þá gjaldaliði, sem þessar ráðstafanir snerta. Nú hefur ríkisstj. lagt fyrir Alþ. frv. um verðstöðvun. Að öðru leyti eru sumir þessara þátta enn í athugun hjá ríkisstj. N. hefur því frestað afgreiðslu þeirra til 3. umr.

Önnur mál, sem n. hefur enn ekki lokið athugun sinni á og frestaði til 3. umr., eru m. a. skipting á fé til nýrra skólabygginga og skólastjóraíbúða, enn fremur brtt. við 18. gr. og nokkur erindi önnur, sem n. mun taka til frekari athugunar og afgreiðslu á milli umr. Þá mun samvinnunefnd samgöngumála skila till. um styrki til flóabáta og vöruflutninga sem jafnan áður.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl., eru brtt. við 2. gr. frv. byggðar á nýjum upplýsingum frá Efnahagsstofnun ríkisins um tekjuáætlun ársins. Er þá lagt til grundvallar, að tekjuhækkunin milli áranna 1965 og 1966 nemi 18%, einnig, að skattvísitalan verði ákveðin 18% hærri en hún var 1966.

Síðan fjárlagafrv. var samið, liggja fyrir tölur um álagða skatta í öllu landinu. Kemur þar í ljós, að álagðir skattar reyndust nokkru hærri en reiknað hafði verið með. Hækkar því áætlunin fyrir 1967 að sama skapi, þar sem aðrar forsendur eru óbreyttar. Þá er í þessari nýju áætlun reiknað með hærri innheimtuprósentu, en það er samkv. reynslu ársins 1965. Heildarupphæð tekju- og eignarskatts er því áætluð 643 millj. kr. En þar frá dragast 40 millj. samkv. 17. gr. til húsnæðismála samkv. 4. gr. l. nr. 19 1965, og verður því nettóupphæðin á 2. gr. frv. 603 millj. kr. eða 7 millj. kr. hærri en frv. gerir ráð fyrir.

Varðandi aðflutningsgjöldin virðist ekki ástæða til breytinga að dómi Efnahagsstofnunarinnar, en þar er reiknað með 6200 millj. kr. innflutningi cif. og lagt til grundvallar, að meðaltollurinn verði 29.5%.

Aukatekjur eru nú áætlaðar 60 millj. kr. eða um 5 millj. kr. lægri en í frv. Er það samkv. nýrri áætlun Efnahagsstofnunarinnar.

Varðandi till. meiri hl. n. um áætlaða hækkun tekna af söluskatti, þá er gengið út frá áætluninni um álagðan söluskatt 1966, reiknað með 5% aukningu hreinnar veltu milli ára 1966 og 1967, og þá er einnig tekið tillit til þeirra verðhækkana, sem komnar voru inn 1. okt. s. l., en að öðru leyti ekki reiknað með frekari verðhækkunum. Samtals verða því tekjur af söluskatti 1328.2 millj. kr., þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samkv. lögum 106.3 millj., og nettó verður upphæðin því 1221.9 millj. kr., sem er 43.7 millj. kr. hækkun frá því, sem er í frv.

Þá er samkv. till. meiri hl. lagt til að hækka 10. tölulið 2. gr., leyfisgjald af bifreiðum, um 4.5 millj. kr. Er þá lagt til grundvallar, að áætlað meðal-fob.-verð á innfluttum bifreiðum á yfirstandandi ári hefur reynzt hærra en áætlað var, en bifreiðainnflutningurinn að öðru leyti óbreyttur frá fyrri áætlun.

Loks er lagt til, að tekjur samkv. 3. gr., þ. e. af rekstri Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, hækki um 8 millj. 170 þús. kr. Samtals

hækkar tekjubálkur fjárlagafrv. samkv. þessu um 63 millj. 370 þús. kr.

Á 3. gr. er lagt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á tekjuliðum Pósts og síma. Í viðræðum, sem n. átti við Gunnlaug Briem póst- og símamálastjóra, kom það fram, að gera má ráð fyrir þeirri tekjuhækkun á rekstrarreikningi stofnunarinnar, sem hér er lagt til, eða samtals 32 millj. kr. Á móti kemur sama upphæð gjaldamegin og fært á áætlaða afskrift.

Mun ég þá víkja að gjaldabálki frv.

Við 10. gr. er aðeins ein till. Leggur n. til, að tekinn verði upp nýr liður til alþjóðaflóttamannasöfnunarinnar, 600 þús. kr. Þessari fjársöfnun var mjög vel tekið af þjóðinni allri með almennri söfnun. Alls munu hafa safnazt þannig um 1.2 millj. kr. Með þessu viðbótarframlagi verður upphæðin samtals 1.8 millj. kr. eða sem svarar 10 kr. á hvert mannsbarn þjóðarinnar.

Á 11. gr. er lagt til, að liðurinn til byggingar fangahúsa hækki um 200 þús. kr. Er ætlazt til þess, að upphæðin gangi til byggingar fangahúss í Hornafirði. — Til fangahjálpar er till. um 40 þús. kr. hækkun, en auk þess er nú ákveðið, að félagssamtökin Vernd hljóti 250 þús. kr. af heildarupphæðinni. — Til byggingar templarahallar er lagt til, að styrkurinn hækki um 600 þús. kr. og verði þá 1 millj. kr. Hæstv. dómsmrh. kom á fund n. og gerði grein fyrir erindi byggingarnefndar templarahallarinnar. Kemur þar fram, að nokkuð vantar á, að fé sé fyrir hendi, svo að unnt sé að ljúka við tvo samkomusali í húsinu. Er ætlunin að nota þá til unglingastarfsemi. Til viðbótar þessu framlagi ríkissjóðs, **ef samþ. verður, mun borgarsjóður Reykjavíkur hækka sitt framlag til byggingarinnar að sama** skapi, og ætti það að tryggja framkvæmdina. Með þessu ætti að nást mikilvægur áfangi í lausn á vandamáli, sem fram kemur í nýju frv. til l. um breyt. á áfengislöggjöfinni. — Samtals hækka fjárveitingar samkv. þessu á 11. gr. um 840 þús. kr.

Á 12. gr. kemur fyrst brtt. n. um framlag til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða. Er lagt til, að liðurinn hækki um 2 millj. 849 þús. kr. Ætti sú fjárveiting að tryggja, að ríkisframlagið til byggingarinnar verði hlutfallslega það sama og á síðasta ári, þ. e. 1/8 hluti til sjúkrahúsa og 1/5 hluti af byggingarkostnaði til sjúkraskýla og læknisbústaða. N. tók inn nokkrar nýjar framkvæmdir, og er hækkunin aðallega í sambandi við þær. — Þá er lagt til, að liðurinn til námskeiða fyrir embættislækna hækki um 30 þús. kr. og liðurinn til námskeiða fyrir aðstoðarfólk í hjúkrun hækki um 25 þús. kr., en samtals eru till. um hækkun fjárveitinga á 12. gr. þá 2 millj. 904 þús. kr.

Á 13. gr. A er lagt til, að bætt verði við tveim nýjum liðum, samtals að upphæð 50 þús. kr., vegna rekstrar á snjóbifreiðum.

Á 13. gr. C hefur n. skipt fjárveitingu til hafnarmannvirkja og lendingarbóta, en auk þess leggur n. til, að liðurinn hækki um 6 millj. 350 þús. kr. — Þá er till. um, að liðurinn X, til afgreiðslu á eftirstöðvum af lögboðnum hluta ríkissjóðsframlags til hafnarframkvæmda, lækki um 4.9 millj., en framlag til ferjubryggna hækki um 150 þús. — Till. n. eru því raunverulega um hækkun, sem nemur til hafnarframkvæmda og lendingarbóta 1.6 millj. kr.

Í áætlun vita- og hafnarmálastjóra eru ráðgerðar framkvæmdir í hafnarmálum á árinu 1967 að upphæð 227 millj. kr., en þar við bætast framlög til landshafnanna. Er þetta rúmlega 100 millj. kr. hærri upphæð en byggingarframkvæmdir námu á yfirstandandi ári. Að hve miklu leyti áætlun vita- og hafnarmálastjóra kemur til framkvæmda, verður ekki séð, fyrr en gengið hefur verið frá framkvæmdaáætlun fyrir komandi ár. Mér þykir ósennilegt, enda þótt svo færi, að fé væri fyrir hendi til framkvæmdanna, að unnt væri af ýmsum öðrum ástæðum að ráðast í svo stóra áfanga í þessum efnum á einu ári, og kemur þar margt til.

Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta var varið samkv. síðustu fjárl. samtals um 26.2 millj. kr. Á sama hátt eru í þessu frv. að viðbættum brtt. n. 37 millj. 650 þús. kr. En þar til viðbótar eru greiðslur af hafnarlánum vegna landshafnanna, sem eru að þessu sinni 19.8 millj. kr. Að sjálfsögðu hefðu fjárveitingar til hafnarframkvæmda þurft að verða ríflegri en hér er lagt til. Hámark til hverrar hafnar verður 700 þús. kr. að þessu sinni. Eru þó rúmlega helmingi fleiri hafnir, sem hljóta þessa upphæð, en dæmi eru til um áður.

Á 13. gr. D. er lagt til, að liðurinn IV, aðrir flugvellir hækki um 100 þús. kr. Er það vegna nýrra flugvalla, sem rekstrarkostnaður hafði ekki að fullu verið áætlaður í frv.

Við 13. gr. E er ein brtt., en það er við F-lið, 2. tölul., aukavinna hækki um 75 þús. krónur.

Við 13. gr. F er till. um að hækka fjárveitingu til landmælinga, annan kostnað, um 144 þús. kr. Er það vegna hækkunar á húsaleigu fyrir stofnunina. Á sömu grein er lagt til að hækka fjárveitingu til sjómannaskólans í Vestmannaeyjum um 175 þús. kr. Komið hefur verið upp heimavist við skólann vegna nemenda utan af landsbyggðinni, og telur n. rétt að verða við þessari beiðni.

Á 14. gr. A eru fjárveitingar til menntamála. Eins og ég þegar hef tekið fram, bíða brtt. n. til 3. umr. varðandi fjárveitingar og skiptingu á fé til skólabygginga og skólastjóraíbúða. Nokkrar brtt. eru þó frá n. við þessa gr. Lagt er til, að til Handritastofnunar Íslands, liðurinn annar kostnaður, hækki um 30 þús. kr. — Til fræðslumálastjóraembættisins hækkar ferðakostnaður um 24 þús. kr. — Þá er lagt til, að teknir verði upp tveir nýir liðir: til kennaranámskeiða 250 þús. kr. og til skólaminjasafns 25 þús. Í frv. eru tveir liðir með

fjárveitingu til kennaranámskeiða, undir XV 27. tölul. 100 þús. kr. og XVI 49. tölul. 125 þús. kr. Leggur n. til, að báðir þessir liðir verði felldir niður, og er því raunverulega um 25 þús. kr. hækkun að ræða til kennaranámskeiða. Þessi tilhögun á fjárveitingunni er gerð samkv. ósk fræðslumálastjóra. — Fjárveiting til skólaminjasafns var inni á fjárl. 1965, en hafði af vangá fallið niður í fjárl. 1966 og enn fremur í fjárlagafrv. nú. — Þá er lagt til, að hækkaðir verði kostnaðarliðir við menntaskólann á Akureyri samtals um 555 þús. kr. Er það vegna vanáætlunar í frv. — Til kennaraskólans er till. um 220 þús. kr. hækkun, en það er vegna nemendafjölgunar, sem ekki hafði verið reiknað með, og til íþróttakennaraskólans hækkar fjárveiting um 60 þús. kr. samtals. — Í fjárlagafrv. er fjárveiting til blindrastarfsemi 30 þús. kr., og er upphæðinni skipt til helminga á milli Blindrafélagsins og Blindravinafélagsins. Upphæð þessi hefur staðið óbreytt um margra ára skeið. Fjvn. leggur til, að styrkurinn verði hækkaður í 200 þús. kr. og skiptist til jafns milli félaganna, 100 þús. kr. til hvors. — Þá eru tillögur um nýja liði: Til Frjálsíþróttasambands Íslands 50 þús. kr. vegna landskeppni Íslendinga og Skota, til Skáksambands Íslands 75 þús. kr. vegna þátttöku í Ólympíuskákmóti á Kúbu og til Taflfélags Reykjavíkur 40 þús. kr. styrkur til húsakaupa fyrir starfsemi félagsins. — Samtals eru brtt. n. við 14. gr. A til hækkunar um 1 millj. 195 þús. kr.

Á 14. gr. B eru fjárveitingar til opinberra safna, bókaútgáfu, listastarfsemi o. fl. Við þessa gr. hefur fjvn. leyft sér að flytja nokkrar brtt. Kemur þar fyrst till. um að hækka tvo liði hjá þjóðminjasafni: 50 þús. kr. vegna launahækkunar gæzlukvenna og 60 þús. kr. til örnefnasöfnunar. — Til Listasafns Íslands hækkar liðurinn annar kostnaður um 35 þús. kr. — Þá eru till. um að hækka fjárveitingar til náttúrugripasafnanna í Vestmannaeyjum og á Akureyri um 25 þús. kr. til hvors og að inn komi nýr liður: Til Náttúrugripasafnsins á Norðfirði 50 þús. kr. — Styrkur til Hins ísl. náttúrufræðifélags er lagt til að hækki um 15 þús., en það er vegna hækkunar á útgáfukostnaði tímaritsins Náttúrufræðingsins. — Þá er lagt til, að liðurinn XXI, styrkur til ritstarfa og fleira, hækki um 30 þús. kr. — Til Norræna félagsins er till. um hækkun á fjárveitingu um 50 þús. kr., og er það vegna aukinnar starfsemi félagsins. — Þá flytur n. brtt. við liðinn: til tónlistarstarfsemi skv. lögum, er það um 250 þús. kr. hækkun. Verður liðurinn þá 4 millj. kr. Skv. lögum ber ríkissjóði að leggja fram 1/3 hluta af rekstrarkostnaði tónlistarskólanna, og taldi n. að fengnum upplýsingum, að þessa upphæð skorti á, að næg fjárveiting væri fyrir hendi. — Þá er lagt til að hækka fjárveitingu til Barnamúsikskólans um 45 þús. kr. — Í fjárlagafrv. er að þessu sinni fjárveiting til Þjóðleikhússins um 1 millj. 750 þús. kr., sem er ætluð til þess að standa undir kostnaði við endurnýjun á áklæði á stólum leikhússins. Til viðbótar því taldi þjóðleikhússtjóri óhjákvæmilegt að fara fram á frekari fjárveitingu til viðhalds leikhússins. Í því sambandi fór þjóðleikhússtjóri sérstaklega fram á fjárveitingu vegna óhjákvæmilegra endurbóta á brunavörnum hússins. Fjvn. leggur því til, að veittar verði 275 þús. kr. í þessu skyni. — Leikfélag Reykjavíkur hefur um langan tíma haldið uppi allumfangsmikilli leiklistarstarfsemi. Hefur starfsemi félagsins auk starfsins hér í Reykjavík verið í því fólgin að halda fjölmargar leiksýningar víðs vegar úti um landsbyggðina. Um þessar mundir á Leikfélag Reykjavíkur 70 ára afmæli. Enda þótt n. beri ekki fram till. um sérstaka fjárveitingu til félagsins í þessu sambandi, taldi hún þó rétt að koma nokkuð til móts við óskir þess og leggur til, að fjárveiting til félagsins verði hækkuð um 200 þús. kr. — Þá er lagt til, að liðurinn: til minningarlunda og skrúðgarða hækki um 50 þús. — Nýir liðir, sem n. leggur til að teknir verði inn á 14. gr. B, eru: Til Norræna sumarháskólans á Íslandi 125 þús. kr., sem er fyrri greiðsla. Skv. upplýsingum, sem n. fékk hjá menntmrn., er ákveðið, að umræddur sumarháskóli verði haldinn hér á árinu 1968. — Þá er till. um að veita dr. Sigurði Jónssyni fjárveitingu að upphæð 50 þús. kr. til rannsókna á þörungagróðri hér við land. Er hér um sömu upphæð að ræða og dr. Sigurði Jónssyni var veitt á síðustu fjárlögum, en upphæðin hefur fallið niður úr fjárlagafrv. Hér er um verkefni að ræða, sem ekki er að fullu lokið, og því taldi n. rétt að taka upp umrædda fjárveitingu. — Til ritsins Iceland Review er lagt til að veittar verði 80 þús. kr. til útgáfu ritsins, en það er sama upphæð og nú er í fjárlögum. — Þá er lagt til að veita 25 þús. kr. styrk til minnisvarða um Svein Pálsson lækni, til myndlistarskóla í Neskaupstað 20 þús. kr. og til sýningar íslenzkrar alþýðulistar í Hamborg 35 þús. kr. Undirbúning að þessari listsýningu annast þjóðminjasafnið, það lánar munina og annast sendingu þeirra og annað, sem að þessari sýningu lýtur. — Alls hækka fjárveitingar skv. 14. gr. B, ef till. n. verða samþykktar, um 860 þús. kr.

Á 15. gr. eru till. um fjárveitingar til kirkjumála. Er þar lagt til, að hækkaður verði við biskupsembættið liðurinn skrifstofukostnaður um 50 þús. kr. og liðurinn ferðakostnaður um 25 þús. kr. — Þá er till. um 140 þús. kr. hækkun á liðnum húsaleigustyrkur presta. Var það talið eðlilegt til leiðréttingar á því misræmi, sem nú á sér stað á milli þeirra presta, sem embættisbústaði hafa til afnota, og hinna, sem ekki eiga þess kost. — Loks er till. um breyt. á liðnum til kristilegs æskulýðsstarfs, 50 þús. kr. hækkun. — Alls hækka fjárveitingar á 15. gr., ef till. n. verða samþykktar, um 265 þús. kr.

Á 16. gr. eru fjárveitingar til atvinnumála og þá fyrst 16. gr. A, til landbúnaðar. Lagt er til, að fjárveiting til Búnaðarfélags Íslands hækki um 400 þús. kr. Helmingur upphæðarinnar er vegna hækkunar á húsaleigu. Að öðru

leyti byggist hækkunin á öðrum kostnaðarliðum Búnaðarfélagsins, sem n. telur rétt að leiðrétta. — Til fyrirhleðslna og sjóvarnargarða hefur n. skipt upphæðinni, sem í fjárlagafrv. er, svo sem venja er. Vil ég í því sambandi vísa til þess, sem er á þskj. 92. Upphæðin er hækkuð um 30 þús. kr. skv. till. n. — Þá er lagt til, að liðurinn skrifstofukostnaður hjá landgræðslu hækki um 25 þús. kr. — Til skógræktar er lagt til að hækkaðir verði tveir liðir, þ. e. til skjólbelta 100 þús. kr. og liðurinn til skógræktarfélaga einnig um 100 þús. — Næst kemur liðurinn styrkir til fiskræktar. Þar leggur n. til, að fjárveiting verði tvöfölduð eða hækkuð úr 350 þús. kr. í 700 þús. Fyrir n. lágu nokkur erindi frá aðilum, sem á undanförnum árum hafa lagt út í kostnaðarsamar framkvæmdir og komið sér upp aðstöðu til nokkurrar fiskræktar. Einnig komu á fund n. fulltrúar fiskræktarfélaga, sem óskuðu eftir stuðningi ríkissjóðs til byggingar fiskstiga á Austurlandi. Var þar farið fram á jafnvel enn meira framlag af hendi hins opinbera til framkvæmdanna en núglidandi lög gera ráð fyrir, en það er 1/3 hluti kostnaðar. Sé um einhverjar framkvæmdir að ræða í þessum efnum, sem máli skipta, er hér um svo fjárfrekar framkvæmdir að ræða, að flestum er ofviða að leggja fram fjármagn, sem nægir. Hér er að vísu um atvinnurekstur að ræða, sem allt til þessa hefur gefið litla raun hér á landi. Sá árangur, sem fram kom í Kollafjarðarstöðinni á s. l. sumri, lofar þó nokkru í þessum efnum. Enda þótt gildandi lög heimili ríkissjóði að styrkja byggingu fiskeldisstöðva, fiskstiga og annað það, sem að fiskrækt lýtur, að 1/3 hluta, hlýtur styrkurinn hverju sinni að miðast við þá fjárveitingu, sem Alþ. ákveður. Fyrir Alþ. liggur nú frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 frá 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði. Ekki eru í frv. þessu neinar till. um breyt. á þeim kafla laganna, sem veit að fiskrækt eða fiskeldisstöðvum. Vissulega væri þó ástæða til þess að taka þann hluta laganna til frekari endurskoðunar. Till. n. um 700 þús. kr. fjárveitingu nær að sjálfsögðu skammt, en hún er þó viðleitni til þess að koma til móts við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli. — Þá er næst till. um að hækka styrk til einstakra manna til að stunda dýralækningar að upphæð 25 þús. kr. Til Landssambands ísl. hestamannafélaga er till. um hækkun 25 þús. kr. og enn fremur til bændaskólans á Hvanneyri hækkun á tveim rekstrarliðum að upphæð samtals 65 þús. kr. Þá leggur n. til, að teknir verði upp tveir nýir liðir: Til félags áhugamanna um fiskrækt 25 þús. kr. og til landþurrkunar í Út-Hjaltastaðaþinghá 50 þús. kr. — Samtals hækkar 16. gr. A um 1195 þús. kr., verði till. n. samþykktar.

Við 16. gr. B er aðeins ein brtt.: Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins 35 þús. kr. hækkun.

Næst eru brtt. n. við 16. gr. E, til rannsókna í þágu atvinnuveganna. N. átti viðræður við alla forstöðumenn rannsóknastofnananna, og kom fram í þeim viðræðum, að ekki væri breytinga þörf nema hjá Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. N. leggur til, að annar kostnaður hjá Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins hækki um 200 þús. kr., og er það til þess, að fullnægt verði ákvæðum laga um mótframlag ríkisins til stofnunarinnar. — Til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er lagt til, að tekinn verði upp nýr liður: til kalrannsókna 75 þús. kr., og enn fremur til jarðræktartilrauna, rekstrarkostnaður verði hækkaður um 100 þús. kr. Þá er lagt til, að annar kostnaður af fjárræktarbúinu á Hesti hækki um 100 þús. kr. og sami liður hjá tilraunastöðinni á Korpúlfsstöðum hækki um 50 þús. kr. — Samtals hækkar þá 16. gr. E um 525 þús. kr.

Á 17. gr. eru fjárveitingar til félagsmála. Lagt er til, að styrkur til Iðnnemasambands Íslands hækki um 50 þús. kr., að upp verði tekinn nýr liður: til sjúkraflugs á Vestfjörðum 125 þús. kr., og einnig til Svifflugfélags Íslands 100 þús. kr. — Til starfskvennaskóla Sumargjafar er till. um 40 þús. kr. hækkun. — Þá eru till. um skiptingu á fjárveitingum til byggingar dagheimila, og vísast til tillagna nefndarinnar á þskj. 92 þar um. — Til Geðverndarfélags Íslands er till. um 50 þús. kr. hækkun. — Til Bandalags ísl. farfugla er lagt til að hækka um 25 þús. kr., og er sú upphæð ætluð til starfsemi félagsins á Norðurlandi. — Til æskulýðsnefndar Eyjafjarðar er till. um 25 þús. kr. fjárveitingu, sem er nýr liður. — Þá kemur till. n. um 1 millj. kr. fjárveitingu til byggingar elliheimilis á Ísafirði, en það er í tilefni af 100 ára afmæli kaupstaðarins, sem var á s. l. sumri. — Loks er till. um 25 þús. kr. hækkun til rekstrar sjómannaheimilis í Neskaupstað. — Samtals hækka fjárveitingar á 17. gr. um 1 millj. 390 þús. kr. skv. þessum brtt. nefndarinnar.

Við 20. gr. eru nokkrar brtt. Lagt er til, að tekinn verði upp nýr liður: til Kristneshælis til byggingar starfsmannahúss og til greiðslu kostnaðar við malbikun 1 millj. kr. — Til sjúkraflugvalla er lagt til, að liðurinn hækki um 200 þús. kr. — Til byggingar sjómannaskólans, þar leggur n. til, að fjárveiting hækki um 360 þús. kr. og verði samtals 1 millj. Er þá sérstaklega haft í huga að koma lóð skólans í viðunandi horf. — Þá er lagt til, að framlag til byggingar lögreglustöðvar á Akureyri verði hækkað um 200 þús. kr. og niður falli orðið „lokagreiðsla". Vegna misskilnings var talið, að hér væri um lokagreiðslu að ræða, og leiðréttist það því hér með. — Loks er till. um 6 millj. kr. fjárveitingu til jarðeignasjóðs ríkisins. Hér er um framkvæmdaatriði að ræða, sem snertir það samkomulag, sem ríkisstj. gerði við fulltrúa bænda á s. l. hausti, þegar búvöruverðið var ákveðið. Varðandi þennan lið er gert ráð fyrir, að ákvæði verði sett um þetta með lögum, með frv., sem væntanlega verður lagt fyrir Alþ. innan skamms.

Við 22. gr. eru till. um heimildir til handa ríkisstj. Er þar fyrst um orðalagsbreytingu

að ræða á 24. lið, fyrir „m/s Esja" kemur: m/s Hekla og m/s Skjaldbreið. Svo sem kunnugt er varð það að ráði, að m/s Hekla var seld úr landi, en ekki Esja, eins og ætlað var í upphafi, og enn fremur er talið, að viðgerðarkostnaður m/s Skjaldbreiðar verði svo mikill, að ekki borgi sig að gera við skipið, og því rétt að afla heimildar til sölu, svo sem hér er lagt til. — Þá er lagt til, að upp verði teknir 3 nýir liðir: Að greiða hluta Íslands í kostnaði við flutninga aðalstöðva NATO frá Frakklandi. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í kauptúnum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema einni vélasamstæðu á hverjum stað. Að verja 30 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966 til framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Um þennan lið gegnir sama máli og 6 millj. kr. til jarðeignasjóðs á 20. gr., hann er einnig liður í því samkomulagi, sem gert var við bændur á s. l. hausti, og er ætlaður til hagræðingar í framleiðslu landbúnaðarins. Um hann verða einnig sett ákvæði í lögum, sem væntanlega verður lagt frv. um fyrir Alþ. innan skamms. Það er lagt til að verja þessari upphæð af tekjuafgangi ársins 1966 vegna þess, að upphæðin á að koma til útborgunar á yfirstandandi ári.

Verði brtt. fjvn. og meiri hl. hennar, sem ég hef nú lýst, samþ., leiðir það af sér, að á rekstraryfirliti 21. gr. hækkar rekstrarafgangur um 46 millj. 452 þús. kr. og á sjóðsyfirliti sömu gr. út hækkar liðurinn afborganir lána og til eignaaukningar um 7 millj. 740 þús. kr. Á rekstraryfirliti verður því greiðsluafgangur 427 millj. 518 þús. kr., en á sjóðsyfirliti greiðslujöfnuður að upphæð 189 millj. 482 þús. kr. Hver greiðslujöfnuður fjárlagafrv. endanlega verður, er ekki hægt að segja um að svo komnu máli. Fer það að sjálfsögðu að mestu eftir því, sem ég áður hef sagt varðandi viðbótarfjárveitingar vegna niðurgreiðslu á vöruverði og hækkunar fjölskyldubóta. Mun hvor tveggja þessara liða liggja fyrir við endanlega afgreiðslu málsins við 3. umræðu.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að ræða um brtt., sem nefndin hefur leyft sér að flytja við þessa umr. Till. n. og sú athugun, sem n. hefur gert varðandi afgreiðslu málsins, eru grundvallaðar á því sjónarmiði, að fjárlagafrv. beri að afgr. greiðsluhallalaust. Ég vænti þess, að þrátt fyrir þann ágreining, sem fyrir hendi kann að vera í einstökum atriðum um afgreiðslu málsins, þá séu allir alþm. sammála um þetta grundvallaratriði og nauðsyn þess fyrir þjóðarbúskapinn.

Ég vil svo, herra forseti, vænta þess, að till. n. hljóti samþykki og að frv. að lokinni þessari umr. verði vísað til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að telja fram þau atriði, sem ég mun leggja áherzlu á í ræðu minni hér á eftir. Þau eru þessi:

1. Þetta fjárlfrv. er mesta verðbólgufjárlagafrv., er um getur. Tekjuáætlun þess er við það miðuð, að verðbólgan og spennan í viðskiptalífinu aukist.

2. Það er sannað, að fyrirheit þau, sem stjórnarliðið gaf í kosningunum um stöðvun verðbólgu, sparnað og hagsýni í ríkisrekstrinum, hafi verið þverbrotin.

3. Skammsýni, stefnuleysi og hringlandaháttur hefur einkennt margar athafnir hæstv. ríkisstj.

4. Fjárfestingin hefur verið skipulagslaus. Þau verkefni hafa jafnvel setið á hakanum, sem sízt skyldi, svo sem skólar. Fjárveiting til verklegra framkvæmda er æ rýrari með hverju fjárlagafrv.

5. Ástand atvinnuveganna er alvarlegt þrátt fyrir góðæri síðustu ára.

6. Tilburðir hæstv. ríkisstj. og tal um verðstöðvun er sýndarmennska, endurtekning frá árinu 1959 vegna kosninganna í vor. Það er með öllu óframkvæmanlegt, að gera það tvennt samtímis að koma á verðstöðvun og hækka fjárl. um 1 milljarð, eins og hér er stefnt að.

7. Framsfl. flytur ekki nema eina brtt. til útgjalda við þetta fjárlagafrv. Ástæðan er sú, að svo er nú komið fjárhag ríkisins vegna rangrar stjórnarstefnu, að ekki er rúm fyrir fjárveitingar til eðlilegra framkvæmda á fjárl., sem verða þó um 5 milljarðar.

8. Alger breyting verður að koma til í efnahagsmálum og stjórnarathöfnum, ef unnt á að vera að koma fjárl. ríkisins, efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar í eðlilegt horf. Það verður að koma stefnufesta fyrir stefnuleysi. Það verður að koma stjórn á málefnum ríkisins fyrir stjórnleysi. Það verður að koma trú á landið og þjóðina fyrir trúleysi.

Þessum orðum mínum mun ég svo finna stað í ræðu minni hér á eftir.

En áður en lengra er haldið, vil ég byrja á því að þakka formanni og nm. fyrir samstarf í n., og það er ekki vegna framkomu þeirra við þau störf, að leiðir skildu í fjvn., heldur vegna stjórnarstefnunnar. Meiri hl. gerir nú eins og fyrr grein fyrir þeim till., sem fjvn. flytur sameiginlega. Fyrirvara okkar Framsóknarflokksmanna í n. um aðild að þeim till. er að finna í lok nefndarálits okkar. Vísum við þar til, en viljum þó taka fram, eins og þar er gert, varðandi afstöðu okkar til þeirrar breyt. á greiðslu til þeirra hafnarframkvæmda, sem búið er að inna af hendi, að till. um lækkun á þeirri greiðslu erum við andstæðir.

Til 3. umr. fjárlagafrv. bíða nú eins og oft áður nokkrir málaflokkar. Stærsti málaflokkurinn er fjárveitingar til skóla og skólastjóraíbúða. Enn fremur eru óafgr. hjá n. erindi um vatnsveitur, en þessi mál verða tekin fyrir við 3. umr. og afgreiðsla n. þar um liggur þá fyrir.

Í sambandi við það, sem fram kom í ræðu frsm. meiri hl., hv. formanns fjvn., og fram kemur í grg. og í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. um undirbúning fjárlaganna, — þar er því

haldið á loft, að undirbúningur fjárlaga sé að þessu sinni betur gerður en áður hefur verið, — í sambandi við það vil ég segja það, að ég sé á engan hátt ástæðu til þess að gera lítið úr þeim, sem undirbúið hafa fjárlagafrv. nú, en ég tek ekki heldur undir það, að fjárlagafrv. fyrri ára hafi ekki verið vel undirbúin. Þar hafa verið að verki merkir embættismenn, sem ég tek ekki þátt í að kasta neinni rýrð á, enda ekki ástæða til. Mér finnst það greinilegt í sambandi við fjárlagaundirbúning að þessu sinni, að þar koma fram ýmsar veilur, sem ekki hafa komið fram áður, og er þar um að kenna, að hér voru nýliðar að verki, en öðru ekki.

Ég benti á það við 1. umr. fjárlaganna, að það er ekki gerð í grg. frv. grein fyrir tekjum af 2. gr. fjárlagafrv. Þar er þó gert ráð fyrir tekjum yfir 4 milljarða. Þess vegna hefði ekki verið ástæða til annars en gerð væri grein fyrir því, hvernig hæstv. ríkisstj. gerði ráð fyrir, að þeirra tekna væri aflað, og á eðlilegan hátt þá grg., sem venja er að gera við tekjuhlið fjárlagafrv. eins og útgjaldahliðina. Ég vil líka geta þess, að það henti í sambandi við undirbúning fjárlagafrv., að það gleymdust 70 millj. af útgjöldum í sambandi við fjárlögin, svo að niðurstaðan um 150 millj. kr. greiðsluafgang var ekki raunhæf, vegna þess að 70 millj. vantaði. Þá var það, að útgjöld vegna niðurgreiðslna voru áætluð 30 millj. lægri en þá var staðreynd um og að með 40 millj. greiðslu til húsnæðismála, sem frá er dregin á 17. gr., var reiknað í tekjunum á 2. gr.

Það er rétt, að ýmis embætti og stofnanir hafa ekki kvartað sérstaklega undan fjárveitingum að þessu sinni. En ég gagnrýndi það við 1. umr. þessa máls, að sumar þessar stofnanir og það margar hefðu fengið 30, 40 og jafnvel upp í 50% hækkun, og það er ekki ástæða til, þegar svo vel er við stofnanir og embætti gert, að þá séu þau að kvarta. Ég tel, að hér hafi verið of langt gengið, og ég álít, að það sé röng stefna að áætla svo riflega hjá embættum og stofnunum, að það sé nokkurn veginn öruggt, að þau geti ekki farið fram úr áætlun. Það mun leiða til meiri eyðslu hjá viðkomandi aðilum.

Ég vil líka geta þess, að það er gerð sú breyt. á fjárlagafrv. nú í fyrsta sinn, að fé, sem ætlað er til skóla, til viðhalds þeirra, það er nú í einni tölu á 14. gr. til barnaskólanna og önnur tala til gagnfræðaskólanna. Áður fyrr hefur þessu verið skipt niður á hinar einstöku skólastofnanir. Því er haldið fram í grg. frv., að með þessari stefnu sé hægt að gera stærri átök í viðhaldi viðkomandi skólabygginga. Aths., sem ég hef við þetta að gera, eru í fyrsta lagi, að hér er sem víðar annars staðar sótt í það að gefa embættismönnum ríkisins meira vald. Þeir eiga að meta þörfina hjá hinum einstöku skólastofnunum og skipta þessari fjárhæð niður. En aðalatriðið er þó, að það, sem skiptir mestu máli í viðhaldi stofnana eins og skóla, er, að viðhaldið sé jafnt frá ári til árs, að þannig sé viðhaldið á þessum stofnunum, að það þurfi ekki að koma til stórra endurbóta. Ég hef af þessu nokkra reynslu og þekki skóla, sem eru milli 25 og 30 ára gamlir og líta fullkomlega eins vel út og skólar sumir hverjir innan við 10 ár, en það hefur alltaf verið fylgt þeirri reglu að halda þessum skólastofnunum við nokkuð jafnt á hverju ári, og það er ólíkt, hvað það kemur betur út fyrir sveitarfélögin og aðra þá aðila, sem eiga að leggja þar fé á móts við ríkissjóð, að þessari reglu sé fylgt, auk þess sem það mun sannast, að hin reglan um stóru átökin í einu verður dýrari í reynd. Það, sem okkur ríður á nú með okkar nýju, dýru og fullkomnu skóla, er að viðhalda þeim þannig, að þeir drabbist ekki niður, svo að við þurfum að gera endurbætur eftir fáein ár. Þess vegna tel ég, að hér hafi ekki verið stefnt í rétta átt. Og svo ekki meir um það.

Þá vil ég víkja að þeim atriðum, er ég nefndi hér áðan í upphafi ræðu minnar, og þá fyrst að því, hvernig verðbólgan setur svip sinn á þetta fjárlagafrv. Fjárlagafrv. er nú á milli 900 og 1000 millj. hærra en fjárlögin 1966. Það hefur komið fyrir hér áður, að fjárlög hafa hækkað um risaskref á milli ára, en hér mun þó ætla að verða met, og hefur hæstv. ríkisstj. þó komizt á tíunda hundrað millj. hækkun á milli ára fyrr. En það er fleira, sem segir til um það, hvað verðbólgan setur sinn svip á þetta fjárlagafrv. Eftir eru að koma inn á það fjölskyldubætur, sem þegar er búið að ákveða og munu vera tæpar 40 millj. Og þá á einnig eftir að færa þar til útgjalda niðurgreiðslur, sem búið er að ákveða og munu vera milli 200 og 300 millj. kr. hærri upphæð heldur en gert er ráð fyrir á fjárlagafrv. núna. Þetta sýnir, að verðbólgan mun setja svip sinn á fjárlagafrv. Mér telst svo til, að af þeim hækkunum, sem eru á þessu fjárlagafrv. frá fjárl. 1966 og ég sagði áðan, að væru á 10. hundrað millj., séu 50—60 millj. kr. til verklegra framkvæmda, hitt gangi til niðurgreiðslna og aukins rekstrarkostnaðar. Þetta sýnir svo greinilega sem verða má, hvert við stefnum í fjárlagaafgreiðslunni og hvernig haldið er á efnahagsmálum okkar. Niðurgreiðslurnar munu, eftir því sem ég bezt veit, að ákveðið er núna, verða um 730 millj. kr. miðað við heilt ár, fjölskyldubætur með 1. og 2. barni um 170 millj., svo að hér er um 900 millj. að ræða, og bein aðstoð við atvinnuvegina, eins og hún er í fjárlagafrv., vegna rekstrar þeirra mun vera um 300—350 millj., auk þess sem rétt er að víkja að því, hvernig rekstrarkostnaður hinna einstöku embætta og stofnana eykst hröðum skrefum. Innheimta og álagning skatta og tolla hefur hækkað í tíð núv. ríkisstj. um 370%, dómgæzla og lögreglustjórn um 440%, ferðalög og risna um 400%. Þannig mætti lengi telja dæmi, sem sýna, hvernig verðbólgan, aukin útþensla og beinlínis eyðsla ræður nú í ríkisrekstrinum.

En aðalatriðið í sambandi við verðbólguna og fjárlagafrv. er þó það, að fjárlagafrv. sjálft

er byggt upp á því, að verðbólgan og spennan í viðskiptalífinu aukist á næsta ári frá því, sem nú er. Innflutningur á þessu ári er orðinn 1. nóv. 5 milljarðar 557 millj. kr., hann var 1. nóv. í fyrra 4 milljarðar 653 millj. kr., eða um 900 millj. kr. meira á árinu 1966, það sem komið er, heldur en á sama tíma í fyrra. Þrátt fyrir það, að svo mikil aukning er á milli þessara ára, gerir fjárlagafrv. samt ráð fyrir því, að enn þá meiri aukning verði að vera á næsta ári, ef miðað er við þær tekjur, sem gert er ráð fyrir að verði á yfirstandandi ári og næsta ári.

Hallinn á inn- og útflutningi 1965 var 1. nóv. 448 millj. kr., en er nú um 1 milljarður. Það má gera ráð fyrir því samkv. upplýsingum, sem fram komu í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh., og því, sem fyrir liggur um tekjur til októberloka, að tekjur fjárlaga þessa árs geti orðið yfir 4 milljarðar eða fari um allt að 500 millj. kr. fram úr áætlun. En eftir því sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir nú, verður að reikna með því, að til þess að öruggt sé, að ekki verði um greiðsluhalla að ræða á næsta ári, verði tekjur ríkissjóðs að vera um 5 milljarðar, og hygg ég, þó að þær séu ekki áætlaðar nema varlega, að það sé lítið borð fyrir báru eins og nú horfir um ýmsa útgjaldaliði, sem ég mun síðar koma að. Þetta þýðir það, að fjárlagafrv. gerir ráð fyrir meiri verðbólgu, meiri spennu í viðskiptalífinu, það gerir ráð fyrir, að fluttar verði inn fleiri bifreiðar, meira af tertubotnum og kexi á næsta ári en á þessu ári. Þannig er tekjuáætlun fjárlagafrv. byggð upp á því, að verðbólgan og spennan í viðskiptalífinu ekki eingöngu haldist, heldur aukist.

Er ástæða til að gera ráð fyrir því, að svo mundi fara hjá núverandi valdhöfum? Höfðu valdhafarnir ekki gefið fyrirheit um stöðvun verðbólgu, hagsýni og sparnað í ríkisrekstrinum? Svo sannarlega. Ég vil máli mínu til stuðnings minna á nokkur atriði þessu viðvíkjandi og þá taka upp fyrsta boðorðið úr stefnuskrá Sjálfstfl. frá haustkosningunum 1959, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir svo:

„Stöðvun verðbólgu. Náð verði samkomulagi milli framleiðslustétta um að stöðva víxlhækkanir á milli kaupgjalds og verðlags, leggja inn á nýjar brautir, er sneiði hjá verðbólgu og samdrætti.“

Þannig komust þeir sjálfstæðismenn að orði, eftir að Alþfl. hafði lýst yfir því, að hann væri búinn að stöðva verðbólguna. Og það stóð ekki heldur á fyrirheitum þeirra Alþfl.-manna um, að áfram skyldi haldið á þeirri braut, sem þeir voru komnir á. Núv. hæstv. félmrh. sagði í Alþýðublaðinu 16. okt. 1959 m. a. þetta:

„Alþfl. heimtar óbreytt ástand. Við í launþegasamtökunum styðjum þá stefnu. Þjóðin veit, að hverju hún gengur. Hennar er að velja á milli.“

Þannig voru yfirlýsingarnar um stöðvun verðbólgu þá og í framtíðinni. Og það voru fleiri yfirlýsingar gefnar en ég hef hér greint, og mun ég ekki greina nema lítilsháttar frá þeim, en vil þó minna á, að þáv. hæstv. forsrh., núv. hæstv. utanrrh., Emil Jónsson, sagði í útvarpsræðu 20. okt. 1959 m. a. þetta:

„Kosningarnar, sem nú fara í hönd, eru örlagaríkar. Þær eru það vegna þess, að þær skera úr um það, hvort freistað verður að leysa vandamál framtíðarinnar með svipuðu hugarfari og á sama hátt og gert hefur verið á þessu ári.“

Það var á árinu 1959. Nú hafa menn reynsluna af fyrirheitunum.

Alþýðublaðið sagði til viðbótar því, sem ég hef áður greint, 23. okt. 1959: „Menn berjast ekki gegn dýrtíð með því að láta undan henni.“ Og hvað hefur svo skeð hjá núv. hæstv. valdhöfum?

Nú vil ég leiða eitt vitni máli mínu til sönnunar um ástandið, eins og það er orðið eftir 7 ára valdatíma þessara hv. flokksmanna, sjálfstæðis- og Alþfl.-manna, og fyrirheit þeirra. Hæstv. forseti sameinaðs þings sagði við 1. umr. fjárlaga í okt. s. l. þetta m. a.:

„Langsamlega stærsti þáttur í þessum vanda,“ — hann var þar að ræða um efnahagsmál, — „sem við er að etja, er verðbólgan. Hún hefur veikt starfsgrundvöll útflutningsatvinnuveganna meira en nokkuð annað. Og sú staðreynd, að ekki hefur fyrr komið til stöðvunar, byggist eingöngu á því, að verðlag hefur að undanförnu verið mjög hagstætt erlendis á flestum útflutningsafurðum sjávarútvegsins.“

Hér þarf ekki framar vitnanna við um það, hvernig ástandið er orðið. En ef menn efast, geta þeir lesið Morgunblaðið, þar sem segir frá ræðu hæstv. forsrh. á flokksfundi þeirra sjálfstæðismanna 14. okt. s. l., en þá vék hann mjög að því, hvernig mistekizt hefði um stöðvun verðbólgunnar. Og hver er ástæðan fyrir því, að þessum ágætu mönnum hefur mistekizt eins og raun ber vitni um og fyrirheitin hafa verið þverbrotin, eins og ég hef þegar sýnt? Ástæðan er í fyrsta lagi sú, að fyrirheitin voru blekking. Stöðvun verðbólgunnar 1959 var sjónhverfing ein. Verðbólgunni var haldið í skefjum með niðurgreiðslum. Þeir vissu það, valdamennirnir þá, að skráningu gengis krónunnar yrði að breyta. Það var ekki rætt um það, meðan talað var um niðurfærslu og niðurgreiðslu og verðstöðvun. En strax þegar kosningarnar voru um garð gengnar, var gengið til þess verks. Efnahagsaðgerðirnar 1960 urðu einnig til þess að auka verðbólguna. Í kjölfar gengisskráningarinnar var tekinn upp söluskattur. Tekjustofna útflutningssjóðs tók ríkissjóður til sín í staðinn fyrir að leggja þá niður, þegar verkefni útflutningssjóðs var lokið. En gengisbreytingin 1961 var þó miklu alvarlegra mál. Hún var gerð í reiðihug, og það er fátt, sem hefur ýtt eins undir verðbólguna og sú stjórnarframkvæmd. Auk þess hefur það verið stefna hæstv. ríkisstj. frá upphafi að vera með skatt svo að segja í hverju máli. Skattaæði hæstv. ríkisstj. hefur verið svo gegndarlaust, að ekki er að undra, þó að eftir

segi, enda hafa skattálagningin og gengisbreytingin 1961 verið verðbólgugjafi í stórum stíl. En þar til viðbótar hafa ráðstafanir þær, sem ríkisstj. hefur gert og hæstv. forsrh. talaði um á flokksráðsfundinum, að allar ættu að verka til að draga úr verðbólgu, gert hið gagnstæða. Ríkisstj. framkvæmdi vaxtahækkun í trú á að draga úr verðbólgunni. Ríkisstj. framkvæmdi sparifjárbindingu í trú á, að það drægi úr verðbólgu. Skattalagabreytingar, sagði hæstv. forsrh., þar sem við höfum tekið umframfé, voru gerðar í sama skyni. Óhagstæðari fjárfestingarlán áttu einnig að verka þannig frá sjónarmiði ríkisstj. Vísitölutrygging á húsnæðislán átti líka að draga úr verðbólgu að dómi hæstv. ríkisstj., minni afurðalán einnig. Tilgangurinn með öllum þessum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. var einmitt sá að draga úr framkvæmdum í landinu.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðunni á flokksráðstefnunni, að þeir hefðu ekki viljað ganga inn á atvinnuleysi. En allar þessar ráðstafanir eru miðaðar við það að draga úr atvinnu, draga úr spennu, og þær hafa ekki verkanir eins og er hugsað, nema þeim fylgi mjög takmörkuð atvinna. Þetta var hæstv. ríkisstj. ljóst. Og það eru aðrar ástæður, sem hafa gert það að verkum, að öðruvísi fór en ríkisstj. stefndi að. Það var dugnaður fólksins í landinu, það var þörfin á uppbyggingunni í landinu, það var góðærið, sem fór yfir allar þessar hindranir, sem hæstv. ríkisstj. lagði á veg þeirra, sem fyrir framkvæmdum í landinu stóðu. Þessar ráðstafanir geta ekki dregið úr verðbólgu á einn eða annan hátt nema með því að draga úr framkvæmdum í landinu. Niðurstaðan hefur svo orðið sú, að þessar ráðstafanir hafa orðið til þess að auka verðbólguna. Háu vextirnir hafa komið út í verðlagið. Það hefur gert rekstrarkostnaðinn meiri og verðlag á afurðum hærra. Óhagstæðari fjárfestingarlán hafa einnig farið út í verðlagið. Það gerði byggingarnar dýrari. Lánstíminn var styttri, og þeir, sem stóðu fyrir fjárfestingunni, urðu að fá meiri tekjur til þess að skila aftur á styttri tíma lánunum, sem þeir fengu með hærri vöxtum. Vísitalan á húsnæðislánin hefur líka farið út í verðlagið. Þeir, sem þau lán eiga að greiða, hafa orðið að fá hærra kaup, sótt það aftur út til atvinnuveganna, og þannig hefur þetta haldið áfram. Fjárbindingin hefur orðið til þess að gera rekstur atvinnuveganna erfiðari og dýrari. Allt hefur þetta sótt í sömu átt.

Hæstv. forsrh. velti því fyrir sér á flokksráðstefnunni, hvernig það væri hér á landi, hvort þessar aðferðir, sem aðrar þjóðir notuðu, hentuðu ekki hérna. Hann var ekki alveg viss um það. Þetta ætti þó að vera hverjum manni ljóst, og hæstv. ríkisstj. hefði átt að gera sér grein fyrir því í tíma, að ráðstafanirnar, sem hún var að gera til þess að reyna að draga úr verðbólgunni í landinu, þær verkuðu allar til þess að auka hana. Ef hún hefði áttað sig á þessu í tíma, að þessar aðferðir hennar áttu ekki við í þjóðfélagi, sem átti mikla uppbyggingu fram undan, eins og í okkar þjóðfélagi, þar sem fjárfestingin er svo skammt á veg komin eins og í okkar þjóðfélagi er og atvinnuvegirnir einnig, þá hefði hún getað breytt um stefnu. En hennar stefna er alltaf þetta: Leiðin, sem við förum, er sú eina rétta. Það er engin önnur leið til að fara, segja talsmenn hæstv. ríkisstj. hér. Þessi leið er sú eina rétta. Og svo dagar hæstv. ríkisstj. eins og nátttröll uppi í þessari fásinnu sinni. Þess vegna hefur farið svo, að ráðstafanirnar, sem átti að gera til þess að draga úr verðbólgu, hafa orðið til þess að auka hana. Og ríkisstj. hefur sjálf ekki áttað sig á því, heldur hefur uppi vangaveltur um, hvort það geti ekki verið þannig, að annað eigi við í okkar þjóðfélagi eða ekki.

Þá eru það fyrirheitin um hagsýni í ríkisrekstrinum. Þeir Sjálfstfl.-menn hafa farið með embætti fjmrh. frá því á haustnóttum 1959. Nokkur árangur ætti að vera kominn af þessu starfi þeirra, og af því að þeir fóru fljótlega að tala um hagsýni í ríkisrekstrinum og settu upp hagsýslustofnun, mætti vænta þess, að eftir 7 ár væri hægt að sýna fram á, hvernig til hefði tekizt með framkvæmd á þessu atriði. Og nú vil ég máli mínu til stuðnings, til þess að sýna fram á það, á hvaða vegi þetta atriði er statt, leiða fram eitt vitni, það er hæstv. fjmrh., en hann segir svo í grg. fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., með leyfi forseta:

„Annað tæknilegt viðfangsefni, sem ekki kemur fram í þeim aths., sem hér að framan hafa verið gerðar, er skortur á upplýsingum fyrir miðstjórn ríkisrekstrarins til að tengja hvert viðfangsefni, sem unnið er að, við þær fjárhæðir, sem um er beðið eða veittar eru honum í fjárlögum. Eins og málum er nú háttað, er grundvöllur fjárveitinga að jafnaði rekstur tiltekinna stofnana, sem hafa tilgreindan fjölda starfsmanna. Kostnaður við rekstur stofnunarinnar er síðan áætlaður eftir tilkostnaði eða fjárveitingu síðari ára með álagi fyrir tilkostnaðarhækkunum. Tilvera stofnunarinnar sem skipulagseiningar skyggir þannig á eða dregur athyglina frá þeim verkefnum, sem þessi skipulagseining á að afkasta. Með þessum hætti fæst oft ekkert mat á því, hversu vel eða illa stofnun hefur sinnt sínum verkefnum, þar eð fjárveiting til stofnunarinnar miðast ekki við ákveðið viðfangsefni, heldur við rekstur stofnunar."

Svo mörg eru þau orð. Þetta er sæmilega góður árangur eftir 7 ára fjármálastjórn. Þá lýsir hæstv. fjmrh. því yfir, að hann viti sjálfur ekkert um rekstur ríkisstofnana og ríkisins. Tilteknar einingar þess skyggja svo á útsýnið, að þeir sjá ekki yfir heildarsviðið. Eftir að þeir eru búnir að vera með hagsýslumenn, innlenda og erlenda, er gefin svona yfirlýsing. Hvað segja menn um slík vinnubrögð? Er þetta árangurinn, sem menn bjuggust við af bættum vinnubrögðum, meiri hagsýni? Hið sívökula auga ríkisstj., sem alls staðar átti að vera á verði, þar sem sparnaði og hagsýni

mátti koma við, — það þarf ekki mikið til, ef þetta þykir góður árangur af öllu því auglýsingaskrumi, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft í frammi fyrr og síðar um hagsýslu og sparnað í ríkisrekstrinum.

Um sparnaðinn vil ég í þessu sambandi nefna eitt dæmi enn þá, og það er tekið upp úr fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. í október í haust, og það er svo, með leyfi hæstv. forseta, þar segir hæstv. ráðh.: „Það er hægt á mörgum sviðum að hagnýta mun betur það fé, sem til ráðstöfunar er.“ Svo segir hæstv. fjmrh. frá því, að þeir hafi skipað n. til að athuga meðferð framkvæmdafjár. Og fleiri n. höfðu þeir skipað, sumar höfðu skilað áliti, og það var til athugunar hjá ríkisstj., framkvæmdinni var frestað um sinn. Þetta er um hagsýsluna.

Þá verður næst fyrir mér sparnaðurinn, en um hann voru gefin fyrirheit á sínum tíma. Ég gerði það einhvern tíma mér til dundurs, að ég fór að telja saman sparnaðarfyrirheitin, sem búið var að gefa á tveim fyrstu valdaárum núv. stjórnarflokka eða svo, og þau voru 59. Og nú ætla ég að spyrjast fyrir um sparnaðarfyrirheitin.

Nál. meiri hl. fjvn. um fjárlög árið 1961 er undirskrifað 2. des. 1960. Í þeim fjárl. var gert ráð fyrir því að sameina sendiherraembættin í París, og svo átti að halda áfram á þessum grundvelli, og fyrsta atriðið í sparnaðarfyrirheitunum er að fækka enn sendiráðum Íslands erlendis, að leggja niður tvö sendiráð á Norðurlöndum, jafnvel að lækka launagreiðslur til sendiherra og annarra starfsmanna sendiráðanna. Nú spyr ég: Hvað hefur verið gert? Þetta er frá 2. des. 1960. Þá er þetta fyrirheit gefið af meiri hl. fjvn. Áður hafði hæstv. fjmrh. vikið að því, að þessi leið væri hugsanleg.

Annað atriði var að draga úr opinberum veizlum. Reglur munu þegar hafa verið settar til að takmarka þessi útgjöld, og verður að athuga, hvort eigi sé hægt að gæta meira hófs í því. Hefur þetta verið gert? Ekki er mér kunnugt um það eftir að hafa kynnt mér þessi mál í sambandi við fjárlagaafgreiðslu ríkisins. Mér finnst, eins og ég benti á áðan, að í ferðalög og veizlur hafi hækkunin verið 400—500%. Hvernig er um framkvæmd á þessu sparnaðaratriði? Væri nú ekki tími til kominn eftir þetta mörg ár að fara að framkvæma þetta? Hæg eru heimatökin þar.

Þriðja atriðið var að takmarka svo sem auðið er tölu sendimanna á alþjóðaráðstefnur, fjölda slíkra ferða, svo og tölu fulltrúa í viðskiptanefndum. Hefur þetta verið gert? Er mönnum kunnugt um, að þar hafi verið sparnaði við komið?

Fjórða atriðið var að fækka lögreglumönnum á Keflavíkurflugvelli. Þetta hafa Alþb.-menn verið að leggja til við fjárlagaafgreiðslu og það er ein till. þar um nú. En ég man ekki betur en kostnaður við lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli, hækkunin frá árinu 1966 til 1967, sé um 40%, 41%, ef ég man rétt, Er það vegna þess, að það hafi verið dregið þar úr löggæzlu og lögreglumönnum fækkað?

Það má vel vera, að þessir hlutir séu lítt framkvæmanlegir. En til hvers voru ráðh. Sjálfstfl. og forustumenn þeirra í fjármálum að gefa slíkar yfirlýsingar, ef þeim var það ljóst, að þetta var þýðingarlaust og ekkert nema blekking? Var það þá gert í blekkingaskyni. Það er augljóst, að í reyndinni hefur það orðið þannig.

Fækka átti bifreiðum ríkisins og ríkisstofnana. Hefur það verið gert? Þannig mætti lengi telja. Á þessum lista einum eru 23 fyrirheit. Hin voru svo í fjárlagaræðu. Það hefur orðið harla lítið úr sparnaðinum. Skattamálin voru eitt af sparnaðarfyrirheitunum. Hækkunin er nærri 400%. Það var lesinn hér upp í ræðu langur listi um það, hvað skattanefndirnar, undirskattanefndir og yfirskattanefndir, væru margar. En kostnaðurinn við skattstofurnar, þótt færri séu, er margfaldur frá því, sem var. Þannig hefur yfirleitt orðið um framkvæmdina á sparnaðarfyrirheitunum hjá hæstv. ríkisstj. Það er hins vegar hægt að lesa upp langan lista um ný embætti og nýjar stofnanir, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur sett upp í sinni stjórnartíð. Sá listi verður allmiklu lengri en listinn um framkvæmdir á sparnaðarfyrirheitunum. Þannig hefur þetta orðið í raun, og þarf því engan að undra, þegar það er haft í huga, þó að fjárl. hafi hækkað, þegar verðbólgan hefur komið til viðbótar þessu.

Ég get minnt á stofnanir eins og Efnahagsstofnun, gjaldheimtustofnun, almannavarnir, hagsýslugerð, ríkisskattstjóra og skattstofur, fjölgun bankastjóra, bankaráðsmanna, húsnæðismálastjórn, fjölgun borgardómara, sakadómara og borgarfógeta. Þannig mætti lengi telja. Það er til langur listi um framkvæmdir hæstv. ríkisstj., en í sparnaðinum vantar hann alveg. Þar var langur listi um fyrirheit, en framkvæmdin því miður engin. Og hæstv. fjmrh. staðfesti, að svo er, í fjárlagaræðu sinni í haust. Þar segir hann svo, með leyfi hæstv. forseta, m. a.:

„Það er engum efa bundið, að þörf er rækilegrar endurskoðunar á þeim grundvallarsjónarmiðum og reglum, er ákveða veigamikla þætti ríkisútgjaldanna.“

Það hefur ekki verið tími til þess í 7 ára fjármálastjórn Sjálfstfl. að koma þessu í verk. Það er ekki einu sinni byrjað á að framkvæma þetta. Það hefur verið tími til þess að vinna að útþenslunni, fjölga embættunum, fjölga ráðunum og fjölga launuðu nefndunum. Það var eitt sparnaðaratriðið, sem átti að framkvæma af hæstv. ríkisstj., það var að fækka launuðu nefndunum. Þær hafa aldrei verið fleiri en nú. Þannig hefur verið haldið á því máli. Þarf því engan að undra, þó að við séum að afgreiða hér langhæstu fjárlög, sem nokkurn tíma hafa sézt. Stefna hæstv. ríkisstj., verðbólgan og útþenslan í ríkiskerfinu hefur leitt til þess. Sparnaðurinn hefur hins vegar gleymzt.

Þá vil ég koma að því atriði, sem ég gat hér áðan, það er skammsýni hæstv. ríkisstj. í ýmsum stjórnarframkvæmdum. Fyrir nokkrum árum var hv. Alþingi að fjalla um bráðabirgðalög, sem hæstv. ríkisstj. hafði gefið út, m. a. til að banna verkfall verkfræðinga og lækna. Hæstv. ríkisstj. var um tíma í stríði við þessa aðila, verkfræðingana og læknana, út af kaupi og kjörum. Það orkar ekki tvímælis, að í kjaradómi þeim, sem fyrst var upp kveðinn, var hlutur þessara aðila alls ekki réttilega metinn. Það var ekki tekið tillit til þess, hvað þessir menn voru búnir að leggja mikinn tíma af ævi sinni í sitt nám. Hæstv. ríkisstj. var algerlega skilningslaus á það, hvað hverju menningarþjóðfélagi ríður á góðu samstarfi við þessa sérmenntuðu menn. Það var talið fullt ábyrgðarleysi af okkur, stjórnarandstöðunni, eins og venja er til hjá þeim stjórnarsinnum, þegar stjórnarandstaðan ræðir mál, að við skyldum vera að tala máli þessara sérfræðinga. En hver hefur reynslan orðið? Reynslan er þessi, að sérfræðingarnir eru búnir að máta ríkisstj. Þeir eru nú búnir sjálfir að segja til um sín kjör. Ef hæstv. ríkisstj. hefði á sínum tíma borið gæfu til að taka upp vinsamleg samskipti og samstarf við þessa menn, hefði ekki svo illa farið sem raun ber vitni um. Og hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í fjárlagaræðunni, að þeir hefðu orðið að gera nauðungarsamninga við læknana. Það er af því, að ríkisstj. sýndi skammsýni og skilningsleysi á þýðingu og námi þessara manna. Og það er verkefni framtíðarinnar að ná þessum mönnum til samstarfs á nýjan leik. Það er svo alvarlegt mál, hvernig læknaskipunarmálin í landinu eru að verða, að það verður að finna leið til þess að leysa þau mál með vinsamlegum hætti. Það verður ekki gert með því að vera í stríði við læknastéttina, eins og hæstv. ríkisstj. hefur verið. Hún hefur þegar tapað þessu stríði, og það á að verða öðrum til viðvörunar að halda ekki þannig á málum.

Þá vil ég geta þess, að hæstv. ríkisstj. hefur sýnt í störfum sínum algert stefnuleysi. Í bók þeirri, sem ríkisstj. sendi okkur þegnum sínum við valdatökuna á haustnóttum 1959 og Viðreisn hét, kennir margra grasa. Og þar er ný stefna mörkuð, eins og segir þar. Sú nýja stefna, sem var mörkuð í bók þessari, er ekki stefnan, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að framkvæma. Mikið hefur hún á margan hátt farið út af leið, og alltaf hefur hún hrakizt. Það hafa ekki verið hennar ákvarðanir, heldur hefur hún látið hrekja sig af leið í hvert skipti. Eitt af því, sem átti ekki að gera, það var að semja við Alþingi götunnar. Vinstri stjórnin hafði tekið upp þennan ósið, og það var fyrir neðan virðingu hæstv. forsrh og hæstv. ráðh. annarra að taka þátt í slíku. Alþingi götunnar átti ekki að virða, og þeir áttu ekki að taka þátt í slíku. Nei, atvinnurekendur í landinu og launþegar áttu að semja. Það var skýrt tekið fram í þessari bók, Viðreisn. Það áttu ekki að vera neinar vangaveltur um það, atvinnurekendurnir áttu að skilja það, að ef þeir hækkuðu kaupið, þá áttu þeir sjálfir að borga það. Þeir áttu ekki að velta því yfir á ríkissjóð, eins og gert hafði verið hjá fyrri stjórnum. Það var eitthvað annað, sem þarna átti að gerast. En hvað hefur svo gerzt? Var ekki fagnaðarfundur og mikil auglýsing í sambandi við júnísamkomulagið? Mig minnir, að það hafi skyggt á 17. júní. Það var svo mikill atburður í sögu íslenzku þjóðarinnar, að hæstv. forsrh. og form. Alþýðusambandsins, hv. 5. þm. Vestf., höfðu skrifað undir samkomulag. Hér var algerlega brotið í blað í þjóðarsögunni. Forsrh. hafði gengið út á götuna og samið. Og þetta þóttu geysilega mikil tíðindi, og eins og ég sagði áðan, skyggði það meira að segja á Jón Sigurðsson, svo langt var nú gengið.

Eitt atriði, sem var tekið fram í Viðreisn, var, að kaupgjaldsvísitala átti ekki að gilda hér á landi, hún var verðbólgugjafi. Það var leiðin, sem þeir fundu til þess að komast fram hjá verðbólgunni. Það var nýja leiðin, sem Sjálfstfl. boðaði. Hvernig fór þetta? Í fyrstu samningum, sem hæstv. ríkisstj. stóð fyrir og gerði, var vísitalan tekin upp, — vísitalan, sem áður var búið að afnema með lögum. Svona fór nú um það atriði.

Atvinnuvegirnir áttu að bjarga sér sjálfir. Þeir áttu ekki að koma út til þjóðarinnar og til Alþingis og biðja um aðstoð. Þeir urðu að gera sér grein fyrir því, hvað þeir hefðu samið um. En nú er, eins og ég sagði áðan, beinn stuðningur við atvinnuvegina hundrað millj. í fjárlagafrv. og meira á eftir að koma.

Og þið tókuð eftir því í ræðu hv. frsm. meiri hl., form. fjvn., að hann vitnaði til, að þar væri útgjaldaliður vegna samkomulags við 6 manna nefnd á s. l. hausti. Það er hægt að fara í fjárlfrv. og finna marga útgjaldaliði, sem mætti setja við: Samið við forseta Alþýðusambands Íslands, samið við form. Stéttarsambands bænda, og þannig eru í fjárlagafrv. sjálfu ýmis atriði, sem hæstv. núv. ríkisstj. samdi um við Alþingi götunnar, eins og hún sjálf hafði orðað það áður, og nú er þetta allt góð og gild vara. Þetta er það, sem ég kalla stefnuleysi, það, sem ég kalla hringlandahátt í framkvæmdum hæstv. ríkisstj.

Þið munið eftir því, hv. alþm., að við fjárlagaafgreiðslu á s. l. ári, þá voru tekjur fjárlaganna byggðar upp með því að tína saman smáskatta hér og þar. Þá var búið með alla stóru skattana. Og eitt sinn var farið til Danmerkur til þess að reyna að fá nafn á nýjum skatti, en annaðhvort hefur aldrei tekizt að þýða það eða eitthvað hefur orðið því til fyrirstöðu, hann hefur aldrei verið notaður hér. Nú var ástandið í fjármálunum þannig, að það varð að tína þetta saman, 20 millj. í gjaldeyrisskatti, 40 millj. í rafmagnsskatti, 60 í benzínskatti og gúmmígjaldi, og svona mætti halda áfram. En það skipti engu máli, þótt þetta færi þá beint út í verðlagið. Og til þess að undirstrika það, að ríkisstj. væri ekki hrædd við verðbólguna, var horfið að því ráði að fella niður niðurgreiðslur á sumum vörutegundum. Að þessu var gengið með dugnaði. Og það kom

eitthvert hik á vini okkar í Alþfl. út af þessu. Eitthvað heyrðist talað um það, að einhver forustumaður þeirra hefði tafið þessa framkvæmd í bili. En hæstv. ríkisstj. lét ekki að sér hæða og var ákveðin og felldi niður niðurgreiðslurnar með vorinu. Hver er svo árangurinn? Hvað hefur nú skeð? Þetta æddi beint inn í verðlagið, niðurgreiðslurnar á smjörlíkinu og fiskinum og hvað það nú var, rafmagnsskatturinn og allt það. Menn voru ekki fyrr komnir heim af þingi, þeir sem við þau mál voru riðnir, heldur en hækkað var rafmagnsverð í landinu. Og þannig hefur þetta gengið. En nú er bara öllu snúið við. Þegar komið var fram í sept., var verðbólgan orðin hættuleg. Ríkisstj. varð að breyta um stefnu, þannig að það voru teknar upp aftur niðurgreiðslur á vörutegundum, sem áður höfðu verið felldar niður, og aukið nú svo hraustlega við, að það skiptir hundruðum millj. kr. Þetta er alger hringlandaháttur í störfum hæstv. ríkisstj., og það er ekki von, að vel fari, þegar slíkt stefnuleysi og hringlandaháttur eru í framkvæmd hjá sömu ríkisstj.

Eins og ég gat um hér að framan, hefur fjárfestingin í landinu verið algerlega skipulagslaus og ýmis þau verkefni, sem enga bið þola, hafa orðið að bíða, eins og t. d. skólabyggingar. Og á þessu fjárlagafrv. eins og fyrri fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. er hlutur verklegra framkvæmda sífellt minni. Það er nú svo komið, að það eru 40 skólamannvirki, sem búið er að samþykkja á fjárlögum, að þurfi að hefja byggingu á, og af þeim eru 25, sem Alþingi er þegar búið að samþykkja að eigi að hefja byggingu á. Sum þessara skólamannvirkja voru búin að fá fjárveitingu fyrir 2 árum og eru ekki farin að hefja framkvæmdir enn. Við þetta bætist svo, að sótt er nú um fjárveitingar til 30—40 nýrra skólamannvirkja. Það má öllum vera ljóst, þegar þetta er hugleitt, til hvers það leiðir, ef ekki verður hægt að byggja skólana með nokkuð eðlilegum hraða. Þessi 40 skólamannvirki, sem komin eru þarna á biðlista, hljóta að verða þess valdandi, að hin, sem verið er að sækja um núna, verða að bíða enn þá lengur. Hér er um mjög mikið alvörumál að ræða. Með ákvörðun hæstv. menntmrh. á s. l. ári um, að skyldunámið skuli fara fram innan veggja barnaskólanna, í beinu framhaldi af þeim, þá hefur þessi þörf fyrir aukið skólahúsnæði orðið enn þá brýnni en áður. Það verður ekki komizt hjá því að leysa þessi verkefni, og því fyrr, því betra. Þetta er látið sitja á hakanum vegna verðbólgustefnu hæstv. ríkisstj.

Um hafnirnar er sömu sögu að segja. Það er gert ráð fyrir lítið eitt hærri fjárveitingu til hafna nú en í fyrra. Í árslok 1964 voru skuldir ríkissjóðs við hafnarframkvæmdir ekki nema 24 millj. kr. Það var að vísu nóg. Það er hærri upphæð en fjárveitingar til nýrra framkvæmda í höfnum. En skv. þessu frv. með eðlilegri framkvæmd í sumar verða þessar skuldir um 80 millj. kr. Þegar þannig er komið, að það þarf mörg ár til þess að vinna upp skuldir ríkissjóðs við framkvæmdirnar, þá er stefnt í óefni, enda er það svo. Nú þarf ekki að deila um nauðsyn hafnarframkvæmda, það vita allir, heldur bara hvernig á að leysa það mál. Sama er að segja um raforkuframkvæmdirnar. Þetta eru framkvæmdir, sem fólkið í landinu bíður eftir með ofvæni. Það er samt ekki hægt að veita til framkvæmda í rafveitum út í sveitir landsins álíka fjárhæð nú að notagildi og var, þegar fjárlögin voru 800—900 millj., hvað þá að fjárveitingin sé í nokkru samræmi við það, sem fjárlögin eru orðin, því fer fjarri. Þetta er einnig þannig með flugvelli og fleiri slíkar framkvæmdir.

Þá eru það vegamálin. Það gerðist á síðustu fjárlögum, að vegamálin voru alveg felld út af fjárlögum íslenzka ríkisins. Þegar verið var hér að afgreiða vegamálin, vegalagafrv., rétt fyrir jólin 1963, þá var um það rætt, hvort öruggt væri, að ríkissjóður mundi greiða til vegamálanna þá fjárveitingu, sem þá var í fjárlagafrv. Hæstv. vegamálarh. tók þá af öll tvímæli um það. Hann taldi, að það væri alveg útilokað, að nokkurn tíma yrði að því ráði horfið að fella niður þessar 47 millj. kr. Og ég gerði það víst einhvern tíma á hv. Alþingi í fyrra að lesa upp nokkuð mikið af ummælum hæstv. ráðh. þar um, og ég verð að játa það, að ég tók þau svo alvarlega, að ég taldi, að það væri öruggt, að þessi fjárveiting yrði alls ekki lögð niður. Hæstv. ráðh. kvað svo fast að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Engin hætta er á því, alveg útilokað, að ríkisframlagið til veganna verði lækkað, það er alveg útilokað.“ Og ég og aðrir þm. trúðum þessu. Og hvað gerðist svo í fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1966? Þessar 47 millj. kr. voru felldar niður. Og það breytir engu í þessu máli, þó að benzínskatturinn og þungaskatturinn hafi verið hækkaðir til þess að vega upp á móti þessu fjárhagslega. Þeir möguleikar voru til, það vissu allir hv. þm. En það var þeirra hugsun, að það yrði til þess að auka tekjur vegasjóðsins, en ekki til þess að mæta þeim tekjum, sem felldar voru niður. Og nú vil ég sýna fram á það, að þörfin í vegamálunum er ekkert lítil, og ég ætla máli mínu til stuðnings og vitna hér í skýrslu samgmrh. um framkvæmd vegáætlunar 1966, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir svo á bls. 4, í næstsíðustu málsgr. á þeirri bls.: „Ástand fjölförnustu malarveganna hefur í ár verið mun lakara en á s. l. ári, og það er alveg vonlaust verk að halda þessum vegum sæmilega akfærum með malarslitlagi.“ Þeir segja í þessari skýrslu frá því, hvað aukningin hefur orðið mikil, og þeir segja líka frá því, hvað innflutningsaukningin á bifreiðunum árið 1966 hefur orðið mikil. Hún hefur orðið 67% miðað við árið næst á undan, þegar skýrslan er gerð. Hér er ekkert hégómamál á ferðinni. Og þó að það megi segja, að það skipti ekki öllu, hvort 47 millj. kr. séu frá eða til, þá skiptir það þó verulegu máli, en aðalatriðið er þó, að það skiptir máli,

hvort staðið er við samkomulag eða ekki. Og það er engin ástæða til fyrir ríkisstj. að fara að narta í þessa smáfjárhæð, sem á fjárlögunum var til samgöngumálanna í landinu.

Á árunum 1965 hafði ríkissjóður tæpar 419 millj. kr. tekjur af umferðinni í landinu í sinn hlut. Hann hefur þó mun meiri tekjur á árinu 1966. Leyfisgjöldin ein munu verða 170—180 millj. kr. Og það er gert ráð fyrir því, að þau verði svipuð upphæð næsta ár. Þannig er það augljóst, að það er óframkvæmanlegt og það getur ekki gengið í jafnvegalausu landi og okkar landi, að umferðin sé látin útvega ríkissjóði hundruð millj. kr. í tekjur umfram það, sem notað er til að gera vegi í landinu. Lágmarkskrafa er það, að allir sérskattar, — þar á ég við leyfisgjöldin, — gangi til umferðarinnar. Það er algjör lágmarkskrafa. Það væri eðlilegt í okkar landi, svo stóru landi og þar sem vegagerðin er jafnskammt á veg komin eins og hér, að þá gengju tekjur af bifreiðum yfirleitt í vegina, en að leyfisgjöldin geri það ekki, það verður ekki þolað til lengdar. Og það breytir engu um þessar framkvæmdir hæstv. samgmrh. og hæstv. fjmrh. í sambandi við fjárlögin í fyrra, þó að hæstv. samgmrh. hafi skipað einhverja nefnd, eins og hann sagði þá, til þess að reyna að leita enn að nýjum tekjustofni. Hér er þannig haldið á málum, að við það má ekki una, og verður að breytast.

En í framhaldi af því, sem ég hef sagt, um þessar verklegu framkvæmdir, þá vil ég bæta því við, að þær verklegu framkvæmdir, sem nokkuð að marki eru gerðar í þessu landi nú á tímum, þegar fjárlögin eru 4—5 milljarðar, eru gerðar fyrir lánsfé. Þannig hefur verið hægt að komast áfram í framkvæmdum eins og höfnum. Þannig hefur einnig verið hægt að komast áfram í framkvæmdum eins og flugvöllum. En ég verð að segja það, að það verður betur haldið á fjármálum ríkisins síðar en nú er gert, ef hægt verður að greiða afborganir og vexti af lánunum, sem tekin eru til framkvæmda nú, og láta eðlilegar fjárhæðir ganga til verklegra framkvæmda.

Í bókinni Viðreisn, sem ég vitnaði hér í áðan, og mætti segja mér, að höfundar hennar væru farnir að iðrast þess að hafa gefið hana út, þá stendur m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta, hér á forsíðu, að stefna ríkisstj. sé að koma atvinnu- og viðskiptalífi landsmanna á traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöll en atvinnuvegirnir hefðu verið á undanförnum árum. Nú hafa hin síðustu ár verið eindæma góðæri í þessu landi. Aflabrögð hafa verið góð. Það var lengi vitnað í það hér á hv. Alþingi, hvað afli hafi verið mikill 1958, og oft um það rætt, að ríkisstj., sem þá sat, hefði átt að geta notið þess í sambandi við stjórn hennar á málefnum ríkisins, hvað þá hefði verið mikið góðæri. Þá var afli hér 505 138 tonn. 1964 var hann 971 514 tonn og 1965 1 198 304 tonn. Þegar þetta er haft í huga, ætti mönnum að vera ljóst, hvað góðærið hefur verið mikið og hvað góðærið hefur lagt hæstv. ríkisstj. til mikla möguleika. Hér er ekki það eitt, að afli hafi verið mikill, heldur hefur verðmæti aflans verið þó mun meira, því að afli hefur selzt nú síðustu árin á hærra verði en nokkru sinni fyrr, og allt hefur selzt, er á land hefur komið. Þess vegna hefði þetta átt að vera til þess að gera grundvöll atvinnuveganna traustan, varanlegan og heilbrigðan, eins og Viðreisn boðaði. En hér hefur stjórnarstefnan komið við eins og víðar og sett sitt mark á. Og þrátt fyrir góða árferðið hefur hún leikið atvinnuvegina svo grátt með vaxtaokri, lánsfjárhöftum og fleiri ráðstöfunum, að ástand atvinnuveganna er a. m. k. mjög alvarlegt, svo að ekki sé meira sagt. Það kemur fram í umræðum manna hvar sem er og er farið að sýna sig í framkvæmd.

Á þessu hausti hafa sum af frystihúsum landsins stöðvazt vegna þeirra erfiðleika, sem sá atvinnuvegur er kominn í. Og það er ekki enn þá séð, hvernig málefni frystihúsanna verða leyst. Togararnir, sem hér voru mikil atvinnugrein um tíma, þeirra málum er nú þannig komið, að helmingurinn mun annaðhvort seldur úr landi eða bundinn við bryggju. Og nú er rætt um það, að málefnum togaraflotans sé þann veg farið, að það orki tvímælis, hvort haldið verður áfram þeim atvinnurekstri. Og ljóst er það, að endurnýjun hefur ekki átt sér stað hjá þessum atvinnurekstri síðustu árin, eins og ástæða hefði verið til og eðlilegt er í atvinnurekstrinum, og því er þróunin orðin slík sem ég var hér að lýsa. Það er meira en ár síðan sett var hér á laggirnar nefnd til þess að athuga um afkomu bátaflotans. Það er öllum ljóst, að minnsta gerðin af bátaflotanum á við mikla fjárhagsörðugleika að etja, og þess vegna var nefndin sett. Hún hefur fyrir löngu skilað áliti, en framkvæmdirnar, það er eins með þær og sparnaðarfyrirheitin, þær bíða síðari tíma. Vonandi verður biðin ekki eins löng og með sparnaðinn, en hún er löng fyrir þá, sem bíða eftir og vonast til þess, að aðgerðir hæstv. ríkisstj. beri einhvern jákvæðan árangur. En viðbrögð hæstv. ríkisstj. gefa nú ekki tilefni til mikillar bjartsýni.

Um iðnaðinn er það að segja, að hann á í mjög harðri samkeppni vegna innflutnings á erlendum iðnaðarvörum. Það orkar ekki tvímælis, að okkar iðnaður stendur þar verr að vígi en sá erlendi, sem er háþróaður með mikið fjármagn, en við búum hér við iðnað, sem er búinn að lifa stuttan tíma og alltaf hefur búið við lánsfjárskort og lítið fjármagn, enda er það svo, að iðnaðarfyrirtækjunum hefur fækkað og fleiri og fleiri eru við borð að stöðva sinn rekstur. Fyrirgreiðsla hæstv. ríkisstj. hefur verið ærið seinvirk, svo að ekki sé meira sagt. Og það eru vangaveltur, eins og fram komu í ræðu hæstv. forsrh. á flokksráðstefnunni, að ef menn vildu hafa iðnað, þá yrðu menn að taka þeim vanköntum, sem á því væru. Niðurstaðan varð sú hjá honum, að auðvitað vilja menn hafa iðnað eins og fleira, sem þar kom, en skörungsskapur var

enginn í sambandi við þann hluta ræðunnar frekar en annað.

Landbúnaðurinn hefur átt við mikla erfiðleika að etja á þessu ári, og það er verulegur samdráttur í landbúnaðinum. Lausnarorð forsrh. á flokksráðstefnunni voru vangaveltur um þetta: Ef menn vilja hafa landbúnað, þá verða menn að taka því, sem því fylgir.

Þannig var yfirleitt um lausnarorðin, þegar rætt var um atvinnuvegi Íslendinga. Það var aðeins álverksmiðjan, þar sem brautin var rudd og bjartara fram undan að dómi hæstv. forsrh. í sambandi við atvinnuvegi Íslendinga, atvinnuvegi hér á landi.

Eins og ég vék að fyrr í ræðu minni, hefur hæstv. ríkisstj. nú síðustu mánuðina farið að ræða um verðstöðvun og viljað fá þjóðina til þess að trúa því, að hún hefði hug á því að koma hér á verðstöðvun á þessu hausti, en það er orðað, að það séu neyðarráðstafanir til bráðabirgða.

Í ræðu minni hér að framan hef ég sýnt fram á það, hvað verðbólgan setur svip sinn á fjárlfrv. og allt efnahagslíf þjóðarinnar. Ríkisstj. hefur sjálf staðið fyrir því með vaxtahækkun og fleiri slíkum ráðstöfunum, eins og ofsköttun og stefnuleysi, að slík verðbólga hefur þróazt í landinu sem raun ber vitni um. Nú virðist hæstv. ríkisstj. hins vegar farin að óttast verðbólguna og telur það kannske hyggilegt að sýna á sér eitthvert snið í aðra átt fyrir kosningarnar. Þar á að endurtaka sjónhverfinguna frá 1959. En hæstv. ríkisstj. gengur ekki hreint til verks. Hún byrjar ekki á því, sem eðlilegt er og nauðsynlegt, að gera sér grein fyrir því, hvað skortir, til þess að atvinnuvegir landsmanna geti nú gengið með eðlilegum hætti. Það á eftir að leysa mál frystihúsanna, það á eftir að leysa mál smærri bátanna, og það á eftir að leysa mál togaranna. Þetta eru vandamál, sem ég sé ekki, að nokkur ríkisstj. geti komizt fram hjá að leysa. Það er ekki verið að ræða það nú, hvað þurfi til að leysa þennan þátt, áður en talað er um verðstöðvunina. Það er ekki heldur verið að ræða um það, hvort skráningargengi krónunnar sé nú í samræmi við það, sem það raunverulega er. Það var fljótvirkt að ákveða sig um þá framkvæmd 1961, og hefði þó margur haldið, að minni ástæða hefði verið til þeirra verka þá en nú. Auk þess er svo það, sem ég sýndi fram á áðan, að fjárlagafrv. sjálft byggir á því, að verðbólgan haldist, og meira en haldist, að hún aukist.

Hæstv. ríkisstj. átti að byrja á því að segja frá vandanum, eins og hann er, en ekki hjali um verðstöðvun, sem reyndar er ekkert nema sýndarmennska. Hún er aðeins sönnun á því, að hæstv. ríkisstj. hefur dregið frelsisfánann í hálfa stöng. Það verður öllum að vera ljóst, að það er ekki hægt að gera það samtímis, að tala um verðstöðvun í landinu og afgreiða hæstu fjárlög, sem nokkurn tíma hafa verið afgreidd hér, fjárlög, sem byggja á því, að inn verði fluttir tertubotnar og kexkökur í ríkari mæli en verið hefur. Það er ekki hægt að krefja þjóðina um það, að hún borgi einum milljarði meira til ríkissjóðs á árinu 1967 en á árinu 1966, um leið og talað er um verðstöðvun. Og það sýnir sig bezt í sambandi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, hvað þetta tal um verðstöðvun er gersamlega út í bláinn. Hækkunin á fjárhagsáætluninni nú á milli ára er álíka og í fyrra. Hér er aðeins um það að ræða að gera tilraun til þess að setja á svið sjónhverfinguna frá 1959, en þó í aumara mæli en þá var gert.

Við þetta fjárlagafrv. flytjum við Framsfl.-menn aðeins tvær brtt. Önnur er við útgjaldahliðina, en hin á heimildagrein. Þessar tillögur, sem við flytjum, eru um vegamálin. Tillagan, sem við flytjum til útgjalda á 13. gr., er um það, að ríkissjóður standi á árinu 1967 við samkomulagið, sem brást í fyrra, um greiðslu ríkissjóðs til vegasjóðsins á 47 millj. kr. Við krefjumst þess, að við það samkomulag verði staðið. Og við endurtökum, að við munum ekki una því, að ríkissjóður hirði hundruð millj. í sinn hluta og sinni vegamálunum að engu, eins og nú er gert. Tekjur ríkissjóðs af vegamálunum verða á árinu 1966 yfir hálfan milljarð, og stefnt er að því, að þær verði ekki minni á næsta ári. Það er gert ráð fyrir í tekjuáætlun hæstv. ríkisstj., að inn í landið verði fluttar yfir 4 þús. bifreiðar, og það verða a. m. k. að vera vegir til þess, að þessir bílar geti staðið einhvers staðar, hvað þá að hægt sé að keyra þá. Hér er um algert sinnuleysi að ræða, sem ekki verður búið við.

Hæstv. fjmrh. lét svo vel af ríkisbúskapnum í fjárlagaræðu sinni í haust, að hann gerði ráð fyrir því, að tekjur ríkissjóðs á þessu fjárlagaári yrðu mun meiri en gert var ráð fyrir. Mér sýnist, að það sé reiknað með, að þær geti orðið 400—500 millj. meiri en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Þess vegna leggjum við nú til, að 47 millj. kr. verði notaðar af þessum væntanlega greiðsluafgangi til þess að greiða vegasjóðnum það, sem á vantaði í fyrra. Og ég treysti því nú, að hæstv. samgmrh. meti sitt samkomulag það mikið, að hann láti ekki fórna því fyrir 47 millj. kr. Ég minnist þess, að hæstv. forsrh. mat sitt samkomulag svo mikils, að hann lét breyta söluskattsprósentunni, sem munaði ríkissjóð 60—70 millj., af því að hann taldi það orka tvímælis, hvort hann hefði gert samkomulag um annað en þar stóð. Þess vegna treysti ég því, þegar jafnsterk rök eru fyrir því, að þetta samkomulag var gert, og allir reiknuðu með, að það yrði haldið, þá treysti ég því, að hæstv. samgmrh. láti ekki á sinn hlut ganga, þó að hann gerði það í fyrra, að hann rétti sinn hlut af nú með því að láta ríkissjóð greiða þessar 47 millj., fyrst tekjur hans fóru svo mjög fram úr áætlun vegna verðbólgunnar á þessu ári.

Við höfum í sambandi við þessa afstöðu okkar að flytja ekki fleiri tillögur við fjárlagafrv. að þessu sinni gert grein fyrir því í nál. okkar. Hér er um óvenjulega aðferð að ræða, að stjórnarandstaða sýni svo mikla hófsemi,

og vil ég nú, með leyfi forseta, lesa upp úr nál. okkar, þar sem grein er gerð fyrir þessari afstöðu, hún er svo:

„Ástæðan til þess, að við flytjum ekki nema eina brtt., er sú, að óðaverðbólgan, sem ríkisstj. hefur magnað með álögum og stjórnleysi, hefur leikið ríkisbúskapinn svo grátt, að ekki er rúm fyrir fjárveitingar til nauðsynlegustu verkefna á fjárlögum, sem verða hartnær 5 milljarðar. Á þessari staðreynd viljum við vekja athygli þjóðarinnar alveg sérstaklega. Við viljum undirstrika, að fjárhagsmál þjóðarinnar verði ekki lagfærð með einstökum brtt., heldur verði að ráðast að orsökum meinsins, þ. e. rótum dýrtíðarinnar."

Ofsköttun, stjórnleysi og stefnuleysi í fjárfestingarmálum þjóðarinnar, sem ríkt hefur hjá þessari ríkisstj. og ríkir enn, hefur leitt til þess ástands, sem ríkisstj. sjálf hefur gefið þá yfirlýsingu um, að hún væri mitt í góðærinu stödd á vegamótum velgengni og vandræða. Viljann til að hanga í valdastólunum skortir þó ekki. Þess vegna biður ríkisstj. nú um aðstoð stjórnarandstöðunnar til þess að koma vilja sínum fram og reynir hverja sjónhverfinguna annarri fráleitari, eins og það að vera með tilburði og tal um verðstöðvun, um leið og hún afgreiðir fjárlög, sem eiga tilveru sína undir verðþenslu og spennu í viðskiptalífinu. Aðeins stefnubreyting í stjórn á málefnum þjóðarinnar, festa og trú á atvinnuvegi landsmanna og þjóðarinnar og þjóðina og landið getur komið afgreiðslu fjárlaga, efnahagskerfi og atvinnulífi þjóðarinnar í réttan farveg.

Á þetta vil ég leggja áherzlu og ljúka þar með mínu máli.

Frsm. 2. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft frv. til fjárlaga til athugunar í rúman mánuð og hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. og skilar þremur nál. Á þskj. 92 eru birtar brtt. við frv., sem fluttar eru í nafni nefndarinnar. Varðandi þær tillögur vil ég taka það fram, að ég styð þær ekki allar og hef áskilið mér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma við þær eða einstaka liði frv. Ég vil sérstaklega taka það fram í því sambandi, að ég er algerlega andvígur 13. till. á þskj., þar sem lagt er til að lækka fjárveitingu til greiðslu á eftirstöðvum hafnarlána. En brtt. þær, sem ég flyt við frv., eru birtar á þskj. 97, og ég mun gera grein fyrir þeim hér á eftir.

Afgreiðsla ýmissa mála bíður 3. umr., svo sem framlag til byggingar skólahúsnæðis, niðurgreiðslur og annað, og mun ég ekki flytja brtt. við þá þætti frv., fyrr en í ljós kemur, hvaða afgreiðslu þau fá í fjvn. Ég tel það óviðunandi, hve sótt hefur í það horfið að undanförnu, að veigamiklir þættir fjárlagafrv. eru ekki afgreiddir úr nefnd fyrr en við 3. umr., svo að við 2. umr. er frv. lagt fyrir hv. alþm. hálfkarað og án nokkurrar heildarmyndar. Að öðru leyti lýsi ég ánægju minni yfir samstarfinu í nefndinni og flyt formanni nefndarinnar og meðnm. mínum öðrum þakkir fyrir samstarfið, sem verið hefur með ágætum, hvað sem málefnaágreiningi líður.

Áður en viðreisnarstjórnin tók við völdum fyrir um 7 árum, hafði almenningi á Íslandi um langan aldur verið ljóst, hvaða stefnu Sjálfstfl. hygðist beita sér fyrir, ef hann næði þeim áhrifum í íslenzkum stjórnmálum, að hann gæti mótað stjórnarstefnuna að eigin vild, og íslenzk alþýða ól í brjósti ótta við svo mikið vald Sjálfstfl., að hann gæti komið í framkvæmd þeim kenningum, sem hann hélt á loft um, að samfélagið skyldi beygt undir vald fjármagnsins. Sá verkalýður, sem eygði þá hættu, sem hagsmunum alþýðustéttanna var búinn af yfirlýstri stefnu Sjálfstfl., skipaði sér í raðir Sósfl., Alþb. og Alþfl. til þess að hindra, að stefna Sjálfstfl. um forréttindi auðmagnsins kæmist í framkvæmd á Íslandi, og til þess að berjast fyrir því, að sósialistískum aðferðum yrði beitt við lausn efnahagsmála. Sjálfstfl. hafði jafnan haldið því fram, að í efnahags- og atvinnumálum skuli fylgja þeirri stefnu, að atvinnurekendur, innflytjendur og aðrir þeir, sem fjármagninu ráða, eigi að hafa sem frjálsastar hendur til athafna og umsvifa. Hagsmunir þessara aðila og þjóðarinnar í heild fari jafnan saman og almenningi sé fyrir beztu að leggja ráðin í þessum málum í hendur slíkra manna, sem mest vit og þekkingu hafa til þess að sjá samtímis borgið hag sinna fyrirtækja og þjóðarheildarinnar. Athafnir og aðgerðir hins frjálsa framtaks til þess að ná til sín gróða séu eðlilegasta hreyfiaflið í þjóðfélaginu. Og allar ráðstafanir stjórnvalda beri að miða við að rýmka sem mest fyrir þessu einkaframtaki í þjóðfélaginu, svo að ekkert geti hamlað því í gróðaöfluninni. Slíkt athafnafrelsi átti að dómi Sjálfstfl. að skapa samkeppni í atvinnulífinu og í verzlun og tryggja almenningi ekki aðeins hagkvæmasta vöruverð, heldur jafnframt hagkvæmasta nýtingu fjármagnsins fyrir þjóðarheildina, því að það, sem væri hagkvæmt og skynsamlegt fyrir þann athafnamann, sem leitast við að safna gróða, það sé hagkvæmast og skynsamlegast fyrir þjóðfélagið, en hitt, sem óhagkvæmt sé og ekki eins gróðavænlegt fyrir einstaklinginn, eigi ekki heldur rétt á sér, hvorki fyrir hann né þjóðfélagið, og hverfi. Að dómi Sjálfstfl. var höfuðskilyrði til bættra lífskjara algert og hömlunarlaust frelsi fjármagnsins, til þess að þjóðin fengi notið þeirra efnahagslögmála, að fjármagnið sæki í þær atvinnugreinar, þann rekstur og þá fjárfestingu, sem mestan gróða gefur hverju sinni. Þessu þyrfti að fylgja ótakmarkað frelsi innflytjenda til þess að ráðstafa gjaldeyrinum til kaupa á því, sem gróðavænlegt er hverju sinni, og algert og óheft til álagningar.

Áróðurinn fyrir þessari skipan mála hefur Sjálfstfl. vafið í orðskrúð um verzlunarfrelsi, innflutningsfrelsi, álagningarfrelsi, einstaklingsfrelsi, athafnafrelsi og frjálst framtak ein-

staklingsins. En kröfur um skynsamlega skipulagningu framkvæmda við stjórn ofan frá hefur Sjálfstfl. afgreitt með ámóta orðum og þeim, sem Birgir Kjaran viðhafði í útvarpsumræðum 30. maí 1960, en þá sagði hann, með leyfi hæstv. forseta: „Áætlunarbúskapurinn gerir ekkert annað en að skipuleggja fátæktina og leiðir áður en varir til stjórnarfarslegs einræðis.“

Fæstir mundu hafa talið, að Sjálfstfl. gæfist kostur á að framkvæma þessar kenningar sínar um óheft vald einkafjármagnsins í þjóðfélaginu, fyrr en hann hefði öðlazt til þess meirihlutavald á Alþ., og sízt, að það gæti gerzt, að hann nyti til þess tilstyrks flokks, sem beinlínis var stofnaður til þess að vinna gegn þessum gömlu kenningum íhaldsins um alræði einkafjármagnsins og hafði um langan aldur heitið því að vinna að því, að alveg gagnstæðum stjórnarfarslegum aðferðum, þ. e. sósialistískum aðferðum, yrði beitt til þess að tryggja hagsmuni almennings í landinu. En þetta var það, sem gerðist. Sjálfstfl. þurfti ekki að berjast til meirihlutavalds á Íslandi til þess að fá færi á því að koma öllum helztu stefnuatriðum sínum í framkvæmd og gera allsherjartilraun á íslenzku þjóðfélagi, þar sem allar þessar kenningar um alræði einkafjármagnsins og hömlulaust frelsi þess væru reyndar, og forsjónin hagaði því svo, að samhliða urðu þau umskipti í aflabrögðum, að í stað þess, að síldarleysi hafði verið í hálfan annan áratug, þá tók nú við hvert aflaárið öðru meira.

Sjálfstfl. þurfti ekki að berjast fram til meirihlutavalds til þess að fá tækifæri til þess að reyna þessar kenningar sínar. Alþfl., sem um árabil hafði haldið á lofti alveg gagnstæðum kenningum, lagði honum svo dyggilega lið sitt til ráðstöfunar, að síðan má segja, að Sjálfstfl. hafi farið algerlega einn með stjórnina. Alþfl. tók að sér allt árið 1959 að leika þann blekkingaleik, sem frægur er orðinn í stjórnmálasögunni, að þykjast vera að tryggja þjóðinni verðstöðvun, en bjó í haginn fyrir væntanlega stjórn með Sjálfstfl. með 13.6% kauplækkun og greiddi síðan niður vöruverð í eitt ár, þar til þessi sýndarmennska og þessi sýndarstöðvun hafði tryggt þessum flokkum tveimur meirihlutavald á Alþ. Eftir það tók Sjálfstfl. við stjórninni opinberlega, og gengið var fellt að loknum kosningum haustið 1959.

Nú er það svo, að Alþfl. hefur ekki haft það sem neina grundvallarreglu að vera á móti gengislækkun sem slíkri, þó að slík ráðstöfun kæmi að þessu sinni þvert ofan í öll loforð flokksins um verðstöðvun. En Alþfl. hafði fram til þess tíma haft aðrar skoðanir á því, hvaða ráðstafanir væru nauðsynlegar samhliða gengislækkun, til þess að hún væri réttlætanleg. Í kjölfar gengislækkunarinnar 1960 fylgdu ráðstafanir, sem voru í algeru samræmi við margyfirlýstar skoðanir Sjálfstfl. um alræði einkafjármagnsins, sem ég hef verið að minnast á, en fram til þessa tíma höfðu skoðanir Alþfl. á þeim ráðstöfunum, sem fylgja ættu gengislækkun, ef flokkurinn ætti að geta staðið að henni, verið alveg gagnstæðar. Um það er nál. fulltrúa Alþfl., hæstv. núverandi viðskmrh., við gengislækkunina 1950 góð heimild. Þá taldi flokkurinn höfuðnauðsyn á, að dregið væri úr hinum verðbólguaukandi áhrifum gengislækkunarinnar. Höfuðatriðið væri að hamla á móti verðhækkunum af völdum gengislækkunar. Og í nál. frá 1950 rekur fulltrúi Alþfl. þær ráðstafanir, sem gerðar hafi verið við gengislækkunina 1939, einmitt til þess að hindra verðbólgu af hennar völdum. Þar eru taldar upp m. a. eftirtaldar ráðstafanir:

1) Hækkun húsaleigu var bönnuð.
2) Hækkun útlánsvaxta var bönnuð.
3) Verðlagseftirlit var hert.

Í lok nál. um gengislækkunina 1950 skýrir fulltrúi Alþfl. afstöðu flokksins til þeirrar gengislækkunar, sem þá var á döfinni og hann taldi ekki réttlætanlega, vegna þess að á skorti, að aðrar nauðsynlegar hliðarráðstafanir væru gerðar um leið, og segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef gengisbreytingin ætti að vera réttlætanleg frá sjónarmiði Alþfl., eins og ástandið hefur verið undanfarinn áratug og er nú, yrði að gera svo róttækar breytingar á efnahags- og félagsmálum þjóðarinnar, að engar líkur eru til þess, að um þær geti orðið samkomulag, eins og Alþ. er nú skipað. Skal ég drepa á nokkur atriði í þessu sambandi:

1) Breyta þarf skipulagsháttum í útgerð landsmanna, sérstaklega á stórútgerðinni, og ýmsum fiskiðnaði, svo sem rekstri hraðfrystihúsa, þannig að tryggt verði, að tækin séu ávallt hagnýtt með hagsmuni heildarinnar fyrir augum og að gróða góðæra sé ekki varið með óeðlilegum hætti, heldur einvörðungu í þágu atvinnuveganna sjálfra. Bæta þarf og rekstrarhætti bátaútgerðarinnar, hagnýta kosti stórrekstrar meira en gert er í sambandi við hana og auka sparneytni í rekstri.

2) Gerbreyta þarf skipulagi innflutningsverzlunar landsmanna og binda endi á það ástand, að hún sé mikil og örugg gróðalind. Þarf að skipuleggja hana þannig, að hún sjái landsmönnum fyrir sem beztri og ódýrastri erlendri vöru og dreifi henni með sem lægstum kostnaði. Slíkt verður ekki tryggt nema með því, að hið opinbera taki innflutningsverzlunina í sínar hendur að verulegu leyti á þeim sviðum, þar sem hagkvæmast er að gera innkaup í sem stærstum stíl eða kaupa þarf í sambandi við verzlunarsamninga, en hafi að öðru leyti náið eftirlit með verzluninni.

3) Auka þarf rekstrarhagkvæmni bæði landbúnaðar og innlends iðnaðar frá því, sem verið hefur, fyrst og fremst með aukinni tækni og bættum vinnuaðferðum og með því að efna til stórrekstrar á þeim sviðum, þar sem hann hentar bezt.

4) Gera þarf róttækar ráðstafanir til þess að leysa húsnæðisvandamálin. Þúsundir manna búa við rýr kjör, ekki vegna þess, að þeir

hafi ekki atvinnu eða sæmileg laun, heldur vegna þess, að þeir búa í óhæfu húsnæði eða sæta afarkostum um kjör í skjóli skortsins.

5) Gera þarf gagngerar breytingar á skattakerfinu til þess að tryggja rétt framtöl og koma í veg fyrir, að óeðlilegur skattþungi lendi á herðum launamanna, auk þess sem hækka þarf persónufrádrátt verulega. Til þess að tryggja nokkra eignajöfnun, þyrfti að leggja á raunverulegan stóreignaskatt.

6) Enn fremur þarf að gera ráðstafanir til sparnaðar hjá hinu opinbera, og til aukinnar hagsýni í opinberum rekstri."

Þetta voru þær ráðstafanir, sem Alþfl. taldi nauðsynlegar, til þess að hann gæti stutt gengislækkunina árið 1950. En hvar voru kröfur flokksins, þegar gengislækkunin var framkvæmd árið 1960 og fyrrverandi fjhn.-maður flokksins, sem gert hafði grein fyrir þeim kröfum um óhjákvæmilegar ráðstafanir til þess að sporna við því, að verðbólgu leiddi af gengislækkuninni, var orðinn ráðherra? Hverjar voru þá kröfur Alþfl.?

Í stað þess að gerðar væru ráðstafanir, sem gætu að einhverju leyti hamlað gegn verðbólguáhrifum gengislækkunarinnar, notaði Sjálfstfl. nú það algera vald, sem hann hafði fengið á Alþ. með uppgjöf Alþfl.-forustunnar og fráhvarfi hennar frá öllum fyrri grundvallarreglum. Sjálfstfl. tók nú að innleiða það efnahagskerfi einkaframtaksins, sem hann hafði lengi boðað. Nú skyldi koma á hinu frjálsa efnahagskerfi auðmagnsins eftir erlendum fyrirmyndum, en um leið var heitið stöðvun verðbólgunnar, þótt allt verðlag í landinu hækkaði að sjálfsögðu gífurlega þegar í stað í kjölfar hinnar stórfelldu gengislækkunar. En annað höfuðverkefnið átti að vera að tryggja öruggan rekstur útflutningsatvinnuveganna án styrkja og uppbóta. Vextir voru stórhækkaðir, þveröfugt við það, sem Alþfl. taldi áður óhjákvæmilegt vegna verðbólguhættunnar. Áður hafði hann talið nauðsynlegt að banna hækkun vaxta til þess að draga úr verðbólguáhrifum þeirrar gengislækkunar, sem hann studdi árið 1939.

Skattakerfinu var umturnað, þannig að beinir skattar, álagðir eftir tekjuhæð og eignum, urðu stórum minni hluti skattheimtunnar, en þess í stað margfaldaðir almennir neyzluskattar, og þannig stórlækkuðu beinir skattar á þeim, sem mestar höfðu tekjurnar og höfðu haft hæsta skattana áður, en þeir, sem litla skatta höfðu haft fyrir vegna fjölskyldustærðar, fengu þeim mun meira af óbeinu sköttunum. Samhliða voru veigamiklar breytingar gerðar varðandi skatta fyrirtækja, því að nú varð skv. gömlum og nýjum kenningum Sjálfstfl. að sjá til þess, að athafnamennirnir og einkaframtakið héldi sem mestu eftir af afrakstri fyrirtækjanna, og það þurfti að tryggja, að gróðinn færi ekki til sameiginlegra sjóða landsmanna, í ríkissjóð og í bæjar- og sveitarsjóði. Þetta var orðað svo á hinu lipra tungutaki þeirra, sem voru að auka frjálshelgi gróðans, að verið væri að gefa fyrirtækjum kost á að mynda eigið fjármagn.

Um það, hvernig skattalöggjöfin býr að einkaframtakinu eftir þessar breytingar viðreisnarstjórnarinnar, sagði hæstv. fjmrh. á fundi Vinnuveitendasambands Íslands nú í haust, með leyfi hæstv. forseta:

„Einmitt skattalöggjöf okkar, eins og hún er í dag, hlynnir mjög að atvinnurekstri, sem byggður er upp með miklu eigin fjármagni, þannig að það eru ákvæði í skattalögum hér, sem eru umfram heimildir flestra nálægra þjóða og eru þess eðlis, að þau veita sérstök fríðindi þeim fyrirtækjum, þar sem um mikið eigið fjármagn er að ræða."

Í stað þess, að hækkun húsaleigu væri bönnuð til þess að draga úr verðbólguáhrifum gengislækkunar, eins og Alþfl. hafði áður talið nauðsynlegt, til þess að væri fært að fylgja gengislækkun, þá hafa húsaleigulögin verið afnumin og óhugnanlegt okur ríkir á húsaleigumarkaðinum. Sannarlega er það eftirminnilegt, að hæstv. viðskmrh. taldi nauðsynlegt í því nál., sem ég greindi frá áðan, að leggja sérstaka áherzlu á, að ein af þeim ráðstöfunum, sem óhjákvæmilegt væri að gera samhliða gengislækkun, væri róttækar ráðstafanir til þess að leysa húsnæðisvandamálið, til þess að menn þyrftu ekki að búa í óhæfu húsnæði eða sæta afarkostum um kjör í skjóli skorts á húsnæði. Nú voru húsaleigulögin þess í stað afnumin og okrið á leiguhúsnæði látið blómstra.

Í samræmi við stefnu Sjálfstfl. um algert álagningarfrelsi hafa sífellt fleiri vöruflokkar verið leystir undan verðlagsákvæðum, svo að þau hafa í langan tíma einungis verið nafnið tómt, þótt Alþfl. hafi áður haldið því fram, að eitt af höfuðskilyrðunum til þess, að hann gæti fylgt gengislækkun, væri það, að verðlagseftirlit yrði skerpt, eins og kom fram í nál. hæstv. núv. viðskmrh., einmitt til þess að hamla gegn verðhækkunum af völdum gengislækkunarinnar og vinna gegn verðbólguþróuninni.

Vegna gengislækkunarinnar 1959 og vegna þess, að þær hliðarráðstafanir, sem gerðar voru í kjölfar hennar í vaxtamálum, í verðlagsmálum, í skattamálum og í fjárfestingarmálum og á fleiri sviðum, juku stórlega verðhækkunaráhrif gengislækkunarinnar, í stað þess að unnt hefði verið að gera ráðstafanir, sem hefðu haft þveröfug áhrif, upphófst að sjálfsögðu hin örasta verðbólguþróun. Þá verðbólguþróun hefur ríkisstj. beinlínis ræktað með ofurkappi sínu að tryggja atvinnurekendum, innflytjendum og öðrum þeim, sem fjármagninu ráða, sem frjálsastar hendur til athafna og umsvifa í gróðaskyni og án tillits til hagsmuna þjóðarheildarinnar. Aukinni fjárþörf ríkissjóðs á ári hverju hefur svo verið mætt með enn frekari skattheimtu og niðurskurði á verklegum framkvæmdum á vegum ríkissjóðs.

Þegar launþegar höfðu búið við skert grunnlaun frá ársbyrjun 1959 og engar vísitölubæt-

ur hlotið þrátt fyrir auknar þjóðartekjur, en bjuggu við stórhækkað verðlag, sömdu verkalýðssamtökin sumarið 1961 eftir langt verkfall um kjarabætur, sem voru fjarri því að jafna upp þá kjaraskerðingu, sem launþegar höfðu orðið fyrir. Þrátt fyrir hækkandi afurðaverð og aukið aflamagn, verðmæti sjávarafurða hækkaði á því ári um 16.7%, mætti nú ríkisstj., sem þóttist vilja vinna gegn verðbólgu, þessum kjarasamningum með nýrri gengislækkun. Og enn stóð ekki á Alþfl. að fella gengið, þótt engar minnstu ráðstafanir væru gerðar til þess að draga úr verðhækkunaráhrifum gengislækkunarinnar, enda var það sérstök ætlun stjórnarvaldanna að láta verkalýðsfélögin finna fyrir þeim hækkunum, svo að ekki yrðu í bráð gerðar frekari tilraunir til þess að bæta kjör launþega. Þær ráðstafanir að ákveða gengislækkun, sem studdist ekki við nokkur efnahagsleg rök, eru ein höfuðafglöpin, sem viðreisnarstjórnin hefur framið, og eru þau þó orðin ærið mörg á hennar ferli. En afleiðingarnar af þessari gengislækkun komu ekki aðeins niður á verkafólki, eins og til var ætlazt, heldur varð skammgóður vermir að þeim tekjuauka, sem hún færði ríkissjóði, áður en áhrif hennar voru að fullu komin í ljós. Dýrtíðaraukningin, sem af gengislækkuninni hlauzt, herti að ríkissjóði, og svo ör var verðbólguþróunin, að þeir skattar og tollar, sem ákveðnir voru við setningu fjárl., entust ekki til næstu fjárlagaafgreiðslu, og eftir setningu fjárl. haustið 1964 varð að kalla þing saman strax eftir áramótin til þess að hækka söluskatt um 300 millj. kr. ofan í nýsett fjárlög, og þessar ráðstafanir voru gerðar vegna þess, að bæta þurfti hag útgerðarinnar. Þá taldi ríkisstj. enga þörf á að halda uppi neinni sýndarverðstöðvun, og í stað þess að fara þannig að að létta útgjöldum af útgerðinni hélt ríkisstj. ótrauð áfram verðbólgustefnunni og hækkaði allt verðlag í landinu með söluskattshækkuninni og notaði síðan það, sem inn fékkst, til þess að greiða útgerðinni styrk til að mæta dýrtíðinni.

Þá var flestum landsmönnum orðið ljóst, að ríkisstj. stefndi beint fram af brúninni í hækkanastefnu sinni, og þess gat ekki verið langt að bíða, að hún kæmi atvinnuvegunum í þrot með því að brjála allan verðlagsgrundvöll innanlands með sífelldum verðbólguráðstöfunum. Þá gerðu verkalýðsfélögin tilraun til þess að koma viti fyrir stjórnarflokkana. Og það eitt er víst, að verðlagsmál og aðstaða atvinnuveganna væri önnur í dag, ef ríkisstj. hefði hagað stefnu sinni síðan í samræmi við þann vilja og þær tilraunir, sem fram komu hjá verkalýðssamtökunum, til þess að horfið yrði frá verðbólgustefnunni. Verkalýðsfélögin sömdu þá um ýmsar félagslegar úrbætur, en féllu frá svo til allri grunnkaupshækkun í trausti þess, að ríkisstj. skildi nú loks sinn vitjunartíma og breytti um stefnu við setningu næstu fjárl. og fjáröflun ríkissjóðs yrði miðuð við það, að hún kallaði ekki sjálfkrafa á sífellt auknar tekjuþarfir ríkissjóðs.

Allri viðleitni verkalýðssamtakanna til þess, að landsmenn legðust nú allir á eitt til þess að sporna við þeirri verðbólgu, sem ráðstafanir ríkisstj. höfðu hrundið af stað og viðhaldið og aukið, var mætt með nýrri stórhækkun söluskatts, og var söluskattur áætlaður 570 millj. kr. hærri á fjárl. 1965 en 1964. Þetta haust voru engar kosningar í vændum, og þá taldi ríkisstj. sig ekki þurfa að halda á neinni verðstöðvunarstefnu, heldur var haldið áfram lengra út á ófærubraut verðbólgunnar.

Eftir því sem lengra hefur liðið á stjórnartíma viðreisnarflokkanna, hefur komið betur í ljós, að sú stefna að láta einkafjármagnið vera aðalhreyfiaflið í þjóðfélaginu og það sjónarmið að gefa einkaaðilum sem frjálsastar hendur um ráðstöfun þjóðarverðmætanna með stjórnlausri fjárfestingu og með frjálsum innflutningi án minnsta tillits til þarfa þjóðarinnar og með algeru frelsi til álagningar á vörum, — sú stefna getur ekki samrýmzt neinni viðleitni til þess að hamla gegn verðbólgunni, þessi tvö sjónarmið eru í eðli sínu andstæð, enda er það mála sannast, að einmitt verðbólgan hefur verið höfuðgróðalind þeirra skjólstæðinga viðreisnarstjórnarinnar, sem harðast hafa barizt fyrir auknu olnbogarými í þjóðfélaginu og ótakmörkuðu frelsi til gróðasöfnunar. Og vegna þess að þeir, sem mestu ráða í Sjálfstfl., leggja höfuðáherzluna á að knýja fram algert frjálsræði athafnamannanna í þjóðfélaginu til þess að ráðskast með fjármuni þjóðarinnar, hefur ríkisstj. í sífellt ríkara mæli gefizt upp við að sporna gegn verðbólgunni, og við afgreiðslu hverra fjárl. hefur hún mætt afleiðingum verðbólgustefnunnar, sem fram hafa komið í meiri fjárþörf ríkissjóðs annars vegar með sífellt nýjum skattahækkunum, sem enn hafa aukið á verðbólguna og skapað nýjan vanda við næstu fjárlagaafgreiðslu, og hins vegar með því að skera niður framlög til verklegra framkvæmda, svo sem skólabygginga, vegamála, sjúkrahúsmála, til flugvalla og hafnargerða. Sem dæmi um það, hvernig ástatt er í sjúkrahúsmálum, má minna á nokkur orð í grg., sem Læknafélag Reykjavíkur sendi frá sér nýlega, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hversu mörg líf hafa þeir stjórnmálamenn í hendi sér, sem skera fjárframlög til spítalabygginga svo við nögl, að það liggur við, að neyðarástand ríki í sumum deildum spítalanna sökum plássleysis?“

Afleiðingin af þeirri stefnu að miða fyrst og fremst við það að láta fjármagnið sem frjálsast, þannig að þau efnahagslögmál megi verka sem óheftust, að fjármagnið sæki í þær atvinnugreinar og þann rekstur, sem mestan gróða gefur hverju sinni, er sú, að þær atvinnugreinar, sem ekki hafa haft aðstöðu til þess að ausa upp af óhemjulegum síldarafla, af innflutningsgróða eða af þeim gróða, sem fæst við að byggja íbúðir til sölu, hafa verið látnar dragast aftur úr og verið vanræktar. Þessar atvinnugreinar eru ekki lengur sam-

keppnisfærar. En þessar atvinnugreinar hafa hins vegar orðið að búa við þá óðaverðbólgu, sem stefna ríkisstj. hefur valdið með gengislækkunum, söluskattshækkunum, vaxtahækkunum, sérstökum hækkunum á rafmagnsverði og ótakmörkuðum heimildum til álagningar.

Öll þessi þróun hefur bitnað verst á ýmsum greinum íslenzks iðnaðar, á togaraútgerð og útgerð smærri vélbáta og hraðfrystihúsa. Hömlulaus innflutningur erlends iðnaðarvarnings samhliða stórfelldri verðbólguþróun innanlands veldur því, að hvers kyns iðnaðarframleiðsla dregst í æ ríkara mæli út úr landinu, og er jafnvel svo komið, að kökubakstur fyrir Íslendinga er að verða atvinnugrein fyrir Dani. Við fluttum inn um 1000 tonn af kexi fyrir 33 millj. kr. að innkaupsverði á s. l. ári, á sama tíma og vélar til fiskiðnaðar voru fluttar inn fyrir um 10 millj. kr. Í sömu átt virðist stefna með smíði innréttinga í íbúðir, hurða og skápa og jafnvel heilla íbúðarhúsa, að ekki sé talað um skipasmíði. Öll er þessi framleiðsla smám saman að dragast út úr landinu, en við aukum hráefnaframleiðsluna að sama skapi. Þótt Morgunblaðið vilji reyna að gera sem minnst úr þrengingum íslenzks iðnaðar, segir málsvari atvinnurekenda, Barði Friðriksson, í blaðinu Vinnuveitandinn í ágúst s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Mörg iðnfyrirtæki hafa þegar hætt störfum eða orðið að draga saman atvinnurekstur sinn, og mun þeim fyrirtækjum fara fjölgandi, sem sömu ástæður knýja til samdráttar eða stöðvunar, ef fram heldur sem horfir."

Krafan um algert verzlunarfrelsi, krafan um rétt heildsalanna til þess að nota gjaldeyrinn til kaupa á þeim vörum, sem gefa þeim mestan gróða án tillits til heildarhagsmuna þjóðarinnar, án nokkurs tillits til innlends iðnaðar, veldur því, að erlendar iðnaðarvörur ryðja hinum íslenzku af markaðinum og innlend framleiðsla á sífellt meira í vök að verjast og getur ekki keppt vegna verðbólguþróunarinnar. Þessari samkeppni á innlendur iðnaður sífellt erfiðara með að mæta, m. a. vegna algerrar lánsfjárkreppu. Iðnaðurinn nýtur ekki hliðstæðrar fyrirgreiðslu og sjávarútvegur og landbúnaður um kaup á afurðavíxlum. En á sama tíma frystir Seðlabankinn yfir 80 millj. kr. af fé Iðnaðarbankans, og samtímis og allt þetta gerist, hafa verið samþ. á Alþ. lög, sem tryggja erlendum aðilum heimild til iðnrekstrar hér á landi með allt öðrum og betri kjörum en innlend iðnaðarfyrirtæki eiga við að búa, þ. á m. tollfrelsi, skattfríðindum og lægra rafmagnsverði.

Á svipaðan hátt hefur stjórnarstefnan leikið togararekstur. Vissulega hefur minnkandi afli togaranna haft sín áhrif á rekstrarafkomuna. En þar kemur fleira til, og efnahagsaðgerðir viðreisnarstjórnarinnar hafa beinlínis verið rothögg fyrir togaraútgerðina í landinu. Áður greiddu togarar t. d. rekstrarvörur sínar með 55% álagi á gjaldeyri, en seldu þann gjaldeyri, sem þeir fengu fyrir afla togaranna, með 80% álagi. Þetta var beinn stuðningur við togaraútgerðina. Þessi hlunnindi voru af togaraútgerðinni tekin við gengislækkunina, þannig að rekstrarvörurnar hækkuðu miklu meir en fiskverðið. Gengislækkunin var einnig stóráfall fyrir mörg af þessum fyrirtækjum af þeim sökum, að þau höfðu, skömmu áður en hún var framkvæmd, ráðizt í mikla fjárfestingu, svo sem kaup á 1000 tonna togurum, byggingu fiskiðjuvera fyrir erlend lán, sem stórhækkuðu að krónutölu við gengislækkanirnar. Þar á ofan bættist vaxtahækkun á innlendum lánum og fjölmargar aðrar verðbólguráðstafanir. Allt hefur þetta leikið togaraútgerðina svo grátt, að hún er með öllu að komast í þrot. Sama er að segja um útgerð vélbáta, sem ekki geta stundað síldveiðar með þeirri tækni, sem nú er nauðsynleg. Enginn rekstrargrundvöllur er fyrir hendi til útgerðar þeirra báta. Útgerð þeirra og aðbúnaður allur hefur dregizt aftur úr, en fjármagnið leitað þangað, sem það gefur meiri arð. Er jafnvel svo komið, að gamalgróin fyrirtæki, sem stundað hafa útgerð slíkra báta um árabil, mega nú teljast gjaldþrota. Hraðfrystihúsin, sem byggt hafa rekstur sinn á afla frá togurunum og smærri bátum, leggja upp laupana eitt af öðru, um leið og þessar greinar útgerðar dragast saman, og hér við Faxaflóa hefur borið á atvinnuleysi hjá því fólki, sem unnið hefur í hraðfrystihúsunum, einkum hjá konum og unglingum.

Ekki verður séð á því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, hverjar ráðstafanir ríkisstj. hyggst gera til þess að leysa vandamál þessarar greinar útgerðar og fiskverkunar. En atvinnulífi okkar Íslendinga er þann veg háttað, að afkoma hinna ýmsu atvinnugreina hlýtur oft og tíðum að vera mjög mismunandi innbyrðis frá ári til árs. Ef það er því ætlun okkar að byggja afkomu okkar á innlendum atvinnugreinum, en stefnum ekki vitandi vits að því að verða verksmiðjuþrælar erlendra auðhringa, ef við ætlum að tryggja fólkinu sem jöfnust lífskjör um allt land, verður stjórnarstefnan að vera sú að jafna milli atvinnugreina, stjórna atvinnulífinu, en láta ekki óhefta gróðahvötina og stundarhagsmuni einstakra fjáraflamanna verða hið ráðandi afl. Við verðum með yfirvegaðri stjórnarstefnu að tryggja, að þótt á móti blási í einni eða annarri mikilsverðri atvinnugrein, sé hún ekki látin dragast aftur úr, vegna þess að einkafjármagnið vilji eðli sínu samkv. leita annað. Við verðum að tryggja með stefnu ríkisvaldsins, að þótt ein eða önnur mikilvæg atvinnugrein einhvers staðar á landinu verði fyrir erfiðleikum, dragist hún ekki aftur úr og hrörni og liði undir lok og verði ekki fær um að veita fólki atvinnu og geti síðar ekki nýtt þá möguleika, sem þjóðinni kunna að gefast, ef aftur kynni að skipast veður í lofti og draga tæki úr þeim atvinnugreinum, sem mestan gróða gefa í augnablikinu. Til þess þarf að vera stjórn á atvinnulífinu. Til þess þarf að hafa taumhald á einkagróðanum. Til þess þarf stjórnarvöld, sem telja sig fyrst og fremst bera ábyrgð á atvinnuöryggi allra. Til þess þarf stjórnarvöld, sem

telja það ekki æðsta markmiðið, að hömlulaus gróðahvöt fái að marka þróun atvinnulífsins, þar sem stundarhagsmunir þeirra, sem fjármagninu ráða, fá ekki að kaffæra þær atvinnugreinar, sem afkoma fólks á fjölmörgum stöðum byggist á.

Það að láta óhefta gróðahvöt einkaframtaksins vera grundvallaratriðið í stjórnarstefnu á Íslandi hlaut að bera dauðann í sér frá upphafi, og þau einkenni þeirrar stefnu, að fjárfestingin í þjóðfélaginu er ekki framkvæmd með hagsmuni almennings í landinu að leiðarljósi, komu að sjálfsögðu þegar fram og hafa orðið æ meira áberandi, eftir því sem á hefur liðið. Stórfelldur niðurskurður á nauðsynlegustu framkvæmdum, sem varða þjóðina alla, í félags- og menntamálum, heilbrigðismálum og atvinnumálum, samgöngumálum á tímum mestu góðæra í sögu þjóðarinnar eru dæmigerð einkenni þess, hverra hagsmunum slík stefna þjónar, og það hefur verið allri þjóðinni dýrt að missa af því að geta notað þessi ár stórfelldustu verðmætasköpunar í sögu þjóðarinnar til stórátaka í þessum málum.

En þau einkenni, sem nú koma fram í upplausn innlendra atvinnugreina, í uppgjöf veigamikilla þátta í framleiðsluatvinnuvegunum, þar sem þeim, sem ráða fjármagninu, þykir ekki henta að ráðstafa því þá stundina, — þau einkenni komu seinna fram en búast hefði mátt við í upphafi, og það á sína skýringu í því, að verðlag erlendis á framleiðsluvörum þessara atvinnugreina hefur hækkað með ári hverju og á þann hátt hefur dregið úr þeim áhrifum stjórnarstefnunnar, að þessi framleiðsla stöðvaðist vegna verðbólguþróunarinnar innanlands. Verðbólgunni hefur þannig á vissan hátt til skamms tíma verið unnt að velta út fyrir landssteinana á bak þeirra, sem keypt hafa afurðirnar.

Nú eru viðhorfin breytt í þessu efni. Í fyrsta sinn um langt skeið hafa þessar afurðir ekki hækkað og sumar nokkuð lækkað frá þeim hæsta verðtoppi, sem þær hafa náð, og þar með er viðreisnarstefnan að bresta og stöðvun veigamikilla þátta útflutningsframleiðslunnar blasir við, samtímis því þó, að ný aflamet eru sett enn á þessu ári.

Á því er ekki nokkur vafi, að ýmsir þeir, sem áður trúðu á réttmæti þeirra kenninga, að heppilegast væri að láta einkagróðann vera undirstöðu efnahagslífsins, og bjuggust við, að sjálfvirk lögmál gróðans mundu tryggja skynsamlegasta stjórn þjóðarbúsins, eru nú farnir að falla frá þeim skoðunum sínum eftir að hafa séð árangurinn af stefnu viðreisnarstjórnarinnar s. l. 7 ár og gera sér nú ljóst, að slík stefna hlýtur að leiða til ófarnaðar. Þegar menn hafa fyrir augunum þrot veigamikilla þátta atvinnulífsins mitt í góðærum og stórfelldu aflahlaupi, samdrátt nauðsynlegustu framkvæmda þjóðarheildarinnar og að ekkert af hinni stórauknu framleiðslu kemur fram í bættum kaupmætti tímakaups, dylst engum, að hagsmunir einkagróðans hafa verið teknir fram yfir hagsmuni almennings.

Vegna árlegrar hækkunar á verði sjávarafurða erlendis komu þannig seinna fram en ella þau kreppueinkenni, sem verðbólgustefna ríkisstj. hlaut að valda. En nú er svo komið, að strax og afurðirnar hætta að hækka stöðugt í verði, riða útflutningsatvinnuvegirnir til falls og hagfræðingar ríkisstj. lýsa því yfir, að nú sé velgengnin búin og nýtt skeið stöðnunar upp runnið, og er verð á útflutningsafurðum þó verulega hærra en það hefur lengst af verið, þótt það sé ekki í þeim hæsta verðpunkti, sem það hefur náð.

Án efa hefði ríkisstj. mikið viljað gefa til þess, að hún hefði fengið að njóta þeirra einstöku aðstæðna, stöðugrar hækkunar á verði útflutningsafurða, örlítið lengur, svo að tekizt hefði fram yfir kosningar að leyna hinum óhjákvæmilegu áhrifum viðreisnarstefnunnar. En nú eru öllum landslýð ljósar þessar niðurstöður, og því hefur ríkisstj. gripið til þess ráðs eftir þrotlausa ræktun verðbólgunnar með tveimur gengislækkunum, með vaxtahækkunum, með söluskattshækkunum og hvers konar verðbólguráðstöfunum að heita nú algerri verðstöðvun með því að greiða niður allar verðhækkanir, sem snerta vísitöluna, frá 1. ágúst s. l. og heitir jafnframt á verkalýðssamtökin að gera engar kröfur um launabætur, svo að óbreytt ástand geti haldizt í þjóðfélaginu fram yfir þingkosningar á næsta ári. Kosningaáróður stjórnarflokkanna er þannig þegar hafinn, og honum er einbeitt að því að fá fólk til að trúa því, að með verð- og kaupstöðvun sé vandinn leystur. Það er ljóst, að ríkisstj. ætlar næstu 7 mánuði að gegna nákvæmlega því sama hlutverki, sem Alþfl.-stjórnin, sem tók við völdum í des. 1958, lék allt árið 1959, að greiða niður vöruverð og halda öllu óbreyttu, þar til búið er að kjósa, en þá telja þessir flokkar óhætt og tímabært að framkvæma þriðju gengislækkunina, — og hvað væri þá eftir af stöðvuninni?

Allt er nú gert, sem unnt er, til þess að telja fólki trú um, að vandamálin, sem ríkisstj. hefur steypt útflutningsatvinnuvegunum í, verði leyst með stöðvun, með niðurgreiðslum úr ríkissjóði og með því, að verkalýðssamtökin hækki ekki kaupið, þótt þeim, sem með völdin fara, sé að sjálfsögðu fullljóst, að það er engin frambúðarlausn vandans að festa það ástand, sem nú ríkir. Þrátt fyrir allt stöðvunartalið, sem stjórnarflokkunum þykir henta að hafa í frammi til næstu kosninga, er í engu reynt að samræma það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, nokkurri stöðvunarstefnu. Þvert á móti ber það öll merki fyrri verðbólgufrv. Allt bendir til þess, að fjárlögin verði nú afgreidd 1000 millj. kr. hærri en hin síðustu, og af því er augljóst annars vegar, við hvers konar ástand í þjóðfélaginu það er miðað, og hins vegar, að slík stórfelld aukning tolla og skatta hefur sín áhrif í efnahagskerfinu.

Fjárlagafrv. hefur líka þau einkenni fyrri verðbólgufjárlaga stjórnarinnar, að þeim vanda, sem við er að glíma, er enn auk skattahækkana mætt með samdrætti verklegra fram-

kvæmda. Af hinni gífurlegu hækkun fjárl. fara nú aðeins 50 millj. kr. til verklegra framkvæmda, en þó fer stærsti hluti þeirrar lágu upphæðar til greiðslu skuldar vegna verka, sem þegar er búið að vinna, en ekki til nýrra framkvæmda. Fjárlagafrv. hefur einnig þau sömu einkenni fyrri verðbólgufjárl., að hækkanir á rekstrarliðum kaffæra framlög til nauðsynlegustu framkvæmda, þannig að hækkun á einu ári til þriggja embætta í Reykjavík nemur jafnhárri upphæð og allt framlagið til nýrra barnaskóla. Og framlagið til allra nýrra hafnarframkvæmda á landinu, annarra en landshafna, er nærri 2 millj. kr. lægra en nemur hækkuninni á rekstrarkostnaði skattstofa og ríkisskattanefndar á einu einasta ári. Til viðbótar því, að framlög til nauðsynlegustu verklegra framkvæmda voru skorin niður um 20% fyrir tveimur árum, eru þau nú áætluð yfirleitt með sömu krónutölu og á núgildandi fjárl., sem að sjálfsögðu þýðir, að um beinan samdrátt verður að ræða vegna lækkaðs raungildis krónunnar. Á sama tíma og þetta er gert, hækkar almennur skrifstofukostnaður um 20—25% og kostnaður við einstök embætti yfirleitt um 20—40%.

Eitt einkenni fjárlagafrv. undanfarandi ára hefur verið það, að hvergi hefur örlað á minnstu viðleitni til að sýna sparnað þrátt fyrir öll fyrirheitin, sem gefin hafa verið í þeim efnum, og enn sjást engin merki um nýja viðleitni til sparnaðar á nokkrum lið, þótt fjárlagafrv. sé að þessu sinni undirbúið af fjárlaga- og hagsýslustofnun þeirri, sem sett hefur verið á stofn innan fjmrn. á þessu ári. Ég tel þó ekki sanngjarnt að búast við, að hin nýja hagsýslustarfsemi sýni raunhæfan árangur og þar með breytta stefnu varðandi sparnað svo fljótt, að það komi fram á þessu fjárlagafrv. Það tekur að sjálfsögðu nokkurn tíma fyrir nýja aðila að kanna rekstur hinna ýmsu stofnana ríkisins og gera sér grein fyrir, hvar má draga úr fjárveitingum, án þess að það komi niður á þeim verkefnum, sem vinna þarf. En með tilliti til þess, hve gersneydd fjárlög undanfarinna ára hafa verið allri viðleitni til sparnaðar og samdráttar á rekstrarliðum, ætti þessi nýja stofnun að hafa ærið að starfa og þess vegna enn þá von til þess, að nytsemi af störfum hennar svari til þess kostnaðar, sem af henni leiðir.

Í aths. við fjárlagafrv. koma fram upplýsingar um eða skoðun hagsýslustofnunarinnar á því, hvaða verkefni hún fær að glíma við í rekstri ýmissa ríkisstofnana. Þessar lýsingar á því, hvað viðgengizt hefur um fjárveitingar til ýmissa rekstrarliða, hafa vakið nokkra athygli og eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og málum er nú háttað, er grundvöllur fjárveitinga að jafnaði rekstur tiltekinna stofnana, sem hafa tilgreindan fjölda starfsmanna. Kostnaður við rekstur stofnunarinnar er síðan áætlaður eftir tilkostnaði eða fjárveitingum síðustu ára með álagi fyrir tilkostnaðarhækkunum. Tilvera stofnunarinnar sem skipulagseiningar skyggir þannig á eða dregur athyglina frá þeim verkefnum, sem þessi skipulagseining á að afkasta. Hið rökrétta undirstöðuatriði ríkisrekstrarins hlýtur að vera það safn verkefna, sem unnið er að, en ekki þær skipulagseiningar, sem upp hafa verið settar til þess að sinna þessum verkefnum. Með þessum hætti fæst oft ekkert mat á því, hversu vel eða illa stofnun hefur sinnt sínum viðfangsefnum, þar sem fjárveiting til stofnunarinnar miðaðist ekki við ákveðið viðfangsefni, heldur rekstur stofnunar. Við skoðun ríkisreiknings vill gjarnan verða sama upp á teningnum. Meginatriðið verður, hversu miklu fé stofnun hefur eytt, einna helzt umfram það, sem henni var ætlað, en ekki hversu miklu verki stofnunin hefur afkastað. Upplýsingar um það fást að sjálfsögðu engan veginn með útgjaldatölunum einum saman, heldur þurfa þar að koma til viðbótarupplýsingar, sem nú liggja almennt ekki fyrir."

Hér er án efa rétt skilgreining á vanda, sem er til staðar, og ég get ekki fyrir mitt leyti fallið í þá freistni að líta svo á, að hér felist sérstakur dómur um þá, sem málum hafa ráðið hin allra síðustu ár, þótt mjög hafi verið látið reka á reiðanum á þeim árum, heldur hefur þessi þróun staðið miklu lengri tíma og aldrei verið tekið á þessum málum sem skyldi. Dæmi um það, að skipulagseining er tekin fram yfir verkefnið, eru mýmörg. Ég get bent á eitt lítið dæmi, sem viðgekkst til skamms tíma og er þó sjálfsagt fyrir hendi enn í einhvað breyttri mynd. Það átti sér stað um margra ára skeið, að tvær stjórnarráðsbifreiðar fóru á hverjum morgni á sama tíma eftir sitt hvorum ráðh. til Hafnarfjarðar, og sami leikur var endurtekinn á hverju kvöldi. Þarna voru fyrir hendi tvær bifreiðar og tveir bifreiðastjórar, og þær skipulagseiningar skyggðu á verkefnið að sækja tvo menn á sama staðinn og báðar gegndu sama verkefninu.

Heildarbifreiðakostnaður ríkisins liggur ekki fyrir í einni tölu, en bifreiðakostnaður ríkisstj. nam 1.3 millj. kr. á s. l. ári, og til fyrningarsjóðs fóru 4 millj. kr. Þar við bætist bifreiðakostnaður hinna fjölmörgu stofnana ríkisins. Ég tel, að hin nýja hagsýslustofnun ætti að taka til athugunar, hvort ekki er kominn tími til, að annaðhvort séu bifreiðar ríkisins sameinaðar á eina bifreiðastöð, sem annist þann akstur, sem einstakar stofnanir þurfa á að halda, þannig að full nýting fáist, eða þá að þær verði allar seldar og leigubifreiðastöðvar látnar sjá um aksturinn, eftir því sem hann fellur til og nauðsynlegur er talinn.

Tekið er fram í aths. við fjárlagafrv., að hækkaðar fjárveitingar til ýmissa rekstrarliða stafi meðfram af því, að áætlanir séu nú raunhæfari en verið hafi og leitazt hafi verið við að gera frv. svo úr garði, að það verði sem raunhæfast og líkindi til umframgreiðslna verði sem minnst. Fróðlegt væri að fá upplýst í þessu sambandi, hvort hagsýslustofnunin muni þá sérstaklega beita sér fyrir því, að þeim liðum, sem undanfarið hafa farið langt

fram úr áætlun, en samt ekki verið hækkaðar fjárveitingar til nú, verði í framkvæmd haldið innan þess ramma, sem fjárveitingin markar. Bendi ég þar t. d. á, að risna ríkisstj., sem var á fjárl. ársins 1965 áætluð 170 þús. kr., reyndist vera samkv. ríkisreikningnum fyrir það ár tæpl. 260 þús. kr., en er enn á þessu fjárlagafrv. áætluð 170 þús. kr. Má þá búast við því, að hagsýslustofnunin telji það hlutverk sitt að fylgjast með því, að þeim liðum, sem hún hefur ekki viljað hækka þrátt fyrir umframgreiðslur á s. l. ári, verði nú haldið innan ramma fjárveitingarinnar, svo að áætlunin verði að þessu leyti, eins og í aths. segir, sem raunhæfust og líkindi til umframgreiðslna verði sem minnst? Eða á enn að leika sama leikinn að sýna ekki útþenslu ýmissa liða með hækkun þeirra á fjárlagafrv. með það í huga að láta þá sömu liðina fara fram úr áætlun, eins og verkast vill?

Þær till., sem ég flyt til sparnaðar á ríkisútgjöldum, eru nánast fluttar sem tilraun til þess að kanna, hvort nokkur vottur af vilja til sparnaðar er fyrir hendi hjá stjórnarflokkunum. Fleiri sparnaðartillögur mætti koma með, till., sem e. t. v. væri meiri ágreiningur um. T. d. get ég nefnt það, að ég sé ekki nokkra skynsamlega ástæðu til þess að kasta hundruðum þús. kr. úr ríkissjóði, já, milljónum á mörgum árum, til þess að steypa einhvers konar himnastiga á Skólavörðuholti, ekki sízt, þar sem engin offramleiðsla er á steinsteypu í þjóðfélaginu. Öðru nær, hana vantar sárlega til þess að byggja sjúkrahús, skóla og önnur nauðsynleg mannvirki, sem ekki þyrfti að hafa áhyggjur af, að ekki yrði notuð og það fullnotuð hvern einasta dag.

Með þeim öðrum brtt., sem ég flyt við fjárlagafrv., er aðeins gerð tilraun til nauðsynlegustu lagfæringa, en grundvallarbreytingu á þeirri stefnu, sem fram kemur í fjárlagafrv., verður að sjálfsögðu ekki við komið með flutningi brtt. við frv. Vík ég þá að þeim brtt., sem ég flyt á þskj. 97.

Með fyrstu þremur brtt. og 5. till. er lagt til, að sendiráð Íslands í Danmörku, Svíþjóð og Noregi verði sameinuð í eitt, og gert ráð fyrir að spara með þeim hætti tæplega 2½ millj. kr. á næsta ári. En ef af þessari ráðstöfun yrði, gæti sá sparnaður orðið mun meiri, þegar skipulagsbreytingin yrði að fullu komin í kring, og sparnaðurinn þá líklega numið um 4 millj. kr. á ári. Þessa till. hefur Alþb. flutt um árabil, en án árangurs, þótt flestir viðurkenni, að af þessu þyrfti að verða, því að það er að sjálfsögðu alger ofrausn hjá smáþjóð að vera með 3 ambassadora á Norðurlöndum. Okkur væri vissulega nær að verja einhverju af því, sem við gætum sparað með fækkun þeirra, til þess að hafa fulltrúa hjá einhverju af hinum nýfrjálsu þjóðum Afríku, þar sem við eigum mikil verzlunarviðskipti, og ég held, að það sé ekki sannfærandi að setja upp og kosta miklu til hagræðingastofnunar, sem á að leita eftir kostnaðarleiðum, sem mætti færa niður, ef við eftir sem áður sóum milljónum króna í svo augljóst bruðl sem það er að eyða 7 millj. kr. samtals í 3 sendiráð á Norðurlöndum. Ekki er það heldur í miklu samræmi við þá stöðvunarstefnu, sem nú er verið að boða, að hækka framlag til þessara embætta um 600 þús. kr. á ári.

Eitt af því, sem valdið hefur þenslunni hér á landi, er sú árátta stjórnarvaldanna að reyna að láta Íslendinga leika stórþjóð í augum útlendinga og ætla almenningi að standa undir öllu því bruðli, sem því fylgir. Íslenzkri alþýðu, sem hefur ekki fengið kaupmátt tímakaupsins hækkaðan þrátt fyrir stóraukin afköst og hækkandi þjóðartekjur, er sagt með mikilli áherzlu þessa dagana, að nú verði hún að leggja niður allt tal um kjarabætur, nú sé upprunninn sá tími, að herða þurfi sultarólina, en á sama tíma er þess krafizt, að hún standi undir síhækkuðum kostnaði af algerlega ónauðsynlegum embættum. Ég held, að almenningur væri tilleiðanlegri til þess að sætta sig við kröfur stjórnarvaldanna um stöðvun kjarabóta, ef hann sæi þess einhvers staðar merki, þótt í litlu væri, að einhvers staðar á fjárlögum kæmi fram vottur af vilja til að takmarka óþarfabruðl.

Með 4. brtt. minni er lagt til, að liðurinn sendiráð í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OECD lækki úr 6.1 millj. kr. í 2.8 millj. og miðist gjöldin einungis við sendiráðið, en felld verði niður önnur starfsemi í París. Sú ráðstöfun friðsamrar smáþjóðar með íbúatölu eins og eitt bæjarfélag meðal stærri þjóða að vera þátttakandi í hernaðarbandalagi stórvelda, í stað þess að vera friðflytjandi, er nógu fráleit, þótt hún fari ekki samtímis að spila sig svo stóra að hafa fastafulltrúa í aðalsamtökum hernaðarbandalagsins og kosta svo miklu til í fátækt sinni, að liðurinn í heild, kostnaður við alla útgerðina í París er nærri jafnhár og heildarkostnaður við öll þrjú sendiráðin á Norðurlöndunum. Ég held það sé ástæðulaust að bíða eftir því, að upplausn Atlantshafsbandalagsins spari okkur þessar 3—4 millj. kr. Við getum sparað okkur þær strax og veitir ekki af.

Næstu 4 brtt. fjalla um að sameina í einn lið þrjá liði á fjárlagafrv., sem heita ferðakostnaður, kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanrrn. og kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanrrn., og lækka samanlagða fjárveitingu til þessara liða úr 4.4 millj. kr. í 2.4 millj. Það hefur gengið erfiðlega að fá þessa liði lækkaða, þeir hækka þess í stað með ári hverju. Sjálfsagt þarf einhverju að kosta til þessara hluta, en till. mín er sú, að til þess séu áætlaðar 2.4 millj. kr. aðeins, en mér er fullkunnugt um, að ýmislegt af þessum utanferðum eru ferðir á hrein skrafskjóðuþing, sem koma okkur að engum notum, og ferðirnar fyrst og fremst hugsaðar sem ódýr sumarleyfi fyrir gæðinga stjórnarvaldanna. Ríkar þjóðir hafa sjálfsagt efni á því að taka þátt í hverri ráðstefnu, sem til fellur, en það höfum við ekki, og það er eins og það gleymist stundum, að það er hægt

að fá fregnir af ráðstefnum og samkomum með öðru móti en að senda þangað dýrar sendinefndir. Ef eitthvað markvert er sagt eða gert á þessum ráðstefnum, þá er engin hætta á öðru en það sé birt á prenti, þar sem hægt er að kynna sér það með ólíkt minni tilkostnaði.

Með 10. brtt. minni legg ég til, að 240 þús. kr. kostnaður vegna Þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins verði sparaður með því að hætta þátttöku í þeirri samkundu. Það má sjálfsagt deila um gildi þess að eiga fulltrúa á ýmsum þeim ráðstefnum, sem næsta till. mín á undan fjallaði um, og sumar þeirra eiga sjálfsagt rétt á sér. En ég held, að óhætt sé að fullyrða, að vandfundinn sé sá almenni borgari í landinu, sem ekki finnst það beinlínis broslegt að senda fulltrúa frá hv. Alþingi Íslands á hernaðarráðstefnu úti í heimi. Ég held, að af eðlilegum ástæðum finnist því fólki, sem óstjórnin og ráðleysið í landsmálum undanfarin ár hefur mest bitnað á, að fyrst mættu fulltrúar hv. Alþ. hafa eitthvað meira af viti til okkar mála hér heima að leggja, áður en þeir leggja fjórðung milljónar af almannafé í kostnað til að koma hernaðarspeki sinni á framfæri í útlöndum. Ég hef jafnan litið þannig á, að með því að senda fulltrúa frá Alþ. á ráðstefnur hernaðarbandalags sé óvirt þjóðþing örsmárrar þjóðar, sem aldrei hefur borið vopn.

11. till. mín stefnir að því að lækka verulega þann kostnað, sem við höfum af því að gæta herliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hvort þessum millj. hefur verið varið til að gæta herliðsins fyrir Íslendingum eða Íslendinga fyrir herliðinu, hefur mér aldrei verið fullljóst, en ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli kostar þegnana orðið hálfa níundu millj. kr. á ári skv. fjárlagafrv. Ég er þeirrar skoðunar, að hættan af herliðinu á Keflavíkurflugvelli sé þess eðlis, að þar geti lögreglulið ekkert úr bætt, og legg til, að kostnaðurinn verði skorinn niður í 2 millj. kr., og væri þó full ástæða fyrir landsmenn að sjá eftir því fé. Til þessarar gæzlu vegna herliðsins á Keflavíkurflugvelli ver ríkissjóður ríflega ellefu sinnum meira fé en ráðamenn þjóðarinnar hafa mátt sjá af úr þeim sama sjóði til gæzlu barna á öllum dagheimilum, vistheimilum og sumardvalarheimilum á landinu.

Það er nú orðið nokkuð umliðið, síðan þingheimi voru veitt þau fögru fyrirheit um sparnað á ýmsum liðum fjárlaga, þar með var talið lögregluliðið á Keflavíkurflugvelli, en það er með þann lið eins og fleiri, að það er engu líkara en þeir liðir þenjist mest út, sem helzt var lofað sparnaði á. Ef athugaðar eru hækkanir á þessum lið undanfarin ár, kemur í ljós, að á fjárlögum 1961 nam hann 4.1 millj. kr., 1962 4.3 millj., 1963 4.6 millj. kr. Fram að þessu er hækkunin ekki svo ýkja ör, en um þetta leyti hefur sparnaðinum líklega verið lofað, því að nú tekur liðurinn stökk: 1964 úr 4.6 millj. kr. í 5.8 millj., 1965 6.2 millj. og 1966 í 6.8 millj. Og nú kemur sjálf hagsýslustofnunin til sögunnar, og þá hleypur liðurinn úr 6.8 millj. kr. upp í 8.4 millj. Þótt allt hafi verið á hverfanda hveli í fjárlögunum undanfarin ár og litið verið gert að því að halda niðri ýmsum kostnaðarliðum, held ég, að það sé meira en kominn tími til þess að taka þennan lið sérstökum tökum og fella eitthvað af þeim útgjöldum niður, sem til hans er veitt.

Á fjárlögum ársins 1965 var ein sparnaðartill. Hún var alein á ferð og fór þess vegna ekki fram hjá neinum. Framlag til almannavarna var lækkað um 1 millj. 272 þús. kr. Í fyrra fyrirfannst aftur á móti engin sparnaðartill. Ef til vill hefur þeim, sem fjárlagafrv. sömdu, þótt hún of einmana árið áður, svo að framlagið var látið standa óbreytt og ekkert lækkað í það skiptið, fremur en aðrir rekstrarliðir, og nú er lagt til í fjárlagafrv., að framlag til almannavarna hækki aftur í 4 millj. kr. Nú er það fyllilega ljóst, að ódýrasta vörnin gegn þeirri hættu, sem okkur getur stafað af hernaði, er að uppræta hættuvaldinn með því að senda herliðið á Keflavíkurflugvelli heim og leggja herstöðina þar niður. Það er vitaskuld fráleit ráðstöfun að kalla yfir sig hættuna með því að setja niður herstöð á Reykjanesskaganum og ætla svo að kosta stórfé til að verjast hættunni, sem af henni stafar. Það hlýtur að vera hverju mannsbarni ljóst, að ef við ætlum að kosta nægilegu fé til að verjast hernaðarhættunni af herstöðinni, kostar það milljónatugi eða fremur milljónahundruð, og það efast ég um, að nokkur leggi í alvöru til að gert verði. Fyrst við erum ekki tilbúnir til þess að stefna að því, eigum við ekki heldur að vera að káka við það. 4 millj. á ári, það dregur sig saman í útgjöldum, þótt það komi að engum þeim notum, sem til er ætlazt. Hins vegar er ekki óeðlilegt, að við leggjum fram eitthvert fé vegna þeirrar hættu, sem ávallt getur stafað af náttúruhamförum í þessu landi, og því legg ég til í 12. brtt. minni, að 500 þús. kr. verði varið til almannavarna í því skyni, að þeim peningum verði varið til ráðstafana gegn hugsanlegum náttúruhamförum.

Það kom fram í viðtali fjvn. við forstöðumann almannavarna, að enda þótt milljónum króna hafi verið varið til þeirra, hafa engar ráðstafanir verið gerðar fyrir það fé til að undirbúa nauðsynleg björgunarstörf vegna hugsanlegs Kötlugoss. Verði 4 millj. kr. varið til almannavarna á næsta ári, þá er það lágmarkskrafa, að einhverju af því fé verði varið til þess að tryggja svo sem hægt er öryggi þess fólks, sem telja má í hættu, ef til Kötlugoss kynni að koma, og til að undirbúa þær aðgerðir, sem með þarf til varnar.

Á 12. gr. fjárlaga, 25. lið, er gert ráð fyrir 500 þús. kr. til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis. Með 13. brtt. minni legg ég til, að þessi liður verði hækkaður um 1 millj. kr. Þó að læknisþjónusta sé komin á

mjög hátt stig hérlendis, er óhjákvæmileg nauðsyn, að einstöku sjúklingar leiti læknishjálpar erlendis, og aðgerðir, sem slíkir sjúklingar þurfa á að halda, eru mjög dýrar og einatt framkvæmdar þar, sem læknisþjónustan er allra dýrust í heiminum. Auk þess kemur til kostnaður við ferðalög um langan veg, og það er ekki óalgengt að kostnaður sé talsvert á annað hundrað þús. kr. hjá hverjum sjúklingi, en mjög skortir á, að úr opinberum sjóðum fáist fullnægjandi aðstoð, og verður kostnaður við læknishjálpina því mjög tilfinnanlegur baggi hjá mörgum sjúklingi og vandamönnum þeirra, og iðulega er gripið til almennra fjársafnana til styrktar einstaklingum, en tala þeirra, sem þurfa að fara utan í þessu skyni, mun árlega vera eitthvað á annað hundrað manns. Að sjálfsögðu ætti ríkisvaldið að búa öllum landsmönnum sömu aðstöðu varðandi læknisþjónustu. Ef um er að ræða sjúkdóma, sem læknaþjónusta ríkisins getur ekki ekki bætt úr, en unnt er að fá bót á erlendis, ætti það ekki að vera sérstakur kostnaðarauki fyrir sjúklinginn, ef utanferðin er ráðlögð af yfirvöldum ríkisspítalanna. Þegar um slíkt er að ræða, á að verja almannafé til að jafna aðstöðuna gagnvart þeim, sem geta fengið fullnægjandi læknisþjónustu hér á Íslandi. Framlag á fjárlögum í þessu skyni hefur verið allt of lágt og þyrfti að hækka enn meira en ég hef talið von um að fengist samþykkt. En ég legg til, að 25. liður á 12. gr. fjárlaganna verði hækkaður úr 500 þús. kr. í 1 millj. kr.

Þegar vegalög voru sett 1963, var það samkomulag allra þingflokka, að lagðir yrðu nýir skattar að upphæð um 100 millj. kr. á bifreiðaeigendur í landinu, en því var heitið og margstaðfest, að framlag ríkissjóðs til vegamála, sem þá hafði numið 47 millj. kr., skyldi haldast, ekki lægra en það hafði verið, heldur hækkað. Hæstv. samgmrh. sór það og sárt við lagði. Æru hans mátu þó stjórnarflokkarnir ekki meira en svo við afgreiðslu núgildandi fjárlaga, að þrátt fyrir svardaga hans og þrátt fyrir skýlaus ákvæði 89. gr. vegalaga um framlag ríkissjóðs til vegamála var ekki veitt ein einasta króna til vegasjóðs. Og ekki virðist hæstv. ráðh. eiga að fá uppreisn æru við afgreiðslu fjárlaga að þessu sinni, því að í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu í vegasjóð, en á sama tíma hirðir ríkissjóður 173 millj. kr. í leyfisgjöld af bifreiðum.

Með 14. brtt. minni legg ég til, að staðið verði við það samkomulag, sem gert var milli þingflokkanna við setningu vegalaga um fjárveitingu úr ríkissjóði til vegamála og legg til, að veittar verði 60 millj. kr. til þessara mála.

Á ýmsum sviðum hafa verið bundin framlög úr ríkissjóði til framkvæmda í landinu, þ. á m. eru ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í byggingu íþróttamannvirkja. Á það skortir mjög, að með framlögum á fjárlögum hafi verið séð um fjárveitingar til þessara framkvæmda í samræmi við þær skyldur, sem lagðar hafa verið á íþróttasjóð. Að lokinni síðustu úthlutun úr sjóðnum námu vangreidd framlög til íþróttamannvirkja í landinu samtals um 32.8 millj. kr., eða sem svarar tekjum sjóðsins í rúm 6 ár, eins og þær hafa verið á fjárlögum s. l. ár, og á þessu ári munu myndast um 10 millj. kr. kröfur á sjóðinn vegna byggingarframkvæmda. Þessi erfiði hagur íþróttasjóðs hefur dregið mjög úr því, að unnið væri að framkvæmd íþróttamannvirkja eins og þörf krefur og gert væri, ef sjóðurinn gæti uppfyllt þær skyldur, sem honum ber. Vantar mikið á, að unnt sé að halda uppi lögboðinni íþróttakennslu í landinu, og talið er, að í bæjum vanti um 8 leikfimissali. Á meðan íþróttasjóði er ekki séð fyrir öðrum tekjum en beinu framlagi á fjárlögum, er óhjákvæmilegt að hækka það framlag, sem honum er veitt á fjárlögum. Ég legg til með 15. brtt. minni, að það framlag verði hækkað úr 5.4 millj. í 7 millj.

Fjárframlög til leikfélaga hafa nokkuð verið hækkuð á undanförnum árum. Hins vegar hefur framlag til Bandalags ísl. leikfélaga lítið breytzt og hlutföllin milli þessara styrkja mjög raskazt. Áður fékk bandalagið sem svarar 1/3 hluta af því fé, sem varið var til leikfélaga, en nú aðeins á milli sjötta og sjöunda hluta af því fé, sem til leikfélaga fer. Að vísu er ekki óeðlilegt, að þetta hlutfall geti breytzt, en nokkuð virðist þó vanta á, að hlutur bandalagsins sé viðunandi. Því hefur verið haldið fram, að auknar fjárveitingar til leikfélaganna geri þeim kleift að greiða aðstoð bandalagsins hærra verði en verið hefur áður. Í framkvæmd held ég samt, að gangur málsins verði sá, að fyrir hverja krónu, sem leikfélagið fær til viðbótar til ráðstöfunar, skapist starf, sem kostar tvöfalt meira, svo að eftir sem áður sé um svipaða og ekki minni greiðsluörðugleika að ræða hjá félögunum, heldur verði fyrst og fremst um meiri umsvif að ræða, enda er það sá jákvæði árangur, sem sótzt er eftir með auknum fjárveitingum. Ég tel, að hitt sé sanni nær, að hærri fjárveitingar til leikfélaga og meiri umsvif þeirra valdi m. a. auknum kröfum frá félögunum á hendur bandalaginu, svo að hækkun fjárveitinga til bandalagsins verði að fylgja í kjölfar meiri fjárveitinga til leikfélaganna, þar verði að vera ákveðið samræmi á milli. Fjárveiting til Leikfélags Reykjavíkur hækkar á fjárlfrv. um 300 þús. kr., og fjvn. hefur fallizt á, að fjárveiting til leikfélaganna almennt hækki um sömu upphæð. Ég legg til með 16. brtt. minni, að nokkuð verði komið til móts við Bandalag ísl. leikfélaga með því að hækka fjárveitinguna til þess úr 200 þús. kr. í 300 þús.

Næstu þrjár brtt. mínar fjalla um jarðhitarannsóknir. Jarðhitinn er eitt mesta verðmæti, sem Íslendingar eiga, og sannarlega hefði stjórnarstefnan þurft að vera slík undanfarin ár, þau miklu góðæri, sem ríkt hafa, að þau væru notuð til þess að gera stórátak í því skyni að nýta þessar náttúruauðlindir meira en gert hefur verið og spara þjóðinnni með því ómældan gjaldeyriskostnað, vegna kaupa

á eldsneyti til upphitunar húsa. Jarðhitinn er okkar olíulindir, og það er jafnfráleitt, að við skulum áratugum saman verja milljónahundruðum króna í erlendum gjaldeyri til olíukaupa frá útlöndum til þess að kynda upp hús á öllu þéttbýlissvæðinu umhverfis Reykjavík, á Suðurnesjum og víðar um land, eins og við ættum olíulindir á þessum svæðum, en kostuðum ekki fjármunum til að bora eftir olíunni, heldur verðum á sama tíma margföldum þeim upphæðum, sem það mundi kosta, til að flytja inn olíu frá öðrum löndum. Sérfræðingar okkar hafa einnig sýnt fram á, að möguleikar eru á því að nýta jarðhitann til hvers konar efnaiðnaðar. Frostþurrkun er nú að ryðja sér til rúms og hefur m. a. þann ómetanlega kost fram yfir venjulega frystingu, að ekki er þörf á frystigeymslum til að geyma matvælin, eftir að þau hafa verið frostþurrkuð, og við frostþurrkunina er orkukostnaður hæsti útgjaldaliðurinn, en þar er hægt að nota jarðhitann. Þessi nýja geymsluaðferð, sem ber langt af venjulegri frystingu á fleiri sviðum en því að spara frystigeymslur, veitir Íslendingum mikla möguleika í framtíðinni til þess að snúa við þeirri þróun, sem nú á sér stað, að við verðum í auknum mæli útflytjendur á hráefni, en flytjum inn tilbúin matvæli. Frostþurrkun, sem byggð yrði á jarðhita sem orkugjafa, gefur okkur sérstaka aðstöðu til þess að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar stórlega með því að flytja afurðir okkar út sem fullunna matvöru. Vegna allra þessara ómetanlegu nota, sem við getum haft af jarðhitanum, er það fráleit ráðstöfun, sem í fjárlagafrv. er lagt til að gert verði, að lækka rannsóknarkostnað jarðhitadeildar um nærri 2½ millj. kr. á næsta ári. Þvert á móti hefði nú ekki átt að draga lengur að stórauka framlög til jarðhitarannsókna og frekari jarðborana.

Þess er ekki að vænta, að í nein stórvirki verði ráðizt á þessu sviði, á meðan sú stjórnarstefna ríkir, sem viðreisnarstjórnin stendur að, þ. e. a. s. að draga markvisst saman allar þær framkvæmdir, sem þjóðarheildinni eru nauðsynlegastar. Þess vegna taldi ég ekki fært að fara fram á meira með minni 19. brtt. en að framlag til jarðhitasjóðs verði hækkað um 2.1 millj. kr., eins og forráðamenn raforkumálastjórnar hafa óskað eftir, og ég vænti þess, að samdráttur og afturhaldsstefna sé ekki orðin svo allsráðandi, að þessi till. fáist ekki samþykkt.

Í nútímaþjóðfélagi fer þátttaka kvenna í atvinnulífinu vaxandi og nær inn á fleiri og fleiri svið. Hér á Íslandi kemur það einnig til, að kaupmáttur tímakaups er ekki hærri en svo, miðað við óheyrilegan húsnæðiskostnað, að því aðeins gefst mörgum fjölskyldum kostur á því að eignast þak yfir höfuðið, að konan stundi atvinnu utan heimilisins. Eitt aðalvandamálið í því efni er skortur á aðstöðu til þess að koma börnum í gæzlu, hvort sem er í vöggustofur, dagheimili eða leikskóla. Skortur á slíkum stofnunum veldur því víða, að konur geta ekki stundað atvinnu utan heimilisins í þeim mæli, sem þær kysu, og hins vegar því, að atvinnugreinar, sem þurfa á vinnuafli þeirra að halda, fá það ekki af þessum sökum. Þetta er áberandi í ýmissi þjónustustarfsemi og er t. d. ein af orsökunum fyrir því, að mörgum lærðum hjúkrunarkonum er ókleift að stunda hjúkrunarstörf samhliða húsmóðurstörfum. Fjárveitingar til dagheimila og barnaheimila hafa verið furðulega lágar á fjárlögum miðað við það, hvað hér er um að ræða nauðsynlega starfsemi fyrir allan almenning, og með 20. brtt. minni legg ég til, að framlagið verði hækkað úr 750 þús. kr. í 2 millj. og til vara 1 millj. kr.

21. brtt. mín á þskj. 97 er þess efnis, að Menningar- og friðarsamtökum kvenna verði veittur styrkur að upphæð 50 þús. kr. Þessi samtök, sem eru almenn samtök kvenna og ná til landsins alls og eru öllum konum opin, hafa unnið merkt starf á undanförnum árum í samræmi við það, sem í nafni samtakanna felst. Næsta verkefni félagsins er að koma á stofn kennslu í listiðnaði, en í þeim efnum stöndum við flestum þjóðum að baki. En einmitt slík starfsemi getur náð langt í þeirri viðleitni, sem höfð er í frammi til þess að færa listina til fólksins eða fólkið til listarinnar og glæða áhuga almennings á listsköpun. Er ekki sízt þörf á slíkri starfsemi nú, þegar í það horf sækir meir og meir, að allir hlutir, sem fólk hefur daglega í kringum sig, séu unnir á vélrænan hátt og framleiddir í fjöldaframleiðslu. Ég vænti þess, að hv. þm. geti fallizt á, að ástæða sé til að styrkja slíka starfsemi.

Síðasta brtt. mín er við heimildagrein frv., 22. gr., og er þess efnis, að þar verði bætt við nýjum lið, svo hljóðandi:

„Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 15 millj. kr. lán og endurlána fé til byggingar dráttarbrauta, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar."

Grundvöllurinn undir þeim lífsskilyrðum, sem þjóðin býr við, er rekstur fiskiskipaflotans, og vöxtur hans og þróun í stærri og stærri skip hefur verið mjög ör á undanförnum uppgripaárum. En framkvæmdir í hafnarmálum hafa hvergi nærri fylgt eftir að sama skapi. Þeir vélbátar, sem eru uppistaða í síldarflotanum, eru svo stórir, að engin aðstaða hefur verið til að veita þeim nauðsynlega viðgerðaþjónustu hér á landi. En nú er á nokkrum stöðum verið að vinna að því að koma upp dráttarbrautum, sem geti annazt þjónustu við fiskiskipaflotann. Svo naumt er það fé, sem veitt er á fjárlögum til nýrra hafnarframkvæmda, að hámarksfjárveiting til einstakra staða á landinu er ekki nema 700 þús. kr., og dugir það skammt til þeirra stórvirkja, sem sums staðar er ætlað að vinna á næsta ári. Sveitarfélögin verða því mörg að leggja fram úr eigin hendi mjög veruleg framlög. T. d. eru dæmi um það, að lítið þorp hafi lagt fram fé til hafnargerðar á einu ári, sem svarar til þess, að Reykjavíkurborg hefði lagt fram 70 millj. kr. á einu ári í hafnarframkvæmdir. Þar sem verið er að vinna að byggingu dráttarbrauta samhliða öðr-

um framkvæmdum í hafnargerð, dugir hámarksframlagið, þessar 700 þús. kr., illa, og að sjálfsögðu dugir það skemmst þar, sem þessar tvíþættu framkvæmdir eiga sér stað, og það þarf því óhjákvæmilega að gera sérstakar ráðstafanir vegna dráttarbrautanna. Ekkert liggur fyrir um aðgerðir ríkisstj. í þessu efni, og ég legg til, að henni verði heimilað, að taka 15 millj. kr. lán til þess að endurlána til byggingar dráttarbrautanna. Ég vænti þess, að fáist sú till. ekki samþykkt, verði upplýst í þessum umr., hvað hæstv. ríkisstj. hyggst gera til þess að aðstoða þá aðila, sem nú eru að leysa úr einni brýnustu þörf fiskiskipaflotans með því að koma upp dráttarbrautum.

Herra forseti. Um 7 ára skeið hefur Sjálfstfl. fyrir tilverknað Alþfl. gefizt kostur á að gera tilraun til að framkvæma stefnu sína um óheft umsvif þeirra, sem fjármagninu ráða. Atvik hafa hagað því svo, að þessi tilraun hefur farið fram á þeim tíma, sem ríkt hefur mesta góðæri í aflabrögðum og viðskiptakjörum, sem þjóðin hefur lifað. Með þessari stjórnarstefnu hefur ekki tekizt að auka kaupmátt tímakaups verkafólks þrátt fyrir stórauknar þjóðartekjur á ári hverju vegna síaukinna afkasta vinnandi fólks, enda hefur það ekki verið markmiðið með henni. Með þessari stefnu hefur ekki tekizt að nýta góðærin og stórauknar þjóðartekjur til átaka í þeim framkvæmdum, sem þjóðinni eru nauðsynlegastar, heldur hafa verklegar framkvæmdir ríkissjóðs verið látnar þoka fyrir stjórnlausri og skipulagslausri fjárfestingu einkaframtaksins, svo að í óefni er komið og ýmsar atvinnugreinar eru að komast í alger þrot. Stefna ríkisstj. undanfarin ár hefur valdið því, að það verðlag, sem nú ríkir innanlands og nú er talað um að festa, er svo hátt, að án styrkja er ókleift að starfrækja veigamikla þætti útgerðar og fiskverkunar, þótt það útflutningsverð, sem fyrir afurðirnar fæst, hefði verið fullnægjandi fyrir nokkrum árum, svo mjög hefur með stefnu ríkisstj. tekizt að brjála aðstæðurnar innanlands og framleiðsa heimatilbúin vandamál. Tilraun Sjálfstfl. í hinum mestu góðærum til að sýna getu hins óhefta einkaframtaks til þess að tryggja jákvæða þróun efnahags-, atvinnu- og kjaramála, hefur nú með öllu mistekizt. Því verður ekki leynt með neinni gervistöðvun fram yfir kosningar. Og Alþfl. hefur allt þetta tímabil staðið að ráðstöfunum, sem forráðamönnum hans var óvefengjanlega ljóst fáum árum áður, að hlutu að leiða til ófarnaðar. Reynsla síðustu ára hefur sannað, að stefna hins óhefta kapítalisma er ófær um að tryggja þá jákvæðu þróun í þjóðfélaginu, sem vinnandi fólk leggur grundvöll að með síaukinni framleiðslu og aukningu þjóðartekna. Sú stefna hefur þvert á móti siglt málunum í strand í hinum mestu góðærum. Það er mikil ógæfa, að í þau 7 ár, sem þjóðin hefur vegna ytri aðstæðna haft beztu aðstöðu til að ná langt fram á við, skuli þjóðfélagið hafa verið gert að tilraunasviði fyrir óhæfa og úrelta efnahagsstefnu, sem Sjálfstfl. hefur lengi stefnt að því að koma fram. Það ríður því á miklu, að alþýðu landsins takist við alþingiskosningarnar næsta sumar að tryggja gjörbreytta stjórnarstefnu. Um það ætti að geta staðið saman allur sá verkalýður, sem um árabil hefur skipað sér í þá flokka, sem myndaðir voru til að forða íslenzkri alþýðu frá því, að óheft og skefjalaus yfirráð fjármagnsins væru höfð að leiðarljósi í þjóðmálum.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hv. fjvn. fyrir það, hversu vasklega hún hefur unnið að athugun fjárlagafrv. með þeim árangri, að það hefur tekizt að taka það nú til 2. umr. svo snemma og því þess að vænta, að auðið verði að afgreiða fjárlög mjög tímanlega fyrir jólin. En það hygg ég, að allir hv. þm. séu sammála um, að sé æskilegt allra hluta vegna. Ég vil jafnframt þakka sérstaklega hv. meiri hl. fjvn. fyrir meðferð á frv. og fyrir þá sérstöku hófsemi og skilning, sem nm. hafa sýnt á mikilvægi þess að halda útgjaldaaukningu ríkissjóðs innan mjög þröngra marka.

Ég vék að því í framsöguræðu minni við 1. umr. fjárl., að með hliðsjón af stefnuáætlun ríkisstj. nú um að gera sérstakar ráðstafanir til verðstöðvunar, sem hljóta að hafa í för með sér mikil ný útgjöld fyrir ríkissjóð, væri það hin mesta nauðsyn, að hv. þm. sameinuðust um að afgreiða fjárlagafrv. með mjög hófsamlegum hækkunum til annarra þarfa. Ég er formanni n. sammála um það, og það erum við vafalaust öll, að æskilegt hefði vitanlega verið að geta varið fé til margra mikilvægra atriða, bæði í framkvæmdum, félagslegum umbótum og á mörgum sviðum. En það er vitanlega svo nú eins og áður, að þar verður að velja og hafna og ótalmargt, sem menn hefðu gjarnan viljað gera, sem ekki er auðið, vegna þess að fjárhagsgetunni eru alltaf takmörk sett. Ég tel, að það hafi verið alveg sérstök hófsemi, sem sé mjög þakkarverð, hvernig fjvn. hefur haldið á þessu máli þrátt fyrir að sjálfsögðu mikla ásókn, sem verið hefur í hækkanir.

Hv. fulltrúar minni hl. fjvn. hafa lagt hér fram á sérstökum þskj. hækkunartill., sem eru með því minna, sem frá stjórnarandstöðunni hefur komið í þá átt, og ber ekki út af fyrir sig að halda uppi neinum ásökunum á hana fyrir þessar till. Frá hálfu 1. minni hl., fulltrúa Framsfl. í n., er komið með sömu till. efnislega og þeir fluttu á síðasta þingi um það að taka inn fjárveitingu til vegasjóðs, 47 millj. kr. Nú er að vísu því bætt við að greiða af greiðsluafgangi ársins 1966 aðrar 47 millj. Þetta er í samræmi við stefnu, sem þeir hafa látið hér uppi, og skal ég ekki frekar um það segja. Það er staðreynd málsins, að á síðasta þingi voru gerðar ráðstafanir til þess að afla þessa fjár, þannig að í sambandi við framkvæmd vegáætlunar hefur ekkert á skort í þessu sambandi, enda sýnir vegáætlunin það og skýrslan um hana, sem nú liggur fyrir Alþ. Deilurn-

ar, sem uppi voru um það efni og loforð, skal ég ekkert um segja, en ég vil á þessu stigi aðeins taka það fram, að þetta mál er til rækilegrar athugunar á vegum samgmrh., og í sambandi við afgreiðslu fjárl. er ekki auðið á þessu stigi að gera neinar breytingar varðandi þessar fjárveitingar. Það er hins vegar unnið að endurskoðun vegáætlunar og athugunum á því, hvort hægt er og þá með hverjum hætti að afla aukins fjár til vegagerða, sem vissulega er hin mesta nauðsyn, og munu koma fram á sínum tíma till. í því efni.

Það ber vissulega að þakka þá viðleitni frá hálfu hv. 2. minni hl. að benda á ýmsar till., sem horfa í þá átt að spara útgjöld ríkissjóðs. Þó að þar sé ekki um meiri háttar upphæðir að ræða, þá er það alltaf góðra gjalda vert og a. m. k. betri gjalda vert heldur en það, eins og sumir tíðka, að varpa fram fullyrðingum og stóryrðum um sparnað eða áhugaleysi í sparnaði, án þess að koma nokkurn tíma með nýtilegar till. sjálfir, svo sem ég mun síðar víkja að. En þó að ég játi, að persónulega hefði ég mikla tilhneigingu til þess að fallast á till. um fækkun sendiráða, — því hef ég áður vikið að sjálfur, — þá er það nú svo, eins og hv. frsm. 2. minni hl. enda tók fram, að hér er um æðimikið vandamál að ræða. Þegar einu sinni er búið að setja þessar stofnanir á laggirnar, er það milliríkjavandamál, sem menn hafa ekki talið fært að leggja út í, ekki síst í sambandi við þessar þjóðir, sem eru okkar nánustu samstarfsþjóðir. Ég hef hins vegar látið í ljós þá skoðun, ekki aðeins hér, heldur á öðrum vettvangi, innan Norðurlandaráðs, að það væri æskilegt að fá samstarf um það að fella niður öll sendiráð á Norðurlöndum hjá öllum Norðurlandaþjóðunum og hafa þessi mál á vegum skrifstofa Norðurlandaráðs í hverju landi. Út í þá sálma skal ég ekki fara. Kjarni málsins er sá, að menn hafa ekki treyst sér til þess að gera þetta. En ég er alveg sammála um, að það væri meiri nauðsyn, ef við stæðum andspænis því núna að taka ákvarðanir um, hvort slíkt ætti að setja á laggirnar, að setja upp sendiráð hjá einhverjum hinna nýfrjálsu þjóða, t. d. einhvers staðar í Afríku, heldur en hafa öll þessi sendiráð á Norðurlöndum.

Um útgjöld í sambandi við samninga við önnur ríki er ég hv. flm. einnig sammála um það, að það er æskilegt og nauðsynlegt að halda fullu hófi á í því efni, og ég hygg, að allir fjmrh. hafi haft fullan áhuga á því. Hitt er annað mál, að þetta er mjög vandasamt. Ég vék að því í minni fjárlagaræðu, að vafalaust mætti enn spara í því efni. En ég fullyrði, að það hefur verið reynt með öllum ráðum að fylgjast með því, að hér væri ekki um óhóflega eyðslu að ræða. Það má vafalaust segja, að hún megi vera minni, en það er, eins og enda einnig flm. sagði, mikið vandamál alltaf. Við verðum að fylgjast með í alþjóðlegu samstarfi og þess vegna miklum vanda bundið, hvað eigi að ganga langt í því efni, og það er alveg rétt, að ásókn í þessi ferðalög er ákaflega mikil og ekki alltaf þægilegt að sporna þar við fótum, það er hægt að segja þá sögu eins og er. En það er vissulega rétt að benda á þetta. Það er hins vegar tilgangslaust að vera að áætla þær fjárhæðir lægri en raunhæft er. Það er aðeins skylt að hafa vakandi auga á því fyrir þá, sem því eiga að ráða, að það sé hóf í þessum efnum.

Um ríkislögregluna á Keflavíkurflugvelli skal ég ekki margt segja. Það er vissulega rétt, að það er nauðsynlegt að spara í því efni svo sem auðið er. Meðan hins vegar svo er ástatt, að þar er erlent lið og erlendir menn í stórum stíl, er auðvitað nauðsynlegt að halda þar uppi löggæzlu, það verður ekki hjá því komizt af hálfu okkar Íslendinga, og ég held, að það hafi ekki orðið óeðlileg útþensla í þessu efni, því að hækkunin, sem nú er á þessum lið, er ekki meiri en svo, að hún jafngildi launahækkunum og sérstökum útgjöldum, sem urðu þar vegna viðgerða, sem varð að gera á lögreglustöðinni og vikið er að í grg. um það mál frá rn.

Um hinar aðrar till. skal ég ekkert segja. Það eru allt þörf og góð mál, en ég hygg, að verði þó ekki auðið að sinna meira en gert hefur verið.

Ég vil aðeins víkja lítillega að síðasta liðnum um dráttarbrautirnar. Þar er vissulega um vandamál að ræða. Það hefur verið gert um það ákveðin framkvæmdaáætlun, en það hefur komið í ljós í vissum tilfellum, að þar er við sérstakan vanda að glíma, ekki það, að ekki hafi verið aflað lánsfjár og veitt öll aðstaða til þess, heldur hitt, að þar sem dráttarbrautir eru hluti af hafnarframkvæmdum, skortir á um greiðslu á framlögum ríkissjóðs. Það er það, sem hefur staðið á, þannig að þessi till. út af fyrir sig er engin lausn á vandanum, vegna þess að hér er gert ráð fyrir endurlánum, sem eru ekki vandi málsins, heldur hin hliðin, og þetta er vissulega mál, sem þarf að athuga og hefur enda verið nú einmitt um þessar mundir í rækilegri athugun hjá ríkisstj. á vegum iðnmrn. vegna vanda, sem risið hefur út af dráttarbrautunum, bæði vegna þess, að sumar þeirra hafa farið fram úr áætlun, og ýmissa annarra fjárhagsvandamála, sem þar hafa risið, og vissulega má ekki láta þessar mikilvægu framkvæmdir stöðvast.

Um ræður hv. frsm. minni hl. n. mætti margt og mikið segja, og ég skal reyna að takmarka mig í því efni, þótt freisting hefði vissulega verið að gera þar mörg ummæli að umtalsefni. Ég veit nú ekki, hvort hv. frsm. hafa gert sér fullkomlega grein fyrir því, að þeir væru staddir hér á hinu háa Alþ., en ekki á framboðsfundi. Ýmislegt í ræðunum var þannig, að það hefði mátt fremur ætla, að væri verið að reyna að hafa áhrif á kjósendur en að leggja málin efnislega fyrir hv. þm. En það er auðvitað mál flm. sjálfra, hvað þeir vilja í því efni. Ég verð að segja það, að þó að margt væri við báðar ræðurnar að athuga, verð ég þó að gera á þeim æðimikinn mun, því að þar var þó mikill munur á hófsemi og skilningi á ýmsum atriðum

hjá hv. frsm. 2. minni hl. heldur en hjá hv. frsm. 1. minni hl., sem taldi allt með þeim endemum og ósköpum, að það hefði ekki annað eins sézt í íslenzku þjóðfélagi. Hv. frsm. 2. minni hl., þó að margt væri efnislega við hans rök að athuga, tók þó góð og gild ýmis sanngirnissjónarmið og a. m. k. reyndi ekki að gera lítið úr ýmsu því, sem reynt hefur verið að gera til úrbóta á vissum sviðum, og er það vissulega þakkarvert, þegar menn láta þannig sanngirni ráða.

Varðandi hv. frsm. 1. minni hl. verð ég að segja, að ég bæði las nál. hans með mikilli undrun og þó með enn meiri undrun hlýddi á ræðu hans, því að hér er, eins og við vitum, um bæði greindan og gegnan mann að ræða, sem hefur mikla reynslu í meðferð fjárl. og undirbúningi þeirra, og því kom mér það í hug, sem ég hef ekki fengið neina skýringu á enn, hvers konar innsprautun hv. þm. hefur fengið, áður en hann samdi þessa grg. sína og ræðu, því að sá málflutningur allur er með slíkum endemum, að þar er í rauninni fátt bitastætt, og með hliðsjón af því, að hv. þm. mun vera sennilega væntanlegt fjmrh.-efni Framsfl., verð ég nú sannast sagna að segja, að ég öfunda hann ekki af, þegar hann fær til meðferðar að byggja upp efnahagspólitík og fjármálastefnu á grundvelli þeirra raka, sem hann flutti hér fram í sinni ræðu, því að þar var svo gersamlega gengið á svig við að viðurkenna staðreyndir og rök og gersamlega slitin úr samhengi öll eðlileg orsakalögmál, að það gegnir mikilli furðu af jafngáfuðum manni.

Ég skal ekki fara langt út í þá sálma. Það yrði til þess að lengja mál mitt allt of mikið. En ég get þó ekki komizt hjá því að vekja athygli á ýmsum atriðum hans máls, því að ég vil þó ekki annað en taka alvarlega málflutning frá talsmanni annars stærsta flokks þingsins.

Ég vil fyrst taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning út af orðum hans, að hann vék að starfi hagsýslu- og fjárlagastofnunarinnar og það hefði verið vikið að því bæði í grg. og framsöguræðu minni um fjárl., að frv. væri nú betur undirbúið en áður hefði verið, og taldi hann þar ómaklega sveigt í þessum orðum að þeim, sem þann undirbúning hefðu haft með höndum áður. Ég skil nú ekki í, að það sé hægt að leggja það í mín orð, því að það er þó ekki hvað sízt sveigt að sjálfum mér, vegna þess að sjálfur hef ég undirbúið fjárlög árum saman, og síðustu fjárlög hafði ég beinlínis með að gera að undirbúa og ber ábyrgð á þeim undirbúningi. Og því fer auðvitað víðs fjarri, að ráðuneytisstjóri fjmrn. eða aðrir embættismenn þess hafi ekki unnið þar hið ágætasta starf. Það, sem ég hef meint með þessu, og það, sem raunar ráðuneytisstjóri fjmrn. fyrrv. lagði oft áherzlu á við mig, var einmitt það, að þetta væri óviðunandi ástand, að það væri ekki einn ákveðinn aðili, sem undirbyggi jafnstórkostlegt atriði eins og fjárlög ríkisins, heldur væri þetta gert á hlaupum af embættismönnum, sem væru störfum hlaðnir, og sannast sagna var auðvitað ráðuneytisstjóranum gersamlega ofboðið með því að leggja á hann þessi störf með öðrum umfangsmeiri störfum. Þetta er það eina, sem ég hef meint, og ég skil ekki í, að það sé ástæða til þess að leggja aðra merkingu í þessi orð. Ég hef ekki vikið aðdróttunum að einum né neinum í því efni.

Það vil ég hins vegar segja, að mér finnst miður farið af hv. frsm. 1. minni hl. að reyna þegar að gera lítið úr starfi þessarar stofnunar og gefa í skyn, að hún hefði ekki unnið ákaflega merkilegt starf. Í fyrsta lagi er þessi stofnun ný og starfskraftar hennar eru ekki aðrir en hagsýslustjóri og fulltrúi, sem vinnur þar að hálfu leyti, og hef ég ekki viljað blása þá stofnun út, fyrr en smám saman mótuðust verkefni hennar, og starfsaðstaða væri könnuð, áður en ráðizt væri í aukið mannahald. Hagsýslustjóri hefur unnið sjálfur að undirbúningi fjárlagafrv. með mér sem fjmrh. og einnig í samráði við formann fjvn., og við höfum lagt á það áherzlu, sem ég endurtek, að þetta hefur leitt til mjög bættra vinnubragða, þar sem þessi embættismaður hefur algerlega getað helgað sig þessu máli. Og þegar er farið að draga hér fram atriði til að sýna, að þetta hafi allt verið meira og minna gallað, m. a. með því að tala um, að það sé óeðlilegt að fylgja þeirri stefnu, að það virðist sem gleypt sé við öllum kröfum ríkisstofnana, það eigi heldur að sýna þar aðhald og skera niður, og vissulega er rétt, að það á að sýna aðhald. En ég er ekki í neinum efa um, og það mun koma á daginn, að það er raunhæfari og heppilegri leið að meta þarfir stofnananna og aðstöðu þeirra og skera ekki niður út í bláinn. Við höfum staðið andspænis því ár eftir ár að borga stórkostlegar fjárhæðir umfram á ríkisreikningi hvers einasta árs, og ég sé ekki, að það þjóni neinu, heldur beinlínis lamar aðhald ríkisstofnana og áhuga forstöðumanna þeirra að áætla rétt, ef þeir finna, að það er alltaf skorið niður, hvort sem þeir gera rétt eða rangt. Það er engin skynsemi í slíkum vinnubrögðum, og að segja, að það sé til þess að draga úr aðhaldi að viðhafa ekki slíkan niðurskurð, þá er það mikill misskilningur. Aðhaldið kemur á allt annan hátt. Þessir menn eiga að vita, að það er vakað yfir því, hvað þeir gera og hvernig útgjöldum þeirra er háttað, og eftir að komin er sérstök starfsemi til þess að fylgjast með þeirra fjárnotkun, er ég í engum efa um, að það verður með öðrum ráðum, sem verður líklegra að koma á sparnaði, og það sýndi sig bezt á þeirri ráðstefnu, sem nú nýlega var efnt til með forstöðumönnum allra helztu ríkisstofnana, að þar skortir ekkert á góðan vilja til þess að koma við betri nýtni í vinnubrögðum og hagsýni, ef einhver aðili er til þess að tengja þessa aðila saman og skipuleggja þau vinnubrögð.

Það voru jafnframt af hv. frsm. nefnd tvö

dæmi til þess að sýna, að það hefur ekki verið ákaflega vel unnið að þessum málum nú. Það vantaði tvær upphæðir í fjárlagafrv. Annars vegar vantaði 30 millj. kr. á niðurgreiðslur, sem var gefið í skyn að sýndi slælegan undirbúning. Þetta er algerlega út í hött. Það er ekki hægt að segja. Undirbúningur þessa máls var með eðlilegum hætti, og það var ekki fyrr en prentun fjárlagafrv. var lokið, sem það kom í ljós við athugun á niðurgreiðsluútgjöldum ársins, að útgjöld næsta árs mundu væntanlega verða þessu hærri. Það er hagstofustjóri, sem með þessu fylgist og gerir það með prýði eins og öll sín störf, og það hins vegar er ákaflega erfitt frá ári til árs að áætla þetta nákvæmlega.

Varðandi það annað, að 40 millj. hefðu gleymzt í sambandi við tekjuskattinn, er það einnig rangt, enda kemur það þegar í ljós, að það þarf að hækka enn tekjuskattsáætlunina. Þegar frá henni var gengið, lá ekki fyrir endanlega, hver tekju- og eignarskattur ársins í ár yrði. Það var ekki búið að ljúka álagningu hans og þess vegna ekkert að undra, að það yrði eitthvað, sem á milli bæri.

Ég tel ástæðu til að taka undir það, sem hv. frsm. 2. minni hl. sagði hér, að það væri ástæða til þess að leggja áherzlu á það, að hagsýslustofnunin sinnti vel sínu verkefni. Það er von mín, að hún geri það, og raunar vissa. Til hennar hefur valizt ágætur maður sem forstöðumaður, og það er sjálfsagt að taka til athugunar öll þau mál, sem hv. þm. vilja koma með sem ábendingar, og t. d. eitt mál, sem hann nefndi, um bifreiðakostnað ríkisins, það er gamalt vandamál, sem margoft hefur verið reynt að taka tökum. Ég man eftir því einu sinni í fjmrh.-tíð Framsfl., og segi ég það ekki þeim ágæta manni til lasts, þá var gerð tilraun til þess að fækka þessum bifreiðum og embættismennirnir áttu að skila þeim. Það lenti í því, að það var skilað einni bifreið, og þar með var það á enda. Ég nefni þetta, eins og ég segi, ekki hér til lasts, heldur til þess að sýna, að þetta er gamalt vandamál, sem er mjög erfitt. Og það er mjög handahófskent, hvaða embættismenn hafa þessi hlunnindi, og brýn nauðsyn að taka það til athugunar, hvort þessu er ekki hægt að koma fyrir með betri hætti. Það hefur verið sett á laggirnar sérstök bíla- og vélanefnd, sem hefur visst aðhald á þessum hlutum, og hefur verið tekið nú á síðasta ári til sérstakrar athugunar, hvort ekki er hægt að gera á þessu breytingar. Það hefur t. d. verið gert nú, til þess að reyna þó að sporna eitthvað við fótum, að það hefur verið sett hámarksverð á þær bifreiðar, sem embættismennirnir mega kaupa, sem þessara hlunninda njóta. Það er ekki verulega þægilegt að fást við að fá þessa ágætu embættismenn ýmsa til þess að notast við þær bifreiðar, sem þeim eru ætlaðar eftir þessari reglu. Við hana hefur þó verið staðið. En það er auðvitað ótalmargt á þennan hátt, sem er nauðsynlegt að athuga.

Varðandi 59 sparnaðarfyrirheitin, sem ekkert hefðu verið efnd, skal ég nú ekki langt út í þá sálma fara. Ég man ákaflega vel eftir þessu. Ég samdi sjálfur allmarga af þeim punktum, sem hv. frsm. 1. minni hl. minntist hér á. Það voru ekki neinar ákvarðanir í þessu fólgnar, heldur voru þetta ábendingar frá fjvn. til ríkisstj. að taka til athugunar. Sumt af þessu er þegar komið í framkvæmd. Margt af þessu er undir stöðugu aðhaldi, og menn geta deilt um, hvað ríkt það aðhald er, eins og það að reyna að draga úr veizlukostnaði, ferðalögum og öðru slíku. Það er reynt að gera eftir megni, en erfitt vandamál, og það hefur verið bent á og var í þessum till. bent á ýmis atriði, sem hefur ekki tekizt að koma fram, eins og t. d. það að fækka sendiráðum, eins og að sameina viss embætti eins og skógrækt og sandgræðslu. Þetta væri mjög æskilegt að gera. En menn muna kannske, hvað það tók óratíma að koma því til leiðar, sem var þó gert loksins af núv. ríkisstj., að sameina áfengis- og tóbaksverzlunina, og menn ættu að gera sér þess ljósa grein, að hér er ekki alltaf þægilegt við málin að fást. En ég get fullvissað hv. þm. um það, að ekkert í þessum punktum hefur gleymzt, þannig að hann skal ekki hafa neinar áhyggjur af því, og a. m. k. meðan ég fer með þessi mál, hef ég fullan vilja á því að taka til athugunar öll þau atriði, þar sem hugsanlegt er að koma þessum málum fyrir með heppilegri hætti.

Hv. þm., til þess sennilega að fá nú hljómgrunn úr sem flestum áttum, kaus það í ræðu sinni að víkja hér sérstaklega að rangmati ríkisstj. á kjörum lækna og verkfræðinga og að það þyrfti að búa vel að þessum stéttum. Vissulega er þetta rétt. En mér er ekki fullkomlega ljóst, hvernig hann, ef hann hefði setið í sæti fjmrh., hefði ætlað að meðhöndla þessi mál eins og hann skýrði hér frá. Hann sagði, að það hefði aldrei átt að koma til, að þessar ágætu stéttir sprengdu þann ramma, sem þeim var settur, heldur hefði átt að gefa nægilega eftir, til þess að til þess hefði ekki komið, og það hefði átt að gerast í sambandi við kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur minnstu hugmynd um, um hvað hann er að tala. Hann ætti að bera kjör þessara stétta, t. d. þær kjarakröfur, sem læknar fóru fram á, saman við kjör annarra háskólamenntaðra manna. Það er okkar stórkostlega vandamál í dag að mæta þessu, sem þar hefur gerzt. Mér er vel kunnugt um það, hvernig þessum málum öllum var háttað, og það skorti ekkert á tillitssemi og löngun til þess að ganga eins langt til móts við þessa ágætu menn og unnt væri. En ég tel það naumast viðeigandi að reyna að fara að blása það út sem dæmi um skilningsleysi ríkisstj. á kjaramálum opinberra starfsmanna, að taka þessi mál, sem eru hrein vandræðamál, ekki sízt læknamálið, sem dæmi um það, hvernig eigi að leysa kjaradeiluna. Ég skal svo ekki lengra út í þá sálma fara og tel það

hvorki til hags læknum né verkfræðingum né til neins góðs að vera að rekja þessa sögu nánar. En mér þykir það hins vegar leitt, að jafnmætur maður og hv. frsm. 1. minni hl. skuli falla í þá gröf af löngun til þess að geta látið þessa menn heyra frá sér gott orð að segja, að þeim hefði ekki verið sýndur nægur skilningur.

Því er haldið hér fram, að þessi fjárlög, sem nú liggja fyrir, séu verðbólgufjárlög, þau hækki meira en nokkur önnur fjárlög hafi hækkað og séu þess vegna ekki annað en áframhald á þeirri verðbólgustefnu, sem ríkisstj. hafi fylgt. Nú er það í rauninni ósköp lítils virði að vera að eltast við tölulegan samanburð aftur í tímann og reikna út, hvað þessi fjárlög jafngilda mörgum fjárl. hæstv. þáv. fjmrh. Eysteins Jónssonar í sinni tíð. Það eru auðvitað svo gersamlega aðrar aðstæður, sem við er að fást. En til þess þó til gamans að gefa mönnum svolítið aðra mynd en dregin er upp af þessu í málgögnum stjórnarandstöðunnar og þá fyrst og fremst Framsfl., langar mig aðeins til þess að nefna örfáar tölur.

1959 voru fjárlög ríkisins í tvennu lagi. Það voru annars vegar fjárl. eða útgjöld ríkisins, sem námu þá um 1180 millj., og hins vegar útflutningssjóðurinn, sem kom fram með fullum þunga á árinu 1958, þegar lög um hann voru sett af vinstri stjórninni, og kostaði á því ári 1134 millj. kr. Þetta voru samtals rúmar 2300 millj. kr. Þessi upphæð nam þá 32% af þjóðartekjum landsmanna. Ef fjárlagafrv. nú er skoðað og gert ráð fyrir sennilegum útgjöldum, sem á því verði að lokum, má gera ráð fyrir, að útgjöldin verði um 4700 millj. og nema þá 18% af þjóðartekjum.

Ég held, að það sé fróðlegt að athuga þessar tölur, því að að sjálfsögðu verður að skoða útgjöld ríkisins á hverjum tíma með hliðsjón af þjóðfélagsaðstæðunum, þegar er verið að tala um það sem eitthvert dæmalaust hneyksli, hvað fjárlög og fjárlagafrv. nú séu há. Árið í ár nema fjárl. ekki nema 15.8% af þjóðartekjum, og árið 1959, þó að útflutningssjóðnum sé sleppt, námu fjárl. 15.3% eða næstum nákvæmlega því sama af þjóðartekjum. Verður af þessu ljóst, hversu þessi samanburður allur er út í hött og sýnir á engan hátt þau ósköp, sem hv. stjórnarandstæðingar vilja oft á benda. Og svo að við tökum enn eitt dæmi til þess að sýna samanburð á þessu, kemur í ljós, að frá 1960 hefur kaup almennra verkamanna hækkað meira hlutfallslega heldur en útgjöld ríkisins á fjárlögunum, þannig að það er í rauninni sama, hvernig þetta dæmi er tekið. Með þessu er ég ekkert að segja um það, að þetta sé ákaflega æskileg þróun. Því fer víðs fjarri. En ef menn eru að leika sér að svona tölum, er gott, að öll dæmin og allar hliðarmyndirnar komi fram, sem vissulega leiða í ljós, að hér er ekki um þau ósköp að ræða, sem menn vilja vera láta. Þegar svo málið er skoðað í nærmynd, ef svo má segja, verða menn að gera sér grein fyrir því, af hverju hækkanir fjárl. stafa, og þýðir ekki að óskapast yfir því einu, að það sé verðbólgumyndandi og þar fram eftir götunum. Sannleikurinn er sá, sem menn verða að gera sér grein fyrir og ég held, að allir hv. þm. hljóti að vita, að skattaálögur ríkisins koma á eftir, þær koma til þess að mæta útgjöldum, sem þegar eru á fallin. Og þegar menn þess vegna eru, eins og hv. frsm. 2. minni hl., að tala um það, að söluskatturinn hafi leitt af sér verðbólguöldu, var söluskatturinn á lagður til þess að mæta útgjöldum, sem höfðu fallið á ríkið og einhvern veginn varð að greiða. Og þetta er yfirleitt sú algilda regla, að ríkið kemur eftir á, aflar sér tekna til þess að mæta þeim kvöðum, sem á það hafa verið lagðar. Ég er ekki að segja, að þær kvaðir séu alltaf af góðu komnar. Það er allt annað mál.

Þegar menn tala t. d. um, hvað það hafi verið stórkostleg hækkun á útgjöldum ríkisins í ár, er það alveg rétt. Það er um stórfelldar hækkanir að ræða og meiri en áður hafa þekkzt frá fjárl. í ár til fjárlagafrv. fyrir næsta ár, og það hefur verið nákvæmlega gerð grein fyrir því, af hvaða ástæðum þetta er, og ég hygg ekki, að nokkur hv. þm. geti með rökum haldið því fram, að það verði ekki að horfast í augu við að mæta þessum útgjöldum. Þar er um að ræða langstærsta liðinn launahækkanir, næsta liðinn tryggingabætur og síðan niðurgreiðslurnar. Niðurgreiðslurnar eru í raun og veru ekki annað en endurborgun til fólksins aftur á þeim sköttum, sem það greiðir. Það er um jöfnun að ræða í þjóðfélaginu, sem tvímælalaust er til þess fallin að jafna aðstöðu fólksins og bæta hag þeirra, sem miður eru settir. Laun opinberra starfsmanna verður að greiða, og ég hef ekki hingað til heyrt, að talsmenn stjórnarandstöðunnar hafi talið, að laun opinberra starfsmanna væru óhófleg. Ég veit ekki betur en þeir hafi tekið undir hverja einustu kröfu, sem hafi gengið margfalt lengra en loksins hefur verið úrskurðað eða samið um, og talið sjálfsagt að greiða þetta. En þegar á svo að fara að setja það á pappír í fjárlagafrv., er það orðið dæmalaust óhóf og þensla. Svona vilja hlutirnir stundum rekast hver á annars horn, þegar menn athuga ekki atvikin í samræmi hvað við annað.

Þegar menn eru svo að tala um það, að hér sé um að ræða verðbólgufjárlög og það sé miðað við enn þá meiri verðbólgu á næsta ári, er þetta reginmisskilningur. Það er um að ræða stórkostlegan tekjuauka hjá ríkissjóði á þessu ári. Þessi tekjuauki byggist fyrst og fremst á batnandi hag almennings í landinu. Hann byggist á því, að innflutningur hefur stórkostlega vaxið og þar af leiðandi tekjur af aðflutningsgjöldum, samtímis að sjálfsögðu aukinni veltu og stórauknum tekjum af söluskatti og leyfisgjöldum bifreiða, sem stafa af stórkostlega auknum bifreiðakaupum, sem einnig að sjálfsögðu eru dæmi velmegunar. Hér er ekki um að ræða tekjuauka af nýjum sköttum. Þetta sýnir aðeins hina miklu veltuaukningu í þjóðfélaginu. Ef þessi veltuaukning hefði ekki átt sér stað, — og því verða menn að

gera sér grein fyrir, — ef þessar kauphækkanir hefðu ekki komið til og sú stóra verðmætaaukning, sem hefur orðið í þjóðfélaginu í sambandi við aukna framleiðslu og ýmislegt annað, sem leitt hefur af sér betri kjör almennings, þá hefði að sjálfsögðu þessi tekjuauki ríkisins ekki komið til, þannig að menn mega ekki hugsa sem svo, að ef hefði tekizt að stöðva dýrtíðina, væri nú gott að lifa, því að þá hefði ríkið þessar miklu tekjur. Það hefði bara ekki þessar miklu tekjur, það er ósköp einfalt mál, þannig að þetta verður allt að skoðast í samhengi hvað við annað. Með því er ég síður en svo að segja, að dýrtíðin sé góð fyrir ríkið, það er langt í frá. Hún hefur mikið böl í för með sér jafnt fyrir þjóðfélagsborgarana í heild og einstaka hópa þeirra. En menn verða að skoða þetta í samhengi.

Þegar menn eru svo að tala um næsta ár, miðum við við enga nýja skatta. Það eru að vísu hærri fjárhæðir, en ég tel það ekki nýja skatta, því að auðvitað hlýtur það að liggja í eðli málsins alveg eins og í sambandi við tekjuöflun, að það er eðlilegt, að menn borgi af því beina skatta, þá er jafnvel eðlilegt, að með aukinni neyzlu borgi menn meira í aðflutningsgjöldum, sölusköttum og öðru slíku. Og það merkir ekki viðbótarálögur. Fjárlagafrv. fyrir næsta ár er ekki miðað við aukna þenslu á því ári. Það er misskilningur. Það er miðað við sama ástand og er í ár. Ég skal fúslega fallast á, að það er mjög hæpið, að sú þróun geti varað, sem er á þessu ári. Þó að það hafi nú frá ári til árs orðið aukning í þessu efni, þá er það mjög vafasamt. En hins vegar er ekki hægt að halda því fram, að hér sé út í bláinn stefnt með þessu fjárlagafrv. og byggt á gersamlega óraunhæfum hlutum. Hér er byggt á því ástandi, sem er á árinu í ár, og ekki miðað við aukningu, nema eðlilega aukningu tekna, sem vitanlega mun verða, vegna þess að tekjur eru meiri á þessu ári heldur en í fyrra. En það er ekki gert ráð fyrir, — og það er ástæða til að leggja áherzlu á það, vegna þess að því er mjög haldið á lofti, — það er ekki gert ráð fyrir því með þessu fjárlagafrv., að áframhald verði á þeirri verðbólguaukningu, sem átt hefur sér stað á þessu ári, því að það bryti að sjálfsögðu alveg í bága við þá stefnu, sem nú er mörkuð.

Ég tel, að það sé alveg nauðsynlegt, að menn geri sér fulla grein fyrir þessu tvennu. Það er hin aukna velta í þjóðfélaginu, það eru bætt kjör alls almennings í landinu, sem hafa leitt af sér þann mikla tekjuauka, sem er hjá ríkinu, og það er nauðsynin að samræma kjör þeirra, sem hjá ríkinu vinna, við kjör annarra starfsstétta, sem gera óumflýjanlega þá stóraukningu á launaútgjöldum ríkisins, sem raun ber vitni um.

Hv. frsm. 1. minni hl. hefur framkvæmt mikla útreikninga í sinni grg. Af þessum útreikningum skal ég ekki vera að gagnrýna þær tölur, sem þar eru fram settar, ég hef ekki sokkað þær, tel víst, að þær séu réttar, en ósköp finnst mér nú þessar tölur vera lítt til þess fallnar að gefa rétta mynd af efnahags- og fjármálaþróuninni. Það er ákaflega einfalt að taka skilnings- og skýringarlaust einstaka liði og fá út úr þeim háar tölur, sem líta illa út á pappír. Það er þó ýmislegt í þessu, sem er næsta fróðlegt, t. d. þegar hv. 1. minni hl. kemst að þeirri niðurstöðu, sem er rétt, að mjög mikill hluti af útgjaldaaukningunni nú sé í sambandi við niðurgreiðslur og tryggingabætur, sem séu þáttur í þeim ráðstöfunum að halda niðri verðlagi. Þeir reikna það um 900 millj. kr. og muni þó þurfa um 300 millj. í viðbót. Mér finnst þetta ekki sýna neitt ákaflega skelfilega mynd. Niðurgreiðslur eru að vísu alltaf mikið vandamál. Tryggingabætur hafa hingað til ekki verið taldar vandamál, og það er ekki mín skoðun, að þær séu það. En við sjáum á þessu, að það er ærið stór hluti af þeim auknu útgjöldum, sem er talað um, sem beinlínis er ætlunin, að ríkissjóður skili borgurunum aftur, þannig að hér er vissulega ekki um að ræða neina útþenslu í ríkisbúskapnum, þó að þarna sé um að ræða háar tölur á pappír.

Varðandi svo þá liði, sem teknir eru og eiga að sýna þensluna, eins og að kostnaður við stjórnarráð og utanríkisþjónustu hafi aukizt um 360% og niðurgreiðslur um 535% og margar tölur eftir því, álagning og innheimta skatta og tolla um 370%, þetta er vafalaust rétt, en spurningin er aðeins sú: Hvernig átti að forðast þessar hækkanir? Er hér um að ræða óeðlilega þróun eða ekki? Er hér um að ræða óhóflega eyðslu eða ekki? Það eru ekki færð nokkur minnstu rök fyrir því. Ég skal játa það t. d. um útgjöld við skatta, ég hef komið sjálfur inn á það í báðum þeim fjárlagaræðum, sem ég hafi flutt, að þar hefur verið um að ræða mikla aukningu og meiri en menn áformuðu eða gerðu ráð fyrir. En það breytir ekki þeirri staðreynd, að ég er í engum efa um það, að þessi aukning er ekki þess eðlis, að hún sýni óhæfni þess kerfis, sem upp hefur verið sett. Með þessu kerfi hefur tekizt að koma á alveg nýjum vinnubrögðum, og það hefur verið lögð áherzla á það að reyna að koma þessu kerfi á eðlilegan starfsgrundvöll, og ég hygg, að hv. frsm. 1. minni hl. hafi a. m. k. ekki verið sá, sem mest hefur úr því dregið, að það væri nauðsynlegt að hraða starfi skattstofanna og skapa þeim eðlilegan starfsgrundvöll, vegna þess að sveitarfélögin hefðu annars ekki aðstöðu til að leggja á útsvör með eðlilegum hætti. Þetta hefur verið gert, og ég tel, að þetta sé komið í viðunandi horf. Það kostar mikið fé. En ég fullyrði, að margt af því, sem gert hefur verið til útgjaldaauka í sambandi við bæði skattkerfið og tollkerfið, — þar hefur einnig verið um mikla aukningu mannahalds að ræða, — það hefur þegar skilað sér. Það munar áreiðanlega ótöldum milljónatugum, sem hefur komið inn í gegnum aukið og bætt skattaeftirlit, og aðeins skattalögreglan og þeir úrskurðir, sem hafa verið felldir í sambandi við athuganir hennar, hafa þegar leitt til milljónatuga auk-

innar skattaálagningar. Og allt kerfið hefur leitt af sér aukið aðhald. Það er jafnframt vitanlegt, að tollgæzlan hefur verið miklu árangursríkari en hún áður hefur verið. Þetta nefni ég sem dæmi um, að það þýðir ekki alltaf að benda á útgjaldaliði við þetta og annað. Það verður að gera sér grein fyrir því, hvort útgjöldin eru raunhæf eða ekki og hvort þau skila jákvæðum árangri eða ekki.

Í sambandi við þetta langar mig til að koma að öðru atriði, sem hefur verið endurtekið hér í dag af hv. frsm. 1. minni hl. og mér finnst gegna mikilli furðu, að hann skuli endurtaka hér, og það er sú fullyrðing, að ég hafi lýst því yfir, að ég þekki ekki neitt til ríkisrekstrarins. Það eru teknar setningar úr grg. fjárlagafrv., sem hann telur sanna það, að ég hafi gefizt upp og viti ekki neitt um ríkisreksturinn. Ég er ekki hér að hæla þekkingu minni, en ég hygg samt, að a. m. k. ætti ég miðað við reynslu mína í þessum efnum að hafa álíka mikla þekkingu á ríkisrekstrinum og hver annar, þó að það geti vel verið, að hann hafi hana meiri, ég skal ekkert um það segja. En ég held, að allir þeir, sem ekki horfa á það, sem þeir lesa, gegnum Framsóknargleraugun, hljóti að skilja, hvað við er átt í þessu efni. Það hefur nefnilega verið sagt stundum, að því meira sem menn kynntu sér hluti, kæmust þeir að raun um, að þeir vissu því minna, og ég held, að einmitt sú aukna skoðun, sem hefur farið fram á ríkiskerfinu öllu, uppbyggingu okkar stjórnsýslu, uppbyggingu okkar starfsemi allrar á vegum ríkisins, sé að leiða það æ betur í ljós, hvað á þessu eru margir vankantar. En ef ætlazt er til, að hægt sé að kippa því í lag með einu pennastriki eða á nokkrum mánuðum, þá er það auðvitað slík fásinna, að ég reikna ekki með, að nokkur hv. þm. ímyndi sér það. En ef menn skilja það þannig, þegar er verið af fullri hreinskilni að benda á, að það séu margþættir, stórfelldir annmarkar á því, hvernig við höfum unnið að þessum málum, að það eigi að sýna, að fjmrh. hafi ekki hugmynd um ríkisreksturinn, það er í rauninni ekki hægt að ræða við menn, sem halda fram svona fásinnu. Við vitum, að það eru stórfelldir annmarkar á ýmsu því, sem við höfum byggt upp. Það hafa verið settar upp stofnanir, það hefur verið tekin upp þjónusta og lagt út í útgjöld af hálfu Alþ., sem enginn hefur gert sér fyrir fram grein fyrir, hvert mundi leiða okkur. Þetta er ekki einsdæmi hér á Íslandi. Þetta er vandamál langflestra þjóða í sambandi við sitt fjármálakerfi. Það er tilhneiging til, að alltaf aukist þensla útgjalda ríkisins, — þetta er í samræmi við athugun, sem farið hefur fram í mörgum löndum, — miklu meira en sem svarar auknum þjóðartekjum, og menn hafa áhyggjur af, hvert þetta leiði. En það er ekki eingöngu þessi hlið, heldur einmitt hin, sem hvað helzt á við okkur sem lítið þjóðfélag. Við verðum að gera okkur grein fyrir, hvernig við notum hverja krónu. Opinberar framkvæmdir hafa verið allt of handahófskenndar, og það er eitt af því, sem við er átt með þessum orðum, og það hefur verið sett í gang sérstök athugun, hvort ekki er hægt að setja löggjöf um, hvernig að þessum málum skuli unnið, undirbúningi verklegra framkvæmda ríkisins, skipulagi þeirra, athugun á, að hvaða marki þær eiga að stefna, og alhliða skoðun málsins, áður en út í þær er ráðizt. Við þekkjum sjálfir, að það hefur verið samþ. hér á Alþ. að ráðast í byggingar, án þess að nokkur maður hafi haft hugmynd um, hvað það mundi kosta. Hv. frsm. 1. minni hl. fjvn. veit þetta mætavel. Hann hefur fengizt við í fjvn. athuganir í sambandi við skólabyggingar t. d. árum saman. Það er eitt af okkar mestu vandamálum, hvernig að þeim málum er staðið. Þar er um stórkostlegar þarfir að ræða. Það er talað um það, að við þurfum að byggja skóla, og fyrir því liggja umsóknir, sem munu kosta um 500 millj. kr. Skólahúsnæði okkar er óhæfilega dýrt, og það er óumflýjanlegt annað og að því hefur verið unnið mjög merkilegt og mikið starf, m. a. í samráði við Efnahagsstofnunina í París, að gera sér grein fyrir því, hvernig er hægt að leysa þennan vanda með ódýrari hætti og að koma þessum málum á skipulegri hátt. Það hefur þegar ýmislegt verið gert í þessum efnum. Menn muna kannske eftir því, þegar voru sett lög um eftirlit með skólakostnaði. Það kom á daginn, að það voru millj. kr., ef ekki milljónatugir, sem ríkið hafði verið látið borga, sem það átti ekki að borga, bara fyrir eftirlitsleysi. Svona eru stórir liðir, sem þarf að taka föstum tökum og kanna frá grunni, og það er þetta, sem menn meina, þegar þeir tala um í forsendum fjárlagafrv., að það vanti yfirsýn og ég vil segja innri könnun á eðli og stefnu margra þeirra mála, sem við erum að vinna að, höfum lögfest og komið í gang, en hafa þróazt oft og tíðum með allt öðrum hætti en menn hafa gert sér grein fyrir.

Þetta er nú þekkingarleysið, sem hv. þm. er að tala um, og ef þetta er túlkað sem þekkingarleysi, lofa ég hamingjuna fyrir það þekkingarleysi. Og ég hef aldrei haldið, að það væri sérstök leið til umbóta að loka augunum fyrir því, sem er að, en segja ekki hreinskilnislega, hvað maður telji, að þurfi að skoða niður í kjölinn. Það getur verið, að það sé góð Framsóknarpólitík, en ég tel hana ekki til bóta.

Varðandi útfærslu ríkiskerfisins, sem hv. frsm. 1. minni hl. varð einnig tíðrætt um, er það sama að segja, að það var ekki lögð nokkur rækt við að gera grein fyrir því, hvort þar væri um að ræða hluti, sem hefðu átt rétt á sér eða ekki. Og þegar jafnvel er gengið það langt og seilzt það langt að taka Gjaldheimtuna sem dæmi um útþenslu í ríkiskerfinu, finnst mér vera farið að kóróna vitleysuna, því að það er þó sennilega eitt af því, sem bezt hefur verið gert til þess að koma á aukinni hagkvæmni og hefur leitt af sér stórsparnað á mörgum sviðum og hagkvæmari vinnubrögð í ríkiskerfinu, eftir að henni var komið á. Það kunna að vera einhverjir til,

sem halda því fram, að Efnahagsstofnunin sé ekki nauðsynleg stofnun. En ég held, að almennt séu menn þeirrar skoðunar, að við þurfum á að halda fremur meiri en minni athugun á eðli okkar vandamála, og ég fullyrði um það, að Efnahagsstofnunin hefur átt stóran þátt í því bætta andrúmslofti, sem er í þjóðfélaginu í samskiptum hinna ýmsu þjóðfélagsstétta um kjaramál sín, og fyrir efnahagsmálin almennt hafi upplýsingar og rannsóknir Efnahagsstofnunarinnar haft stórmerka þýðingu. Ég hef áður vikið hér að ríkisskattstjóra og skattstofnunum, sem ég tel, að sé síður en svo að lasta, og muni þau útgjöld hafa þegar skilað sér og betur en það í bættum vinnubrögðum. Það má segja, að hagsýslugerðin sé ný stofnun, en ég mundi einnig þora hiklaust að fullyrða, að það sé hægt að láta þá stofnun skila margföldum þeim kostnaði, sem hún hefur í för með sér, ef rétt er á þeim málum haldið.

Það væri fróðlegt að ræða hér efnahagsmálin. Ég skal samt stilla mig um það, vegna þess að þau verða rædd á öðrum vettvangi og gefst þá tækifæri til þess. En mér finnst það þó næsta einkennilegt, miðað við þekkingu beggja þessara hv. þm., að þeir skuli láta sér það um munn fara, eins og þeir lögðu áherzlu á í sínum ræðum báðir, að stjórnarstefnan hefði verið einhver lamandi hönd á atvinnuvegi þjóðarinnar og hindrað þar eðlilegar framfarir. Það liggur fyrir algerlega ómótmælt og er staðfest rækilega í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til hagráðs, sem ég hef ekki séð neins staðar mótmælt, að fjármunamyndun hafi orðið meiri nú en nokkru sinni áður hafi þekkzt og þar sé um að ræða sparnað og fjármunamyndun, sem hafi deilzt nokkurn veginn jafnt á atvinnuvegi þjóðarinnar og sé það í raun og veru einstætt hér í okkar landi. Og m. a. segir í þeirri skýrslu, með leyfi hæstv. forseta, án þess að ég ætli að fara að rekja það mál:

„Vergur sparnaður þjóðarbúsins, þ. e. fjármunamyndun að viðbættum eða frádregnum breytingum bústofns og útflutningsvörubirgða á viðskiptajöfnuði út á við, nam á síðasta ári 6150 millj. kr. eða 30% af þjóðarframleiðslunni.“ Og enn segir: „Hin mikla aukning fjármunamyndunar síðustu árin hefur dreifzt tiltölulega jafnt yfir allar helztu greinar atvinnulífsins, opinberar framkvæmdir og íbúðahúsabyggingar.“ Og sérstaklega er vikið að því, að hún hafi orðið mikil í þeim atvinnugreinum, sem byggjast mest á notkun véla og tækja, en að sjálfsögðu er hvað mest þörf á í sambandi við hagræðingu og aukna framleiðni að efla slíkar atvinnugreinar. Og enn segir: „Atvinnuvegirnir hafa haft forystu í þeirri þróun, sem hefur átt sér stað síðan 1962.“ Þetta liggur fyrir öllum hv. þm. Og þó að sé við ýmsa erfiðleika að glíma nú, — og hvenær hefur ekki verið við erfiðleika að glíma í rekstri okkar atvinnuvega? — hélt ég satt að segja, að menn bæru það ekki fyrir sig lengur að halda því fram, að það hafi verið einhver stöðnun í þjóðfélaginu nú undanfarin ár. Það hefur verið slíkur gróandi í þjóðfélaginu, að það er vandamál okkar í dag að halda í skefjum okkar efnahagskerfi vegna þeirrar geysilegu þenslu úr öllum áttum í framkvæmdir vegna stórhugs og áhuga við margvíslegar umbætur.

Herra forseti. Ég bið afsökunar á, að ég hef orðið langorðari en ég vildi í þessu efni, og hefði gjarnan viljað tala um þetta í öðrum dúr. En því miður hafa umr. gert nauðsynlegt að taka til athugunar nokkur atriði, sem eru þó ekki þess eðlis, að það gefi efnislega miklar upplýsingar um kjarna málsins. En það er auðvitað það, sem þýðingu hefur í sambandi við úrlausn þessa mikla vanda, sem vissulega er við að glíma, ekki eingöngu varðandi afkomu ríkissjóðs, heldur varðandi það, hvernig við eigum að tryggja okkar efnahagslegu uppbyggingu í landinu, sem er auðvitað fyrsta áhugamál okkar allra. Það verður ekki gert með því að reyna að fela kjarna málsins með stóryrðum og rangfærslum. Það verður gert með því einu að reyna að skoða eðli málanna niður í kjölinn, og eins og ég áðan sagði, held ég, að hinar auknu upplýsingar frá ýmsum aðilum síðustu árin, bæði Efnahagsstofnun og ýmsum nefndum, sem starfað hafa, bæði á vegum ríkisins, launþegasamtaka og annarra aðila, hafi átt sinn þátt í því að leiða þessi málefni inn á skynsamlegri grundvöll. Og þetta hefur leitt til þess, að málin hafa verið tekin öðrum tökum, og þrátt fyrir það, þó að ýmsir aðilar hafi reynt að koma illu af stað, hafa hin áhrifamestu almannasamtök í landinu sýnt mjög vaxandi skilning á eðli vandamála þjóðfélagsins og efnahagslífsins með þeim árangri, að það hefur skilað öllum almenningi miklu betri útkomu en ella hefði orðið. Fyrir þessu liggja yfirlýsingar og staðreyndir, sem ég þarf ekki að rekja hér, en öllum hv. þm. er vel kunnugt um, og það er í þessum anda, sem að málunum þarf að vinna. Og sannleikurinn er sá, að þó að það vissulega séu góðærin, sem séu okkar mesta happ, þegar á allt er litið, hafa góðærin ekki hvað sízt oft í för með sér vanda og kannske meiri vanda en þegar vel gengur, vegna þess að góðærin valda þenslu. Og t. d. hefur það góða atvinnuástand, bætt viðskiptakjör og önnur bætt aðstaða sjávarútvegsins haft í för með sér veruleg vandamál fyrir aðrar atvinnugreinar í landinu og jafnvel vissa þætti sjávarútvegsins sjálfs. Það er ekki verðbólgan, sem er þessi illi valdur, sem öllu er skellt á og á að vera einhver sérstakur ástmögur ríkisstj., þó að mér gangi alltaf erfiðlega að skilja, hvernig það má vera eftirsóknarvert fyrir eina ríkisstj. að beita tæki, sem öllum er fjandsamlegt og öllum er illa við. En látum það vera. Það er nefnilega margt annað en verðbólgan sjálf, sem hér á sök á og við verðum að skilja, ef við ætlum að leysa þennan vanda, sem við er að glíma.

Ríkisstj. hefur ekki, eins og segir í niðurlagi nál. hv. l. minni hl., beint neinum liðsbónum

eða áskorun til stjórnarandstöðunnar um það að hjálpa sér í þessu máli. Við reiknum ekki með neinni aðstoð úr þeirri átt. Hins vegar er það rétt, að við höfum átt samvinnu með góðum árangri við þau stéttasamtök í landinu, sem mesta þýðingu hafa í þessu efni. Það er að vísu sagt hér, að það sýni bezt, hversu illa ríkisstj. sé komin, að hún sé farin að ræða við Alþingi götunnar. Þetta er ákaflega mikill misskilningur. Þegar var rætt um Alþingi götunnar á sínum tíma, var það í þeim skilningi, að það var fordæmt, að stéttasamtök væru látin hafa úrslitaákvörðun um afstöðu ríkisstj. Ríkisstj. verður að stjórna, og Alþ. verður að stjórna, og þess vegna má ekki fara fyrir ríkisstj. eins og gerðist með vinstri stjórnina, af því að hún fékk nei frá stéttasamtökum við tilmælum sínum, — þá bara gafst hún upp og sýndi það, að hún stjórnaði alls ekki sem ríkisstj. og leit ekki á Alþ. sem hinn rétta aðila til að taka endanlega ákvörðun um úrlausn málanna. Það hlýtur hver einasta ríkisstj. að hafa samvinnu við stéttasamtök, og því aðeins er friður í þjóðfélaginu og skynsamleg úrlausn mála, að takist að fá góðan skilning í þessu efni milli ríkisstj. og stéttasamtaka. En það verður að vera með því fororði, að ríkisstj. og Alþ. stjórni, þegar allt kemur til alls, og geri sínar ráðstafanir, ef ekki tekst að fá viðhlítandi samkomulag. Þetta hlýtur að vera forsenda allra lýðræðislegra og eðlilegra stjórnhátta, og þetta er sá meginmunur, sem þarna hefur verið um að ræða.

Það er sagt, að velmegunin hafi bjargað núv. ríkisstj. Það má vel til sanns vegar færa. En það var þó dálítið kaldhæðnislegt, að velmegunin varð vinstri stjórninni að falli, því að það var mesta velmegun, sem þá hafði komið, sem var það ár, sem hún hvarf frá völdum og lýsti yfir, að allt væri þá á hengiflugi. Og sannleikurinn er sá, að það er dálítið kaldhæðnislegt að hlusta á menn, sem þá voru ráðþrota um öll úrræði, að nú hafi þeir ráð undir hverju rifi, að vísu ráð, sem þeir alls ekki segja, en eru þó a. m. k. nógu ráðagóðir til þess að segja, að allt sé ómögulegt, sem aðrir gera. *Þetta kann að vera gott og blessað*, en ekki er það nú ákaflega trúverðugt, og ég er ekki alveg viss um, að þeir hafi erindi sem erfiði, sem þessum málflutningi halda uppi.

Herra forseti. Ég vil að lokum aðeins leggja áherzlu á það sem grundvallarkjarna þessa máls, að einmitt hin góða afkoma ríkissjóðs í ár og horfurnar um góða afkomu hans á næsta ári eru undirstaða og forsenda þess, að við getum komið á þeirri stöðvunarstefnu, sem við nú *erum að reyna að beita okkur fyrir*. Henni hefði ekki verið hægt að koma á, ef engin fjárráð hefðu verið fyrir hendi til þess að leysa þann vanda að halda niðri vöruverði t. d., sem er forsenda þessarar stöðvunar. Hefði það þurft að gerast með nýjum skattaálögum, hefði það ekki verið auðið. Það hefði hlotið að leiða af sér nýjar hækkanir, sem hefðu þá valdið nýrri spennu. Það er því nákvæmlega hin rétta stund til að gera þær ráðstafanir nú, og með hliðsjón af öllum aðstæðum, með hliðsjón af því ástandi í okkar útflutningsmálum, sem öllum hv. þm. er kunnugt, er lífsskilyrði fyrir þjóðina í dag, að þessi stöðvunarstefna takist, og það er okkar stóra happ, að við skulum einmitt nú hafa það ástand í okkar ríkisfjármálum, að það sé auðið að gera þessa mikilvægu ráðstöfun, sem nú þarf að gera, til þess að geta undirbyggt enn betur það, sem þarf að koma til eflingar okkar atvinnulífi. Því er haldið fram, að þetta sé gert til þess að fleyta fram yfir kosningar. Það er mikill misskilningur. Það fer auðvitað algerlega eftir atvikum máls, hvað þarf að gera eftir kosningar. Það veit enginn um verðlagsþróunina. Það er það, sem hefur úrslitaáhrif í þessu efni. Við höfum aðstöðu til þess að gera þessar ráðstafanir með þeim hætti, að ef ekki kemur til ný dýrtíð, ef ekki koma til einhver þau öfl eða aðgerðir, sem annaðhvort auka vanda útflutningsframleiðslunnar með enn meira verðfalli eða auka tilkostnað í þjóðfélaginu, sem við sjáum ekki fyrir í dag, er engin ástæða til þess að halda, að þetta geti ekki gengið. Og ég tel ekki sýnilega ástæðu til að halda, að það sé um alla framtíð, sem ekki komi til, að okkar útflutningsafurðir hækki aftur í verði. Hér hefur orðið óvenjulegt verðfall, og ég vil leyfa mér að vona, að þetta sé aðeins tímabundið, þannig að með því, sem við séum að gera hér, sé ekki á nokkurn hátt verið að fela eitt né neitt, heldur sé þetta raunhæf aðgerð og skynsamleg og sú eina, sem til greina kemur til þess að mæta þeim vanda, sem við eigum við að glíma. Það er enginn beðinn að fórna neinu, heldur nema staðar um skeið í sinni framfarasókn til þess að leggja betri undirstöðu að næstu átökum. Og við skulum vona það, af því að ég veit, að innst inni er það áhugamál okkar allra, að það megi takast, að í kosningahitanum freistist menn ekki til þess að blása upp neinu moldviðri til þess að villa mönnum sýn í þessu efni, vegna þess að ef illa fer, kemur það ekki niður á ríkisstj., það kemur niður í þjóðinni í heild. Það er hún, sem geldur þess eða nýtur, hvort vel eða illa tekst til.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 113, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða hér um fjárlögin almennt eða þá stefnu, sem í þeim birtist, heldur ætla ég að leyfa *mér að drepa örfáum orðum á eitt mál*, sem raunar er enn til athugunar í hv. fjvn. og hún hefur geymt sér til 3. umr. Ég á þar við stuðning ríkisins við vatnsveitufram*kvæmdir* Vestmanneyinga.

Eins og kunnugt er, er ekki vatnsveita í Vestmannaeyjum. Vestmanneyingar fá sitt vatn með því að safna rigningarvatni, auk þess sem sjóveita er þar til fiskiðnaðarins, sem

um eru 35 ára gömul lög. Auk þess er talsvert vatn flutt til Vestmannaeyja á ýmsum tímum, sérstaklega þegar þurrviðri eru, en þeir vatnsflutningar eru að sjálfsögðu tilfinnanlega dýrir. Þetta ástand er að sjálfsögðu óviðunandi til frambúðar fyrir mesta fiskiðnaðarbæ landsins.

Um langt árabil hefur verið leitað lausnar á þessum vanda. Það hafa farið fram dýrar boranir, sem ekki hafa gefið árangur, og niðurstaðan af undirbúningi þessa máls um árabil hefur orðið sú, að ákveðið hefur verið að sækja vatn til lands. Gerður hefur verið undirbúningur að því að leggja slíka leiðslu úr landi, frá Eyjafjöllum og út í Vestmannaeyjar, og byrjunarframkvæmdir þegar hafnar. Kostnaðurinn við þessar framkvæmdir er áætlaðar 75—80 millj. kr. að frátöldum leiðslum í bæjarkerfinu. Ef bæjarfélagið eitt ætti að standa undir þessum framkvæmdum, mundi það leiða til annars tveggja, nema þá hvors tveggja, sem trúlegra er: óhæfilega hárra vatnsgjalda og milljónaframlaga úr bæjarsjóði um langt árabil. Hér er þó ekki um að ræða málefni, sem er þannig vaxið, að það sé hægt að kalla það mál bæjarbúa einna. Þarna er um að ræða þýðingarmikinn útflutningsiðnað, sem allir landsmenn eiga mikið undir. Auk þess ber að nefna, að stefna hefur verið mörkuð fyrir nær tveim áratugum með lögum um aðstoð við vatnsveitur um það, að ríkið skuli veita sveitarfélögum fjárhagslega aðstoð í þessum efnum, en framkvæmd þessara laga hefur takmarkazt nokkuð af því, að fjárframlög hafa á ýmsum tímum verið ófullnægjandi til þess að framkvæma þau sem skyldi. Í þessum lögum segir m. a., í 4. gr. laga nr. 53 frá 5. júní 1947: „Styrkur skal því aðeins veittur, að fyrirsjáanlegt sé, að sveitarfélag geti ekki með hæfilegum vatnsskatti staðið straum af stofn- og rekstrarkostnaði veitunnar.“ Af þessu virðist mér eðlilegt að gagnálykta, að lögin séu til þess ætluð að koma í veg fyrir, að óhæfilegir vatnsskattar þurfi að komast á og vatnsveitur að verða sveitarfélögum óhæfileg byrði.

Þetta mál er svo sérstaks eðlis, eins og ég geri ráð fyrir að öllum hv. þm. sé ljóst, að ég hef kosið að hreyfa því hér við þessa umræðu, þó að það sé enn til meðferðar í hv. fjvn., og ég treysti því fyllilega, að hún geri tillögur um þetta efni, sem miði að viðunandi lausn málsins.

Mér þykir rétt að taka það fram, þegar ég nefni þetta mál hér, að í Vestmannaeyjum hefur jafnan verið algjör samstaða allra flokka í þessu máli. Enginn stjórnmálaflokkur hefur gert neina tilraun til þess að eigna sér sérstaklega þetta mál. Á síðasta bæjarstjórnarkjörtímabili vann hv. 3. þm. Sunnl. sem bæjarstjóri að framgangi þessa máls og undirbúningi með fullum stuðningi þáv. minnihlutaflokka, og breyting á þeim vinnubrögðum hefur ekki orðið við breyttan meiri hluta í bæjarstjórn Vestmannaeyja. Ég vil leyfa mér að láta í ljós þá von, að sams konar samstaða megi takast um þetta mál hér á hv. Alþingi. Ég flyt þess vegna ekki neina till. að þessu lútandi við þessa umr. Ég treysti því fyllilega, að hv. fjvn. finni á því viðunandi lausn fyrir 3. umr., þó að ég vildi ekki láta 2. umr. fara hjá án þess að vekja athygli hv. þm. á þessu mikla máli.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 6. þm. Sunnl. Af því að hann leiddi þetta mál hér inn á fundinn, sem er ósköp eðlilegt, því að hér er um stórmál að ræða fyrir þá Vestmanneyinga, þá vildi ég aðeins láta það koma fram, að að þessu máli hefur verið unnið, eins og hann sagði, mjög skynsamlega og heilsteypt af hálfu þeirra Vestmanneyinga, og þetta er vissulega mjög sérstakt vandamál, sem þarna er við að glíma. Þetta er dýr framkvæmd, að vísu ekki dýrari en svo út af fyrir sig, að jafnríkur staður og Vestmannaeyjar gæti ráðið við hana. En það breytir ekki því, að það mundi leggja óeðlilegar byrðar á bæjarfélagið. Málið hefur verið nú að undanförnu í rækilegri athugun í félmrn. og fjmrn. og Efnahagsstofnuninni, og ég get fullvissað hann um, að það er fullur áhugi á því, að áður en fjárlagaafgreiðslu lýkur, verði niðurstaða fengin um það, hvað í málinu hefur verið gert, hvort sem menn kunna að vera ánægðir með það eða ekki. Það getur a. m. k. gefið þm. tækifæri til þess að segja um það sínar skoðanir og hreyfa því þá með tillögum, ef þeim finnst það ekki viðunandi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gaf þær upplýsingar í ræðu sinni hér áðan, að 4700 millj. kr. væru 18% af þjóðartekjunum, m. ö. o. að okkar þjóðartekjur væru nú um 26 þús. millj. Ég hafði satt að segja ekki fengið upplýsingar um það, að þær væru orðnar þetta háar, en það er mjög eftirtektarvert, að þegar svo er komið hjá okkur — (Gripið fram í.) Jæja, þá skulum við segja það, að það sé áætlað á næsta ári. Ef við áætlum okkar tekjur á næsta ári 26 milljarða, þýðir það, að það er á hvert mannsbarn í landinu 134 þús. og gefur til kynna, að okkar heildartekjur séu orðnar miklum mun meiri en ég fyrir mitt leyti og þeir, sem ég tala við um þessi mál, hafa fram til þessa reiknað með. Ég verð að segja það, að ef þessar tölur reynast réttar, þá eru þessar upplýsingar einhver sterkustu rök fyrir því, að það þurfi að gerbreyta tekjuskiptingunni hjá þjóðinni, alveg gerbreyta henni. Það er vitanlegt t. d., að Dagsbrúnarmaður, sem vinnur 8 tíma árið um kring, hefur nú, ef hann er í 1. launafl., ekki nema rétt rúmar 100 þús. kr., í 3. og 4. launafl. eru það 110—120 þús. Þetta eru einhver sterkustu rök, sem fram hafa komið fyrir því, að það þurfi að verða verulegar breytingar á því, hvernig þjóðartekjum sé skipt á milli íbúanna. Það er þá mun meira ranglæti í okkar þjóðfélagi hvað tekjuskiptingu snertir heldur en nokkurn hefur yfirleitt grunað, sem hefur þó haft augun sérstaklega opin fyrir þessari þróun. Ég held, að þetta þurfi mjög alvarlega að athuga, ekki síst með til-

liti til þess, sem nú er rætt um t. d. ráðstafanir gegn verðbólgunni, hvaða ráðstafanir þjóðfélagslegar út frá réttlætissjónarmiðum þurfi að gera um leið. Þetta bendir til, að það hljóti að vera, svo að þúsundum skiptir, menn í landinu, sem hafa tekjur, sem eru um milljón og þar yfir á ári, og ákaflega mikill fjöldi milli hálfrar og heillar millj., án þess að þessar tekjur yfirleitt komi fram á skattskýrslum. Enda er það svo í sambandi við þær eignayfirfærslur, sem heyrist talað um nú, að það virðist sýna mikla gloppu í öllu eftirliti hvað skattana snertir. Ég skal aðeins nefna dæmi: Menn, sem hafa engan eignarskatt og það, sem kallað mundi vera vinnukonuútsvar, geta keypt villur, sem kosta 5 millj. kr., og snarað út 5 millj. kr. í reiðufé. Ástandið í okkar þjóðfélagi er þannig, að með þessum gríðarlegu þjóðartekjum er þörfin á nýrri uppskiptingu orðin miklu brýnni og miklu réttlátari en nokkurn, sem yfirleitt hefur viljað að henni vinna, hefur grunað. Ég hafði satt að segja fram á síðustu stundu reiknað með þjóðartekjum, sem væru undir 20 milljörðum. Ef þjóðartekjurnar komast á næsta ári upp í 26 milljarða miðað við það, sem gengið hafði verið út frá að verði nú í ár, og sjálfur hæstv. fjmrh., sem er ákaflega gætinn maður í þessum efnum, getur reiknað með svona tölum, þá er sannarlega þörf fyrir okkur að fara að íhuga ýmsa hluti betur.

Þetta var nú aðeins innskot. Ég ætla ekki að fara út í almennar umræður í sambandi við þetta, heldur aðeins segja nokkur orð um brtt., sem ég flyt á þskj. 113 ásamt hv. 5. þm. Reykn. Það eru ósköp litlar till. og virðast ekki munu valda miklu raski á þessum stóru fjárlögum, sem hér er um að ræða.

Það er í fyrsta lagi till. um, að menntmrh. sé heimilað að ráða til kennslu í háskólanum þrjá háskólakennara í íslenzkri sögu og bókmenntum, það er náttúrlega ekki um að setja ný embætti þar, heldur aðeins að ráða þar í vetur. Ég flutti slíka till. í fyrra, og ég held, að það hafi á vissan hátt mætt nokkrum skilningi, — það hefur komið fram á öðru sviði, — og ég vildi mega vonast til þess, að þetta mætti líka skilningi núna. Sérstaklega legg ég það til, að þessum mönnum sé gefið tækifæri til vísindastarfs á sínum sviðum. Ég tel, að það skipti bæði okkar núverandi öld, sem nokkuð var rætt um í fyrra og við vorum sammála um að væri mjög út undan í öllum vísindalegum rannsóknum, en líka hvað snertir eldri tíma.

Þá legg ég til í öðru lagi, að til þjóðminjasafnsins séu veittar 200 þús. kr. til kvikmyndagerðar til að taka dokumentmyndir, bæði af því, sem er að gerast, og eins af sögulegum minjum. Við höfum hvað eftir annað séð það, hvernig gamlar sögur eða minjar, hús í bæjunum og annað slíkt hverfur, án þess að það meira að segja séu til myndir af því. Með öllum þeim tækjum, sem við höfum í þessum efnum nú, er þetta alveg ófært varðandi þá atvinnuhætti, sem enn viðgangast hjá okkur og við þyrftum að búa til heilar myndir af, sjóróðra upp á gamla mátann, ef það væri hægt enn þá, eða vinnuna í sveitinni og annað slíkt. Þetta eru allt saman atriði, sem þarf að taka filmur af hjá okkur og hverfandi lítið er gert að.

Þá legg ég til í þriðja lagi í sambandi við 14. gr. B, að það séu veittar til viðhalds Viðeyjarstofu 500 þús. kr. Ég vil í því sambandi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., — það þarf ekki endilega að gefa upplýsingar um það nú, það má gera við síðari umr., — mig minnir, að fyrir nokkrum árum, eða kannske bara fyrir 1—2 árum, hafi verið gefin heimild handa ríkisstj. á 22. gr. til kaupa á Viðey. Einhvern tíma, þegar ég var að grennslast eftir þessu, minnir mig, að ég hafi fengið þær upplýsingar, að það hafi verið horfið frá því að reyna slíkt. Ef ég man rétt, þá skildist mér, að það væru svo háar upphæðir, sem þarna væru heimtaðar fyrir, að menn hefðu horfið frá því. Ég skal ekki selja það dýrara en ég keypti, en einhvern tíma hef ég heyrt fleygt upphæð upp á 80 millj. fyrir Viðey. Nú vil ég segja það, ekki síst þegar við vitum, hvað er að gerast hérna í kringum okkur við að kaupa upp lóðir, sem kosta milljónatugi hér í miðbæ Reykjavíkur, að það er að verða gjörsamlega óþolandi ástand í þessum efnum, og það er slæmt, að við skulum ekki hafa fyrir löngu sett verðhækkunarskatt á lóðir, því að við vitum, að öll gildisaukningin í þeim er ekki bara verðbólga, það er líka beinlínis, að aðgerðir hins opinbera, aðferðir þjóðfélagsins skapa þarna verðmæti, sem einstaklingurinn sjálfur hefur ekki gert og á í raun og veru ekki skilið að hafa neitt upp úr. Mér hefur oft dottið það í hug, hvort við gætum ekki komið okkur saman um að setja verðhækkunarskatt. Að vísu veit ég, að ýmsum mundi þykja það að því leyti óréttlátt, að ýmsir, sem selt hafa lóðir, slyppu þó vel, en aðrir, sem hafa ekki selt enn þá lóðir, yrðu verr út úr því. En það verður varla komizt hjá því, að einhvern tíma geríst slíkt óréttlæti í sambandi við, að verið sé að skapa réttlæti gagnvart framtíðinni. Það mætti upp á framtíðina m. a. koma því þannig fyrir, að menn væru látnir meta sínar lóðir nú sjálfir til eignar, til verðs, og það væri skráð í þeirra eignarskattsskýrslum, hvað þeir mætu þær á. Síðan væri keypt á því verði, þegar ríkið vildi kaupa. Þangað til svo yrði gert borga þeir eignarskatt af þessu. Ég skýt þessu fram til athugunar. En eitthvað þarf að fara að gera til þess að hemja þá auðsöfnun, sem skapast fyrirhafnarlaust hjá einstaklingum með því að liggja bara með lóðir. Við skulum bara hugsa okkur, um það bil sem byggð yrði brú út í Viðey, hvað hún mundi hækka, og er það sannarlega ekki framkvæmd, sem viðkomandi eigandi t. d. hafi lagt peninga fram til. En hvað sem það þá snertir allt saman, það á a. m. k. ekki að láta glatast það þjóðminjaverðmæti sem Viðeyjarstofa er. Þess

vegna álít ég, að það þurfi af hálfu ríkisins að taka ákvarðanir um að leggja fram fé til þess að viðhalda henni, þangað til róttækari ráðstafanir eru gerðar.

Þá legg ég það til, og ég stend einn að þeirri till., að í sambandi við 15. gr., þ. e. útgjöldin til kirkjunnar, sé sá liður, sem nú er framlag til byggingar Hallgrímskirkju, um 800 þús., orðaður eins og þar stendur: „Til þjóðkirkju Íslands til þess að líkna hungruðum og þjáðum þar í heimi, sem biskup landsins álitur þörfina mesta.“ Ég verð að segja það, að þessi bygging Hallgrímskirkju er í mínum augum eitthvert leiðinlegasta dæmið um spillingu í kristnum sið á Íslandi. Ég held það sé varla nokkur hlutur, sem ber annan eins vott um þá sýndarmennsku, sem er að gagnsýra okkar þjóðfélag og kirkjan alveg sérstaklega hefur smitazt af. Það eiga sér stað hörmungar úti um heim, eins og oft hefur verið áður og ekki síður nú, og það er eftirtektarvert t. d., að ekki hvað sízt á Norðurlöndum og ekki hvað sízt hjá æskunni er athyglinni meira beint nú t. d. á öllum Norðurlöndum að því, sem er að gerast í þeim hluta heimsins, sem hungrar, heldur en því, sem er að gerast í löndunum sjálfum. Í sambandi við æskulýðshreyfingu, t. d. í Svíþjóð, og ekki sízt í sambandi við verkalýðshreyfinguna, þá er áhuginn fyrir því, sem er að gerast, og fyrir því, hvernig því fólki líður, sem á um sárt að binda í vanþróuðum löndum, ég tala nú ekki um í þeim löndum, sem þar að auki er styrjöld í, — þá er áhuginn fyrir því að líkna á einhvern máta, hjálpa á einhvern máta og annað slíkt meiri en fyrir sjálfri kjarabaráttunni í viðkomandi löndum. 1. maí t. d. í Svíþjóð var fyrst og fremst helgaður þessari baráttu frekar en kjarabaráttu verkalýðsins sjálfs. Við hér heima höfum því miður verið aftur úr í þessum efnum, og ég sé ekki, að hin evangelíska lúterska kirkja hér á Íslandi hafi verið þar öðruvísi en aðrir. Til allrar hamingju hefur einmitt æskulýðurinn hér á Íslandi og það æskulýðssamtökin, bæði í pólitískum flokkum og fleirum, sýnt þar lofsverðan árangur. Þegar verið er að gera annað eins og byggingu þessarar Hallgrímskirkju, sem auðsjáanlega ruglar öllum þeim hlutföllum, sem verið hafa í allri byggingu í Reykjavík til þessa og verður dæmi um smekkleysu, sem menn koma til með að líða undir í framtíðinni, ef þetta verk kemur til með að halda áfram, þá held ég það mætti gjarnan draga upp þá mynd frammi fyrir kristinni kirkju, hvort er nær þeim anda, sem hún þykist vera fulltrúi fyrir, að kasta peningum í svona steinbákn til að sýnast voldugur eða verja fé til að reyna að líkna þeim, sem þjáðir eru. Ég held það væri rétt, að Alþ. léti þjóðkirkju Íslands fá að vita af skoðun sinni í þesum málum. Alþ. leggur fram fé til kirkjubyggingasjóðs, þ. e. óskert, ef ég man rétt, ég man ekki hvað það er, 1½ millj., og ég sé ekki, að það liggi meira á kirkjubyggingum hér á Íslandi en svo, að það sé alveg nægilegt í bili. Enn sem komið er er það svo, að fegurstu kirkjurnar, sem við eigum, eru gamlar torfkirkjur. Meðan við höfum ekki lært að gera öllu betur í kirkjubyggingum, held ég við eigum að taka þetta alveg rólega, og sérstaklega ekki gera það, sem væri í senn alveg í mótsetningu við alla kristna siðfræði, en yrði um leið til stórlýta á höfuðborg landsins, ef haldið yrði áfram eins og nú er gert.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var eingöngu vegna fyrirspurnar hv. 3. þm. Reykv. um Viðeyjarstofu, sem ég kvaddi mér hljóðs. Það er rétt, að heimild hefur verið til þess að festa kaup á Viðey eða fyrst og fremst Viðeyjarstofu, sem að sjálfsögðu er áhugaefni manna að vernda. Ég skal ekki rekja þá sögu, það hefur verið dálítið erfitt að leysa þann hnút, en nú er málið komið í þann farveg, að það má sjá fyrir endann á því, þannig að það hefur orðið samkomulag á þann hátt, að gefinn er kostur á að kaupa Viðeyjarstofu og vissa landræmu þar, sem þýðingu hefur í þessu sambandi, ekki alla eyna, sem ríkið hefur ekki talið ástæðu til að kaupa, en samkomulagið byggist á því, að það fari fram mat. Hvort að lokum mönnum þykir, að þar sé um slíka upphæð að ræða, að það þyki ekki ráðlegt, skal ég ekkert um segja. En við skulum vona, að það verði ekki. Út af fyrir sig er ekki ástæða til að halda, að Viðey sem slík, verðgildi hennar sé neitt í samræmi við lóðaverð hér í miðbænum.

Að öðru leyti vil ég þó aðeins undir það taka, að það eru vissulega mörg rök í því, sem hv. þm. sagði, að það væri ástæða til að leggja á verðaukaskatt, vegna þess að verðmæti eigna, sem koma til verðaukningar eingöngu vegna aðgerða þjóðfélagsins, eru auðvitað út af fyrir sig atriði, sem er eðlilegt að taka til athugunar. Það er meira mál en svo, að ég vilji út í það fara, en það er vissulega rétt hjá hv. þm., að það er mikið vandamál í vissum tilfellum að tryggja jafnvel slíka höfuðverðmuni þjóðernislega séð og menningarlega, einmitt af þessum ástæðum. Við skulum vona, að það fáist á þessu viðhlítandi niðurstaða og að þetta mat verði ekki hærra en svo, að mönnum þyki möguleiki að ráðast í þessa framkvæmd, sem vissulega er mjög þjóðnýt.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það eru nokkur atriði úr ræðu hæstv. fjmrh., sem ég þarf að gera aths. við. Út af stóryrðum þeim, sem hann viðhafði í ræðu sinni hér áðan um endemi, rangfærslur, ósköp og að koma illu af stað, vil ég segja það, að í ræðu minni var ekkert af þessum orðum. Ég þurfti ekki til þeirra að grípa, vegna þess að sá málstaður, sem ég talaði fyrir og ræddi um, nægði til að ræða það, sem þar var um að ræða, en stóryrðin þurfti þar ekki. Það er ekki heldur mín sök, þó að hæstv. fjmrh. komi í hug orð eins og endemi og hann standi undrandi, þegar lýst er rétt fyrirheitum stjórnarliða og framkvæmdum þeirra á þessum fyrir-

heitum. Ég á ekki sök á því, hvorki á fyrirheitunum né framkvæmdinni, og þess vegna er það alveg laust við mig. Hæstv. fjmrh. vék hér að vegamálunum og 47 millj. kr. úr ríkissjóði, sem vantaði á fjárlög yfirstandandi árs og vantar á fjárlagafrv. næsta ár. Hann taldi sig ekki vita um fyrirheit samgmrh. þar um. Það má þó öllum ljóst vera, sem vilja kynna sér málið. Um það eru óyggjandi sannindi í þingtíðindum, sem ég vitnaði til hér áðan. Það breytir engu um þetta atriði, þó að málið nú sé til athugunar, eins og hæstv. fjmrh. vék að. Hæstv. samgmrh. reyndi að skjóta sér undan því í fyrra, að málinu yrði bjargað með nýjum athugunum, en það er ekki að veita fé á fjárlögum, þó að nýr tekjustofn verði fundinn. Ef verður horfið að því ráði að veita fé á fjárlögum aftur, 47 millj. kr., er staðið við það, sem samið var um, en öðruvísi ekki.

Hæstv. ráðh. vék að því, að ég mundi vera fjármálaráðherraefni Framsfl., og fannst honum það ekki álitlegt. Það hefur verið venja þeirra hæstv. ráðh., að inntakið úr ræðum þeirra hefur venjulega verið þetta tvennt: Ykkur langar í stólinn minn. Það er aðeins ein leið til í hverju máli. — Það má vel vera, að hæstv. ráðh. hafi ekki litizt á þá efnahagsmálastefnu eða þá fjármálapólitík, sem honum fannst hann finna út úr ræðu minni. En eitt vil ég segja þessum hæstv. ráðh. í sambandi við þetta, að ég treysti því, að næsti fjmrh. og næsta ríkisstj. átti sig á því, að það eru til fleiri en ein leið í hverju máli. Og þegar ríkisstj. er farin að framkvæma eina leið og sér, að hún misheppnast, eins og ég sýndi fram á með rökum, að efnahagsmálaráðstafanir ríkisstj. hefðu gert, á hún að átta sig á því, að þær hafa mistekizt og að það þarf að finna aðrar leiðir.

Ég vil minna á ræðu hæstv. forsrh. á flokksráðsfundinum. Þar var hann farinn að velta því fyrir sér eins og mörgu fleira í þeirri ræðu, hvort það gæti verið, að það ættu ekki við sömu leiðir í efnahagsmálum hér á landi og annars staðar. Það hefði verið nauðsyn, að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. og ríkisstj. yfirleitt hefði gert sér grein fyrir því, að stefna hennar í efnahagsmálum hefur mistekizt, og um þessa einu leið, sem hún taldi sig eygja, hefði verið fullkomin ástæða til að gera tilraun til að leita eftir því, hvort það væri ekki önnur leið til.

Þá kom hæstv. fjmrh. að því, sem ég sagði hér í sambandi við undirbúning fjárlagafrv. Taldi hann, að ég hefði sveigt þar óeðlilega að hagsýslugerðinni, og þar hefði enginn verið að sveigja neitt að embættismönnum þeim, sem hefðu starfað að fjárlagaundirbúningnum. Hvað gerði hæstv. fjmrh. í ræðunni hér áðan, þegar hann talaði um fjárveitingar til embætta? Hann sagði, að þær væru nú raunhæfari, og að skera niður út í bláinn, það væri engin skynsemi í slíkum vinnubrögðum, en það voru vinnubrögðin, sem hæstv. fjmrh. beindi orðum sínum að, að áður hefðu verið viðhöfð. Það var skorið niður út í bláinn. Það var engin skynsemi í slíkum vinnubrögðum. Og svo er ekki verið að sveigja að neinum, þó að sagt sé, að þeir viðhafi slík vinnubrögð við undirbúning á fjárlögum ríkisins að skera þau niður út í bláinn, alveg án tillits til þess, hvort þau eru raunhæf eða ekki. Þetta segi ég, að sé að sveigja að mönnum.

Þá var það hagsýslan. Hæstv. ráðh. taldi, að hún hefði leitt til bættra vinnubragða. Gott væri, ef svo mundi reynast og áætlanir nú væru raunhæfari en áður Ég vil endurtaka, að það er ofrausn, það er ekki rétt stefna að veita hverju embættinu é fætur öðru 30—40 og jafnvel upp í 50% hækkun. Ef það á að gera, er ekki hægt að neita um framlög til nauðsynlegra verkefna, eins og hér hefur verið drepið á, ef ríkið hefur efni á því að vera rausnarlegt. Ég er líka sannfærður um, að þessi rausn þeirra mun ekki leiða til minni eyðslu hjá þessum embættum, nema síður sé. Þeir þurfa að sækja minna undir ráðuneytin til þess að eyða háum fjárhæðum en áður hefur verið, og ég er sannfærður um, að það hefur dregið úr rekstrarkostnaði hjá embættunum einmitt það, þegar fjárveitingarnar hafa verið þannig, að þau hafa orðið að sækja undir ráðuneytin. Hitt er svo annað mál, að í sambandi við fyrri áætlanir, þó að nokkuð rétt hafi verið áætlað, þá hefur verðlagið í landinu haft áhrif þar eins og á annað og breytt auðvitað áætlun. En það hefur verið reglan hjá ríkisstj. og þeim, sem hafa undirbúið þetta, að ganga ekki of langt í fjárveitingum til embætta og starfshópa. Það má vel vera, að þessi hagsýsla reynist vel, ég skal ekkert um það segja. Hitt er jafnrétt, að tekjuskatturinn gleymdist úr áætluninni, þó að hann fyndist í lokin. En hvernig fannst hann? Hann fannst þannig, að Efnahagsstofnunin gerði nýja áætlun, sú áætlun varð 47 millj. kr. hærri en sú, sem fjárlagafrv. byggði á, 7 fóru inn á fjárlagafrv., en hinar féllu í gleymskuna. Það þýðir ekkert á móti að mæla, enda fékk ég þessar upplýsingar í fjvn. Það er líka rétt, að niðurgreiðslurnar voru 508 millj., áður en haustniðurgreiðslurnar komu til. Ég óskaði eftir því við hagsýslustjóra að fá upplýsingar um niðurgreiðslurnar, eins og nú væri áætlað, og fékk á mánudagsmorgun bréf frá honum um það, að þær lægju ekki fyrir. Ég frétti af því á laugardaginn, að hann lægi veikur, svo að ég hringdi í hagstofustjóra og bað um þetta og og fékk þær allar tafarlaust, þ. á m. það, að 508 millj. voru það, sem var ákveðið fyrir septemberhækkunina. Hitt er viðbótin. Þetta er augljóst mál, og við þurfum ekkert að deila um það. Þetta vitum við, sem nú erum í fjvn., og það var ekkert leyndarmál. En eins og ég sagði áðan, segir þetta ekkert um það, að þessum mönnum geti ekki tekizt, þó að viss yfirsjón eigi sér stað í byrjun starfs. Hitt sýnist mér, að hér eigi að fara að sem fyrr, að það eigi að vera sama auglýsingaskrumið og hefur verið hjá hæstv. ríkisstj. um sparnað, hagsýslu og annað því um líkt. Það hafa verið

hennar ær og kýr, en framkvæmdin hefur svo orðið eins og ég hef lýst.

Í framhaldi af þessu vil ég svo koma að sparnaðarliðunum. Hæstv. fjmrh. sagði, að það þýddi ekkert að vera að tala um sparnað út í hött, það yrði að vera raunhæft, og þetta hefði verið ábending. Nú vil ég, með leyfi hæstv. forseta, kveðja til eitt vitni og jafnvel minna hæstv. ráðh. á það, að þeir eru ekki að byrja í ríkisstjórn núna. Þetta er ekki fyrsta fjárlagafrv., sem þeir sjálfstæðismenn semja. Þeir hafa samið fjárlagafrv. fyrr, og þeir geta ekki alltaf búizt við því, þeir hæstv. ríkisstjórnarherrar, að þeir geti komið hér á hv. Alþ. eða í ræðum og riti, talað um sparnað, hagsýslu og annað því um líkt og haft framkvæmdirnar svo eins og raun ber vitni um.

Nú ætla ég að leiða eitt vitni enn til sönnunar um það, að það var gefið fyrirheit um rækilega endurskoðun á fjármálakerfi ríkisins. Það þótti þörf á því, þegar Framsfl. fór úr ríkisstjórn. Og það var ekki litið á verkefni, sem þá blöstu við, með neinum Framsóknargleraugum, og það voru ekki heldur gefin fyrirheit eftir neinum Framsóknarkokkabókum. Og nú ætla ég að lesa hér úr nál frá meiri hl. fjvn. um fjárlög ársins 1960. Undir það nál. skrifa, með leyfi hæstv. forseta, Magnús Jónsson, formaður og frsm., Birgir Finnsson, Guðlaugur Gíslason, Jónas G. Rafnar og Jón Árnason. Og nú vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér ályktunargrein, sem er tekin úr síðasta kafla úr þessu almenna yfirliti. Þar segir svo:

„Það er álit meiri hl. n., að við undirbúning næstu fjárlaga verði að framkvæma slíka heildarathugun ríkisútgjalda og gera allar tiltækilegar ráðstafanir til sparnaðar. Till. um það efni verða ekki fram bornar án rækilegrar athugunar og undirbúnings, sem fjvn. er ekki unnt að framkvæma á fáum vikum. Því miður hafa flestar sparnaðarráðstafanir á undanförnum árum ekki borið mikinn árangur, og er því mikilvægt, að málið verði nú tekið föstum tökum og raunhæfar sparnaðarráðstafanir gerðar. Tekur meiri hl. n. undir ummæli fjmrh. í framsöguræðu hans fyrir fjárlagafrv. og væntir þess fastlega, að næsta fjárlagafrv. beri þess merki, að verulegur árangur hafi orðið af viðleitni fjmrh. í þessu efni."

Þetta var árið 1960, sem þessi yfirlýsing var gefin. Og nál., sem ég las úr hér í dag, þar sem talin voru upp sparnaðarfyrirheitin, var nál., sem kom, eftir að heildarathugun hafði verið gerð með sparnað fyrir augum. Það var nál., sem kom 1961. Þá voru þeir búnir að hafa tíma til að gera heildarathugun á fjárlögum ríkisins til þess að miða sparnaðartill. við raunhæfar till. Þá voru gefnar yfirlýsingar, fyrirheitin um 29 atriðin í fjárveitinganefndarálitinu, og ráðh. bætti svo 30 við fyrsta árið og annað árið. Og svo er hæstv. fjmrh., Magnús Jónsson, undrandi yfir því, að stjórnarandstaðan skuli leyfa sér að fetta fingur út í þessi vinnubrögð. Það er bara með endemum að ganga að slíkum verkum, telur ráðh. Er það með endemum, segi ég, að gagnrýna slík fyrirheit? Hvað má þá segja um þá, sem gáfu fyrirheitin, sem ekkert hefur orðið úr?

Hæstv. ráðh. sagði, að skattstofurnar hefðu orðið mikið til bóta og ég hefði sem sveitarstjóri rekið þar eftir verkum. Það er rétt, enda hefur ekki af veitt. Var það Framsfl. eða ég, sem lýsti því yfir hér á hv. Alþingi, að breytingin á skattakerfinu yrði til sparnaðar? Hæstv. fjmrh. ætti að glugga í tvær fyrstu fjárlagaræður fyrirrennara síns, vita, hvaðan fyrirheitin um sparnað á skattakerfinu eru komin. Ég var ekki að ræða um breytinguna á skattakerfinu hér í dag. Ég var að sýna, hvernig fyrirheitin um sparnað af breytingunni hefðu orðið, 360% hækkun. Það er þetta, sem ég var að ræða um. Mér var það ljóst þá í upphafi, að þetta mundi ekki leiða til sparnaðar. Hitt gat vel verið, að þetta yrði til þess að gera skattaeftirlitið í landinu betra. Því miður hef ég einnig orðið fyrir vonbrigðum þar. Sú reynsla, sem ég hef af framkvæmd skattalaganna, er ekki svo góð, að þetta kerfi hafi skapað trú hjá mér, þó að ég vilji ekki segja, að það sé forkastanlegt. En við verðum bara að gera okkur grein fyrir því, að þegar ríkisstj. slær um sig með slíkum fyrirheitum, verður hún einnig að sæta gagnrýni fyrir það, þegar það gengur á annan veg.

Ég minnist þess einnig, að þegar Gjaldheimtan var boðuð, átti það að vera mikill sparnaður við tollstjóraembættið. Raunin er svo önnur. Það hefur hækkað á milli 300 og 400% kostnaðurinn við það embætti. Það er ekki dómur minn um þessa stofnun, sem um er að ræða, heldur fyrirheitin og yfirlýsingarnar.

Ég minnist þess einnig, að hæstv. fjmrh. og utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, sagði hér á hv. Alþingi, þegar var verið að afgreiða fjárlögin 1959, að það mætti mikið spara í ríkisbákninu. Ég minnist þess líka, að hann talaði um að leggja niður sendiráð á Norðurlöndum. Þessi hæstv. ráðh. sat hér lengi í ríkisstj. Þið sjáið, hvernig hefur verið sparað í ríkisbákninu, hvernig hefur verið framkvæmd á utanríkismálunum undir hans stjórn. Þeir, sem slá slíku fram, eins og hefur verið gert af hæstv. stjórnarliðum oft og mörgum sinnum, verða einnig að þola, að það sé gagnrýnt af öðrum. Það var ekki heldur yfirlýsing Framsfl. um það að halda dýrtíðinni í skefjum án nýrra skatta. Það er hægt að finna í ræðu, sem Emil Jónsson, hæstv. utanrrh., flutti í útvarpið fyrir kosningarnar 1959. Í lok þeirrar ræðu hygg ég, að þar standi: „Fyrirheitin, það eru þau, sem ég er að ræða um, og framkvæmdirnar." Það er þetta, sem ég gagnrýni, að slá slíku fram, án þess að nokkuð verði úr.

Þá kom hæstv. fjmrh. að því, að ég hefði tekið mikið í fang, er ég fór að reyna að gera mig góðan í augum lækna og verkfræðinga. Svo er nú það. En hvað sem hæstv. ráðh. kann um það að segja, er staðreyndin þessi, að hæstv. ríkisstj. er búin að vera nokkur ár í stríði við þessar stéttir. Hún fór með brbl. og bönnum að verkfræðingunum og ætlar að taka

læknana sömu tökum. Niðurstaðan er sú, að hæstv. ríkisstj. er búin að tapa fyrir báðum þessum aðilum. Það er líka jafnvíst, að menningarþjóðfélag þarf að eiga gott samstarf við slíkar stéttir, en ekki að vera í stríði. Og það er líka staðreynd, að nú er svo komið í læknaskipunarmálum hér á landi, að til stórra vandræða horfir. Enginn vafi er á því, að þetta stríð hæstv. ríkisstj. við þessa menn hefur leitt til þess, að það er verra nú en fyrr að leysa þau á skynsamlegan hátt. Þeir ætluðu að beita valdinu, hæstv. ríkisstj., og sýna, hvað þeir gætu við þá stóru, en töpuðu svo herfilega, að þeir lýsa sjálfir yfir, að þeir hafi gert nauðungarsamninga. Það má vel vera, að það mætti segja, að svona karlar eins og ég, sem ekki hafa komið í háskóla, ættu ekki að vera að tala um þetta. En háskólamönnunum mistókst þessi leikur og standa nú uppi eins og glópar. Það er dýrt fyrir þjóðina. Og þeir bæta ekki sinn hag, þótt þeir reyni að slá því fram, að þessi eða hinn kunni þar ekki mikið til verka, því að þeirra verklag hefur a. m. k. ekki mikið dugað.

Þá kom hæstv. fjmrh. að því, að menn hefðu misskilið grg. fyrir fjárlagafrv., þar sem hæstv. fjmrh. lýsti því yfir, að hann hefði engin tök á fjármálum ríkisins og vissi í raun og veru ekki neitt um það. Hæstv. ráðh. sagði og vitnaði þar í orð Sókratesar, að menn áttuðu sig á því, þegar þeir væru vitrir og hefðu aflað sér mikillar þekkingar, hvað þeir vissu lítið, og auðvitað átti ég að vita lítið og þess vegna væri ég að gagnrýna þá. En man ekki hæstv. ráðh. eftir því, að þeir eru búnir að sitja í ríkisstjórn í fjmrh.-embættinu í sjö ár. Hvað hafa aumingja mennirnir verið að gera? Er það núna fyrst, af því að þeir fá ungan mann sér til hjálpar, að þeir eru pínulítið að átta sig á því, hvað þeir áttu að gera fyrir 7 árum? Hvað var um heildarendurskoðunina með sparnaðinn fyrir augum og allt þetta raunhæfa, ef það hefur allt gleymzt? Hæstv. ráðh. verður bara að gera ráð fyrir því, að ég reiknaði með, að eitthvað af því, sem þeir hefðu sagt hér á hv. Alþingi, tækju þeir alvarlega og reyndu að framkvæma það og m. a. að kynna sér, hvernig rekstri ríkisins væri fyrir komið, hvar væri þörf á fjárveitingu, eins og hv. þm. Geir Gunnarsson sagði áðan, að þeir áttuðu sig kannske á því, að það þyrftu ekki tveir bílar að fara suður í Hafnarfjörð, þegar einn gæti nægt. En ég held, að það sé bara einn suður í Hafnarfjörð núna, af því að það er ekki nema einn ráðh. þar. Ég held, að breytingin sé ekki fólgin í öðru þrátt fyrir hagsýsluna, — hinn er kominn til London. Það er erfitt að senda bíl þangað eftir honum.

Ég hef reiknað með því, að þegar þessir hæstv. herrar gefa slíkar yfirlýsingar hér á hv. Alþ., megi eitthvað taka tillit til þeirra. Og ef ég er eitthvað sekur í sambandi við þetta, þá er það af því, að ég þekki málið ekki. Ég hafði ekki áttað mig á því, að allar yfirlýsingarnar, allt talið um sparnaðinn, heildarendurskoðunina og bætt vinnubrögð, það var ekki nokkur hugsun á bak við það að framkvæma það. Ég bara ætla ekki mönnum slíkt, og ég var þess vegna undrandi, þegar ég sá það í fjárlagafrv. í haust, að hæstv. fjmrh. lýsti þessu yfir. Ég sagði það hér við 1. umr., að ég hefði ætlað honum annan og betri hlut. Og ég er ekki enn þá farinn að átta mig á þessu. En fyrst hæstv. ráðherra gerir sig ánægðan með þetta, þá get ég ekki verið að taka af honum ómakið eða bera af honum blak í sambandi við það. En svona vinnubrögð kann ég ekki að meta, og þau eru fyrir ofan eða neðan þann skilning eða þá vinnutilhögun, sem ég hef tileinkað mér. Og það er engum sómi að því að haga þannig sínum vinnubrögðum.

Þá kom hæstv. ráðh. að því, að ég hafi ekki verið réttlátur í dómum, þegar ég sagði, að fjárl. væru verðbólgufjárlög. Í því sambandi fór hæstv. ráðherra að vitna í fjárlögin frá 1958, sem hafa verið óskabarn eins og margt annað frá því ári, og vildi þá tileinka sér það, að ríkissjóðurinn hafi verið í tvennu lagi, útflutningssjóðurinn hefði tilheyrt ríkissjóðnum einnig. Nú er það á allra vitorði, að með gengisbreytingunni 1960 var hlutverki útflutningssjóðsins lokið. Hlutverk útflutningssjóðsins var að bæta útflutningsframleiðslunni það, að rétt skráning var ekki á genginu. Þetta var á allra vitorði. Og nú ætla ég að leiða enn eitt vitni og það er „Viðreisn", en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, neðst á bls. 31: „Hrein útgjaldaaukning ríkissjóðs vegna afnáms útflutningssjóðs nemur því 113 millj. kr." Þetta eru staðreyndir. Það var sá hluti af niðurgreiðslu, sem greiddur var úr útflutningssjóði umfram það, sem ríkissjóður lagði þeim sjóði til. Þess vegna hefur afnám útflutningssjóðs aldrei haft önnur áhrif á afkomu ríkissjóðs en hér er frá sagt. Og við skulum halda okkur við staðreyndirnar, og þá eru þær þessar. Ég hef t. d. ekki heldur í mínum ræðum eða við í okkar nál. lagt vegasjóðinn við ríkissjóðinn, þó að það hefði verið miklu meiri ástæða til þess, vegna þess að fjárveiting til vegamálanna var öll inni á fjárlögunum 1958, en ekki nú. Það hefði mátt gera með miklu betri samvizku. Samt hef ég ekki gert það, enda ekki verið þörf á því. En þess vegna er þetta alveg fráleitt.

Það, sem ég hef haldið fram í sambandi við fjárlögin og hækkun þeirra, er einmitt það, að það sé dýrtíðin og verðbólgan, sem hafi verið völd að því fyrst og fremst, hvað fjárlögin eru há. Ég hef rökstutt þetta með því að benda á dæmi um það, hvað rekstrarkostnaðurinn hefur hækkað, hvað miklu er varið nú til niðurgreiðslna, sem ekki var, og að hluti af fjölskyldubótum, sem upp voru teknar 1960, tilheyrðu líka niðurgreiðslum, því að þær eru látnar verka á vísitöluna og lækka þannig kaupgjaldið. Þetta hef ég talið sönnun þess, að verðbólga hafi ráðið mestu um í efnahagskerfinu og í fjármálum ríkisins. Og nú ætla ég að vekja athygli á einu, og það er í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan. Hann fór að gera grein

fyrir hækkununum frá yfirstandandi fjárlögum til næstu fjárlaga. Hvaða liðir voru það, sem hæstv. ráðh. sagði að tækju þar aðalhækkunina? Það var hærra kaup. Það var það, sem ég sagði, hærri rekstrarkostnaður. Það voru tryggingar, hluti af fjölskyldubótunum. Það voru niðurgreiðslur. Þetta er það, sem ég hélt fram í minni ræðu og við höldum fram í okkar nál., að það setji svip sinn á fjárlögin. Þess vegna segi ég enn og aftur: Það er verðbólgan og hin ranga stjórnarstefna, sem hér er að verki.

Þá vildi hæstv. ráðh. líka halda því fram, að það væri ekki vel með mál farið að segja, að þetta fjárlagafrv. byggðist á, að verðbólga héldist. En hvað sagði hæstv. ráðh. í ræðunni hér áðan? Hann sagði: Ef tekizt hefði að stöðva verðbólguna á þessu ári, hefðu ekki verið þessar auknu tekjur hjá ríkissjóði, sem nú eru. — Það er nákvæmlega þetta, sem ég held fram. Ég segi: Verðbólguspennan verður að haldast á árinu 1967, til þess að ríkissjóður geti fengið þær tekjur, sem ætlazt er til. En ég held því fram, að það verði að vera meiri spenna á næsta ári en er núna, vegna þess að það er gert ráð fyrir hærri tekjum. Það verður sem sagt að halda áfram að flytja inn fleiri tertubotna, fleiri kexkassa, að ég tali nú ekki um bíla. Þetta er það, sem ég hef haldið fram og við í okkar nál., og þetta staðfesti ráðherrann með því að segja: Ef verðstöðvun hefði átt sér stað á þessu ári, hefðu umframtekjur ríkissjóðs ekki reynzt eins miklar. Ég þarf ekki að vera óánægður með þennan dóm og þakka hæstv. ráðh. fyrir.

Þá kom hæstv. ráðh. að framkvæmdum á vegum ríkisins og sérstaklega skólabyggingunum. Hann lét illa af undirbúningi þeirra og taldi, að þörf væri á því, að betur væri hagnýtt það fé, sem væri til framkvæmda á vegum ríkissjóðs. Ekki vil ég draga það í efa, og ég sá í fjárlagaræðunni, að hann hafði lýst þessu mjög sterklega. En gleymir hæstv. ráðh. því alltaf, að þeir hafa setið í ríkisstj. og stutt ríkisstj. síðan rétt fyrir jólin 1958? Gleymir hæstv. ráðh. því, að menntmrh. er búinn að sitja í ríkisstj. í rúman áratug? Hver átti að lagfæra þetta og leysa þessi verkefni? Hverjum var það skyldara en hæstv. ríkisstj.? Er það þá ekki hæstv. ríkisstj. og hennar framkvæmdalið, sem hefur sofið á verðinum? Það er alltaf verið að bæta við eftirlitsmanni á eftirlitsmann ofan í sambandi við skólabyggingarnar. Hvað er allt þetta lið að gera? Ég spyr. Og dettur hæstv. ráðh. í hug, að það sé hægt að skella skuldinni á stjórnarandstöðu fyrir svona framkvæmd á málum, sem ríkisstj. tilheyra? Nei, þetta er eitt af verkefnunum, sem hæstv. ríkisstj. átti að leysa, og ég er sannfærður um það, að ef við stjórnarandstæðingar hefðum tekið kaflann úr ræðu hæstv. fjmrh., sem hann flutti hér við 1. umr. þessa fjárlagafrv., og lýst, hvernig unnið væri að þessum málum, hefði verið talað um ábyrgðarleysi og ósanngirni af okkar hálfu. Nei, hæstv. ríkisstj. verður að muna það, að hún er búin að sitja það lengi á valdastóli hér, að ef hún er með slíkar ásakanir, hittir hún sjálfa sig fyrir.

Hæstv. ráðh. sagði, að Efnahagsstofnunin hefði unnið mikið og þarft verk. Ekki skal ég nú reyna að fara að bera á móti því. Til þess brestur mig kunnugleik, því að mikið af störfum hennar er unnið þannig, að við úr stjórnarandstöðu höfum þar takmarkaðan aðgang að. Hinu get ég ekki neitað, að mér kom í hug, að fyrst ástandið í atvinnumálunum er nú eins og lýst hefur verið og hæstv. forsrh. lýsir því yfir, að hann sé að gera neyðarráðstafanir til bráðabirgða, og þetta gerist þrátt fyrir allt góðæri undanfarinna ára og þrátt fyrir öll ráðin frá Efnahagsstofnuninni, hvernig halda þá hv. þm., að þessi hæstv. ríkisstj. hefði dugað á kreppuárunum? Hvernig haldið þið, að hæstv. ríkisstj. hefði dugað, þegar saltfiskmarkaðurinn hrundi og bókstaflega hrundu þeir markaðir, sem útflutningsvörur okkar voru seldar á? Eftir allt góða starfið hjá Efnahagsstofnuninni, öll ráðin og alla sérfræðina plús góðærið stöndum við í þessum vanda. Ég verð að endurtaka það, að það er mikið gáleysi hjá hæstv. ríkisstj., að málefnum þjóðarinnar skuli ekki vera betur komið en raun ber vitni um, þegar svo hefur verið að henni búið og hún hefur haft slíka ágætisstofnun sér við hlið.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði látið liggja að því, að hæstv. ríkisstj. hefði verið einhver dauð hönd á atvinnuvegunum í landinu. Ég vil endurtaka það, sem ég var að segja, að undanfarandi ár hafa verið mikil góðæri. Ég sýndi fram á það í ræðu minni hér í dag, að fiskaflinn í landinu hafði meira en tvöfaldazt síðan 1958. Ég sýndi einnig fram á það, og það er ekki um deilt, að þessi afli hefur selzt fyrir betra verð en nokkru sinni fyrr og allt hefur selzt, sem á land hefur komið, og það er ekki fyrr en seint á þessu ári, að á því hefur orðið breyting. Ég vil líka minna hæstv. ráðh. á það, að það voru ekki framsóknarmenn, sem auglýstu það í Morgunblaðinu, að þjóðin stæði á vegamótum velgengni og vandræða. Það var hæstv. forsrh., sem ætlaði að fara að tala fyrir sínu liði og hafði þessa yfirskrift fyrir fundarboð. Ef hér hefur verið ofsagt, er það hæstv. ráðh. og þeir, sem auglýstu fundinn, sem þannig hafa haldið á málum. Þetta eru ekki okkar orð, heldur þeirra. En hvernig er svo ástandið? Hvað segja menn um togaraflotann? Hver er endurnýjun hans á þessum síðustu árum? Það eitt er nú þar um talað annaðhvort að leggja hann niður eða hleypa honum inn í landhelgina. Það er algert ráðleysi. Það vakti athygli um daginn, að einn útgerðarmaður kom í útvarpið og talaði um þessi mál, og þá sögðu menn: Hann talar hressilega. Þetta er eins og hjá mönnum, sem vilja bjarga sér, en ekki vandræðaúrtölurnar, sem koma frá hæstv. ríkisstj. Hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert fyrir bátaflotann, sem nefnd var skipuð í í fyrra? Ég spyr. Það er ekki ljóst enn þá. Hvað hefur verið gert fyrir frystihúsin? Af hverju lokar sænska frysti-

húsið í slíku árferði eins og þessu? Það verður að gefa skýringu á þessum hlutum. Það er ekki hægt að afgreiða þetta einfaldlega með því, að stjórnarandstaðan taki nú svona á þessu.

Á kreppuárunum, þegar úrræði íslenzku þjóðarinnar voru lítil og möguleikar í fjármálum minni, — úrræðin voru náttúrlega nokkur, en möguleikarnir í fjármálum voru litlir, — þá höfðu menn dug til þess að leita eftir nýjum leiðum og komast þannig út úr vandanum. Nú eru vangaveltur um, að ef við ætlum að vera sjálfstæð þjóð, verði menn að taka kostnaðinn af því. Ef menn ætla að reka landbúnað, verða menn að taka kostnaðinn af honum og borga vörurnar dýrari. Ef menn vilja hafa iðnaðinn í landinu, verða þeir að taka þann kostnað, sem því fylgir. Og þannig eru vangavelturnar hjá hæstv. ríkisstj., og kannske passa ekki efnahagsráðstafanir hér á landi, þær sem öðrum þjóðum henta. En að hæstv. ríkisstj. leggi út í raunhæfar aðgerðir, er fjarri öllu. Og svo kemur verðstöðvunin. Hana á að gera með því að borga nokkur hundruð millj., af því að tertubotnarnir hafa flutzt vel inn í ár og hefur verið kaupgeta til að kaupa þetta. Og staðreyndin er sú, að það er ekki nokkur leið að halda þessu áfram, nema verðbólgan haldi áfram líka, innflutningurinn flæði inn og kaupgetan leyfi það að greiða þetta aftur.

Hæstv. fjmrh. sló varnagla áðan í sambandi við dýrtíðina. Hann sagði um framtíðarlausn á þeim málum: Það er ómögulegt að segja, hvernig ástandið verður eftir kosningar. Það getur orðið breytt. Jú, það vitum við, það verður breytt. Við vitum það, að það vantar að segja hlutina eins og þeir eru. 1959 var ríkisstj. ljóst, að það varð að breyta skráningu á gengi krónunnar. Ég er sannfærður um það, að hæstv. ríkisstj. er það einnig nú. En slíkt skipbrot má ekki segja þjóðinni fyrir kosningar. Viðreisninni verður að reyna að halda á floti, hvernig sem það er framkvæmanlegt, og meðan aurarnir eru til í kassanum, á að gera það með þeim.

Hæstv. fjmrh. var að tala um það, að vinstri stjórnin hefði gefizt upp við að leysa vandann. Þetta hefur heyrzt fyrr, og það hefur oft verið skýrt frá því af hendi þeirra manna, hver var ástæðan fyrir því, að sú stjórn sat ekki lengur en raun ber vitni um. Það var sem sagt sjónarmið þeirrar ríkisstj., að hún mætti ekki sitja lengur en hún hefði vald á þeim verkefnum, sem hún ætlaði að leysa. Það var líka sjónarmið þeirrar ríkisstj., að hún yrði að leysa verkefnin á þann hátt, sem hún hafði gefið fyrirheit um. Þegar þetta brast, var hún ekki að koma í veg fyrir það, að aðrir gætu leyst vandann, ef mögulegt var.

Hæstv. núv. ríkisstj. á ekki slíka hugsun. Hún hefur setið í valdastólunum, þótt hún hafi hrakizt af þeirri leið, sem hún hafði markað sér, og nú upp á síðkastið hefur hún ekki leyst, heldur komið málefnum þjóðarinnar þannig fyrir, að það hefur verið reynt að komast fram hjá því skerinu, sem fram undan stafni var, en ekki um það hirt, þó að komið væri að öðru. Hæstv. ríkisstj. hefur yfirleitt byggt allt sitt á því, að ráðstafanirnar dygðu lítið lengra en daginn út. Stephan G. Stephansson sagði: „Að hugsa ekki í árum, en öldum, að alheimta ei daglaun að kvöldum, því svo lengist mannsævin mest.“ Hæstv. ríkisstj. virðist eiga það takmark að eyða upp að kvöldi því, sem aflað er, og rúmlega það og telja sig hafa sloppið vel, ef hún kemst til næsta dags.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ekki í hyggju að blanda mér í þær almennu umr. um fjárl. og fjármálastefnu hæstv. ríkisstj., sem hér hafa orðið í dag og kvöld. En á þskj. 110 flyt ég ásamt hv. 3. þm. Reykv. fáeinar brtt., og um þær ætla ég að fara nokkrum orðum.

Þessar brtt. snerta allar menntа- og menningarmál með einhverjum hætti. Það virðist svo, að í umr. hér á hv. Alþ. er farið fyrst og fremst út í þá sálma, svo sem skiljanlegt er, að ræða um hin daglegu vandamál, ræða um það, hvernig á að skipta því, sem aflast, milli þegnanna og þar fram eftir götunum. En það gefst sjaldan og allt of sjaldan tóm til þess að ræða okkar þjóðmál frá dálítið víðara sjónarhóli, ræða þau m. a. frá þeim sjónarhóli, að hverju er stefnt, þegar við tölum um það, að við ætlum að byggja hér menningarþjóðfélag. Það vill gleymast of oft hjá okkur, að deilan um það, hvernig á að auka tekjurnar og hvernig á að skipta þeim milli þegnanna, er ekki hið eina nauðsynlega, svo nauðsynlegt sem það er, því að við verðum einnig að gæta að hinu, hver er tilgangurinn með því öllu saman, hvort hann er eingöngu sá, að menn geti það sem kallað er lifað góðu lífi, þ. e. a. s. haft sæmileg fjárráð, en það er sjaldnar um það rætt, hvort það er nægilegt fyrir manninn og fyrir eitt þjóðfélag, þó að það takist, hvort það þarf ekki einnig að byggja upp það, sem við köllum í einu orði menningarlíf, til þess að þegnunum geti í rauninni liðið vel og þeir fái notið sín svo sem skyldi. Þessar almennu hugleiðingar vildi ég nú setja hér fram í fáum orðum, þó að ástæða væri til að fara um þær fleiri orðum, vegna þess að mér hefur þótt þess gæta allmikið og lengi nú á undanförnum árum nokkuð mörgum, að hið almenna góðæri, sem hér hefur verið, og þeir miklu fjármunir, sem hafa óneitanlega verið til skiptanna, hafa í helzt til litlum mæli oft og tíðum verið látnir renna til þess að byggja upp menningarlífið í landinu. Það eru vitanlega margar þarfirnar, en sú þörfin er ekki hvað minnst að treysta það á allar þær lundir, sem mögulegt er.

Það er hægt að benda á það með ýmsum tölum, að stuðningur við íslenzka námsmenn, sem fara til náms erlendis, hefur farið hlutfallslega minnkandi, til að mynda s. l. 7 ár, þ. e. a. s. sá stuðningur, sem hver um sig fær, hefur farið hlutfallslega minnkandi. Skýrslur sýna, að fyrir 7 árum, ef ég man rétt, nam sá stuðningur, sem íslenzka ríkið veitti hverjum námsmanni, sem var við nám erlendis, um það

bil helmingi þess, sem kostaði manninn að dveljast við nám erlendis. Það var nokkru meira í hinum ódýrari löndum, en nokkru minna í hinum dýrari. Á s. l. ári hygg ég, að sambærilegar tölur hafi verið um það bil þriðjungur þess eða rúmlega þriðjungur þess, sem það kostar að dveljast við nám erlendis. Þetta er uggvænleg þróun og hefur valdið ýmsum allmiklum örðugleikum við nám. Nú er það að sjálfsögðu rétt, að þessi upphæð í krónutölu hefur farið nokkuð hækkandi á undanförnum árum, en mjög lítið, og það hefur ekki gert miklu meira en að mæta þeirri fjölgun námsmanna, sem um hefur verið að ræða, 10—12% fjölgun á hverju ári, en sá aukni kostnaður, sem orðið hefur í svo að segja öllum löndum, misjafnlega mikill, hefur ekki fengizt bættur námsmönnum nema að mjög litlu leyti.

Nú er það að vísu, að í þetta skipti, í fjárl. fyrir næsta ár, er lagt til, að þessi upphæð, lán og styrkir til íslenzkra námsmanna erlendis, hækki nokkuð, og þar er um að ræða allmiklu meiri hækkun í prósenttölu en hefur verið undanfarin ár, og má gera ráð fyrir, að þessi hækkun geri nokkru meira en að mæta væntanlegri fjölgun námsmanna. En þó sýnist mér, að ef eigi að gera verulega bragarbót í þessu efni, sem full þörf er á, verði að gera betur en hér er gert. Þess vegna leggjum við til, að í stað 19 millj. og 200 þús. kr. til lána og styrkja handa íslenzkum námsmönnum, bæði heima og erlendis, verði sú upphæð hækkuð í 25 millj. kr., og mun sízt af veita, ef á að gera námsmönnum sæmilega úrlausn, því að ekki er síður þörfin á því að hækka lánveitingar til námsmanna hér í Háskóla Íslands, og vissulega þarf að taka það til gaumgæfilegrar athugunar, hvort ekki er orðið eðlilegt og raunar nauðsynlegt að veita námsmönnum við aðra framhaldsskóla, dýra og langa framhaldsskóla, svipaða aðstöðu og háskólanemendur njóta þó að því er snertir námslán. Þetta mun sízt gera betur en rétta hag námsmanna í þá átt, sem hann var þó fyrir um það bil 7 árum, þegar hann var e. t. v. einna beztur að þessu leyti og þeir gátu fengið í lán og styrki um það bil helming námskostnaðar.

2. till. okkar snertir þetta sama efni, en það er nokkur hækkun á hinum svonefndu 5 ára styrkjum, en það eru námsstyrkir til úrvals námsmanna, 7 á ári, veittir í 5 ár samfellt, og við leggjum til, að þeir hækki í svipuðu hlutfalli og hin almennu námslán og námsstyrkir, hækki úr 1 millj. 766 þús. kr. í 2 millj.

3. till. okkar er varðandi Landsbókasafn Íslands. Eins og kunnugt er, er það auk háskólabókasafns hinn eini vísir, vil ég segja, að vísindalegu bókasafni hér á landi, og það þarf ekki að lýsa því, að ég hygg, fyrir þeim, sem hafa eitthvað kynnt sér þetta safn, að aðstaða þess til að gegna sínu mikilvæga hlutverki er engan veginn eins og hún þarf að vera. Þar er um tvennt að ræða, sem á skortir. Í fyrsta lagi hefur safnið fyrir löngu sprengt utan af sér það gamla, en á sínum tíma tiltölulega góða húsnæði, sem það hefur. Það húsnæði er fyrir löngu orðið allt of lítið. En jafnframt hefur það viðgengizt árum saman, að þetta aðalbókasafn landsins hefur haft svo vesældarlegar fjárveitingar til bókakaupa og til þess að hlynna að handritum og gömlum bókum, binda þær inn og annað þess háttar, að það tekur engu tali. Þessi upphæð hefur numið örfáum hundruðum þús. lengst af hin síðari árin, hækkaði örlítið í fyrra, og það verður að viðurkennast, að hún er á fjárlagafrv. núna hækkuð einnig dálítið, en þó er þetta svo naumt skammtað enn þá, að við það er ekki hægt að una til lengdar, ef þetta safn á að gegna hlutverki sínu. Við leggjum til, að í staðinn fyrir 1.3 millj. til þessara hluta komi 3 millj. kr. Ég skal aðeins bæta því við, að hér er um að ræða þá fjárveitingu alla, sem Landsbókasafnið hefur til bókakaupa, til handritakaupa og viðgerða og til bókbands á öllum bókum á heilu ári, og rúml. 1 millj. kr. hrekkur skammt til þeirra nota nú á dögum. 3 millj., sem við leggjum til, er vitanlega of lítið, en væri þó til mikilla bóta.

4. brtt. okkar fjallar um stuðninginn við skáld og listamenn. Þetta málefni skálda og annarra listamanna, hvernig beri að styðja þá og hversu mikið, hefur oft verið til umr., ekki mikið hér á Alþ. síðari árin, en þeim mun meira í blöðum og á mannfundum, og ég hygg, að menn séu nú orðnir almennt sammála um það, að sá háttur, sem hefur verið hafður á núna alllengi og meira að segja mjög lengi um úthlutun hinna svonefndu listamannalauna, hafi svo marga og mikla annmarka, að þar verði að fást breyting á til bóta. Alþ. í fyrra lýsti yfir slíkum vilja sínum, að þessi mál yrðu tekin til endurskoðunar, með því að samþykkja till. til þál. um að fela hæstv. ríkisstj. að endurskoða þessi mál og leggja þau síðan fyrir Alþ. Mér er ekki kunnugt um það, hver undirbúningur hefur verið á hafður af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessu efni, en ég sé, að í fjárlagafrv., eins og það enn þá liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir neinni breytingu. Þar er reiknað með hinum sama úthlutunarhætti og áður, og mér sýnist, að jafnvel þó að síðar á þessu þingi kæmi fram frv. um þessi úthlutunarmál frá hæstv. ríkisstj., geti það ekki komið til raunverulegra framkvæmda á næsta ári, eftir að búið yrði að ganga frá fjárl., eða tæplega, að það gæti komið til framkvæmda á næsta ári, nema þá fjárupphæðin, sem til þessara hluta ætti að fara, yrði hækkuð allverulega, því að ég býst við, að það yrði erfitt, hvaða nýtt fyrirkomulag sem haft yrði á þessum úthlutunarmálum, að skipta hinni gömlu upphæð þannig, að veruleg breyting verði þar á til bóta fyrir listamennina og fyrir þjóðina, sem á að njóta verka þeirra.

Ég hef stundum lýst því hér áður, hvernig þessi stuðningur við skáld og listamenn hefur minnkað mjög verulega einmitt frá þeim árum, þegar fjárráð ríkisins voru miklu minni en nú. Ég skal ekki rifja margt upp af því, sem ég hef áður um þau mál sagt, vil þó aðeins

benda á það og rifja það upp, að á kreppuárunum, þegar skáld eins og t. d. Guðmundur bóndi á Sandi fékk sín listamannalaun frá Alþingi, þá námu þau á þeim árum andvirði 200—250 dilka og voru mjög verulegur stuðningur, eins og af þessu sést, þ. e. a. s. þar var um að ræða eins og afrakstur af meðalbúi, að ég hygg, eins og þá var. En hvað mundi Guðmundur á Sandi t. d. fá á þessu ári, ef hann væri á lífi? Segjum, að hann væri í flokki heiðurslaunaskálda, sem ég teldi í alla staði eðlilegt, hann væri í hinum allra hæsta launaflokki, en mér sýnist, að hann muni þó ekki njóta nema eins og þriðjungs af því, sem íslenzka ríkið veitti honum af fátækt sinni á árunum um og upp úr 1930.

Við leggjum sem sagt til, að þessi stuðningur við skáld, rithöfunda og aðra listamenn hækki úr 4 millj. rúmum, eins og nú er í fjárlagafrv., í 6 millj. En jafnframt vil ég leggja á það ríka áherzlu, að jafnvel þótt þessi tiltölulega litla hækkun fengist, þá tel ég það ekki viðunandi lausn í sjálfu sér, fyrr en með löggjöf hefur verið búið þannig um þessi listamannamál, að það geti orðið til nokkurs sóma fyrir Alþ. sjálft og þjóðina í heild, en þau mál eru í algerlega óviðunandi ástandi, eins og nú er, og hafa lengi verið.

5. brtt. okkar er við 20. gr. fjárl. Þar er og hefur lengi staðið lítill liður til byggingarsjóðs Listasafns ríkisins. Ég hygg, að það sé kominn um það bil áratugur, síðan fyrst var farið að veita fé í byggingarsjóð Listasafns ríkisins, og sú upphæð mun upphaflega hafa verið 300 þús. kr. í fjárlögum, en nokkur síðustu árin hefur hún verið 400 þús. kr. á ári og er það enn. Nú er það alveg vafalaust, að ein af allra nauðsynlegustu þjóðstofnunum, til þess að við getum haldið uppréttu höfði, ef svo má segja, í menningarmálum, — ein af allra nauðsynlegustu stofnunum er Listasafn ríkisins, og það er ekki vansalaust, að á þeim velgengnisárum, sem yfir þjóðina hafa gengið nú um langan tíma, skuli ekki hafa tekizt að þoka málefnum Listasafns ríkisins lengra áleiðis en gert hefur verið. Ég vil aðeins benda á það, hversu þýðingarlítið það er að vera að veita ár eftir ár svona örsmáa fjárupphæð til verkefnis, sem vitanlega kostar nokkuð margar millj. Ég sé ekki betur en að dýrtíðin hafi farið þannig með þennan sjóð Listasafns ríkisins, sem nú er kannske 4 millj. eða tæplega það, að verðbólgan hafi farið þannig með þennan sjóð, að það sé lítið meira hægt að gera með þær ef til vill 4 millj., sem í sjóðnum eru nú í dag, heldur en hefði verið hægt að gera fyrir svo sem 7 eða 8 árum fyrir þær 8 eða 9 hundruð þús. kr., sem þá voru í þeim sjóði. En ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það sé hægt að leysa byggingarmál Listasafns ríkisins í áföngum og það sé eðlilegt og sjálfsagt að gera það, það þurfti ekki að reisa eina stóra milljónatugahöll upp á margar hæðir, það sé úrelt og óeðlilegt fyrirkomulag. Það þarf að skipuleggja hentugt svæði, það mun ekki hafa verið gert enn þá, og ég veit ekki til þess, að lóð undir þessa bráðnauðsynlegu þjóðarstofnun, sem listasafnið hlýtur að teljast, hafi enn þá verið fengin. Það þarf vitanlega að vinda að því bráðan bug og skipuleggja þar gott og hentugt svæði og byggja byggingu, sem hægt væri að ljúka í nokkrum áföngum, og ég mundi telja, að með svo sem 8—12 millj. í byggingarsjóði megi vel hefjast handa og ljúka allmyndarlegum fyrsta áfanga, sem hægt yrði að una við til bráðabirgða og síðan bæta við, — það hljóti að vera lausn þessara mála, sem því miður hefur vafizt fyrir ráðamönnum okkar allt of lengi að koma á réttan, fastan kjöl. Við leggjum sem sagt til, að í staðinn fyrir þessar litlu 400 þús. kr. í byggingarsjóð listasafnsins, sem tæplega duga til þess að hann beinlínis rýrni ekki í dýrtíðinni, þá komi 5 millj. og við það verði miðað, að hafizt verði handa um listasafnsbyggingu innan tveggja ára.

Loks er 6. brtt. okkar. Hún fjallar um það, að í 20. gr. komi nýr liður til byggingar bókhlöðu fyrir landsbókasafn og háskólabókasafn, 10 millj. kr. Um þetta mál væri vissulega ástæða að fara mörgum orðum og ég hefði gjarnan viljað ræða það nokkuð við hæstv. menntmrh., en þar sem ég sé, að hann er hér ekki í kvöld, þá skal ég stytta mál mitt mjög. Ég vil aðeins undirstrika það, að þessi tillaga um 10 millj. kr. fjárveitingu til þess að byggja yfir landsbókasafn og háskólabókasafn sameiginlega, hún er flutt til þess að undirstrika það, að það er orðið okkur ekki aðeins til stórkostlegs vansa, heldur stórkostlegs tjóns fyrir alla fræðilega og vísindalega starfsemi í landinu, að húsbyggingarmál þessara safna beggja hafa verið látin svo að segja reka á reiðanum, að það hefur ekki verið hafizt handa um að leysa þau, svo nauðsynlegt sem það er.

Fyrir allmörgum árum var skipuð nefnd, ég hygg af hæstv. núv. menntmrh., skömmu eftir að hann tók við því embætti, til þess að gera tillögur um lausn málanna. Sú nefnd skilaði ýtarlegu og rökstuddu áliti og taldi, að það væri ekki aðeins bráðnauðsynlegt, heldur hið eina rétta að byggja sameiginlega yfir þessi söfn og hafa sem fyllsta samvinnu þeirra á milli, og það væri í raun og veru eini möguleikinn fyrir okkur til þess að geta komið hér upp viðhlítandi vísindalegu bókasafni, og þetta var sem sagt rökstutt mjög ýtarlega. En því miður hafa framkvæmdir í þessu bráðnauðsynlega máli dregizt mjög úr hömlu, og við það er ekki á nokkurn hátt unandi. Í því sambandi má aðeins benda á það, þó að ég telji það ekki neina höfuðröksemd í málinu, að eitt af því, sem andstæðingar okkar danskir í handritamálinu hafa eiginlega helzt fært fram sem röksemdir gegn því, að íslenzku handritin flyttust til Íslands, það er það, að bókasafnamál okkar eru því miður þannig á vegi stödd, að hér er ekki nema vísir að því vísindalega bókasafni, sem hver og ein menningarþjóð verður að eiga. Og þarna kreppir að á tvennan veg. Annars vegar eru hin gömlu hús, sem

hýsa þessi tvö bókasöfn, orðin allt of lítil, og hins vegar hefur skort og skortir enn fjárveitingar til bókakaupa og til þess að reka söfnin og þá alveg sérstaklega háskólabókasafn á þann veg, að af þeim geti orðið full not.

Þetta er vissulega stórmál, þetta byggingarmál safnanna okkar og allur aðbúnaður að þessum aðalbókasöfnum landsins, en ég skal ekki að þessu sinni fara um það miklu fleiri orðum, en vil aðeins undirstrika, að það getur ekki beðið öllu lengur án þess að verða öllum fræða- og vísindastörfum hér til stórtjóns að leysa þennan mikla vanda.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um þá einu brtt., sem ég flyt við fjárlagafrv. Á fjárlagafrv. eru nú ætlaðar 400 þús. kr. til sjúkraflugvalla. Þetta er auðvitað furðulega lág upphæð, þegar þess er gætt, á hversu mörgum stöðum brýn nauðsyn kallar að að koma upp sjúkraflugvöllum. En það skal játað, að hv. fjvn. hefur líka séð þörf á því að bæta þarna örlítið úr, því að í brtt. hennar er að finna hækkunartillögu á þessum lið, 20. gr., þannig að nefndin leggur til, að 600 þús. kr. verði varið á fjárlagaárinu til sjúkraflugvalla. Ég veit, að þessi upphæð er sömuleiðis allt of lág, því að hér er í mörg horn að líta og þarf víða að koma upp sjúkraflugvöllum til þess að tryggja það öryggi, sem skylt er þjóðfélaginu að veita í sjúkdómstilfellum.

Tillaga mín er í örstuttu máli um það, að þessi upphæð hækki um 100 þús. kr. og verði þá á fjárlögum 700 þús. kr. til sjúkraflugvalla og að við liðinn bætist, að af þessari upphæð skuli veittar a. m. k. 100 þús. kr. til sjúkraflugvallar í Tálknafirði. Vitanlega er hér um allt of lága upphæð að ræða. Að vísu er það svo, að í Tálknafirði er sérlega góð aðstaða til þess að gera sjúkraflugvöll á Sveinseyri, sem er lárétt sandeyri. Mundi þessi sjúkraflugvöllur sennilega verða þar byggður og óvíða betri aðstaða til að gera sjúkraflugvöll en einmitt þar. Nauðsynin á sjúkraflugvelli á þessum stað byggist á því, að þarna hefur risið upp myndarlegt útgerðarþorp á síðustu árum. Þarna eru myndarlegir fiskibátar gerðir út, þarna er verkstæði rekið, og blómlegt atvinnulíf er þarna. Það er erfitt um vik að ná sambandi við flugvelli, það er a. m. k. klukkutíma akstur á bíl til Patreksfjarðarflugvallar, þegar ökuskilyrði eru sómasamleg. Sá flugvöllur er ekki fullgerður, hann er aðeins hægt að nota um hábjartan dag, því að enn þá er hann ólýstur, og kannske allt að því hálft árið er ekki hlaupið að því að komast frá Tálknafirði til Patreksfjarðar, ef um sjúkraflutninga væri að ræða. Tálknfirðingar leggja því mjög mikla áherzlu á það, að sjúkraflugvelli verði komið upp í þeirra byggðarlagi, þ. e. a. s. í Tálknafirði. Oddviti Tálknafjarðarhrepps var hér nú í næstsíðustu viku suður frá einmitt til þess að reyna að vinna að þessu máli ásamt skólabyggingarmáli Tálknafjarðarhrepps.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þetta. Ég býst þó við, að gerð sjúkraflugvallar á Sveinseyri eða þar annars staðar, sem hentugt þætti í Tálknafirði, muni kosta mun meiri upphæð en ég legg hér til, 100 þús. kr., en vildi þó mega vænta þess, að í upphæðinni 600 þús. kr. gæti verið einhver upphæð, sem verja mætti til mannvirkis á þessum stað, því að ég tel brýna nauðsyn kalla að, að þetta verði framkvæmt.

Ég hef svo þessi orð ekki fleiri, en vil vænta þess, að þessi eina brtt. mín finni náð fyrir augum fjárveitingavaldsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 5. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 93,1—4 samþ. með 32 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 92,1—2 samþ. með 35 shlj. atkv.

— 93,5 samþ. með 31 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

4.—9. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 97,1 felld með 32:8 atkv.

— 97,2 felld með 29:8 atkv.

— 97,3 felld með 29:8 atkv.

— 97,4 felld með 32:8 atkv.

— 97,5 felld með 29:7 atkv.

— 97,6 felld með 31:8 atkv.

— 97,7 felld með 32:7 atkv.

— 97,8 felld með 32:8 atkv.

— 97,9 felld með 32:7 atkv.

— 97,10 felld með 31:8 atkv.

— 92,3 samþ. með 40 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 97,11 felld með 31:8 atkv.

— 92,4—5 samþ. með 33 shlj. atkv.

— 97,12 felld með 30:8 atkv.

— 92,6 samþ. með 43 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 92,7 samþ. með 39 shlj. atkv.

— 97,13 felld með 29:17 atkv.

— 92,8—9 samþ. með 39 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 97,14 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ.

nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, ÓL, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, SvJ, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EmJ, FS, GuðlG, GunnG, GÞG, BF.

2 þm. (KK, RA) fjarstaddir.

Brtt. 95,1 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG.

nei: SvJ, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EmJ, FS, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, ÓL, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, BF.

2 þm. (KK, RA) fjarstaddir.

Brtt. 92,10—12 samþ. með 38 shlj. atkv.

— 92,13 samþ. með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓL, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, SvJ, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EmJ, FS, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, BF.

nei: PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, LJós, ÓlJ.

3 þm. (RA, AG, KK) fjarstaddir.

Brtt. 92,14—17 samþ. með 37 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 113,I.1 felld með 30:9 atkv.

— 92,18 samþ. með 38 shlj. atkv.

— 110,1—2 felld með 29:12 atkv.

— 92,19—24 samþ. með 38 shlj. atkv.

— 97,15 felld með 30:16 atkv.

— 92,25—27 samþ. með 35 shlj. atkv.

— 110,3 felld með 31:9 atkv.

— 92,28 samþ. með 40 shlj. atkv.

— 113,I.2 felld með 29:10 atkv.

— 92,29—35 samþ. með 41 shlj. atkv.

— 110,4 felld með 31:10 atkv.

— 92,36—39 samþ. með 41 shlj. atkv.

— 97,16 felld með 31:13 atkv.

— 113,I.3 felld með 30:12 atkv.

— 92,40—45 samþ. með 33 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 92,46—48 samþ. með 35 shlj. atkv.

— 113,II felld með 35:6 atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 92,49—61 samþ. með 37 shlj. atkv.

— 97,17—19 felld með 33:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BFB, BJ, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB.

nei: BBen, BGuðm, BP, DÓ, EggÞ, EmJ, FS, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, ÓL, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, SvJ, ÞK, AuA, AJ, BGr, BF.

HÁ greiddi ekki atkv.

2 þm. (KK, RA) fjarstaddir.

Brtt. 92,62—66 samþ. með 37 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 92,67—70 samþ. með 37 shlj. atkv.

— 97,20 felld með 31:14 atkv.

— 97,20 varatill. felld með 31:15 atkv.

— 92.71—76 samþ. með 37 shlj. atkv.

— 97,21 felld með 32:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GilsG, HÁ, HS, HV, IG, LJós, SE, SkG, AG, ÁÞ, BJ, EðS, EOl, GeirG.

nei: GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, ÓL, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, SvJ, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EmJ, FS, BF.

GíslG, HB, HermJ, JSk, ÓlJ, PÞ, ÞÞ, ÁB, BFB, BP, EÁ, EystJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (KK, RA) fjarstaddir.

17. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

18.—19. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 92,77 samþ. með 39 shlj. atkv.

— 113,III tekin aftur.

— 92,78—80 samþ. með 37 shlj. atkv.

— 110,5 felld með 31:11 atkv.

— 92,81 samþ. með 43 shlj. atkv.

— 110,6 felld með 33:12 atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

21. gr. með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 92,82 samþ. með 36:1 atkv.

— 92,83.a samþ. með 35:6 atkv.

— 92,83.b—c samþ. með 43 shlj. atkv.

— 95,2 tekin aftur.

— 97,22 felld með 32:21 atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

23.—24. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 14. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 117, n. 124, 125, 135, 136, 137, 142).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur á milli umr. haft til athugunar ýmis erindi og mál, sem n. hafði ekki að fullu lokið athugun sinni á fyrir 2. umr. Stærsti málaflokkurinn af því, sem n. átti óafgreitt, voru skólamálin eða fjárveitingar vegna byggingarframkvæmda skólamannvirkja, sem eru í byggingu, og einnig að gera till. sínar um nýjar framkvæmdir. Að öðru leyti var hér um að ræða ýmis erindi, sem n. hefur nú afgreitt og leyft sér að flytja brtt. um á þskj. 135, 137 og 158 og meiri hl. n. á þskj. 136. Fulltrúar Framsfl. og Alþb. í n. óska, að það sé tekið fram í sambandi við till. n., sem hún flytur sameiginlega, að þá vísa þeir til sama fyrirvara og þeir höfðu við 2. umr. málsins. Þeir hafa því óbundnar hendur um afstöðu til brtt., sem fram kunna að koma, svo og að flytja viðbótartillögur.

Varðandi tekjubálk frv. gerir n. engar frekari till. en fram komu við 2. umr. málsins.

Ég mun þá víkja nokkuð að einstökum brtt. n. og enn fremur að þeim brtt., sem meiri hl. n. hefur leyft sér að flytja á sérstöku þskj.

Við 10. gr. er fyrsta till. n. um 175 þús. kr. hækkun á launalið hjá fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Þegar ákveða skyldi launagreiðslur til þessarar skrifstofu, var ekki fullljóst, hver endanleg fjárþörf skrifstofunnar væri. Við nánari athugun hefur komið í ljós,

að ekki verður hjá því komizt að hækka þessa fjárveitingu, eins og hér er lagt til. — Þá er lagt til, að liðurinn til Alþjóðarauðakrossins sé lítið eitt umorðaður og komi: Til Alþjóðanefndar Rauða krossins, og jafnframt, að liðurinn hækki um 5 þús. kr. Hins vegar er lagt til, að 25. töluliður: Vegna Genfarsamninganna frá 1949 um meðferð stríðsfanga, falli niður, en það eru í frv. 25 þús. kr. Hér er um sama málefni að ræða, en af þessu leiðir um 20 þús. kr. lækkun.

Við 11. gr. er fyrst till. n. um hækkun á fjárveitingu til útgáfu hæstaréttardóma um 200 þús. kr. Er það vegna stækkunar á upplaginu, og að því er n. var tjáð, er það óhjákvæmilegt. — Þá er lagt til, að upp verði tekinn nýr liður við borgardómaraembættið: Kostnaður vegna flutnings í nýtt húsnæði 1 millj. kr. Innifalinn í upphæðinni er kostnaður vegna kaupa á nýjum húsmunum fyrir skrifstofuna, þar sem eldri húsgögn voru mjög úr sér gengin.

Á 13. gr. er lagt til, að tekinn verði upp nýr liður: Til hafnarannsókna og mælinga 400 þús. kr. Þessu fé skal verja til margvíslegra grundvallarrannsókna varðandi hafnargerðir. Í þessum efnum liggja fyrir mjög mikil verkefni. Má þar nefna rannsóknir á hafnarstæðum á Suðurlandi, en þar er talið, að gera þurfi umfangsmiklar öldumælingar, sem kosti mikið fé. Sama er að segja um ýmsa aðra staði á landinu. Þá er ætlunin að gera mælingar á endingu stálþila. Sú rannsókn hefur þýðingu fyrir fjölmargar hafnir víðs vegar um landið. Loks er það ætlun vita- og hafnamálaskrifstofunnar að gera alls konar aðrar athuganir og rannsóknir, sem hafa fræðilegt gildi og almennt, svo sem steinsteypu- og steypuefnarannsóknir, könnun á nýjum gerðum á mannvirkjum og öðru þess háttar. Hér er að sjálfsögðu um þýðingarmikið hagsmunaatriði að ræða, og þegar tillit er tekið til þeirra miklu fjármuna, sem Íslendingar verja árlega til hafnarmannvirkja, má það vera ljóst, að slíkar grundvallarrannsóknir sem hér um ræðir geta haft hina mestu þýðingu fyrir hagsmuni þjóðarinnar á þessu sviði. Hér er því um fjárveitingu að ræða, sem ætla má að í framtíðinni verði fastur liður í fjárl.

Þá er talið nauðsynlegt, að gerðar verði nokkrar breytingar á uppsetningu á liðnum Alþjóðaflugþjónustan. Fer um þá uppsetningu eftir föstum reglum og eru leiðréttingar í samræmi við það. Tölulega hefur þessi breyting aðeins 5 þús. kr. hækkun í för með sér. Til samræmis eru samsvarandi liðir hjá Veðurstofunni vegna millilandaflugs leiðréttir.

Á 14. gr. A er lagt til, að launaliður við Háskóla Íslands verði hækkaður um 100 þús. kr. Er það kostnaður vegna vélritunarstúlku, sem háskólaráð leggur mikla áherzlu á, að ráðin verði.

Þá koma till. n. um skiptingu á fé til skóla, sem eru í smíðum, og enn fremur til nýrra skóla, sem ýmist eru teknir inn á framkvæmdaáætlun eða hafa byrjunarfjárveitingar til undirbúningsframkvæmda. Á undanförnum árum hefur mjög skort á, að fullnægt hafi verið nauðsynlegum undirbúningi hvað teikningar og raunhæfar kostnaðaráætlanir snertir. Hefur í sumum tilfellum munað svo miklu frá upphaflegri áætlun og því, sem síðar reyndist, að skipt hefur allt að tug millj. kr. Hér er ekki því til að svara, að um sé að kenna þeirri hækkunaröldu, sem í gangi hefur verið á undanförnum árum varðandi byggingarkostnaðinn. Hér skiptir langmestu máli sú vanáætlun, sem átt hefur sér stað, bæði hvað snertir stærð bygginganna og einnig á hinum raunverulega byggingarkostnaði, sem gilt hefur. Fjvn. telur, að með þeim hætti að taka nokkra fjárupphæð í fjárlög, þótt ekki sé stór, og verja til þess að vinna að hvers konar undirbúningi framkvæmdanna, bæði því, sem lýtur að teikningum, og öðrum kostnaði, muni fást raunhæfari grundvöllur til þess að byggja á, hvort heldur er fyrir sveitarfélögin sjálf, sem standa að meira eða minna leyti undir framkvæmdunum, eða ríkissjóð. Frá síðustu fjárl. er hækkun til skólabygginga, verði till. n. samþykktar, samtals að upphæð 18 millj. 411 þús. kr., og verður þá alls varið til skólabygginga 129 millj. 140 þús. kr. Varðandi þessar fjárveitingar til skólanna er fylgt þeirri reglu, að ríkissjóður greiði sinn hluta af áætluðu kostnaðarverði á 5 árum. Síðan er sú verðhækkun, sem átt hefur sér stað á byggingartímabilinu, tekin til endurskoðunar að þeim tíma liðnum og upphæðinni, sem þá liggur fyrir, skipt síðan á 3 ár.

Þá koma brtt. n. við 14. gr. B. Er það fyrst till. um 142 þús. kr. hækkun á launalið við þjóðskjalasafnið. Upphæðin er til greiðslu á launum fyrir aðstoðarstúlku í handritaviðgerðarstofu þjóðskjalasafnsins, landsbókasafnsins og Handritastofnunar Íslands. — Þá er lagt til, að liðurinn: Styrkur til ritstarfa, útgáfustarfsemi og rannsóknarstarfa hækki um 100 þús. kr. Leggur n. til, að upphæðin gangi til Jens Pálssonar til framhalds mannfræðirannsókna á Íslendingum. Hafa n. borizt meðmæli frá ýmsum innlendum aðilum og jafnframt frá þekktum erlendum vísindastofnunum. — Næst er brtt. n. við XXIX: Til skálda, rithöfunda og listamanna. Þar er lagt til, að heiðurslaun til tekinna listamanna hækki úr 75 þús. kr. í 100 þús. Upphæð þessi hefur staðið óbreytt um þriggja ára skeið, enda þótt heildarupphæðin í fjárl. hafi á sama tíma hækkað um rúml. 1 millj. — Til styrktar tónlistarstarfsemi er lagt til að hækka fjárveitingu um 200 þús. kr. Með þeirri upphæð er ætlað að koma til móts við óskir allmargra tónlistarmanna, sem nú hafa í undirbúningi flutning á óperum og þáttum úr óperum með einfaldara sniði en venjulegt er. Er ætlun þeirra að gera þessa starfsemi að föstum lið í tónlistarlífi höfuðborgarinnar, en jafnframt takast á hendur flutning þeirra verka, sem þeir æfa, í félagsheimilum úti um land. Hér er vissulega um athyglisverða nýj-

ung að ræða, sem n. varð sammála um að veita umræddan stuðning. — Þá er lagt til, að upp verði tekinn nýr liður: Til norrænnar tónlistarhátíðar á Íslandi 200 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að umrædd tónlistarhátíð verði haldin hér á landi árið 1968. Hliðstæð tónlistarhátíð var haldin hér 1954 og naut þá einnig styrks úr ríkissjóði. — Til Zontaklúbbs Akureyrar vegna kaupa á Nonnahúsi er lagt til, að tekinn verði upp 50 þús. kr. styrkur, en það er jafnhá upphæð og nú er í fjárl., en hafði fallið niður úr fjárlagafrv.

Við 16. gr. eru nokkrar brtt. Þar er lagt til, að til landgræðslu, b-liðurinn, til sandgræðslu og gróðurverndar, hækki um 100 þús. kr. — Til skógræktar hækkar launaliður um 80 þús. kr., en það er í sambandi við fyrirhugaða ráðningu á skógarverði fyrir Vestfirði, er koma mun til framkvæmda á komandi sumri. — Til byggingar skógarvarðabústaða hækkar um 200 þús. kr. — Þá er lagt til að hækka liðinn: Viðhald á húsmæðraskólum í sveitum um 500 þús. kr. Er sú upphæð ætluð til þess að mæta kostnaði við endurbætur á húsmæðraskólanum á Laugalandi, en hann varð fyrir því tjóni á s. l. ári, að öll hitalögn í kjallara og gólfi skólahússins varð ónýt. — Þá hefur n. skipt fjárveitingu, sem í frv. er og ætluð er til byggingar húsmæðraskóla. Vísast þar til þess, sem fram kemur á þskj. 135, en alls hækkar fjárveiting til byggingar húsmæðraskóla samkv. till. n. um 1 millj. 676 þús. kr.

Næst kemur till. n. um 10 þús. kr. hækkun til gróðurverndar í Búðahrauni. Hjá Iðnaðarmálastofnun Íslands er lagt til, að liðurinn: Annar kostnaður hækki um 500 þús. kr., en það er vegna fyrirhugaðra kaupa á húsnæði fyrir stofnunina og er í tengslum við lántökuheimild á 22. gr.

Við 17. gr. IV, framlag til almannatrygginga, leggur meiri hl. n. til, eins og fram kemur á þskj. 136, að liðurinn verði hækkaður um 36 millj. kr. Er þetta nauðsynlegt vegna þeirrar ákvörðunar ríkisstj. að hækka greiðslur til fjölskyldubóta, sem er einn liður í verðstöðvunarmálinu. Er upphæðin miðuð við núverandi bótagreiðslu og þá einnig á ársgrundvelli.

Þá koma næst till. n. til byggingar iðnskóla. Vísast þar til þess, sem fram kemur á þskj. 135. Hér er um fjárveitingar til þriggja iðnskóla að ræða, og hækkar fjárveiting samkv. till. n. um 1 millj. 620 þús. kr. samtals.

Til bréfaskóla SÍS og ASÍ er lagt til, að veittur verði styrkur að upphæð 100 þús. kr., og er það nýr liður.

Þá eru á 17. gr. m. a. fjárveitingar til vatnsveitna samkv. lögum, og er upphæðin 3.8 millj. kr., en það er 2 millj. kr. hærri upphæð en er í núgildandi fjárl. Hvort tveggja er, að allmikið stendur upp á ríkissjóð nú sem jafnan áður um, að hann greiði þann hluta, sem heimilt er, af stofnkostnaði hinna ýmsu vatnsveitna í landinu, sem styrkhæfar eru, svo og að Vestmannaeyjakaupstaðar hefur ráðizt í byggingu vatnsveitu fyrir kaupstaðinn með leiðslu úr landi, sem óhjákvæmilega verður mjög kostnaðarsamt mannvirki. Það er augljóst mál, að nokkur hluti þeirra framkvæmda hlýtur að lenda á ríkissjóði eða njóta styrks í einhverju formi. N. leggur því til, að liðurinn verði enn hækkaður um 3 millj. kr. og verður þá alls 6.8 millj. kr. — Þá leggur n. til, að teknar verði upp nokkrar smærri fjárveitingar til styrktar bændum, sem óhjákvæmilega hafa orðið að ráðast í dýrar vatnsveituframkvæmdir, en njóta ekki styrks samkv. lögum, en samtals nemur upphæðin 295 þús. kr. Í núgildandi lögum eru ákvæði um það, að sem lágmark þurfi 3 lögheimili að mynda félög um vatnsveitu, til þess að framkvæmdin njóti styrks. Ég tel, að hér þurfi að gera breytingu á. Það er ekki ónauðsynlegra en sumt annað, sem að landbúnaði lýtur og styrkt er úr ríkissjóði, að tiltækilegt sé nægilega mikið og gott neyzluvatn. Hér er um mál að ræða, sem þarf að endurskoða og setja ný ákvæði um.

Þá eru enn tvær brtt. við 17. gr. Lagt er til, að tekinn verði upp nýr liður: Til bókakaupa í bókasöfn verkalýðsfélaga vegna orlofsheimila þeirra 100 þús. kr. Er það í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. í tilefni af 50 ára afmæli ASÍ á s. l. sumri. — Og loks leggur n. til, að upp verði tekinn nýr liður: Til Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra til útgáfu orðasafns 50 þús. kr.

Við 18. gr. eru svo sem venjulega nokkrar brtt. Í fyrsta lagi eru till. um niðurfellingu á styrk til þeirra, sem látizt hafa, frá því að fjárlagafrv. var samið, og í öðru lagi um breytingar og nýja styrki, sem n. leggur til að samþ. verði. Í þessum efnum hefur fjvn. markað sér þá stefnu að taka ekki upp styrkveitingu til þeirra, sem að einhverju leyti hafa lífeyrisréttindi umfram hið almenna tryggingakerfi eða ellilífeyri. Hins vegar hefur n. beitt sér fyrir því, varðandi þá aðila, sem að opinberum störfum hafa unnið, en njóta aðeins óverulegra eða lítilla bóta úr lífeyrissjóðum, að þá verði komið til móts við þá með hækkað framlag úr viðkomandi sjóði, og hefur þá viðkomandi rn. stutt þá framkvæmd.

Við 19. gr. eru brtt. frá meiri hl. n. Er þar lagt til, að liðurinn: Til niðurgreiðslu á vöruverði, hækki um 230 millj. kr. og jafnframt að liðurinn: Hækkun útgjalda vegna launahækkana 108 millj. kr., falli niður. Báðar þessar till. eru tengdar þeim stöðvunarráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir og skýrt var frá í nál. meiri hl. fjvn. við 2. umr. málsins, að till. mundu liggja fyrir um við endanlega afgreiðslu frv. Sú upphæð, sem hér er lagt til að verja til niðurgreiðslna á vöruverði, samtals 708 millj. kr., er miðuð við það, að nægi til þess að mæta útgjöldum ríkissjóðs að fullu það tímabil, sem verðstöðvunarlögin ná til, og niðurgreiðslan nái til alls þess, sem nú á sér stað.

Við 20. gr. út eru 4 nýjar brtt. Lagt er til, að liðurinn til sjúkraflugvalla hækki um 100 þús. kr. Áður hafði n. lagt til, að liðurinn hækkaði um 200 þús. kr., og var það samþ. við 2. umr. málsins. Til sjúkraflugvalla verður því

varið 700 þús. kr. á næsta ári, verði þessi till. n. samþ.

Til Íþróttakennaraskólans leggur n. til, að fjárveiting hækki um 1 millj. kr. Telur n. þetta lágmarksupphæð, til þess að von sé um að koma í framkvæmd nauðsynlegum áfanga í byggingu skólans á næsta ári. Er þar um að ræða að gera fokhelda byggingu heimavistarhúss og innrétta kennaraíbúðir, sem lokið var við að steypa upp á síðasta sumri. N. kynnti sér mál þetta allýtarlega í vetur, fór m. a. til Laugarvatns í því sambandi. Fyrir nokkrum dögum barst n. erindi frá menntmrn., þar sem skýrt er frá því, að ÍSÍ hafi boðizt til þess að leggja fram 2.6 millj. kr. til byggingar íþróttakennaraskólans, enda verði þá ein hæð heimavistarhússins til afnota að sumrinu fyrir íþróttamiðstöð, sem fyrirhugað er að starfrækja þar. Annað skilyrði ÍSÍ er það, að ríkissjóður leggi fram fé til jafns á móti, svo að byggingin verði fullgerð á árinu 1968. Ef þessar óskir ÍSÍ að athuguðu máli samrýmast starfsemi skólans, er hér um mál að ræða, sem vissulega er rétt að komi til framkvæmda. Þessi brtt. fjvn. ætti því að stuðla að því, að svo gæti orðið.

Þá er till. n. um fjárveitingu til undirbúnings byggingar heyrnleysingjaskólans, 300 þús. kr. Þar sem vitað er um verulega fjölgun nemenda í heyrnleysingjaskólanum á næstu árum og ekki eru möguleikar að taka við þeirri aukningu í núverandi húsakynnum skólans, er það álit n., að ekki verði hjá því komizt að ráðast í umræddа byggingu þegar í næstu framtíð. Hún telur því nauðsynlegt, að tekin verði umrædd fjárveiting á fjárlög, svo að nauðsynlegum undirbúningi ljúki sem fyrst. Reykjavíkurborg hefur nú þegar úthlutað fyrirhuguðum skóla lóð undir bygginguna.

Loks er till. á 20. gr. um 350 þús. kr. hækkun á fjárveitingu til dýralæknisbústaða.

Við 22. gr. eru nokkrar brtt. Lagt er til að heimila ríkisstj.: Að taka allt að 8.5 millj. kr. lán til kaupa á húsnæði fyrir Iðnaðarmálastofnun Íslands. Að kaupa hús fyrir lögreglustöð og fangageymslu á Sauðárkróki. Að endurgreiða skipasmíðastöð M. Bernharðssonar h/f á Ísafirði aðflutningsgjöld af efni til dráttarbrautar þar, sem fyrirtækið byggði á árunum 1961—1965. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af rannsóknartækjum, sem Skógrækt ríkisins hefur fengið að gjöf frá Þýzkalandi til tilraunastöðvarinnar að Mógilsá. Að endurgreiða tolla af benzíni fyrir notkun snjóbifreiða, eftir nánari reglum, sem rn. setur. Að endurgreiða allt að 3.2 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966 til aðstoðar fyrir bændur á kalsvæðum árið 1965. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir Alþýðusamband Íslands og önnur verkalýðsfélög vegna byggingar orlofsheimila. Að ábyrgjast að 1.5 millj. kr. lán fyrir eiganda m/s Drangs vegna kostnaðar við lengingu bátsins. Að taka allt að 2 millj. kr. lán fyrir jarðhitasjóð. Og loks: Að ábyrgjast fyrir Öryrkjabandalag Íslands allt að 12 millj. kr. lán vegna byggingar íbúðarhúsnæðis fyrir öryrkja.

Verði þessar till. fjvn. og meiri hl. n., sem ég hef nú lýst, ásamt brtt. samvn. samgm., sem n. hefur borið fram á sérstöku þskj. og frsm. þeirrar n. mun gera grein fyrir í framsögu fyrir till., samþykktar, mun það leiða til þess, að rekstrarafgangur á 21. gr. frv. verður 242 millj. og 40 þús. kr. og á sjóðsyfirliti sömu gr. verður þá greiðslujöfnuður út 2 millj. 256 þús. kr.

Herra forseti. Ég hef þá lokið máli mínu og vænti, að þessar brtt., sem ég hef nú lýst, hljóti samþ. og að fjárlagafrv. þannig breytt verði samþykkt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 146 og 152, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. beggja þd. hafa eins og jafnan áður undanfarin ár unnið saman að till. um framlög til flóabáta og vöruflutninga. Segja má, að heildarskipulag þessara samgangna, flóabátaferðanna við strendur landsins, hafi haldizt lítt breytt frá ári til árs. Skv. till. samvn. nú er lagt til, að 21 flóabát og flutningafyrirtæki verði veittar samtals 8 millj. 677 þús. kr. í styrk á næsta ári, og er það 305 þús. kr. hærra en á yfirstandandi ári.

Nokkur hækkun hefur orðið á árinu á rekstrarkostnaði flóabátanna. Sum fyrirtækin hafa keypt nýja báta og tekið þá í notkun, en önnur hafa orðið að endurnýja vélakost báta sinna. Af því spretta þær hækkunartill., sem n. flytur. En sú staðreynd verður þó ekki sniðgengin, að fjárhagur sumra bátanna er mjög lélegur og nauðsynlegt að athuga nánar, hvernig úr megi bæta.

Um rekstur og afkomu hinna einstöku flóabáta leyfi ég mér fyrir hönd n. að taka eftirfarandi fram: Um Norðurlandssamgöngur er það að segja, að nokkur óvissa ríkir um rekstur og framtíð Norðurlandsbátsins Drangs, vegna þess að gerbreyting hefur orðið á samgöngum á landi við kaupstaðina Ólafsfjörð og Siglufjörð. Múlavegur til Ólafsfjarðar hefur verið opnaður, og lokið er gerð jarðganga um Strákaveg, þannig að gert er ráð fyrir, að þessir kaupstaðir njóti akvegasambands meginhluta ársins. Af þessu leiðir mjög minnkaðar tekjur fyrir flóabátinn Drang, og telur útgerðarmaður hans ekki koma til greina að ætla honum áætlunarsiglingar eins og áður árið um kring. Hins vegar hefur hann farið fram á það við n., að hann fengi að halda óbreyttum rekstrarstyrk á næsta ári, miðað við það, að hann haldi uppi ferðum um farsvæði sitt eftir þörfum. Varð það ofan á, að n. féllst á að verða við þeirri ósk, en leggur til, að forstjóri Skipaútgerðar ríkisins athugi í samráði við útgerðarmann bátsins framtíðarskipulag ferðanna og hafi þá jafnframt samráð við forustumenn byggðarlaganna, sem báturinn hefur haldið uppi þjónustu fyrir. En það er enn sem fyrr skoðun samvn., að nauðsynlegt sé að útvega útgerðarmanni Drangs, Steindóri Jóns-

syni, lengri og hagkvæmari lán í stað hinna erlendu lána, sem enn hvíla með allmiklum þunga á fyrirtækinu. En útgerðarmaðurinn hefur í hyggju vegna breyttra aðstæðna að endurskipuleggja rekstur bátsins, stækka hann nokkuð og gera farsvæði hans víðtækara.

Þá er lagt til, að framlag til Strandabáts verði óbreytt, þ. e. a. s. 60 þús. kr., en sú breyt. varð á s. l. ári, að akvegasamband skapaðist við Árneshrepp, og því hefur þótt fært að fella flóabátasamgöngur við það byggðarlag að mestu leyti niður. Hins vegar er talið nauðsynlegt, að kostur sé á slíkum ferðum framan af vori, ef snjóalög kynnu að hindra landsamgöngur. Þess vegna er lagt til, að nokkur hluti flóabátastyrks haldist áfram til þessarar þjónustu.

Þá er lagt til, að framlag til Haganesvíkurbáts verði óbreytt, en lagt er til, að Hríseyjarbátur fái 60 þús. kr. vélarstyrk, en haldi óbreyttum rekstrarstyrk.

Það er einnig till. n., að styrkur til flugsamgangna við Grímsey hækki um 10 þús. kr. Hafa áætlunarferðir Tryggva Helgasonar á Akureyri til Grímseyjar bætt mjög úr samgönguerfiðleikum Grímseyinga, og er gert ráð fyrir, að á þessu ári verði farnar um eða yfir 100 áætlunarflugferðir til eyjarinnar. Er Grímseyingum, er byggja eina afskekktustu og nyrztu byggð þessa lands, stórmikið hagræði að þessum flugsamgöngum.

Loks er lagt til í sambandi við Norðurlandssamgöngur, að styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda verði 120 þús. kr. Er það 10 þús. kr. lægra en á þessu ári, en þá var bátnum veittur 30 þús. kr. viðbótarstyrkur vegna vélarkaupa.

Austfjarðasamgöngur eru með svipuðum hætti og áður. N. leggur til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 30 þús. kr., en tekjur þessa báts eru sáraýrar, en ferðirnar hins vegar nauðsynlegar fyrir hina afskekktu byggð í Mjóafirði.

Þá er lagt til, að Loðmundarfjarðarbátur fái óbreyttan rekstrarstyrk, en nýr aðili tók við rekstri þessa flóabáts á þessu ári.

Loks er lagt til í sambandi við Austfjarðasamgöngur, að styrkur til snjóbifreiðar á Austfjörðum hækki um 20 þús. kr., en þessi snjóbifreið heldur uppi ferðum á milli Seyðisfjarðar og Héraðs um Fjarðarheiði, og hefur þótt mjög mikið gagn að þeirri þjónustu, sem snjóbifreiðin veitir, þegar snjóalög hindra almennar bifreiðaferðir.

Um Suðurlandssamgöngur er það að segja, að mörg undanfarin ár hefur verið veittur ríkisstyrkur vegna vöruflutninga til hinna hafnlausu héraða í Skaftafellssýslu. Leggur samvn. til, að svo verði gert áfram á næsta ári, og leggur til, að styrkur til vöruflutninga til Vestur-Skaftafellssýslu hækki um 40 þús. kr. upp í 590 þús. kr. N. leggur hins vegar til, að styrkur til vöruflutninga til Öræfa verði óbreyttur frá síðasta ári, 165 þús. kr. Loks leggur n. til, að styrkur til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga hækki um 50 þús. kr.

Þegar komið er að Faxaflóasamgöngum, kemur fyrst til álita fyrirtækið h/f Skallagrímur, sem heldur uppi ferðum á milli Reykjavíkur og Akraness. Afkoma þessa fyrirtækis hefur á yfirstandandi ári verið mjög bágborin. Fyrirtækinu voru á þessu ári veittar 1600 þús. í rekstrarstyrk og 300 þús. kr. vegna viðgerðar á skipi sínu, m/s Akraborg. Fyrirtækið sótti nú um 2 millj. kr. rekstrarstyrk og 650 þús. kr. styrk vegna rekstrarhalla, sem stafaði að mestu leyti frá síðustu flokkunarviðgerð á m/s Akraborg. N. leggur til, að Skallagrími verði veittar 1700 þús. kr. rekstrarstyrkur og 300 þús. kr. styrkur vegna viðgerðar Akraborgar, samtals 2 millj. kr. Er þar um að ræða 100 þús. kr. hækkun frá yfirstandandi ári. Jafnframt er það till. n., að sérstök n. verði skipuð til þess að rannsaka flutningaþörf og samgöngur á milli Akraness og Reykjavíkur með það fyrir augum að finna hagkvæmari lausn á flutningavandamáli þessa farsvæðis. Má raunar segja, að það sé rannsóknarvert, að afkoma flóabáts á einmitt þessu fjölfarnasta farsvæði landsins skuli vera svo bágborin sem raun ber vitni.

Er þá komið að Breiðafjarðarsamgöngum. Þar er lagt til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Breiðafirði verði nú 455 þús. kr. Þessi bátur heldur uppi samgöngum á milli vestureyja Breiðafjarðar og enn fremur við landhreppana í Austur-Barðastrandarsýslu á vetrum. Í þessari styrkupphæð er innifalið 20 þús. kr. framlag til ferða af Barðaströnd með beltisdráttarvél yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar, þegar snjóar hindra ferðir bifreiða á þessari leið. Samtals verður framlagið til þessa báts 55 þús. kr. lægra en á yfirstandandi ári, en þá var Flateyjarbát veittur 200 þús. kr. styrkur vegna kaupa á nýjum bát. Það er till. n., að hreppsnefnd Flateyjarhrepps verði framvegis falin umsjón með rekstri og ferðum Flateyjarbáts.

Þá er lagt til, að styrkur til Stykkishólmsbátsins Baldurs verði 1500 þús. kr. Er þar um að ræða 50 þús. kr. hækkun frá yfirstandandi ári. Hinn nýi flóabátur Baldur, sem er 180 brúttótonn að stærð, hóf þjónustu sína í byrjun aprílmánaðar s. l., og er hagur flóabátsins mjög erfiður. Lánum í sambandi við smíði bátsins hefur ekki verið komið á fastan grundvöll, og veruleg óvissa ríkir um verkefni fyrir hann í framtíðinni. Skapaðist því fyrirtæki, sem bátinn rekur, verulegur vandi vegna þess, hve lengi dróst, að hinn nýi bátur kæmist í gagnið. En það er skoðun samvn., að nauðsynlegt sé, að fjárhagsvandamál þesa báts verði tekin til ýtarlegrar athugunar og úrlausnar.

Þá er lagt til, að styrkur til Langeyjarnesbáts á Breiðafirði verði óbreyttur.

Um Vestfjarðasamgöngur er það fyrst að segja, að afkoma Djúpbátsins h/f á Ísafirði, sem rekur m/s Fagranes, hefur verið sæmileg á yfirstandandi ári. Skipið hefur eins og undanfarin ár haldið uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hafa farþega- og bifreiðaflutningar með skipi félagsins verið með mesta móti. Leggur

n. til, að rekstrarstyrkur til Djúpbátsins verði 1350 þús. kr., og er það sama upphæð og á yfirstandandi ári.

Þá er lagt til að lokum, að framlag til þriggja smábáta á Vestfjörðum, Dýrafjarðarbáts, Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts, verði óbreytt að öðru leyti en því, að styrkur til Dýrafjarðarbáts hækki um 10 þús. kr.

Samkv. því, sem hér hefur verið greint, er það till. samvn. samgm., að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1967 8 millj. 677 þús. kr., og er það, eins og ég sagði í upphafi, 305 þús. kr. hærra en á yfirstandandi ári. Flytur n. á þskj. 125 brtt. um þessa hækkun.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 158, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Bæði við 1. og 2. umr. um fjárlög hef ég í alllöngu máli rætt um þá stjórnarstefnu, sem það fjárlagafrv., sem nú er til afgreiðslu, er markað af, og sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það að þessu sinni, við síðustu umr.

Milli 2. og 3. umr. hefur ekkert nýtt komið fram, ekkert annað en það, sem við mátti búast og þegar hefur verið gerð grein fyrir. Eins og ég tók fram við 2. umr., ber þetta fjárlagafrv. engin merki þeirrar verðstöðvunarstefnu, sem hæstv. ríkisstj. telur sér henta að halda á lofti nú fram að næstu alþingiskosningum, að öðru leyti en því, að ríflega er áætlað fé til niðurgreiðslna á vöruverði, en þó er sú fjárhæð, 708 millj. kr., ekki miðuð við, að núgildandi niðurgreiðslur standi lengur en til 1. nóv. næsta ár, og þá ekki séð fyrir því með þeim fjárlögum, sem nú á að fara að afgreiða, að óbreyttar niðurgreiðslur geti haldizt allt næsta ár. En þó er öll sú upphæð, sem ætluð var til launauppbóta á næsta ári, felld niður, og þannig er ekki séð fyrir fjárgreiðslum til launahækkana á næsta ári, á því tímabili, sem fé til niðurgreiðslna spannar ekki yfir, og engar fjárhæðir eru ætlaðar til hugsanlegrar nýrrar aðstoðar við sjávarútveginn eða fiskiðnaðinn þrátt fyrir verðstöðvunarfrv. er ljóst, að jafnvel stjórnarvöldin sjálf ætla sér að standa fyrir verðhækkunum á næsta ári, það ber fjárlagafrv. með sér. T. d. liggur fyrir ákvörðun heilbrigðisyfirvaldanna um hækkun daggjalda á sjúkrahúsum úr 450 kr. í 500 kr. á dag 1. janúar n. k., eða um 11%, en við 500 kr. daggjaldið eru fjárl. miðuð. Hinn 1. nóv. s. l. hækkuðu daggjöldin úr 400 kr. í 450 kr., þannig að skv. þessu hækka daggjöldin um 25% frá 1. nóv. s. l. til 1. jan. n. k., svo að ekki er sjáanlegt annað en að af því muni leiða hækkun á sjúkrasamlagsgjöldum, en talið er, að 25% hækkun á daggjöldum í sjúkrahúsum muni valda 15% hækkun á kostnaði við sjúkrasamlögin.

Ég hef áður rakið það, að tvö helztu einkenni fjárlagafrv. eru þau, að annars vegar ber það ekki vott um neina stöðvunarstefnu með 825 millj. kr. hækkun á tollum og sköttum, heldur meiri útþenslu á rekstrarliðum en nokkru sinni fyrr, og hins vegar ber það einkenni fyrri fjárl. hæstv. núv. ríkisstj., að þeim vanda að ná saman endum á fjárlagafrv. í dýrtíðarflóðinu er mætt með niðurskurði nauðsynlegustu framkvæmda. Það einkenni hefur nú milli 2. og 3. umr. verið undirstrikað með afgreiðslu skólamála, sem geymd voru til 3. umr.

Við afgreiðslu núgildandi fjárl. rakti ég þá skipulögðu baráttu, sem stjórnvöldin halda uppi til þess að halda aftur af þeim aðilum, sem brjótast í því að hefja nýjar skólabyggingar, og greindi frá þeim ráðstöfunum, sem þá voru teknar upp til þess að draga valdið í þessum efnum úr höndum Alþingis og til rn., þannig að framkvæmdaáætlun embættisliðsins skyldi geta gert að engu ákvarðanir Alþ. um það, hverjar skólabyggingar skyldi hefja á ári hverju. Með þessum hætti eru þverbrotin þau ákvæði skólakostnaðarlaganna, að þegar Alþ. hafi samþ. stofnkostnaðarframlag til ákveðinnar skólabyggingar, þá sé ríkissjóði skylt að hafa lokið greiðslu framlaga, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan 5 ára, frá því að fyrsta framlagið var innt af hendi. Þessari stefnu, sem upp var tekin í fyrra, að draga ákvörðunarvaldið í þessu efni úr höndum Alþ. og beita því til að halda aftur af nýjum framkvæmdum í skólamálum, hvað sem þörfinni líður, er enn haldið áfram við setningu fjárl. nú.

Ég hef áður lýst því, að einhver allra neikvæðasti árangur stjórnarstefnunnar undanfarin ár er sá, að hún hefur leitt til þess, að mestu uppgripaaflaárin, sem þjóðin hefur lifað, hafa ekki leitt til stórátaka í þeim framkvæmdum, sem varða þjóðarheildina alla, heldur hefur ríkisstj. í æ ríkara mæli orðið að grípa til þess að draga úr verklegum framkvæmdum, eftir því sem rekstrarkostnaður ríkisins hefur blásið út. Einhverjar hinar verstu neyðarráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gripið til í þeim tilgangi að koma saman fjárl. í þeirri óðaverðbólgu, sem af stefnu hennar hefur leitt, eru þær að setja sérstakar hömlur á byggingu nýrra skóla, á sama tíma og hvers konar ónauðsynlegar byggingarframkvæmdir einkaaðila eru hömlulausar. Sá hugsunarháttur virðist eiga að ríkja, að þarfirnar á skólahúsnæði skipti ekki máli, heldur verði einhver lágmarksupphæð, sem afgangs verði á fjárl., þegar búið er að spenna upp alla rekstrarliði, að duga sem framlag til nýrra skólabygginga, og síðan er augunum lokað fyrir þörfinni og þeim kröfum, sem skyldunámið leggur ríkisvaldinu á herðar, nýjar umsóknir eru látnar hlaðast upp ár frá ári, og með sérstökum ákvæðum í fjárl. er embættisliðinu heimilað að koma í veg fyrir framkvæmdir, og sveitarfélögum er jafnvel neitað um leyfi til þess að hefja byggingarframkvæmdir fyrir eigið fé. Þetta er sama stefnan og lýsir sér í orðum hæstv. fjmrh. í fjárlagaræðunni síðustu, þegar hann sagði um

byggingar íþróttamannvirkja, að varðandi framtíðina væri nauðsynlegt að samþ. ekki önnur íþróttamannvirki en þau, sem fjárhagsgeta íþróttasjóðs leyfir hverju sinni. Hér er ekkert spurt um þarfirnar og ekki skylduna að halda uppi lögboðinni íþróttakennslu í skólunum. En geta íþróttasjóðs, hvað er það? Hún er hverju sinni svolítill hluti af þeim litla skammti, sem stjórnarvöldin hafa eftir til nauðsynlegra framkvæmda, þegar vitlaus stjórnarstefna þeirra er búin að spenna upp allan rekstrarkostnað, þegar stjórnarvöldin hafa hent millj. og milljónatugum í hvers kyns óþarfa. Í stað þess að láta þörfina á byggingu nýrra íþróttamannvirkja ganga fyrir óþarfanum og bruðlinu, t. d. óþarfa sendiráðum, almannavörnum, tilgangslausum sendiferðum o. fl., o. fl., þá er sú leið valin að sporna við nýjum framkvæmdum og takmarka þær við það litla, sem eftir verður af fé til verklegra framkvæmda, þegar hækkanirnar á rekstrarliðunum hafa gleypt sitt. Þessi stefna gildir varðandi íþróttasjóð, og þessi stefna gildir varðandi nýjar skólabyggingar. Lögin um greiðslu á hluta ríkissjóðs í skólabyggingum á 5 árum eru sniðgengin og öll áherzla lögð á að halda niðri nýjum skólabyggingum, hvað sem þörfinni líður, jafnvel þótt ekki sé hægt að halda uppi lögboðinni skólaskyldu að öllu leyti og ekki hægt að veita skólavist öllum þeim fjölmörgu unglingum, sem vilja stunda framhaldsnám að skyldunámi loknu. Það er ömurlegur árangur stjórnarstefnunnar undanfarin ár, að í þessum miklu góðærum skuli ekki vera unnt að gera stórátak í byggingu nýrra skóla, heldur skuli vera teknar upp sérstakar aðferðir til þess að hamla gegn nýjum framkvæmdum. En eins og ég áðan sagði, hef ég þegar svo mjög rætt þær afleiðingar stjórnarstefnunnar, sem koma fram við setningu fjárl. í niðurskurði á verklegum framkvæmdum, að ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þær frekar að sinni, en vil fara nokkrum orðum um þær brtt., sem ég flyt nú við 3. umr. á þskj. 152.

Ég geri með 1. till. minni tilraun til þess að fá nokkuð bættan hlut Kópavogskaupstaðar í sambandi við úthlutun fjár til skólabygginga. Til barna- og gagnfræðaskóla, sem þegar hefur verið veitt fé til, eru Kópavogi ætlaðar 5 millj. 716 þús. kr., en ég legg til, að sú upphæð verði hækkuð í 8 millj. og með því tekið meira tillit til þess en gert hefur verið, að áætlanir um byggingarkostnað við þá einstöku skóla, sem um er að ræða, eru nú verulega hærri en þær upphaflegu áætlanir, sem fjárveitingin er nú miðuð við. Í sambandi við Kársnesskólann munar um 7.5 millj. kr. á núgildandi áætlun og upphaflegri áætlun. Hún hefur hækkað úr 13.8 millj. kr. í 21.3, og kostnaðaráætlun um sundlaug bæjarins er 2.4 millj. kr. hærri en upphaflega áætlunin. Ef hluti Kópavogskaupstaðar yrði miðaður við þessar nýju áætlanir, sem forráðamenn bæjarfélagsins hafa gert grein fyrir, og þær viðbótarfjárveitingar yrðu látnar af hendi á þeim greiðsluárum, sem eftir eru í sambandi við þessar byggingar, ætti framlagið í heild að hækka í um það bil 8 millj. kr., eins og ég legg til, að gert verði. Kópavogskaupstaður hefur algera sérstöðu meðal sveitarfélaga landsins varðandi þörf á skólabyggingum vegna þess, hve hlutfallslega stórir eru hinir yngri árgangar bæjarbúa. Íbúar kaupstaðarins eru á 10. þús., og af þeim eru tæplega 2500 nemendur í barna- og gagnfræðaskólum eða nærri fjórði hver bæjarbúi, og á ári hverju hefja skólagöngu í fyrsta sinn jafnmargir nemendur og í Reykjavík, sem er 10 sinnum stærri bær. Á næsta ári mun kaupstaðurinn leggja fram úr bæjarsjóði um 10 millj. kr. til skólabygginga, og ég tel með tilliti til þess, sem ég hef nú hér rakið, eðlilegt, að framlag ríkissjóðs til skólabygginga þar verði hækkað í 8 millj. kr.

Í nýjum lögum um iðnfræðslu er gert ráð fyrir því, að kennsla fari fram í skólum, sem nái til stærra svæðis en verið hefur, og þeir verði þeim mun fullkomnari og stærri. Til þess að lögin geti verið annað en nafnið tómt, þarf sérstakt átak í þessum efnum. Þar sem byggja á slíka skóla, dugir skammt að veita smáupphæðir á ári hverju og miða með því við, að það taki langt árabil að þoka þessum framkvæmdum áleiðis. Hér er ekki um marga skóla að ræða, og það ætti að vera unnt að láta byggingarframkvæmdir við þá ekki komast í sömu úlfakreppu og nú er fyrir hendi í sambandi við byggingu annarra skóla. Ég held, að hv. Alþ. ætti að sameinast um að halda þessum flokki skólabygginga, þær eru tiltölulega fáar, upp úr volæðinu í nýjum skólabyggingum, og legg því til í næstu þremur brtt. mínum, að framlag til þeirra verði tvöfaldað. Áætlað er, að hin nýja iðnskólabygging í Hafnarfirði muni kosta 32.2 millj kr., og það er því algerlega óviðunandi, að um 1 millj. kr. fjárveiting á ári frá ríkissjóði verði látin nægja til þess að reisa þá byggingu, sem nauðsynlegt er, að komist upp á mun styttri tíma en slíkar fjárveitingar eru miðaðar við.

Í brtt. þeim, sem fluttar eru við fjárlagafrv. í nafni fjvn., er m. a. gert ráð fyrir hækkun á framlagi til vatnsveitna um 3 millj. kr., og eru þá hafðar í huga hinar stórfelldu framkvæmdir Vestmannaeyjakaupstaðar við lagningu vatnsveitu úr landi, og auk þess mun ríkissjóður eiga ógreidd framlög til ýmissa annarra sveitarfélaga. Öllum hv. alþm. er kunnugt um þær miklu framkvæmdir, sem Vestmanneyingar eru nú að vinna að með lagningu vatnsveitu um langan veg úr landi og út í Eyjar. Þessar framkvæmdir, sem áætlað er að kosti um 80 millj. kr. fyrir utan innanbæjarveitu, eru einstæðar hér á landi og aðrar slíkar munu ekki verða unnar. Vestmanneyingar hafa búið við þá aðstöðu í vatnsmálum, sem ekki hefur þekkzt á öðrum þéttbýlum stöðum í landinu, og nú, þegar kemur að því, að úr þessum málum verði bætt, eru þær framkvæmdir, sem með þarf til þess, svo miklum mun dýrari og umfangsmeiri en annars staðar hefur verið um að ræða, að þar kemst enginn samjöfnuður nærri. Það er mín skoðun, að það sé eðlilegt,

að sá kostnaður, sem Vestmanneyingar hafa umfram aðra landsmenn af því að afla sér neyzluvatns, verði að mestu leyti greiddur úr sameiginlegum sjóði landsmanna, og alveg sérstaklega þykir mér fráleitt, að umframkostnaðurinn verði tekjulind fyrir ríkissjóð með aðflutningsgjöldum af efni til framkvæmda við stofnæð, eða verulegur hluti af þeim fjárveitingum, sem Eyjabúar fá til þess að mæta þessum kostnaði, fari til greiðslu á aðflutningsgjöldum til ríkisins. Ég hef því lagt til með 5. og 7. brtt. minni á þskj. 152 annars vegar, að hækkað verði framlag ríkissjóðs til vatnsveitna í 10 millj. kr. með tilliti til þess, að ríkissjóður geti þegar á næsta ári tekið verulegan þátt í kostnaði við stofnæð vatnsveitu þeirra Vestmanneyinga, og hins vegar verði ríkisstj. heimilað að endurgreiða Vestmannaeyjakaupstað aðflutningsgjöld af efni til stofnæðar og vatnsgeyma vatnsveitunnar til Vestmannaeyja. Ég trúi ekki öðru en þeir hv. alþm., sem fyrir skömmu stóðu að því að heimila erlendu auðfélagi tollfrjálsan innflutning til framkvæmda, geti fallizt á þá aðstoð við Vestmanneyinga, sem ég hef hér lagt til að þeim verði veitt í sambandi við þær sérstöku stórframkvæmdir, sem þeir eiga nú í til þess að fullnægja einni af frumþörfum íbúanna í Vestmannaeyjum.

Fyrir 2. umr. fjárl. flutti ég brtt., sem felld var, þess efnis, að ríkisstj. væri heimilað að taka lán til þess að endurlána til byggingar dráttarbrauta. Ég gerði þá grein fyrir þeim framkvæmdum og þörfinni á stuðningi við þær og endurtek það ekki nú. En vegna þess að þess sjást engin merki, að ríkisstj. hyggist tryggja fjármagn í þessar framkvæmdir, flyt ég nú við 3. umr. till. varðandi þetta sama málefni í nokkuð breyttri mynd eða á þann veg, að ríkisstj. verði heimilað að taka allt að 15 millj. kr. lán til greiðslu á framlögum ríkisins til byggingar dráttarbrauta. Fyrir 2. umr. flutti ég einnig brtt. í þá átt að auka framlag til jarðhitarannsókna um 2.1 millj. kr. og lagði þá sérstaka áherzlu á nauðsyn þess, að slíkar rannsóknir færu fram í grennd við þéttbýlið hér við Faxaflóa, þar sem hagnýtur jarðhiti kæmi að hvað mestum notum. Sú till. mín fékk því miður ekki samþykki þá. En ég fagna því sérstaklega, að nú hefur náðst samkomulag um það í fjvn., að hún flytji brtt., þar sem gert er ráð fyrir að hækka framlag til jarðhitarannsókna um 2 millj. kr. og til þess verði heimiluð lántaka. Ég fagna því, að þessi till. kemur fram nú við 3. umr., og vænti þess, að um hana fáist samstaða allra hv. alþm.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Við 2. umr. fjárlagafrv. gerði ég grein fyrir afstöðu okkar Framsfl.-manna til frv. og lýsti stjórnarstefnunni í framkvæmd og fyrirheitum í sambandi við fjárlagaafgreiðslu. Ég þarf því ekki að fara mikið út í þau mál nú, en mun hins vegar víkja að því, sem fram hefur komið síðan, og þeim niðurstöðum og þeirri mynd af fjármálum ríkisins, sem fyrir liggur við lok fjárlagaafgreiðslunnar. En áður en ég vík að því, vil ég skýra frá því, að við höfum ekki, 1. minni hl., flutt aðrar brtt. við fjárlagafrv. en að taka upp aftur þá till., sem við tókum aftur við 2. umr. þess, þar sem ekki fékkst nein lausn á málinu á milli umr.

Þetta fjárlagafrv., sem hér liggur nú fyrir, er 4 milljarðar 711 millj. kr. Samkv. því, sem gera má ráð fyrir um tekjur ríkissjóðs á árinu 1966, má reikna með, að þær verði 4 milljarðar og 200—300 millj. kr. Það er því ljóst, þegar borin eru saman árin 1966 og 1967, að gera verður ráð fyrir því, að tekjur ríkissjóðs verði a. m. k. um 1/2 milljarð kr. hærri á árinu 1967 heldur en á yfirstandandi ári. Þetta segir okkur það, að verðbólga sú, sem verið hefur á þessu ári, þarf að haldast á næsta ári og gera betur þó til þess að skila ríkissjóði þeim tekjum, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Máli mínu til sönnunar um það, að fleiri hafa þá skoðun en ég, að verðbólgan þurfi að haldast, til þess að ríkissjóður fái þessar tekjur, vil ég — með leyfi hæstv. forseta — tilgreina hér ummæli úr ræðu hæstv. fjmrh., er hann flutti við 2. umr. fjárlagafrv., en þar segir m. a. svo, þegar hann hefur rætt um tekjurnar, sem verða á þessu ári:

„Þá hefði að sjálfsögðu þessi tekjuauki ríkissjóðs ekki komið til," — þá var hann að tala um verðstöðvunina, — „þannig að menn mega ekki hugsa sem svo, að ef hefði tekizt að stöðva dýrtíðina nú, væri nú gott ár, því að þá hefði ríkið ekki haft þær miklu tekjur, sem það hefur. Það er ósköp einfalt mál, að þannig verður þetta alltaf, að samhengi verður að vera á milli hlutanna."

Þetta voru orð hæstv. fjmrh., að ef verðstöðvunin hefði verið ríkjandi á þessu ári, hefði ríkissjóður ekki haft þann mikla tekjuauka, sem hann kemur til með að hafa nú. En samt gerir hæstv. ríkisstj. ráð fyrir því, jafnhliða því sem hún er að afgreiða hér frv. til l. um verðstöðvun, að hafa a. m. k. 500 millj. kr. meiri tekjur til ríkissjóðs á næsta ári en á yfirstandandi ári. Þetta sýnist mér, að sé ekki samhengi á milli hlutanna, sem hæstv. fjmrh. gat þó um, að yrði að vera.

En það er fleira, sem þarf að athuga í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu, heldur en það, hvað tekjur ríkissjóðs þurfa að verða mun meiri á næsta ári heldur en yfirstandandi ári og að tekjurnar byggjast á verðbólgunni. Annar þáttur í þessu fjárlagafrv. er sá, að það er ekki gert ráð fyrir því, að ríkissjóður hafi tekjur samkv. fjárlagafrv. til þess að greiða niðurgreiðslurnar nema til 1. nóv. Þá á verðstöðvununin að vera búin og einnig sá þáttur ríkissjóðs að greiða niður verðlag í landinu. Hvað tekur þá við? Nú verðum við að gera ráð fyrir því, að lífið haldi áfram, þó að 1. nóv. komi 1967. Ef tekinn er meðaltalsmánuður á niðurgreiðslunum árið 1967, mun ríkissjóð vanta 100—120 millj. kr. tekjur til þess að mæta niðurgreiðslum þessa tvo síðustu mánuði ársins, en fjárlagafrv. gerir ekki ráð fyrir, að ríkissjóð-

ur greiði neitt í niðurgreiðslur. Ef þetta hins vegar færi á þann veg, að hætt yrði við niðurgreiðslurnar 1. nóv., mundi það þýða, að vísitalan hækkaði um 25 stig. Þegar þetta er haft í huga, ætti öllum að vera ljóst, hvers virði það frv., sem var verið að afgreiða hér í hv. Nd. í gærkvöld, er íslenzku þjóðinni um verðstöðvun, þegar ekki er einu sinni gert ráð fyrir því að halda út um niðurgreiðslurnar samkv. fjárlagafrv., sem nú er verið að afgreiða. Og ef þeim yrði hætt, mundi það þýða hækkun á vísitölunni sem svarar 25 stigum. Hér er um mjög alvarlega atburði að ræða, og ég sé ekki, með hvaða hætti hæstv. ríkisstj. getur boðað þjóðinni trú á verðstöðvunarstefnu sína, sem hún hefur haldið uppi tali um síðustu daga, eftir að það er augljóst, að það er ekki einu sinni hægt að halda út árið 1967 um niðurgreiðslur, hvað þá lengur, og tekjuhlið fjárlagafrv. er byggð á því, að verðbólgan haldist og spennan í viðskiptalífinu.

Ég vil líka víkja að því, að í sambandi við þann málaflokk fjárlagafrv., er lýtur að ríkissjúkrahúsunum, er gert ráð fyrir því, að daggjöldin hækki um 50 kr. á dag frá 1. janúar. Fjármál sjúkrahúsanna eru byggð upp á þessu, og framlag ríkisins á 12. gr. er við það miðað. Nú er komin verðstöðvun í landinu, og það hefur áhrif t. d. fyrir bæjar- og sveitarfélögin. Ef þetta verður framkvæmt á þá leið, geta þau ekki komizt af með þá fjárhagsáætlun, sem þau hefðu að öðrum kosti getað komizt af með, ef daggjöldin hækkuðu ekki. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir 50 kr. hærri greiðslu á dag með hverjum sjúklingi á ríkissjúkrahúsunum, en verðstöðvunin bannar framkvæmdina. Hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að leysa þetta mál, er mér ekki alveg ljóst, en samhengi er ekki á milli hlutanna þarna frekar en í fyrri dæmum.

Ég vil líka benda á það, að á fjárl. fyrir árið 1965 er 10 millj. kr. greiðsla á 20. gr., sem er framlag Íslands til Alþjóðabankans, og í grg. fyrir fjárlagafrv. það ár er gert ráð fyrir því, að þessi greiðsla haldist næstu 5 árin. Nú mun hún hafa fallið niður á fjárl. fyrir árið 1966, og hún er ekki tekin upp heldur á fjárl. fyrir árið 1967. Það eru að vísu ekki stórar fjárhæðir í 5 milljarða fjárl., 10 millj. kr., en skemmtilegra hefði verið samt að hafa þær með á fjárlagafrv. því, sem nú á að fara að afgreiða.

Þá vil ég benda á það, að þetta fjárlagafrv. hefur ósköp svipuð einkenni og fjárl. fyrir árið 1959. Þá var farið inn á þá braut að taka inn á tekjuhlið fjárl. greiðsluafgang frá fyrra ári. Það voru 25 millj. kr., sem var áætlaður á tekjum fjárlaganna fyrir 1959 greiðsluafgangur frá 1958, og 30 millj., sem voru tolltekjur frá rafveitunum, sem einnig var reiknað með. Á þessu fjárlagafrv. er einnig farið að vísa á greiðsluafgang ársins á undan. Í sambandi við tæknisjóð landbúnaðarins, sem var verið að fjalla hér um í gær, er gert ráð fyrir því, að framlagið 1967 verði greitt af greiðsluafganginum 1966. Þannig er farið að í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna nú að nota greiðsluafgang frá fyrri ári. Og í annarri heimildargrein er einnig vísað til annarra útgjalda, í sambandi við kalskemmdirnar, á greiðsluafganginn frá 1966. Um það gegnir þó öðru máli. En að nota 10 millj. frá tekjuafgangi 1966 þýðir það, að á fjárl. 1968 verða tekjur að koma til þess að mæta þeim 10 millj., sem er gert ráð fyrir að verði á fjárl. þess árs.

En það eru fleiri málaflokkar, sem vísað er til framtíðarinnar í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu, heldur en þessir tveir, sem ég hef hér vitnað til, enda er þar um smáar upphæðir að ræða. En það eru málaflokkar eins og skólamálin, sem er stór og fyrirferðarmikill málaflokkur í okkar landi, sem ekki er að undra hjá ört vaxandi þjóð, sem eins og aðrar þjóðir gerir sífellt meiri og meiri kröfur til menntunar þegna sinna. Og nýlega hefur hæstv. menntmrh. gefið út tilskipun um það, að börn og unglingar skuli ljúka unglinganáminu innan veggja barnaskólanna. M. a. þessi ákvörðun hæstv. menntmrh. gerir það að verkum, að þörfin fyrir fleiri og stærri skóla vex og þörfin fyrir betra húsnæði í skólum vex að sama skapi. Við höfum á síðari árum byggt þó nokkuð mikið af skólum, en betur má, ef duga skal, því að hér er um framkvæmdir að ræða, sem ekki þola bið og verður að leysa jafnharðan, eins og þörfin krefur.

Samkv. þessu fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir nú, mun vanta 60—70 millj. kr., til þess að þær skólabyggingar, sem þar er gert ráð fyrir að samþykkja, hafi þær fjárveitingar, sem lög gera ráð fyrir. Þá miða ég við það, að 5 ára greiðslutímabilið nái a. m. k. til raunhæfrar áætlunar. Upp hefur verið tekin sú regla nú að láta greiðslutímabilið ná til þeirra 5 ára eða þeirrar áætlunar, sem upphaflega er miðað við, en leiðrétta aftur og taka þá tillit til verðhækkana á næstu þrem árum. Þetta þýðir í framkvæmd það, að skólar eru að fá sínar greiðslur til framkvæmdanna í 8 ár í staðinn fyrir 5. Þetta þýðir í raun og veru miklu meira en það, vegna þess að ef þetta hefði eingöngu náð til verðhækkana, eins og í upphafi var gert ráð fyrir, hefði þetta ekki verið mjög stórt mál, eins og það er víða nú. Nú hefur það hins vegar sýnt sig, að í sambandi við undirbúning að framkvæmdinni hefur sá skóli, sem byggður hefur verið, kannske verið meira en tvöfalt stærri miðað við það, sem upphaflega var ætlazt til, og þess vegna sú framkvæmd margfalt meiri en gert var ráð fyrir. T. d. vil ég nefna það, að húsmæðraskóli, sem er verið að byggja austur á Laugarvatni nú, — það er gert ráð fyrir 16 millj. kr. framkvæmd, — sú framkvæmd er ekki fokheld, en hún mun ábyggilega vera komin í 16 millj. og vel það. Fleiri dæmi mætti nefna, sem sýna, hvað undirbúningur víða er fráleitur og hvað þær áætlanir, sem upphaflega var miðað við, eru fjarri öllu lagi. Og þeir aðilar, sem fyrir framkvæmdinni standa, geta ekki leyst þessi mál, svo að viðunandi sé. Það hefði því verið full þörf á því við þessa fjárlagaafgreiðslu að taka til endurskoðunar og breytingar þessar áætlanir og gera

þær raunhæfar miðað við það, sem nú liggur fyrir. Hér er um stórmál að ræða, og ef áfram heldur á þeirri braut, að mismunurinn á milli áætlana og framkvæmdarinnar fyrir utan verðhækkun er svo mikill sem nú er, stefna þessi mál í mjög mikla tvísýnu.

Það hefur oft borið hér á góma og var mikið rætt af hæstv. fjmrh. við 1. umr. fjárlagafrv., hvað þessum undirbúningi væri ábótavant. Það er alveg ljóst, að hér þarf mjög að bæta um vinnubrögð, og það er ekki hægt að hugsa sér framkvæmdina eins og nú er, að ein ríkisstofnunin afgreiða þennan þáttinn, önnur hinn og svo, þegar komið sé til Alþ. og rn., sé í rauninni ekkert af því viðurkennt, sem búið er að gera. En þannig er það, að hjá húsameistaraembættinu eru margir skólarnir teiknaðir og undirbúnir, samþ. af fræðslumálastjóraembættinu, en þegar kemur svo til Alþ. og á að fara að afgreiða málið, hrýs mönnum hugur við þeirri breytingu, sem á hefur orðið.

Ég vil taka undir það, að þessi mál þarf að undirbúa betur en gert hefur verið, og það verður að hverfa að því að samþykkja á Alþ. raunhæfar áætlanir og miða fjárveitingar við það. Við komumst ekki hjá því að stórauka fjárveitingar til skólabygginga á næstu árum, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Þær skólabyggingar, sem nú eru í framkvæmd, krefjast þess, og þeir aðilar, sem fyrir þeim hafa staðið, geta ekki staðið undir þeim kostnaði, sem ríkinu ber að greiða, eins og þeir verða að gera nú. Þess vegna verður hér að verða á breyting, en það kostar nokkra tugi millj. að gera þá leiðréttingu.

Í sambandi við þetta fjárlagafrv. vil ég benda á það, að þar er engin fjárveiting umfram það, sem var í frv., þegar það var lagt fram í haust, til aðstoðar við atvinnuvegina, þó að mál atvinnuveganna hafi verið mál dagsins og mjög til umr. á yfirstandandi hausti. Hver ráðstefnan hefur verið haldin annarri meiri til þess að ræða ástand atvinnuveganna, togaranna, vélbátaflotans og frystihúsanna. Allar hafa þær lokið upp einum munni um það, að þessir atvinnuvegir gætu ekki haldið áfram starfsemi sinni án þess að fá aukið fjármagn til þess að leysa sín vandamál. Fjárlagafrv. gerir ekki ráð fyrir öðru en þeim 80 millj., sem eru á 16. gr., voru á fjárl. s. l. ár, og gert er ráð fyrir, að það verði það eina, sem ríkið kann að veita til aðstoðar við þessa atvinnuvegi. En þeim, sem hafa fylgzt með umr. um þessi mál, er ljóst, að vandamál þessara atvinnuvega verða ekki leyst með þessum 80 millj. Þegar þetta er haft í huga, til viðbótar því, sem ég hef hér sagt um niðurgreiðslurnar, um þá útgjaldaliði, sem vantar á fjárl., um ástandið í skólamálum, sjáum við, hvað þessi fjárlög eru fjarri raunveruleikanum. Verkefnið, sem þessi fjárlög þurftu að ná til, er miklu stærra og meira en hér er tekið til meðferðar. Það verður að bíða seinni tíma að leysa það eða annað fjármagn að koma til, ef um lausn á að vera að ræða.

Á þeim árum, sem hæstv. ríkisstj. hefur farið með fjármál í landinu, þ. e. frá 1960, — ég sleppi nú árinu 1959, — hefur ríkisstj. haft til meðferðar og ráðstöfunar hartnær 19 milljarða. Einhvern tíma hefði verið hægt að leysa mörg og mikil verkefni fyrir þær fjárhæðir. En þegar við lítum til þeirra verkefna, sem leyst hafa verið á þessum árum, og athugum fjármál þeirra, verður ljóst, að verulegar fjárhæðir eru geymdar til framtíðarinnar. Ég gat þess við 2. umr. fjárl., að það mundu vera um 65 millj. kr., sem vantaði, til þess að ríkissjóður hefði greitt sinn hluta af venjulegum hafnarframkvæmdum í árslok 1966. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef síðan fengið um landshafnirnar, þ. e. Rif á Snæfellsnesi, Njarðvíkurhöfnina og Þorlákshöfn þar með talin, er á 2. hundrað millj. kr. lán á þessum höfnum, sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður verði að standa undir í framtíðinni. Það mun því láta nærri, að það séu 200 millj. kr. ógreiddar í hafnarframkvæmdum þeim, sem búið er að gera á síðustu árum og ríkissjóður verður að greiða með tekjum sínum eftir árið 1967. Ég benti á það hér áðan, að það mundi þurfa um 70 millj. kr. á ári, til þess að lögum samkv. væri fullnægt fjárveitingum til skólabygginga þeirra, sem inn á fjárl. eru komnar. Flugvellirnir munu skulda í framkvæmdir um 10 millj. kr. Og samkv. því, sem fram kemur í skýrslu vegamálastjóra, sem liggur hér fyrir hv. Alþ., munu skuldir vega í landinu fyrir utan smærri skuldir, sem oft hafa átt sér stað í sambandi við væntanlegar fjárveitingar, en hinna stærri vega, skuldir í þeim munu vera um 300 millj. kr. Keflavíkurvegurinn kostaði um 270 millj. kr., Siglufjarðarvegurinn 30—40 millj. kr. á þessum árum. Það mun því láta nærri um þau einu verulega stóru átök, sem gerð hafa verið í vegamálum, að það séu skuldir á móti þeim, svo að framtíðin verði að greiða þau átök, sem búið er að gera í vegamálum. Þetta sýnir, að þessir 19 milljarðar, sem hv. ríkisstj. hefur haft til ráðstöfunar til ársloka 1966, — það er ekki talið með árið 1967, — hafa ekki nægt til þess að leysa þau verkefni, sem leyst hafa verið á þessu tímabili, og sáralítið af þeim, því að stóru átökin, bæði í vega- og hafnarmálum, bíða framtíðarinnar. Ef þessir liðir eru teknir saman, sem ég hef hér gert, þá sýnist mér, að í þessum framkvæmdaliðum séu skuldirnar um 500—600 millj. kr. Auk þessa er svo það, sem ég tók fram í upphafi máls míns, sem vantar til þess að ráða við verðbólguna árið 1967, og þeir smáliðir aðrir, sem þar eru ekki greiddir af tekjum ársins. Það ætti því hv. þm. að vera ljóst, að verkefnin, sem framtíðin þarf að fást við í fjármálum íslenzka ríkisins, eru ekki lítil og arfurinn, sem viðreisnin skilar á góðu árunum, er sorglega lítill. Það er aukin verðbólga og útgjöld, sem framtíðin verður að leysa, af því að tekjur góðæranna dugðu þar ekki til.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Á þskj. 146 berum við hv. 6. þm. Sunnl. og ég fram tvær till. til breytinga við fjárlagafrv. Fyrri flm. hefur fjarvistarleyfi hér í dag, og þess vegna vil

ég leyfa mér að mæla hér nokkur orð með þessum till. tveim. Þessar till. varða vatnsveitu Vestmannaeyjakaupstaðar, en framkvæmdir, sem hafnar eru þar og hófust á þessu ári, eru alveg einstæðar í sinni röð.

Erfiðleikar Vestmanneyinga til öflunar vatns hafa verið eitt mesta vandamál þeirra um langan tíma. Yfirleitt hefur það verið svo þar, að þeir hafa safnað rigningarvatni og notað síðan til heimilisþarfa. Þá hafa þeir sjóveitu, sem er allt að 35 ára gömul, og nota hana í sambandi við fiskiðnaðinn. Einnig hefur það komið fyrir, þegar þannig hefur staðið á um veðurfar, að vatn hefur verið flutt til Eyja frá landi með skipum. Hefur það að sjálfsögðu reynzt bæði mjög erfitt og dýrt. Þetta mikla vandamál hefur verið meðal Vestmanneyinga mjög til athugunar, og margvíslegar rannsóknir hafa átt sér stað á liðnum árum. Framkvæmdar hafa t. d. verið boranir dýrum dómum eftir vatni í eyjunum sjálfum, en þær ekki borið árangur. Loks var svo ákveðið og algjör samstaða um það í Vestmannaeyjum að sækja vatn til lands, undir Eyjafjöll, og leggja síðan leiðslur til eyjanna. Þetta mál varðar að mínum dómi og margra annarra ekki aðeins þá eyjaskeggja, heldur og alla landsmenn og það mjög miklu, þar sem um ræðir eina öflugustu verstöð og einn mesta útflutningsbæ landsins.

Ég veit um það, að í fjvn. á liðnum vikum hefur þetta mál verið íhugað og rætt. Í till. frá fjvn. sést, að hækkað er framlag af hálfu ríkissjóðs til vatnsveitna almennt upp í 6.8 millj. kr., og sú hækkun er að sjálfsögðu mjög þakkarverð á þessum lið, og væntanlega má gera ráð fyrir því, að um leið og þessi hækkun á sér stað, eigi nokkur hluti hennar og kannske verulegur að ganga til vatnsveitu Vestmanneyinganna. En við flm. þessarar till. teljum þó, að þessi fjárhæð, 6.8 millj., sé ekki meiri en svo, að hinar mörgu vatnsveitur aðrar, sem eru í framkvæmd eða nýlega hefur verið lokið við, þurfi þá fjárhæð til sín að mestu eða öllu, ef fullnægja á að nokkru marki ákvæðum laga um aðstoð til vatnsveitna almennt.

Í Suðurlandskjördæmi er t. d. ein stór vatnsveita í framkvæmd og að mestu fullokið. Það er svokölluð Þykkvabæjarveita. Þar, á þeim slóðum, var álíka erfitt um vik í sambandi við vatnsöflun og í Vestmannaeyjum, neyzluvatn varla til í Þykkvabænum, svo að viðunandi væri. En Djúpárhreppur lagði á s. l. ári í vatnsveituframkvæmdir, og eru vatnsleiðslur æðilangar. Vatnið er sótt upp í svokallað Selalækjarland á Rangárvöllum, og leiðslan liggur meðfram Ytri-Rangá að austanverðu langt niður eftir og síðan yfir ána og allt niður í Þykkvabæ. Mér hefur verið tjáð, að styrkur til þessarar vatnsveitu úr ríkissjóði þegar veittur sé 74 þús. kr. og vanti því 1½ millj. til þess að ná því marki, sem ber samkv. ákvæðum laga um aðstoð við vatnsveitur, ef vel væri.

Fleiri stórvatnsveitur eiga ófenginn styrk að mestu. Það er því auðsætt, að það mun ekki veita af þessari upphæð, að mestu leyti, 6.8 millj., til hinna annarra vatnsveitna en Vestmannaeyjaveitunnar.

Öll erum við sammála um það, að vatnsveitumálið sé í fremstu röð félagsmála og undirstaða velferðar og heilbrigði landsmanna, og því fer víðs fjarri, að einmitt á þessum lið, til styrktar vatnsveitum, eigi að spara sérstaklega, ef til sparnaðar á að grípa á annað borð. Það hljóta allir að vera sammála um það, að margir aðrir liðir eru á fjárlögum, sem grípa mætti á í því skyni, ef menn kærðu sig um. Þegar litið er til þess, hversu gífurleg framkvæmd er hér á ferðinni að því er snertir stofnkostnað og alla aðstöðu við framkvæmdir, verður að taka myndarlega á af hálfu ríkisins. Verkefnið er svo óvenjulegt og engin hliðstæða, að heitið geti. Vatnsleiðslurnar eru, eins og okkur er öllum kunnugt um, langan veg, bæði á sjó og landi. Stofnkostnaður alls er áætlaður nú um 76 millj. kr., bæjarkerfið er ekki talið með í þessari fjárhæð og þess að gæta, að í stofnkostnaðaráætluninni er miðað við það verðlag, sem nú er, og kaupgjald. Mér er tjáð, að áætlaður kostnaður við framkvæmdir við vatnsveituna árið 1966 sé 13 millj. kr. og 1967 24 millj. kr. og þá sé á næsta ári ætlunin að leggja neðansjávarleiðsluna.

Margt hlýtur svo að koma fram við þessa einstæðu framkvæmd, sem er óséð og valdið getur auknum kostnaði fram yfir áætlanir og verkið af þeirri sök m. a. dregizt mjög á langinn. Auk þess mætti hugsa sér það, að dýrtíðar- og verðbólguvöxtur geti átt sér stað á framkvæmdatímabilinu, sem er áætlað 1966—1971, og vissulega ber ríka nauðsyn til þess að koma þessari vatnsveitu upp samkv. áætlun. Á þessu ári hefur framkvæmdum, eftir því sem ég hef heyrt, miðað vel áfram eftir atvikum. Þó hefur veðrátta á köflum verið æðistirð og fremur til óhægri verka við störfin, vatnspípur hafa reynzt nokkuð gallaðar á stundum, og tafsamt hefur verið að skipta um pípur eftir þrýstiprófanir og margt af þessu tagi komið fram, eins og gengur, en að öðru leyti hefur verkið, eftir því sem mér er tjáð, gengið vel og í raun og veru framar vonum.

Undir þessum mikla kostnaði, sem hér ræðir, á svo bæjarsjóður Vestmannaeyja að standa, sem þegar hefur sett á sína fjárhagsáætlun stórfé, síðan á lagður að sjálfsögðu vatnsskattur, lántökur og svo framlag úr ríkissjóði. Þetta eru höfuðundirstöður undir kostnaðargreiðslum við fyrirtækið. Bæjarsjóður hefur þegar, ætla ég mega segja, lagt í framkvæmdir milli 11 og 12 millj. kr. á þessu ári. Í áætlunum, sem liggja fyrir, sýnist mér gert ráð fyrir vatnsskatti, sem er allhár og mér sýnist í fljótu bili vera margfalt hærri en er t. d. í Reykjavík eða Akureyri, svo að ég taki dæmi, en þetta er einungis áætlun. En vatnsveitulögin, sem ég hef minnzt hér á og vitnað til, sýnast gera ráð fyrir því, að hóflegur vatnsskattur sé jafnan lagður á og ríkissjóður miði þá framlag sitt við slíkan skatt. Að sjálfsögðu er svo

reiknað með því, að vatnsveitan taki stórlán, annaðhvort utan lands eða innan, nema hvort tveggja komi til. En um þetta atriði er það að segja, að enn sem komið er, er ekki fenginn, svo að vitað sé, neinn grundvöllur undir slíkar lántökur, og enginn vissa um það, hverjir eru lánamöguleikar né hvar þá er að finna eða með hverjum kjörum lán kunna að verða veitt.

Þegar alls þessa er gætt, sem ég hef leyft mér að rekja hér í örfáum dráttum, er auðsætt, að mikillar aðstoðar af ríkisins hálfu er þörf og hinnar fyllstu, sem með nokkru móti er auðið að inna af hendi.

Að áliti okkar flm. má styrkurinn alls ekki minni vera á fjárlögum fyrir næsta ár en vikið er að og farið fram á í till. Vatnsveitulöggjöfin frá 1947 gerir ráð fyrir því, að ríkisframlag megi nema allt að 50% af heildarstofnkostnaði. Í þessum till. okkar er nokkuð miðað við það, að stuðningur ríkisins komist nærri því marki og komi þá eftir hendinni nokkurn veginn eða eftir því sem framkvæmdir eiga sér stað.

Í till. okkar hinni fyrri, á nefndu þskj., 146, leggjum við til, að alls verði veittar til vatnsveitna á þessum ákveðna lið 10 millj. kr. og þar af til vatnsveitu Vestmannaeyja 5 millj., það verði hið beina framlag. Hin önnur till. okkar í lið IV á þskj. 146 er á þá leið að gefa bæjarsjóði Vestmannaeyja eftir aðflutningsgjöld af innfluttu efni til stofnæða, geyma og dælustöðva vatnsveitunnar.

Mér sýnist, að í þessum till. sé ekki stigið stærra spor en svo, að í fullu samræmi sé við þá löggjöf, sem við búum við í þessu landi um aðstoð til sveitarfélaga í sambandi við vatnsveitugerð, og jafnframt má segja það, að einnig sé í þessum till., sem eru verulegar hækkunartill., litið enn fremur til þess, hversu óvenjulega stórbrotin framkvæmd er hér á ferðinni.

Ég sé ekki, að í till. fjvn. varðandi þennan lið sé vatnsveita Vestmannaeyja nefnd. En hitt veit ég, að fjvn. ætlast til þess, að nokkur hluti og hann verulegur af þessari fjárhæð, 6.8 millj., gangi til vatnsveitu Vestmannaeyja. En það er ekki tekið af skarið í till. fjvn. um þetta atriði. Hins vegar höfum við flm. tekið sérstaklega fram, að af hækkun þeirri, sem við förum fram á, að gerð verði á þessum vatnsveitnalið, fari 5 millj. til vatnsveitu Vestmannaeyja, þannig að það sé bundið í lögum þetta framlag.

Ég sé, að hv. 10. landsk. þm., frsm. 2. minni hl. fjvn., flytur tvær till., sem eru líkar og þessi, sem ég hef hér greint. En till. okkar hv. 6. þm. Sunnl. ganga þó aðeins lengra og má segja nokkuð ákveðnari, en efnislegur munur er ekki neinn að marki. Ég sé það, að í till. hv. 10. landsk. í sambandi við heimildagr. er rætt um, að aðflutningsgjöld skuli endurgreiðast Vestmannaeyjakaupstað af efni til stofnæða og vatnsgeyma, en hjá okkur er einnig getið dælustöðva vatnsveitunnar.

Ég geri ráð fyrir, að brtt. okkar á þskj. 146 gangi á undan till. hv. 10. landsk. þm., svo að það má gera ráð fyrir því, að við eigum hans stuðning vísan ásamt stuðningi margra annarra, því að við flm. væntum þess, að þessum till. okkar tveim verði vel tekið og að hv. alþm. komi myndarlega til móts við hagsmuni Vestmanneyinga í hinu viðurhlutamikla stórmáli þeirra.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Á þskj. 137 flyt ég eina brtt. Hún er þess efnis, að fjárveiting til áfengisvarnaráðs verði hækkuð um 1 millj., úr 1.8 millj. í 2.8 millj., og að 1 millj. eða allt að einni millj. kr. verði varið til rannsóknastöðvar áfengismála, er stofnsett skuli á árinu 1967.

Ég þarf ekki að hafa langt mál um þessa till., ég get látið nægja að vísa til álitsgerðar áfengismálanefndar Alþingis, en sú nefnd var kjörin af Alþingi 1964, skipuð alþm. allra flokka og skilaði áliti nú á þessu ári. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa aðeins örlitinn kafla úr álitsgerð nefndarinnar, þar sem segir m. a.:

„Nefndin vill þó taka það skýrt fram, að hér er um mjög víðtækt verkefni að ræða, þ. e. a. s. rannsókn ástandsins í landinu í áfengismálum, og útilokað með öllu, að því verði gerð tæmandi skil á stuttum tíma við ófullkomnar rannsóknaraðstæður. Nefndin hefur ekki haft neina aðstöðu til að láta fram fara þær víðtæku félags- og læknisfræðilegu rannsóknir, sem eru undirstaða þess, að verkefni sem þessu verði gerð fullnaðarskil. Verður grundvallarrannsókn af því tagi að bíða betri tíma. Í þessu sambandi er einnig vert að geta þess, að félagslegar rannsóknir eru almennt mjög skammt á veg komnar hér á landi. Gjalda áfengismálin þess eigi síður en mörg önnur þjóðfélagsmál. Nefndin hefur m. a. orðið þess áskynja, að tölfræðileg og önnur úrvinnsla heimildargagna, sem geymd eru hjá embættum og stofnunum, er víðast mjög ófullkomin, og verður ekki úr bætt nema með sérstöku átaki. Æskilegar upplýsingar um eitt og annað liggja því síður en svo á lausu, og hlýtur nefndarskýrsla þessi að bera keim af því."

Þetta segir almennt um þetta málsatriði í álitsgerð áfengismálanefndar, en það er fyrsta till. eða ábending áfengismálanefndar, sem einmitt fjallar um það efni, sem till. mín snertir. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ábendingar nefndarinnar í því efni eru þessar: Efna þarf til víðtækra vísindalegra áfengisrannsókna hér á landi, bæði félagslegra og læknisfræðilegra. Kanna skal möguleika á samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina um slíkar rannsóknir. Telur nefndin rétt, að komið verði á fót sérstakri rannsóknarstofnun í áfengismálum og verði nú þegar valdir sérfróðir menn til þess að gera till. um skipulag slíkrar stofnunar."

Þetta er sem sagt fyrsta ábending áfengismálanefndar Alþingis, og ég flyt till. um örlitla fjárveitingu í þessu skyni, um, að á árinu 1967 verði varið allt að 1 millj. kr. til þess að undirbúa og koma þessari rannsóknastöð á laggirnar. Ég get ekki hugsað mér, að það sé

unnt án þess að hafa eitthvert fé tiltækt. Hér er um mjög merkt atriði að ræða, sem ég veit, að hv. alþm. skilja, og það er ekki nóg, að þm. geri till., ef ekki á að vera um leið gert mögulegt, að till. komist í framkvæmd. Mér eru það mikil vonbrigði, að hæstv. fjmrh., sem einmitt var formaður áfengismálanefndar Alþingis, skyldi ekki ætla í fjárlögunum nú eitthvert fé til þessa.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að segja hér nokkur orð í sambandi við þær umr., sem fram hafa farið. Þær umr. hafa allar að vísu verið mjög hófsamlegar og gefa því ekki tilefni til langra orðaskipta, enda hef ég ekki tilhneigingu til þess að lengja þessar umr. En það voru þó viss atriði, sem eru þess eðlis, að ég tel nauðsynlegt að taka þau til nokkurrar athugunar, og skal ég þá fyrst víkja að ýmsum einstökum atriðum, sem rætt hefur verið um, einkanlega í framsöguræðum hv. frsm. minni hl. nefndarinnar.

Þeir hafa báðir rætt hér allmjög framlög til skólamála, og get ég tekið undir það, sem þeir sögðu um það efni, að hér er um einn mesta vanda okkar að ræða í opinberum framkvæmdum. Ég vék að því mjög rækilega í fjárlagaræðunni í haust, að það væri nauðsynlegt að gera sérstök átök í þessu efni, ekki aðeins að fá auknar fjárveitingar til skólabygginga, heldur ekki síður að láta fara fram rækilegar rannsóknir á því, hvernig auðið væri að leysa þessi skólabyggingamál með ódýrari hætti. Það sjá auðvitað allir, að þegar 2—3 sveitarfélög eru að reisa skóla, sem kosta 30—50 millj. kr., er það slík geysileg byrði, að það auðvitað er hin brýnasta nauðsyn að reyna að kanna það mál ofan í kjölinn og leitast við að finna úrræði, sem gæti orðið til lausnar þeim vanda. Að þessu hefur verið unnið nú um alllangt skeið, og kemur auðvitað í ljós, að við margvíslega örðugleika er að stríða. En engu að síður verður að ljúka þeim athugunum, og þess er mjög að vænta, að á því finnist einhver lausn, sem geti stuðlað að ódýrari skólabyggingum, og tel ég, að það þurfi þá sérstaklega að taka til athugunar að byggja skóla meira sem „standard"-húsnæði og jafnvel að kaupa tilbúin hús, sem gætu lagt grundvöll að því, að hægt væri að ná niður þessum mikla kostnaði.

Það var einnig að því vikið, sem er rétt, að undirbúningur skólabygginga hefur verið mjög ófullkominn. Það var sagt hér, að það hefðu safnazt fyrir háar skuldbindingar, sem mundi vera vísað til framtíðarinnar, eins og það var orðað. Þetta er rétt að vissu leyti, en það held ég, að sé óhætt að segja, að það hefur ekki stafað af því, að ekki hefur verið fylgt fram ákvæðum laga um þetta efni, heldur er orsökin fyrst og fremst sú, hversu áætlanir hafa verið illa undirbúnar, og svo hins vegar, að verðhækkanir hafa orðið miklar á byggingartímabilinu. Þetta hefur verið greitt eftir föstum reglum, og frá þeim reglum hefur ekkert verið horfið, en vandinn auðvitað fer vaxandi ár frá ári, eftir því sem þeim skólabyggingum fjölgar, sem ekki er búið að ljúka greiðslu kostnaðar við. Þó að hér sé nú um meiri upphæð að ræða en áður, sem þannig bíður, brýtur það ekkert í bága við þær reglur, sem fylgt hefur verið, og ég efast um, að bagginn af þeim fjárhæðum sé nokkuð þyngri hlutfallslega en hann hefur áður verið. En ég skal fúslega taka undir það, að þetta þarf allt athugunar við frá mörgum hliðum og fyrst og fremst, að ég tel, frá þeirri hlið, að kannað verði, hvort ekki sé auðið að koma niður þessum mikla kostnaði við skólabyggingar.

Það var minnzt hér á vatnsveitumál Vestmannaeyja og fundið að því, að ekki kæmi fram frá fjvn., að tiltekin fjárhæð ætti að renna til þeirrar vatnsveitu. Það er ekki eðlilegt, að það komi fram, vegna þess að vatnsveita þessi og aðstoð við hana fer eftir gildandi lögum. Þeir Vestmanneyingar hafa undirbúið þetta mál mjög vel, og Efnahagsstofnunin hefur unnið með þeim í því, margvíslegar athuganir verið gerðar á rekstrargrundvelli þessa fyrirtækis og stofnkostnaði þess, og leitað hefur verið aðstoðar ríkisins með venjulegum hætti, annars vegar með ríkisábyrgð, sem þegar hefur verið samþ. að veita, og hins vegar að fá vatnsveitu þessa viðurkennda styrkhæfa. Þetta hefur verið gert, og það má gjarnan koma fram, að það er gert ráð fyrir, að vatnsveitan fái á næsta ári 3 millj. kr. upp í þann væntanlega styrk, sem veittur verður til hennar, og það verði staðfest frá félmrn., að vatnsveitan sé viðurkennd sem styrkhæf. Það, sem hér er um að ræða, er nægileg lausn á þessu máli í bili. Það hafa verið gerðar rækilegar athuganir á fjáröflun, og áætlanir eru uppi um það, og það liggur ljóst fyrir, að ef tekst að leysa það eftir þeim leiðum, sem þar er rætt um, er hægt að koma þessu mikla og mikilvæga mannvirki áleiðis með eðlilegum hætti. Við getum auðvitað alltaf deilt um það, hverjar fjárhæðir eigi að nefna í þessu efni, og það er auðvitað ekki nýtt, þó að maður sjái háar tölur og gerðar till. um það að gera meira en talið er fært að gera í bili. Út í þá sálma skal ég ekki fara, en aðeins benda á það, að ég tel með öllu útilokað að fara þá leið að gefa eftir tolla af efnivörum til þessarar vatnsveitu, því að það er þá vitanlega fordæmi, sem er gefið um allar vatnsveitur í landinu, og er ekki hægt að takmarka það við þessa vatnsveitu eina, því að þótt hér sé vissulega um mjög mikið og merkilegt mannvirki að ræða og sérstakt, skulum við ekki gleyma því engu að síður, að það eru ýmis sveitarfélög önnur, sem hafa lagt í mjög dýrar vatnsveitur á sinn mælikvarða, og ég efast um, að þau hafi sum meira bolmagn að þessu leyti heldur en Vestmanneyingar. En ég vonast til, að það, sem gert hefur verið í þessu efni, leysi með viðunandi hætti þetta vandamál Vestmanneyinga, og að sjálfsögðu verður staðið við bak þeirra um það að greiða fyrir þeim fjáröflunum, sem nauðsynlegar eru til greiðslu stofnkostnaðarins.

Hér var vikið að því, að það væri við mikinn vanda að glíma hjá sjúkrahúsunum, og það er vissulega rétt. Vaxandi tilkostnaður hefur lent með miklum þunga á þeim. Það var í haust samþ. daggjaldahækkun, 50 kr., og þá hafði verið ákveðið, að daggjaldahækkun, 100 kr., tæki gildi nú um næstu áramót. Og þetta var talið óumflýjanlegt til þess að leysa vandamál héraðssjúkrahúsanna. Svo sem ég gat um í fjárlagaræðunni, eykur þetta vanda ríkissjúkrahúsanna eða ríkisins í heild, vegna þess að tilkostnaðurinn við slíka daggjaldahækkun er, þegar allt kemur til alls, miklu meiri fyrir ríkið heldur en svarar tekjuauka ríkisspítalanna. En hér er vitanlega um höfuðvandamál að ræða fyrir sjúkrahús héraðanna. Það var á það bent hér áðan, að þessi hækkun bryti í bága við þá verðstöðvun, sem nú hefur verið ákveðin, en það er að sjálfsögðu mál, sem verður að taka til sérstakrar athugunar. Þessa áætlun um hækkun var búið að gera fyrir löngu, og það er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv., þeim útgjöldum, sem leiðir af hækkuninni af ríkisins hálfu, og eins og minnzt var á hér áðan, hlýtur það auðvitað að auka mjög stórlega vanda sjúkrahúsanna, ef það ætti nú að stöðva þessa hækkun til þeirra. Þetta er hins vegar mál, sem verður að taka til sérstakrar athugunar, en hefur, eins og ég sagði áðan, ekki áhrif á fjárl. sem slík, þar sem það er gert ráð fyrir því í áætlun þeirra, að þessi hækkun verði framkvæmd. Það hefur jafnframt verið gert ráð fyrir því í áætlunum um vísitöluhækkanir, hvaða áhrif þessi hækkun daggjalda hefði í því sambandi, þannig að það hefur að öllu leyti verið gengið út frá þessu atriði, að það kæmi til framkvæmda.

Það var á það lögð nokkur áherzla af frsm. hv. 1. minni hl., að þessi fjárlög sýndu það, að ekki yrði um neina verðstöðvun að ræða, vegna þess að þau byggðust á áframhaldandi verðbólgu. Þetta er misskilningur. Fjárl. hækka vitanlega mjög mikið frá fjárl. þessa árs, enda þótt útgjöld ríkisins raunverulega hækki ekki eins mikið og munurinn er á fjárl. og fjárlagafrv., eins og það lítur nú út, vegna þess að síðar hafa komið til á þessu ári, sem nú er að líða, margar af þeim hækkunum, sem við stöndum andspænis fyrir eitt ár í fjárl. ársins 1967. Það hefur hins vegar gerzt, að þróunin þetta ár og hin stóraukna viðskiptavelta í landinu, sem leitt hefur af mjög batnandi hag almennings á þessu ári, hefur leitt af sér stóraukna tekjur fyrir ríkissjóð, vegna þess að tekjuaukinn er fyrst og fremst af aðflutningsgjöldum, af beinum sköttum og af söluskatti, þannig að það hefur ekki komið til og er ekki heldur gert ráð fyrir neinum nýjum sköttum, þannig að þessi tekjuöflun, sem hér er um að ræða, hefur byggzt algerlega á hinni auknu veltu. Það hefur svo auðvitað komið á móti þessu stórfelldur útgjaldaauki, sem stafar frá árinu í ár, því verða menn að gera sér grein fyrir, en er ekki til kominn vegna þeirrar þróunar, sem menn gera ráð fyrir á næsta ári. Það er gengið út frá, að þá komi ekki til frekari útgjaldaauka, sem m. a. kemur fram í því, að það er lagt til að fella niður þær 108 millj., sem áætlaðar voru á 19. gr. fjárlagafrv. til þess að mæta launahækkunum, þar eð gengið er út frá því, að væntanlegar stöðvunaraðgerðir leiði til þess, að um kauphækkanir verði ekki að ræða eða hækkanir á öðrum tilkostnaði. Þetta hefur tekizt að gera án þess að byggja upp á nýrri verðbólguþróun.

Hv. frsm. 1. minni hl. sagði, að það væri sýnilegt, að gert væri ráð fyrir, að veltan eða tekjur ríkissjóðs á næsta ári yxu um allt að 500 millj. kr., og það gæti auðvitað ekki orðið, nema það væri gengið hreinlega út frá stórvaxandi verðbólgu eða fjárl. væru algerlega röng. Ég er honum algerlega sammála um það, að ef þetta væri svo, gæti það ekki komið til, nema áframhald yrði á hækkunum eins og á þessu ári. En þetta er hins vegar misskilningur. Það er gert ráð fyrir því í þeim áætlunum, sem fyrir liggja, að hækkunin frá árinu 1966 til 1967 varðandi tekjur ríkisins verði ekki nema um 200 millj. kr. samkv. þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið af Efnahagsstofnun og Seðlabanka nú fyrir mánuði. Hvort þetta stenzt, getum við auðvitað ekki nákvæmlega um sagt. — Það getur munað töluverðum fjárhæðum til eða frá, og vissulega er það svo, að það er teflt hér á yztu nöf. Það er gengið hér út frá því, að sú þróun, sem er nú á þessu ári, haldi áfram næsta ár. En það er miðað við þær tekjur, sem menn hafa nú. Það er ekki miðað við, að viðskiptavelta vaxi neitt að ráði. Það er gert ráð fyrir sama innflutningi og á árinu í ár, og þar af leiðandi er ekki byggt á því, að áfram haldi aukin velta að þessu leyti, heldur að sama ástand ríki. Það getur hins vegar vel verið, að það sé bjartsýni að gera ráð fyrir, að sami innflutningur geti orðið, og mismunandi samsetningur innflutningsins getur auðvitað valdið því, að það verði minni tekjur, sem fram koma, en ella. Þetta er auðvitað vandi, sem við stöndum alltaf andspænis, þegar um áætlun tekna ríkisins er að ræða, og það, sem við verðum að gæta að, þegar við afgreiðum fjárlög, er að áætla ekki vísvitandi rangt. Það er ég hv. talsmönnum minni hl. n. algerlega sammála um. En þessar tekjuáætlanir eru sem sagt byggðar á sama ástandi og nú er. Menn mega ekki miða við það, sem gert er ráð fyrir í fjárl. ársins í ár, vegna þess að þau eru ekki raunhæf, þar eð hin raunverulega þróun hefur orðið með allt öðrum hætti.

Hv. frsm. 1. minni hl. sagði, að í rauninni væru viss atriði í fjárl. eða viss útgjöld falin, þannig að það væri ekki gert ráð fyrir þeim, og benti á, að ekki væri ætlað fyrir niðurgreiðslum nema 10 mánuði ársins. Í þeim orðum hans gætti misskilnings að því leyti, að hann gekk út frá því, að því er mér skildist, að það væri ekki til fé til að greiða niðurgreiðslur nema 10 mánuði miðað við alla niðurgreiðslufjárhæðina. Þetta er misskilningur. Það er ætlað allt árið fé til þess að greiða allar

þær niðurgreiðslur, sem voru í gildi þar til nú í haust. Það eru aðeins þær auknu niðurgreiðslur, sem voru ákveðnar í samræmi við verðstöðvunarákvarðanirnar, sem eru áætlaðar í fjárl. til þess tíma, sem verðstöðvunarlögin eiga að gilda. Það er í rauninni ekkert eðlilegt við það að gera ráð fyrir tekjuöflun lengur en lög eiga að gilda hverju sinni. Það má hins vegar segja og spyrja: Hvernig á þá að fara að því? Á að láta vísitöluna þá hækka? Það skal ég ekkert um segja heldur. Það auðvitað verður að miðast við það ástand, sem ríkjandi verður næsta haust. Og það er einnig misskilningur hjá hv. þm., að ef yrði hætt þessum niðurgreiðslum, sem nú hafa verið ákveðnar, hækkaði það vísitöluna um 25 stig. Það eru allar niðurgreiðslurnar. Þær niðurgreiðslur, sem hafa verið ákveðnar á þessu hausti, munu nema 10—11 stigum. Hvað kann að verða gert, þegar þessi lög falla úr gildi næsta haust, skal ég ekkert um segja. Það er hins vegar ljóst varðandi þá peninga, sem vantar þá tvo mánuði ársins, ef það yrði niðurstaðan hjá þeim, sem þá fara með völdin, hverjir sem það verða, að halda áfram óbreyttri stefnu í þessu efni og samkomulag næst um það næsta haust við alla aðila, sem geti lagt grundvöll að því, að hægt verði að halda þeirri viðleitni áfram, þá er það vissulega engum vanda bundið að brúa það bil, sem þessir tveir mánuðir ársins gera kröfu til eða mynda. Það munu vera samtals tæpar 50 millj. kr., sem þar er um að ræða, og er ekki nema 1% af útgjöldum fjárl. Nú getum við auðvitað ekkert um það sagt í dag, hvort tekjurnar kunni að leyfa það að standa undir þessum 50 millj. kr. niðurgreiðslum til áramóta þá eða ekki, hvort þær kunni að fara fram úr áætlun, þær geta eins orðið undir áætlun, það vitum við ekkert um. En miðað við fjárl., eins og þau eru í dag, og það er raunar það eina, sem við höfum við að miða, vantar um 50 millj. kr., og það mun verða séð til þess, að miðað við óbreyttar aðstæður, sem nú eru, og horfur verði geymt það fé af greiðsluafgangi ríkissjóðs á þessu ári, að ef fé muni skorta næsta haust til þess að greiða þessar niðurgreiðslur til ársloka, verði hægt að gera það, þannig að það er fullkomlega raunhæft að gera ráð fyrir, að þetta sé hægt að gera, og það muni ekki skorta fé til þess.

Það er rétt hjá hv. þm., að það vantar framlag til Alþjóðabankans, 10 millj. kr., í frv. Það eru mistök, sem urðu bæði í fjárl. ársins í ár og í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, hreinlega vegna þess að við undirbúning frv. var þetta ekki athugað og kom í ljós fyrir mjög skömmu. Þetta að sjálfsögðu verður að reyna að leysa með samningum við Seðlabankann, sem hefur annazt þessar greiðslur, og ætti ekki að þurfa að koma að sök.

Varðandi það atriði, að það sé, eins og var orðað, leikinn sami leikur og árið 1959 varðandi viss útgjöld, sem sé þannig verið að fela, eru það tveir liðir, sem um er að ræða: Annars vegar framlagið til framleiðnisjóðs landbúnaðarins, sem kom til nú á þessu hausti, 30 millj. kr., 20 millj., sem eiga að greiðast nú fyrir áramótin og að sjálfsögðu er eðlilegt, að verði greiddar af fjárlögum þessa árs, og svo framlag vegna aðstoðar við bændur á kalsvæðunum frá árinu 1965, sem er vissulega einnig eðlilegt, að verði greitt af tekjum ríkissjóðs á yfirstandandi ári, þannig að það er aðeins þá um einar 10 millj. að ræða, sem kann að mega deila um, hvort hafi átt að greiðast með þessum hætti eða af tekjum næsta árs, og sjá auðvitað allir, að þarna er um tölu að ræða, er ekki skiptir nokkru máli, hvorki til né frá.

Það var sagt, að með þessum fjárl. væri verið að skjóta á frest mörgum óleystum þörfum. Það er vissulega svo, að það er skotið á frest mörgum óleystum þörfum. Það get ég fúslega fallizt á. En muna hv. þm. eftir því, að það hafi nokkurn tíma gerzt, að fjárlög hafi verið afgreidd, án þess að það hafi verið óteljandi þarfir, sem ekki hafi verið hægt að sinna og hafi orðið að bíða? Og ég er ósköp hræddur um, að það verði svo alla tíð.

Varðandi það, að núv. ríkisstj. hafi haft til meðferðar 19 milljarða, skal ég nú ekki út í þá sálma fara. Það er vafalaust rétt reiknað hjá hv. frsm. 1. minni hl. Hann er töluglöggur maður, og vitanlega er þetta geysileg upphæð. Það, sem máli skiptir nú í þessu efni og auðvitað hann og allir vita, er að gera sér grein fyrir því, hvernig viðhorfin hafa verið hverju sinni, og tölurnar einar segja ekki mikið. Þegar allt kemur til alls, þó að megi deila um, hvort það hafi verið einhverjar fjárhæðir, sem hafi mátt spara, tel ég ekki miklar líkur til, að það hefði orðið samkomulag um það hér á hinu háa Alþ. að spara ríkissjóði nokkrar teljandi fjárhæðir í þessu efni, þannig að þessir 19 milljarðar eru það, sem við höfum staðið andspænis að þurfa að mæta af ríkisins hálfu þessi árin, eða hvort sem það eru 19 milljarðar eða 30 milljarðar, það er aukaatriði í því efni, því að það, sem skiptir meginmáli, er, að ríkið verður að standa undir þeim skuldbindingum og kvöðum, sem á það eru lagðar og hafa verið lagðar af löggjafanum, og mæta þeirri þróun efnahagsmála, sem er hverju sinni. Við getum sagt, að sú þróun hafi ekki verið góð. Það er allt annað mál. Við getum um það deilt á öllum tímum, hvort þróun er æskileg eða ekki æskileg, og sýnist þá víst sitt hverjum um það eftir því, hvort menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Og það er nú einnig svo núna, að því fer víðs fjarri, að við, sem með stjórnina förum, séum ánægðir með þá þróun alla og sízt af öllu ánægðir með þá verðbólguþróun, sem verið hefur. Þetta er hins vegar það, sem í kjölfar þeirrar þróunar hefur komið, að ríkið hefur orðið að leggja fram þetta fé og það að sjálfsögðu að takast af borgurunum, og þýðir ekki um það að fást.

Ég held svo ekki, herra forseti, að það sé ástæða til þess að ræða frekar um þær till., sem hér liggja fyrir. Það hefði verið æskilegt að sjálfsögðu að geta mætt ýmsum þeim óskum, sem hér hafa verið fram settar. Ég hygg hins vegar, að fjvn. hafi reynt að meta það á

mjög raunsæjan hátt, og ég er henni mjög þakklátur fyrir, að hún hefur tekið mjög ábyrga afstöðu til afgreiðslu fjárlagafrv., og eins og sakir standa og hv. þm. sjá, miðað við þann nauma greiðsluafgang, sem er, þá er ekki auðið að ganga til móts við þær óskir aðrar, sem hér hafa verið fram bornar, ef við eigum að afgreiða fjárl. greiðsluhallalaus, og á það legg ég hina mestu áherzlu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 160, 161 og 165, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Að höfðu samráði við hæstv. fjmrh. og hv. formann fjvn. hef ég leyft mér að flytja brtt. við fjárlagafrv. á þskj. 161 um nokkuð breytta sundurliðun á gjöldum og tekjum ríkisútsvarpsins, á gjöldum og tekjum hljóðvarps og sjónvarps. Ástæðan til þess, að nauðsynlegt er að flytja þessar brtt., er sú, að þegar fjárlagafrv. var samið á sínum tíma, snemma á þessu ári, lágu ekki fyrir allar þær upplýsingar um tekjur og gjöld þeirra stofnana, sem hér er um að ræða, sem nú liggja fyrir. Þetta hefur að sjálfsögðu engin áhrif á niðurstöður fjárl., vegna þess að ríkisútvarpið stendur undir rekstri sínum með eigin tekjum. Hér er eingöngu um að ræða nokkra breytingu á tekjuliðum og gjaldaliðum, sem byggð er á núverandi horfum um rekstur stofnunarinnar á næsta ári. Frekari skýringa held ég, að sé ekki þörf á þessari till. Hún er sem sagt gerð til þess eins, að tölur fjárlagafrv. á næsta ári verði í sem nánustu samræmi við það, sem vitað er nú um tekjur og gjöld ríkisútvarpsins.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þrír þingmenn úr stjórnarandstöðunni, tveir hv. þm. Framsfl. og einn hv. þm. Alþb., hafa flutt brtt. við fjárl. um aukna fjárveitingu til vatnsveituframkvæmda í Vestmannaeyjum. Það er ekki nema gott eitt um það að segja, ef þm. vilja sýna vináttu og góðan hug til framkvæmdar ákveðinna mála. En ég hygg þó, að það hefði verið eins vel þegið og kannske betur þegið af Vestmanneyingum, hefði þessi vinarhugur komið í ljós, meðan þessir flokkar höfðu aðstöðu hér á þingi, því að Vestmanneyingar stóðu þá í margs konar framkvæmdum, en fengu því miður allt aðra fyrirgreiðslu en hugur þessara manna virðist standa nú til Vestmanneyinga. Í sambandi við þetta mál, vatnsveituframkvæmdir Vestmanneyinga, þykir mér rétt að gera nokkru ýtarlegri grein fyrir því en hér hefur þó verið gert af öðrum þm., þar sem ég tel, að ég muni vera því máli einna kunnugastur.

Heima í héraði var það ákveðið, þegar þetta mál var komið nokkuð á rekspöl, að vatnsveitan skyldi byggð upp þannig, að stofnæðar skyldu byggðar upp fyrir lánsfé, innanbæjarkerfið aftur fyrir álögur á bæjarbúa með beinum útsvörum. Það má segja, að hér sé um nokkuð tvíþætta framkvæmd að ræða, það er annars vegar stofnæðin, sem skv. lögum getur verið styrkhæf, og hins vegar innanbæjarkerfið, sem engin lög eru fyrir, að geti orðið styrkhæft. Innanbæjarkerfið er áætlað, að kosti um 16 millj. kr., og var í bæjarstjórn gert ráð fyrir, að það yrði framkvæmt á 3 árum og tekinn inn á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs í hvert sinn 1/3 af þessari áætluðu upphæð eða um það bil. Stofnæð hins vegar er gert ráð fyrir að kosti um 76 millj. kr., og hafa bæjaryfirvöld ávallt gengið út frá því, að það fé yrði að taka að láni og vatnsveitan yrði að standa undir því, að svo miklu leyti sem ríkissjóður greiddi það ekki sem stofnframlag.

Eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh., hefur Efnahagsstofnunin haft með höndum nú undanfarið útreikninga á fjárhagshlið málsins og einnig á framkvæmdahlið þess. Það er gert ráð fyrir, að stofnæðin verði framkvæmd á næstu 4 árum, þ. e. árin 1967—1971, og er þá vatnsveitan að þeim framkvæmdum loknum talin af sérfróðum mönnum nægja fyrir bæjarfélagið, þó að það þróist og vaxi eðlilega, þá muni vatnsveitan fullnægja bæjarfélaginu um allverulega langan tíma. Áætlun Efnahagsstofnunarinnar um fjárhagshlið málsins er byggð á 3 vatnsveitutöxtum. Ef reiknað er með lægsta vatnsveitugjaldinu, sem Efnahagsstofnunin hefur notað, mun þurfa að leggja vatnsveitunni til á næsta ári, árið 1967, tæpar 3 millj. umfram þær lántökur, sem taka þyrfti. Ég vil í sambandi við lántökur geta þess, af því að hv. 4. þm. Sunnl. virtist vera í nokkrum vafa um það, að nokkrar ráðstafanir hefðu verið gerðar til lántöku fyrir það fyrirtæki, þá vil ég geta þess, að aðalkostnaðurinn árið 1967 verður andvirði þeirrar leiðslu, sem lögð verður yfir sundið frá Landeyjasandi út til Vestmannaeyja og samið hefur verið um kaup á frá erlendu fyrirtæki. Það var strax í byrjunarviðræðum við þetta fyrirtæki sett það skilyrði, að þeir útveguðu lán fyrir öllu andvirði leiðslunnar. Samkomulag gat strax orðið um, að þeir útveguðu 5 ára lán með 7—8% vöxtum, en Vestmanneyingar sögðu þá strax, að það væri ekki nægjanlegt, lágmarkstími yrði að vera 10 ár, og er um það orðið samkomulag og staðfest á milli forsvarsmanna bæjarfélagsins og hins erlenda fyrirtækis, að andvirði leiðslunnar verði greitt með 10 ára skuldabréfi, annaðhvort með 7% eða 8% vöxtum, ég man ekki, hvora upphæðina er þar um að ræða. Miðað við þessa áætlun, sem Efnahagsstofnunin hefur gert um framkvæmdahlið málsins og um fjárhagshlið málsins, kemur fram, að það þarf tæpar 3 millj. umfram þau lán, sem þegar hefur verið samið um, umfram þau lán, sem við höfum ástæðu til að ætla, að Efnahagsstofnunin muni standa að með bæjaryfirvöldum í Vestmannaeyjum að útvega, og þá tel ég þá fyrirgreiðslu, sem er á fjárlögum og kemur fram í nál. meiri hl. fjvn. og hér var staðfest af fjmrh. að væri um 3 millj. að

ræða, — þá tel ég það eðlilega fyrirgreiðslu. Það er með þessari upphhæð séð fyrir því, að hægt er að byggja upp fyrirtækið, þann áfanga þess, sem ákveðið er að ljúka á árinu 1967, með alveg eðlilegum hætti. Það má að sjálfsögðu alltaf deila um það, hvað mikið á að veita í hvert sinn. En ég tel aðalatriðið það, sem fjmrh. hér lýsti yfir og Vestmanneyingum er nú orðið kunnugt að nokkru leyti, að loforð fyrir ríkisábyrgð fékkst árið 1965 fyrir þeim lánum, sem kaupstaðurinn þyrfti að taka vegna þessara framkvæmda, og í öðru lagi hefur verið staðfest, að þetta fyrirtæki verði gert styrkhæft skv. lögum, og nú er fyrsti áfanginn, sem er í fullu samræmi við það, sem Efnahagsstofnunin leggur til að þurfi á næsta ári, tekinn inn á fjárlög fyrir árin 1967, þannig að ætti að liggja alveg ljóst fyrir, að framkvæmdir gætu orðið eins og til hefur verið ætlazt, bæði af Vestmanneyingum og eins skv. áætlun Efnahagsstofnunarinnar.

Mér þykir rétt við þetta tækifæri, þar sem þetta stóra fyrirtæki og ég segi sérstæða fyrirtæki kemur nú í fyrsta sinn til afgreiðslu hjá hv. Alþingi í sambandi við fjárl., að gera nokkra grein fyrir því í stórum dráttum og aðdraganda þess.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Sunnl., að Vestmanneyingar hafa, held ég, undirbúið þetta mál mjög vel, þeir hafa kannað þær leiðir, sem fyrir hendi gátu verið til öflunar neyzluvatns, ekki hraðað sér meir en eðlilegt er, og endað á þeirri leið, sem ég vil segja í lengstu lög von, að við mundum komast fram hjá. Upphaflega var það kannað undir leiðsögn og forsjá jarðfræðinga og jarðhitadeildar ríkisins, hjá raforkumálaskrifstofunum, kannaður sá möguleiki, hvort vatn væri fáanlegt með jarðborunum úti í Vestmannaeyjum. Þetta var gert á tvennan hátt, fyrst með því, að framkvæmdar voru svokallaðar grunnboranir, þar sem farið var nokkuð niður fyrir sjávarmál, og þá með 7 eða 8 borholum þversum yfir eyjarnar, en þetta bar ekki þann árangur, sem vonazt var til og neitt var hægt að byggja á. Á árinu 1964, þrátt fyrir að jarðfræðingar töldu mjög litlar líkur, þá töldu Vestmanneyingar það þó sjálfsagt og töldu sér það skylt að ráðast í mjög kostnaðarsamar boranir, sem voru hinar svokölluðu djúpboranir, og var þá undir forsjá þessara sömu aðila framkvæmd jarðborun á 1565 m dýpi, án því miður nokkurs árangurs. Það var með þessum aðgerðum talið af sérfræðingum, sem um þetta mál fjalla f. h. ríkisins, alveg gengið úr skugga um það, að vatnsveita í Vestmannaeyjum yrði ekki byggð eftir þeirri leið, að vatn fengist með jarðborunum.

Það, sem Vestmanneyingar gerðu sér lengi vel mjög miklar vonir um til að leysa þetta mál, var, að hægt væri að vinna neyzluvatn úr sjó. Það var um 5 eða 6 ára skeið fylgzt mjög náið af trúnaðarmanni kaupstaðarins, þáverandi bæjarverkfræðingi, með allri frambróun, sem varð í þessu máli, sérstaklega þó hjá þeirri deild ráðuneytisins í Washington, sem þessi mál heyra undir þar. Bæjarstjórn fékk árlega og stundum oft á ári allýtarlega skýrslu um þessi mál og þróun, sem á þeim varð, og vonuðum við lengi vel, að að því mundi koma, að stökkbreyting yrði í þessum málum, þannig að með til þess að gera litlum kostnaði yrði hægt að vinna neyzluvatn úr sjó. Það hefur aftur því miður sýnt sig, að þó að þetta sé gert víða um heim í mjög stórum stíl, miklu stærri stíl en um er að ræða fyrir Vestmanneyinga, þá er þessi framleiðsla svo dýr, að hún verður mun dýrari, bæði í rekstri og upp undir það eins dýr í stofni og um leiðslur frá meginlandinu sé að ræða, þannig að eftir — ég vil segja 5—6 ára athugun var horfið frá þessari hugmynd og hún reyndist okkur því miður ekki raunhæf.

Þegar kom að því að undirbúa tæknilega þá hlið málsins að leggja leiðslur frá landi út til Eyja, þá kom það í ljós, að hliðstæða fyrir slíkri lögn var hvergi til, ekki einu sinni á Íslandi, hún var hvergi til í Evrópu. Norðmenn höfðu að vísu á undanförnum árum gert nokkuð að því að leggja vatnsleiðslur í sjó, en það var eingöngu um leiðslur innanskerja við Noregsstrendur að ræða. Leiðslur, sem þarf að koma yfir til að koma vatni út til Vestmannaeyja, eru fyrir opnu hafi, þar sem fyrir liggur, að ölduhæð getur orðið allt að 15 m. Þessi aðstaða er hvergi þekkt í Evrópu, þannig að engin hliðstæða er til og engin reynsla til að byggja á hjá öðrum þjóðum um þetta atriði. Vestmanneyingar voru komnir mjög vel á veg með að semja við norskt fyrirtæki um að leggja óvarða plastleiðslu yfir sundið. Þeir voru að vísu alltaf nokkuð uggandi um, að þetta mundi, þó að tækist að leggja það, ekki halda til frambúðar. Þegar þetta mál var komið mjög langt, komið í umræður um samninga við það norska fyrirtæki um greiðslu fyrir verkið, barst bæjarstjórninni tilboð og sýnishorn af leiðslu frá bandarísku fyrirtæki, sem um nokkurt skeið hafði framleitt leiðslur, sem sérfræðingar töldu að ættu og mundu duga þá leið, sem fyrirhugað var að leggja leiðsluna út til Eyja. Það er raunverulega ekki um vatnsleiðslu að ræða, heldur miklu frekar um holan neðansjávarkapal, sem þó þolir mikinn þrýsting innan frá og er mun sterkari en venjulegur neðansjávarkapall. En því miður reyndist verð á þessari vöru frá Bandaríkjunum svo hátt, að óhugsandi var að byggja vatnsveituna á því, Vestmanneyingar yrðu að taka á sig svo mikil útgjöld, bæði í sambandi við uppbygginguna og án efa í sambandi við niðurgreiðslu á lánum í sambandi við það, að þetta var talið varla framkvæmanlegt. Við komumst þá, vil ég segja, kannske af tilviljun í samband við umboðsmann eða sölumann frá danska fyrirtækinu N. K. T. (Nordisk Kabel Tovfabrik), sem Vestmanneyingum var að góðu kunnugt, eftir að það hafði lagt rafstrengina á milli lands og Eyja. Þá komumst við í samband við fulltrúa þess fyrirtækis og lögðum okkar áætlun fyrir hann og óskuðum eftir að fá að vita, hvort þetta fyrirtæki, sem er eitt af heimsþekktum

fyrirtækjum í framleiðslu á köplum, bæði neðansjávarköplum og jarðköplum, hvort þetta fyrirtæki mundi geta leyst þetta mál okkar, bæði tæknilega og einnig á þann hátt, að það væri fjárhagslega viðráðanlegt. Eftir mjög ýtarlegar viðræður við verkfræðinga og forsvarsmenn þessa fyrirtækis, sem bæði bæjaryfirvöld og tæknilegur ráðunautur bæjarins áttu við þá aðila, voru þeir tilbúnir að gera á sinn kostnað tilraunir við framleiðslu á slíkri leiðslu. Það hefur tekið þá nokkra mánuði, ég vil segja 6—8 mánuði, að komast að niðurstöðu um það, að þeir gætu framleitt slíka leiðslu tæknilega séð, sem hefði það þol, bæði þrýstingsþol innan frá og eins þann styrkleika til að verjast áföllum utan frá, sem áskilið var frá hendi Vestmanneyinga. Verðið virtist einnig, sem betur fer, vera allt annað og mun lægra en frá hinu bandaríska fyrirtæki, og hygg ég, að það stafi fyrst og fremst af því, að bandaríska fyrirtækið taldi það mikið verk að koma leiðslunni í heilu lagi hingað upp til Íslands og ganga frá lagningu á henni. Það vill aftur svo til, að hið danska fyrirtæki á mjög hentugt skip til þessara hluta, þannig að það getur skilað leiðslunni í þrennu lagi, hverjum parti 4½ km að lengd, og komið með hana í einu lagi á skipi hingað til landsins, og eru samningar um það, og ég vil segja, að þeir samningar eru komnir alveg á lokastig. Virðist, sem betur fer, ekkert geta komið í veg fyrir það lengur, og þá munu þeir geta skilað leiðslunni í júnímánuði næsta sumar.

Ég ætla ekkert að fara að orðlengja um þörf Vestmanneyinga fyrir þessa framkvæmd. Þetta mál hefur að sjálfsögðu verið mikið rætt innanbæjar í kaupstaðnum, nokkuð komið til umræðu hér á Alþingi, bæði hjá hv. 4. þm. Sunnl. áðan og reyndar áður. En ég hygg, að öllum sé ljóst, að í dag er ekki hægt að reka kaupstað af þessari stærð, 5 þús. manna kaupstað, án þess að það sé fyrir hendi nægjanlegt neyzluvatn og það vatn, sem til iðnaðar þarf. Þetta hefur að vísu verið fram að þessu gert í Vestmannaeyjum. Þó að við höfum orðið kannske eitthvað að líða fyrir það, þá hefur þó rekstur bæjarfélagsins gengið með eðlilegum hætti, íbúum hefur fjölgað þar ekki síður en annars staðar og meira en sums staðar annars staðar utan þéttbýlisins hérna við Faxaflóa. En þetta er auðvitað það, sem koma verður fyrir yngri kynslóð, og ég vil segja, að við getum verið mjög ánægð með það, sem þarna búum, að við sjáum nú loksins fram á það, að þetta mál verður leyst að nokkru leyti þegar á næsta sumri og endanleg lausn verður komin eftir til þess að gera stutt árabil.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, að miðað við niðurstöður og áætlanir Efnahagsstofnunarinnar tel ég, að fyrirgreiðsla fjárveitingavaldsins í sambandi við þetta verk sé með eðlilegum hætti, þar sem það liggur alveg ljóst fyrir, að þessi framkvæmd getur gengið með þeim hraða og þann hluta hennar, sem ákveðið var að vinna á næsta ári, er hægt að framkvæma, miðað við þær áætlanir, sem gerðar hafa verið, og miðað við það, sem Vestmanneyingar hafa á undanförnum árum stefnt að.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Það eru hér nokkrar tillögur til viðbótar frá fjvn., sem ég vil leyfa mér að koma á framfæri. Vegna þess að þær eru svo seint fram komnar, að flytja þarf þær skriflega, bið ég forseta að leita afbrigða fyrir þeim.

Það er í fyrsta lagi við 17. gr. II, 3. töluliður, teikningar verkamannabústaða, að fyrir 100 komi 150.

Í öðru lagi við 16. gr. A., 4. tölul., búreikningaskrifstofa á vegum Búnaðarfélags Íslands, launaliður, fyrir 390 þús. kemur 550 þús.

Í þriðja lagi er um orðalagsbreytingu að ræða á tillögu n. á þskj. 135 við 22. gr. XXVIII, liður: Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir Alþýðusamband Íslands og önnur launþegasambönd vegna byggingar orlofsheimila. Hér er aðeins um rýmra orðalag að ræða en er í hinni tillögunni.

Í fjórða lagi er svo till. við 14. gr. B., 24. tölul.: Til byggingar húsmæðraskóla, til undirbúnings framkvæmda. Það verður þá 10. tölul., til húsmæðraskólans að Laugum 100 þús. kr. [Frh.]

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 169) leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason) [frh.]: Ég vænti, enda þótt þessar brtt. komi svona seint fram, að alþm. geti fallizt á að samþykkja þær.

Út af þeim umræðum, sem hér hafa farið fram, síðan ég hafði framsögu fyrir till. n., vildi ég aðeins segja nokkur orð.

Varðandi þær athugasemdir, sem komu fram frá samnefndarmönnum mínum í minni hl. n., þeim hv. 3. þm. Vesturl. og 10. landsk., sem sérstaklega var í sambandi við skólamálin, vil ég segja það, að það, sem ég benti sérstaklega á varðandi þá reglu, sem fjvn. hefur tekið upp um fjárveitingar til skólamála, og það, sem hefur farið mest úr skorðum í þeim efnum, byggist ekki á því, að þær hækkanir, sem hafa átt sér stað á byggingartímabilinu, hafi færzt svo mikið úr skorðum, heldur á hinu, að það hefur verið breytt svo mikið til um sjálfar byggingarnar, frá því að upphaflega áætlunin var gerð og þar til skólabyggingunni lauk. Þar munar langmestu. Þess vegna hefur orðið að fara inn á þá leið að deila því, sem safnazt hefur saman á byggingartímabilinu, á þessum 5 árum, og því síðan skipt niður á 3 ár. Báðir þessir hv. þm. héldu því fram, að það þyrfti að gera miklu betur í þessum efnum en gert væri í þessu fjárlagafrv. Vissulega er það rétt, að það væri æskilegt, að það væri hægt að taka meiri og stærri áfanga í byggingu skóla hér í landinu heldur en þessar fjárveitingar leyfa. En hitt vil ég benda á, sem ég

hef þó gert áður við sama tækifæri, að ef við berum saman þær niðurstöður, sem liggja fyrir frá tímabili vinstri stjórnarinnar, og þær fjárveitingar, sem nú er varið til þessara framkvæmda, þá er þar ólíku saman að jafna. 1958 eru fjárveitingar til allra skólabygginga í landinu samtals að upphæð 19 millj. 300 þús. kr. Í þessu fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, er hins vegar þessi upphæð 162 millj. kr. Ef við svo gerum okkur grein fyrir þeirri breytingu, sem hefur átt sér stað á byggingarkostnaðinum á þessu tímabili, skv. þeim upplýsingum, sem liggja fyrir frá hagstofunni, þá var byggingarvísitalan 1958 134 stig, í dag er byggingarvísitalan skv. upplýsingum hagstofunnar hins vegar 298 stig. Það er því augljóst mál, að enda þótt við tökum þessa hækkun, sem átt hefur sér stað á byggingarkostnaðinum, og tökum líka með í reikninginn þá fólksfjölgun, sem eðlileg er og átt hefur sér stað í landinu á þessu tímabili, þá þyrfti þessi upphæð ekki að vera til þess að jafnast á við fyrra tímabilið nema rúml. 42 millj. kr. Hér er því staðið þannig að þessum málum, að upphæðin er hér um það bil fjórum sinnum meiri, hún er sem sagt ferfalt meiri en átti sér stað á þeim tímum, sem þessir góðu hv. þm. fóru með völdin í landinu.

Það er annað, sem talar líka nokkuð skýru máli í þessum efnum og sýnir þróunina í skólamálum landsins. 1958 eru samtals um 90 farskólahverfi starfandi víðs vegar um landið. Í dag er þessi tala komin niður í 23 farskólahverfi. Ég vil segja, að þetta talar skýru máli um þá þróun, sem átt hefur sér stað í skólabyggingum hér á landi á þessu tímabili. Og það er að sjálfsögðu bein afleiðing af þeim miklu og stórkostlegu skólabyggingum, sem átt hafa sér stað í dreifbýlinu, að á þessu tímabili hefur farskólum getað fækkað sem raun ber vitni, svona mikið, ég vil segja hálfgerðu vandræðafyrirkomulagi, sem allt til þessa hefur víða þurft að bjargast við.

Í fjárlagafrv. er í 22. gr. XVI lagt til, að heimilað verði að kaupa fasteignir af S. Í. S. við Kirkjustræti vestan alþingishússins. Tillaga þessi var rædd í nefndinni. Nm. óskuðu ekki eftir að gera breytingar á till., en þeir óskuðu hins vegar eftir, en mér láðist að geta þess í framsögu, að taka það fram, að þessi kaup séu ekki á neinn hátt í tengslum við hugsanlega byggingu alþingishúss, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins. Eins og ég sagði áðan, láðist mér að geta þess í framsögu, sem meðnm. mínir óskuðu eftir, að ég kæmi á framfæri í sambandi við þennan lið í fjárlögunum, og ég hef þá gert það hér með.

Að svo komnu máli sé ég ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta að þessu sinni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt hér nokkrar brtt. við fjárlagafrv. og við brtt. fjvn., en brtt. mínar eru á þskj. 146.

Í fyrsta lagi er um að ræða breyt., sem varða skólabyggingar. Hin fyrsta till. mín er um, að gert verði ráð fyrir lítils háttar fjárveitingum til barnaskólabygginga á tveim stöðum á Austurlandi til undirbúningsframkvæmda, en það er til byggingar leikfimihúss í Höfn í Hornafirði 250 þús. kr. og til byggingar barnaskóla á Fáskrúðsfirði 250 þús. kr. Á báðum þessum stöðum er brýn þörf fyrir þær framkvæmdir, sem sótt er um leyfi til þess að byggja. Á Höfn í Hornafirði skortir tilfinnanlega aðstöðu til leikfimikennslu, en á Búðum í Fáskrúðsfirði er orðin mjög brýn þörf á því að stækka barnaskólahúsið, svo að hægt sé með eðlilegum hætti að koma þar fyrir bæði barnakennslu og unglingakennslu. Ég sé ekki ástæðu til þess að skáganga beiðni þessara tveggja staða um það, að framkvæmdir þeirra á þessum sviðum séu viðurkenndar og það megi ætla til þeirra eins og til margra annarra staða lágmarksupphæð í sambandi við undirbúningsframkvæmdir. Það skiptir staðinn allmiklu máli að fá slíka viðurkenningu, því að hér er um að ræða, að lagt er í ýmiss konar kostnað í sambandi við undirbúning málsins, en þetta skiptir vitanlega engu höfuðmáli í sambandi við fjárhagshlið fjárlaga. Ég vænti því, að hv. þm. geti fallizt á að samþ. þessar tillögur mínar, sem eru í fullu samræmi við það, sem gildir um ýmsa aðra staði.

Þá legg ég í öðru lagi til varðandi gagnfræðaskólabyggingar, að varið verði 900 þús. kr. til byrjunarframkvæmda að byggingu heimavistarhúsnæðis við gagnfræðaskólann í Neskaupstað, en flyt auk þess aðra till. um sama efni sem varatillögu, ef ekki fæst samstaða um aðaltill., að varið verði 250 þús. kr. til undirbúningsframkvæmda í sambandi við byggingu þessa heimavistarhúsnæðis við gagnfræðaskólann í Neskaupstað.

Ég verð satt að segja að lýsa því yfir, að mér þykir alveg furðulega vera staðið að afgreiðslu þessa máls, sem varðar byggingu heimavistar við gagnfræðaskóla í Neskaupstað, og get ekki annað séð en að þar sé látin gilda önnur regla en um allar aðrar í landinu. Þannig er ástatt við þennan skóla, að skólahúsnæði gagnfræðaskólans í Neskaupstað er orðið allt of lítið. Það er tvísett þar í allar kennslustofur, en auk þess fer svo fram allmikil kennsla í skólanum þar að auki og allmikið af unglingum á Austurlandi sækir til þessa skóla úr nágrannabyggðarlögum, og það hafa því komið upp óskir um það, að byggð yrði heimavist við gagnfræðaskólann í Neskaupstað fyrir aðkomunemendur og einnig til þess að leysa önnur húsnæðismál þessa skóla. Samkv. ráðleggingum fræðslumálastjóra og skólaeftirlitsmanns og í fullu samráði við menntmrh. var gerð teikning af heimavistarhúsnæði fyrir gagnfræðaskólann og allar áætlanir gerðar. Þessar áætlanir eru búnar að liggja fyrir fjvn. og framkvæmdavaldinu núna í á þriðja ár, en till. hafa ekki fengizt teknar upp við afgreiðslu fjárl., ekki einu sinni um það, að þessi framkvæmd sé viðurkennd sem undirbúningsframkvæmd, þó að teikningar og allt liggi fyrir og hafi þegar verið greiddar, að vísu af þeim aðila, sem hér á hlut að máli.

Þetta er mjög undarlega að málum staðið og alveg furðulegt, að þeir, sem fara með æðstu stjórn þessara mála, skuli fyrst ráðleggja mönnum að ráðast í framkvæmdakostnað, en síðan neita því á eftir, að taka megi upp þessa framkvæmd og viðurkenna formlega á fjárl. Ég sneri mér því fyrir ári til menntmrh. skv. beiðni bæjarstjórnarinnar í Neskaupstað og spurðist fyrir um það, hvort Neskaupstaður mætti ráðast í þessa byggingu fyrir eigið fé, án þess að leitað yrði að sinni eftir nokkurri fjárveitingu frá ríkinu. En ég fékk stift nei við þessari beiðni, slíkt væri ekki hægt, vegna þess að framkvæmdin hefði ekki fengið neina viðurkenningu enn á fjárl., ekki einu sinni þessa litlu byrjunarfjárveitingu, sem nefnd er á liðnum til undirbúningsframkvæmda.

Nú hefur enn verið sótt um það, í þriðja skipti, að fá þessar framkvæmdir viðurkenndar og engin höfuðáherzla lögð á það, að hinn aumi ríkissjóður þurfi að áætla stóra fjárveitingu til framkvæmdarinnar, heldur aðeins að áætla hér einhverja smáupphæð til viðurkenningar, svo að ekki sé hægt að neita um það, að heimastaður megi byggja fyrir eigið fé í því tilfelli, þar sem um nauðsynjaframkvæmd er að ræða. En þá bregður svo við, að enn fáum við neitun um, að það megi viðurkenna þessa framkvæmd sem undirbúningsframkvæmd. Það er svo saga út af fyrir sig, að þeir verða svolítið skrýtnir í framan, þessir háu yfirmenn fræðslumála, þegar rætt er við þá um það, hvernig á þessu standi, hvað sé hér eiginlega í veginum. Mér dylst það að vísu ekki, að hér er um freklega misbeitingu á valdi að ræða. Hér er verið að mismuna aðilum á hinn herfilegasta hátt, vegna þess að tilteknir aðilar vilja koma í veg fyrir það, að byggt sé tiltekið skólamannvirki á þessum stað.

En hvað um það, það þýðir kannske ekki að deila við dómarann. En það er rétt, að það fái að koma alveg skýrt fram, hverjir það eru, sem neita Neskaupstað um það að fá að leysa vandamál sín í sambandi við skólamál, og það einnig á þeim grundvelli, þegar þeir bjóðast til að leggja fram fjármunina sjálfir. En þannig liggur málið fyrir nú. Af þessum ástæðum hef ég flutt tvær till. um þetta mál: Annars vegar um það, sem mér þykir fullt réttlæti standa til, að varið verði 900 þús. kr. til þessarar framkvæmdar, þ. e. sem þátttöku í framkvæmdakostnaði. En ef ekki er hægt að fallast á það, vegna þess að svo sé naumt siglt fjárhag ríkissjóðs, þá fer ég fram á, að það sé tekin lágmarksupphæð, 250 þús. kr., undir liðnum til undirbúningsframkvæmda. Og vel mætti semja um það eflaust á milli bæjarstjórnarinnar í Neskaupstað og fjmrn., að þeir gætu sloppið við að borga þessar 250 þús. kr. um einhvern tíma, ef það stendur á því, ef hægt væri að fá viðurkennda framkvæmdina, þannig að hægt væri að athafna sig í þessum efnum eins og þarfir standa til. Ég trúi því satt að segja ekki, að það eigi eftir að koma hér fram við atkvgr., að meiri hluti þm. vilji beita þennan stað slíkum órétti eins og virðist hafa orðið niðurstaðan hjá meiri hl. fjvn. í þessu tilfelli.

Þá hef ég leyft mér að flytja hér brtt. við 17. gr. fjárl. um það, að tekinn verði þar upp nýr liður, 1 millj. króna til þess að koma upp sjómannastofum á Austfjörðum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Það hefur allmikið verið rætt um, að það væri mikil þörf á því að koma upp sjómannastofum í sjávarplássunum á Austurlandi til þess að bæta nokkuð aðstöðu þeirra hundraða sjómanna, sem verða að vera þar tímunum saman frá heimilum sínum við lélega aðbúð í mörgum greinum, og ég hef veitt því athygli, að m. a. þm. úr öðrum stjórnarflokknum hafa verið að leggja fram till. hér á Alþ. um það, að ráðstafanir yrðu gerðar í þessa átt. Aðeins í einu byggðarlagi fyrir austan hefur verið ráðizt í það að koma upp myndarlegri sjómannastofu af þessari tegund, og það er í Neskaupstað, og þar hefur allur stofnkostnaðurinn hvílt á bæjarfélaginu sjálfu, og ætla ég, að enginn hafi séð eftir þeim peningum, sem í það hafa farið. En hins vegar skortir mjög á með þessar sjómannastofur á öðrum stöðum á Austurlandi og því finnst mér í rauninni það minnsta, að Alþ. samþ. till. um að verja 1 millj. kr. í þessu skyni, að leysa nokkuð úr þessu vandamáli, þó með því skilyrði, að jafnmikið framlag komi annars staðar frá á móti til framkvæmda í þessum efnum. Ég held líka, að þeir, sem hér eiga aðallega hlut að máli, þ. e. a. s. síldveiðisjómennirnir, sem dveljast á Austurlandi, eigi fyllilega skilið af ríkisheildinni, þó að slíkt framlag yrði greitt í þessu skyni sem hér um ræðir.

Í mínum augum er það svo, að það reynir nokkuð á það, hvort menn meina eitthvað með fögrum orðum, sem þeir láta falla í þessa átt, hvort þeir vilja greiða eitthvert fé af höndum til þess að leysa vandann, því að það þarf meira en bara að flytja till. um það, að málið sé athugað.

Þá hef ég leyft mér að flytja hér brtt. við 20. gr. fjárlaga, en sá liður er um framlag til flugvallargerðar og flugöryggistækja á flugvöllum. Ég legg til, að sá liður verði hækkaður um 3 millj. kr. Hvort tveggja er, að að mínum dómi er varið allt of litlu fé til þess að bæta úr aðstöðunni í þessum efnum, en ég vil með minni tillögu leggja sérstaka áherzlu á þrjá staði í mínu kjördæmi, þar sem mjög brýnt er, að varið sé miklum mun meira fé en gert hefur verið til þess að bæta úr flugþjónustunni. Ég legg til, að af þessum 3 millj. gangi 1 millj. til flugvallargerðar á Vopnafirði, 1 millj. til flugvallargerðar í Breiðdal og 1 millj. til flugvallarins í Neskaupstað.

Vopnafjörður er sérstaklega orðinn illa staddur í samgöngumálum, borið saman við aðra staði á landinu. Þar er nú mjög lítill flugvöllur, sem dugir ekki hinum stærri vélum, og það er enginn vafi á því, að Vopnafjörður er orðinn sá staður í Austurlandskjördæmi, þar sem

samgöngur eru orðnar lélegastar. Þetta kemur sér mjög illa fyrir þá, sem þar búa, og fyrir þá, sem atvinnurekstur hafa á þessum slóðum. Þarna er mjög góð aðstaða til þess að gera flugvöll, — alveg sérstaklega góð aðstaða, — en það þarf vitanlega nokkurt fé til þess að undirbyggja þann gamla völl, sem fyrir er, og til þess að lengja hann, og það mundi ekki veita af þessari fjárhæð, sem ég legg til, að þarna verði tekin upp.

Svipað er að segja um flugvöll í Breiðdal. Þar er einstaklega góð aðstaða til þess að gera flugvöll fyrir stærri flugvélar, og það mundi líka leysa úr miklu vandamáli fyrir það fólk, sem þarna býr, sem er einangrað tímunum saman á árinu.

Ég hef svo einnig leyft mér að leggja til, að til flugvallarins í Neskaupstað verði varið 1 millj., en flugið þangað hefur leyst alveg gífurlega mikinn vanda á undanförnum árum, ekki aðeins fyrir íbúana í Neskaupstað, heldur ekki síður fyrir síldveiðiflotann, sem rekinn er fyrir Austurlandi. En það hefur auðvitað orðið í þeim efnum eins og í mörgum fleirum, að þar hefur bæjarfélagið í Neskaupstað þurft að standa svo að segja undir öllum framkvæmdum. Þar hefur verið byggt flugskýli, en beinlínis greitt úr bæjarsjóði Neskaupstaðar. Og það annað, sem þar hefur verið gert, hefur orðið að vinnast á þann hátt, að bæjarfélagið þar hefur orðið að leggja fé fram, því að fé hefur ekki verið til hjá hinum opinbera aðila. En mér finnst fullur tími vera kominn til þess, að það sé viðurkennt, að það sé réttmætt að leggja fram ekki minna fé en hér er um að ræða til flugvallarins í Neskaupstað. Enn þá hefur ekki unnizt svigrúm til þess að koma upp því, sem flugmálastjóri sjálfur telur að sé alveg nauðsynlegt af öryggistækjum í sambandi við það daglega flug, sem þarna á sér stað, en það verður vitanlega ekki gert, nema eitthvert fé sé veitt til þess að leysa þann vanda, sem þarna er um að ræða.

Þá hef ég leyft mér að flytja brtt. við 22. gr. fjárl. Þar legg ég til, að tekinn verði upp nýr liður um það, að varið skuli 15 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs á árinu 1966 til félagsheimilasjóðs og verði fjárhæðinni varið til greiðslu á vangreiddu framlagi sjóðsins til félagsheimila. Það vita allir hv. alþm., að hér er um mikið vandamál að ræða. Byggð hafa verið allmörg félagsheimili víða á landinu, og þau hafa ekki fengið nema lítinn hluta af því fjármagni greiddan úr félagsheimilasjóði, sem áætlað hefur verið að þessar framkvæmdir fengju þaðan, vegna þess að sjóðinn skortir fé.

Nú er oft búið að ræða þetta mál hér í Alþ., og allir hv. þm. eða flestallir, hefur mér heyrzt, viðurkenna, að hér er um mikið vandamál að ræða, sem verður að leysa. Það er alveg ómögulegt að hafa það öllu lengur á þann hátt, sem það er. Ég get aðeins nefnt það sem dæmi í sambandi við félagsheimili í Neskaupstað, sem byggt var fyrir allmörgum árum og átti skv. þessum reikningum inni hjá sjóðnum kringum 2 millj. kr., að það, sem það hefur nú um nokkurra ára skeið fengið greitt, hefur ekki numið vöxtum af þessari upphæð. Þannig er þetta eflaust í mörgum tilfellum öðrum, og þetta tel ég alveg óviðunandi. Nú mun það liggja fyrir, að allríflegur greiðsluafgangur verður hjá ríkissjóði á yfirstandandi ári, og þá má það ekki vera minna en 15 millj. séu teknar af þeim greiðsluafgangi og varið í þessu skyni. Ég vil vænta þess, að þeir fjölmörgu þm., sem hér hafa á undanförnum árum rætt um þetta vandamál og lýst yfir áhuga sínum á því að greiða úr þessu máli, geti stutt þessa till., sem ég flyt hér.

Ég hef þá gert hér nokkra grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt, og skal svo ekki orðlengja frekar um afgreiðslu fjárlagafrv.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Mig langar að fara hér örfáum orðum um fjárlagafrv. og vissan þátt í því.

Mér finnst mjög ískyggileg sú þróun, sem á sér stað í æ ríkari mæli með hverju ári, að fjárlögin taka risaskref upp á við, en raunverulega fer sú þjónusta við framkvæmdir í landinu, sem þau ættu að styðja, að sama skapi hlutfallslega minnkandi, eftir því sem útgjaldaupphæðin fer hækkandi. Stærri og stærri hluti útgjaldanna fer í eyðslu við ríkisbáknið, sem sífellt þenur sig út og þarf meira og meira fé til eyðslu og þjónustu við alls konar óarðbær störf. Fjöldi af ríkislaunuðu fólki vex hröðum skrefum, svo að mikill hluti ríkisteknanna fer til þess að borga laun. Afleiðingin er svo sú, að verkefnin, sem bíða úrlausnar, safnast fyrir til tjóns fyrir atvinnuvegi og þýðingarmikla þætti í menningarmálum þjóðarinnar. Það dregst að byggja nauðsynlegar hafnir, leggja varanlega vegi, byggja orkuver og dreifa raforkunni út um byggðirnar, byggja sjúkrahús, heilsuhæli, elliheimili og ekki sízt skóla, svo að aðeins sumt sé nefnt af því, sem tefst og dregst að framkvæma. Sú ríkisstj., sem fer með völdin, segist vilja styðja frjálst framtak og efla einstaklingana til atvinnurekstrar. En frumskilyrðið til þess, að frjálst framtak þegnanna í þjóðfélaginu geti notið sín, hlýtur að vera það, að yfirstjórn þjóðfélagsins hlúi að og byggi upp í landinu skilyrði til þess, að þegnarnir geti látið krafta sína og vilja til framtaks koma að fullu gagni. Á meðan ekki er hægt að halda áfram af eðlilegum hraða af hálfu hins opinbera að skapa fólki og samtökum þess skilyrði, sem nauðsynleg eru til að byggja upp traust og fjölþætt atvinnulíf, er ekki grundvallarstefnan rétt né heilbrigð, og á meðan verður efnahagsleg afkoma á völtum fótum. Mér finnst, að sá mikli mannfjöldi, sem starfar hér í ríkiskerfinu, sé orðinn allt of stór. Hins vegar eru undirstöður okkar að fjárhagslegu öryggi allt of veikar að mínum dómi. Ríkið þyrfti að geta lagt meira af mörkum til að treysta þær.

Ég ætla mér ekki í þetta sinn að hafa fleiri

orð almennt um fjárlögin. En mig langaði — og til þess var erindið gert upp í ræðustólinn — til að drepa hér á eitt atriði, að vísu af mörgum, sem ég er óánægður með í afgreiðslu fjárlaganna. Eins og kunnugt er, var á sínum tíma sett á fót stofnun, sem nefnd er Vélasjóður ríkisins. Þessari stofnun var sett það hlutverk að sjá um að kaupa og leigja einstaklingum og ræktunarsamböndum vélar til jarðræktarstarfa, einkum skurðgröfur til að ræsa fram mýrar til ræktunar. Þessu hlutverki hefur vélasjóður gegnt með góðum árangri um áratugi. Nú hefur á síðari árum farið svo, að ýmsir einstaklingar hafa fengið sér vélar og farið inn á starfssvið vélasjóðs og valið úr beztu verkefnin, en vélasjóður situr síðan eftir með hin erfiðari verkefni, sem einstaklingar hafa ekki hug á að vinna og vilja alls ekki vinna, en nauðsynlegt er þó engu að síður að séu tekin og unnin og að þau svæði, sem þar er um að ræða, séu ræst og þurrkuð, enda eiga bændurnir vissulega heimtingu á því, að þeir fái vélarnar leigðar, þó að verkefnin, sem þeir ætla að láta vinna, séu erfið. Þetta ástand veldur því, að rekstur vélasjóðs hefur versnað verulega og að því getur komið og það fyrr en varir, að honum verði ekki fært af erfiðum fjárhagsástæðum að sinna því hlutverki, sem honum er með lögum ætlað að hafa með höndum og framkvæma. Ég vil sem dæmi nefna það, að á s. l. ári keypti vélasjóður tvær vökvaknúnar skurðgröfur til þess að geta sinnt nauðsynlegum verkefnum á Vestfjörðum, sem venjulegar gröfur, sem vélasjóður á til, gátu ekki leyst af hendi, verkefnin voru þannig. Þessi verkefni vildi enginn og gat enginn annar, eins og á stóð, tekið að sér, en bændurnir á Vestfjörðum áttu heimtingu á því, alveg eins og aðrir, að þeir fengju fullnægjandi tæki leigð til starfa hjá sér. Þessar tvær vökvaknúnu gröfur, sem keyptar voru á þessu ári, kostuðu 2.4 millj. kr. samanlagt. Nú er rekstrarfé vélasjóðs ekki til margskiptanna og hann getur ekki lagt þetta fram af eigin rammleik. Hins vegar er það svo, að í jarðræktarlögunum eru ákvæði um það, að ef fjárhagur vélasjóðs leyfi ekki kaup á nægilega mörgum vélum til þess að fullnægja þeirri starfsemi, sem honum er ætluð, leggi ríkissjóður það til, sem á vantar, eftir því sem fé er til þess veitt á fjárlögum, að fengnum rökstuddum till. vélanefndarinnar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. Nú hefur vélanefndin reynt eftir megni að fá veitta fjárhæð á þessu fjárlagafrv., sem hér er til meðferðar nú, til þeirra vélakaupa, sem ég nefndi, en fjárveitingavaldið hefur daufheyrzt við þeim kröfum. Studdum við í minni hl. fjvn. óskir vélanefndarinnar, enda er okkur vel ljóst, að framræslan má ekki stöðvast. Okkur er það líka vel ljóst, að ef vélasjóður væri ekki starfræktur og enginn opinber aðili vissi fyrir víst, hvaða kostnaður er eðlilegur við framræslu, eru sterkar líkur til þess, að verð framræsluskurðanna hækkaði og þá auðvitað þar með útgjöld ríkissjóðs, en eins og öllum er kunnugt, greiðir ríkissjóður 70% af heildarframræslukostnaðinum, og er sú upphæð núna á þessu fjárlagafrv. áætluð 25 millj. kr. á næsta ári.

Ég er ekki í neinum vafa um, að rekstur vélasjóðs er ríkissjóði mjög hagkvæmur. Með vélum hans eru unnin verk, sem litlar líkur eru til, að menn fengjust til að vinna með eigin vélum, a. m. k. ekki þar sem verkefnin eru erfið og torleyst. Vélasjóður hefur talið sér skylt að halda framræslukostnaðinum eins lágum og frekast hefur verið unnt, og er það bæði hagur fyrir ríkissjóð og bændur. Sem dæmi um það, hvernig það verkar fyrir vélasjóð, að einstaklingar taka beztu verkefnin, en vélasjóður verður að sæta hinum verri og erfiðari, er það, að á árunum fyrir 1960, áður en samkeppninnar fór að gæta að marki, voru meðalafköst skurðgrafanna hjá vélasjóði um og yfir 100 þús. rúmmetrar á ári, en nú lítur út fyrir, að afköstin verði á þessu ári, sem er að verða liðið, um 60 þús. rúmmetrar, meðalafköst. Þetta liggur í því, að vélasjóður verður að vinna hin verri verk.

Ég held mér sé óhætt að segja það, að við framsóknarmennirnir í fjvn. séum þeirrar skoðunar, að mikillar framræslu sé enn þörf hér á landi og að vélasjóðurinn sé sú stofnun, sem eigi að tryggja það, að slík störf fáist unnin og að þau verði bændunum og auðvitað ríkinu sem ódýrust, og hvernig sem aðstæður eru um það að framkvæma verkin, þá eigi allir bændur kost þess að fá verk þessi unnin. Það eru kannske einhverjir, sem halda, að ræktunin megi stöðvast, það megi nú stanza um stundarsakir á því sviði. En þar er ég á allt öðru máli. Ég hygg, að sá bústofn, sem nú er í landinu, sem settur var á nú á haustnóttum, sé alls ekki nógu vel tryggður með fóðurforða í vetur eftir meðalsumar og meðalheyfeng yfir landið í heild. Þó er kúastofninn mun minni nú en í fyrra, og sauðfé mun ekki hafa fjölgað, að því er ég hygg. Við þurfum því enn þá að stórauka ræktunina, þótt ekki væri til annars en þess að vera birgir af fóðri, af heyi, fyrir þann bústofn, sem til er. En bústofninn þarf líka að aukast, og ég hygg það vera lágmark, að hann aukist til samræmis við fjölgun þjóðarinnar. Það má ekki minna vera að mínum dómi. Við eigum að beita í auknum mæli á ræktað land og auka þannig afurðirnar af gripum okkar.

Verkefnið er því mikið fram undan fyrir skurðgröfur og aðrar jarðræktarvélar. Sem dæmi ætla ég að nefna það, að til þess að koma 25 hektara túnstærð á öll býli landsins, þarf enn að rækta 39430 hektara skv. upplýsingum, sem ég hef fengið frá landnámsstjóra. Ræktunarsambönd bændanna vinna ötullega ásamt vélasjóði að þessum verkefnum, en hin síðari ár hefur sá styrkur, sem ræktunarsamböndin hafa fengið til vélakaupa, farið mjög minnkandi. Til þess hefur ekki verið varið í fjárl. nema 1 millj. kr., og er sú fjárhæð í þessu fjárlagafrv. óbreytt, 1 millj. kr., eins

og verið hefur að undanförnu. Það hafa verið veitt til beltadráttarvéla 25% af kaupverðinu hin síðari ár, en var lækkað á þessu ári niður í 20%. Þetta framlag má ekki lægra vera að mínum dómi, og ég álít, að það þyrfti að hækka. Nú liggja fyrir hjá vélasjóði umsóknir frá 16 ræktunarsamböndum um framlag á vélar, sem þessi ræktunarsambönd hafa keypt, bæði á þessu ári og undanförnum árum, og vitað er, að enn bætast við núna á næsta ári vélar, sem ræktunarsamböndin verða að kaupa, til þess að þau geti haldið starfsemi sinni áfram. Þess vegna var það, að vélanefnd vann að því við fjvn., að fjárveiting til styrktar vélakaupum ræktunarsambandanna yrði nú aukin, en án árangurs.

Við teljum, framsóknarmennirnir í fjvn., að það sé ákaflega varhugavert að draga úr ræktun eða stuðningi við hana. Það þarf ekki annað en að árferði kólni eitthvað um sinn og uppskeran minnki, þá mun bústofn landsmanna verða að minnka, nema til komi mjög aukin ræktun. Hér kemur ekki annað til mála að okkar dómi en við Íslendingar séum okkur nógir um mjólkurafurðir og kjöt. Landið okkar er vel til slíkrar framleiðslu fallið og ekkert vit í öðru en að nýta þá landkosti. Ég tel þess vegna, að það sé mjög misráðið hjá þeim meiri hluta, sem ræður afgreiðslu fjárl., að vilja ekki hlynna að því með fjárframlögum, að vélasjóður og ræktunarsamböndin verði sem bezt fær um að rækja sín ræktunarstörf.

Herra forseti. Ég taldi ekki verða hjá því komizt að gera þennan þátt mála hér að nokkru umtalsefni við lokaafgreiðslu fjárl., til þess m. a. að það komi skýrt fram, að við framsóknarmenn í fjvn. erum óánægðir yfir því, að ekki skyldi vera komið til móts við óskir vélanefndar í þeim málum, sem ég hef hér drepið á, og enn fremur til að vekja athygli hv. þm. á þessu máli, sem er að mínum dómi athyglisvert og töluvert alvarlegt. Ég skal svo ekki tefja þessar umræður meira.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en vil þó aðeins skjóta hér að örfáum orðum.

Ég er satt að segja orðinn dálítið þreyttur á að heyra eilífar fullyrðingar manna um það, að allt böl stafi af einhverri útþenslu í starfsmannakerfi ríkisins. Ég skal ekki fara út í þá sálma, en aðeins benda á það, að ræðumanni stendur nú til boða að ljá kannske lið sitt til að fækka eitthvað starfsmönnum ríkisins. Það liggur hér fyrir Alþ. frv. um fækkun prestakalla, og það kynni að vera, að hv. þm. gæti þá lagt sitt lið til að stuðla að því að fækka þessu embættismannaliði, sem virðist vera ógæfa alls í þjóðfélaginu að hans dómi og reyndar ýmissa annarra. En nóg um það.

Ég taldi rétt að standa hér upp vegna þess, að hann vildi gera stórmál úr því, að það hefði verið sýndur sérstaklega lítill skilningur á málefnum vélasjóðs og þá um leið að vissu leyti á ræktunarmálum landbúnaðarins, og taldi, að þeir framsóknarmenn hefðu sérstöðu í því efni. Ég efast ekkert um góðan hug þeirra í þessu máli, en ég vil algjörlega mótmæla því, að það sé nein viðleitni frá hálfu ríkisvaldsins til að setja fótinn fyrir ræktunarstarfsemi í landinu.

Hitt er annað mál, sem við getum ekki fram hjá gengið, að fótunum hefur að verulegu leyti verið kippt undan vélasjóði, og gerir það að verkum, að það er óumflýjanlegt að taka mál hans til rækilegrar endurskoðunar, og það er einmitt það, sem nú er verið að gera. Það hefur aldrei verið ætlunin, að vélasjóður væri rekinn með halla, og aldrei verið ætlunin, að ríkið styrkti rekstrarkostnað vélasjóðs. Ríkið greiðir sín framlög til ræktunarframkvæmda, og það er rétt hjá hv. þm., að það er gert ráð fyrir, að það hlaupi undir bagga með vélakaup vélasjóðs, en ekki að greiða rekstrarhalla hans. Það, sem gerzt hefur síðustu árin og hv. þm. rakti alveg réttilega, er nákvæmlega það, að það eru svo margir aðilar í landinu, sem hafa fengið jarðræktarvélar og starfa með þær og velja sér að sjálfsögðu framkvæmdir, að það hefur leitt af sér síversnandi afkomu vélasjóðs og hann verður ekki rekinn áfram að óbreyttum aðstæðum. Það verður að endurskoða allt það kerfi. Það er ekki hægt að borga honum milljónahalla á hverju ári, og það getur vel verið, að það sé mun eðlilegri leið að stuðla að því meira en gert hefur verið, að ræktunarsamböndin sjálf geti eignazt sínar vélar. Hvaða vit er líka í því að vera að þeyta þessum vélum til og frá um landsbyggðina? Það er eðlilegt, að þær séu staðsettar í þeim byggðarlögum, þar sem þær eiga að vinna. Það hefur ekki verið dregið úr styrk til kaupa véla ræktunarsambanda, hvað magn þeirrar aðstoðar snertir, því að áður var útvegaður helmingur þess fjármagns, sem til þess þurfti, sem styrkur. Nú hefur styrkurinn verið 25% og þar að auki 30% lán, sem ekki var áður, þannig að samtals hefur verið greitt fyrir fjáröflun á sama hátt og áður var.

En ég skal ekki orðlengja um þetta, en láta það aðeins koma fram í tilefni af orðum hv. þm., að því fer fjarri, að það beri að líta svo á, að það, að ekki hafi verið tekin upp fjárveiting til að greiða rekstrarhalla vélasjóðs eða til nýrra vélakaupa hans, það beri að túlka svo, að menn vilji ekki standa að ræktun í landinu. (Gripið fram í.) Já, vélakaupin, það þarf líka að borga rekstrarhalla sjóðsins. Mér er vel kunnugt um það, því að forráðamenn hans hafa komið að máli við mig um það, að það er stórfelldur rekstrarhalli á sjóðnum að auki. Og það verður að gera sér grein fyrir því, hvort sjóðurinn á að halda áfram starfsemi sinni eða ekki og hvernig er þá hægt að leggja grundvöll að því starfi. Það tjóar ekkert að vera að kaupa nýjar vélar, nema gera sér grein fyrir þessu. Ég vil aðeins, að það komi fram, að þetta mál er í athugun, en alls ekki tímabært á þessu stigi að slá fastri niðurstöðu í því efni, því að það verður að sjálfsögðu að velja þá aðferð, sem er líklegust til þess að

tryggja það, að hægt verði að vinna sem ódýrast að þessum ræktunarframkvæmdum. Um það er ég alveg sammála hv. þm.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja eina brtt. við fjárlögin á þskj. 158. Það er til endurbyggingar Saurbæjarkirkju á Rauðasandi vegna tjóns í fárviðri, 350 þús. kr.

Það var 29. jan. s. l. vetur, sem fárviðri geisaði yfir Vestfirði og olli miklu tjóni í ýmsum byggðarlögum, m. a. brotnaði í spón kirkjan í Saurbæ á Rauðasandi. Þarna er um mjög fámennan söfnuð að ræða, sem hefur ekki möguleika á því að endurbyggja kirkjuna án stuðnings. Söfnuðurinn hefur leitað til biskups um stuðning við fjáröflun, en án árangurs. Hann hefur leitað til kirkjumrn., líka án árangurs. Hann hefur leitað til fjvn. nú á þessu þingi, einnig án árangurs. Þá er eftir síðasti aðilinn í þjóðfélaginu, sem getur bjargað málinu við, þ. e. hæstv. Alþ. Þess vegna flyt ég þessa till. Nú liggur fyrir þessu hæstv. Alþ. stjórnarfrv. um skipun prestakalla og kristnisjóð, einmitt frv., sem hæstv. fjmrh. var að minnast á áðan og vildi kalla sparnaðarfrv. — eða var það ekki? (Gripið fram í.) Já, fækkun embætta. Ég get ekki samþykkt, að það sé hægt að sjá af frv., að það eigi að fækka um eitt einasta embætti, því að það á að skipa nýja presta og án þess að taka til tölu þeirra. Það getur því orðið jafnmikil höfðatalan eftir sem áður. En þó að þeim yrði fækkað, embættismönnum þarna, þá á ekki að spara einn einasta eyri fyrir ríkið. Og það veit ég, að hæstv. fjmrh. samþ. með mér, að þannig er frv. úr garði gert. Það er lofsverður sá áhugi út af fyrir sig, sem kemur fram í því frv., ekki er því að neita, þó að kannske megi deila um það, hvort tilganginum verði að fullu náð með vinnubrögðum, sem þar er ætlað að hafa. En það er ekki nóg, að það sé gróska í guðskristninni í landinu á einum stað í þjóðfélaginu, ef henni fer hrakandi á öðrum, og ég get ekki betur séð en svo geti farið, ef söfnuður hefur enga kirkju og heldur engan prest. Í þessum söfnuði hefur enginn maður haft af klerki né kirkju að segja í tæpt ár, ekki séð klerk eða kirkju í nær því heilt ár. (Gripið fram í.) Nei, það mun ekki hafa verið, en það getur komið fyrir, eins og annars staðar á landinu. Það er þess vegna komið undir Alþ. að þessu sinni, hvort fólkið þarna á að búa við þetta til frambúðar, og atkvgr. um þessa till. sker úr um það. Ég held, að allir hljóti að sjá það, að þessi söfnuður hefur ekki til annarra að leita, úr því sem komið er, og þessi afgreiðsla á till. ræður því úrslitum hvað þetta snertir fyrst um sinn, og þá verður manni náttúrlega á að bera það saman við hið nýja stjórnarfrv., sem liggur fyrir hæstv. Alþ. og sýnir allt annan áhuga.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst fyrir mitt leyti mæla með þeim brtt., sem hv. 5. þm. Austf. hefur talað hér fyrir og flytur um málefni Austurlands. Hann hefur flutt till. um nokkrar hækkanir á fjárveitingum, og það er víst ekkert ofsagt í því, sem hann sagði um nauðsyn þess að veita fé í þá liði, sem hann hefur valið til þess að flytja till. um, og það mætti áreiðanlega finna fullkomnar ástæður til þess að flytja brtt. við fleiri liði.

En ég verð að segja eins og er fyrir mitt leyti, að ég hef ekki talið ástæðu til þess að gera tilraun með að flytja margar brtt., þó að þess sé stórkostleg þörf að breyta mörgum fjárveitingum, sem Austurland varða. Hef ég valið þann kostinn að flytja einungis ásamt þremur hv. alþm. að austan eina brtt., sem ég mæli hér fyrir, og aðra, sem hv. 2. þm. Austf. mun mæla fyrir sem 1. flm. Ég er sem sagt aðeins riðinn við flutning tveggja brtt., sem fjalla um málefni Austurlands, og mun aðeins mæla fyrir þeirri till., sem ég er 1. flm. að. En það er tilraun til þess að vita, hvort ekki væri hægt að rjúfa þann mikla múr, sem stjórnarliðið hefur byggt um fjárlagafrv. og ekki hefur tekizt að rjúfa, þó að þess væri mikil þörf að bæta þar mörgu við það, sem fær náð fyrir þess augum.

Þessi brtt. er um það að veita 3 millj. kr. til undirbúningsframkvæmda vegna Lagarfossvirkjunar. Ég vil fara fáeinum orðum um þetta mikla nauðsynjamál.

Ég hygg, að hér sé um eitt mesta nauðsynjamál Austurlands að ræða, sem við stöndum þarna saman um að flytja fjórir hv. þm. að austan. En þannig er ástatt á Austurlandi, að raforkuþörfin hefur þar margfaldazt á örfáum árum og vaxið miklu meira þar en nokkurs staðar annars staðar á landinu, að því er ég bezt veit. Það á sínar eðlilegu ástæður, þar sem atvinnurekstur þar hefur vaxið svo gífurlega á síðustu árum, að rafmagnsþörfin hefur þess vegna margfaldazt. Þessu hefur verið mætt að nokkru af hálfu raforkumálastjórnarinnar með því að auka við dísilstöðvakostinn á Austurlandi. En engin vatnsvirkjun hefur átt sér stað þar, síðan Grímsá var virkjuð. En Grímsárvirkjunin, sem átti að vera byrjunarframkvæmd í þessu tilliti, var að sjálfsögðu miðuð við allt annað ástand en nú ríkir á Austurlandi, þar sem atvinnurekstur og rafmagnsnotkun hefur margfaldazt vegna þess, hve síldarútvegur og allur atvinnurekstur í sambandi við síldarútgerð hefur vaxið stórkostlega eystra. Engin ný vatnsvirkjun hefur þó verið framkvæmd og engin stækkun á þeirri virkjun, sem fyrir var.

En nú má segja, að í raforkukerfinu á Austurlandi séu ráð á 8450 kw., en af þessum 8450 kw. eru einungis 3000 kw. vatnsafl, en hitt er allt dísilstöðvaafl. Álagið á þessu kerfi hefur upp á síðkastið vegna sífellt fleiri síldarverksmiðja og annars rekstrar og aukinnar almannanotkunar farið upp í 6500 kw., en þannig er ástatt, að vatn getur orðið mjög lítið í Grímsá, og hefur það komið fyrir, að þurft hefur að nota allar dísilstöðvarnar til fulls og það, sem hægt hefur verið að fá úr Grímsá, til þess að mæta þessari stórkostlegu eftirspurn eftir rafmagni. Í raun réttri hefur orðið

þannig ástatt með köflum, að ekkert varaafl hefur verið til í raun og veru. Hafa af þessu orðið hinar alvarlegustu afleiðingar, eins og kom fram nú í haust, þegar bilaði dísilvél í einum kaupstaðnum á Austurlandi og afleiðingarnar urðu hvorki meira né minna en þær, að það varð að stöðva síldariðnaðinn af og til á nokkru tímabili. Það er víst óhætt að segja, að af þessu hafi orðið margra tuga milljóna tjón hreint og beint, ef ekki er þá hægt að mæla tjón það í hundruðum milljóna, sem af þessu hefur hlotizt. Sumir hafa sagt í sambandi við útreikninga á því tjóni, sem af þessu hlauzt, að það, sem fór í súginn, samsvari hér um bil stofnkostnaði eðlilegrar virkjunar á Lagarfossi.

En allir geta ímyndað sér, hvað skeður, þegar 200 skip verða að sleppa mokveiði, jafnvel dag eftir dag, vegna þess að síldarverksmiðjurnar hafa orðið að stöðva rekstur, ekki getað tekið á móti, og svo allt tjónið, sem verður í verksmiðjunum sjálfum.

Nú mætti segja: Er ekki hægt að bæta úr þessu með því að bæta sífellt við fleiri og fleiri dísilvélum? En þá er því til að svara, að slíkur rekstur er mjög óhagfelldur, og það eru áreiðanlega engar ýkjur að segja, að rekstrarhallinn á þessu raforkukerfi, sem er byggt upp á þennan óhagkvæma hátt, með sífellt nýjum og nýjum dísilstöðvum, er á milli 10 og 20 millj. kr. á ári og fer hraðvaxandi.

Á hinn bóginn er það álit manna, sem hafa gert áætlanir um virkjun Lagarfoss með mismunandi sniði, og það hafa verið gerðar fleiri en ein áætlun, að virkjun hans sé mjög hagkvæm. Það hefur verið gerð áætlun um að virkja hann í rúmlega 6000 kw. stöð, sem nú er talið það minnsta, sem getur komið til greina, og svo upp í 12000 kw., en álit þeirra, sem að þessum áætlunum standa, er það, að jafnvel smæsta virkjunin, sem kemur til greina, sé mjög hagfelld, miðað við þær virkjanir, sem Íslendingar yfir höfuð eiga kost á.

Mundu vera sæmilega góðar vonir um, að þetta raforkukerfi gæti borið sig eftir nokkurra ára rekstur, ef Lagarfoss væri virkjaður og skynsamlega væri hagað verðlagningunni á rafmagninu og byggðar þær línur, sem byggja þyrfti til þess að koma þessu í sæmilegt horf. Þá gæti á nokkrum árum reksturinn snúizt úr gífurlegum taprekstri, sem fljótlega getur komizt allt upp í 20 millj. kr. tap á ári, og yfir í það að bera sig, ef málið væri leyst með myndarlegri virkjun við Lagarfoss.

Við höfum, þm. Austf., verið að vinna að því, að Lagarfossvirkjun kæmi til framkvæmda, og okkur þykir það dragast allt of lengi, að hafizt sé handa um þetta mál. Við horfum með skelfingu á þá þróun, sem þarna hefur orðið og þegar hefur valdið gífurlegu tjóni. Og jafnvel þótt úr væri nú bætt með því að setja upp verulega dísilorku til viðbótar, sjáum við, hvað rekstrartapið er gífurlegt með því fyrirkomulagi. Við horfum með skelfingu á þessa þróun og höfum verið að ýta á, að fá Lagarfossvirkjun tekna til framkvæmda. Við teljum þetta mál nú orðið afar aðkallandi og mjög óskynsamlegt að byrja ekki á framkvæmdum á næsta ári, þó að ekki væri nema undirbúningsframkvæmdum, eins og við förum nú fram á. Þar eigum við við vegagerðir og aðrar slíkar fyrstu undirbúningsframkvæmdir í sambandi við virkjunina og svo undirbúning bygginga og annað slíkt, sem hægt væri að byrja á á næsta ári, ef ákveðið væri að ráðast í þessa framkvæmd, og vinna að, á meðan verið er að útvega vélar og annað, sem þyrfti síðan til að halda framkvæmdunum áfram.

Við viljum vonast eftir því, að hv. alþm. hjálpi okkur í þessum mikla vanda og snúist til liðs við okkur með því að samþ. þessa brtt. um að fara af stað með þetta mál á þessa lund, sem þarna er gert ráð fyrir. Hér er tvímælalaust um mjög hagkvæma virkjunarframkvæmd að ræða, um það er ekkert að efast, hvaða stærð sem tekin yrði af þeim, sem koma til mála. Þetta mundi verða stórkostlega aukið öryggi fyrir allan atvinnurekstur á Austurlandi, sem er ekki aðeins málefni Austfirðinga, heldur allrar þjóðarinnar, því að segja má, að við lifum nú orðið nálega bókstaflega, Íslendingar, að miklu leyti á þeim verðmætum, sem þarna eru tekin á land eystra. Allur þingheimur á hér jafnt undir, að þetta geti færzt í fullkomið lag. Og það er okkar álit, að það sé ekki verjandi að reka svona taprekstur lengur og ekki verjandi að ætla sér að bæta úr þessu einvörðungu með því að bæta sífellt við nýjum dísilvélakosti. Það er svo annað mál, að það þyrfti að bæta við dísilvélum, þó að ráðizt yrði í virkjunina, eins og við stingum upp á, og fallizt yrði á að veita byrjunarframlagið í hana. Það dregst náttúrlega nokkuð, að hún komist í fulla framkvæmd. Við teljum, að hvað sem því liði, yrði að sjálfsögðu að bæta við fyrir næsta síldarúthald a. m. k. 200 kw. af dísilafli, til þess að það sé formandi að leggja út næstu missiri, en það kemur ekki þessu við, þ. e. Lagarfossvirkjun, sem ég er að tala fyrir, nema óbeint. En sú staðreynd, að það þyrfti að bæta svo stórlega við dísilafli, sýnir þó, hve óskaplegt tjón það er að ráðast ekki í að koma þarna upp vatnsvirkjunum í staðinn fyrir að moka þannig fé í dísilstöðvarnar, sem eru þó engin varanleg lausn.

Ég mun ekki hafa um þetta fleiri orð, enda hygg ég, að ég hafi minnzt á aðalatriðin í þessu máli, en að sjálfsögðu væri hægt að segja margt fleira því til stuðnings.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í fjárlagafrv. er lagt til að varið verði 4 millj. og 80 þús. kr. til listamannalauna. Um nokkur undanfarin ár hefur verið kveðið svo á í fjárlögum, að fé þessu skuli skipt af 7 manna nefnd, sem kosin sé hlutfallskosningu af Sþ.

Síðasta Alþ. samþ. þáltill., þar sem skorað

var á ríkisstj. að undirbúa frv. um listamannalaun, þar sem settar væru fastar reglur um árlega úthlutun þess fjár, sem Alþ. samþ. hverju sinni til listamannalauna. Þetta frv. hefur þegar verið undirbúið, en það hefur verið tilætlun mín að fá tækifæri til að ræða efni þess og þá skipun, sem gert er ráð fyrir að taka upp á úthlutun listamannalauna, við Bandalag ísl. listamanna. Ég tel sjálfsagt, að Bandalg ísl. listamanna og aðildarfélög þess fái tækifæri til þess að segja álit sitt á lagasetningu um þetta efni, áður en frv. um þetta efni er lagt fyrir hið háa Alþingi. Það hefur ekki enn unnizt tími til þessa samráðs við listamennina sjálfa, en það er fastmælum bundið, að slík samráð við Bandalag listamanna skuli eiga sér stað í þinghléinu, þ. e. a. s. í janúarmánuði n. k. Þegar þingið kemur saman aftur 1. febr., geri ég því fastlega ráð fyrir því, það er a. m. k. ætlun ríkisstj., að leggja þá fyrir hið háa Alþ. frv. til l. um listamannalaun, frv., sem undirbúið hefur verið í samráði við samtök listamannanna sjálfra, og ég tel enga ástæðu til annars en ætla, að hið háa Alþingi fallist á að setja lög um þetta efni, þar sem till. um það að undirbúa löggjöf um það var samþ. einróma á hinu háa Alþ. í fyrra.

Með hliðsjón af því, að frv. um listamannalaun verður lagt fyrir Alþingi, þegar það kemur saman aftur að loknu þinghléi, og með hliðsjón af því, að það var einróma vilji Alþingis í fyrra, að slík löggjöf skyldi sett, álít ég það geta talizt fullvíst, að þetta Alþingi muni setja slíka löggjöf, og þess vegna hef ég leyft mér að flytja till. á þskj. 168 til breyt. á þessum lið fjárlagafrv. um það, að niður sé fellt það ákvæði, að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til þess að úthluta þessum 4 millj. og 80 þús. kr. listamannalaunum. Ég tel ekki aðeins óhætt, heldur einnig rétt að fella þetta ákvæði niður og láta skiptingu þessara rúmra 4 millj., sem Alþ. væntanlega ætlar til listamannalauna, fara fram skv. lögunum, sem væntanlega verða sett um það efni. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja þá brtt., sem nú einmitt er verið að dreifa prentaðri, um það, að niður falli ákvæðin um það, að Alþingi skuli kjósa 7 manna n. til þess að úthluta listamannalaunum.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Við höfum, 4 af 5 þm. Austf., leyft okkur að bera fram á þskj. 137 brtt. við 16. gr. fjárl., að veittar verði 500 þús. kr. til að gera laxastiga í Lagarfoss á Fljótsdalshéraði. Það væri e. t. v. ástæða til að fara nokkrum orðum um þetta mál, þar sem ég geri ráð fyrir, að fjöldinn af hv. þm. sé þessu málefni lítt kunnugur.

Vatnasvæði Fljótsdalshéraðs mun vera eitt allra stærsta vatnakerfi landsins. Aðaluppistaða þess er Jökulsá á Brú annars vegar, sem fellur um vesturhluta Héraðs, og hins vegar Lagarfljót, sem fellur um austurhluta þess. Báðar þessar ár eru mikil vatnsföll, eins og flestum er kunnugt. Vatnasvæði Lagarfljóts mun vera út af fyrir sig eitt með allra stærstu vatnasvæðum landsins og nær yfir nálægt 2900 km² svæði. En laxastigi í Lagarfossi opnar möguleika fyrir fiskrækt, lax og silungs, um þetta geysivíðlenda vatnakerfi. Upptökuá Lagarfljóts er, eins og mönnum er kunnugt, Jökulsá í Fljótsdal, sem kemur undan Vatnajökli og myndar síðan Lagarfljótið, eftir að Kelduá í Fljótsdal kemur saman við Jökulsá. Síðan fellur Lagarfljót um allar byggðir Austur- og Miðhéraðs eða um 87 km vegalengd til sjávar. Lagarfoss verður til í Lagarfljóti undan Kirkjubæ í Hróarstungu, og er hann um 8 m hár. En frá Lagarfossi til sjávar eru nálægt 27 km. Engar teljandi bergvatnsár falla í Lagarfljót neðan við foss, aðeins lækir, en frá sjó og upp að Lagarfossi gengur þó nokkur silungur, sem veiddur er frá ýmsum bæjum neðan við fossinn, og undir fossinum er þó nokkur laxveiði, en sá lax er tekinn í net undir fossinum frá bæ, sem er austanverðu fljótsins. Lagarfljót sjálft er talið fremur snautt af smádýralífi, sem hentar til fæðu lax og silungs, en er öruggur fiskvegur áleiðis til bergvatnsánna ofan við Lagarfoss, sem bjóða ríkulega fiskafæðu og gnægð hrygningarstöðva og eru auk þess í fögru umhverfi skemmtilegra stangveiðiáa. Helztu bergvatnsárnar, sem nefna má og falla í Lagarfljót ofan við Lagarfoss, eru auk Kelduár, sem ég gat um, Gilsá, Grímsá, Eyvindará og Rangá, auk margra fleiri meiri og minni vatnsmikilla lækja. En Lagarfoss stendur nú í vegi fyrir nýtingu allra þeirra miklu möguleika, sem fiskræktin býður í hinu mikla og víðlenda vatnasvæði Lagarfljóts.

Það hefur lengi verið áhugi um Fljótsdalshérað fyrir fiskrækt. 1932 var stofnað Fiskræktarfélag Fljótsdalshéraðs, og mun það hafa náð yfir hin fyrrnefndu tvö vatnasvæði héraðsins, enda hafa Lagarfljót og Jökulsá á Brú um langt skeið haft sameiginlegan ós til sjávar, og í Jökulsá falla nokkrar bergvatnsár, t. d. Kelduá og Laxá, þar sem dálítil silungsveiði er, og þar hefur einnig orðið vart við lax. 1932 réðst fiskræktarfélagið í að láta gera laxastiga í Lagarfoss og gekkst jafnframt fyrir því, að hafið var lax- og silungsklak. Og á næstu árum var allmikið keypt af laxaseiðum og þeim sleppt í bergvatnsárnar fyrir ofan foss. Þessar miklu og kostnaðarsömu framkvæmdir báru því miður engan teljandi árangur, sökum þess að í ljós kom, að hinn byggði laxastigi í Lagarfossi reyndist ónothæfur. Hafa sérfræðingar talið, að hann hafi verið mjög ófullkominn og skakkt staðsettur í fossinum. Telja því sérfróðir menn í þessum efnum, að byggja verði nýjan laxastiga, sem þeir áætla að kosta muni með núverandi verðlagi um eða yfir 2 millj. kr. Er það meira fé en Héraðsbúar telja sér fært að leggja fram til þessara hluta, ekki síst eftir það mikla áfall, sem þeir urðu fyrir, að áðurnefnt framlag til byggingar laxastiga og fiskræktar varð til einskis. Það er svo einnig að líta á, að jafnhliða byggingu laxastigans verður Fiskræktarfélag Fljótsdalshéraðs að leggja fram vegna seiðakaupa til fiskræktar vatnasvæðis Lagarfljóts fram undir 2 millj. kr.,

og er það ærið fjárfrekt verkefni fyrir Fiskræktarfélagið, þótt ekki komi til þar að auki stofnframlag vegna laxastigans. Mín skoðun er sú, að ríkið ætti að leggja fram allt fé vegna byggingar laxastigans, og teldi ég það eðlilegt með tilliti til þess, sem á undan er gengið í þessu máli, og líka með tilliti til þess, hversu framkvæmdir eru mikilvægar fyrir alla íbúa Fljótsdalshéraðs, og hefur einnig allmikla þjóðhagslega þýðingu.

Það er nú mikið skrifað og skrafað um nauðsyn þess að auka ferðamannastraum hingað erlendis frá, bæði vegna kynningargildis og eins vegna öflunar gjaldeyris. Fróðir menn í þessum málum leggja áherzlu á, að gera verði það, sem hægt er, til að auka aðdráttarafl landsins og áhuga erlendra manna að sækja landið heim. Benda þeir á mikilvægi þess að búa sportveiðimönnum aukin skilyrði til veiða sem víðast um landið. Er augljóst, hversu aukin skilyrði mundu skapast fyrir tugi manna, ef stangveiðimöguleikar yrðu fyrir hendi í hinum skemmtilegu bergvatnsám í hinu fagra og víðáttumikla umhverfi vatnakerfis Lagarfljóts. Fiskrækt á Héraði hefur því merkilega þjóðhagslega þýðingu.

Það er þó ekki svo, að við fjórmenningarnir sjáum okkur fært að þessu sinni að gera till. um, að ríkið eitt leggi nú fram fé til byggingar laxastigans. Till. okkar um sérframlag 1967 nemur aðeins milli ¼ og ⅙ hluta af áætluðu kostnaðarverði laxastigans. Sést bezt á því, hve hófleg till. okkar er, að samkv. l. nr. 53 frá 1957 er gert ráð fyrir, að ríkið leggi fram allt að ⅓ af kostnaði við fiskeldi tilheyrandi laxastiga og í önnur slík verkefni. Á fjárl. fyrir árið 1967 er gert ráð fyrir 700 þús. kr. til stuðnings þessum málum, eða minni fjárhæð en nemur ⅓ af þessari framkvæmd einni. Nú er mér og öðrum það fullkunnugt, að fyrir fjvn. lágu margar beiðnir um framlög til fiskræktar samkv. lögunum frá 1957. Eru margar þær beiðnir svo mikilvægar og aðkallandi, að óvarlegt er að gera ráð fyrir, að til laxastigans í Lagarfossi fáist nema brot af þeim rúmlega 700 þús., sem lögum samkv. er heimilað til þessarar framkvæmdar. Við flm. væntum því góðra undirtekta hv. Alþ. um samþykkt þessarar till.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 167 og 168, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að ræða um fjárlagafrv. almennt, heldur aðeins mæla nokkur orð fyrir tveimur brtt., sem ég flyt við frv. Þessar brtt. eru á þskj. 165, og eru um hækkun fjárveitinga til menntaskóla á Ísafirði og um hækkun á fjárveitingu til byggingar handaritahúss. Þegar lög voru afgreidd hér á hv. Alþ. um menntaskóla á Ísafirði, vakti það bjartar vonir í bænum um, að þetta menntasetur mundi rísa mjög fljótlega og verða menningarlífi bæjarins til styrktar, áður en langir tímar liðu. Það hefur síðan verið tekið á fjárlög smáupphæð ein til byggingar menntaskóla á Ísafirði. Að þessu sinni er það 1½ millj. kr. Þetta er vitanlega furðulega lítil og lág upphæð, þegar um það er að ræða að byggja allstóra menntastofnun, sem kostar vafalaust tugi millj. kr., og virðist vera stefnt að því, að byggingarframkvæmdir geti þar ekki hafizt fyrr en að mörgum árum liðnum. Ég tek eftir því, að til þess að auka húsakost við tvo starfandi menntaskóla í landinu, bara til þess að auka húsakost við þá, menntaskólann á Akureyri og menntaskólann á Laugarvatni, eru ætlaðar 6 millj. til hvors, til þess að auka húsakost tveggja starfandi menntaskóla 12 millj. kr. samtals, en aftur til menntaskóla, sem á að byggja frá grunni, er ætluð 1½ millj. kr. Ég get ekki varizt því að fullyrða, að í þessu finnst mér ósamræmi. Mér finnst þarna, að hinn nýlögfesti menntaskóli Vestfirðinga skipi sæti olnbogabarnsins, og hefði vænzt þess, að betur yrði fylgt eftir hinni nýsettu löggjöf. Ég hef því leyft mér og þykist þar ekki fara fram á ósanngjarnt mál, að fjárveiting til byggingar menntaskólans á Ísafirði verði hækkuð úr 1½ millj. í 6 millj. kr. eða eins og ætlað er til hinna starfandi menntaskóla tveggja, sem ég áðan nefndi, til að auka húsakost þeirra. Minna held ég, að það megi varla vera, þegar á að byggja á þessum stað einmitt allt frá grunni. Ég vil vænta þess, að þessi till. mín mæti sanngirni, og er ég sízt að telja eftir þær fjárveitingar, sem eru til menntaskólans á Akureyri og menntaskólans á Laugarvatni, en minni á þessar upphæðir, af því að þar er aðeins um að ræða endurbætur á húsakosti starfandi menntastofnana, en í hinu tilfellinu er ekki á neinum húsakosti að byggja.

Hin till., sem ég flyt, er um byggingu handritahúss. Öll þjóðin veit, að á þessu ári urðum við þess fagnaðar aðnjótandi að fá um það fulla vissu, að handritin, hinn forni og ómetanlegi menningarsjóður forfeðra okkar, kæmu til Íslands á ný. Þá þóttist ég vita, að á því ári mundi heimkomu handritanna verða fagnað í tölum í fjárl. með því, að fjárveiting yrði verulega hækkuð og höfð myndarleg til handritahúss á því sama gleðinnar ári. En því er ekki að heilsa. Er þá kannske engin fjárveiting til handritahússins? Jú, að vísu er það. Til handritahúss eru 3.2 millj. kr. á þessu ári, en það er lægri upphæð, ekki aðeins að raungildi, heldur einnig að krónutölu heldur en var ætlað til handritahúss á þessa árs fjárl., 1966. Þegar vissa er fengin fyrir því, að handritin koma heim, bregzt Alþingi Íslendinga eða hæstv. ríkisstj. og hennar lið þannig við að setja fram á fjárlagafrv. till. um lækkaða upphæð til handritahúss frá árinu áður. Þetta finnst mér alveg óviðunandi og get ekki orða bundizt, þegar ég rak augun í þetta. Ég tel, að þarna hljóti að hafa orðið mistök, sem Alþ. beri sóma síns vegna og þjóðarinnar að leiðrétta. (**Gripið fram í:** Er það ekki misskilningur um lækkaða

upphæð?) Nei, það voru 4 millj. á þessa árs fjárl. Ég held, að það sé ekki misskilningur.

Frá upphafi, eftir því sem ég bezt veit, hafa verið veittar þessar fjárveitingar til handritahúss: 1964 3 millj., 1965 4 millj. og núna á fjárl. ársins 1966 3 millj. 200 þús. Það er alls búið að veita um 10 millj. kr. til þessarar stofnunar, en ég hygg, að það geti ekki verið um það að ræða, að þetta verði neitt smáhýsi, og það þurfi til þessarar stofnunar tugi millj. kr. Og það að ætla sér að mylgra í það smáupphæðum á mörgum árum tel ég varla forsvaranlegt og vitanlega hefði átt að láta í ljós fögnuð þjóðarinnar yfir heimkomu handritanna með verulega myndarlegri upphæð. Ég teldi, að minni upphæð en 10 millj. kr. gæti þarna varla verið þjóðinni til sæmdar. Mín till. er líka um það, að þessi upphæð, 3.2 millj. kr., hækki í 10 millj. kr. Ég held, að hv. alþm. hljóti að vera sammála um það, að í þetta sinn a. m. k. á að vera rífleg, myndarleg fjárveiting til byggingar handritahúss og síðan fylgja málinu eftir með nauðsynlegum fjárveitingum, svo að bygging þessarar stofnunar gæti hafizt sem fyrst.

Mér þykir næsta ólíklegt, að nokkur alþm. vilji verða til þess að neita því, að það sé sérstök ástæða í ár til þess að hafa hér fjárveitingu við hæfi. Við getum ekki haldið því fram, að við höfum ekki efni á því að hafa sómasamlega fjárveitingu til þessa máls að þessu sinni. Það er engin leið, þegar fjárl. eru hátt á 5. milljarð kr. og við höfum efni á að byggja lögreglustöð í Reykjavík fyrir hærri upphæð en er á fjárl. til handritahússins, 3½ millj. kr., til byggingar ríkisfangelsa 2 millj., upphæð, sem slagar langt upp í þessa, til fyrningarsjóðs bifreiða ríkisins 4 millj. kr., mun hærri upphæð, og þar fram eftir götunum. Ég held, að það sé varla verjandi að hafa upphæðina lægri en 10 millj. kr., og vil vænta þess, að þetta verði tekið til yfirvegunar af meiri hl. og hæstv. fjmrh., sem ég er ekki viss um, að hafi gefið þessari tölu sérstakan gaum, og vil mælast fastlega til þess, að upphæðin verði hækkuð frá því, sem nú er, helzt eigi minna en svo, að það verði ætlaður einn tugur millj. kr. til þessa máls. Það eru mörg miklu ómerkilegri mál, sem fá tugi millj. kr. samkv. þessu fjárlagafrv., og handritahúsið á að fá ríflega upphæð, sem þoki því máli verulega fram á við, svo að hægt sé að hefja framkvæmdir. Annað er okkur ekki til sóma, það vil ég segja.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það eru örfá atriði, sem ég ætla að víkja að, sem fram komu í ræðum hæstv. fjmrh. og hv. formanns fjvn. Það atriði, sem ég ætla að víkja að í ræðu hæstv. fjmrh., er í sambandi við niðurgreiðslurnar og það, sem ég sagði um þær hér í dag.

Þegar þetta mál var lagt fyrir okkur í hv. fjvn., var það lagt þannig fyrir, að fjárhæðin væri miðuð við það að fella niður niðurgreiðslur þann 1. nóv. 1967. Ég spurðist svo fyrir um það hjá einum nm., hvort það væri átt við allar niðurgreiðslur, og hann hélt, að svo mundi vera, og ég gat ekki betur heyrt í ræðu formanns í dag, sem ég var einmitt að taka eftir í þessu sambandi, en hann setti málið þannig fram. Af þessum ástæðum miðaði ég mitt tal við þetta, að það væri allar niðurgreiðslurnar, sem ætti að fella niður. Nú hefur hæstv. fjmrh. hins vegar upplýst það, að svo væri ekki, heldur viðbótin frá því í haust, og mér fannst það í raun og veru sönnu nær, miðað við þær upplýsingar, sem ég hafði fengið um heildarfjárhæð til niðurgreiðslna miðað við heilt ár. Um þetta þurfum við því ekki að deila, því að ég mun hafa það, sem sannara reynist í þessu efni, og fyrst það er upplýst, að það er miðað við þennan hluta af niðurgreiðslunum, held ég mig við það. En þrátt fyrir það er þó hér um að ræða 10—11 vísitölustig og 50 millj. kr., og ef við tökum þá liði, sem ég drap hér á í dag, að væru greiddir með fjárveitingu frá fyrra ári, eru það 70 millj. kr., sem tilheyra þessum fjárl. og tekjur eru ekki á móti. Og svo ekki meir um það.

Út af því, sem hv. 4. þm. Vesturl., formaður fjvn., sagði í sambandi við skólamálin, er það svo í þeim málum sem öðrum, að nauðsynlegt er að horfa fram á veginn en ekki til baka, og ég býst við því, að þróunin verði þannig, að eins og það, sem var til skólamála 1947, nægði ekki 1957, eins nægir ekki það, sem veitt er til skólamála 1957, árið 1967, og svo mun fara 1977, að tölurnar frá 1967 þykja litlar, enda hefur margt breytzt á þessum árum, og m. a. nægir ekki að vitna þar í byggingarvísitölu heldur, eins og hv. 4. þm. Vesturl. kom að. Þróunin í skólamálum hefur orðið mjög ör á síðustu árum. Ég minnist þess, að 1956 var heimavistarbarnaskóli vígður að Varmalandi í Mýrasýslu. Hann var sá fyrsti sinnar tegundar, þar sem heilt sýslufélag utan kauptúnsins sameinaðist um að byggja einn barnaskóla. Síðan hefur þessi stefna verið að ryðja sér til rúms og er nú ört að ryðja sér til rúms, að stórir barnaskólar eru byggðir miðað við nútímakröfur og eftir því sem nútíma arkitektar leggja til þar um. Á þessu er mikil breyting, hver þörfin er, þegar farið er inn á þessa þróun, heldur en áður var. En við þurfum ekki lengi um þetta mál að deila. Það skiptir ekki heldur máli. Ég sýndi ljóslega fram á það í ræðu minni hér í dag, hvað þörfin fyrir skólana og fjárveitingar til þeirra er mikil nú og verður mikil á næsta ári, og það er höfuðatriði málsins.

En það má gera samanburð á marga vegu og nota fleira til viðmiðunar en byggingarvísitöluna. Ef við gerum samanburð á fjárl. 1958, svo að við höldum okkur við það ágæta ár og 1967 og tökum hlutfallið, sem veitt er til barna- og gagnfræðaskóla 1958 og 1967, er það svipað. Af heildarupphæð fjárlaganna er þetta sama prósenta eða 1½%. Ef við aftur högum okkur nú þannig í þeim samanburði að bæta við árið 1967 framlagi til vegamála, sem var inni á fjárl. 1958, væri lægri hlut-

fallstala barna- og gagnfræðaskóla 1967 en var 1958. Út í það ætla ég ekki að fara, heldur halda mig við niðurstöðutölur fjárl. bæði árin og bæti þó við árið 1958 eins og ég hef gert í þeim samanburði á milli fjárl., sem ég hef alltaf viðhaft, niðurgreiðslunum, sem útflutningssjóður greiddi það ár. Og þá er af heildartölu fjárl. sama hlutfallið bæði árin. Hér er því ekki um neina framför að ræða, nema síður sé, þegar litið er á þörfina og hin breyttu viðhorf.

Við fulltrúar Framsfl. höfum leyft okkur að leggja fram á þskj. 167 eina brtt. við fjárlagafrv., sem er, að á heimildagr., 22. gr., verði hæstv. ríkisstj. heimilað að taka lán allt að 50 millj. kr. og verja því til skólabygginga í landinu, svo að fullnægt verði því, að ríkissjóður greiði 1/5 af kostnaði við þá skóla, sem búið er að byggja, og við þær áætlanir, sem fyrir liggja nú hjá þeim skólum, sem eru í byggingu eða eru að hefja byggingu. Hér er ekki um nein ný útgjöld fyrir ríkið að ræða. Aðeins er ríkisstj. heimilað að koma þessum málum betur fyrir, því að þetta eru mál, sem verður að leysa, og það gæti verið ómetanlegt fyrir þá, sem í þessum framkvæmdum standa, ef þessi till. næði fram að ganga, sem ég vil nú vona, og hæstv. ríkisstj. notaði þessa heimild.

Axel Jónsson: Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. ræddi hér fyrr á fundinum skólamál Kópavogskaupstaðar. Ég er honum sammála um allt það, sem hann sagði um þá brýnu þörf, sem þar hefur verið og er fyrir skólabyggingar. Ég tek undir það, sem hann sagði um hina háu prósentutölu um barna- og unglingafjölda okkar miðað við íbúatölu. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er sú, að ég lít svo á, að þau orð, sem hann lét falla um samskipti sveitarfélagsins og ríkisvaldsins nú á þessu kjörtímabili varðandi skólabyggingar, mætti skilja svo sem sérstaða Kópavogs hafi ekki verið virt og viðurkennd í þessu efni og við Kópavogsbúar höfum verið settir hjá. Staðreyndin í þessu máli er sem betur fer allt önnur. Og ég vil með örfáum orðum skýra það, til þess að menn verði ekki haldnir þeim skilningi, að Kópavogskaupstaður hafi þarna orðið eitthvað afskiptur. Ég tel miklu fremur, — og það ber að fagna því, — að það sé þveröfugt farið.

Á fjárl. fyrir árið 1964 fengum við Kópavogsbúar samþ. tvo áfanga, einn í barnaskólabyggingu og íþróttahús, 1965 áfanga í gagnfræðaskóla og sundlaug, á fjárl. 1966 nýjan áfanga í barnaskólabyggingu og 1. áfanga að nýjum gagnfræðaskóla, og á því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, er nýr áfangi í barnaskólabyggingu. Með þessu hefur verið fullnægt öllum óskum bæjaryfirvalda í Kópavogi, og ég endurtek: Það ber að fagna því, að svo vel hefur verið brugðizt við þeirri brýnu þörf, sem var í þessu sveitarfélagi fyrir þessar stórfelldu barna- og gagnfræðaskólabyggingar. Það er rétt, að í sumum þessara tilvika, sem ég gat þarna um, hefur það komið á daginn, að þær kostnaðaráætlanir, sem voru lagðar til grundvallar í upphafi, hafa reynzt of lágar. Þar er ekki um að sakast við ríkisvaldið, það er þá fremur við okkur heimamenn að sakast.

Hv. 4. þm. Vesturl. rakti hér fyrr á fundinum, hvernig reglurnar eru um þátttöku ríkisins í greiðslu byggingarkostnaðar skólanna. Framlag ríkisins greiðist á 5 árum. Að þeim tíma loknum er áætlunin endurskoðuð, og komi í ljós, að þar sé þá eftir vangreitt af hálfu ríkisins, greiðist það á þremur árum. Við Kópavogsbúar þurfum ekki að kvarta undan því, að við höfum ekki notið til jafns við aðra og fyllilega það þessara ákvæða.

Ég tel, að með þessum orðum mínum liggi það ljóst fyrir, að þessi barnmargi kaupstaður þurfi ekki að kvarta undan því, að hans sérstaða hafi ekki verið virt, bæði hvað óskir um byggingu barna- og gagnfræðaskóla snertir og eins varðandi fjárframlög af hálfu ríkisins. Þarna hefur sérstaða þessa sveitarfélags verið viðurkennd, og ber að fagna því. En ég tel rétt, að hv. þm. hafi fulla vitneskju um, hvernig gangur þessara mála hefur verið.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Skólamál hefur eðlilega borið nokkuð á góma hér við þessa umr., og það er að vonum, þar sem það eru bæði ein hin mestu áhugamál flestra alþm. og einnig í mörgum tilfellum ein hin mestu vandamál. Það hefur nokkuð verið um það rætt, að það ætti að verja meira fjármagni í þessi mál heldur en raun ber vitni um, og skal ég fúslega taka undir það. En það er þó sérstaklega eitt, sem ég vildi vekja athygli á, sem hefur komið mjög í minn hug við þau afskipti, sem ég hef haft af skólamálunum við störf mín í fjvn., og það er það, að mér sýnist, að það stefni í hið mesta óefni í þessum málum vegna þess, hversu miklar kröfur eru nú gerðar um stærð og frágang á skólabyggingunum, sem leiðir það af sér, að þær verða óhæfilega dýrar. Og þetta er ekki aðeins vandamál, sem snýr að ríkissjóði. Það er engu síður vandamál, sem snýr að sveitarfélögunum, sem eru þátttakendur í þessum byggingum, og mér sýnist það vera alveg óhjákvæmilegt að taka þessi mál nú sem allra fyrst miklu fastari tökum en enn hefur verið gert og reisa fastar skorður í þessum efnum, bæði um stærð, um rými miðað við nemendafjölda og einnig um kostnað á hvern rúmmetra. Það er að vísu ákaflega gaman að sjá í byggðarlögunum glæsilegar og góðar skólabyggingar, en samt sem áður megum við aldrei gleyma því, að þetta kostar mikla fjármuni. Við eigum eftir að byggja í mjög mörgum byggðarlögum landsins skóla, sem óhjákvæmilegt er, að hægt sé að hraða, en það vitanlega tefur mjög fyrir því, að hægt sé að sinna þessum málum eins og nauðsyn krefur, — það tefur því meira fyrir sem meira fé er varið til hinna einstöku skóla. Ég hef talsvert velt þessu máli fyrir mér, og ég verð að játa, að það hefur verið beinlínis hrollur í mér við að hugsa um þessi mál. En

eftir því sem ég veit bezt, mun nú vera í athugun ný skólakostnaðarlöggjöf, og ég vildi vænta þess, að það væri hægt að gera á þessu einhverjar endurbætur nú sem allra fyrst.

Um leið og ég vík að þessu, þykir mér rétt aðeins að koma að ræðu hv. 5. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar, sem hann flutti hér áðan, þar sem hann var að ræða um skólamál á Austurlandi og þá ekki sízt skólamál í Neskaupstað. Ég skrifaði nokkrar setningar eftir honum, nokkurn veginn, að ég held, orðrétt, og hann sagði, að það væri verið að mismuna hér á hinn herfilegasta hátt, og átti þar við Neskaupstað, og verið að neita Neskaupstað um að leysa sín skólamál. Ég held, að ég hafi tekið þetta líka orðrétt eftir. Og í þriðja lagi sagði hann verið að beita þennan stað órétti. Ég held, að þarna sé hallað réttu máli á hinn herfilegasta hátt. Ég vil upplýsa það, að Neskaupstaður fékk núna inn nýjan áfanga við barnaskólann með fullri framkvæmdagreiðslu miðað við 5 ára tímabil, enda var á þessu hin mesta nauðsyn, því að barnaskóli Norðfirðinga mun vera orðinn yfir 30 ára gamall. Og ég vil enn fremur benda á það, að árið 1965 hófu þeir byggingu íþrótta- og leikfimihúss í Neskaupstað, sem nú er aðeins skammt komið áleiðis, hina mestu og myndarlegustu byggingu, sem líka er mikil þörf á. En það er hins vegar stórt mannvirki, sem krefst mikils átaks, og mikið eftir að framkvæma af því verki. Hins vegar er það skólamannvirki, sem mér virtist hv. þm. beita þessum þungu orðum út af, vera heimavistarframkvæmd. En ég veit ekki til þess, að það sé í nokkrum kaupstað talið ákaflega nauðsynlegt til þess að leysa skólamál kaupstaðarins að byggja heimavistir. Hitt væri sönnu nær að segja, að það væri verið að níðast á Austfirðingum í heild, einhverjum öðrum byggðarlögum, sem þá kynnu að geta komið unglingum sínum til gagnfræðanáms í Neskaupstað. Sannleikurinn er sá, að það vantar enn þá talsvert á, að það sé hægt að fullnægja þörfum á Austurlandi fyrir gagnfræðanám. En ég held, að það séu ekki skiptar skoðanir um, að það fyrsta átak, sem þarf að gera í þeim efnum, sé að koma upp gagnfræðaskóla í Austur-Skaftafellssýslu. Þar er kominn vísir að þeim skóla, en þar er þörfin brýnust eins og er, — skóla, sem mundi fullnægja Austur-Skaftafellssýslu og syðstu hlutum Suður-Múlasýslu. Enn fremur er stefnt að því með Eiðaskóla, sem hingað til hefur verið fjögurra vetra skóli, að með því að barnaskólabyggingum miðar áfram, er hægt að láta þær taka við skyldunáminu og losa þannig Eiðaskólann við það, sem þá hefur miklu meiri möguleika til þess að mæta þörfum Austfirðinga fyrir gagnfræðanám og miðskólanám, sem yrði þá tveggja vetra nám. En þó að þessu marki verði náð, er vafalaust enn þörf fyrir meiri aðstöðu til gagnfræðanámsins, og þá kemur það vitanlega mjög til greina að auka þessa aðstöðu í Neskaupstað. En líka þarf að athuga það, hvort á fjölmennustu stöðum fyrir austan, eins og t. d. Seyðisfirði og Eskifirði, þar sem eru um 800 íbúar, hvort það sé ekki eins hagkvæmt að fullnægja gagnfræðaþörfinni á þeim stöðum, þar sem ekki þarf að byggja heimavistir fyrir nemendurna. En þrátt fyrir öll þessi stóryrði, held ég, að þm. hafi verið óþarflega hógvær á rökin, því að það má nú raunar færa enn þá rök fyrir nauðsyn á byggingu heimavistar í Neskaupstað, sem ekki er bundin við gagnfræðanámið. Það liggur sem sagt fyrir að reisa iðnskóla fyrir Austurland, og enda þótt ég hyggi, að það sé ekki búið að ganga frá því máli, hvar hann verði byggður, eru nokkrar líkur á því, að hann muni verða reistur í Neskaupstað, og þá er áreiðanlega þörf á heimavistaraðstöðu.

Nei, það er mikill misskilningur hjá hv. þm., að það sé verið að níðast á Neskaupstað með þessari afgreiðslu málsins. Hitt má honum vera ljóst eins og öllum þm., að það er langt frá því, að það sé hægt að fullnægja óskum allra og þörfum um skólabyggingar, hve góðan vilja sem við hefðum í þeim efnum til þess að leysa það mál. Till. hv. þm. bera það líka með sér, og hann flytur auk þessarar till. um heimavistina í Neskaupstað tvær aðrar till. um að taka upp undirbúningsfjárveitingu til skólaframkvæmda á Austurlandi, aðra á Höfn í Hornafirði og hina á Búðum í Fáskrúðsfirði. Bæði þessi mál eru hin mestu nauðsynjamál.

Ég vil svo bara bæta því við, að að þessu sinni eru auk þessa áfanga, sem tekinn var, sem er viðbygging við barnaskólann í Neskaupstað, til þess að hægt væri að vinna að henni sem fullri framkvæmd, er tekin undirbúningsfjárveiting til þriggja annarra skólabygginga á Austurlandi, sem allar eru mjög aðkallandi. Það er barnaskóli á Eskifirði, það er barnaskóli á Seyðisfirði, og það er barnaskóli eða stækkun á barnaskóla á Eiðum. Ég skal aðeins geta þess, að skólahúsið á Eskifirði er orðið mjög gamalt. Það er mjög gamalt timburhús og hin mesta nauðsyn að hraða þeirri byggingu. Á Seyðisfirði er barnaskólabygging frá 1906—1908, og á þann stað mun aldrei hafa komið fjárveiting til skólabygginga úr ríkissjóði. Þarna er líka hin mesta þörf á að byggja. Það má svo alltaf deila um, hvort það sé rétt gert, þær ákvarðanir, sem teknar eru, og eins og Njáll sagði, allt orkar tvímælis, þá gert er. En ég vil halda því fram, að við, sem unnum að því að reyna að koma skikkan á þessi skólamál, höfum gert það eftir því sem við bezt gátum. Og ég verð að segja fyrir mig, að enda þótt mér hafi aldrei dottið í hug, að ég mundi sleppa við ámæli út af einu og öðru, sem við urðum að taka ákvörðun um í þessum skólamálum, held ég, að þessi ádeila hv. 5. þm. Austf. sé ekki á rökum reist.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var kannske ekki með öllu óeðlilegt, að hv. 3. þm. Austf., Jónas Pétursson, viki hér að þessu máli, sem ég hafði gert hér að umtalsefni áður. Hann vissi nefnilega um nokkurn hlut, sem hann hafði átt að því máli, sem ég hafði gert hér að umtalsefni, og óttast það kannske, að hann

sé ekki með öllu sloppinn frá því. Og það held ég, að ég geti sannfært hann um, að hann er ekki sloppinn frá því.

Hv. þm. reyndi hér að koma því á framfæri, að beiðni okkar um heimavist við gagnfræðaskólann í Neskaupstað væri alveg sérstæð, hún ætti sér ekki fordæmi. Þetta er mesti misskilningur. Þegar ákveðið var að fara þessa leið, að byggja við gagnfræðaskólann í Neskaupstað heimavist, þar sem ekki var aðeins um að ræða heimavist í þrengstu merkingu, heldur einnig mikið viðbótarhúsnæði fyrir skólann, var það samkv. till. fræðslumálastjóra, þar sem hann benti alveg sérstaklega á, að þessi sama leið hefði einmitt verið farin og gefizt með fádæmum vel í Stykkishólmi. Ég minnist þess alveg sérstaklega, að hann nefndi þann stað, þar sem þessi leið hefði verið farin, og hann lagði eindregið til, að þessa leið færum við, vegna þess m. a., að það lá fyrir, eins og hv. þm. sagði hér, að það væri ónógt skólahúsnæði á Austurlandi fyrir unglinga á gagnfræðaskólastiginu. En þannig er sem sagt ástatt á Austurlandi, að þar er aðeins um 2 skóla að ræða, Eiðaskóla og gagnfræðaskólann í Neskaupstað, sem hafa kennslu á þessu skólastigi, og nemendur annars staðar að af Austurlandi verða að leita í þessa skóla og svo í aðra landsfjórðunga. Eiðaskóli hefur verið fullur um langan tíma og ekki getað tekið við nemendum frá mörgum byggðarlögum, og af því hafa þeir m. a. leitað til Neskaupstaðar margir. Nú á þessum vetri eru t. d. um 20 nemendur af öðrum fjörðum, sem auðvitað eru dreifðir í heimahús víða í bænum, en mörgum varð að synja um skólavist. Þetta vissu fræðsluyfirvöldin um, að það var hægt að leysa þennan vanda á þennan hátt, og af því ráðlögðu þau þetta.

En hitt lá svo einnig fyrir, að það var gert ráð fyrir því, að í Neskaupstað einmitt yrði iðnskóli fyrir allt Austurland. En það er eini iðnskólinn á Austurlandi, sem hefur verið rekinn samfellt nú í 23 ár. Í þann skóla verða auðvitað að koma nemendur úr öðrum byggðarlögum á Austurlandi og hafa gert, en það verður einhvers staðar að koma þeim fyrir. Kennslan í iðnskólanum á Austurlandi hefur einmitt farið fram í gagnfræðaskólanum og að verulegu leyti framkvæmd af kennaraliði gagnfræðaskólans. Þessir skólar hafa sem sagt verið reknir saman á þessum stað. Því var beinlínis gert ráð fyrir því í þeirri beiðni, sem lögð var fyrir fjvn., að þessi heimavistarbygging, sem hér um ræðir, yrði einnig fyrir iðnskólastarfsemi í Neskaupstað. En nú er ætlunin að búa þannig um hnútana, að þar skuli vera iðnskóli fyrir allt Austurland, en engin aðstaða má vera á staðnum til þess að taka við aðkomunemendum.

Ég held því enn fram, að hér sé farið á allt annan hátt að með skólamál Neskaupstaðar í þessum efnum en skólamál annarra byggðarlaga. Hér hefur af okkar hálfu verið farið nákvæmlega eftir till. fræðsluyfirvaldanna um fyrirkomulag allt, en það, sem gerir og við höfum svo sem fengið skýringuna á alls staðar, þar sem við höfum þreifað fyrir okkur nú í seinni tíð, er það, að einn þm. býr til þann draug, að hann þykist sjá í því, að ef byggt verði þetta heimavistarhúsnæði í Neskaupstað, geti svo farið, að það verði meiri rök fyrir því, að menntaskóli, sem einhvern tíma síðar meir verði ákveðinn staður á Austurlandi, geti hlotið stað í Neskaupstað. Og þá verða menn að grípa til þess ráðs að reyna að stöðva skólabyggingar í Neskaupstað af þessum ótta. Auðvitað er það hin mesta fjarstæða, að heimavistarbyggingin við gagnfræðaskólann í Neskaupstað ráði nokkrum úrslitum um það, hvar verði ákveðinn staður að lokum fyrir menntaskóla á Austurlandi. Ef það verður vilji stjórnarvalda og Austfirðinga, að hann verði byggður á öðrum stað, er vitanlega öll aðstaða til þess, vegna þess að í þessu tilfelli er aðeins verið að byggja það, sem er nauðsynlegt fyrir gagnfræðaskólann, bæði viðvíkjandi kennslurými hans og aðstöðu fyrir nemendur og aðstöðu fyrir nemendur iðnskólans. Hér er ekki verið að fara fram á neitt annað. En það er sem sagt, að einn maður í fjvn., og svo vill nú til, að það er þm. frá Austurlandi, sem átti hér einnig að vera fulltrúi fyrir Neskaupstað, finnur það út, að ef verður haldið öllu lengra áfram í byggingum yfir skólann í Neskaupstað, geti það orðið hættulegt í sambandi við ákvörðun á stað fyrir annan skóla, sem eflaust er langt í land að ákveða stað fyrir.

Nú er það einnig svo, að það eru ekki aðeins fræðsluyfirvöldin, sem hafa lagt til, að þessi leið yrði farin í sambandi við uppbyggingu þessara skólamála í Neskaupstað. Á Austurlandi eru til samtök með öllum starfandi kennurum þar, Kennarasamband Austurlands. Það hefur gert ýtarlega samþykkt um það og skorað á stjórnarvöld að samþykkja það, að byggð verði þessi heimavistarbygging við gagnfræðaskólann í Neskaupstað. Það voru m. a. kennarar frá Fáskrúðsfirði, sem lögðu fram þessa till., og hún var síðan samþ. þar einum rómi. Og sveitarstjórnarmenn bæði á Eskifirði og Reyðarfirði og í fleiri byggðarlögum fyrir austan hafa gert kröfu um það, að þessi heimavist yrði byggð, af því að þeir leita einmitt til Neskaupstaðar með það að koma börnum sínum þar í skóla.

Svo var að heyra á þessum hv. þm., að hann hefði nokkrar áhyggjur af því, að við stæðum nú í ýmsu öðru þarna í Neskaupstað í sambandi við okkar skólamál, þar væri verið að byggja íþróttahús og þar væri einnig sköpuð heimild til þess, að það mætti gera nokkra viðbyggingu við barnaskólann þar, og veitt er nú til þess hvorki meira né minna en 370 þús. kr. á þessu fjárlagafrv. En mér er óhætt að fullyrða það, enda hefur það komið alveg greinilega fram frá hálfu yfirvalda í Neskaupstað, að þessi þm. þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af fjármálum okkar þar um, að við getum drifið áfram okkar skólabyggingar, ef

við bara fáum leyfi til þess að byggja þær. Við höfum einmitt lýst því yfir, að við vildum gjarnan ráðast í þessa byggingu, ef við gætum fengið heimild menntmrh. til þess, þó að ekki væri um að ræða neina fjárveitingu frá ríkinu. En það hefur verið verk þessa hv. þm. að koma í veg fyrir það, að við gætum fengið þessa heimild. Ég hef því ekki hallað réttu máli hér í sambandi við þetta mál, og tilburðir þessa hv. þm. til þess að reyna að leiða athyglina að einhverju öðru þessu óviðkomandi varðandi skólamál á Austurlandi breyta hér litlu um, upptalning á því, að nú hafi komizt inn í fjárlagatill. upphæðir eins og til barnaskólabyggingar á Eskifirði, þar eigi að byggja nýtt skólahús, sem að vísu er ekki farið að teikna enn þá, því miður, og það eru ætlaðar í fjárlagafrv. 250 þús. kr. til þess mannvirkis, — það er vitanlega sjálfsagt að telja það fram, þegar hv. þm. reynir að gera sig góðan í þessum efnum, — og til byggingar á nýju barnaskólahúsi á Seyðisfirði í staðinn fyrir 50 ára gamalt barnaskólahús, sem þar er, þar er líka varið 250 þús. til þess, og til viðbyggingar við barnaskólann á Eiðum 250 þús. Það er nú annað hvort, að menn telji þetta fram. Þetta eru minnstu fjárhæðir, sem veittar eru í nokkru tilfelli til framkvæmda, enda vitað, að það stendur þannig á í öllum tilfellum, að það er ekki hægt að hreyfa sig þar. Undirbúningur hefur ekki farið fram. En þar sem allur undirbúningur hafði farið fram og menn voru tilbúnir til þess að fara í framkvæmdir og leysa nokkuð af aðkallandi málum varðandi skólamálin á Austurlandi, þar þurfti að setja löppina fyrir.

En það hefur víst ekki mikið upp á sig að ræða þetta mál miklu meira hér. Það verður eflaust rætt annars staðar og kannske ekki minna af flokksmönnum þessa hv. þm. á réttum stað heldur en af mér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 117, n. 124, 125, 135, 136, 137, 142, 146, 152, 158, 160, 161, 165, 167, 168, 169).

ATKVGR.

Brtt. 161 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 135,1—5 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 137,I felld með 32:17 atkv.
— 125 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 135,6—9 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 165,I felld með 32:14 atkv.
— 146,I.1 felld með 32:17 atkv.
— 135,10 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 152,1 felld með 31:15 atkv.
— 135,11 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 146,I.2 felld með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, ÞÞ, AG, BFB, BJ, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ.

nei: SÓÓ, SvG, SvJ, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, RG, FS, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, ÓL, PS, SÁ, SB, SI, BF.

SkG, ÁÞ, ÁB greiddu ekki atkv.

2 þm. (BP, RA) fjarstaddir.

Brtt. 146,I.2 varatill. felld með 32:18 atkv.
— 135,12—16 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 168 samþ. með 33:1 atkv.
— 135,17—19 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 158,I felld með 31:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, BP, EÁ, EystJ, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, KK.

nei: MÁM, ÓB, ÓL, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, SvJ, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, FS, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, BF.

EðS, EOl, RG, GeirG, JSk, LJós greiddu ekki atkv.

1 þm. (RA) fjarstaddur.

1 þm. (SE) fékk ekki að greiða atkv. samkv. úrskurði forseta.

Svofelldar greinargerðir komu fram við atkvgr.:

Forseti (BF): Samkv. ótvíræðum ákvæðum þingskapa, í 44. gr. má enginn þm. greiða atkv. með fjárveitingu til sjálfs sín.

Pétur Sigurðsson: Drottinn gaf og drottinn tók, *og því segi ég nei.*

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Samkv. erindi, sem ríkisstj. hefur í höndum og fjvn. hefur í höndum, er það umsókn safnaðarins að fá þessa fjárhagsaðstoð til þess að taka við kirkjunni.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Út af úrskurði hæstv. forseta vil ég minna á það, að á síðasta þingi gerðist það, að ráðh. og forsetar greiddu atkv. með því, að þeir skyldu framvegis eins og áður fá ríkisstyrk til þess að kaupa áfengi og tóbak handa sér. En um þetta mál annars er það að segja, að það eru fordæmi fyrir því, að ríkið hlaupi undir bagga, þegar kirkjur hafa brotnað af völdum óveðurs, og ég tel, að það sé gott fyrir söfnuðinn þarna að hafa kirkju, það getur einnig verið gott fyrir sjómenn, að þarna sé kirkja. Ég segi því já.

Björn Jónsson: Herra forseti. Þar sem hæstv. forseti hefur með rangindum haft atkvæðisréttinn af flm. þessarar till., segi ég já.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Vegna þess að ég hef tækifæri til þess, vil ég koma hingað til þess að mótmæla þessum úrskurði hæstv. forseta. Ég tel hann rangan og ekki í sam-

ræmi við þingvenjur, sem hér hafa verið, eða þingsköp. Ég segi já.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af úrskurði hæstv. forseta vil ég vekja athygli á því, að á 15. gr. fjárlagafrv., VIII. tölulið, er framlag til greiðslu álags vegna afhendingar kirkna til safnaða. Þessi fjárveiting er búin að standa í nokkur ár, og hafa margar bændakirkjur verið afhentar söfnuði samkv. þessari ákvörðun, sem hér hefur verið gerð. Þess vegna er hér um það að ræða, að ríkið taki við kirkjunni í Saurbæ einmitt með þeirri fjárveitingu, sem hér er lagt til, og því segi ég já.

Forseti (BF): Þar sem mótmælt hefur verið þeim úrskurði, að hv. 3. þm. Vestf., Sigurvin Einarsson, gæti ekki greitt atkv. í þessu máli, leyfi ég mér að bera úrskurðinn undir atkv. Ég vil geta þess, áður en atkvgr. fer fram, að úrskurður forseta byggist að sjálfsögðu á þeim upplýsingum, sem ég tel mig hafa, að þarna sé um bændakirkju að ræða og eign ábúandans eða eigandans á Saurbæ á Rauðasandi.

ATKVGR.
Úrskurður forseta samþ. með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, MB, MÁM, ÓB, ÓL, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, SvJ, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, FS, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, BF.
nei: ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós.
RG greiddi ekki atkv.
1 þm. (RA) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hér er um að ræða jörð, sem er í eigu hv. þm., og ég tel, að forseti hafi úrskurðað rétt, og því segi ég já.

Brtt. 169,1 samþ. með 38:1 atkv.
— 135,20—22 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 137,II felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós.
nei: MJ, MB, MÁM, ÓB, ÓL, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, SvJ, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, RG, FS, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, BF.
1 þm. (RA) fjarstaddur.
Brtt. 135,23—24 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 169,2 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 135,25—26 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 152,2 felld með 32:14 atkv.
— 135,27 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 152,3 felld með 32:14 atkv.
— 135,28 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 152,4 felld með 32:16 atkv.
— 135,29 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 160 felld með 32:22 atkv.
— 135,30 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 146,II felld með 32:24 atkv.
— 152,5 felld með 32:20 atkv.
— 135,31—32 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 169,3 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 135,33 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 136,1 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 135,34 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 146,III.1 felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BJ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB.
nei: DÓ, EggÞ, RG, FS, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, ÓL, PS, SÁ SB, SI, SÓÓ, SvG, SvJ, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, BF.
1 þm. (RA) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Bæði innan þings og utan hefur komið fram sá vilji hjá aðilum, að komið verði upp sjómannastofum á Austfjörðum. Í þeirri till., sem hér liggur fyrir, er aðeins till. um, að hálft gjald komi frá því opinbera, frá ríkissjóði, en engar till. um það, að annað slíkt komi annars staðar frá. Það liggur þannig fyrir, að ekki séu till. um það, hvort þetta gjald eigi að koma frá sjómönnum sjálfum, frá útgerðarmönnum, frá eigendum síldarverksmiðja eða frá sveitarfélögunum sjálfum. Áður en einhver lausn er fundin á þessu vandamáli, sem ég tel mikla nauðsyn á, að finnist innan tíðar, tel ég ekki raunhæft að skylda ríkissjóð til þess að setja fé í þetta, og því segi ég nei.

Brtt. 135,35—36 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 158,II.1 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 136,2—3 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 146,III.2 felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE.
nei: SvJ, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, RG, FS, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, ÓL, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, BF.
SkG greiddi ekki atkv.
3 þm. (GíslG, IG, RA) fjarstaddir.
Brtt. 135,37—38 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 165,II.1 felld með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, EðS, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HermJ, IG.
nei: JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, ÓL, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, SvJ, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, RG, FS, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, BF.

BP, EÁ, JSk greiddu ekki atkv.
2 þm. (RA, HB) fjarstaddir.
Brtt. 135,39—40 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 165,II.2 felld með 31:11 atkv.
— 135,41 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 142 felld með 32:23 atkv.
— 152,6 felld með 31:17 atkv.
— 135,42 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 152,7 felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, BP, EÖS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG.

nei: JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, ÓL, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, SvJ, ÞK, AuA, ÁJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, RG, FS, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, BF.

1 þm. (RA) fjarstaddur.
Brtt. 135,43.a samþ. með 37 shlj. atkv.
— 169,4 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 135,43.b kom ekki til atkv.
— 137,III samþ. með 48 shlj. atkv.
— 146,III.3 felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, BP, EÖS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB.

nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, ÓL, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, SvJ, ÞK, AuA, ÁJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, RG, FS, GuðlG, GunnG, GÞG, BF.

1 þm. (RA) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Fyrir löngu lét ríkisstj. svo, að hún mundi reyna að greiða eitthvað úr vandræðum félagsheimilasjóðs, en ég hef ekki orðið var við neinar aðgerðir í því efni, og þess vegna tel ég rétt að samþykkja þetta og segi já.

Brtt. 146,IV felld með 32:22 atkv.
— 158,II.2 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 167 felld með 32:23 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 174).

6. Iðnlánasjóður (hagræðingarlán).

Á 13. fundi í Sþ., 2. des., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð** [84. mál] (stjfrv., A. 112).

Á 22. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. um iðnlánasjóð á þskj. 112 er framhald af löggjöf frá síðasta þingi, sem þá var samþ. um breyt. á iðnlánasjóðslögunum, en eins og hv. þm. rekur minni til, var eitt meginefni þeirra breytinga, að iðnlánasjóði væri heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að taka allt að 100 millj. kr. lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og fríverzlunar. Í framhaldi af þessu var í samráði við stjórn iðnlánasjóðsins gefin út reglugerð um hagræðingarlán iðnlánasjóðs 7. júlí í sumar, og snemma í septembermánuði var það til umr. innan ríkisstj. að heimila iðnlánasjóði að hefja lánsfjárútvegun fyrir þessa hagræðingarlánadeild og stuðla að því, að slík lánsfjáröflun mætti takast. Við áttum um þetta viðræður, fjmrh. og iðnmrh., við Seðlabankann, sem hafður var með í ráðum. Síðan hefur málið verið undirbúið milli Seðlabankans og stjórnar iðnlánasjóðs og er nú komið svo langt, að það ætti að vera hægt að hefja mjög fljótlega þetta lánsútboð. En að athuguðu máli þótti nauðsynlegt til þess að gera lánin aðgengilegri og útgengilegri að veita iðnlánasjóði heimild til þess, að ef hann byði út almennt skuldabréfalán, mættu skuldabréfin svo og vextir af þeim vera undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. l. nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt. Og þetta ákvæði er meginefni þessa frv., að veita iðnlánasjóði vegna væntanlegra hagræðingarlána þessa skattfrelsisheimild.

Formsins vegna var talið æskilegt að umorða 6. gr. iðnlánasjóðslaganna, nr. 45 frá 3. apríl 1963, eins og hér er gert, og ég vil einnig vekja athygli á því, að almenn lánsheimild iðnlánasjóðs er hér hækkuð upp í 300 millj. kr., en hún var hækkuð úr 100 millj. í 150 millj. með breytingum á síðasta þingi. En eins og nánar er gerð grein fyrir í aths. þessa frv., hefði verið æskilegra þá að hafa hliðsjón af þeim breytingum, sem eiga sér stað, þegar Framkvæmdabanki Íslands hættir störfum nú um áramótin og við verkefnum hans tekur Framkvæmdasjóður Íslands, en gert er ráð fyrir, að hann verði lánasjóður fjárfestingarsjóðanna og þá ekki ólíklega eitthvað í svipuðum mæli lánað t. d. til iðnlánasjóðs eins og Framkvæmdabankinn hefur lánað einstökum iðnfyrirtækjum í iðnrekstri á undanförnum árum, og við það er miðuð þessi till. um að hækka heimildina upp í 300 millj. kr., og má segja, að það hefði átt að taka þetta til athugunar í vor, eins og kemur fram í aths. Það er hugsað að hefja þessa lánsfjáröflun með því að bjóða út 25 millj. kr. af 100 millj. kr. heimildinni, sem hagræðingarlánaflokkurinn hefur fengið, og um það, eins og ég hef áður sagt, hefur verið haft samráð við Seðlabankann, og ég geri mér vonir um, að þessi almennu lán geti verið með þeim kjörum eða skuldabréf, að þau reynist útgengileg, enda má segja,

að iðnlánasjóður hafi nokkur tök á því að taka á sig halla af þessu lánsútboði vegna þeirrar hækkunar, sem gerð var á almennu framlagi frá ríkissjóði til iðnlánasjóðs á síðasta þingi, úr 2 millj. kr. í 10 millj. kr.

Mér þykir rétt í sambandi við þetta mál að gera hv. þm. grein fyrir því, að iðnmrn. hefur verið í nokkurri endurskoðun og endurskipulagningu. Það má segja, að það hafi ekki verið mjög veigamikið og við höfum verið liðfáir þar, en úr þessu hefur nú rætzt á þessu hausti, og í sambandi við nokkra endurskipulagningu, bæði varðandi fyrirkomulag og mannafla, varð það að samkomulagi innan ríkisstj., að iðnmrh. skipaði svokallað iðnþróunarráð til styrktar um meðferð meiri háttar mála, sem snerta iðnþróun landsins. Hvað fyrir vakir með þessu, skýrist kannske í fljótustu bragði með því að lesa bréf, sem sent var frá iðnmrn. 7. nóv. til þeirra aðila, sem gert er ráð fyrir, að tilnefni fulltrúa í þetta iðnþróunarráð, og vil ég leyfa mér að gera það, með leyfi forseta. Þar segir svo:

„Iðnmrh. hefur ákveðið að skipa iðnþróunarráð, er verði iðnmrn. til styrktar um meðferð meiri háttar mála, er snerta iðnþróun landsins. Er þá við það miðað, að stóriðjunefnd hafi lokið verkefni sínu. Meginverkefni stóriðjunefndar var að kanna möguleika þess, að hafin yrði álbræðsla á Íslandi, og undirbúa fyrir hönd ríkisstj. samningagerðir þar að lútandi. En mörg önnur mál komu til meðferðar hjá stóriðjunefnd, og hafði hún m. a. með höndum athugun þess, að reist yrði kísilgúrverksmiðja á Íslandi, og undirbjó löggjöf um kísilgúrvinnslu við Mývatn. N. fjallaði um aðstöðu til olíuhreinsunar á Íslandi og voru falin önnur verkefni til íhugunar. Gert er ráð fyrir, að verkefni iðnþróunarráðs verði að nokkru framhald af verkefnum stóriðjunefndar, en þó víðtækara, þar sem fjallað yrði um iðnþróun landsins almennt, fjárhagslega, viðskiptalega og tæknilega, og tekið við rannsóknarefnum eða stuðlað að rannsóknum á möguleikum til nýrra iðngreina samhliða eflingu þeirra, sem fyrir eru, í þeim tilgangi að vinna að framkvæmd mála, veita einstaklingum, félögum og samtökum iðnaðarins brautargengi þar að lútandi. Iðnþróunarráð verður þannig skipað, að eftirtaldir aðilar skipi hver sinn fulltrúa í ráðið, en iðnmrh. gegni formennsku þess: Seðlabanki Íslands, Framkvæmdasjóður Íslands, Efnahagsstofnunin, Iðnaðarmálastofnun Íslands, iðnlánasjóður, Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna og iðnaðardeild Sambands ísl. samvinnufélaga."

Eins og menn sjá af þessu, er þetta iðnþróunarráð þannig samsett, að það er skipað fulltrúum frá samtökum iðnaðarins í landinu, iðnrekendum, iðnaðarmönnum og iðnaðardeild Sambands ísl. samvinnufélaga, en auk þess fulltrúum frá peningastofnunum og fjárfestingarsjóðum, bæði iðnaðarins og Framkvæmdasjóði Íslands auk Seðlabankans og Efnahagsstofnunar, og vildi ég mega vænta, að þetta ætti að gefa iðnmrn. verulegan styrk í þeim margvíslegu verkefnum, sem það þarf og á að inna af höndum til styrktar almennri iðnþróun í landinu. Mér hafa ekki enn borizt allar tilnefningar frá þessum aðilum og sérstaklega ekki Framkvæmdasjóði Íslands, því að enn sem komið er hefur hann ekki tekið til starfa, en hann á að taka við um áramótin af Framkvæmdabankanum, en verður væntanlega fljótlega kölluð saman stjórn framkvæmdasjóðsins, til þess að hún verði undir það búin að taka við þeim verkefnum, sem henni eru ætluð um áramótin, og eftir því að dæma ætti að vera skammt í land, að þetta iðnþróunarráð gæti tekið til starfa.

Eftir þá reynslu, sem við höfðum í ríkisstj. af störfum stóriðjunefndar, var nokkrum sinnum um það rætt að koma upp nefnd eða ráði, sem hefði nokkurt framhald af störfum n. og væri þó víðtækara, og átti ég nokkrum sinnum um það viðræður við formann stóriðjunefndarinnar, dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóra, og þessi hefur nú orðið niðurstaða þessa máls.

Ég vildi mega vænta þess, að enginn ágreiningur þurfi að verða um þetta frv. hér nú. En vegna þess að ég tel mikið við liggja, að hægt sé að hefja lánsútboð fyrir hagræðingarlánadeild iðnlánasjóðs, vildi ég mega mælast til þess við þá n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún athugaði að hafa hraðan gang á afgreiðslu þess, sérstaklega, eins og ég sagði, ef enginn ágreiningur verður í málinu, þannig að hægt væri mjög fljótlega að afgreiða það sem lög frá þinginu. Ég vil að svo mæltu leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst rétt að vekja athygli á því, eins og reyndar mun hafa komið fram í ræðu iðnmrh. hér áðan, að á síðasta þingi var samþ. að heimila iðnlánasjóði að taka allt að 100 millj. kr. lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum. Það er nú liðið næstum því ár síðan þetta var samþ. hér á Alþ., án þess að nokkur framkvæmd hafi átt sér stað fyrr en nú. Samkv. þessu frv. á að veita iðnlánasjóði 25 millj. kr. lántöku í þessu skyni. Mér finnst, að hér hafi óeðlilega mikill seinagangur átt sér stað og það sé of skammt gengið með því að tryggja aðeins 25 millj. kr. til þessarar starfsemi, því að fjárþörfin er að sjálfsögðu miklu meiri en það. Þá virtist mér það koma fram í ræðu hæstv. ráðh., að það væri ætlazt til þess, að þau lán, sem sjóðnum eða hagræðingardeild iðnlánasjóðs væri heimilað að taka samkv. þessu frv., mundu verða mjög vaxtahá. En hins vegar er ætlazt til, að lánin, sem iðnaðarfyrirtækin fái, þessi hagræðingarlán, verði vaxtalág og það eigi þess vegna að taka hluta framlagsins, sem kemur úr ríkissjóði, til þess að borga vaxtamismuninn. Þetta verður þess að sjálfsögðu valdandi, að framlag ríkisins til iðnaðarlána notast miklu verr en ella. Mér finnst rétt í þessu sambandi að benda

á það, að hér fyrir hv. d. liggur annað frv., þar sem gert er ráð fyrir að auka verulega framlag ríkissjóðs til sjóðsins, og mér sýnist, að það sé enn þá meiri ástæða til þess að samþykkja það frv., þegar fyrir liggur nú hér, að taka á verulegan hluta af framlagi ríkisins til þess að greiða vaxtamismun, en það verður ekki notað beint til útlána, eins og ætlunin hefur þó verið. Ég vil þess vegna vænta þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, taki bæði þessi frv. til meðferðar samtímis, og það sé eðlileg afleiðing af því frv., sem hér liggur fyrir, að framlag ríkissjóðs til iðnlánasjóðs verði verulega hækkað, þar sem er gengið inn á þá braut að taka nokkurn hluta af þessu framlagi til þess að greiða vaxtamismun, en það rennur ekki beint til útlána, eins og áður hefur verið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði í ræðu hæstv. iðnmrh., sem ég vildi, fyrst hann var að tilkynna okkur hér um þá iðnþróunarnefnd, sem hann hefði skipað, gera aths. við. Hann sagði, eftir því sem mér heyrðist, að þetta ætti að vera framhald af þeirri gömlu stóriðjunefnd, sem forðum var skipuð. Og nú, eins og menn muna, voru gerðar nokkrar aths. við það aðalverk, sem komið hefur frá stóriðjunefndinni, till. um alúmíníumverksmiðjuna, að einmitt þingið og þingflokkarnir hefðu ekki haft aðstöðu til þess að skipa í þá n. eða undirbúa hennar starf eða fylgjast með hennar verkum. Nú skildist mér á því, sem hæstv. ráðh. las upp af þeim stofnunum, sem hann hefði falið að tilnefna þarna, þarna væri Seðlabankinn, þarna væri Iðnaðarmálastofnunin og þarna væru ýmsar deildir úr ríkisapparatinu, — mér skilst, að sú n., sem með þessu móti mundi verða skipuð af hæstv. ráðh., væri eiginlega eins konar n. úr sjálfu skriffinnskuapparati ríkisvaldsins. Nú skal ég ekki neita því, og það er kannske það, sem hefur vakað fyrir hæstv. ráðh. að reyna að samræma að einhverju leyti aðgerðir og skoðanir hinna ýmsu deilda innan ríkisvaldsapparatsins. En ég held, að við verðum að gá mjög vel að okkur, hvert þessi þróun fer að leiða, — þessi þróun, að sérfræðingar, að embættismenn og aðrir slíkir eigi að ráða um og undirbúa þær till., sem síðan að lokum séu lagðar fyrir Alþ. svo að segja sem þær endanlegu till. ríkisstj. Þetta þýðir, að það er smám saman verið að grafa undan þingræðinu og valdi þings sem aðalvalds í landinu. Er nauðsynlegt, að menn geri sér þetta ljóst. Þetta er vandamál, sem er rætt nú sem stendur í öllum þingræðislöndum Evrópu, ekki síst einmitt vegna þess, hve gífurlega vald sérfræðinga hefur aukizt við þá stórkostlegu tæknilegu þróun, sem nú á sér stað í heiminum.

Það er út af fyrir sig mjög eðlilegt, að vald þessara sérfræðinga aukist á ýmsan máta, vegna þess að þeir sitja oft inni, hvað þau hreinu tæknimál snertir, með þekkingu, sem þeir almennu kosnu fulltrúar af fólkinu hafa fæstir. En þetta felur í sér þá hættu, að smátt og smátt sé verið að þurrka út það lýðræði og þingræði, sem við ætlumst til, að ráði í löndunum. Og ég held, að við eigum að gæta okkar nokkuð vel í þessum efnum. Nú er hér að því leyti ekki eins mikil hætta á ferðum og víða erlendis, að það er alls ekki um það að ræða, að það sé svo mikið af tæknilega, vísindalega hámenntuðum mönnum, sem þarna eru settir í, og hafi þess vegna vissa yfirburði yfir alla aðra í krafti sinnar þekkingar. Það er miklu meira hitt, að það sé verið að setja einhverja og einhverja embættismenn, sem hafi enga sérþekkingu í þessum málum, en skipa einhverjar valdastöður í einhverjum bönkum þjóðfélagsins og einhverju slíku, og trúa þeim fyrir málum, sem þeir hafa alls ekkert sérstakt vit á fram yfir aðra menn. En það að velja yfirleitt þessa aðila úr sjálfu ríkisapparatinu þýðir smátt og smátt að setja þingið til hliðar.

Ég er ekki að segja þetta endilega vegna hæstv. núv. ríkisstj. Hvaða ríkisstj. sem er hefur þessar tilhneigingar. Og á móti þessum tilhneigingum þarf að standa, og við þeim þarf að vara. Ég vil mjög skírskota til hæstv. ráðh., ég veit, að hann er oft mjög samningalipur maður í þessum málum, að hann endurskoðaði mjög vel þessar till. sínar eða þessa ákvörðun sína, hvort honum fyndist ekki hentara að hafa annan máta á og taka meira tillit til Alþ. í þessu sambandi. Jafnframt vil ég líka benda á, að það er ekki sízt af hæstv. ríkisstj. talað um það allmikið nú, að hún vilji reyna að hafa góða samvinnu við verkalýðssamtökin. Ég sá ekki eða heyrði ekki, það kann að hafa farið fram hjá mér, — ég heyrði ekki í þessum ákvörðunum um neina fulltrúa frá hálfu þeirra samtaka verkalýðsins, sem sérstaklega hafa með iðnaðinn eða stóriðjuna að gera. Ég held, að það væri mjög misráðið að ræða um iðnþróunina á Íslandi í einhverjum ákveðnum hóp, sem ætti að undirbúa slíkt, án þess að taka tillit til þessarar stéttar, því að sjálft vinnuaflið, sjálfir verkamennirnir, sem í þessu eru, eru ekki hvað sízt ein höfuðforsenda fyrir því, bæði lært og ólært, að það verði hægt að þróa þennan iðnað, sem við gjarnan viljum þróa á Íslandi, svo að vel fari. Án þess að ég ætli að fara að gera þetta að nokkru umræðuefni núna, en fyrst ég heyrði, hvað hæstv. ráðh. sagði, vildi ég skjóta þessu fram honum til athugunar.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. vil ég taka fram, að það er ekkert ákvæði um iðnþróunarráð í frv. Ég hef hlustað á, hvað hann hefur sagt í þessu sambandi, og skal gjarnan taka þau mál til frekari íhugunar. Ég vil aðeins til þess að skýra svolítið nánar málið gera mönnum grein fyrir því, að sjálfur var ég hræddur um að koma kannske af stað of stóru bákni þarna, og það var t. d. rætt um það við mig, hvort það væri ekki eðlilegt, að það væri einhver

frá rannsóknaráði ríkisins í svona iðnþróunarráði, alveg eins og hv. þm. bendir nú á fulltrúa iðnverkafólksins. En það var eiginlega mín hugsun, að rannsóknaráð ríkisins var stofnað með lögum frá þinginu 1965, og í kringum það eru ýmsar rannsóknastofnanir, fiskiðnaðarins, hafrannsókna, Rannsóknastofnun iðnaðararins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og kannske einhverjar fleiri, og það var meira það, að ég hugsaði málið þannig t. d. frá þessum aðilum, þessar stofnanir væru með viss rannsóknarefni og það frá vísindalegu sjónarmiði. Þegar það svo lægi fyrir t. d., að það þætti álitlegt, við skulum segja t. d. að reisa kísilgúrverksmiðju við Mývatn, þegar vísindamenn og aðrir væru búnir að fjalla um það, þá væri eiginlega einhver framkvæmdaaðili, sem tæki við málunum og þokaði þeim áfram. En það vakti engan veginn fyrir mér, að það væri ekki í sjálfu sér haft samband við þingið um þetta, enda minni ég á það í sambandi við stóriðjunefndina eða álbræðsluna, að það var rúmt ár eða meira, hálft annað ár starfandi þingmannanefnd í því máli við hliðina á stóriðjunefndinni og miklu meira en stóriðjunefndin, eftir að það kom á það stig málsins, út í samningagerðirnar. Þetta getur verið nokkurt álitamál. Það gat líka verið álitamál að setja einhverja löggjöf um slíkt, en þetta varð sem sagt niðurstaðan. Ég taldi, að það væri heldur æskilegra að fá einhverja svolitla reynslu af því, hvort maður getur styrkt þetta, eins og ég sagði áðan, ekki allt of sterka iðnmrn. Það er sú eina hugsun, sem stendur á bak við þessa skipun frá mér. En hitt er ekki nema sjálfsagt, að athuga betur, hvort eitthvað mætti lagfæra í sjálfri skipuninni, og eins og málið er tilkomið, hefur ráðh. það í hendi sér, þetta er alveg ólögbundið. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 30 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 112, n. 121, 122, 128).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. nr. 45 frá 1963, um iðnlánasjóð, felur í sér tvennt. Lagt er til að hækka lántökuheimild iðnlánasjóðs úr 150 millj. kr. í 300 millj. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Lagt er til, að skuldabréf, sem iðnlánasjóður kann að gefa út til þess að afla fjár til hagræðingarlánveitinga, verði undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé nú. Nái það einnig til vaxta af skuldabréfunum.

Eins og fram er tekið í grg. frv., var í l. um iðnlánasjóð frá 1963 gert ráð fyrir allt að 100 millj. kr. lántökuheimild fyrir sjóðinn. Á síðasta þingi var þessi heimild hækkuð um 50 millj. En nú þykir sýnt, að heimildin þurfi að vera hærri. Framkvæmdabanki Íslands, sem veitt hefur lán til iðnaðarfyrirtækja, hættir störfum um n. k. áramót, og mun iðnlánasjóður þá að mestu taka við verkefni bankans. Til þess að sinna því hlutverki mun iðnlánasjóður leita eftir lánsfé hjá framkvæmdasjóði, þar sem hinar árlegu tekjur hrökkva ekki til. Með tilliti til þessa þarf iðnlánasjóður að hafa rýmra svigrúm til lántöku en verið hefur.

Með l. um iðnlánasjóð frá 1963 var að því stefnt, að sjóðurinn gæti komið til með að gegna sama hlutverki fyrir iðnaðinn í landinu og stofnlánasjóðir landbúnaðar og sjávarútvegs. Í þessu skyni voru sjóðnum þá tryggðar tekjur, svonefnt iðnlánasjóðsgjald, og með því var lagður grundvöllurinn að því, að sjóðurinn hefði eigið fé til útlána og ráðstöfunar. Samkv. reikningum sjóðsins um síðustu áramót nam þetta gjald 11—12 millj., og vaxtatekjur sjóðsins voru þá í kringum 10 millj. Þar sem iðnlánasjóði er ætlað að standa að mestu leyti undir fjárfestingarþörf iðnaðarins, er sýnt, að hann þarf á lánsfé að halda. Till. um hækkun lánsfjárheimildar er því eðlileg.

Á síðasta þingi var gerð sú breyting á l. um iðnlánasjóð, að honum væri heimilt, að fengnu samþykki ríkisstj., að taka allt að 100 millj. kr. lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum sjóðsins. Það kemur fram í grg., að ríkisstj. hafi samþ., að iðnlánasjóður hæfi þegar lánsfjáröflun í þessu skyni, og er gert ráð fyrir að afla 25 millj. með því að bjóða út almennt skuldabréfalán. Til þess að gera þessi skuldabréf iðnlánasjóðs útgengileg, eins og sagt er, er talið nauðsynlegt, að væntanlegir kaupendur skuldabréfanna njóti sömu kjara og sparifjáreigendur njóta nú varðandi skattgreiðslur, og er gert ráð fyrir því í frv.

N. þurfti að flytja brtt. til leiðréttingar á þskj. 128, vegna þess að í frv. eru tilgreind eldri lög en nú gilda, og breytingin er sú ein, að í stað þess, að vitnað er til l. 55 1964, er vitnað til l. nr. 90 frá 1965.

Iðnn. hefur athugað þetta frv. og orðið sammála um að mæla með því, en einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt., og frá þeim hefur komið brtt. á þskj. 122 um það, að væntanleg skuldabréf skuli vera framtalsskyld.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Allir nm. iðnn. eru sammála um þörfina á auknu lánsfé til iðnaðarins og mæla með efnisatriðum frv. að því leyti. En um eitt atriði frv. eru nm. ekki sammála. Það er, að skuldabréf, sem iðnlánasjóður býður út, skuli vera undanþegin framtalsskyldu. Um þetta atriði höfum við þrír nm. flutt brtt. á þskj. 122, og er þar sú ein breyting gerð á 3. mgr. 1. gr. frv., að skuldabréf iðnlánasjóðs skuli vera framtalsskyld.

Um skattskyldu sparifjár og verðbréfa má að sjálfsögðu ýmislegt segja, og það er nán-

ast ákvörðunaratriði hverju sinni, hvernig með það skuli farið. Hins vegar tel ég, að það eigi að vera undantekningarlaust, að framtalsskylda sé. Ég tel, að það hafi verið rangt, þegar farið var inn á það varðandi verðtryggðu ríkisskuldabréfin að undanþiggja þau framtalsskyldu, og slík ráðstöfun sé okkur býsna hættuleg í ýmsum atriðum. Varðandi sparifé má segja, að þó að það sé ekki framtalsskylt í öllum tilvikum, er möguleiki til þess að hafa eftirlit með því, a. m. k. að langmestu leyti, þó að e. t. v. kunni að finnast smugur til þess, að það sé erfitt. En varðandi aftur á móti handhafaskuldabréf vita allir, hvaða möguleikar eru til þess að vita, á hvaða höndum slík bréf eru, og ef þau eru ekki framtalsskyld, skeður slíkt ekki nema um eignakönnun eða viðlíka ráðstafanir sé að ræða. Ég held, að það sé ekki umdeilanlegt, að ráðstöfun sem þessi, að undanþiggja verðbréf framtalsskyldu, er til þess fallin að slæva enn frekar hið ekki allt of sterka siðferði, sem hjá okkur er ríkjandi í öllum skattamálum.

Ég tel mig ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta mál, þetta er að mínum dómi svo augljóst. En ég vildi aðeins segja, að það sé fjarri lagi, að hið háa Alþ. geri ráðstafanir, sem óhjákvæmilega hníga að því, að skattsvikin hjá okkur verði meiri og allt siðferði í skattamálum verði lakara en það nú er.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. iðnn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu þessa máls. Ég vil hins vegar lýsa því yfir út af fram kominni till. um, að skuldabréf, sem iðnlánasjóður kynni að gefa út, megi vera skattfrjáls, en skuli vera framtalsskyld, að ég er alveg á móti þeirri till., og ég vil alveg sérstaklega mótmæla rökum, sem hér hafa verið flutt fyrir þeirri till. Mér er alveg ljóst, að það má færa að þessu rök með og móti, og það skiptir ekki öllu máli í þessu sambandi, hvort heldur væri. En þau rök, sem hér hafa verið flutt fram með þessari till., eru ákaflega hættuleg, og mig undrar það, að þm. skuli tala jafnóvarlega og að segja, að um sparifé gegni öðru máli. Það er möguleiki til að hafa eftirlit með sparifénu. Hvaða möguleiki er það? Sparifé, sem menn geta haft nafnlaust í bönkum og peningastofnunum þessa lands, og sparifé, sem samkv. l. er ekki framtalsskylt og skattfrjálst. Það á ekki að mæla svo óvarleg orð hér á þingi sem þessi. Og þess vegna fær það með engu móti staðizt, þó að þessi hlutabréf séu ekki framtalsskyld, að verið sé að ýta undir skattsvik og verra siðgæði í skattamálum. Það er algerlega rangt líka. Ég vil gersamlega mótmæla því. Hitt er svo annað mál, að það má færa þau rök með því að hafa þessi bréf framtalsskyld, að það gerir allt starf skattstjóra, skattanefnda o. s. frv. auðveldara. En niðurstaðan verður sú, að ef menn eiga þessi bréf og þau eru ekki skattskyld og ekki framtalsskyld og þeir liggja svo með þau og nota þau svo síðar, þurfa að nota þau til einhverrar annarrar eignaaukningar, til þess að kaupa bíl eða til þess að kaupa íbúð, þá þurfa þeir að gera skattinum grein fyrir því, hvar þeir fengu þessa peninga til þess að eignast þessa hluti. Þá kemur þetta upp í hendurnar á skattayfirvöldunum.

Mér fannst, að það væri eðlilegra að vera hér alveg í sama farvegi og um ákvæðin um skattfrelsi sparifjár og spariskírteini ríkisins. Ég tel þetta hins vegar ekki skipta meginmáli, og það, sem skiptir öllu máli, er, að hv. n. hefur sameinazt um afstöðu til málsins. Hitt arkar að auðnu, og fari sem fara vill um það.

Ég skal ekki segja fleiri orð, en ég get ekki orða bundizt um það, að ég tel það viðvörunaratriði að mæla jafnóvarlega og órökstutt, að slík till. sé til þess að ala á einhverjum siðferðisskorti eða auka skattsvik og annað slíkt þaðan af verra og það sé alltaf hægt að hafa eftirlit með sparifénu.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Nokkur orð aðeins. Það má vel vera, að við sannfærum hvorugur annan, hæstv. dómsmrh. og ég, í þessu efni. En í fyrsta lagi vil ég benda á, að það er nokkur munur á, hvort sett eru svona ákvæði í lög varðandi skuldabréf eða sparifé. Sparifénu geta skattayfirvöldin að langmestu leyti haft aðgang að í bönkunum, vitað, hver það á. Að vísu mun vera hægt að leggja inn í handhafabækur og annað slíkt. En ég tel, að ef sú leið er að opnast meira og meira og verða meira og meira notuð, er það hlutur, sem hið háa Alþ. þyrfti að taka til athugunar. Allar smugur í þá átt að koma fé sínu undan framtalsskyldu, þær eru ekki af því góða varðandi siðferðið í skattamálum. Þær geta boðið öðru heim. Það er náttúrlega undir einstaklingnum komið, hvernig menn nýta þetta. En þegar bókstaflega er gert ráð fyrir með l. frá Alþ., að framtalsskylda skuli falla niður, er eðlilegt, að þeir, sem kannske eru ekki allt of sterkir á svellinu, fari að hugsa sín ráð, hvaða ráð kunni að vera fyrir hendi.

Varðandi það, að þessa röksemd sé hættulegt að setja fram, þá held ég þvert á móti, að það sé alveg hið gagnstæða. Þetta á að þjóna því, að við reynum að gera siðferðið í þessum málum ofurlítið sterkara en það er. Og það er mín skoðun, að þetta að undanþiggja verðbréf framtalsskyldu stuðli ekki að því.

ATKVGR.
Brtt. 122 felld með 15:12 atkv.
— 128 samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 130).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 24. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. um iðnlánasjóð er komið frá Nd. og er framhald á breyt. á sömu l., sem samþ. var á síðasta þingi, þar sem iðnlánasjóði var heimilað m. a. að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum sjóðsins. Það mál hefur svo verið undirbúið, sett reglugerð í júlímánuði í sumar um hagræðingarlánin, og ríkisstj. veitti fyrir sitt leyti sjóðnum heimild til að gera tilraun með almennt lánsútboð, og um það hefur verið haft samráð milli ríkisstj. og Seðlabanka. Og það er meginefni þessa máls hér, að ef iðnlánasjóður býður út almennt skuldabréfalán samkvæmt þessari grein, mega skuldabréfin svo og vextir af þeim vera undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt. Við athugun málsins var m. a. talið nauðsynlegt, til þess að örva sölu slíkra bréfa, að slíkt skattfrelsi væri veitt.

Ég vil mega leyfa mér að mega vænta þess, að þetta frv. geti haft skjótan framgang hér í hv. d. eins og í Nd., og þá á ég við með því, að reynt verði að ljúka afgreiðslu þessa máls fyrir þinghlé, sem gefið yrði fyrir jólin, og skuldabréfalánin eða undirbúningur þeirra er það langt kominn, að lánsútboðið gæti þá hafizt hvað úr hverju úr því.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 151, 149).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á lögum um iðnlánasjóð, 84. mál. Nd., hefur verið í athugun hjá iðnn. þessarar hv. þingdeildar. Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með frv., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, eða bera fram brtt. Nefndin skilar áliti á þskj. 151.

Frv. þetta felur í sér breyt. á lögum nr. 45 frá 3. apríl 1963. Á þskj. 149 er borin fram brtt. um framtalsskyldu. Er till. borin fram af hv. 5. þm. Reykn., hv. 6. þm. Sunnl. og hv. 1. þm. Vestf.

Samkvæmt lögum frá 3. apríl 1963 var iðnlánasjóði veitt heimild til lántöku, 100 millj. kr. Með lögum 22. apríl 1966 er þessi lántökuheimild hækkuð í 150 millj. og iðnlánasjóði einnig heimiluð lántaka til myndunar á nýjum lánaflokki, allt að 100 millj., til hagræðingarlána, til viðbótar hinum almennu lánum. Með þessu frv. fær sjóðurinn heimild til að bjóða út lán í þessu skyni með undanþágu frá framtalsskyldu og skattlagningu, einnig er hin almenna lántökuheimild hækkuð í 300 millj.

Að tilhlutun iðnmrh. hefur að undanförnu staðið yfir undirbúningur undir lánsútboð samkv. fyrrgreindum lögum iðnlánasjóðs. Hefur verið fyrirhuguð lántaka, 25 millj., á yfirstandandi ári með almennu skuldabréfaútboði. Til þess að gera þetta lánsútboð aðgengilegt er talið nauðsynlegt, að sjóðurinn fái heimild þá, sem lagafrv. þetta kveður á um.

Eins og ég sagði, þá er gert ráð fyrir, að hin almenna lánsheimild sjóðsins verði aukin úr 150 í 300 millj. Þessi heimild var hækkuð á síðasta þingi úr 100 í 150 millj. Notuð heimild er nú 90 millj., en þar sem Framkvæmdabankinn hættir störfum nú um n. k. áramót, en hann hefur á undanförnum árum lánað álitlegar upphæðir til iðnfyrirtækja, 25—40 millj. kr. árlega, og gert er ráð fyrir, að Framkvæmdasjóður ríkisins taki við hlutverki Framkvæmdabankans, þannig að hann veiti lán til fjárfestingarsjóða atvinnuveganna, þ. á m. til iðnlánasjóðs, þá er talið nauðsynlegt að hækka hina almennu lánaheimild sjóðsins um helming, úr 150 í 300 millj. kr., en þessar lántökur iðnlánasjóðs eru allar ráðgerðar með ábyrgð ríkissjóðs.

Iðnlánasjóður var stofnaður með lögum 1935. Framlög ríkisins til sjóðsins voru fyrstu árin 25 þús. kr. á ári. Á árinu 1962, þegar dr. Bjarni Benediktsson var iðnmrh., voru lögin um iðnlánasjóð endurskoðuð og honum sett ný lög 1963. Framlag ríkissjóðs hafði verið hækkað 1960 upp í 2 millj. kr. á ári, og stóð svo þar til á yfirstandandi ári, að framlag til sjóðsins er ákveðið í fjárlögum 10 millj. kr. fyrir yfirstandandi ár. Fram að síðustu áramótum hefur sjóðurinn fengið samtals 20 millj. kr. framlag frá ríkissjóði. Með hinum nýju lögum frá 1963 er iðnaður landsmanna skattlagður til sjóðsins með svokölluðu iðnlánasjóðsgjaldi, er nemur 0.4% af allri iðnaðarframleiðslu. Á yfirstandandi ári nemur þetta gjald líklega 20 millj. kr., og hefur þá iðnlánasjóðsgjaldið gefið iðnlánasjóði 50 millj. kr.

Eins og ég gat um, hefur iðnlánasjóður tekið miklum stökkbreytingum síðustu árin. Þegar núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, var framlag ríkisins til iðnlánasjóðs 1378 þús. Í ár verður framlag ríkisins 10 millj. eða 7—8-falt.

Lán Framkvæmdabankans til iðnfyrirtækja hafa verið árlega, eins og ég sagði áðan, 25—40 millj. kr. Samkv. yfirlýsingu hæstv. iðnmrh.,

þegar hann lagði þetta frv. fyrir í hv. Nd., þá lýsti hann því yfir, að Framkvæmdasjóður ríkisins mundi hafa hliðsjón af þessum lánveitingum Framkvæmdabankans varðandi lánveitingar til iðnlánasjóðs á næstu árum, en frá næstu áramótum er ráðgert að leggja Framkvæmdabankann niður.

Á yfirstandandi ári hefur iðnlánasjóður haft til útlána 59 millj. kr., og eru þá heildarútlán sjóðsins samtals 180 millj. Sjóðurinn er í örum vexti og hefur nú orðið afgerandi þýðingu sem fjárfestingarsjóður íslenzks iðnaðar. Það er mikilsvert fyrir iðnað landsmanna að fá nú hagræðingarlánadeild við sjóðinn með 25 millj. kr. stofnfé, sem væntanlega eykst í 100 millj. á skömmum tíma, auk þess sem vænta má, að hin almenna lánsheimild, 300 millj., verði fullnotuð sem allra fyrst.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. þetta um breytingar á lögum um iðnlánasjóð verði samþykkt óbreytt til 3. umr.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 151 ber með sér og frsm. iðnn. hefur gert grein fyrir, var nefndin sammála um stuðning við þetta frv. Hins vegar komu þær raddir fram í nefndinni, að það væri eðlilegt að breyta einu ákvæði í frv., og við þrír nm., fulltrúar Framsfl. í nefndinni og ég, höfum í framhaldi af þeim umr. flutt á þskj. 149 eina brtt. við frv., sem ég skal fara um örfáum orðum.

Þessi brtt. felur það í sér, að skuldabréfalán þau, sem gert er ráð fyrir að iðnlánasjóður bjóði út samkv. þessu frv., ef að lögum verður, að þá skuli skuldabréfin og vextir af þeim undanþegin skattlagningu, en ekki undanþegin framtalsskyldu. Brtt. okkar er sú ein, að undanþága frá framtalsskyldu skuli falla niður, og rökin fyrir því eru einföld. Það gefur auga leið, að eftir því sem meira verður að því gert að heimila eða ákveða í lögum, að ekki þurfi að telja fram verðmæti eins og handhafaskuldabréf, sem ganga kaupum og sölum, eftir því verður torveldara að hafa eftirlit með framtölum manna. Það er enginn efi á því, að það er mjög varhugavert að fara langt út á þessa braut, og það hafa ekki komið fram rök fyrir því, að það sé nein sérstök ástæða til þess. Ég fæ ekki séð, að það eigi að torvelda sölu á þessum skuldabréfum, þó að ákvæðið um framtalsskyldu þeirra sé í lögum, ef þau eru undanþegin tekju- og eignarskatti. Rökin fyrir því að halda framtalsskyldunni í lögum eru að mínu viti og okkar flm. þessarar till. einföld og augljós, og ég vil leggja áherzlu á, að það er verið að hverfa inn á býsna varhugaverða braut, ef það á að verða regla, að fleiri og fleiri slík skuldabréfalán verði boðin út með því ákvæði, að handhafaskuldabréf verði undanþegin framtalsskyldu.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Hv. 5. þm. Reykn. hefur lýst brtt. á þskj. 149 um, að undanþága frá framtalsskyldu falli niður. Það fer ekki milli mála, að hverju hv. tillögumenn stefna með brtt. sinni. Þeir stefna að því að eyðileggja þessa lántöku, gera skuldabréfin óseljanleg. Ég undrast þessa afstöðu, sérstaklega hv. 6. þm. Sunnl., sem er tamt að tala um hagræðingu, en þessi lántaka, sem hér er ráðgerð með skuldabréfaútboði fyrir iðnlánasjóð, er einmitt til hagræðingarlána fyrir iðnaðinn. Ef þessar hv. alþm. meina nokkuð annað en spilla fyrir lántökum iðnlánasjóðs, þá ættu þeir að flytja till. hér almenns eðlis um lagabreyt., þannig að ríkisskuldabréf, skuldabréf húsnæðismálastjórnar og önnur slík skuli framtalsskyld. Þeir skyldu þá einnig hafa það í huga, að samkv. skattalögum ber að skattleggja framtalsskyld skuldabréf, skuldi viðkomandi skattþegn yfir 200 þús. kr. í fasteignalánum.

Þessi brtt. á þskj. 149 hittir því fyrst og fremst þá, sem hlífa skyldi, launþega, sem skulda í íbúðum sínum, en hafa með skotsilfri áhuga á að styrkja lánsútboð iðnlánasjóðs.

Segjum nú svo, að eigendur slíkra vaxtabréfa hefðu áhuga á að breyta þessum verðmætum sínum í áþreifanlega hluti, bíla, bæta við íbúðarhúsbyggingar sínar eða annað slíkt, þá kemur það eðlilega fram til skattskyldra eigna viðkomandi. Það er sannarlega ástæða til þess, eins og þróunin hefur verið undanfarna áratugi, að örva menn til sparnaðar með öllu móti. Sparifé fólksins í einu eða öðru formi er það fjármagn, sem gefur atvinnuvegunum möguleika til rekstrar. Fólkið, sem hefur sparað saman, er sannarlega ekki ofsælt af sinni fjáreign, en það gerir með þjóðhollu starfi sínu atvinnuvegunum mögulegt að starfa.

Samkv. gildandi lögum er sparifé það, sem liggur í peningastofnunum landsins, skatt- og framtalsfrjálst. Auk þess hafa svo verið gefin út verðbréf til langs tíma, sem bera sömu undanþágu skattfrelsis. Þegar löggjafanum hefur þótt eðlilegt, að fjármagn, sem liggur í bönkum landsins og kemur atvinnuvegunum að gagni, sé undanþegið skattlagningu, því skyldi þá ekki það fjármagn eða sparifé, sem viðkomandi kann að eiga í verðbréfum til langs tíma, vera undanþegið á sama hátt, nema frekar sé. Viðkomandi sparifjáreigandi er að afhenda þjóðfélaginu peninga sína til langs tíma með kaupum á slíkum verðbréfum, sem hér um ræðir. Hann er að stuðla að minnkun verðþenslunnar og leggja atvinnuvegunum til fjármagn sitt.

Ég legg til, að þessi brtt. á þskj. 149 verði felld.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af þessari seinni ræðu hv. frsm. nefndarinnar.

Hann fullyrti það með töluverðum þjósti, að þessi brtt. okkar væri fram borin til þess að eyðileggja þetta frv., hvorki meira né minna, og hann staðhæfði einnig, að skuldabréfin mundu verða óseljanleg, ef þessi breyting yrði samþykkt. Svo hélt hann áfram, og ég var

að bíða eftir því, að hann rökstyddi með einni setningu, þótt ekki væri meira, þessar fullyrðingar sínar. En ég gat ekki orðið var við, að þar kæmu fram nein rök fyrir því, að þetta breytti neinu stórvægilegu í sambandi við möguleika á sölu slíkra skuldabréfa. En ég vil biðja hv. frsm. að hugleiða það svolítið betur í tómi, og ég vil einnig skjóta því til hæstv. fjmrh. að hugleiða það, sem ég býst við, að hann hafi þegar gert, hvort það er ekki ofurlítið athugandi að fara hægt á þeirri braut að ákveða í stórum stíl, að skuldabréf skuli undanþegin framtalsskyldu. Ég held, eins og ég sagði áðan, að það geti orðið býsna varhugavert, ef þetta verður hin almenna regla.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., sem hér hafa farið fram. Ég mundi fyrir það fyrsta vera reiðubúinn að lýsa því yfir, að ég skyldi styðja þá brtt., sem hér hefur verið borin fram, ef ég væri þeirrar skoðunar, að slíkt mundi auðvelda eftirlit með framtölum manna. Ég álít að svo sé ekki, og vil ég nefna þær tvær ástæður, sem ég að vísu mun hafa drepið á, þegar skyld mál því, sem hér er um að ræða, hafa verið til umr. hér í hv. deild, og ég á þar fyrst og fremst við umr., sem fóru fram, þegar heimilað var að gefa út hin vísitölutryggðu ríkisskuldabréf.

Það er í fyrsta lagi, að ég tel, að það sé lítið spor í áttina til þess að auðvelda eftirlit með skattframtölum, þó að vissar eignir, eins og t. d. verðbréf af því tagi, sem hér er um að ræða, séu framtalsskyld, því að menn verða að gæta þess, að það er svo ákaflega lítill hluti af tekjum manna, hvort sem þær tekjur eru sviknar undan skatti eða ekki, sem menn verja til eignaauka. Það er ákaflega lítill hluti af tekjum manna, sem menn verja til eignaauka. Og þó að svo væri, að þetta væri einhver verulegur hluti, eru til ótal leiðir til þess að fela slíka eignaaukningu aðrar heldur en sú að kaupa verðbréf af þessu tagi. Menn geta keypt önnur verðbréf, sem eru undanþegin framtalsskyldunni. Menn geta lagt þetta í fasteignir o. s. frv. En ef menn óttast það, að vitneskja um eignir þeirra verði skattayfirvöldum kunn, jafnvel þó að það væri tekið upp sem almenn regla, að mönnum bæri að telja allar eignir fram, er hægt að eyða þessum peningum, — ekki satt? Það er hægt að fara í ferðalag til Svartahafsins, það er hægt að kaupa sjónvarp o. s. frv., og það eiga skattayfirvöldin ekki svo auðvelt með að fá upplýsingar um.

Í öðru lagi vildi ég leyfa mér að benda á það, að mér er ekki kunnugt um, að til séu ákvæði í skattalöggjöf nokkurs lands um það, að verðmæti, sem ekki eru skattskyld, séu framtalsskyld. Og hvers vegna eru slík ákvæði ekki til, þannig að við mundum að mínu áliti innleiða algera nýjung með því að taka það upp hér? Það er vegna þess, að menn hafa eðlilega ekki verið reiðubúnir að svara þeirri spurningu, ef um er að ræða eignir, sem ekki eru skattskyldar eins og virðist vaka fyrir hv. flm þessarar till., hvernig þá sé hægt að meta það, að hve miklu leyti þeir hafa gert sig brotlega með því að telja þetta ekki fram til skatts. Telji menn ekki fram skattskyldar tekjur eða skattskyldar eignir, er það einfalt mál að ákveða slík viðurlög. Þá er miðað við þá skattalækkun, sem menn hafa fengið, vegna þess að þetta hefur ekki verið talið fram. Þeim er gert að greiða þann skatt, sem þeir hafa sparað sér með þessu, og stundum lagðar á sérstakar skattsektir, þar sem sú upphæð er margfölduð. En ef það hefur engin áhrif á skatta manna, hvort þetta er talið fram eða ekki, af því að nú virðast hv. flm. gera ráð fyrir því, að bréfin séu ekki skattskyld, hvernig á þá að ákveða viðurlögin við því að telja ekki þessar skattskyldu eignir fram? Þetta mál hefur ekki, svo að mér sé kunnugt, verið leyst neins staðar annars staðar, svo að þess vegna þekki ég a. m. k. ekki neinar undantekningar frá þeirri reglu, að ef um skattfrelsi er að ræða, eru viðkomandi verðmæti, hvort sem eru tekjur eða eignir, ekki framtalsskyld.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að láta hér í ljós undrun mína yfir þeim viðbrögðum, sem hafa orðið við flutningi þessarar brtt. Hv. 10. þm. Reykv. taldi hana flutta til þess að eyðileggja þetta lánsútboð og fullyrti, að samþykkt hennar mundi gera bréfin algerlega óseljanleg. Það hlýtur þá að vakna sú spurning, hverjir hv. þm. gerir ráð fyrir, að kaupi þessi bréf, ef þessi ákvæði, sem við leggjum til að breytt verði, héldust. Það væru þá einhverjir, sem keyptu þau fyrst og fremst til þess að þurfa ekki að telja fram einhvern hluta eigna sinna. Ef þetta atriði ræður úrslitum um það, hvort menn kaupa bréfin eða ekki, gefur það auga leið.

Þessa skoðun hv. 10. þm. Reykv. get ég ekki fallizt á. Ég þekki stéttarbræður hans í iðnaðinum töluvert. Ýmsir þeirra hafa peninga milli handa, og ýmsir þeirra hafa peninga á milli handa, sem þeir hafa engan sérstakan áhuga á að fela fyrir skattayfirvöldum og hæstv. fjmrh. Ég hef trú á því, að þessir menn mundu kaupa þessi bréf og raunar margir, margir fleiri án tillits til þess, hvort þeir þurfa að telja þessar eignir sínar fram eða ekki. En álit hv. 10. þm. Reykv. á þessum stéttarfélögum sínum virðist vera nokkuð annað, og það hlýt ég að harma. Við það bætti hann svo ýmsum setningum, sem mér virtust bera vott um það, að hann hefði í þokkabót misskilið till. okkar á þann veg, að við ætluðumst til þess, að þessi bréf yrðu skattlögð. En það var ekki okkar meining, eins og menn munu sjá, sem lesa till. vandlega. Þessi viðbrögð hv. þm. voru mér vissulega mikil vonbrigði, en þau gáfu um leið nokkrar upplýsingar um hugsunarhátt hv. þm. í þessum efnum, sem við auðvitað verðum að sætta okkur við að hlusta á.

Ég undraðist einnig mjög ræðu hv. 8. þm.

Reykv. Hann taldi, að því er mér virtist, að það mundi ekki auðvelda eftirlit skattayfirvalda, að eignir manna væru skráðar, og nú brestur mig skilning. Þetta er auðvitað fjarstæða. Það er grundvallaratriði fyrir öllu eftirliti með skattframtölum og skattlagningu, að eignir manna séu skráðar. Þar að auki taldi hann, að eignaaukning væri svo lítill hluti af tekjum manna, að þó að hún skryppi fram hjá skattheimtumönnum, virtist mér, að það væri skoðun hans, að það sakaði ósköp lítið. Á þetta verður ekki heldur fallizt. Það verður að gera það, sem hægt er, til þess að skattframtöl séu rétt. Það virðist mér vera grundvallaratriði fyrir allri sanngjarnri skattheimtu. Og ég hef raunar trú á því, að hv. 8. þm. Reykv. sé sama sinnis, þó að hann reyndi að taka undir andstöðu gegn till. okkar með þessum einkennilegu viðbrögðum. En í lok ræðu sinnar kom hann með þá mótbáru, sem mér virtist, að ætti alveg að gefa till. okkar dauðahöggið. Og það var sú aths. hans, að það þýddi ekkert að vera með svona ákvæði, vegna þess að það væri ekki hægt að nota þau til refsingar, það væri ekki hægt að meta slíkt brot til refsingar, þar sem engu hefði verið undan stungið af skatti, þó að svikizt væri um að telja þessi bréf fram, ef það væri skylt, en eignin aftur á móti ekki skattskyld. Hér veit hv. þm. auðvitað miklu betur, hvað um er að vera. Þegar um er að ræða að slá föstum eignum manna til skatts, er það ekki fyrst og fremst til þess að ná í eignarskattinn. Það er fyrst og fremst til þess að geta fylgzt með efnahag skattgreiðandans í því augnamiði að sannreyna tekjur hans. Og eignum, sem skotið er undan skatti, mun yfirleitt ekki vera skotið undan til þess að komast hjá eignarskatti í sjálfu sér, heldur til þess að reikningarnir stemmi, þegar tekjum hefur verið skotið undan. Þetta veit hv. 8. þm. Reykv. að sjálfsögðu vel, og þess vegna er slík mótbára eins og þarna var fram flutt næsta veigalítil.

Ég vil til viðbótar því, sem hv. 5. þm. Reykn., sem er frsm. okkar till.-manna, sagði, mæla eindregið með samþykkt þessarar till. Ég vil láta þess getið, að í hliðstæðum tilfellum, eins og t. d. í sambandi við skuldabréfaútboð ríkissjóðs, fluttum við framsóknarmenn svipaða till., og það er skoðun mín og okkar fleiri, að þegar sé of langt gengið á þessari braut og það eigi að snúa við á henni. Ég verð að vísu að harma það, að þetta skuli hafa verið gert í þeim mæli, sem þegar hefur verið gert. Um það skal ég ekki sakast í bili. En ég vil ráða eindregið frá því, að lengra sé gengið á þessari braut.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr., en af því að komið hefur fram í þeim virðingarverður áhugi á því að gæta hagsmuna ríkissjóðs, er mér skylt að segja nokkur orð.

Öllum hv. þdm. er kunn ástæðan fyrir því, að farið var inn á þá braut að veita sparifé sérstök hlunnindi varðandi framtal og skattfrelsi, en það var til þess að auka sparifjársöfnun og reyna að greiða fyrir því, að menn legðu fyrir fé sitt fremur en eyða því jafnóðum og teldu sig fá einhverja hvöt í því efni með þessum gerðum. Ég er ekki í neinum vafa um það, að þessar ráðstafanir hafa haft sína þýðingu, þó að aldrei verði sannað til hlítar, hversu mikla þýðingu það hefur haft. Og það stafar ekki endilega af því, að menn hafi farið að spara skattsvikið fé og það hafi veitt sérstakt frelsi eða aukna möguleika til að koma því undan skatti, heldur hefur þetta verkað vel á margt fólk og valdið því, að því hefur fundizt, að það væri viss hvöt fyrir það að spara, og ekki hvað sízt er það engum efa bundið, að framtalsskyldan eða frelsið undan framtalsskyldunni hefur haft allverulega þýðingu. Það er nefnilega einkennilegt, sem maður verður oft var við í bönkum, að fólki er mjög annt um það að láta ekki vita um fé sitt, ekki vegna þess, að það séu nokkur svik þar á bak við. Ég hef þekkt það um fjölda manns, sem var vitanlegt, að töldu alltaf rétt fram, en lögðu mikið upp úr því, að þeir gætu verið í friði með sitt fé, menn vissu helzt ekki um það. T. d. hefur það verið eftirtektarvert, að það eru ýmsir, sem helzt ekki vilja fara inn í aðalbankann til að leggja inn peninga, heldur fara inn í minnsta útibúið, þar sem fæstir eru á ferðinni. Og þetta er ekki endilega fólk, sem er að svíkja undan skatti, heldur ýmsir góðir og gegnir borgarar, þar sem skattsvik hafa ekki komið til greina.

Þrátt fyrir þessa kosti varðandi sparifjáraukningu í landinu er ég þó þeirrar skoðunar, að hér sé um töluvert varasama hluti að ræða. Og ég er alveg sammála þeim hv. þm., sem hafa látið orð falla í þá átt, að það að losa skuldabréf og yfirleitt verðmæti undan framtalsskyldu er mjög varasamt. Ég er ákveðið þeirrar skoðunar, að það eigi að fara mjög varlega í því efni varðandi skuldabréfin, enda hefur það ekki verið gert nema í undantekningartilfellum, svo sem um ríkisskuldabréfalán, sem boðin hafa verið út síðustu árin, sparisk'rteinalánin, sem hafa verið boðin út með alveg sérstökum kjörum, má kannske segja með of góðum kjörum. Það eru mjög dýr lán, en hins vegar sjáum við á eftirspurn eftir þeim, að fólk sækir mjög í þessi bréf, auðvitað bæði vegna þess, að þau eru verðtryggð, og eins vegna þess, að þau hafa ýmis önnur hlunnindi, enda þótt vextir af þeim séu upphaflega ekki háir, þannig að þessi bréf hafa selzt samstundis og þau hafa verið boðin út. En ég er ákveðið þeirrar skoðunar, að það eigi að fara mjög varlega í að veita þessi réttindi og m. a. vegna þess, að það eigi að gera vissan mun á sparifjárhlunnindum og skuldabréfaútboðum almennt séð. En einmitt vegna þess, sem ég áðan sagði, að fólk hefur áreiðanlega lagt mikið upp úr þessum réttindum, hefur það vitanlega mikið að segja, hvort heimilt er að nota þau við útgáfu vissra

bréfaflokka eða ekki. Og þau bréf, sem hér er boðið upp á, eru mun óhagstæðari en spariskírteinalán ríkissjóðs, þannig að það er ekki fyrir miklu að gangast, ef það eru ekki einhver sérstök hlunnindi, sem þarna eru veitt. — Ég verð því að segja það, að miðað við allar aðstæður og þar sem hér er ekki heldur um hátt lán að ræða í þessu tilfelli, hef ég fyrir mitt leyti fallizt á, að þessi háttur yrði á hafður, enda þótt ég taki það fram og telji rétt, að það komi skýrt fram, að ég álít, að það eigi að fara mjög varlega í að beita þessum hlunnindum. En ég tel sem sagt, að það mundi þá ekki vera mikið í boði umfram það að láta fé sitt liggja í banka óbundið, ef ekki væru veitt a. m. k. sams konar hlunnindi þeim, sem kaupa þessi bréf, eins og þeir nytu, ef þeir ættu peninga sína liggjandi í banka. Þetta held ég, að liggi nú alveg ljóst fyrir.

Ég er hins vegar ákveðið þeirra skoðunar, að það sé þörf á að íhuga þetta mál í heild við endurskoðun skattalaga, því að þótt það sé alveg rétt, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það virðist í fljótu bragði lítils virði að vera að hafa framtalsskyldu varðandi réttindi, sem eru skattfrjáls, hefur sérstaklega einn vandi skapazt í þessu efni, og það er, þegar að því kemur, að menn fari allt í einu að leggja í miklar fjárfestingar með peningum, sem enginn veit, hvaðan eru, og er skýrt frá, að hafi verið skattfrjálst sparifé. Það er í rauninni höfuðvandinn, sem við stöndum andspænis, og er vandi, sem er þess eðlis, að með árunum verður hann töluvert mikill, og veldur því ekki sízt, ef það er útfært enn frekar, að það getur orðið þarna um að ræða verulega erfiðleika á skattaeftirliti.

Hitt er aftur á móti rétt að taka fram, að skattfrelsi sparifjár eða skuldabréfa hefur í rauninni engin áhrif varðandi tekjuskatts- eða tekjuútsvarsálagningu á hverju ári, vegna þess að það, sem er undanþegið skatti, er ekki stofn sparifjárins eða stofnfé skuldabréfsins, heldur aðeins vextirnir af því. Og það eru sjaldnast verulegar fjárhæðir, sem menn hafa þannig í tekjur. Varðandi skattaeftirlitið að þessu leyti til hefur þessi framtalsskylda ekki mikið að segja, því að það verður auðvitað að hafa önnur úrræði til að komast eftir því, hvaða tekjur maður hefur á ári hverju. En ég taldi aðeins rétt, að þetta kæmi hér fram, af því að almennt er verið að ræða um þessi mál, annars vegar, að ég tel eftir atvikum, eins og þetta mál liggur fyrir og eins og skattfrelsi sparifjár er nú, að þá séu ekki miklar líkur til, að menn leggi fé sitt í kaup á þessum bréfum, nema þau réttindi verði veitt, sem hér er farið fram á, en hins vegar jafnframt, að ég tel, að það þurfi að fara með mikilli varúð í að veita þessi réttindi, enda hefur það almennt ekki verið gert varðandi skuldabréf, og tel raunar, að það þurfi að taka til íhugunar, þegar skattalög verða endurskoðuð, að hve miklu leyti gerlegt er og heppilegt þjóðfélagslega séð að viðhalda þessum réttindum varðandi framtalsfrelsið.

ATKVGR.
Brtt. 149 felld með 11:6 atkv.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv

Á 29. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 178).

---

7. Framleiðnisjóður landbúnaðarins.

Á 24. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:
Frv. til l. um Framleiðnisjóð landbúnaðarins [88. mál] (stjfrv., A. 123).

Á 25. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. alþm. munu hafa kynnt sér frv. það, sem hér er um að ræða, en það gerir ráð fyrir, að stofnaður verði framleiðnisjóður fyrir landbúnaðinn.

Snemma á s. l. sumri ræddi ég við fulltrúa bænda í 6 manna n. og framkvæmdastjóra framleiðsluráðs um þá hugmynd að stofna framleiðnisjóð landbúnaðarins. Í framhaldi af þeim umr. var ákveðið að biðja framkvæmdastjóra framleiðsluráðs, Svein Tryggvason, og prófessor Ólaf Björnsson að gera drög að frv. um framleiðnisjóð. Luku þessir menn því í ágústmánuði s. l. Í sambandi við verðlagningu landbúnaðarvara á s. l. hausti kom þetta mál einnig til umr. Var samkomulag gert við fulltrúa bænda í 6 manna n. um að stofna framleiðnisjóð landbúnaðarins með 30 millj. kr. stofnframlagi. Var ákveðið, að af stofnframlaginu yrðu greiddar fyrir árslok 1966 20 millj. kr. og skal þeirri fjárhæð ráðstafað af stjórn sjóðsins að fengnum till. framleiðsluráðs.

Hinn 29. sept. s. l. skipaði ég 5 manna n. til þess að semja frv. um framleiðnisjóð landbúnaðarins, og var ákveðið að styðjast við þær frumtill., sem fyrir lágu samkv. áðurnefndu frv. Í n. voru skipaðir Ólafur Björnsson prófessor, Jón Þorsteinsson alþm., Gunnar Guðbjartsson formaður Stéttarsambands bænda, Kristján Karlsson fyrrv. skólastjóri og Gunnlaugur E. Briem ráðuneytisstjóri, sem var skipaður formaður n. Nefndin skilaði frv. að mestu shlj. því, sem hér hefur verið lagt fram og nú er til umr.

Frv. gerir ráð fyrir að stofna framleiðnisjóð landbúnaðarins með 50 millj. kr. stofnframlagi. Sjóðnum er ætlað að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Heimilt er að styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innanlands og utan á hverjum tíma. Lán og styrki úr sjóðnum má m. a. veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Við styrkveitingar til einstakra bænda skal að öðru jöfnu taka tillit til efnahags þeirra.

Í stjórn framleiðnisjóðs skulu vera 5 menn, er landbrh. skipar til fjögurra ára í senn. Einn þeirra skal skipaður samkv. tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, annar samkv. tilnefningu Stéttarsambands bænda og tveir án tilnefningar Formaður sjóðsstjórnarinnar skal vera forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórn framleiðnisjóðs úthlutar lánum og styrkjum úr sjóðnum. Af því fé, sem ráðstafað verður úr sjóðnum á ári hverju, má eigi vera meira en 1/3 hluti til styrkveitinga. Stjórn framleiðnisjóðs skal við hver áramót láta landbrh. í té skýrslu yfir störf sín og fjárveitingar úr sjóðnum á liðnu ári. Jafnframt skal sjóðsstjórnin senda landbrh. til athugunar fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir komandi ár og grg. um þau meginverkefni, sem að kalla.

Af stofnframlagi sjóðsins greiðast 20 millj. kr. á árinu 1966, og skal stjórn framleiðnisjóðs ráðstafa því að fengnum till. framleiðsluráðs landbúnaðarins til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna endurbóta, sem gerðar hafa verið á árinu 1966. Eftirstöðvarnar, 30 millj. kr., skulu greiðast með jöfnum, árlegum greiðslum á árunum 1967—1969. Gert er ráð fyrir því, að Búnaðarbanki Íslands hafi umsjón með framleiðnisjóði, sjái um bókhald hans og rekstur samkv. samkomulagi við sjóðsstjórnina. Gert er ráð fyrir, að reikningar framleiðnisjóðs verði árlega birtir í Stjórnartíðindum. Þá er ætlazt til, að stjórn sjóðsins ákveði vexti af lánum og önnur lánskjör að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

N. sú, er samdi þetta frv., gerði ráð fyrir því, að ef til þess kæmi, að ekki væri þörf fyrir að nota að fullu þá upphæð, sem ætluð er til útflutningsuppbóta á landbúnaðarvörur, þ. e. 10% af heildarverðmæti landbúnaðarins hvert ár, gengi 0.25% af því, sem afgangs yrði, til framleiðnisjóðs. Sumir nm. lögðu talsvert upp úr því, að þetta ákvæði væri tekið inn í l. Nm. viðurkenndu þó, að ekki væri líklegt, að það lagaákvæði kæmi sjóðnum að gagni næstu árin, þar sem litlar líkur eru til, að ekki væri nauðsyn á að nota að fullu þá heimild, sem er til útflutningsuppbótanna. Það gefur að skilja, að síðar verður að endurskoða lög um framleiðnisjóð og tryggja honum tekjur til frambúðar, ef reynslan sýnir, að sjóðurinn gerir það gagn, sem vonir standa til. Þótt 50 millj. kr. stofnframlag sé myndarleg upphæð, má eigi að síður reikna með, að þörf verði á tekjum fyrir sjóðinn eftirleiðis, þegar reynsla er komin á starfsemina og sýnt er, hvernig fjármunirnir notast bezt til þess að tryggja framtíð íslenzks landbúnaðar.

Segja má, að tilgangur l. um framleiðnisjóð sé tvíþættur. Í fyrsta lagi er sjóðnum ætlað að stuðla að nauðsynlegum breytingum á landbúnaðarframleiðslunni, stuðla að því, að hún geti orðið fjölbreyttari og fullnægi sem bezt þörfum þjóðarinnar og sé í samræmi við markaðsaðstæðurnar bæði innanlands og utan. Þá er framleiðnisjóði einnig ætlað að stuðla að aukinni hagkvæmni í framleiðslu búsafurða, svo að framleiðsluafköst í landbúnaðinum megi verða sem mest miðað við fjármagn og vinnuafl. Allir munu sammála um, að nauðsyn beri til að haga framleiðslu búvara eftir því, sem þarfir þjóðarinnar krefjast, og sá hluti framleiðslunnar, sem út kann að verða fluttur, sé í sem beztu samræmi við markaðsaðstöðuna hverju sinni. Með því að hvort tveggja getur tekið breytingum með tiltölulega litlum fyrirvara, en það tekur ávallt nokkurn tíma að breyta framleiðsluháttum, getur verið nauðsynlegt að flýta fyrir breytingum á framleiðslunni, svo og að auka fjölbreytni hennar með beinni aðstoð, eins og lög þessi gera ráð fyrir.

Á undanförnum árum hefur landbúnaðarframleiðslan aukizt mikið, sérstaklega mjólkurframleiðslan. Hefur mjólkurframleiðslan vaxið undanfarin ár um 5—7%, og voru margir áhyggjufullir út af því, að erfitt væri að koma mjólkurvörunum í fullt verð í seinni tíð. Á þessu ári verður mjólkurframleiðslan nokkru minni en s. l. ár. Má gera ráð fyrir 3—4% minni framleiðslu en var á s. l. ári. Framleiðnisjóður getur vissulega haft það hlutverk ásamt öðrum að stuðla að því, að mjólkurframleiðsla dragist ekki saman, þar sem markaður er fyrir hendi. Sala sauðfjárafurða á erlendum markaði er miklu nær því að vera samkeppnisfær heldur en mjólkurvörurnar. Eðlilegt er að miða mjólkurframleiðsluna sem næst því, sem þörf er fyrir á innlenda markaðinum, en þá er óhjákvæmilegt, að nokkur umframframleiðsla verði í góðu árferði. Um leið og stuðlað er að aukinni sauðfjárframleiðslu, eftir því sem heyfengur og beitarþol landsins leyfir, munu flestir vera sammála um, að vinna beri að aukinni fjölbreytni í framleiðslunni og efla nýjar búgreinar, eftir því sem þurfa þykir. Á s. l. sumri varð heyfengur bænda tæplega í meðallagi. Heybirgðir eða varaforði mun ekki vera fyrir hendi. Þeir, sem töluðu um, að ræktun væri nægilega mikil og ekki þörf fyrir að halda áfram á þeirri braut, sem farin hefur verið síðustu árin í ræktunarmálum, hafa vonandi sannfærzt um, að fátt er nauðsynlegra íslenzku þjóðinni en að bæta landið og halda áfram að rækta það, auka beitarþol í heimahögum og á afréttum.

Enginn vafi er á því, að framleiðnisjóður hefur mikilvægu verkefni að gegna fyrir land-

búnaðinn. Það er hagur ekki aðeins fyrir bændur, heldur fyrir þjóðina alla, ef framleiðni í landbúnaðinum er aukin. Í grg. fyrir frv. er komizt svo að orði m. a.:

„Talið er, að heildarverðmæti landbúnaðarins verðlagsárið 1965—1966 sé um 2200 millj. kr. Ef tala bænda er sögð vera 5500, samsvarar þetta um 400 þús. kr. á hvern bónda að meðaltali. Þó er bændastéttin sem heild talin tekjulægsta stétt þjóðfélagsins, þegar allur tilkostnaður hefur verið dreginn frá. Þetta bendir til þess, að mjög mikill mismunur sé á tekjum bænda innbyrðis, og einnig, að óhagkvæmni gæti í sjálfum rekstrinum. Vitað er, að margir bændur hafa góðan arð af búum sínum, þó að ekki sé um stórbú að ræða, en margur bóndinn, sem þó býr stórbúi, á ekkert eftir að lokum. Hvað veldur þessum mismun? Sjálfsagt koma þarna til greina hin margvíslegustu atriði, allt frá sjálfri jarðræktinni til fóðrunar búpeningsins. Hér verða þessi atriði ekki talin, en gert er ráð fyrir því, að stjórn sjóðsins verji allmiklu fé til hagfræðilegra rannsókna á því, hvað veldur hinni mismunandi góðu afkomu hjá bændum, og styrki síðan þá bændur til umbóta og breytinga, sem vilja koma betra lagi á búskap sinn, enda séu þá þær endurbætur gerðar að ráði og undir eftirliti sérfróðra manna, er stjórn sjóðsins viðurkennir, og er þá gert ráð fyrir, að áðurnefndar rekstrarrannsóknir verði lagðar til grundvallar slíkum breytingum á rekstri búsins. Kjörorðið verður að vera: Minni tilkostnaður á hverja framleiðslueiningu."

Þá talar n. um nauðsyn á því að bæta slátturhúsin, sem mörg eru úrelt og fullnægja ekki kröfum tímans. Búreikningaskrifstofa landbúnaðarins hefur verið rekin mörg undanfarin ár, en lengst af búið við fjárskort. Síðustu árin hefur fjármagn til búreikningaskrifstofunnar verið aukið verulega, og má því ætla, að hún geti gert mikið gagn í sambandi við þær nauðsynlegustu leiðbeiningar og hagfræðilegu upplýsingar, sem þurfa að liggja fyrir, þegar unnið er að aukinni hagkvæmni í landbúnaðinum.

Hér hefur verið drepið á, hver er höfuðtilgangur l. um framleiðnisjóð. Vonandi verður þessari lagasetningu vel tekið og framkvæmdin þannig, að að sem mestu gagni megi koma fyrir landbúnaðinn og þjóðarheildina.

Nauðsyn ber til, að málinu verði hraðað gegnum þingið, eftir því sem föng eru á, og að því stefnt, að frv. geti orðið að l. fyrir þinghlé.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. að lokinni þessari umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér þykir þetta frv. stefna í rétta átt. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að það væri mikil þörf á því, að gert væri nokkurt átak í þá átt að reyna að hafa nokkur áhrif á þróun landbúnaðarins og þá sérstaklega til þess, að þróun hans geti orðið hagkvæmari en hún hefur verið. En ég verð að segja það nú, þegar þetta frv. liggur hér fyrir til 1. umr., að mér þykir harla skammt vera gengið í þessa átt, sem þó miðar með þessu frv., og allt of skammt gengið.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, að stofnframlag til þessa framleiðnisjóðs landbúnaðarins verði 50 millj. kr. Þegar er búið í rauninni að ráðstafa 20 millj. af þessari upphæð, og það er fram tekið í frv., að sú upphæð eigi að fara út á framkvæmdir, sem þegar hafa verið unnar á þessu ári í ýmsum framleiðslustöðvum eða verkunarstöðvum tilheyrandi landbúnaðinum. Ég hygg, að það fari ekkert á milli mála, að hér er um fjárhæð að ræða, sem stendur í nánu sambandi við verðákvörðun á landbúnaðarafurðum á s. l. hausti og á í rauninni harla lítið skylt við það verkefni, sem þetta frv. fjallar eða á að fjalla um.

Þá eru eftir 30 millj. kr. af þessu stofnframlagi framleiðnisjóðs, og þá er gert ráð fyrir því, að það verði greitt út á næstu þremur árum, árunum 1967, 1968 og 1969, eða 10 millj. kr. á ári. Og svo er ekki að finna í þessu frv. neitt um það, hvernig á að tryggja þessum sjóði tekjur á komandi árum. Ég efast ekkert um það, að það hljóta allir, sem gert hafa sér nokkra grein fyrir því vandamáli, sem hér er við að eiga í sambandi við íslenzkan landbúnað, að hafa gert sér grein fyrir því, að 10 millj. kr. á ári eða þar um bil til þess að hafa einhver teljandi áhrif á þróun landbúnaðarins segja harla lítið. Ég flutti hér till. fyrir 2 árum um, að það yrði varið um 50 millj. kr. á því ári til hagræðingarráðstafana í sambandi við landbúnaðarframleiðslu, á svipaðan hátt og þá var gert fyrir sjávarútveginn, og ég taldi, að það væri sízt minni ástæða til þess. Það fékkst ekki fram þá. En það, sem nú kemur, þykir mér í rauninni vera allt of lítið.

Ég efast ekkert um, að það muni skila sér aftur og það ríflega á komandi árum, ef nokkurt fé yrði lagt fram í því skyni að reyna að hafa áhrif á meiri hagkvæmni í íslenzkum landbúnaði heldur en nú er og til þess að reyna að hafa áhrif á það, hvernig landbúnaðurinn þróast. En eigi að síður vil ég taka undir það, að ég tel, að frv. stefni í þá átt, hér sé búið að viðurkenna þessa nauðsyn með því að efna til stofnunar á þessum sjóði, en hefði hins vegar kosið, að meira væri gert en fram kemur nú í þessu frv. Ég skal svo ekki ræða um það í löngu máli frekar.

Það, sem fram kemur í grg. frv., er gripið úr ýmsum áttum, og ég verð að segja, að ég er ekki alls kostar hrifinn af öllum þeim röksemdum, sem þar koma fram, eins og t. d. þeirri, að þar sem er verið að gera grein fyrir verkefnum þessa sjóðs, þar þykir sérstök ástæða til þess að undirstrika það, að um leið og þessi sjóður eigi að vinna að meiri framleiðsluafköstum í landbúnaði, verði það þó gert þannig, að framleiðslan megi ekki auk-

ast, eins og þar stendur. Ég fyrir mitt leyti vil ekki halda mig við það, að það sé nein sáluhjálp út af fyrir sig í því að slá því föstu fyrir fram, að landbúnaðarframleiðsla á Íslandi megi ekki aukast. Ég álít, að í ýmsum greinum sé það aðeins eðlilegt, hins vegar verði það að sjálfsögðu að fara eftir öllum aðstæðum. En ég skal ekki fara út í lengri umr. um það að þessu sinni, vildi lýsa yfir fylgi mínu og okkar Alþb.-manna við þá hugmynd, sem stendur að baki þessu frv., en það er okkar skoðun, að framlög þau, sem er að finna í þessu frv., séu allt of lág, ef árangur eigi að nást.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Við skjótan yfirlestur á þessu frv. sýnist mér, að með því sé stigið spor í rétta átt, þótt það sé að vísu stutt, skrefið. Ég vil minna á í þessu sambandi, að þm. Framsfl. í Ed. Alþ. hafa nú og á fyrri þingum flutt frv. um framleiðnilánadeild, fyrst við Framkvæmdabanka Íslands og nú á þessu þingi við Framkvæmdasjóð Íslands. Það hefur ekki fengizt samþ. En hér hefur hæstv. ríkisstj. tekið þátt úr því frv. upp í stjfrv., sem hún nú flytur og hér liggur fyrir. Það hefur komið fyrir áður, að hæstv. ríkisstj. hefur notað þannig efni úr frv., sem aðrir hafa flutt, og tekið þau upp sem sín mál síðar. Það er ekki nema gott eitt um það að segja. En hins vegar, eins og ég sagði, hefur hún tekið aðeins nokkurn þátt úr þessu frv. framsóknarmanna um framleiðnilánadeildina. Þar var gert ráð fyrir stofnun, sem sinnti þörfum aðalatvinnuveganna yfirleitt, og allt er það þannig víðtækara og miklu stærra í sniðum heldur en það frv., sem hér liggur fyrir.

Það eru mikil verkefni, sem bíða úrlausnar á þessu sviði, endurbóta í rekstri á landbúnaði eins og öðrum atvinnugreinum, mikil verkefni, sem þessi sjóður þarf að sinna, og mér finnst því vera nokkuð naumt skammtað fé til hans, þar sem það eiga aðeins að vera 10 millj. á ári næstu 3 árin. Það verða ekki gerð nein stórvirki með því framlagi, og má um þetta segja, að smátt sé skammtað smjörið hjá hæstv. ríkisstjórn. En ég vildi vænta þess, að hv. þn., sem fær þetta mál til athugunar, reyndi að ráða á þarna einhverja bót, fá eitthvað meira í þennan sjóð og helzt varanlegri tekjur en gert er ráð fyrir í frv. Það er gert ráð fyrir því, að 20 millj. verði þar að auki greiddar út á þessu ári til vinnslustöðva landbúnaðarins, eins og þar segir, og mun það vera í samræmi við það, sem samið var um á milli Stéttarsambands bænda eða framleiðsluráðs í haust og ríkisstj. um þetta 20 millj. kr. framlag. Nú er kominn 12. des. og þetta frv. er hér á frumstigi í þinginu, og ég vildi því spyrja hæstv. ráðh., hvort það væri öruggt, að þessar 20 millj. yrðu greiddar ekki aðeins þessum sjóði, heldur út til vinnslustöðvanna fyrir áramót. Ég vildi leyfa mér að spyrja hann um það, hvort það sé öruggt, að það verði gert fyrir þann tíma.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. 1. þm. Norðurl. v. spurði, hvort það væri öruggt, að þessar 20 millj. yrðu greiddar á þessu ári. Ég tók það fram í minni frumræðu, að það yrði lögð áherzla á það að reyna að fá þetta frv. að l. fyrir þinghlé. Og ég vona, að hv. þm. veiti aðstoð til þess, að svo megi verða. Það mun verða lagt kapp á það, m. a. til þess að þessar 20 millj. kr. verði greiddar, eins og talað hefur verið um.

Hv. þm. talar um frv., sem framsóknarmenn hafi flutt í Ed. til aðstoðar atvinnuvegunum, sem hafi verið miklu stærra í sniðum, með þessu frv. sé smátt skammtað af hendi ríkisstj. til landbúnaðarins. Það er rétt, að síðan hv. framsóknarmenn komust í stjórnarandstöðu, hafa þeir flutt till. stórar í sniðum til útgjalda fyrir ríkissjóð. En það fór minna fyrir því að fjárveitingarnar væru svo stórar í sniðum í sambandi við lagasetningar til stuðnings atvinnuvegunum, landbúnaði og öðrum, á meðan þeir voru í stjórn og báru ábyrgð á ríkissjóði. Það voru þá, eins og alltaf hefur verið, takmörk fyrir því, sem ríkissjóður gat látið af hendi. Ég held, að það hefði farið bezt á því, um leið og þessi hv. þm. sagði, að hér væri stigið spor í rétta átt, að taka fram, að þetta væri nýjung, sem ekki hefði þótt fært áður að gera að veruleika, en þó hafi alltaf verið þörf fyrir í íslenzkum landbúnaði, að auka fjölbreytnina, hagræðingu og framleiðni. Hér er um 50 millj. að ræða samkvæmt þessu frv. til framleiðnisjóðs, því að þær 20 millj., sem nú verða greiddar, eru veittar vegna kostnaðar, sem stöðvar landbúnaðarins hafa ráðizt í á þessu ári til þess að að auka framleiðnina. Hitt er svo sjálfsagt að fyrirgefa hv. þm., þó að hann beinlínis vilji ekki þakka fyrir með hrifningu. Ég býst við, að þótt þetta frv. hefði verið með 100 millj. kr. stofnframlagi, hefði hv. þm. sagt sem svo, að það hefði þurft langtum meira. Það er spor í rétta átt að hans dómi. Það meinar hann ábyggilega. Þess vegna styður hann frv.

Vitanlega fer málið til n. Það má vel vera, að þar komi einhverjar brtt. Ég vil leggja áherzlu á, að þetta verði að l. fyrir þinghlé, hvort sem það verður með eða án breytinga.

Hv. 5. þm. Austf. sagði eitthvað svipað og 1. þm. Norðurl. v., sagði frá því, að hann hefði flutt till., stóra till. með hárri upphæð til útgjalda úr ríkissjóði. Þetta er alveg rétt. Hann hefur flutt till., sem hefur verið prentuð hér á pappír, en aldrei lögfest, aldrei komið að neinu gagni fyrir þann atvinnuveg, sem það átti að þjóna. Ég held, að það sé meira atriði að miða till. og upphæð fjárhæðarinnar við það, sem getur orðið að veruleika og orðið að lögum. Það er það, sem getur orðið að gagni, en ekki till. sjálf, þótt hún hafi verið prentuð og henni hafi verið útbýtt hér á Alþ. og svo ekki meir.

Hv. þm. talar um, að það sé ekki ætlazt til með þessu frv., að landbúnaðarframleiðslan aukist. Það stendur hvergi í frv., að það sé

ekki gert ráð fyrir, að hún aukist. Hitt getur verið rétt, að það sé ein setning í grg., sem hv. þm. getur hártogað, en það stendur hvergi í frv., og það er ekki meiningin með frv. að hindra það, að framleiðslan geti aukizt. Í framsöguræðu minni áðan tók ég það alveg sérstaklega fram, að það bæri að auka þær framleiðslugreinar, sem helzt væru líklegar til að svara bezt kostnaði til útflutnings. Mjólkurframleiðslan skyldi sem næst miðuð við það, sem þörf væri fyrir innanlands, en yrði þó alltaf einhver umframframleiðsla í góðum árum. Sauðfjárframleiðslan skyldi aukin, eftir því sem heyfengur og beitarþol heimahaga og afrétta leyfi, og nýjar búgreinar verði teknar upp, eftir því sem henta þykir. Það er þess vegna meiningin með þessu frv., að framleiðslan geti aukizt, hvað sem ein setning í grg. gæti gefið í skyn, ef hún væri þannig túlkuð. Ég hélt það væri aðalatriðið, hvað væri í frv., hvað verður í l., sem við ætlum að samþ. Þetta vildi ég taka alveg sérstaklega fram, að það er meiningin, að landbúnaðarframleiðslan geti aukizt, eftir því sem ástæður eru til, og því betur sem framleiðnin er meiri, tæknin verður meiri og þekkingin, sem byggð er á rannsóknum, verður meiri.

Ég sé svo, herra forseti, ekki ástæðu til að hafa öllu fleiri orð um þetta. Ég veit, að þessir hv. þm. tveir, sem hafa talað, meina það, að frv. stefnir í rétta átt. Það er svo þeirra mál, þó að þeir haldi því fram, að það sé smátt og naumt skammtað. En ég tók það fram í framsöguræðu minni, að auðvitað hlytu þessi lög að verða endurskoðuð, þegar reynsla væri á þau komin, og ef þau reynast eins vel og vonir standa til, verður ekki hjá því komizt að tryggja þessum sjóði tekjur til frambúðar.

Skúli Guðmundsson: Ég vil eftir þessa ræðu hæstv. ráðh. treysta því, að við það verði staðið að greiða út til vinnslustöðvanna þessar 20 millj., áður en árið er liðið.

Ég ætla ekki að fara að eyða tíma í það, hefja neina deilu við hæstv. ráðh. nú á þessari stundu um aðbúnaðinn að landbúnaðinum, en hann var að gefa í skyn, að hann mundi hafa verið eitthvað lakari á stjórnarárum framsóknarmanna heldur en nú. Ég vil aðeins benda á, að það fjárframlag, sem lagt er til að komi í framleiðnisjóð landbúnaðarins, er sennilega ekkert meira en sú upphæð, sem hæstv. ráðh. og stjórn hans er búin að taka af bændum nú síðustu árin í skatt til einnar ríkisstofnunar, — skatt, sem þeir hafa ekki mátt telja með kostnaði við búreksturinn, þegar fundið er út verðlag á landbúnaðarvörum. Slík skattlagning þekktist ekki á bændastéttina fyrr en nú síðustu árin, í stjórnartíð núv. hæstv. ríkisstjórnar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var aðeins örstutt aths. út af þeim orðum hæstv. ráðh., að hann lét orð að því liggja, að ég hefði verið hér með sérstaka túlkun á einni setningu í grg. frv. og að mín túlkun væri í rauninni rangtúlkun. Hann þurfti ekki að taka það fram, að þessi setning, sem ég vitnaði til, væri ekki í frv., því að ég sagði það eins skýrt og hægt var, að ég væri ekki fullkomlega sammála öllu því, sem hann segði í grg. frv. En þessi setning í grg. frv., sem ég vitnaði í, að ég væri ekki sammála, er svona, og hún skal hér lesin upp í heilu lagi: „Í öðru lagi er l. ætlað að stuðla að aukinni hagkvæmni í framleiðslu landbúnaðarvara, svo að framleiðsluafköst í landbúnaði megi verða sem mest, miðað við fjármagn og vinnuafl, án þess að því fylgi aukin framleiðsla.“ Setningin er þarna öll, myndar heila málsgr. Þó að hæstv. landbrh. hafi ekki séð þetta og ekki hnotið um það eða ekki fundið neitt við það að athuga, fannst mér ástæða til að segja, að ég væri þessu ekki sammála. Það er allt og sumt, sem ég hef sagt í þessum efnum. Það er sem sagt alveg augljóst, að sú grg., sem fylgir með frv., mælir svo fyrir um, að þetta sé nú aðalverkefnið. Ég hef því ekki rangtúlkað hér nokkurn hlut í þessum efnum, heldur aðeins lýst afstöðu minni til grg. með því frv., sem hæstv. ráðh. hefur lagt hér fram.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég las þessa grg. fljótlega yfir, en ekki kritiskt, vegna þess að það voru svo góðir menn, sem sömdu hana. En endirinn á setningunni á alls ekki heima þarna, vegna þess að setningin verður meiningarlaus, þegar endirinn á setningunni er hafður með. Þess vegna er ég sammála hv. 5. þm. Austf., að ég er ekki samþykkur setningunni eins og hún er. En ég er samþykkur frv. og grg. yfirleitt og þeirri stefnu, sem frv. markar, og það er það, sem gildir, og það er það, sem verður byggt á, það verður hér lögfest, en ekki ein setning, sem hefur farið einhvern veginn þarna, orðið að hálfgerðri meiningarleysu. Ég hygg, að hv. 5. þm. Austf. sé mér sammála, ef setningin væri á þessa leið: „Í öðru lagi er l. ætlað að stuðla að aukinni hagkvæmni í framleiðslu landbúnaðarafurða, svo að framleiðsluafköst í landbúnaði megi verða sem mest miðað við fjármagn og vinnuafl.“ Þá erum við sammála. Enda þótt setningin sé þarna, er það vitanlega frv. og það, sem verður lögfest, sem byggt verður á.

Ég vil þakka hv. 5. þm. Austf., að hann skuli ekki út af fyrir sig hafa annað til þess að finna að frv. eða málinu heldur en þessa setningu í grg., sem skiptir ekki neinu verulegu máli.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. minnti á skattlagningu á bændur til stofnlánadeildar landbúnaðarins, það væri mikill skattur og það, sem hér væri verið að rétta að bændunum, væri ekki meira en það, sem ríkisstj. væri búin að taka af bændum í þennan skatt til þess að byggja upp stofnlánadeild landbúnaðarins, til þess að bændur geti áfram fengið örugglega lán í Búnaðarbankanum. Og ég hygg nú, að hv. 1. þm. Norðurl. v. sé mér sammála um það, að bændur eigi greiðan aðgang að lánum úr

stofnlánadeildinni og að stofnlánadeildin hafi eflzt, að þessi stofnun sé nú þegar orðin það öflug og hafi nú þegar sannað svo vel ágæti sitt, að jafnvel hv. 1. þm. Norðurl. v. mundi ekki treysta sér til að afnema þennan skatt, sem hann svo kallar, ef það væri borið undir atkv. hér í hv. Alþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 123, n. 145).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Hv. landbn. þessarar deildar kom saman til fundar fyrr í dag og tók til meðferðar frv. til l. um framleiðnisjóð landbúnaðarins og afgr. frv. frá n. Eins og sést á nál. á þskj. 145, mælir n. einróma með því, að frv. verði samþ., en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að fylgja eða flytja brtt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða þetta frv. efnislega umfram það, sem var gert hér í gær af hæstv. landbrh. o. fl., sem tóku til máls. En ég vil taka fram til þess að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning, að það er ætlun og skilningur bæði þeirrar n., sem samdi frv., og eins hæstv. ríkisstj., að þær 20 millj., sem um er rætt í 4. gr. frv., séu óafturkræft framlag, sem stjórn sjóðsins ráðstafar að fengnum till. framleiðsluráðs um það, á hvern hátt framleiðsluráðið leggur til, að þessari fjárhæð verði varið. Ég vil einnig taka það fram, að ákvæði 3. gr. snerta ekki þessar 20 millj., sem hér um ræðir. Hér er um sérákvæði að ræða í frv., sem ákvæðið í 3. gr. tekur ekki til.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi mega gera hér eina fyrirspurn í sambandi við þau orð, sem hér féllu hjá frsm. landbn. Ég áttaði mig ekki fyllilega á því, hvað hann átti við, þar sem hann talaði um óafturkræft framlag, en í 4. gr. frv. er um það rætt, að af stofnframlagi ríkissjóðs til framleiðnisjóðs skuli 20 millj. ganga til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna endurbóta, sem gerðar hafa verið á árinu 1966, og orðalag gr. er nokkuð einkennilegt að því leyti til, að sagt er, að ráðstafa skuli þessari fjárhæð. Ég hef ekki áttað mig á því, hvort hér er ætlazt til þess, að framleiðnisjóður veiti þessum vinnslustöðvum landbúnaðarins þessa fjárhæð að láni eða hvort til þess er ætlazt, að framleiðnisjóður samkv. þessu orðalagi veiti þessum aðilum þessa fjárhæð sem óafturkræfa, en þá gengur nú þegar á stofnfé sjóðsins. Nú vil ég sem sagt spyrjast fyrir um þetta orðalag í 4. gr. frv., þar sem talað er um, að framleiðnisjóður skuli ráðstafa þeirri fjárhæð til þessara aðila, hvort ekki sé við það átt, að þetta fé verði veitt þessum aðilum sem lán. Það var sérstaklega þetta, sem ég vildi fá upplýst, og þarf í rauninni ekki að ræða hér málið frekar, en ég vænti, að formaður landbn. geti gefið upplýsingar um þetta, hvernig þetta sé í frv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins staðfesta það, sem hv. frsm. sagði hér áðan, að skilningur þeirrar n., sem samdi þetta frv., og skilningur ríkisstj. á ákvæðum 4. gr. varðandi 20 millj. er sá, að ráðstöfun á 20 millj. sé ekki bundin af ákvæði 3. gr., þar sem talað er um, að heimilt sé að veita aðeins ⅓ styrk og ⅔ lán. Og einmitt í tilefni af því, að þetta komst til umr. í hv. landbn., hringdi ég í Gunnlaug Briem ráðuneytisstjóra, sem er formaður þeirrar n., sem samdi þetta frv., og hann staðfesti, að það hefði verið skilningur allra nm., svo og hefur það verið skilningur ríkisstj., að þessar nefndu 20 millj. eigi að ganga til vinnslustöðvanna sem óafturkræft framlag.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég kann ekki við svona lagað eins og hér á að hafa í frammi. Það verður að ganga þannig frá l., að þau séu nokkurn veginn skýr. Það er sitthvað, þótt menn geri dellur í grg., eins og í þessu frv., en að gera það í l. sjálfum getur ekki gengið. Og það er ekki til neins að gefa einhverjar yfirlýsingar um, að ríkisstj. eða einhverjir aðilar skilji þetta svona og svona, þegar lagabókstafurinn er alveg þvert á móti. Hér stendur í 3. gr.: „Af því fé, sem ráðstafað verður úr sjóðnum á ári hverju, má eigi verja meiru en ⅓ hluta til styrkveitinga.“ Það er því ekki til neins fyrir neina ríkisstj. að gefa yfirlýsingu um, að hún skilji þetta svo sem enginn annar maður getur skilið, að þetta ætti ekki að gilda fyrir árið 1966. Það, sem á að gera til þess að afgr. l. frá Alþ., ef hæstv. ríkisstj. hugsar sér að gera þetta svona, það er að bæta þarna inn í t. d.: Af því fé, sem ráðstafað verður úr sjóðnum á hverju ári eftir 1966, má eigi verja meiru en ⅓ til styrkveitinga. — Ég get ekki séð, af hverju ætti að fara inn á þá leið hér í lagasetningu á Alþ., að hinir og þessir menn, hvort þeir eru ráðh. eða ekki, séu að gefa einhverjar yfirlýsingar um, hvernig þeir skilji mál, þegar sjálfur bókstafurinn í l. er þveröfugur við skilninginn. Dómari gæti ekki dæmt öðruvísi seinna heldur en viðkomandi ráðh. hafi ekki skilið íslenzku. Ég held því, að hæstv. ríkisstj. eigi bara að breyta þessu með einni smábrtt., en ekki láta stangast svona á. Svona eigum við ekki að afgr. lög.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mál þetta var tekið fyrir á skyndifundi í landbn. núna eftir miðdaginn, og þar sátu menn stundarkorn. Ekki gafst tóm til þess að fara yfir frv. eða lesa grg. þess, heldur urðu menn sammála um að styðja frv., en áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja öðrum, sem fram kynnu að koma. Það var um það rætt á þessum stutta fundi, að það orkaði tvímælis, hvernig bæri að skilja upphaf 4.

gr., að því er þetta umdeilda atriði varðar, og var engum manni það ljóst, formanni eða nm., hvort hér væri um að ræða lán eða óendurkræfan styrk. Ég er þeirrar skoðunar, að æskilegt sé og nauðsynlegt raunar, að þetta sé orðað skýrt í gr. og þá eðlilega í samræmi við tilgang ríkisstj., sem leggur frv. fram. Að vísu leiðir af því, að þá er það ljóst, að sjóðurinn er þegar orðinn 20 millj. kr. minni, sjóðurinn í árslok, eftir að ráðstafað hefur verið því óendurkræfa fé, sem honum er ætlað að leggja fram á árinu 1966, þá eru aðeins eftir 30 millj. kr. í sjóðnum. Það finnst mér vera harla lítil upphæð og að ekki verði nein ósköp gerð til hagræðingar í landbúnaðinum með því fé.

Ég leyfi mér því að leggja fram brtt. við 4. gr., að því er upphæð sjóðsins varðar, með leyfi hæstv. forseta. Þetta er skrifleg brtt. Hún er á þá leið, a-liður, að í 4. gr. komi fyrir töluna „50 millj. kr." í upphafi gr. 65 millj. kr., og í öðru lagi b-liður, fyrir töluna „30 millj. kr." í síðustu mgr. sömu gr. komi 45 millj. kr. og síðan óbreytt greinin til loka. Þetta þýðir, að till. *min* felur það í sér, að stofnframlag ríkissjóðs til framleiðnisjóðs skuli vera 65 millj. kr. Ég geri ekki brtt. við upphæðina 20 millj., sem eiga að ráðstafast af fé sjóðsins á árinu 1966, en legg til hins vegar, að eftirstöðvarnar, sem þá verða eftir í sjóðnum, verði 45 millj. kr., sem skulu greiðast með jöfnum árlegum greiðslum á árunum 1967—1969, þ. e. a. s. með 15 millj. kr. framlagi á ári, í staðinn fyrir að í frv. er nú ætlazt til þess, að árlega framlagið frá ríkissjóði verði einungis 10 millj. kr., sem ég tel allt of lága upphæð. Hitt eru að sjálfsögðu einnig lágar upphæðir, sem ég þarna nefni, en tel þó, að það tryggði nokkuð aukna starfsgetu sjóðsins, svo að hann næði fremur tilgangi sínum, ef hann fengi þó þessa tekjuaukningu.

Ég leyfi mér að leggja þessar till. fram, en vænti þess, að frá hæstv. ríkisstj. komi till. til þess að gera það skýrt, hvort 20 millj. eigi að vera lánsfé eða óendurkræft framlag.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 148) leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Björn Pálsson: Herra forseti. Í landbn. var rætt um þetta atriði í 4. gr., hvernig bæri að skilja það. Ég spurði formann n. um það, hvort það væri meiningin með þessar 20 millj., að það yrði lán, sem væri innheimt, eða hvort það væri óendurkræft framlag, og fékk ekki svar við því. Ég gerði ráð fyrir, að þeir stjórnarliðar vissu meira um það en við. En hæstv. landbrh. hefur upplýst það nú. Við biðum með það að leggja fram brtt., við hv. 3. þm. Norðurl. e., þar til þetta mál yrði upplýst. Sannleikurinn er sá, að ef þetta á að vera þannig, að þetta sé óendurkræft framlag, þá kemur ekkert fé í þennan sjóð á þessu ári, verður ekkert til að lána út á næsta ári heldur, fyrsta fjárveitingin kemur ekki fyrr en á árinu 1968, 10 millj., þannig að miðað við það virðist ekki liggja ákaflega mikið á að ákveða þetta á þessu þingi. Nú er það ekki ólíklegt, að einhverjar breytingar verði á ríkisstj., þannig að persónulega álít ég, að það væri ekki nein heimska að geyma þetta þangað til eftir kosningar. Það er ekki að vita, að næsta ríkisstj. verði ánægð með það, sem þessi gerir, ef einhverjar breyt. verða á henni, sem ómögulegt er að segja um, en maður veit, að alltaf styttist það tímabil, sem hver ríkisstj. situr að völdum, því að engin ríkisstj. er eilíf. Við viljum samt ekki gera þetta að neinu sérstöku ágreiningsefni.

Hitt er svo annað mál, að það gefur auga leið, að ef 20 millj. kr. eru óendurkræft framlag, eru ekki nema 30 millj. eftir. Það má um það deila, hvort það er svo há fjárhæð, að það taki því að mynda sérstakan framleiðnisjóð úr því. Jafnvel þótt ekki sé meiningin, að sá sjóður miði að því að auka framleiðsluna, heldur gera þetta léttara fyrir bændurna, eins og tekið er fram í grg., þá er náttúrlega ekkert stórvirki hægt að gera. Við komum okkur saman um það, hv. 3. þm. Norðurl. e., að leggja fram brtt. um það, að þetta verði 10 millj. kr. í 5 ár, þannig að það yrðu 50 millj., og virðist það vera mjög hóflega af stað farið, úr því að við komum með hækkunartill. hvort sem er.

En það virðist ákaflega mikill áhugi hjá meiri hl. n. að flýta málinu. Satt að segja sé ég ekki, að það sé ekki möguleiki að greiða þessar 20 millj., því að þær eru teknar inn á fjárl., þó að þessi lög séu ekki samþ., og væri í sjálfu sér miklu æskilegra að ganga betur frá þessu frv., ef þetta er hugsað sem gildur liður í landbúnaðarlöggjöf okkar, heldur en gert er hér. En þeir ráða nú stjórnarliðar og vildu hraða þessu sem mest. Við munum við 3. umr. leggja fram brtt. um það, að þetta verði 10 millj. kr. á ári og tímabilið nái 2 árum lengra aftur, þannig að þetta verði alls 50 millj. Hér var boðuð önnur brtt. af 5. þm. Vestf. og nær aðeins skemur með 65 millj. Ég sé ekki, að það liggi á að koma með þessa brtt. fyrr en við 3. umr., því að hún er í prentun núna. Ég vildi bara skýra d. frá því, að það er von á þeirri brtt., áður en þessi er borin upp, þó að ég játi, að þessi till. er í rétta átt. Það var yfirleitt ekki tími til að ræða þetta mál ýtarlega eða gera brtt., og mér skildist á meiri hl. n., að það mundu ekki verða teknar til greina brtt., þó að við vildum eitthvað breyta þessu frv., þetta væri ákveðið mál og málinu yrði bara hraðað.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það kemur fram talsverður misskilningur hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., þegar hann segir, að það muni engin fjárveiting vera til framleiðnisjóðs á árinu 1967. Það er tekið fram í 4. gr., að á árunum 1967—1969 skuli greiðast 10 millj. kr. á ári. Í þeim fjárl., sem nú er verið að samþ. fyrir næsta ár, er heimild til að greiða 30 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1966, þar

af 20 millj., sem lofað hefur verið að greiða nú fyrir áramótin. Framleiðnisjóðurinn er samkv. þessu frv. stofnaður með 50 millj. kr. framlagi. Af því greiðast 20 millj. sem óafturkræft framlag til vinnslustöðvanna á árinu 1966, en þegar þetta frv. er orðið að l., þá skal greiða 10 millj. á ári í næstu 3 ár. Þetta liggur alveg ljóst fyrir.

Hvort það tæki því fyrir bændur að taka við 30 millj. á næstu 2 árum, ég held það séu fáir bændur, sem setja spurningarmerki aftan við það. Ég veit, að hv. 5. þm. Norðurl. v. er stórbóndi og skoðar þetta allt frá því sjónarmiði. En jafnvel þótt bændur búi vel og góðu búi, þá er ég sannfærður um það, að landbúnaðinn munar um það að fá þessar 50 millj., sem hér er ráð fyrir gert, og bændur hafa ekki vanizt því, að þeim væri betur skammtað, og ekki þetta stórt skammtað.

Í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það ætti að semja lög með það skýru orðalagi, að það væri enginn vafi á því, hvað væri meint, þá er ég honum alveg sammála um það. Og í tilefni af því hef ég talað við tvo mjög færa lögfræðinga einmitt um þetta. Þeir hafa báðir bent mér á, að ákvæðið í 4. gr. varðandi 20 millj. sé fram sett og þannig orðað vegna þess, að það lýtur öðrum ákvæðum heldur en það fé, sem á að ráðstafa á næstu árum skv. 3. gr. Það er eins og hv. þm. sagði, 3. þm. Reykv., og hv. 5. þm. Vestf. hafði orð á, að þá er það alveg kostnaðarlaust að koma með brtt., sem orðar þetta öðruvísi, ef þörf væri á því að áliti þeirra manna, sem eiga að túlka l., sem eru lögfræðingar, því að það má vitanlega ekki vera neinn vafi á því, hvernig framkvæmdin skuli vera. Ég hef leitað til tveggja ágætra manna, sem eru vanir að túlka lög frá sinni sérgrein og því sjónarmiði, sem venja er, og þeir álíta ekki þörf á því. Þess vegna hefur ekki verið flutt brtt. um þetta.

Hv. 5. þm. Vestf. hefur flutt brtt. skriflega um það að hækka framlög til framleiðnisjóðs. Það er vitanlega ekkert við það að athuga. Hv. Alþ. sker úr um það, hvort það sé fært að svo stöddu að leggja meira fram.

Í sambandi við brtt., sem hv. 5. þm. Norðurl. v. boðaði um að hafa þetta til 5 ára, 10 millj. á ári, sé ég ekki ástæðu til að samþ. það nú. Það mætti alveg eins samþ. það á næsta ári eða næstnæsta. Ég er alveg sannfærður um það, að þegar framleiðnisjóður hefur starfað og ef hann starfar eins og vonir standa til og það sýnir sig, að hann gerir það gagn, sem vonir standa til, þá verða fluttar till. um það hér á hv. Alþ. að afla honum tekna til frambúðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég skal aldrei fullyrða neitt um, hvað lögfræðingar geta verið snjallir í að mistúlka lög, en hitt sýnist mér nokkurn veginn ótvírætt, að ef menn vilja reyna að túlka lög rétt, þá liggur alveg í augum uppi, hvernig eigi að túlka þessi lög, ef þau verða samþ. eins og þau liggja fyrir nú. Í 3. gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Af því fé, sem ráðstafað verður úr sjóðnum á ári hverju, má eigi verja meiru en ⅓ hluta til styrkveitinga.“ Þetta er alveg skýrt, að af því fé, sem ráðstafað er á hverju einasta ári, það er undantekningarlaust, þá skal ekki vera meira en ⅓ hluti til styrkveitinga. Svo kemur 4. gr.: „Af stofnframlaginu greiðast 20 millj. kr. árið 1966, og skal stjórn framleiðnisjóðs ráðstafa þeirri fjárhæð að fengnum till. framleiðsluráðs landbúnaðarins til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna endurbóta, sem gerðar hafa verið á árinu 1966.“ Það er nákvæmlega sama orðið, sem þarna er notað, að ráðstafa, í báðum tilfellum. Hlýtur ákvæðið í 3. gr. að taka yfir þetta þarna. Það á að ráðstafa þessum 20 millj. árið 1966, og 3. gr. mælir fyrir, að það má ekki vera meira en ⅓ hluti styrkur. Þetta er alveg skýrt.

Ég veit ekki, hvers konar lögfræðingar eru, sem hæstv. ráðh. hefur samband við. Hann á það til hérna stundum að vitna til einhverra og einhverra lögfræðinga, en ég held bara, að þeir lögfræðingar, sem hann vitnar þarna til, skilji þá ekki lög. Ég get trúað hins vegar, að þessir lögfræðingar hefðu sagt við hann: Ef ríkisstj. lýsir yfir, að það eigi að skilja þetta svona, getur það ef til vill bjargað því. Ég gæti trúað, ef eitthvert vit væri í kollinum á þessum lögfræðingum, að þeir hefðu sagt: Jú, ef það liggur yfirlýsing fyrir um, að ríkisstj. skilji þetta svona, mundum við treysta okkur til þess fyrir dómstólunum að reyna að verja það, og ef þeim skilningi hefði ekki verið mótmælt, að þetta ætti að vera sem sé öðruvísi en lagabókstafurinn ákveður, ríkisstjórnin hefði lýst yfir einhverjum anda þarna inn í lögin, blásið inn einhverjum anda þarna, sem ekki væri í samræmi við bókstafinn. — En nú skulum við bara gera ráð fyrir öðru. Nú skulum við gera ráð fyrir því, að hér á Alþ. komi fram hinn skilningurinn, að það sé ekki hægt að óbreyttum þessum lögum að láta meira en ⅓ hluta fara til styrkveitinga árið 1966, við skulum segja, að ég lýsi því hér yfir, að það sé ekki hægt að skilja lögin öðruvísi. Þá kemur fram tvenns konar skilningur frá hálfu þeirra, sem eiga hér að ákveða eftir á, hvernig eigi að skilja þessi lög, og ef dómararnir ættu svo að dæma á eftir, ef t. d. stjórn framleiðnisjóðs yrði kærð fyrir að hafa veitt úr sjóðnum meira til styrkja á árinu 1966 heldur en lög heimiluðu, þá mundi náttúrlega dómarinn yfirvega, hvor skilningurinn á þessu væri réttur. En hvað mundi gera út um það? Það mundi ekki gera út um það, að annar væri bara almennur þm. og hitt væri til dæmis ráðh., sem hefði lýst yfir. Það, sem gerði út um það, væri lagabókstafurinn. Þess vegna geta menn ekki dæmt eftir öðru. Þess vegna sé ég það bókstaflega ekki, hvað það á eiginlega að þýða að byrja að afgr. lög þannig, að þau séu óskýr. Á þetta að vera einhver vottur um það, að orð einnar ríkisstj. sé orðið hærra en lög frá

Alþingi? Er ein ríkisstj. að færa sig svo upp á skaftið, að hún sé að segja, að sá skilningur, sem hún leggi í lög, skuli gilda? Ég vil minna hæstv. ráðh. á, að dómstólarnir eiga eftir stjórnarskránni að vera óháðir ríkisstj., og ef einn dómstóll leyfir sér að fara að dæma þvert á móti lögum, af því að einn ráðh. hefur lýst yfir einum skilningi, einn þm. öðrum skilningi, og dómstólarnir fella síðan dóm bara til þess að þóknast ríkisstj., þá er komið mjög illa lögum og rétti í landinu. Það hefur gengið nógu langt venjulega af hálfu ríkisstj. að vilja ráða svona hlutum, þannig að mér finnst, að svo lítið ætti ein ríkisstj. að geta gert til þess að reyna að hafa lög, sem hún sjálf er að afgr. í stjórnarfrv., í samræmi við það, hvernig hún vill láta skilja það, að hún breyti þessu. Því í ósköpunum fær hún ekki nefndina til að koma fram með litla brtt. þarna, eins og ég var að benda á áðan: á ári hverju eftir 1966? Þá er hún ekkert bundin við það, hvernig þetta eigi að vera á árinu 1966. Ég veit ekki, hvort metnaður hæstv. ríkisstj. er orðinn svo mikill, að hún geti ekki lotið svo lágt að breyta lögum eftir sínum skilningi, hún vilji bara geta lýst því yfir, að hún skilji lögin þveröfugt við lagabókstafinn.

Björn Pálsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Það er raunar ekki hægt annað en að taka undir það með hv. 3. þm. Reykv., að það er dálítið erfitt að skilja þessi lög, því að þeirra eigin menn skildu þetta ekki í nefndinni, þeir gátu ekki gefið okkur upplýsingar um það. Sannleikurinn er sá, að það er ákaflega leiðinlegt í sjálfu sér fyrir nefndina að afgr. endanlega frv. þannig, að það sé ekki auðskilið, hvað við er átt. Í sannleika sagt áttu þessar 20 millj. ekkert erindi þarna inn í, ef þær eiga að vera ófrávíkjanlegt framlag hliðstætt við hagræðingarfé frystihúsanna. Það átti ekkert sérstakt erindi inn í þennan framleiðnisjóð, það var nægilegt að setja það á fjárlögin. Ég man ekki betur, ég las fjárlögin einu sinni, ég kann þau raunar ekki utan að þrátt fyrir það, en mig minnir, að þessar 20 millj. séu á fjárlögunum fyrir 1967, sem við erum að samþykkja núna. Mig minnir það, Og þá hafði í raun og veru enga þýðingu að setja þessar 20 millj. þarna inn, aðra en þá, að það er tekið fram, að það eigi að greiðast á árinu 1966. Það er það eina, að það sé þá lagaleg heimild. Ég geri nú ráð fyrir því, að það yrði ekki tekið strangt á því, ef búið yrði að samþykkja það inn á fjárlög fyrir árið 1967, þó að það yrði greitt fyrir áramótin nú.

Ég skal ekki segja það, ef væri farið í mál út af svona hlut, sem er jafnóskýr og þetta, hvernig eigi að framkvæma hann, hvað dómstólar gerðu. Það má vel vera, að skýring nefndar eða ráðh. réði þar úrslitum. Og ég hygg, að það væri dálítill vafi á því, ef það lægi ekki fyrir yfirlýsing ráðh., hvað við er átt. En náttúrlega með jafnlítinn hlut og þetta, þá ætti að vera hægt að ganga þannig frá frv., og það hefðum við vitanlega getað, ef það hefði legið ljóst fyrir, hvað stjórnin ætlaði sér, að þetta sé alveg skýrt og óumdeilanlegt.

Hæstv. ráðh. gat um, að það ætti að greiða á árinu 1967 10 millj. Satt að segja hef ég ekki tekið eftir því, að þessar 10 millj. séu á fjárlögum, vera má, og það er vafalaust lagaleg heimild að greiða þetta, þegar búið er að samþykkja sérstök lög, þó að það sé ekki á fjárlögum fyrir árið 1967, á fjárlögum, sem við erum að samþykkja. En það er nú svona, það er ekki svo glöggt, hvað við er átt hér, og ég skildi það svo, að þetta ætti að koma inn á fjárlög fyrir árið 1968, fjárlögin, sem næst verða samþykkt. En ráðh. upplýsir, að það sé átt við hitt, að það eigi að greiða það á næsta ári, þó að það sé ekki komið inn á fjárlög nú, hvort sem það verður sett við 3. umr. eða alls ekki sett inn á fjárlög og greitt bara eftir sérstökum lögum. En þrátt fyrir það, þó að það komi að ári, þá er það nú ekki mikið, sem gert verður við það, því að það verður sennilega ekki greitt fyrr en síðari hluta ársins, þannig að ég skil ekki, að verði mikið gert við þessa upphæð árið 1967. Og rétt er það hjá ráðh., að það er alltaf hægt að breyta lögum, það er náttúrlega alltaf hægt að framlengja þetta framlag, það verður að hækka eða lækka, eftir því sem Alþingi ákveður í hvert sinn, og jafnvel afnema. En skoðun okkar var sú, þessara tveggja, sem flytjum þessa brtt., að ef á annað borð væri farið í að mynda þennan framleiðnisjóð, sem vafalaust getur gert talsvert gagn, ef rétt er með farið, jafnvel þó að það megi deila um, hvort það er rétt að hafa sjóðina svo óskaplega marga og sérstaka stjórn fyrir hvern sjóð og sérstakt bókhald, það getur verið alltaf álitamál og eru kannske orðnir fullmargir sjóðir í þessu landi, — að þá, ef á annað borð er farið að mynda sérstakan sjóð fyrir landbúnaðinn, við skulum segja til að auka framleiðnina, gera hann léttari í rekstri og hagkvæmara rekinn, þá held ég, að veiti ekkert af 50 millj. kr. stofnframlagi. En hitt er rétt, að það er náttúrlega hægt að bæta við eitthvað síðar. En það væri alveg eins hægt, þó að það væru bara samþykktar 10 millj. fyrir árið 1967 og svo væri næsta þing. Það má alltaf segja svo, það er eiliflega hægt að halda áfram að breyta. Skoðun okkar er sú, að ef á að stofna þennan sjóð, þessara tveggja, sem flytjum þessa till., — ég geri nú ekki ráð fyrir því, að ég tali meira fyrir því, — að það veiti ekkert af 50 millj. til þess.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Á fundi í landbn. í dag, þar sem þetta frv. var til meðferðar, hafði ég orð á því að gefnu tilefni, að mér sýndist hæpið, að ákvæði 1. mgr. 3. gr. fengi staðizt, úr því að ætlunin væri að verja 20 millj. af fé framleiðnisjóðs á þann hátt, sem hér hefur verið lýst yfir að mundi verða, og mér sýnist enn, að svo sé, að það sé hæpið. Og ég hef satt að segja gengið út frá því, þó að þessu væri ekki breytt í nefndinni, að

það mundi verða athugað, áður en málið kæmi til umr., og það mundi koma brtt. um þetta atriði inn í málið að tilhlutun hæstv. landbrh. Nú hafa orðið nokkrar deilur um þetta mál hér á fundinum, og ætla ég ekki að taka frekar þátt í þeim, en ég vildi aðeins mælast til þess, að menn létu þessar deilur niður falla á þessum fundi og að það gæfist tími til þess að athuga þetta atriði á milli 2. og 3. umr. Ég hef sjálfur samið brtt., sem mér virðist að þarna gæti komið að gagni, en ég mundi óska eftir því á milli umr., að þetta yrði nánar athugað í nefndinni og þá í samráði við hæstv. landbrh. Það sýnist mér réttara heldur en að halda áfram að deila um þetta atriði. En ég fæ ekki betur séð, eins og ég sagði áðan, en það sé mjög hæpið, að ákvæði þessara tveggja greina samrýmist, þó að einhverjir lögfræðingar kunni e. t. v. að hafa í fljótheitum litið svo á, að svo væri. Ég efast um, að þeir hafi athugað samhengið í frv. nógu vel, er þeir hafa gefið út álit um þetta, sem hér var minnzt á áðan. En þó að þetta kunni kannske að orka einhvers tvímælis, er réttara að hafa það í lögum, sem ætlazt er til að framkvæmt verði. Eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. minntist á hér áðan, munum við flytja brtt. við 3. umr., og skal ég ekki ræða það nánar nú.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil enn taka það fram, að ég tel þá túlkun, sem þessir tveir mætu lögfræðingar, sem ég vitnaði til áðan, hafa skýrt mér frá, tel hana rétta. En vegna þess að hér virðast vera skiptar skoðanir og sjálfsagt er að gera þetta þannig úr garði, að það verði ekki vefengt, hef ég skrifað hér brtt. við 3. gr., þar sem segir: „Á eftir orðunum „úr sjóðnum á ári hverju“ í 1. mgr. komi: eftir 1966.“ Ég vil, herra forseti, mælast til, að þessi till. verði borin upp.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 153) leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 153 samþ. með 34 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 148 felld með 19:13 atkv.
4. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 154, 155).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 155. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. gat þess við 2. umr. þessa máls, að við mundum við 3. umr. flytja brtt. við þetta frv., þar sem þess yrði freistað að fá nokkuð hækkað það framlag til sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í frv. Þessar till. höfum við nú flutt á þskj. 155, og eru þær við 4. gr. Er í þessum brtt. okkar gert ráð fyrir, að 50 millj. framlagið, sem gert er þar ráð fyrir, stofnframlagið úr ríkissjóði til framleiðnisjóðs, verði hækkað úr 50 millj. kr. upp í 70 millj., þannig að fjármagn sjóðsins til framleiðnilána og framleiðnistyrkja verði 50 millj. kr., þó að teknar hafi verið 20 millj. til annarra nota. En við gerum jafnframt ráð fyrir því, að þetta framlag skiptist á fleiri ár en gert er ráð fyrir í frv., þannig að það verði greitt á 5 árum í stað þriggja, árunum 1967—1971. Hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur að öðru leyti gert grein fyrir því, hvers vegna við flytjum þessa till., og skal ég ekki hafa um þetta fleiri orð.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, að í septembermánuði var talað um að stofna framleiðnisjóð landbúnaðarins með 30 millj. kr. framlagi, en n., sem samdi frv., þar sem fulltrúar bænda áttu sérstaklega tvo fulltrúa, kom sér saman um í samráði við ríkisstj. að hækka stofnframlagið upp í 50 millj. kr. Ég tel sjálfsagt að halda sig við það samkomulag, sem þegar hefur verið gert og fulltrúar bænda virtust vera mjög ánægðir með, og ég mun þess vegna segja nei við þessum brtt.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Örstutt ábending. — Ég reikna með, að í stjórn þessa sjóðs eigi Stéttarsamband bænda að eiga einn fulltrúa, en frv. tekur ekki af tvímæli um það. Í 2. gr. frv. segir, að annar skuli skipaður samkv. tilnefningu Stéttarfélags bænda. Það geta kannske verið ýmsir í landinu, sem vilja kalla sig Stéttarfélag bænda. Ég benti hæstv. landbrh. á þetta hér undir umr. í dag, en nú sé ég, að þetta hefur verið prentað upp með sömu villunni. Vel má vera, að það sé hægt að fá lögfræðinga til þess að túlka það, að þetta skuli vera Stéttarsamband bænda, en ég held, að það væri nú nær, að við leiðréttum þetta hér, áður en það fer út úr d., svo að við þurfum ekki að fá það til baka aftur frá Ed.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er sjálfsagt að vera þakklátur fyrir allar þær ábendingar, sem mega verða þessu frv. til bóta, og það er enginn vafi á því, að þessi löggjöf verður alveg sérstaklega vel vönduð, þegar frá henni hefur verið gengið til fullnustu. En það vill nú svo til, að formaður Stéttarsambands bænda og annar stjórnarmeðlimur Stéttarsambandsins voru með í að semja frv. Þeir vita áreiðanlega, við hvað er átt. Það er átt við Stéttarsamband bænda. En hér er ekki um annað að ræða heldur en það, að þarna er prentvilla, sem má leiðrétta án þess að bera fram brtt. Þetta er prentvilla, það getur ekki verið annað.

Forseti (SB): Forseti leyfir sér að líta svo á, að hér sé um prentvillu að ræða, sem leiðréttist án sérstakrar brtt.

ATKVGR.
Brtt. 155 felld með 21:15 atkv.
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 26. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið samþ. í hv. Nd. að mestu óbreytt frá því sem það var lagt fram.

Snemma á s. l. sumri fóru viðræður fram milli mín og fulltrúa bænda í sex manna nefnd og Stéttarsambands bænda um það, hvort ekki væri heppilegt að reyna að koma því fram á hv. Alþingi, að framleiðnisjóður væri stofnaður fyrir landbúnaðinn. Í tilefni af því voru í júlímánuði fengnir tveir menn til þess að semja drög að slíku frv., þeir Ólafur Björnsson prófessor og Sveinn Tryggvason framkvstj. framleiðsluráðs. Þeir skiluðu frv. í ágústmánuði um framleiðnisjóð landbúnaðarins, sem síðan var til athugunar. En í septembermánuði var enn rætt um stofnun framleiðnisjóðs í sambandi við það, þegar verðlag á búvörum var ákveðið. Var samkomulag um, að stofnaður skyldi framleiðnisjóður með 30 millj. kr. stofnframlagi, en 20 millj. skyldu greiðast fyrir n. k. áramót til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna endurbóta, sem gerðar hefðu verið á árinu 1966. Í tilefni af því þótti eðlilegt að skipa enn nefnd til þess að athuga það frv., sem fyrir lá, og voru 5 menn skipaðir í þessa nefnd: Gunnlaugur E. Briem ráðuneytisstjóri, sem var form. nefndarinnar, Ólafur Björnsson prófessor, Jón Þorsteinsson alþm., Gunnar Guðbjartsson form. Stéttarsambands bænda og Kristján Karlsson fyrrv. skólastjóri. Var samkomulag í nefndinni og samkomulag nefndarinnar við ríkisstj. um, að stofnframlag framleiðnisjóðs skyldi ekki vera 30 millj., eins og áður hefur verið talað um, heldur 50 millj., og kom nefndin sér saman um það frv., sem hér liggur fyrir að mestu óbreytt, þó var ein breyting, sem gerð var á frv., eftir að nefndin hafði skilað því, og sumir nm. höfðu lagt talsvert upp úr, að það ákvæði væri í frv. og gert að lögum, en það var það, að ef ekki þyrfti að nota allar útflutningsuppbæturnar, sem heimilaðar eru samkv. lögum, sem mega nema 10% árlega af heildarverðmæti landbúnaðarins, þá skyldu 0.25% af því, sem af gengi, ganga í framleiðnisjóð. En nm. tóku það jafnhliða fram í grg. með frv., að ekki væru líkur til, að þetta ákvæði gæfi sjóðnum tekjur á næstu árum, og því var ég sammála, því að ólíklegt má telja, að ekki verði not fyrir allar útflutningsuppbætur fyrst um sinn, þannig að á næstu árum hefði þetta ekki orðið neitt hagkvæmt fyrir framleiðnisjóðinn. En vissulega er tækifæri til þess að athuga tekjuöflun fyrir framleiðnisjóðinn í framtíðinni, og yrði sennilega þá að gera það með virkari og raunhæfari hætti en aðeins með þessu ákvæði. En mér þykir rétt að minnast á það hér, þannig að hv. Alþ. viti um það, að ýmsir í nefndinni, þ. á m. form. Stéttarsambands bænda, lögðu nokkuð upp úr því, að þetta væri tekið inn í lögin.

Eins og sjá má, þá er verkefni sjóðsins markað í þessu frv. Það er að stefna að aukinni framleiðni í landbúnaðinum og styrkja rannsóknir og framkvæmdir, sem miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, eins og kveðið er á í 1. gr. frv. Þá er ákveðið, að skipuð verði stjórn fyrir sjóðinn, sem skipuð yrði 5 mönnum, að Búnaðarfélag Íslands tilnefni 1, Stéttarsamband bænda 1, ráðh. skipi 2 án tilnefningar og forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar verði form. sjóðsstjórnarinnar. Þá er gert ráð fyrir því, að ekki megi velta styrki úr sjóðnum nema ⅓ af því fé, sem ráðstafað sé árlega, en ⅔ skuli vera veitt sem lán, að undanskildu því, sem veitt er úr sjóðnum nú fyrir næstu áramót, 20 millj. kr., það er ætlazt til, að það verði óafturkræft framlag, sem ráðstafað er af stjórn sjóðsins að fengnum till. framleiðsluráðs.

Að öðru leyti skýrir þetta frv. sig sjálft, með því að það sé lesið, og tilgangur frv. er tvíþættur, eins og sjá má og gerð hefur verið grein fyrir áður.

Það er von þeirra, sem sömdu þetta frv., og það er von ríkisstj., að framleiðnisjóður landbúnaðarins geti orðið lyftistöng fyrir landbúnaðinn, geti átt nú og í framtíðinni stóran þátt í því að skipuleggja landbúnaðarframleiðsluna við hæfi og þörf þjóðarinnar og einnig í þá átt, að helzt verði framleiddar þær vörur, sem bezt borgar sig að flytja út, að framleiðnisjóður geti orðið til þess að stuðla að minni framleiðslukostnaði og hagkvæmari vinnubrögðum í landbúnaðinum. Og þótt nú sé talað um að stofna framleiðnisjóð, sem hefði það verkefni að auka framleiðni og hagkvæmni, þá er ekki þar með verið að viðurkenna það, að framleiðniaukning í landbúnaðinum hafi ekki verið mikil á undanförnum árum. Það vita allir, sem til þessara mála þekkja, að framleiðniaukning í landbúnaðinum hefur verið mjög mikil síðustu árin. Það er vitað mál, að bændum hefur fækkað og því fólki, sem að landbúnaðarframleiðslu vinnur, en framleiðslan hefur eigi að síður vaxið ár frá ári. En framleiðsluaukningin hefur því miður verið frekar á þeirri búvöru, sem sízt hefur borgað sig að flytja út, heldur en t. d. þeirri, sem er miklu nær því að gefa hagstætt verð á erlendum markaði heldur en mjólkurvörur, og framleiðnisjóður vill stuðla að því, að hverju sinni verði framleitt það, sem er hentugast og borgar sig bezt, ekki aðeins fyrir bændur, heldur er hagkvæmast fyrir þjóðarheildina.

Ég sé ekki ástæðu til að fara nú seint á þessu kvöldi að flytja langa ræðu í sambandi

við þetta frv. Ég geri ráð fyrir því, að það fái svipaðar viðtökur í þessari hv. d. og í Nd. En það er meiningin að fá þetta lögfest nú fyrir þinghlé, m. a. til þess að greiða fyrir því, að þær 20 millj., sem um er að ræða, geti verið borgaðar út, helzt núna fyrir jólin, til þess að framleiðsluráð og stjórn sjóðsins geti ráðstafað því eins og ætlazt er til.

Herra forseti. Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. hér að þessu sinni, en það er aðeins ein fyrirspurn til hæstv. landbrh., sem væri æskilegt að fá svarað við þessa umr.

Það er rétt, sem hæstv. landbrh. gat um, að þetta mál er í raun og veru ávöxtur af iðju Stéttarsambands bænda og þeim samningum, sem gerðir voru á s. l. hausti, og í búnaðarblaðinu Frey eru endurprentaðar þær yfirlýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf í sambandi við verðlagssamningana á s. l. hausti, og þar stendur, með leyfi hæstv. forseta, í 4. lið þeirrar yfirlýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf: „Ríkissjóður leggi fram hagræðingarfé að upphæð 30 millj. kr., sem nota mætti sem stofnfé hagræðingarsjóðs, en verksvið hans verði ákveðið með lögum. Af þessari upphæð greiðist 20 millj. kr. fyrir 31. des. 1966 sem framlag til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna endurbóta á þeim.“ Þarna stendur í yfirlýsingu hæstv. ráðh., að 20 millj. skuli vera framlag, sem sagt óafturkræft framlag, og þann skilning leggur a. m. k. formaður Stéttarsambands bænda og stjórn Stéttarsambandsins í þessa yfirlýsingu. Hins vegar hef ég verið að leita eftir því í því frv., sem hér liggur fyrir, hvort það væri þar fram tekið, í sjálfu frv. eða greinargerðinni, en hef ekki fundið. Þess vegna er það, að það væri æskilegt að vita, hvort það liggur ekki ljóslega fyrir, að þessar 20 millj. kr., sem þarna er um talað, eigi að vera óafturkræft framlag, enda þótt um það sé talað, að stofnfé sjóðsins skuli vera 50 millj. Þetta stangast nokkuð á, því að um leið og búið er að veita 20 millj. af þessum 50 millj. sem óafturkræft framlag, þá eru ekki eftir nema 30, og ég verð að játa það, að þetta frv. kann að hafa talsverða þýðingu í framtíðinni, ekki sízt ef tekst að bæta við fjáröflunarmöguleika. Það liggur ljóslega fyrir nú, að verði ekki hægt að auka tekjumöguleika framleiðnisjóðs, þá getur hann ekki til lengdar sinnt því hlutverki, sem honum er ætlað, því að svo víðtækt er það verkefni. En eigi að síður ber að þakka það, að þetta mál er fram komið, og það kann að gera sitt gagn í bili, enda þótt það kunni ekki lengi að þjóna sínu hlutverki, nema það sé verulega um bætt. En á þessu stigi málsins ætla ég ekki að ræða þetta mál frekar, en ég æski þess, að hæstv. ráðh. geti sagt skýrt og skorinort um þessar 20 millj., hvort beri ekki að skilja það svo, að þær verði óafturkræft framlag, eins og yfirlýsing hans var gefin um á sínum tíma.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er engum vafa bundið, að þessar 20 millj. verða veittar sem óafturkræft framlag, og nefndin, sem samdi frv., hafði þann skilning á málinu, og bréf það, sem hv. þm. vitnaði í áðan, hef ég skrifað með vitund og samþykki ríkisstj. allrar, og það hefur alltaf verið ákveðið, að þetta væri óafturkræft framlag. Þetta vita fulltrúar bænda í sex manna nefndinni, og þetta veit stjórn Stéttarsambands bænda og efast ekkert um, að við það verður staðið. Í rauninni er það ekki meira, sem ég þarf að segja í tilefni af því, sem hv. þm. sagði.

Það má segja, að þetta frv. sé til orðið vegna samninga fulltrúa bænda í sex manna nefndinni við ríkisstj. á s. l. hausti, enda þótt í júlímánuði hafi verið um þetta mál rætt og drög að frv. fyrir framleiðnisjóð hafi þá verið samin, eða tveimur mánuðum áður en farið var að semja um verðið. En mér þykir það ágætt, að þetta frv. sé tengt við samninga í haust við fulltrúa bænda í sex manna nefnd og stjórn Stéttarsambandsins. Mér finnst það alveg ágætt. Það sýnir, að ríkisstj. og fulltrúar bænda ræða saman um þessi mál. Og það er fjarri mér að eigna ríkisstj. eða mér frekar heiðurinn af því, sem vel er gert, heldur en að bændur sjálfir geti talið sér það. Ég tel það aðalatriðið, ef gott samkomulag tekst og að koma góðum málum áfram, og ég er ekki í vafa um það, að framleiðnisjóður landbúnaðarins er eitt af þeim málum, sem sanna ágæti sitt og gildi strax og þó sérstaklega í framtíðinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 154, n. 173, 170).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Eins og sjá má af þskj. 173, hefur landbn. orðið sammála um að mæla með, að þetta frv. verði samþ. Þó höfðu 3 nm. þann fyrirvara á, að þeir mundu freista þess að koma fram brtt. við þessa umr. til nokkurrar hækkunar á framlagi til framleiðnisjóðs.

Þetta frv. er komið úr Nd. og var þar samþ. ágreiningslaust, að ég hygg, en svipaðar till. komu þó þar fram um það að auka fjárráð sjóðsins, sem voru felldar.

Þetta frv. er árangur af skynsamlegum og hóflegum umr., sem fram fóru á s. l. sumri um verðlagningu landbúnaðarvara á milli stjórnar Stéttarsambandsins og ríkisstj., og ég verð að segja það, að ég hygg, að þær viðræður hafi borið heillaríkan árangur. Það náðist samkomulag um búvöruverðið, án þess að það yrði lagt í gerð, og einnig samkomulag um að gera nokkrar hliðarráðstafanir til hagsbóta fyrir landbúnaðinn, þar sem ég álít að sé mjög rétt stefnt með þessu frv.

Það hefur lengi verið svo, að framleiðsla landbúnaðarvara hér á landi hefur verið ákaflega skipulagslítil, og þetta hefur leitt í nokkrar ógöngur á síðustu árum, að því er snertir framleiðslu á einstökum búvörutegundum. Þó að ég segi þetta, þá lít ég samt svo á, að það sé of mikið gert úr því, að það horfi til vandræða, hversu mikið hefur verið framleitt hér af mjólk hin síðustu ár, því að það er mjög árstíðabundið og fer mjög eftir tíðarfari og árferði, hversu framleiðslan verður mikil hverju sinni, og ekki óeðlilegt, þótt eitthvað verði í afgangi, þegar bezt árar, enda virðist mér, að það sé nú þegar að koma í ljós, að sú aukning á mjólkurframleiðslunni, sem hefur verið nú hin síðustu ár, hefur numið staðar og er nú mun minni mjólk framleidd en var t. d. 1965. Aukningin var þá á fimmta prósent, en nú mun framleiðslan vera um 3% eða 4% minni á þessu ári en í fyrra. En hvað um það, þetta frv. gengur að mínu áliti í rétta átt og stefnir að því að styðja að betri nýtingu og betri vinnslu á búfjárafurðum, og mun nú einkum stefnt að því að stuðla að betri verkun á kjöti í sláturhúsum. Um það voru gerð sérstök lög í fyrra að skylda þá, sem taka á móti sláturvörum, að bæta mjög um sláturhúsin hjá sér.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta frv. eða efni þess, það var gert hér mjög rækilega af hæstv. landbrh. við 1. umr. málsins fyrir tveimur dögum og mun vera öllum í fersku minni. Um þær till., sem hér liggja fyrir til breytinga á þskj. 170, vil ég segja það, að ég tel þeirra ekki þörf á þessu stigi málsins og muni ekki vera málinu til framdráttar. Þetta eru till., sem komu fram í Nd. og fengu ekki hljómgrunn þar. En auk þess er svo tillaga annars eðlis, að taka lán allt að 50 millj. kr. til þess að endurlána framleiðnisjóði. Ég held, að á þessu hvorugu sé þörf að þessu sinni. Þetta er nýtt mál, og á eftir að sýna sig og sanna, hvernig til tekst með framkvæmdir, og öll þessi mál eru mjög í deiglunni. Ég held, að það sé rétt að bíða með að flytja brtt. til hækkunar við þetta frv., þangað til það er betur séð, hversu mikið fé þessi sjóður þarf að hafa til þess að fullnægja þeim verkefnum, sem væntanlega koma fram og er ekki enn svo vel séð, hver verða, að þau verði öll reiknuð út fyrir fram. Ég mun því leggja til, að þessar brtt. verði felldar. Þó að ég hins vegar játi, að það muni vera líklegt, að þessi sjóður muni þurfa á meira fé að halda, áður en langir tímar líða, þá hygg ég, að það, sem honum er ætlað nú, muni vera mjög sæmilegt til að byrja með.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Í 1. gr. þessa frv. eru upp talin þau verkefni, sem framleiðnisjóði landbúnaðarins er ætlað að inna af hendi. Og hlutverk sjóðsins er að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði, og til atvinnurekstrar á bújörðum. Styrkja má rannsóknir og framkvæmdir, sem miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, og framkvæmdir, sem miða að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins, miðað við markaðsaðstæður innanlands og annars staðar í heiminum á hverjum tíma. Lán og styrki má veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Þegar einstökum bændum er veittur styrkur, skal taka tillit til efnahags þeirra. Upptalning þessi í 1. gr. frv. sýnir, að verkefni þau, sem framleiðnisjóður á að inna af hendi, eru bæði mörg og mikilvæg. Veltur því á miklu, að stjórn sjóðsins takist að sinna mest aðkallandi vandamálum, sem hafa þýðingu fyrir framtíð landbúnaðarins, svo að verkefnin kafni ekki í vandamálum fortíðarinnar, eins og skín í gegnum frv. þetta.

Þegar hugleidd eru verkefni framleiðnisjóðs og þau borin saman við stofnframlag sjóðsins, dylst engum, að það verður erfitt verk að beina þessu fjármagni þangað, sem notin verða jafnan mest. En í 4. gr. þessa frv. er rætt um stofnframlag framleiðnisjóðs, og það á að vera 50 millj. kr. skv. frv. En hvergi er gert ráð fyrir neinum tekjumöguleikum öðrum í þessu frv. Þetta er óneitanlega mikill galli á annars góðri löggjöf. Ótvírætt er það, að vinnslustöðvar landbúnaðarins eiga á þessu ári að fá 20 millj. kr. óafturkræft framlag. Því lýsti hæstv. landbrh. yfir hér við 1. umr. málsins og kvað það vera gert með samþykki og vitund allrar ríkisstj. og þá vitanlega þ. á m. hæstv. ráðh. Alþfl. og hæstv. fjmrh., svo að þessi yfirlýsing hæstv. landbrh. hlýtur að reynast haldbetri en sumar aðrar þær yfirlýsingar, sem hæstv. ráðh. hefur gefið. Frá og með næstu áramótum eru því eftir aðeins 30 millj. kr. til ráðstöfunar hjá framleiðnisjóði. Og á næstu 3 árum má veita 1/3 í styrk af því framlagi, sem veitt er, eða 10 millj. kr. Eftir standa þá 20 millj. kr., sem líkur eru á að skili sér smám saman í framtíðinni til sjóðsins.

Það liggur því ljóslega fyrir nú í upphafi þessa máls, að framleiðnisjóður þarfnast miklu meira fjármagns en nú er gert ráð fyrir. Þess vegna höfum við 3 þm. lagt fram brtt. varðandi öflun fjármagns til framleiðnisjóðs. Þeir hv. 4. þm. Austf. og hv. 4. þm. Norðurl. e. flytja ásamt mér till. þær, sem eru á þskj. 170. Í till. þessum er ætlazt til þess, að ríkissjóður greiði framlag til framleiðnisjóðs, 10 millj. kr. árlega til og með árinu 1971, í staðinn fyrir að frv. gerir ráð fyrir því, að framlag verði aðeins veitt til og með árinu 1969. Verði till. okkar samþykkt, fær framleiðnisjóður 70 millj. kr. í stofnframlag í staðinn fyrir 50 millj. kr. annars. Og til að tryggja betur tilgang sjóðsins flytjum við enn fremur till. um 50 millj. kr. lánaheimild, sem vafalaust mun koma sér vel, þegar skipan kemst á starfsemi framleiðnisjóðsins. Ég efast ekki um það, að vilji allra hv. þm. er til að styðja þessa till. okkar, og ég vænti þess líka, að þeir séu það framsýnir nú að samþykkja þessa till., svo að þau miklu

og margvíslegu verkefni, sem framleiðnisjóði er ætlað að inna af hendi og ég hef hér þegar lýst, komi að tilætluðum notum.

Við framsóknarmenn höfum á þessu þingi eins og á undanförnum þingum flutt frv. til laga um framleiðnilánadeild við Framkvæmdasjóð Íslands. Á þetta vil ég minna í sambandi við þetta mál, sem er einn angi af okkar máli. Í sambandi við þetta mál væri líka ástæða til að gera verðlagsmál landbúnaðarins að umræðuefni og aðbúnað ríkisvaldsins að landbúnaðinum yfirleitt, og þá ekki síst sinnuleysi valdhafanna gagnvart þeim, sem vilja gera landbúnað að ævistarfi sínu. Hér skal þó staðar numið að sinni. Vænti ég, að hv. þm. sýni þá framsýni að samþykkja till. okkar á þskj. 170.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess að hafa mörg orð út af ræðu hv. 1. þm. Vesturl. Hv. þm. minnti á till., sem framsóknarmenn hafa flutt um framleiðnisjóð atvinnuveganna, till. með stórum tölum, miklum fjárhæðum. Og það er þetta, sem þeir minna á, þegar talað er um atvinnuvegi yfirleitt: vegna þess að tilllögur okkar hafa ekki verið samþykktar, þá er nú þetta allt saman smátt í sniðum, sem samþykkt er af hendi ríkisstj. — En það vill nú til, að flestir hafa gert sér grein fyrir því, að það er lítils virði fyrir atvinnuvegina að sjá prentuð þskj. með háum tölum, sem eru aðeins til þess að veifa framan í fólk og vitað er að enginn grundvöllur er til þess að samþykkja, eru aðeins yfirboðstill. Og menn hafa tekið eftir því yfirleitt, almenningur í þessu landi, að Framsfl. hefur alltaf fataskipti og klæðist sitt hverju eftir því, hvort hann er við völd eða í stjórnarandstöðu. Það væri ágætt, ef þessi hv. þm. vildi minna á einhverjar stórar till., sem hans flokkur hefur flutt til styrktar landbúnaði, meðan hann var í ríkisstj. Það væri fróðlegt að fá að heyra þær upphæðir, þær háu tölur, sem hann vildi nefna í sambandi við það.

Það gerðist í hv. Nd. undir meðferð þessa frv., að Hannibal Valdimarsson, hv. 5. þm. Vestf., flutti brtt. og lagði til, að stofnfé framleiðnisjóðs yrði ekki 50 millj., heldur 65 millj. Þessi hv. þm. var svo óheppinn, að hann flutti sína brtt. á undan framsóknarmönnunum, svo að hv. tveir framsóknarmenn í Nd. hugsuðu sem svo: Ja, við verðum að bjóða yfir Hannibal. Við verðum að sýna þó bændunum það, að við viljum betur en hv. 5. þm. Vestf., enda þótt hann sé nú orðinn að hálfu bóndi. — Og þess vegna fluttu þeir brtt., sem var aðeins hærri en till. hv. 5. þm. Vestf., að stofnféð skyldi vera 70 millj. Og þar með var það sýnt og lesið upp í útvarpi, að hv. framsóknarmenn vildu gera betur við framleiðnisjóðinn heldur en hv. 5. þm. Vestf. En hér í þessari hv. deild vildi hv. 1. þm. Vesturl. ekkert eiga á hættu. Hann gat nefnilega búizt við því, að hv. 4. þm. Norðurl. e., ef hann kæmi með brtt. á eftir, þá yrði hans till. jafnvel 5 millj. hærri en brtt. hv. framsóknarmanna. (Gripið fram í.) Ég er að segja, að hv. 1. þm. Vesturl. vildi ekkert eiga á hættu, ef það kæmi til, að flokksbróðir 5. þm. Vestf. vildi borga fyrir það, sem gerðist í hv. Nd. Og nú á hv. 1. þm. Vesturl. ekkert á hættu annað en það, að það sést, að hv. 4. þm. Norðurl. e. vilji gera eins vel við bændur og hv. 1. þm. Vesturl. Þetta fannst hv. 1. þm. Vesturl. betra en að það kæmi í ljós, að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefði komið með brtt., sem gengi lengra.

En sleppum nú þessu. Aðalatriðið er nú það, og það er það, sem spurt er um, hvað er gert, og það er það, sem kemur að gagni, en ekki það, hvað er prentað á þskj. og hvað er sýnt og hverju er veifað framan í almenning, bændur eða aðra. Hv. 1. þm. Vesturl. var að tala um, að hann vænti þess, að hv. þm. sýndu þá framsýni að styðja till. hans og félaga hans. Hvað á hv. þm. við með framsýni? Á hann við það, að sú hætta gæti verið á því, að 1969—1971 væri Framsfl. kominn í ríkisstj. og þá væri ekki aðstaða til þess að afla fjár, sem nú er talið sjálfsagt að lögfesta. Það er hugsanlegt. Engu skal ég spá um það, hverjir hafa mest völd 1969 og 1971. Það veit enginn. Í lýðræðisþjóðfélagi veit enginn, hverjir fara með stjórn þetta og þetta kjörtímabil. En það gætu verið hyggindi að þessu leyti að eiga ekkert á hættu, því að enginn vafi er á því, að ef framsóknarmenn verða í stjórn, þá fer minna fyrir brtt. til hækkunar heldur en nú. En ég ætla að eiga það á hættu, að framleiðnisjóður, úr því að hann er til orðinn og stofnaður jafnmyndarlega og raun ber vitni, — þá ætla ég nú að eiga það á hættu og vona það, að við sjálfstæðismenn höfum áhrif á árunum 1969—1971 og getum stuðlað að því, að framleiðnisjóði verði þá einnig gert fært að starfa, ef það sýnir sig, að störf hans og það, sem honum er ætlað að vinna, reynist jafnvel og vonir standa til.

Lántökuheimild fyrir sjóðinn er vitanlega algjörlega óraunhæft að vera að fara fram á, um leið og verið er að setja sjóðinn á laggirnar og áður en hann er farinn að starfa og kominn í form. Ég vil aðeins minna á það, að enda þótt 20 millj. kr. verði varið á þessu ári að segja má til framleiðniaukningar og endurbóta á vinnslustöðvun landbúnaðarins, þá eru 30 millj. kr. eftir, sem sumir hv. framsóknarmenn telja lága og litla fjárhæð. Einn hv. þm. í Nd. taldi vafasamt, að það væri rétt fyrir bændur að taka við þessari upphæð, hún væri svo lítil. En ég vil nú minna á, að í septembermánuði, þegar viðtöl fóru fram milli fulltrúa bænda og ríkisstj., þá var ákveðið, að stofnframlag sjóðsins skyldi aðeins vera 30 millj., en síðar var samkomulag um að hækka það upp í 50 millj. Fulltrúar bænda, sem hafa bezta þekkingu á málefnum landbúnaðarins, líta raunhæfum augum á þetta og tala ekki um, að þetta sé smánarleg upphæð, heldur hafa þessir menn gert sér grein fyrir því, að það er mikils virði, að sjóðurinn er stofnaður og að hann hefur verkefni

að vinna. Það er vitanlega höfuðskilyrðið, og því betra sem þau eru fleiri. Og ef það tekst vel með reynslunni að sanna gildi sjóðsins og sýna fram á, að sjóðurinn leysir hlutverk sitt eins og vonir standa til, er vitanlega því auðveldara að fá skilning Alþ. á því, að nauðsyn beri til að tryggja sjóðnum fé til frambúðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en það er almennt, sem menn brosa í kampinn, þegar hv. framsóknarmenn tala um, að þetta sé smánarlega lág upphæð og það sé á takmörkum frambærilegt að sýna frv. með þessari tölu.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég var eiginlega alveg undrandi á því, hvað hæstv. landbrh. var reiður í ræðustólnum. Af hverju reiddist ráðh.? Ég held, að hann hafi ekki komið að því, sem hann raunverulega reiddist af, og vil ég ekki endurtaka þau ummæli, sem hafa sjálfsagt orðið þess valdandi. Hver talar um smánarlega upphæð í þessu sambandi? Það hefur bókstaflega enginn gert hér í þingsölum, ekki í þessari d., nema hæstv. landbrh., ekki nokkur maður. En svona hefur hann rétt eftir öðrum, að það er ekki trúandi einu einasta orði, sem hann fer með.

Hæstv. ráðh. spurði: Hvað hafa framsóknarmenn gert fyrir landbúnaðinn? Hvað hafa þeir gert? Ekki nokkurn skapaðan hlut, segir hæstv. ráðh. En úr því að hæstv. ráðh. minntist á þessa hluti, vil ég minna hann á það, að hann á metið í því að hafa skattlagt bændastéttina. Núverandi hæstv. fjmrh. og landbrh. eiga metið í því að hafa skattlagt bændastéttina. Þeir láta Búnaðarbankann lána það fé, sem þeir hafa skattlagt hjá bændum. Þetta hefur engum hugkvæmzt fyrr. Þannig mætti lengi telja. Og hæstv. núverandi fjmrh. skattleggur bændur landsins miklu meira í beinum og óbeinum sköttum heldur en nokkur annar ráðh. hefur gert. Þessar tölur tala sínu máli, og þeir vita og mega gjarnan vita sín afrek í þessum efnum.

Um það, hvað Framsfl. hefur gert fyrir bændastéttina, tel ég ekki þörf á að ræða hér, því að það er íslenzku þjóðinni svo vel kunnugt, að óþarft mun upp að telja, því að það er vart það málefni og sú löggjöf varðandi landbúnaðinn, sem framsóknarmenn eru ekki upphafsmenn að og Framsfl. hefur komið heilu og höldnu í höfn hér í þingi og það jafnvel í stjórnarandstöðu. Hæstv. núv. landbrh. hefur þó þrátt fyrir allt tínt upp okkar mál og gert að sínum málum. Eftir að hann hefur verið búinn að láta drepa þau eða láta þau liggja í þinginu, hefur hann gert þau að sínum málum og þannig ýtt þeim fram, af því að hann hefur talið þau vinsæl. Annars hélt ég nú, að þessi hæstv. ráðh. ætti ekki að vera að tala um yfirborðsmennsku eða yfirboðstilli. Ég veit ekki, hver hefur á Alþ. í stjórnarandstöðu flutt yfirborðskenndari till. en þessi hæstv. ráðherra.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. talar um, að ég hafi verið reiður hér áðan. Það er mesti misskilningur. Ég var ekkert reiður. Það var ekkert af því, sem hv. þm. sagði, sem gerði mig reiðan, vegna þess að það var ekkert, sem þurfti að taka mark á. Hv. þm. talaði um, að ég hafi stuðlað að því að skattleggja bændastéttina. Ég veit, við hvað hv. þm. á. Hann á við 1% gjaldið til stofnlánadeildarinnar, sem bændur hafa nú áttað sig á yfirleitt að var nauðsynlegt. Það að byggja upp stofnlánadeild landbúnaðarins eins og gert hefur verið er eitt það bezta, sem gert hefur verið fyrir landbúnaðinn, og það mun sannast og sýna sig betur, eftir því sem tímar líða. Ég ætla ekki að spá fram í tímann, en eitt er það, sem ég er hér um bil viss um, það er, að hv. 1. þm. Vesturl. mun aldrei leggja það til að afnema stofnlánadeildargjaldið, mun aldrei greiða atkv. með því. Það mikla ábyrgðartilfinningu mun hann hafa, þegar hann fer að hugsa um þessi mál í alvöru. Ég segi það aftur, ef hv. þm. héldi, að atkv. hans réði úrslitum um það, hvort lögin um stofnlánadeild yrðu áfram eins og þau eru, með stofnlánadeildargjaldinu, mundi þessi hv. þm. ekki greiða atkv. með því, að það væri fellt niður. En hann getur gert það, meðan hann veit, að það er meiri hl. fyrir öðru. Og þó held ég, að sá tími sé kominn, að það sé ekki lengur vinsælt nema í tiltölulega þröngum hring að veifa þessu. Bændur hafa gert sér grein fyrir því, að stofnlánadeildin eflist með ári hverju, og skilja það vel, að framtíð landbúnaðarins byggist á því, að bændastéttin eigi greiðan aðgang að láni og því greiðari sem árin eru fleiri, sem stofnlánadeildin hefur starfað. Um þetta þarf ég og hv. 1. þm. Vesturl. ekki að deila, við þurfum ekki að deila um það. Ef við erum ósammála um þetta í dag, verðum við það ekki eftir tiltölulega stuttan tíma. Reynslan mun smátt og smátt kenna hv. 1. þm. Vesturl., að það er ekki rétt með hagsmuni bænda fyrir augum að vinna gegn því, að þetta stofnlánadeildargjald fái að standa. Hv. þm. ætti nú, eftir að hann er orðinn bankaráðsmaður í Búnaðarbankanum, að hafa enn betri aðstöðu til að skilja þetta atriði.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég tel ekki ástæðu til að ræða landbúnaðarmál yfirleitt hér við þetta tækifæri, það eru ákaflega margþætt mál og væri hægt að taka langan tíma til umr. um þau frá öllum hliðum. En út af þeim umr., sem hér hafa farið fram um búnaðarmálin í heild og afstöðu hæstv. landbrh. til þeirra, vil ég taka það fram, að það er állit bænda almennt í landinu, jafnt framsóknarbænda sem annarra bænda, að núverandi landbrh. hafi staðið mjög vel í sinni stöðu. Þetta væri að sjálfsögðu hægt að rökstyðja á margan hátt, en ég tel enga ástæðu til að fara út í það hér.

En um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og þær brtt., sem við það hafa komið fram, vil ég segja það, að mér finnst oft hafa borið meira á yfirboðstill. í sambandi við frv. heldur en nú, og ég tel, að þetta sé ekkert óhóflega fram borið eða lagt til af hálfu stjórnarandstöðunnar miðað við það, sem oft hefur verið áður. Það er nú raunar ekki annað en það að framlengja 10 millj. kr. framlag á ári um 2 ár, þ. e. a. s. 1970—1971, í stað þess að frv. gerir ráð fyrir því, að þetta framlag nái aðeins til 1969. Ég segi ekkert um það, hvort kunni að vera þörf á þessu og jafnvel miklu hærri upphæðum, þegar betur er séð, hvernig þetta mál leiðist út, þegar til framkvæmda kemur. En ég álít, að það sé alveg ónauðsynlegt að binda þetta lengur aftur í tímann en þessi 3 ár nú. Það má alltaf taka málið upp aftur, hvenær sem er, og ég hef enga vantrú á Framsfl., ef hann kemst í stjórn, að hann láti þar við sitja, að þetta framlag nái aðeins til 1969. Mér þykir hann ákaflega líklegur til að framlengja þetta og hækka jafnvel stórlega, miðað við þann mikla áhuga, sem framsóknarmenn sýnast hafa á landbúnaðarmálum yfirleitt. Og ég get bætt því við, að framsóknarmenn hafa margt gert vel fyrir landbúnaðinn, meðan þeir höfðu aðstöðu til.

Um lánsheimildina finnst mér eiginlega alveg óþarft að tala, því að það er ekki tímabært að fara að gera ráð fyrir lánsheimildum nú, meðan allt er jafnóljóst um þetta mál eins og enn er. Það er alltaf hægt að taka hana upp, þegar þörf er á. Þess vegna tel ég, að það sé engin þörf á að samþ. þessar tillögur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 170,1 felld með 11:9 atkv.
4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 170,2 felld með 11:9 atkv.
5.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Eftir að till. okkar hafa verið felldar, vil ég biðja þm. að vera minnuga þess, sem hér hefur verið sagt um þetta mál. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 8. landsk. þm. fyrir það, að hann virðist hafa fullan skilning á þessu máli, og er það meira en hægt er að segja um suma aðra. Hins vegar tek ég ekki alls kostar undir það, sem hann sagði um mat bænda almennt á landbrh., enda er það ekki til umr. hér og sjálfstæðismenn mega í friði fyrir mér hafa sínar skoðanir á þeim málefnum, og þeir vita sjálfsagt betur en ýmsir aðrir, við hverja er að etja fyrir þann hæstv. ráðh. Ég ætla ekki að gera það að umræðuefni, en ég efast um, að hann hafi sagt skoðun bænda almennt á því máli.

Hæstv. ráðh. er víst ekki hér, svo að ég ætla ekki að svara honum. En ég þakka hv. 8. landsk. fyrir það, að hann hefur fullan skilning á þessu máli, vegna þess að það á eftir að sýna sig, þegar miðað er við verkefni framleiðnisjóðs, að honum mun ekki veita af því fjármagni, sem við lögðum til með okkar brtt. Annars mundi hann einskis megnugur til að bæta úr í þeim efnum, sem honum er ætlað.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 182).

---

8. Útvarpsrekstur ríkisins.

Á 11. fundi í Sþ., 23. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins** [66. mál] (stjfrv., A. 75).

Á 18. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í gildandi l. um útvarpsrekstur ríkisins eru engin sérstök ákvæði um sjónvarp eða sjónvarpsrekstur. Þær ríkisstj., sem hér hafa setið síðan 1957 a. m. k., hafa þó litið þannig á, að sjónvarp heyrði undir útvarp eða væri einn þáttur útvarps. Hefur í því efni verið stuðzt við alþjóðlega málvenju, sem lítur svo á, að sjónvarp sé einn þáttur útvarps, „television" sé einn þáttur „radios". Þessi alþjóðlega málvenja kemur m. a. fram í ýmsum alþjóðasamningum, til að mynda í alþjóðafjarskiptasamningnum frá 1959, sem Ísland hefur verið aðili að síðan 1960 og gert er ráð fyrir að hafi lagagildi hér á landi í 26. gr. fjarskiptalaganna. En í þessum alþjóðasamningi segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, að orðið útvarp eða radio sé almennt hugtak, sem tekur til notkunar útvarpsbylgna, en svo sem kunnugt er byggir sjónvarp á notkun útvarpsbylgna. Að vissu leyti má segja, að Alþ. hafi enn fremur staðfest þennan skilning núverandi og fyrrv. ríkisstj. með því að veita fé til stofnunar sjónvarps á fjárlagalið, sem einnig er veitt fé á til rekstrar útvarps, þ. e. a. s. undir heildarheitinu útvarpsrekstur. Engu að síður hefur það af lögfróðum mönnum verið talið vafamál, bæði hér á hinu háa Alþ. og utan þess, hvort sjónvarp geti talizt einn þáttur útvarps. Þykir því rétt, að lögum sé breytt á þá lund, að öll tvímæli um þetta séu af tekin. Er þetta sérstaklega nauðsynlegt vegna þess, að sjónvarp er þegar hafið á Íslandi, eins og öllum

er kunnugt, og fyrir dyrum stendur að ákveða afnotagjald fyrir sjónvarpið. Er þá óskynsamlegt, að nokkur minnsti vafi geti leikið á því, að full lagaheimild sé til þess að innheimta afnotagjald af sjónvarpsþjónustu eins og útvarpsþjónustu, og er þetta höfuðástæðan fyrir því, að þetta frv. er flutt. Meginefni þess er sem sagt það eitt að taka af öll tvímæli um, að sjónvarp sé einn þáttur útvarps og sjónvarpsrekstur á Íslandi skuli vera í höndum ríkisútvarpsins eins og hljóðvarpsreksturinn.

Aðrar mjög smávægilegar breytingar eru gerðar, sem ég sé ekki ástæðu til þess að fara sérstökum orðum um, og geri ekki ráð fyrir, að neinn ágreiningur muni verða um.

Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér, herra forseti að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. Ég vil leyfa mér að bera þá ósk fram við hv. n., að hún hraði afgreiðslu málsins svo sem mest má verða, vegna þess að það er orðið mjög aðkallandi, að hægt sé að ákveða endanlega afnotagjald fyrir sjónvarpið, og ég geri raunar ekki ráð fyrir því, að um efni þessa frv. muni verða ágreiningur meðal hv. þm.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta lagafrv., sem hér liggur fyrir, en ég vil þó ekki með öllu láta það fara þegjandi fram hjá mér.

Þess er þá fyrst að geta, að ég tel það vel farið, að þetta frv. er fram komið. Efni þess er, eins og hæstv. menntmrh. tók fram, að taka af öll tvímæli um, að sjónvarp heyri undir útvarp, en um það hafa verið látnar í ljós nokkrar efasemdir, bæði af mér og öðrum. Ég skal ekkert fara út í það að rekja það mál. Það má sjálfsagt um það deila, getur verið álitamál, og ég skal ekki vera með neinar fullyrðingar í því sambandi, enda hefur það í sjálfu sér litla þýðingu, úr því sem komið er, vegna þess að með þessu frv., ef að lögum verður, verða tekin af öll tvímæli um það. Ég tel raunar enga ástæðu til þess að efast um, að það verði að lögum, því að ég geri ekki ráð fyrir fremur en hæstv. menntmrh., að það verði í sjálfu sér ágreiningur um þetta frv. En þó vil ég taka það fram, að frá mínu sjónarmiði er það ekkert hégómamál, heldur mikið alvörumál, hvort hægt á að vera að setja á stofn stórar og umfangsmiklar ríkisstofnanir, án þess að við skýra og ótvíræða lagaheimild sé að styðjast.

Það má vel vera, að um það séu aðrir á annarri skoðun, og það má vel vera, að aðrir hættir tíðkist í þessum efnum í öðrum löndum en hér. En hér hefur það verið svo samkv. okkar stjórnarháttum, að það er löggjafans, Alþingis, að ákveða það, hvaða stofnanir skuli settar á stofn og hver embætti skuli sett á fót. Og ég býst t. d. við því, svo að tekin sé stofnun, sem mér stendur nærri, háskólinn, að það þætti dálítið einkennilegt, ef það væru ekki lög fyrir þeirri stofnun og ef þar væri ekki kveðið á um, hvaða embætti skyldu vera við þá stofnun, heldur væri lagt á vald menntmrh. að ákveða það, kannske að fengnum till. háskólaráðs. Ég held, að Alþ. þurfi að standa fast á rétti sínum í þessu efni og viðurkenna ekki þá stefnu, sem mér virðist því miður þó vera nokkur viðleitni til, að horfið verði frá því, að stofnanir verði ekki á fót settar nema með Alþingis atbeina og embætti verði ekki stofnuð nema með löggjöf og Alþingis atbeina. Á þetta vildi ég leggja áherzlu. Hitt skal ég fúslega taka fram, að mér hefur náttúrlega aldrei dottið í hug að halda því fram, að stjórnin hafi í þessu máli farið út af fyrir sig án vitundar Alþ., því að það er alveg rétt, sem hæstv. menntmrh. sagði, að óbeint hefur Alþ. lagt blessun sína yfir þetta.

En um þetta frv. verð ég annars að segja, að mér finnst það helzt til magurt og naumast þess virði að vera gert að höfuðfrétt í kvöldfréttum útvarpsins, eins og var s. l. kvöld, að þetta frv. væri fram lagt. Ég hafði satt að segja vænzt þess og stuðzt þar við, ef mig misminnir ekki, ummæli, sem fram komu í umr. um þessi mál á Alþ. í fyrra, að fram mundi fara nokkur endurskoðun á útvarpslögunum, og því var, ef ég man rétt, þá haldið fram, að það væri einmitt ekki ástæða til þess að leita sérstaklega lagaheimildar fyrir sjónvarpið fyrr en í sambandi við þá fyrirhuguðu endurskoðun. Ég er satt að segja hissa á því, úr því að þetta frv. er lagt hér fram, að þá skuli ekki hafa farið fram nokkuð ýtarlegri endurskoðun á útvarpsl. og það skuli ekki fela í sér meiri breytingar á útvarpsl. en raun ber vitni. En ég held, án þess að ég ætli að fara langt út í það, að það séu ýmis atriði í útvarpsl., sem ástæða væri til að íhuga og breyta, sem ekkert er undarlegt, vegna þess að þau lög hafa staðið að meginstofni til óbreytt frá 1934. Ég nefni það t. d., að í framkvæmdinni hefur komizt þar á fast skipulag í ýmsum efnum, t. d. deildaskipting í ýmsum atriðum. Í útvarpsl. er, ef ég man rétt, aðeins gert ráð fyrir einum embættismanni, útvarpsstjóranum sjálfum. Hins vegar vitum við það, að á síðari árum hefur verið komið þar upp ýmsum embættum forstöðumanna og sett í raun og veru nýtt skipulag á þessa starfsemi, sem ekki var gert ráð fyrir í upphafi og ekki var hægt að sjá fyrir í upphafi, þegar útvarpsl. voru sett. Það er kominn, að ég held, sérstakur framkvæmdastjóri dagskrár, það er kominn sérstakur fréttastjóri, það er kominn sérstakur framkvæmdastjóri fjármála, það er kominn sérstakur framkvæmdastjóri eða skrifstofustjóri fyrir sjónvarpsdeild o. s. frv. Ég hefði álitið, að það væri heppilegt að fenginni reynslu að lögfesta þetta skipulag í höfuðdráttum og kveða á um embætti þessara forstöðumanna. Ég vil nefnilega ekki skrifa undir það, að þessi mál séu alveg í fullu frjálsræði í höndum menntmrh. og yfirstjórnar útvarpsins. Ég álít, að Alþ. eigi þar að leggja sínar línur eins og á öðrum sviðum. Ég sakna þess einmitt, að það skuli ekki nú hafa verið tekin í þetta frv. ákvæði þessa efnis.

Ég nefni annað atriði, sem ég sakna og hef saknað alltaf í útvarpsl. Það er þetta: Útvarpið er vitaskuld menningarstofnun fyrst og fremst. Ég álít, að í útvarpsl. ætti að vera stefnuyfirlýsing um þann menningartilgang, sem útvarpinu er ætlað að hafa og þá auðvitað sjónvarpinu líka nú, t. d. að því er sérstaklega varðar útvarpið, hlutverk þess í sambandi við verndun og fegrun íslenzkrar tungu, og margt fleira mætti telja. Það má segja, að svona ákvæði megi setja í reglugerð, en ég álít, að það væri fyllilega ástæða til þess að setja þvílík ákvæði einmitt í lög um útvarpsrekstur ríkisins, þegar þeim er á annað borð breytt og þegar á annað borð er farið að gera nokkrar, en að vísu lítilfjörlegar breytingar á útvarpsl. fram yfir það, sem leiðir af þessu, að heimild er veitt til sjónvarps.

Ég nefni enn eitt atriði, sem ég man frá minni reynslu, að kom dálítið til athugunar á þeim árum, sem ég kom nálægt útvarpinu, að það væri kannske þörf á skýrari markalínum um verksvið útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Þær reglur, sem um það eru settar í útvarpsl., eru hvergi nærri fullkomlega skýrar. Ég nefni t. d. eitt dæmi, afstöðu þeirra gagnvart fréttastofu útvarpsins og fréttaflutningi. Það er sagt eitthvað á þá lund, ef ég man rétt, að útvarpsráð setji almennar reglur um fréttaflutning, en svo er gert ráð fyrir því, að fréttastofan að öðru leyti heyri undir útvarpsstjóra, en þó er ráðh. veitt heimild til þess að vísu að gera fréttastofuna að alveg sjálfstæðri deild undir stjórn útvarpsráðs. Ég held, að þetta sé einmitt atriði, sem ætti að koma til athugunar í sambandi við endurskoðun útvarpslaganna.

Ég get nefnt enn eitt atriði, sem mér finnst skorta á í útvarpsl., og það er líka í minu minni vegna þess, að það reyndi einmitt á það æðioft, þegar ég var við útvarpið eða þegar ég var í útvarpsráði, og það var spurningin um rétt til leiðréttinga á því, sem er flutt í útvarpi. Það kom — mér er óhætt að segja æðioft fyrir, að það komu aðilar, sem töldu að einhverju leyti á sig gengið eða réttu máli hallað í því, sem í útvarpi var sagt, og fóru fram á leiðréttingar, og það voru æðioft talsverð vandkvæði á því að koma þeim leiðréttingum að, því að það vildi þá gjarnan verða svo, að ef ein leiðrétting var birt, vildi hún kalla á aðra leiðréttingu. Það kom meira að segja fyrir dæmi um það, — ég man nú ekki, hvort það var beinlínis í útvarpsumr. frá Alþ. eða í almennum stjórnmálaumr., — að það var óskað eftir því að koma á framfæri leiðréttingu í útvarpið. Ég hef nú reyndar alltaf litið svo á, að þegar þannig er ástatt, láni útvarpið nánast sín tæki og það sé vitaskuld á ábyrgð Alþ. eða þeirra flokka, sem að stjórnmálaumr. standa, hvað þá fer fram. En mér er ljóst, að það er ákaflega erfitt að setja almennar reglur um þetta atriði. En ég held, að það sé samt atriði, sem vert er að hugleiða og ekki sízt eftir að sjónvarp hefur nú tekið til starfa, — það er þetta atriði um rétt manna og skyldu útvarpsins til þess að leiðrétta það, sem þar kann að verða missagt.

Það er þannig ýmislegt, sem ég teldi ástæðu til að bæta inn í útvarpsl., og þetta, sem ég hef nefnt, eru bara einstök dæmi, sem koma í hugann við skjótlega umhugsun. Enn fremur eru áreiðanlega í núgildandi útvarpslögum ákvæði, sem útvarpið er fyrir löngu vaxið frá og eru orðin algerlega úrelt. Þess vegna hefði verið alveg eins mikil ástæða til að fella þau niður eins og þetta ákvæði í 1. gr. um byggingu stöðvar. Það er út af fyrir sig alveg rétt að fella það niður. Ég minnist þess t. d., að það stendur í útvarpsl., að útvarpinu sé heimilt að útvarpa endurgjaldslaust háskólaerindum og fræðsluerindum, sem eru styrkt eða kostuð af almannafé, að ég tali nú ekki um messugjörðir og því um líkt. Mér finnst þetta óeðlilegt ákvæði í mesta máta. Núna t. d. að undanförnu hefur staðið þannig á, að það hafa verið flutt háskólaerindi, sem hafa verið alveg óvenjulega vel sótt. Ég býst við því, að það hefði getað dregið eitthvað úr aðsókn að þeim erindum, ef útvarpið hefði viljað notfæra sér þann rétt, sem það hefur skýlaust eftir útvarpsl. að útvarpa því án þess að greiða nokkuð fyrir það. Ég veit vel, að það er alls ekki farið eftir þessum ákvæðum og hefur ekki verið lengi, en þá er náttúrlega ástæða til þess að nema þau hreinlega úr gildi. Og sama máli gegnir um það, að það er heimild til þess fyrir útvarpið að útvarpa endurgjaldslaust frá mannfundum, og undir það mundu t. d. að sjálfsögðu falla umr. hér á hv. Alþ. Nú geri ég ekki ráð fyrir því, að neinum dytti í hug að fara að krefjast endurgjalds í því sambandi. En hitt gæti komið til mála, að það væri ástæða til þess að setja almennar reglur um rétt útvarpsins til þess að taka umr. frá slíkum mannfundum. Það má svara því kannske til, að það megi gera og muni verða gert í sambandi við setningu ákvæða um þingsköp Alþingis, en þau eru í endurskoðun, eins og kunnugt er. En það er þó í raun og veru sitt hvað, vegna þess að hér í útvarpsl. er um að ræða rétt útvarpsins og þá líka, sem er enn þýðingarmeira, rétt sjónvarpsins. En í þingskapalögunum er aftur vitaskuld um að ræða reglur um viðhorf Alþ., þegar útvarp á umr. á sér stað. Þetta eru alveg úrelt ákvæði að mínum dómi og ættu að fellast niður, enda hefur, eins og ég sagði, alls ekki verið farið eftir þeim mjög lengi.

Þá vil ég nefna annað atriði, sem mér sýndist, að vel mætti hverfa að skaðlausu úr útvarpsl., en það er ákvæði, sem eru á þá lund, að ráðh. er heimilað að semja við blöð lýðræðisflokkanna um þátttöku í rekstri fréttastofu útvarpsins. Ég hygg, að sjónarmiðin séu það breytt frá því, að þetta ákvæði var sett, að það mundi ekki lengur þykja eðlilegt, enda er víst nokkuð á reiki um það, hvaða flokkar séu taldir lýðræðisflokkar eða ekki, eða a. m. k. virtist mér það í einhverri blaðafregn frá fundi Alþýðusambands Íslands, að þar væru nokkuð margir taldir til hinna ólýðræðissinnuðu afla.

Ég held, að svona forngripur, ef ég mætti svo segja, mætti að skaðlausu niður falla. En hins vegar álít ég það einmitt mjög þýðingarmikið atriði og atriði, sem ætti að koma til alveg sérstakrar athugunar í sambandi við endurskoðun útvarpsl., að samvinnu væri komið á fót milli útvarps og blaða almennt um rekstur fréttastofu. Það er vitað mál, að ýmis dagblöð eiga í erfiðleikum, og það er mikið alvörumál. Það sýnist í sjálfu sér, að það væri bara hagkvæmni og hagræðing í rekstri, sem nú er mikið um talað, að það væri starfandi þannig ein fréttastofa, sem gæti að verulegu leyti séð blöðum fyrir fréttaefni og gæti þannig starfað með öllum aðilum, sem að þessu standa.

Ég sagði, herra forseti, að ég ætlaði ekki að fara mörgum orðum um þetta, og þau eru nú kannske orðin fleiri en ég ætlaði í upphafi. En ég hef bara drepið hér á örfá atriði, sem mér finnst koma til álita og æskilegt sé, að athuguð séu, þegar á annað borð er farið að hreyfa við útvarpsl. Og ég vildi beina því til þeirrar hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hún íhugaði þessi málefni, þó að ég vilji hins vegar taka það fram, að ég álít í sjálfu sér eðlilegan gang þess máls þann, að útvarpsráð og útvarpsstjóri fjalli fyrst og fremst um þessi mál og geri sínar till. um það, hvernig þeir aðilar telja rétt að skipa þessum málum. Það má vel vera, að þetta gangi allt svo vel, að þeir aðilar telji ekki neina þörf á breytingum um þessi efni, en ég álít samt, að það væri ástæða til að setja ákvæði um ýmis þessi atriði, sem ég hef bent á.

En þetta var nú allt útúrdúr, því að ég ætlaði að koma hingað upp til þess einmitt í sambandi við það, að í þessu frv. er það aðalefnið að fá lagaheimild fyrir sjónvarpi, og þá var það mitt aðalerindi hér að minnast á sjónvarpið, án þess þó að ég ætli að fara að hefja neinar verulegar umr. um það. En um það málefni fóru fram umr. í sameinuðu þingi fyrir nokkru, og þá var lögð á það áherzla af held ég öllum, sem þar tóku til máls, að dreifingu sjónvarpsins um landið væri hraðað, eftir því sem föng væru á og tæknimöguleikar frekast leyfðu. Og þá upplýsti hæstv. menntmrh. nokkuð, hversu vænta mætti um kostnað í því sambandi, og mönnum uxu ekki þær fjárhæðir, sem hann nefndi, mjög í augum. Í því sambandi var líka á það minnt, að sjónvarpsnefnd, sem á sínum tíma hefði starfað, hefði gert ákveðna áætlun um framkvæmd sjónvarpsmálanna og dreifingu sjónvarpsins um landið allt. Ég tel mjög koma til athugunar í sambandi við setningu þessara laga að taka upp í þetta frv. áætlun um dreifingu sjónvarpsins, leggja þar línurnar í því efni og lögfesta beinlínis, því að við skulum alveg gera okkur grein fyrir því, að þetta mál er orðið mjög brennandi. Fólkið úti á landi sem ætlað er að bíða eftir sjónvarpinu í meiri eða minni óvissu um nokkur ár, þykir það hart að verða án þessara gæða, á meðan fólkið hér á þéttbýlissvæðinu nýtur þessa, því að hvað sem við viljum um sjónvarp segja, þýðir ekki að loka augunum fyrir því, að þetta eru náttúrlega áhrifarikustu fjölmiðlunartæki, sem við nú þekkjum, sem má að vísu bæði nota til góðs og ills, en veita í eðli sínu möguleika til stórfelldrar menningarstarfsemi. Það var þetta, sem ég vildi sérstaklega koma á framfæri og beina til n. að athuga einmitt í sambandi við þetta mál, hvort það sé ekki hægt að herða á þessu máli með þessum hætti, að lögfesta beinlínis í þessu frv. eða í bráðabirgðaákvæði, sem því fylgdi, áætlun um dreifingu sjónvarps um landið. Með því væri lögð áherzla á það, að hv. alþm. vilja hraða þessu máli og að þeim er full alvara í því efni. Jafnframt væri svo eðlilegt, ef horfið yrði að þessu ráði, að taka upp í þetta frv. heimild til nokkurrar lántöku í þessu sambandi. Það er ljóst, að dreifing sjónvarpsins hlýtur alltaf að taka nokkurn tíma, vegna þess að það hlýtur eðlilega að taka nokkurn tíma vegna tæknierfiðleika. En það ætti ekki að taka lengri tíma en þeir skammta, þannig að það ætti ekki að þurfa að láta standa á fjármagni í þessu sambandi.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa þetta mál lengra. Ég hef viljað skjóta þessum skoðunum hér fram, en endurtek það, sem ég sagði, að út af fyrir sig er sjálfsagt ekki ágreiningur um þetta frv. En ég vil bara, að það sé athugað í sambandi við afgreiðslu þess, hvort ekki sé rétt og fært að taka þessi atriði með, sem ég sérstaklega nefndi nú síðast, og jafnframt, að það sé hugleitt, hvort ekki sé rétt að gera á útvarpslögunum ýmsar þær frekari breytingar, sem ég tel út af fyrir sig réttmætt og þörf á að gera.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Að gefnu tilefni frá hv. síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Norðurl. v., langar mig til þess að bæta fáeinum orðum við það, sem ég sagði áðan.

Það hefur auðvitað aldrei verið tilgangur minn eða ríkisstj. að sniðganga Alþ. á einn eða annan hátt í sambandi við undirbúning að sjónvarpi á Íslandi eða stofnun íslenzka sjónvarpsins. Engum hefur komið það til hugar. Og ég tel óhætt að fullyrða, að það hafi alls ekki átt sér stað. Í því sambandi vil ég sérstaklega benda á, að engin bein ákvæði hafa verið í lögum um sjónvarp og till. hafa ekki fyrr verið fluttar um það, af því að ekki aðeins þessi ríkisstj., heldur tvær, sem á undan henni hafa setið, hafa talið, að útvarpsl., sem gilda, tækju einnig til sjónvarps. En þótt sérstök lagaákvæði hafi ekki verið í gildi um sjónvarpið í útvarpsl., hefur ekkert fé verið notað til undirbúnings sjónvarps á Íslandi né heldur til stofnunar sjónvarpsstöðvarinnar hér í Reykjavík nema samkv. ótvíræðri og skýlausri lagaheimild frá Alþ.

Á sínum tíma var samþ. á Alþ. brtt. við frv., sem þá lá fyrir um Viðtækjaverzlun ríkisins, þar sem Alþ. heimilaði ríkisstj. að nota ákveðinn hluta af tekjum Viðtækjaverzlunarinnar til undirbúnings sjónvarps á Íslandi, og enn fremur samþykkti Alþ. vorið 1964 það ákvæði

í tollalög, að aðflutningsgjald af innfluttum sjónvarpstækjum skyldi ganga til stofnunar sjónvarps á Íslandi. Þessir peningar hafa síðan verið notaðir til þess að undirbúa og stofna sjónvarp á Íslandi og enginn eyrir umfram það. Hver einasta króna, sem þess vegna hefur gengið til sjónvarpsins, hefur gengið þangað samkv. skýlausri og ótvíræðri heimild Alþ. Og í nánara samstarfi en þetta tel ég ríkisstj. ekki hafa getað verið varðandi undirbúning og framkvæmd þessa máls.

Að því er hitt atriðið snertir, að ekki hafi verið ákvæði í útvarpsl. um sjónvarpið, vil ég aðeins geta þess til stuðnings þeirri skoðun, sem ríkt hefur í núv. og fyrrv. ríkisstj., að sjónvarpsrekstur var, að því er ég bezt veit, hafinn á öllum hinum Norðurlöndunum með nákvæmlega sama hætti og hér, þ. e. a. s. samkv. heimild í gildandi l. um radíó, ríkisútvarp, sem þar gilda. Að þannig hafði verið farið að á hinum Norðurlöndunum, studdi og mjög þá skoðun, sem við fylgdum í þessu efni. En hitt er annað, að eftir að látinn hafði verið í ljós efi um, að þessi skoðun væri rétt, eins og ég sagði áðan, bæði hér á hinu háa Alþ. af hinum lögfróðustu mönnum og einnig utan Alþ., er enginn hlutur sjálfsagðari en að Alþ. sjálft taki af öll tvímæli um vilja sinn í þessu efni og ákveði, hvað skuli vera lög á þessu sviði.

Ég er alveg sammála hv. 3. þm. Norðurl. v. um, að brýn þörf er á því og hefur lengi verið að endurskoða útvarpsl. í heild, og fleiri hafa verið þessarar skoðunar. Hv. 5. þm. Vesturl. hefur tvívegis á undanförnum árum flutt till. hér á hinu háa Alþ. um það, að útvarpsl. skyldu endurskoðuð. Ég beitti mér hins vegar fyrir því, að till. væri ekki samþ., af því að ég er þeirrar skoðunar og um það var ríkisstj. sammála, að rétt væri að láta endurskoðun útvarpsl. í heild bíða, þar til sjónvarpi hefði verið komið á fót og nokkur reynsla fengin af rekstri sjónvarpsins, til þess að endanleg endurskoðun útvarpsl. gæti byggt á nokkurri reynslu um sjónvarpsreksturinn. Nú er svo komið, að íslenzkt sjónvarp er tekið til starfa, og ég geri fastlega ráð fyrir, að það muni taka til fullra starfa, þ. e. a. s. sjónvarpað muni verða 6 daga vikunnar, áður en langt um líður, áreiðanlega á þessum vetri, og þá tel ég einmitt þá reynslu vera fengna, sem nauðsynleg er, til þess að hægt sé að endurskoða útvarpsl. skynsamlega. Og mér er því óhætt að lýsa því yfir, að ég mun á næstunni, áreiðanlega á þessum vetri, hafa forgöngu um, að útvarpsl. í heild verði endurskoðuð, og ég vona, að það verk geti gengið svo hratt, að í öllu falli verði hægt að leggja frv. að nýjum útvarpsl. fyrir næsta Alþ., er það kemur saman næsta haust. Ég er einnig sammála um, að framkvæmd endurskoðunarinnar á fyrst og fremst að vera í höndum útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Ég vil einnig geta þess í þessu sambandi, að um þessa málsmeðferð alla var sjónvarpsnefndin svokallaða, sem skipuð var fulltrúum allra stjórnmálaflokka, sammála. Hún gerði beinlínis till. um það, og ég vona, að þar hafi nm. talað fyrir hönd þeirra flokka, sem þeir voru fulltrúar fyrir í sjónvarpsnefndinni, hún gerði beinlínis till. um það, að útvarpsl. yrðu endurskoðuð, þegar nokkur reynsla væri fengin á rekstur íslenzks sjónvarps.

Að síðustu vildi ég fara örfáum orðum um þá hugmynd hv. þm. að taka í þetta frv. ákvæði um dreifingu sjónvarps um landið og lögfesta í því sambandi nokkrar grundvallarreglur. Ég tel, að þetta væri mjög óheppilegt, og tel, að ekki séu fordæmi fyrir slíku í annarri hliðstæðri löggjöf. Ég vil í því sambandi fyrst og fremst benda á það, að í útvarpsl. eru engin ákvæði og mér vitanlega hefur engum dottið í hug, að í því skyldu vera ákvæði um dreifingu útvarps um landið, og er það þó að sínu leyti auðvitað alveg hliðstætt tæknivandamál og fjárhagsvandamál eins og dreifing sjónvarps um landið. Ekki eru, að ég held, í lögum nein ákvæði t. d. um dreifingu síma um landið, og er þó þar um að ræða enn þá miklu fjárfrekara fyrirtæki en dreifingu sjónvarpsins um landið, og sama má segja um dreifingu rafmagns um landið. Í raforkulögunum sjálfum eru engin ákveðin fyrirmæli um það. Og ég tel, að lagafyrirmæli um slíkt mundu geta orðið framkvæmdum öllum mjög alvarlegur fjötur um fót, vegna þess að dreifingin sjálf, tilhögun hennar og framkvæmdir í því sambandi eru tæknivandamál fyrst og fremst, sem ráða verður fram úr með hliðsjón af tæknilega hagkvæmastri lausn hverju sinni. Í því efni geta orðið mjög tíðar breytingar og þess vegna hætt við, að lagaákvæði, sem vissan tíma getur tekið að fá breytt, yrðu beinlínis fjötur um fót í þessu sambandi. Þess vegna tel ég þetta ekki mundu horfa til heilla fyrir sjónvarpið eða fyrir landsbyggðina, sem auðvitað bíður eftir því með óþreyju að fá sem fyrst að njóta þjónustu sjónvarpsins.

Að gefnu þessu tilefni þykir mér einnig rétt að síðustu að skýra frá atriðum, sem ég vona, að verði talin mikilvæg í sambandi við dreifingu sjónvarpsins um landið, sem ég gat ekki skýrt frá á fundinum í Sþ. um daginn, vegna þess að þá lágu ekki fyrir upplýsingar, sem gerðu nauðsynlegt að skýra frá endanlegum ákvörðunum í því máli. En nú hafa endanlegar ákvarðanir verið teknar og verða mjög bráðlega tilkynntar ríkisútvarpinu eða þegar í stað, eftir að þetta frv. nær fram að ganga, eins og ég vona að verði, varðandi dreifikerfið um landið. Það hefur þegar verið ákveðið og verður sennilega formlega tilkynnt útvarpinu, þegar þetta frv. hefur náð fram að ganga, að byggðar verði endurvarpsstöðvar í Vestmannaeyjum, Borgarnesi, Grindavík og Vík í Mýrdal til þess að sjá Suðurlandsundirlendi og verulegum hluta Vesturlands fyrir sjónvarpsþjónustu. Þessar stöðvar í Vestmannaeyjum, Borgarnesi, Grindavík og Vík munu tryggja Suðurlandsundirlendi og nokkrum hluta Vesturlands sjónvarpsþjónustu. Enn fremur hefur verið tekin ákvörðun um að heimila ríkisút-

varpinu að byggja aðalendurvarpsstöð landskerfisins á Skálafelli og enn fremur samtímis að byggja endurvarpsstöð fyrir Norðurland á Vaðlaheiði. Þessar tvær stöðvar, Skálafellsstöðin og Vaðlaheiðarstöðin, munu tengja þéttbýlið á Norðurlandi, Akureyri, Eyjafjörð og grennd við sjónvarpsstöðina í Reykjavík, og þannig verður sjónvarpið komið til Norðurlands, og allt þéttbýlissvæði Norðurlands mun því fá að njóta sjónvarpsþjónustu í kjölfar þessarar ákvörðunar.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég hef aldrei haldið því fram, að ríkisstj. hafi notað fé í heimildarleysi til stofnunar útvarpsins. Það var ekkert í mínu máli, sem skilja mátti á þá leið. Þvert á móti tók ég það alveg skýrt fram, að það væri ljóst, að Alþ. hefði vitað um þessar framkvæmdir og lagt yfir þær blessun sína, en með þeim óbeina hætti, sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir, í stað þess að ganga hreint til verks og taka ákvæðið upp í útvarpslögin, sem mér hefði fundizt réttara. En það er út af fyrir sig álitamál, eins og ég gat um, hvort heimild var fyrir hendi í útvarpslögunum eða ekki. Hæstv. ráðh. vildi styðja mál sitt með því, að sá háttur hefði verið hafður á á Norðurlöndunum, og það má vel vera, ég þekki það ekki, en það segir bara ekkert til um, hvort sá háttur sé löglegur hér eða ekki, vegna þess að það er sérstakt ákvæði um þetta í fjarskiptalögum, þar sem annarri stofnun er veitt heimild til þess konar fjarskipta, sem falla ekki beinlínis undir útvarpslögin. En um þetta skal ég ekki frekar ræða, enda tók ég það fram í fyrri ræðu minni, að ég teldi þetta út af fyrir sig ekki mikið atriði, úr því sem komið væri, og þegar það nú liggur fyrir að afla þessarar heimildar, getum við verið sáttir um það atriði.

En þá er það annað atriði, sem hæstv. ráðh. vék að, og það var hugmynd mín um það, að lögfest væri í sambandi við þetta frv. áætlun um dreifingu sjónvarpsins. Hann taldi, að fyrir slíku mundu engin fordæmi í lögum, og taldi, að slík lögfesting áætlunargerðar gæti bara orðið málinu fjötur um fót. Á þetta get ég ekki fallizt. Ég held, að það sé einmitt fordæmi í lögum fyrir því, að það hafi verið samþ. slík áætlun. Ég man ekki betur en 10 ára áætlun um rafvæðingu landsins væri lögfest á sínum tíma. Ég hygg, að svo hafi verið. Það er hins vegar rétt, að í útvarpslögunum hefur aldrei verið slík áætlunargerð um uppbyggingu útvarpsstöðva. En ég er ekki viss um, að það hefðu allir verið óánægðir með, að það hefði verið bundið í útvarpslögunum, hvernig ætti að sjá dreifbýlinu fyrir útvarpi, góðu og ótruflaðu útvarpi, með byggingu endurvarpsstöðva.

Viðvíkjandi símanum er það sjálfsagt rétt, að ekki hefur verið lögfest þar nein áætlun. Ég hygg samt, að hann hafi unnið eftir nokkurri áætlun í því efni, en um það skal ég þó ekki fullyrða. Ég get ekki séð, að það gæti með nokkru móti orðið dreifingu sjónvarpsins fjötur um fót, þó að lögfest væri slík áætlun, því að vitaskuld mætti haga framkvæmdunum á hraðari hátt en þar segir, ef tök væru á. Með slíkri áætlun væru aðeins sett takmörk í hina áttina, þetta skyldi gert fyrir ákveðinn tíma eða á ákveðnum tíma. En auðvitað leggur það ekki nokkra hindrun í veginn fyrir það, að þessu megi haga hraðar, ef t. d. tæknilegar ástæður leyfa, þannig að ég fæ ekki skilið, að lögfesting áætlunar gæti verið með nokkru móti hindrun í þessu máli, en hins vegar væri hún áherzla á framkvæmdir í málinu. Fólkið úti á landinu fengi þá að vita, hvenær það mætti vænta framkvæmda í þessum efnum. Fólkið á hverjum stað hefði þá nokkra vissu um, á hvaða tíma það mætti vænta þess að fá þessi fjölmiðlunartæki.

Þær upplýsingar, sem hæstv. menntmrh. gaf hér áðan, voru mikilsverðar, og það er ástæða til að fagna þeim, og ég get vel samglaðzt Sunnlendingum og mönnum á Vesturlandi, sem fá sjónvarpið nú fljótlega í sambandi við byggingu þeirra endurvarpsstöðva, sem hann gat um. Ég get líka glaðzt yfir því, að ákveðið skuli hafa verið að byggja nú þegar endurvarpsstöðina á Skálafelli og á Vaðlaheiði, en það er misskilningur hjá hæstv. menntmrh., að með byggingu þeirra sé nú fullkomlega séð fyrir þörfum Norðurlands, því að eftir þeim upplýsingum, sem ég hef, mun sú stöð alls ekki duga til þess að koma sjónvarpinu á neinn stað í mínu kjördæmi, því að sérstaka stöð þarf að byggja fyrir Siglufjörð og sérstakar stöðvar þarf að byggja fyrir Norðurl. v. að öðru leyti, þannig að það stendur enn á upplýsingum um það, hvenær þau byggðarlög megi vænta þess að fá þessi tæki. Ég held þess vegna, að það væri mjög æskilegt einmitt að taka fyrir vafa í þessu efni, eftir því sem kostur er á, og gefa fólkinu það ótvírætt í skyn, hvenær það megi vænta dreifingar sjónvarpsins á hverjum stað.

Og að lokum upplýsti hæstv. menntmrh. það ekki í sambandi við þessar fyrirætlanir, sem hann gat um, — byggingu þessara stöðva, — hvort nægilegt fjármagn mundi vera fyrir hendi til byggingar þeirra eða hvort grípa þyrfti til lánsfjár. Ef lánsfé þarf, er það beinasti og eðlilegasti vegurinn að afla þeirrar lántökuheimildar í sambandi við þetta frv., eins og ég benti á.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vildi aðeins bæta því við eða taka það fram, að fé er fyrir hendi til þess að greiða stofnkostnað allra þeirra stöðva, sem ég nefndi, svo að engrar lántökuheimildar er þörf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 75, n. 105, 106, 114, 115).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til athugunar það frv., sem hér er til umr. og fjallar um breyt. á l. um útvarpsrekstur ríkisins.

Með tilkomu íslenzks sjónvarps þykir rétt að kveða skýrt á um það í lögum, að sjónvarp sé þáttur útvarps og að ríkisútvarpið skuli annast bæði hljóðvarps- og sjónvarpsrekstur og innheimta skuli afnotagjald bæði af hljóðvarps- og sjónvarpsviðtækjum. Auk þess er með frv. lagt til, að gerðar verði nokkrar aðrar minni háttar breytingar á l., en við 1. umr. málsins hér í hv. þd. kom það fram hjá hæstv. menntmrh., að gagnger endurskoðun útvarpslaganna væri fyrirhuguð, er reynsla væri fengin meiri af íslenzku sjónvarpi.

Menntmn. flytur á þskj. 106 eina brtt. við frv. Í 3. gr. frv. segir í 2. málsl., að ákveða megi í reglugerð, að afnotagjald skuli greiða af hverju viðtæki, þótt fleiri séu en eitt á heimili eða í stofnun. Eins og kunnugt er, er nú aðeins greitt eitt gjald, þótt fleiri en eitt hljóðvarpsviðtæki sé á heimili eða í stofnun, og það mun aldrei hafa verið ætlunin að breyta með þessu frv. þeirri tilhögun á gjaldheimtu af hljóðvarpsviðtækjum.

N. þykir því rétt að kveða skýrt á um, að þetta heimildarákvæði frv. taki aðeins til sjónvarpsviðtækja.

Menntmn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem n. flytur till. um og ég hef nú gert grein fyrir. En eins og fram kemur í nál. á þskj. 105, áskilja nm. sér þó rétt til þess að flytja brtt. við frv. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða frekar um málið að sinni.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er, eins og lýst hefur verið, borið fram til þess, að veitt verði formleg heimild fyrir rekstri sjónvarpsins. Eins og hæstv. menntmrh. hefur áður lýst yfir, mætti segja, að þó að slík formleg heimild hafi ekki verið áður, hefur efnislega ekkert verið gert nema eftir beinu samþykki Alþingis. En það rís upp sú spurning, þegar frv. sem þetta kemur fram um breytingar á l. um útvarpsrekstur ríkisins, hvort ekki hefði verið rétt að gera ýmsar aðrar breytingar á þessum lögum.

Þegar við 1. umr. var allmikið rætt um það af hv. 3. þm. Norðurl. v., og ég vil taka undir flest eða allt í meginatriðum, sem hv. þm. sagði í sambandi við þau atriði, sem hann fram taldi, að rétt væri að kæmu til athugunar við endurskoðun á þessum lögum. Það mætti að sjálfsögðu nefna ýmislegt fleira en þessi hv. þm. kom fram með, en ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara að fjölyrða um þá hlið þessa máls á þessu stigi málsins. Það mætti t. d. nefna, að það væri ástæða til þess að fella niður l. nr. 14 frá 1932 um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins. Í þessum l. er gert svo ráð fyrir, að embættismenn og sýslunarmenn ríkisins séu skyldir til þess að halda eitt eða tvö erindi á ári um störf þeirrar stofnunar eða starfsgreinar, sem maðurinn vinnur við. Eftir því sem ég bezt veit, held ég, að þetta hafi aldrei komið til framkvæmda, En þó að þetta hafi þótt geta komið til greina árið 1932, held ég, að allir geti verið sammála um, að það kemur ekki til greina að hafa lengur í lögum ákvæði sem þetta. Svona mætti nefna fleiri atriði, en ég skal ekki hverfa að því ráði nú.

Það er ákaflega þýðingarmikið í sambandi við endurskoðun laga um útvarpsrekstur ríkisins að huga alveg sérstaklega að því, að útvarpið njóti viss sjálfstæðis — viss fjárhagslegs sjálfstæðis og viss sjálfstæðis gagnvart ríkisvaldinu á hverjum tíma. Þessi stofnun er þess eðlis, að ég tel, að það sé mjög mikið atriði, að þetta sjónarmið sé haft í huga, eftir því sem við verður komið. En ekki sízt verður þó að athuga sérstaklega um sjónvarpið og rekstur þess, þegar þessi lög koma endanlega til endurskoðunar, eins og gert hefur verið ráð fyrir og hæstv. menntmrh. hefur lýst yfir í umr. um þetta mál, að verði gert nú mjög bráðlega. Það þarf mjög að huga að ýmsu í því efni. Ég nefni aðeins eitt atriði, sem ég hef nokkuð hugsað um, án þess að ég hafi nú þegar myndað mér endanlega skoðun á því, en ég tel, að það sé eitt af grundvallaratriðum í sambandi við útvarpsreksturinn.

Samkv. l. fer útvarpsráð nú með vald til þess að ákveða dagskrána og undirbúa dagskrána, bæði í sjónvarpinu og hljóðvarpinu. Þetta er geysimikið vald, sem einu ráði er fengið í hendur. Það er ekki komin mikil reynsla á störf útvarpsráðs, síðan það fór að fást við bæði þessi verkefni, og það er ekki ástæða til þess að halda því hér fram, að það starf hafi gefizt illa eða útvarpsráð hafi ekki staðið í stöðu sinni á þessum stutta tíma, sem liðinn er frá því, að sjónvarpið var stofnað. En hins vegar, þegar við ræðum endurskoðun á þessum l. til frambúðar, virðist mér það koma mjög til greina, hvort þarna eigi ekki að vera tvö ráð, annars vegar til þess að dreifa ábyrgðinni, dreifa valdinu og hins vegar til þess að skapa grundvöll fyrir heilbrigðri samkeppni milli þessara tveggja greina ríkisútvarpsins.

Þetta frv. er til komið vegna sjónvarpsins. Og í sambandi við sjónvarpið skiptir það miklu máli og hefur verið margyfirlýst, hvenær sjónvarpið nær til landsbyggðarinnar í heild. Það eru allir sammála um, að það beri að verða svo fljótt sem nokkur kostur er. En ef við erum að ræða um þetta og viljum þetta, er okkur nauðugur sá kostur að gera okkur grein fyrir því, hvað það kostar að dreifa sjónvarpinu um landið allt. Sjónvarpsnefndin svokallaða gerði kostnaðaráætlun um þetta efni, tvær áætlanir, önnur miðuð við 5 ára framkvæmd, hin miðuð við 7 ára framkvæmd. En í báðum tilfellum var gert ráð fyrir, að kostnaðurinn væri 180 millj. Af þessum 180 millj. voru 30 millj., sem gert var ráð fyrir að kostaði að koma upp stöðinni í Reykjavík og til kaupa á nauðsynlegum tækjum. Samkv. upplýsingum, sem hæstv. menntmrh. hefur áður gefið

Alþ., er þessi kostnaður í raun talinn vera um 80 millj. kr., þ. e. það, sem reiknað var með, að kostaði 30 millj. Það er rétt til skýringar í þessu sambandi að taka það fram, að í þessum 80 millj. eru 20 millj., sem eru rekstrarkostnaður á þessu ári, og stöðin, sem byggð var hér í Reykjavík, og húsakynni hennar eru miklu stærri en gert var ráð fyrir í áætlunum sjónvarpsnefndarinnar. En engu að síður má öllum vera ljóst, að það verður stórkostleg hækkun á kostnaði við það að dreifa sjónvarpinu um landið frá því, sem gert var ráð fyrir. Ég skal ekki fullyrða um það, hvað sá kostnaður verður að lokum, það getur í raun og veru enginn. Til þess eru þetta allt of miklar ágizkanir. En ég tel, að það hljóti að kosta a. m. k. 200 millj., sem gert var ráð fyrir í áætlun sjónvarpsnefndarinnar, að kostaði 150 millj. Ég held, að þessi fullyrðing mín sé ekki óvarkár, og þá geng ég út frá því, að flest í dreifingu sjónvarpsins fari eftir því, sem hinir tæknimenntuðu menn gerðu ráð fyrir, þegar þessi áætlun var gerð. En í dag er það ekki enn ljóst, hvort svo getur orðið í veigamiklum atriðum. Það liggur ekki enn þá fullkomlega ljóst fyrir, hvort það er hægt að senda mynd frá Skálafellsstöð að Bjargi í Hörgárdal eða um Vaðlaheiðarstöðina. Það er ekki enn þá víst. Ef það verður ekki hægt af tæknilegum ástæðum, raskast þessar áætlanir verulega til hækkunar.

Nú er talið, að um 110 þús. manns búi á svæði, sem geti náð til sjónvarpsstöðvarinnar, en dreifingin, sem þarf að framkvæma, sé fyrir 80 þús. manns. Ef við gerum ráð fyrir því, að tíundi hver maður á næstu 4 árum af þessum 80 þús. kaupi sjónvarpstæki, eru tekjur af aðflutningsgjöldum af þessum tækjum, miðað við 7500 kr. meðaltolltekjur af hverju tæki, 60 millj. kr. Ég taldi, að þessi kostnaður yrði aldrei undir 200 millj., og tel mig tala varlega. Af þessu sést, að hér þarf eitthvað meira að koma til, ef við ætlum að framfylgja þeirri áætlun sjónvarpsnefndarinnar að dreifa sjónvarpinu á 5 árum um allt landið, hvað þá heldur ef við ætlum að gera það á skemmri tíma. Það er líka áætlað núna, eins og hæstv. menntmrh. hefur skýrt Alþ. frá áður, að tekjur af aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum verði á næsta ári 17.5 millj. kr. Það kann að vera, að þetta sé nokkuð varlega áætlað. Við skulum nú setja dæmið upp þannig, að í staðinn fyrir 17.5 millj., sem áætlað er, að tekjur af aðflutningsgjöldum séu næsta ár, verði þær 25 millj. og þær verði það næsta ár líka 25 millj. og þær verði þriðja árið líka 25 millj., sem er mjög vafasamt, og við skulum segja fjórða árið líka. Þá eru tekjurnar af aðflutningsgjöldum 100 millj. á næstu 4 árum. Þó að við værum svona bjartsýn á tekjurnar af aðflutningsgjöldum, sýnist mér, að það sé augljóst, að það verði að gera sérstakt átak, ef við ætlum að koma sjónvarpinu til alls landsins, — við skulum segja bara á 5 árum, hvað þá heldur á styttri tíma.

Aðrar tekjur sjónvarpsins eiga að vera afnotagjöld af tækjum og auglýsingatekjur. Það hefur verið gert ráð fyrir því, að afnotagjöldin og auglýsingatekjurnar standi undir rekstrinum, en tekjur af aðflutningsgjöldum standi undir stofnkostnaðinum. Nú hefur hæstv. menntmrh. sagt á Alþ., að hann telji, að það geti komið til greina, að afnotagjöldin frá því fólki, sem í dag getur ekki séð sjónvarpið, standi undir stofnkostnaði ásamt með tekjum af aðflutningsgjöldum. Þetta mundi hjálpa til. En ef við reiknum aftur með 8 þús. kr. tekjum, væru tekjurnar á ári af þessu 16 millj., ef afnotagjald sjónvarps væru 2 þús., en ef það væri 3 þús., þá 24 millj. En þetta leysir ekki heldur málið. Auk þess hygg ég, að í framkvæmd verði það mjög erfitt að verja miklu af þeim tekjum, sem upphaflega var gert ráð fyrir að færu í reksturinn sjálfan, til stofnkostnaðar, vegna þess að það mun sýna sig, að það mun líklega ekki veita af því, að þessu sé varið til rekstrarins. Og við skulum gera okkur grein fyrir því, að aðalátakið fyrir okkur í þessu litla þjóðfélagi að halda sjónvarpsrekstri uppi liggur ekki í stofnkostnaðinum, heldur liggur það í rekstrarkostnaðinum.

Mér sýnist því, að ef við viljum vera raunhæf í tali okkar um það að flýta dreifingu sjónvarpsins, verðum við að vera viðbúin því að þurfa að fá lán, þurfa að taka sérstakt lán til þess. Og þetta er líka þeim mun sjálfsagðara, þegar uppbyggingin er hugsuð þannig, að aðflutningsgjöldin standi undir stofnkostnaði. Við höldum því ekki nægilegum hraða á framkvæmdinni nema með því að skapa grundvöllinn fyrir því, að sjónvarpstækin séu keypt inn, og við sköpum ekki grundvöllinn nema með því að dreifa sjónvarpinu fyrst. Því láni, sem hér er um að ræða, mætti líkja við nokkurs konar útgerðarlán, eins og bátur þarf að taka til þess að fá aðstöðu til þess að skapa sér tekjugrundvöllinn með veiðunum á vertíðinni. Það er hliðstætt, sem við þurfum að gera í þessu efni. Nú vil ég ekki fullyrða, hvað þetta lán þarf að vera mikið né til hve langs tíma. Í áætlun sjónvarpsnefndarinnar með því verðlagi og þeirri viðmiðun, sem þar var, var gert ráð fyrir, að þyrfti 30 millj. kr. lán miðað við 5 ára áætlunina. Ég held, að við verðum að vera viðbúnir því, að það geti komið til þess, að við þurfum að taka verulega hærra lán. Með tilliti til þessa hef ég lagt fram till. á þskj. 114, brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir. Og sú till. er á þá leið, að ríkisstj. sé heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán allt að 100 millj. kr. eða tilsvarandi fjárhæð í erlendum gjaldeyri og endurlána þau lán ríkisútvarpinu til að koma upp sendistöðvum sjónvarps og ef hentara þykir geti útvarpsstjóri fyrir hönd ríkisútvarpsins tekið lán þau, sem hér um ræðir, og er þá ríkisstj. heimilað að ábyrgjast lánið fyrir hönd ríkissjóðs.

Ég tel, að ég hafi nú þegar fært nokkur rök fyrir því, að það sé þörf á því að fá þessa

heimild inn í l. og það sé rétt að gera það einmitt nú í sambandi við þessa breytingu, sem fyrirhuguð er á l. Ég vil ekki fullyrða um, hvað það þarf að nota þessa heimild mikið. Það verður að ráðast. Ég hygg, að miðað við þær hugmyndir, sem hafa verið uppi um, hvað það á að ske á stuttum tíma, að sjónvarpið nái til allrar landsbyggðarinnar, geti a. m. k. á næstu missirum verið hætta á því, að málið tefjist nokkuð af tæknilegum ástæðum. Það er ekki hægt að bjóða allar sendistöðvar sjónvarps út í einu. Sendingarkerfið er þannig byggt upp, að það þarf í framkvæmd að þreifa sig áfram með framkvæmdirnar, og það verður að ganga úr skugga um það, að hver hlekkur í keðjunni sé í lagi. En ef okkur tekst að dreifa sjónvarpinu eitthvað í líkingu við það, sem flestir, sem ég hef heyrt ræða um þetta, virðast hugsa sér, á örfáum árum, verðum við samt að vera viðbúnir því, að við getum leyst þessa tækniörðugleika, þannig að framkvæmdirnar gangi það fljótt, að við þurfum á lánsfé að halda.

Nú geri ég mér grein fyrir því, að þegar svona till. er borin fram, getur komið fram það sjónarmið, að það sé í mörg horn að líta með fjárútveganir fyrir það opinbera, og það skil ég vel. Auðvitað er í mörg horn að líta. Ég geri mér líka grein fyrir því, að það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að taka mikil lán, hvað hægt er að fá mikil lán. Ég geri mér alveg grein fyrir þessu. Og ég geri mér líka grein fyrir því eða tel mig gera mér nokkra grein fyrir því, hvað rétt sé að taka mikil lán, þó að þau væru fáanleg. Þegar svona mál sem þetta og svona till. er borin fram, viðurkenni ég réttmæti slíkra sjónarmiða sem þessara. Ég viðurkenni réttmæti þess, að þetta þarf að leggja niður fyrir sér. Við þurfum að leggja þetta mál niður fyrir okkur. Það er einu sinni svo, eins og einhver vitur maður hefur sagt, að að stjórna er að velja og hafna. Og þetta mál er þess eðlis, að mér finnst ekki koma til mála að útiloka það fyrir fram, þegar við athugum málið frá þessu sjónarmiði gaumgæfilega. Til þess er sjónvarpið allt of stór þáttur og verður allt of stór þáttur í menningar- og skemmtanalífi þjóðarinnar, að það sé hægt að ganga fram hjá því, þegar við viljum velja og hafna með tilliti til þess, hvað við höfum efni á.

Ég ætla ekki hér að fara að þreyta hv. þdm. á því að fara að lýsa þýðingu sjónvarpsins. Um hana vitum við allir jafnvel. En áður en ég lýk máli mínu, vil ég líta á þetta mál ekki einungis frá sanngirnissjónarmiði, sem oft er haldið fram í þessu efni. Og ég tek undir það, mér finnst það sanngirni, að við leitumst við og það verði okkar stefna, að allir landsmenn geti notið þessa menningartækis eins fljótt og auðið er. En ég vil líta á þetta mál líka út frá öðru sjónarmiði, og það er sjónarmið, sem kemur harla oft til athugunar hér á hv. Alþ. Það er spurningin um jafnvægi í byggð landsins. Nú er það, að allir eru sammála um, að það eigi að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Menn greinir kannske eitthvað á um framkvæmdina í því efni og greinir kannske eitthvað á, hverjir hafi gert mest í því efni, þó að ég sé hins vegar sannfærður um það og ég hygg flestir sanngjarnir menn, að það hefur aldrei verið gert meira í því efni en á síðustu árum. Á ég bæði við þá nýjung að taka upp sérstakar framkvæmdaáætlanir fyrir heila landshluta, eins og Vestfjarðaáætlun og Norðurlandsáætlun, og hina stórkostlegu eflingu atvinnujöfnunarsjóðs. Það verður ekki annað sagt og það verður ekki á móti mælt, að það hefur verið stefnan á undanförnum árum að gera stórátök til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. En hvers vegna minnist ég á þetta mál í sambandi við sjónvarpið? Það er vegna þess, sem ég hygg, að öllum sé augljóst, að meðan sjónvarpið er einungis fyrir þéttbýlið eða þau byggðarlög, sem eiga ekki í vök að verjast vegna fólksflutninga, verkar þessi menningarstarfsemi íslenzka ríkisins á móti þessari stefnu, sem við höfum leitazt við að framkvæma. En um leið og við höfum komið dreifingu sjónvarpsins til þeirra byggðarlaga, sem fyrst og fremst hafa átt í vök að verjast vegna fólksflutninga, er þetta að mínu viti í bráð ein sterkasta ráðstöfunin, sem við getum gert til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Nú eru gerðar margs konar ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Einna mest ber á ráðstöfunum til þess að efla atvinnuvegina, styðja við atvinnufyrirtæki eða stofnun nýrra atvinnufyrirtækja, bæta samgöngur, eins og í Vestfjarðaáætluninni og öðru þess háttar. Þetta er allt ákaflega þýðingarmikið. En það er komið í ljós, sem menn hafa að sjálfsögðu alla tíð vitað, og það hefur orðið verulega áþreifanlegt í meðferð þessara mála á undanförnum missirum, að það er fleira en atvinnumálin, sem skiptir máli til þess að rétta hlut þessara byggðarlaga. Og það er meira að segja þannig, að í sumum byggðarlögum, sem hafa átt í vök að verjast vegna fólksflutninga, hefur atvinna verið kappnóg og jafnvel tekjurnar jafnháar og í sumum tilfellum hærri en á þeim stöðum, sem fólkið fer til. Hvað er það þá, sem veldur? Það er ekki það í þessu tilfelli, að fólkið þurfi á auknum tekjum að halda? Það er, að það telur sig ekki hafa aðstöðu eins og það vill hafa til þess að eyða tekjunum. Og hvaða aðstaða er það, sem fólkið vill hafa? Það vill fyrst og fremst hafa aðstöðu til þess að geta notið þess menningarlífs, sem sérstaklega er bundið við þéttbýlið. Og það leggur svo mikið kapp á þetta, að það flyzt búferlum til þess að geta notið þessa.

Það hefur komið í ljós, eins og ég sagði áðan, að það er mjög erfitt að ráða við þetta. Það getur haft þýðingu að byggja félagsheimili, byggja skóla og fleira þess háttar. En það er eins og það hafi stundum ekki nein úrslitaáhrif. Og manni verður þá í sumum tilvikum að halda, að fólkið leggi áherzlu á að geta notið þess menningarlífs, sem er þess eðlis, að það er ákaflega erfitt að halda því uppi

nema í þéttbýlinu. Ef fólkið á að geta notið þess og ef það kemur ekki í þéttbýlið, verðum við að koma þessu til fólksins. Erfiðleikarnir hafa verið þeir, að við höfum ekki getað komið þessu til fólksins og getum aldrei komið því til þess að öllu leyti eftir venjulegum leiðum. En þá kemur þetta tæki, þetta mikla menningartæki, sjónvarpið, mér liggur við að segja upp í hendurnar á okkur til þess að aðstoða okkur í þessu mikilvæga máli. Og ég tel, að þetta verði þýðingarmeiri hjálp og ódýrari hjálp, ódýrari aðstoð, ódýrari aðgerðir en flest annað, sem völ er á í bili og þýðingu hefur. Ég vænti þess því, að það þyki rétt að taka upp í þetta frv. heimild til lántöku til að dreifa sjónvarpinu um landið.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 2. umr., hefur fengið athugun í menntmn. Við að athuga þetta frv. og bera það saman við gildandi lög kemur í ljós, að full ástæða væri til að taka til endurskoðunar fleiri atriði í l. um útvarpsrekstur ríkisins en þau, sem fjallað er um í þessu frv. Þessu sjónarmiði var hreyft í menntmn., en það fékk ekki nægar undirtektir, og höfum við því, sem stöndum að brtt. á þskj. 115, ekki miðað brtt. okkar við það að gera víðtækar breytingar á l. um útvarpsrekstur ríkisins. En í umr. í n. lögðum við alveg sérstaka áherzlu á, að inn í þetta frv. kæmi ákvæði, þar sem löggjafinn setti ákveðið tímamark um það, hvenær lokið skyldi aðalframkvæmdum við dreifingu sjónvarps um landið. Það fékk ekki heldur samþykki í n., að hún sem heild stæði að ákvæði sem þessu, en í nál. er tekið fram, að einstakir nm. áskilji sér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram koma, og í samræmi við það höfum við þrír, sem sæti eigum í menntmn., þ. e. ég ásamt hv. 5. þm. Reykn. og 1. þm. Norðurl. e., borið fram brtt. á þskj. 115. Aðalefni þeirrar brtt. er það, að ríkisútvarpið skuli koma upp endurvarpsstöðvum sjónvarps í öllum landshlutum og hraða framkvæmdum svo, að allar aðalendurvarpsstöðvar og millistöðvar, sem þörf er á, verði fullgerðar eigi síðar en á árinu 1969. Með þessu viljum við leggja höfuðáherzlu á, að löggjafinn setji tímamark í þessu efni, þannig að fólkið úti um land fái þegar nokkuð ljósa hugmynd um það, hvers það megi vænta í þessu efni, og við viljum, að þetta tímamark sé miðað við, hvað hægt er að framkvæma af tæknilegum ástæðum, en að fjármagnsskortur verði ekki látinn standa því í vegi, að framkvæmdum verði hraðað svo sem hægt er vegna tæknilegra ástæðna.

Nú hefur það komið fram í umr. um sjónvarp hér á hv. Alþ., m. a. í Sþ. í sambandi við fyrirspurnir, að búið sé að ákveða að reisa á næsta ári endurvarpsstöðvar í Vestmannaeyjum, Grindavík og Borgarnesi og enn fremur aðalendurvarpsstöð á Skálafelli hér á Hellisheiði. En sagt er, að afgreiðslufrestur á þessum stöðum sé eigi styttri en 12 mánuðir, og það mun vera alveg nýverið, að það er búið að panta efni í þær, — ef það er þá búið að því nú í dag. Af því er ljóst, að þó að fyllsti hraði yrði hafður á, þá verður ekki unnt að hefja byggingu þessara aðalstöðva fyrr en seint á árinu 1967. Þær geta því ekki orðið fullgerðar fyrr en einhvern tíma á árinu 1968. Nú tekur till. okkar til miklu fleiri framkvæmda á þessu sviði en þeirra stöðva, sem þegar er ákveðið að byggja, og með tilliti til þess, á hvaða tíma þær munu verða fullgerðar, þá teljum við naumast hægt að gera ráð fyrir styttri tíma en þeim, að öllum þeim framkvæmdum, sem till. okkar tekur til, verði lokið á árinu 1969.

Það er svo, að sjónvarpið er nýjung hér á landi, og þegar nýjungarnar ryðja sér til rúms, þá tekur það oft nokkurn tíma að mynda þau nýyrði, sem þar eiga við, og festa þau í málinu, og vel má vera, að þau orð, sem við notum í þessu falli, þ. e. aðalendurvarpsstöðvar og millistöðvar, séu ekki að allra dómi það, sem við á eða verður ríkjandi í málinu, þegar fram líða stundir. En ég hef veitt því eftirtekt í áliti sjónvarpsnefndar, að þar virðast orðatiltæki um þetta vera nokkuð á reiki, og í þessu áliti er ýmist notað orðið sendistöð eða endurvarpsstöð, að því er mér virðist, um sömu framkvæmdina eða sama verkið. En sjónvarpsnefndin skiptir framkvæmdum á þessu sviði greinilega í þrennt eða í þrjú stig. Það eru í fyrsta lagi stórar stöðvar, 5000 watta stöðvar, í öðru lagi allmargar 100 watta stöðvar og í þriðja lagi mjög margar smástöðvar, frá 1—10 wött. Það, sem felst raunverulega í brtt. okkar, eru stóru stöðvarnar samkv. áliti sjónvarpsnefndar, 5000 watta stöðvarnar og allar 100 watta stöðvarnar. Hins vegar gerum við ekki ráð fyrir því, að allar litlu stöðvarnar, frá 1—10 watta, verði komnar upp 1969, enda hygg ég, að reynslan ein verði að skera úr því, hve margar þessar litlu stöðvar þurfi að vera, til þess að full not sjónvarps verði í öllum byggðarlögum, og enn fremur á hvaða stöðum þær þurfi að koma.

Þá vil ég leyfa mér að fara örfáum orðum um fjárhagshlið þessa máls. Í þessu efni eru sjálfsagt ýmsar óþekktar stærðir, ef svo mætti segja, svo að það er erfitt að reikna þetta dæmi til fullrar hlítar eða með öryggi nú á þessari stundu. En það, sem þm. og menn almennt, sem um þetta hugsa, hafa við að styðjast, er álit sjónvarpsnefndar eða skýrsla sjónvarpsnefndar samin í marz 1964, þar sem eru m. a. kostnaðaráætlanir um þær framkvæmdir, sem hér um ræðir. Í þessari áætlun sjónvarpsnefndar er gert ráð fyrir því, að heildarkostnaður við að dreifa sjónvarpinu um landið verði 180 millj. kr. Nú er það vitað, að sjónvarpið hefur allríflegar tekjur, og þær framkvæmdir, sem þegar hafa verið gerðar, hafa verið kostaðar fyrst og fremst af þeim tekjum, sem sjónvarpið hefur yfir að ráða. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því, að við 1. umr. þessa máls hér í d. hafi hæstv. menntmrh. sagt, að það þyrfti ekki lánsfé til þess að standa straum af kostnaði við þær framkvæmdir, sem þegar

eru ákveðnar, en það eru þær endurvarpsstöðvar, sem ég hef áður nefnt. Ég viðurkenni, að verðlag allt er mjög á reiki, og í þessu dæmi hljóta að koma fram ýmsir liðir, sem erfitt er að sjá fyrir fram, en ég vil mega treysta því, að þessi orð hæstv. ráðh. séu áreiðanleg, og sé svo, sem ekki er ástæða til að efast um, þá þarf ekki að miða lánsheimild við þær framkvæmdir, sem ákveðnar eru og nægar tekjur eru fyrir hendi til þess að standa straum af.

Þá er á það að líta, hvað kostar samkv. áliti sjónvarpsnefndarinnar sá þáttur framkvæmdarinnar, sem till. okkar tekur til, en ekki eru þegar ákveðnar og ekki þegar fé fyrir hendi til að greiða þann stofnkostnað. Mér telst svo til, að ef það er allt talið saman, þ. e. a. s. aðalendurvarpsstöðvar og það, sem ég kalla millistöðvar, sem till. okkar tekur til, þá eigi það í heild samkv. áliti sjónvarpsnefndar að kosta 92.5 millj. kr. Nú er þess að gæta, að sjónvarpið hefur á ári hverju allríflegar tekjur, og þeim mun hraðari sem uppbygging sjónvarpsins verður, má gera ráð fyrir því, að þeim mun meira verði keypt af sjónvarpstækjum árlega, en því fleiri sjónvarpstæki sem flytjast inn í landið og kaupendur greiða, þeim mun meiri eru eigin tekjur sjónvarpsins, sem það getur varið til framkvæmda. Inn í þetta dæmi kemur svo aftur á móti það, hvað verðlagið er óstöðugt, því að þó að menn vilji treysta orðum hæstv. menntmrh., þá treysta menn ekki jafnvel stöðvunarstefnunni, sem nú er verið að boða, og þess vegna má vitanlega gera ráð fyrir því, að einhver hækkun verði á þessari áætlun, jafnvel á næstu tveim til þrem árum. Með tilliti til þessa höfum við bætt við aðalefni till. okkar svo hljóðandi ákvæði: „Ríkisstj. er heimilt, ef með þarf til að ná þessu takmarki, að taka lán allt að 50 millj. kr. til að standa straum af kostnaði við framkvæmdirnar," þ. e. a. s. þær tilteknu framkvæmdir, sem fyrri mgr. till. er um. En ég endurtek, að hér er alls ekki miðað við þær framkvæmdir, sem hæstv. menntmrh. er búinn að segja þinginu að nægilegt fé sé fyrir hendi til þess að gera. Þetta er aðeins flutt í heimildarformi hæstv. ríkisstj. til handa. Og þó að við höfum miðað við þessa upphæð, og það má segja, að hún sé að nokkru leyti hliðstæð því, sem kemur fram hjá sjónvarpsnefndinni, þar sem hún miðaði við 30 millj. kr. lántöku, eins og ég ætla að hafi komið fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, og þar sem sjónvarpsnefndin áleit, að þyrfti 30 millj., þá teljum við, að ekki muni veita af 50 millj., — en þó að við höfum byggt þessa tölu á þeim sjónarmiðum, sem ég nú hef lýst, þá er ég reiðubúinn til þess að veita hæstv. ríkisstj. eins háa lánsheimild í þessu skyni og farið hefur verið fram á, því að aðalatriðið með okkar till. er, að það sé tryggt, að hraðað verði uppbyggingu sjónvarpsins og að fjárskortur verði ekki látinn standa því í vegi, að fyllsti hraði sé hafður á í þeim efnum. Af því leiðir það, að ég mun að sjálfsögðu vilja fylgja eins hárri lánsheimild í þessu skyni og við nánari athugun virðist vera þörf á. En ég endurtek það, að þær framkvæmdir, sem till. okkar fjallar um, eiga samkv. áliti sjónvarpsn. að kosta 92.5 millj. kr. alls. Enn fremur er þess að gæta, að þótt samþykkt yrði 50 millj. kr. lánsheimild nú á þingi 1966, þá er tími til þess á þingunum 1967 og 1968 og jafnvel 1969 að endurskoða þá tölu, ef reynslan sýndi, að þess þyrfti með.

Hv. 4. þm. Vestf. hefur gert hér grein fyrir brtt., sem hann ber fram á þskj. 114. Sú brtt. er um 100 millj. kr. lánsheimild ríkisstj. til handa vegna ríkisútvarpsins. Mér þykir þó það á skorta í þeirri till., að þar er ekkert tímamark sett um þann hraða, sem hafa skal á um framkvæmdir, og ekkert tímamark sett um það, á hvaða árum þessi lánsheimild skuli notuð, en 100 millj. kr. lánsheimild, sem notuð yrði smátt og smátt á 10—15 árum, yrði kannske ekki öllu notadrýgri fyrir ríkisútvarpið en 50 millj. kr. lánsheimild, sem skilyrðislaust yrði notuð eftir þörfum fyrir árið 1969. Þetta er sem sagt allt óákveðið. En ég vil samt sem áður fyrir mitt leyti styðja það, að ríkisstj. fái 100 millj. kr. lánsheimild, þó að sú till. geti aldrei komið í stað þeirrar till., sem við flytjum, sem hefur að aðalefni tímatakmark um framkvæmdir.

Nú sýnist mér mjög auðvelt að samræma þessi sjónarmið hér í sambandi við frv. Till. hv. 4. þm. Vestf. hlýtur að koma fyrr til atkv. en brtt. okkar, bæði vegna efnis hennar og vegna þess, að hún er stíluð inn í frv. á öðrum stað en okkar, og ef sú brtt. verður samþ., þá mun ég fyrir hönd okkar flm. taka brtt. á þskj. 115 aftur til 3. umr. og endurflytja hana þá fyrir 3. umr. með því orðalagi, sem á við frv., eins og það verður orðið eftir atkvgr. við 2. umr. hér í d., og með þessum hætti sýnist mér, að þessi atriði þurfi því ekki að rekast á, heldur sé hægt að samræma þessi sjónarmið með góðu móti. En þó að till. hv. 4. þm. Vestf. yrði samþykkt, sem einungis fjallar um hærri tölu, en þar er ekkert tímamark sett á neinn hátt, þá getur hún auðvitað aldrei komið í stað okkar till. og hún hlýtur því að koma hér til atkvgr. og ákvörðunar hv. d. í því formi, sem hún fellur eðlilega inn í frv., þegar séð er um fylgi við brtt. hv. 4. þm. Vestf.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Eins og ég tók fram við 1. umr. þessa máls, tel ég afar óráðlegt að taka inn í þetta frv. ákvæðin fyrirmæli til ríkisvaldsins um að koma upp endurvarpsstöðvum um landið og setja því verkefni ákvæðin tímatakmörk. Ég benti þá þegar á, að það er ekki regla í íslenzkri löggjöf, að framkvæmdavaldinu séu lagðar slíkar framkvæmdaskyldur á herðar. Það er ekki algengt, að í löggjöf séu gerðar framkvæmdaáætlanir um, hvernig haga skuli einstökum framkvæmdum og með hvaða hraða að því skuli unnið. Allra sízt væri það skynsamlegt hér, eða ég gæti kannske orðað það þannig, að það er sérstaklega óskynsamlegt

á þessu sviði vegna þess, hve mörg tækniatriði eru enn þá órannsökuð og alveg óljós í sambandi við dreifingu sjónvarps um landið. Nákvæm fyrirmæli Alþingis um þetta efni gætu, eins og ég lét þar getið, beinlínis orðið til þess að tefja þær framkvæmdir í málinu, sem reynslan mundi sýna, að skynsamlegastar væru. Ég er því mjög mótfallinn, að ákvæði til bráðabirgða í brtt. á þskj. 115 verði samþykkt og tel það alls ekki mundi verða til framdráttar því máli, sem ég auðvitað veit, að vakir fyrir hv. flm. að styrkja, heldur jafnvel að það gæti orðið skynsamlegum framkvæmdum í málinu til trafala. Ég get fullyrt við flm. og raunar alla hv. dm., að ríkisstj. og ríkisútvarpið hafa fullan hug á því að hraða dreifingu sjónvarpsins um landið svo sem mest má verða og tækniaðstæður og fjárhagsskilyrði frekast leyfa.

Í þessu sambandi er rétt að benda á og undirstrika það alveg sérstaklega, að ef það hefði ekki verið vilji ríkisvaldsins að tryggja landsmönnum yfirleitt sjónvarp eins fljótt og auðið er og með eins litlum fresti og frekast verður talinn hugsanlegur, þá væri sjónvarp fyrir löngu komið upp hér í Reykjavík. Það hefur aldrei verið neinn verulegur vandi að koma upp lítilli sjónvarpsstöð hér í Reykjavík. Það er tæknilega séð mjög auðleyst verkefni og alls ekki dýrt. Ástæðan til þess, að sjónvarp hófst ekki hér fyrir 5—10 árum, var beinlínis sú, að við, sem fjölluðum um þessi mál, vildum ekki láta við það sitja, að eingöngu Reykvíkingar fengju sjónvarpsstöð hjá sér. Við vildum undirbúa málið sem landssjónvarp. Við vildum undirbúa þetta fyrirtæki sem landssjónvarp og ekki hefja framkvæmdir hér í Reykjavík, fyrr en það gæti orðið upphaf á landskerfi fyrir sjónvarpið, og einmitt þess vegna hefur undirbúningi málsins og framkvæmd núna verið hagað eins og þeim hefur í raun og veru verið hagað. Það, sem fyrir okkur hefur vakað á undanförnum árum, er landssjónvarp, en ekki Reykjavíkursjónvarp. Það hefði verið unnt að framkvæma með auðveldum hætti fyrir 5 eða 10 árum.

Ég lét í té þær upplýsingar við 1. umr. þessa máls, að athugun, nákvæm athugun, sem rétt áður hafði farið fram á fjárhagsgrundvelli sjónvarpsins, leiddi í ljós, að fjárhagslega séð væri hægt ekki aðeins að ljúka framkvæmdum hér við Reykjavíkurstöðina, sem gera má ráð fyrir, eins og ég tók þá fram, að kosti fullgerð um 80 millj. kr., heldur jafnvel að koma á fót tveimur aðalstöðvum dreifingarkerfisins um landið, þ. e. a. s. hornsteini alls landskerfisins, stöðinni á Skálafelli, og aðalendurvarpsstöðinni fyrir Norðurland, sem er mesta þéttbýlissvæðið utan Suðurlandsundirlendisins. Þessar tvær framkvæmdir virtust framkvæmanlegar á þeim fjárhagsgrundvelli, sem alltaf hefur verið gert ráð fyrir að byggja á, þ. e. a. s. fyrir tekjur af aðflutningsgjöldum af innfluttum sjónvarpstækjum. Og þess vegna sagði ég, að um leið og það var ljóst, að þetta var fært, þá hafi ríkisstj. ákveðið að hefjast handa um þessar framkvæmdir og ákveðið, að Skálafellsstöðin og Vaðlaheiðarstöðin skyldu byggðar samtímis, en með því væri því stóra takmarki náð, með því væri raunar því stórvirki hrundið fram að koma sjónvarpsmyndinni norður yfir jökla til Norðurlands, þ. e. a. s. til næststærsta þéttbýlissvæðis landsins. Mér fundust þetta sjálfum vera mjög ánægjuleg tíðindi, og ég varð þess var, að þetta vakti mikla ánægju á Norðurlandi, á Akureyri, næststærsta bæ landsins, og í nærliggjandi héruðum.

Það leið ekki heldur á löngu þangað til ríkisstj. og ríkisútvarpið og aðrir urðu þess mjög glöggleg varir, að geysilegur áhugi er fyrir því, að sjónvarpsmyndin nái einnig sem allra fyrst bæði til Vestfjarða og til Austfjarða. En eins og fjárhagsgrundvöllur sjálfs sjónvarpsins virðist vera núna, virðast ekki vera tök á því að koma upp aðalendurvarpsstöðvunum fyrir Vesturland, sem á að vera á Stykkishólmi, og fyrir Austurland, sem á að vera á Fjarðarheiði, af tekjum af aðflutningsgjöldum. Ef þetta ætti að vera hægt, yrði því ekki um annað að ræða en ríkisstj. fengi heimild til þess að taka lán til þess að greiða kostnaðinn við þessar tvær seinni stöðvar dreifingarkerfisins, stöðina fyrir Vesturland og stöðina fyrir Austurland. Vegna þess sérstaklega mikla áhuga, sem við höfum orðið varir á Vesturlandi og Austurlandi fyrir þessum aðalstöðvum endurvarpskerfisins í þessum tveimur landshlutum, finnst mér mjög koma til álita, að ríkisstj. fái lánsheimild til þess að byggja þessar stöðvar.

Ég tók það fram við 1. umr. málsins og hef raunar tekið það fram áður, að ég tel vegna þess, hvers eðlis sjónvarpið er í sjálfu sér, það eiga að standa á eigin fótum, kostnaður þess eigi að greiðast af innlendum tekjum, af tekjum, sem innlendir menn greiða sjálfir, og það sé í sjálfu sér óeðlilegt að greiða stofnkostnað fyrirtækis eins og útvarps og sjónvarps með erlendu lánsfé. Hér hefur þó verið um svo sérstakar aðstæður að ræða og um svo einstæðan áhuga í þessum landshlutum báðum fyrir því að fá aðalstöðvarnar sem fyrst reistar, að ég vildi mæla með því við hv. n., að hún tæki þetta mál til athugunar, og ríkisstj. mundi styðja tillöguflutning um lánsheimild, til þess að hægt væri að koma þessum stöðvum á fót. En gert er ráð fyrir, að hvor um sig muni kosta um 12 millj. kr. samkv. þeim áætlunum, sem núna liggja fyrir.

Hins vegar tel ég ástæðulaust á þessu stigi að ákveða nánar um framkvæmdir en gert mundi vera með þessu móti. Það er þegar búið að ákveða byggingu aðalstöðvarinnar og aðalstöðvarinnar fyrir Norðurland. Aðalstöðvar alls kerfisins eru 4, til viðbótar þessum 2 Stykkishólmsstöðin og svo Fjarðarheiðarstöðin, og ég tel á þessu stigi ekki ráðlegt að taka nánari ákvarðanir en þær að byggja þessar 4 stöðvar. Mér er nokkuð til efs, að hægt verði að byggja þær allar samtímis, vegna þess að gera þarf margvíslegar prófanir, margvíslegar

mælingar á flutningi sjónvarpsgeislans við íslenzkar aðstæður í íslenzku landslagi, eins og raunar hv. 4. þm. Vestf. tók fram í ræðu sinni áðan. Og skilyrðislaust verður fyrst að byggja þessar 4 aðalstöðvar, áður en hægt er að taka til við að byggja þær litlu endurvarpsstöðvar, þær litlu sendistöðvar, sem eiga að senda sinn aðalgeisla frá þessum 4 meginstöðvum. En ef hægt verður að koma þessum 4 aðalstöðvum, þessum 4 hornsteinum dreifikerfisins um landið, upp á næstu 2 árum, á fyrstu 2 árum íslenzks sjónvarps, tel ég í raun og veru, að um stórvirki sé að ræða, svo mikið stórvirki, að enginn hefði fyrir fáum árum látið sér detta í hug, að annar eins hraði í framkvæmdum, að svo stórtækar framkvæmdir væru mögulegar. Ég vildi því leyfa mér að mælast til þess við hv. 4. þm. Vestf., sem hefur flutt till. um mjög háa lánsheimild, og raunar einnig við flm. till. á þskj. 115, að þeir taki báðir þessar till. aftur til 3. umr., og beini hér með þeim tilmælum til hv. menntmn., að hún taki til athugunar flutning brtt. í staðinn fyrir þessar till. tvær, þar sem ríkisstj. sé gefin heimild til allt að 25 millj. kr. lántöku til þess að reisa þær tvær aðalstöðvar dreifikerfisins, sem þegar hefur ekki verið tekin ákvörðun um að reisa, þ. e. a. s. stöðvarnar í Stykkishólmi og á Fjarðarheiði.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Austf. vék nokkrum orðum að minni brtt. Mér fannst hann vilja gera nokkurn samanburð á gagnsemi brtt. okkar og fannst sinn fugl fagur. Að gefnu þessu tilefni vil ég rétt aðeins víkja að till. hans, sem ég gerði ekki í ræðu minni áðan.

Ég vil taka það fram, að ég er andvígur því, sem er aðalefni till. hv. 4. þm. Austf., að það eigi að ákveða í l., hvenær skuli vera búið að reisa sendistöðvarnar. Ég er fullkomlega sammála hæstv. menntmrh. um, að það komi ekki til greina að hafa þau vinnubrögð í þessu máli. Hv. 4. þm. Austf. hafði tilhneigingu til þess að gera lítið úr minni till. og sagði, að það væri ekki mikið að fá heimild til þess að taka 100 millj. til þess að koma upp sendistöðvum sjónvarps, ef sú heimild yrði kannske notuð á næstu 10—15 árum. Það var algerlega ástæðulaust af þessum hv. þm. að viðhafa þessi orð. Ég hygg, að það hafi komið skýrt fram í mínum málflutningi, að það var ekki þetta, sem ég hafði í huga. Ég hef alltaf talað um þetta mál á þeim grundvelli, að við gerðum tilraun til þess að halda okkur við 5 ára áætlunina, sem sjónvarpsnefndin var með, og sjálfur átti ég sæti í sjónvarpsnefndinni. Ég tel, að það hafi verið nokkuð djarft teflt, en ég tel, að það sé svo mikið í húfi, að við eigum að leitast við að framkvæma þetta verk samkv. þeirri áætlun og vera viðbúnir að gera það, sem þarf, hvað sem það kostar. Og ef það tekst, leyfi ég mér að halda því fram, að við setjum heimsmet í hraða á slíkum framkvæmdum, miðað við það, sem gerist við hliðstæðar aðstæður annars staðar. Ég biðst því ekkert afsökunar á því, þó að ég miði minn málflutning við það og mína tillögugerð, að þetta megi takast. Ég hef ekki heldur sagt, að ég væri á móti því að gera þetta á skemmri tíma, ef það er hægt, og það kom líka fram í ræðu minni óbeint.

Hv. 4. þm. Austf. stendur að till., þar sem gert er ráð fyrir, að verkinu sé lokið 1969, þ. e. einu ári skemur en 5 ára áætlunin gerði ráð fyrir. Eftir því sem við framkvæmum verkið á skemmri tíma, þurfum við hærri lánsfjárhæð. Ég hef sannfæringu fyrir því, að við þurfum meira en 50 millj. kr. að láni, ef við ætlum að ljúka þessu árið 1969. Við getum að vísu lokið meginhlutanum, en það eru þó ágæt byggðarlög, sem yrðu eftir, og þau yrðu ekki eftir af tilviljun, vegna þess að það verður að byrja á öðrum endanum og enda á hinum, þannig að það er ekki val nema að vissu leyti þarna. Ég tel, að ef það ætti að framkvæma till. þessa hv. þm., gætum við staðið fyrir því vandamáli, að fjármagn skorti fyrir sendistöðvum fyrir þessi byggðarlög, sem eru Vopnafjörður, Seyðisfjörður, mikill hluti Suður-Múlasýslu og Hornafjörður. Mér finnst engin ástæða til þess að hafa lánin svo knöpp, að þetta geti komið fyrir. Það má segja kannske, að það skaði ekki, það sé alltaf hægt að breyta þessu. En það er sama, ég sé enga ástæðu til þess að leggja málið þannig upp. Og mér finnst, að það megi gjarnan ganga það sama yfir fólkið í þessum landshlutum eystra og öðrum. Mín till. miðar við það, að dreifing sjónvarpsins um allt land sé framkvæmd eins fljótt og hægt er og þess sé gætt, að við getum fengið lánsfé eins og þarf til þess að halda eðlilegum hraða á verkinu.

Hæstv. menntmrh. beindi þeim tilmælum til mín, að ég tæki brtt. mína aftur til 3. umr., og ég er að sjálfsögðu fús til að gera það og verð þess vegna við þeirri ósk.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið, er ég meðflm. að brtt. á þskj. 115, sem hefur inni að halda tvö meginatriði, og hið fyrra og aðalatriði brtt. er það, eins og hv. 4. þm. Austf. hefur lagt áherzlu á, að það verði ákveðið með löggjöf, það verði lögfest áætlun um framkvæmdir í þessu máli, en jafnframt verði séð fyrir fjárveitingum, til þess að hægt verði að standa við slíka áætlun. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa brtt., þar sem það hefur verið gert rækilega af hv. 1. flm. hennar. En vegna þeirra umr., sem hér hafa orðið um þetta mál, bæði hjá hv. 4. þm. Vestf. og hæstv. menntmrh., vildi ég fara um það nokkrum orðum frá mínu sjónarmiði og gera þá m. a. nokkra grein fyrir því, hvers vegna ég taldi eðlilegt og sjálfsagt að vera meðflm. að brtt. okkar á þskj. 115.

Það er nú þannig með mig, að afstaða mín til sjónvarpsmála hefur mótazt eins og kannske fleiri manna af ýmsum atriðum, m. a. því algerlega óeðlilega ástandi, sem hér hafði þróazt og verið í allmörg ár, að erlent ríki, meira að segja herstjórn erlends ríkis, hafði komið

sér upp sjónvarpsstöð, sem náði til verulegs hluta landsmanna, án þess að Íslendingar gætu haft þar eða hefðu þar hin minnstu áhrif á. Ég skal ekkert um það segja, hvort ég hefði verið tilbúinn að greiða því atkv. nú eða fyrir 1—2 árum, að við ættum að láta íslenzkt sjónvarp ganga fyrir ýmsum mjög mikilvægum og aðkallandi nauðsynjamálum, menningarmálum, sem líða stórlega við það, að fjárveitingar skortir til þeirra. Ég veit ekki, hvort ég hefði verið tilbúinn til þess að taka sjónvarp þá fram yfir það marga og mikilvæga í okkar menningarmálum, sem skortir stórlega fjárveitingar. En með tilliti til þessa sérstaka og óeðlilega ástands, sem hér var ríkjandi, sannfærðist ég um, að það mundi vera skynsamleg stefna að fylgja íslenzku sjónvarpi, þó að það yrði dýrt, þó að það kostaði mikið og þó að ég, eins og ég sagði, hefði ekki verið viss um, að ég hefði tekið það fram yfir allt annað, sem fé vantar til í menningarmálum, ef um það hefði verið að velja á eðlilegum grundvelli, hvað ætti að styrkja og hvað ætti að ganga fyrir. En vegna þessara sérstöku aðstæðna hef ég fylgt því, að íslenzkt sjónvarp kæmist upp og það gæti orðið sem myndarlegast.

Nú er það orðin staðreynd, íslenzka sjónvarpið. Tilraunasjónvarpið er þegar tekið til starfa fyrir nokkru og hefur yfirleitt fengið góða dóma, að því er mér skilst. Stuðningur minn við þetta mál er ekki enn þá orðinn sá í verki, að ég hafi eignazt sjónvarp sjálfur, en að því rekur nú brátt sennilega, en mér skilst, að þetta tilraunasjónvarp fái yfirleitt góða dóma og sé talið vonum betra. Nú blasir það við, og raunar viðurkenna það allir, að þegar svo er komið, að um það bil helmingur landsmanna hér á þéttbýlissvæðinu nýtur þessa íslenzka sjónvarps, sé það orðið bæði sanngirnis- og fyllsta réttlætismál, að útbreiðslu sjónvarpsins verði hraðað svo sem föng eru á. Og það hefur verið margsinnis á það bent, að þetta tæki verði að ýmsu leyti mikilvægara og eigi meira erindi út í fámennið, þar sem lítið af skemmtunum og öðru til dægrastyttingar er um að ræða fyrir fólkið, — það eigi meira erindi út á landsbyggðina en á þéttbýlissvæðin. Þess vegna er það óumdeilanlegt og hefur í rauninni enginn mælt gegn því, að það sé bæði sanngirnis- og réttlætismál, að útbreiðslu sjónvarpsins sé hraðað svo sem kostur er. Það liggur líka í augum uppi, að þetta er hagkvæmt.

Annað sjónarmið er, að það er hagkvæmt að því er snertir allan sjónvarpsrekstur. Á það hefur verið bent í fyrsta lagi, að auknir tollar af sjónvarpstækjum mundu koma fyrr en ella með því móti að hraða útbreiðslu sjónvarpsins um landið. Það mundu fleiri aðilar og fyrr en ella greiða sín afnotagjöld, og það hlyti vitanlega að auðvelda allan rekstur sjónvarpsins.

Í þriðja lagi, og á það vil ég benda sérstaklega, því að ég held, að það hafi ekki áður komið fram, mundi það auka tvímælalaust möguleika sjónvarpsins til þess að fá verulegt fjármagn með auknum auglýsingatekjum. Ég hygg, að það hafi enn sem komið er gengið heldur erfiðlega að fá auglýsingar í sjónvarp, og mér er fullkunnugt um, að það stafar vitanlega af því, að margir eru ekki tilbúnir að borga há gjöld til þess að auglýsa í sjónvarpi, meðan það nær aðeins til lítils hluta landsins og ekki nema til helmings landsbúa. Auglýsingatekjur sjónvarps mundu tvímælalaust stóraukast, strax og það væri komið eitthvað að ráði í flesta eða alla landshluta.

Þá tel ég ástæðu til þess í fjórða lagi að benda á, að útbreiðsla sjónvarpsins um landið og það að gera áætlun og taka ákvörðun byggða á þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í dag um það, hvaða framkvæmdahraði á að vera á dreifingu sjónvarpskerfisins, það mundi tvímælalaust gera mögulegt að ná miklu hagkvæmari samningum og betri kjörum um kaup á þeim endurvarpsstöðvum og þeim tækjum, sem við þurfum að kaupa til þessa dreifingarkerfis á næstu árum, hvort sem þau verða 3 eða 4 eða 5 eða fleiri. Það er enginn efi á því, að með því að gera sér grein fyrir því, hvaða framkvæmdahraði á að vera á þessum hlutum, og að gera heildarsamning um þessi efni, bjóða þau út sem sagt, fá tilboð um endurvarpsstöðvarnar sem allra flestar eða mjög margar í senn og afhentar á tilteknum tímum, mundi gera innkaupin hagkvæmari og sennilega mundi þá vera hægt að fá mjög hagkvæm lánskjör. Fyrirtækin mundu lána allverulega í þessu efni, sem síðar væri fyrir hendi, ef ætlunin væri að kaupa eina eða fáar af þessum stöðvum í senn eða festa kaup á einni eða tveimur aðalstöðvum og kannske eingöngu litlum stöðvum nú til að byrja með og ákvarðanir um allt hitt eigi svo að bíða seinni tíma. Á þetta vildi ég benda.

En það virðist nú svo, að allir telji sig vera sammála um þetta, allir, sem hér hafa talað, að það eigi að hafa, eins og hæstv. menntmrh. sagði, þann framkvæmdahraða, sem tæknilegir möguleikar og fjárhagsgeta framast leyfa. En sé þetta í rauninni ætlunin, hvers vegna er þá ekki ástæða til þess að taka undir till. okkar á þskj. 115, sem í fyrsta lagi vill byggja á þeirri áætlun, sem fyrir liggur um hina tæknilegu möguleika, að það sé mögulegt að koma upp, ef fjárhagsgeta leyfir, öllum aðalsendistöðvum og millistöðvum á næstu 3 árum, ef þegar er hafizt handa og gerð heildaráætlun um þetta verk, og í öðru lagi, að með lánsheimild hæfilega og nægilega hárri verði það tryggt, að hægt sé að standa við þessa áætlun? Ég skal ekkert fullyrða um, að þessi áætlun sé svo nákvæm, að það geti ekki eitthvað komið upp í sambandi við framkvæmdina, sem torveldi það, að hægt sé að standa við hana í hverju einstöku atriði. En það er ekki óvenjulegt, þó að það verði að endurskoða slíka hluti, og það verður vitanlega að beygja sig fyrir staðreyndum í þeim efnum,

að því er varðar hin tæknilegu atriði. En ég tel það algerlega óviðunandi, ef menn á annað borð eru fylgjandi þeirri meginhugsun, að það eigi að dreifa sjónvarpi eins fljótt og tæknilegir möguleikar og fjárhagsleg geta framast leyfa, að hafa ekki um þetta áætlun, þannig að fólkið úti á landsbyggðinni hafi hugmynd um, hvað sé talið mögulegt og að hverju sé stefnt, hvort megi búast við á þessum stað að fá sjónvarpið eftir 1 ár, 2 ár, 3 ár, eða hvort það verði að bíða í 5 ár eða 10 ár, þar sem erfiðast er. Að sjálfsögðu verður ekki hægt að fullyrða um það í dag, þar sem þetta er mikið tæknilegt vandamál, að það sé hægt að tryggja fólki á tilteknum stað sjónvarp eftir ákveðinn mánaðafjölda eða 2—3 ár. Það kann að koma eitthvað tæknilegt fyrir, sem breytir öllum áætlunum og tefur. En mér sýnist, að það sé hægt og það sé sjálfsagt að gera slíka fasta áætlun og Alþ. hafi möguleika á því að taka slíka ákvörðun byggða á þeirri vitneskju, sem nú er bezt fyrir hendi, þannig að þetta svífi ekki allt of mikið í lausu lofti og það byggist ekki eingöngu á frómum óskum um það og yfirlýsingum, skulum við segja, að þetta skuli koma eins fljótt og fjárhagsgetan leyfir og þar fram eftir götunum, það eigi að gera hér um áætlun, vitanlega byggða á þeirri vitneskju um möguleika, sem nú er fyrir hendi.

Mér þótti vænt um það, að hæstv. menntmrh. tekur nú jákvætt undir þá hugsun, sem bæði liggur að baki brtt. okkar á þskj. 115 og brtt. hv. 4. þm. Vestf., undir þá hugsun að flýta þessu máli með því að taka nokkurt fé að láni. Mér skildist á honum, þegar þessi mál voru til umr. hér í haust, að hann teldi nokkur tormerki á þessu eða a. m. k. sæi ekki sérstaka ástæðu til þess þá. Nú ræðir hann hins vegar um það og mælir raunar með því, að Alþ. veiti allt að 25 millj. kr. lánsheimild í þessu skyni, og ég fagna því og tel það gott, svo langt sem það nær. Mér skilst nú, að það dugi hins vegar ekki nema til þess að tryggja kaup og uppsetningu þessara tveggja aðalstöðva, sem þegar er búið að taka ákvörðun um, en ég vildi leggja áherzlu á, að það er engan veginn nóg. Það þarf að gera um þessi mál alveg ákveðna áætlun. Ég hygg, að þessi áætlun, þótt lausleg sé, sem við höfum sett í okkar brtt., að aðalstöðvar og millistöðvar geti komizt upp á næstu 3 árum, sé ekki alveg óraunhæf, það séu tæknilegir möguleikar á því, ef ekki strandar á fjárhagsgetunni, og ég legg á það mikla áherzlu, að áætlun um þetta verði gerð og Alþ. lýsi yfir vilja sínum ákveðnum um það, að framkvæmd sé hraðað svo mikið sem tæknilegir möguleikar leyfa.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að tala langt mál, til þess að gera aths. við síðari ræðu hv. 4. þm. Vestf., þó að hann minntist nokkuð á þau rök, sem ég hafði flutt fram í sambandi við brtt. þá, sem ég mælti fyrir. Ég þarf þess þeim mun síður, þar sem hv. 5. þm. Reykn. hefur nú gert grein fyrir sínum sjónarmiðum, en hann er meðflm. að till., sem ég mælti fyrir, og hefur tekið ýmislegt fram þessu máli í heild til skýringar.

Aðalatriðið, sem vakir fyrir okkur, sem stöndum að till. á þskj. 115, er það, eins og ég hef áður tekið fram, að fyllsti hraði sé hafður á um að dreifa sjónvarpinu um landið, eftir því sem tækni gerir það kleift. Og við teljum, að það sé vel tæknilega kleift að koma upp þeim framkvæmdum, sem í okkar till. greinir frá, eigi síðar en á árinu 1969. Nú segir hv. 4. þm. Vestf., að fyrir sér vaki að miða við 5 ára áætlun sjónvarpsnefndar, og þá skilst mér, að það, sem fyrir honum vaki, sé það, að sjónvarpið verði komið til allra landshluta 1970, þannig að í þessu efni vill hann ganga nokkru skemmra eða hafa dálitið minni hraða á en við leggjum til, að miðað sé við. En ég tók það fram í ræðu minni, á hvaða sjónarmiðum sú till. um lánsheimild er byggð, sem við berum fram. Ég tók það jafnframt fram, að í þessu dæmi eru vissulega ýmsar óþekktar stærðir, svo að það er erfitt og jafnvel ókleift nú í dag að segja nákvæmlega til um, hvaða þörf kann að verða fyrir hendi í þessu efni. Sjónvarpsnefndin miðar við 30 millj. kr. lántöku. Við höfum stungið upp á 50 millj. kr., en hv. 4. þm. Vestf. stingur upp á 100 millj. kr. Ég tók eftir því, að í fyrri ræðu hans, hv. 4. þm. Vestf., þegar hann mælti fyrir þessari till., sagði hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Ég vil ekki fullyrða, hve þetta lán þarf að vera hátt eða til hve langs tíma." Þetta skrifaði ég, og ég vænti, að hv. þm. sjái, ef hann les handrit sitt síðar, að þannig tók hann til orða. Síðar í sömu ræðu segir þessi hv. þm.: „Ég vil ekki fullyrða, hvað þarf að nota þessa heimild mikið, sem hér er farið fram á." Þetta verður ekki misskilið, en þetta bendir ótvírætt til þess, að jafnvel hann, sem á sæti í útvarpsráði, hann, sem stóð meðal annarra að áliti sjónvarpsnefndar, sé ekki öruggur um, að það sé nákvæmlega það rétta, sem hann leggur til. Það er alger misskilningur hjá hv. 4. þm. Vestf., að ég vilji gera lítið úr till. hans. Ég skýri aðeins frá efni hennar, eins og hún liggur fyrir. Hún fjallar aðeins um lánsheimild, þar er ekkert tímatakmark sett, hvorki um hraða framkvæmda né á hve mörgum árum þessa lánsheimild á að nota. Og ég hef meira að segja gengið svo langt, að ég hef sagt, að ég mundi greiða þessari till. atkv., og bendir það ekki til þess, að út af fyrir sig sé ég að gera lítið úr henni.

Út af orðum hæstv. menntmrh. vil ég segja það, að ég fagna því, að hann tekur að nokkru leyti undir það sjónarmið, sem fram kemur í till. okkar, þ. e. a. s. það sjónarmið, að þörf sé á að koma inn í þetta frv. lánsheimild hæstv. ríkisstj. til handa. Ég vil fyrir mitt leyti fagna því, að þetta kemur fram hjá hæstv. ráðh. Á hinn bóginn harma ég það, að hæstv. ráðh. skuli láta þau orð falla, að hann telji ekki þörf á eða jafnvel miður farið, að löggjafinn tiltaki tímamark framkvæmdanna, þ. e. a. s. mæli fyrir um, hve mikinn hraða

skuli hafa á í þeim efnum. Þetta tel ég mjög miður farið, og ég vil vænta þess, ef þessi mál verða nánar athuguð í hv. menntmn. í samvinnu við hæstv. menntmrh., að hann endurskoði þessa afstöðu sína og gangi einnig í þessu efni til móts við okkur, sem flytjum till. á þskj. 115.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef í rauninni litlar aths. að gera við ræðu hv. síðasta ræðumanns, en þó vil ég aðeins í örfáum orðum víkja að því, sem hann sagði. Hann sagði, að ég hefði miðað við 5 ára áætlun sjónvarpsnefndar. Þetta er rétt. Og ég sagði líka, að ég hefði ekki á móti því, að þetta sé gert á skemmri tíma. Ég held, að það sé ákaflega lítið, ef það er eitthvað, sem skilur á milli okkar hv. 4. þm. Austf. um, hvenær það eigi að vera búið að dreifa sjónvarpinu. Ég held, að við séum báðir sammála um, að það sé gert eins fljótt og hægt er. En ég lagði áherzlu á það, að eftir því sem meiri hraði er á framkvæmdum, eftir því þarf meira lánsfjármagn. Þess vegna tel ég mína till. raunhæfari en hans, þegar litið er á verkið í heild. En ég ætla ekkert að fara að deila við hann um það. En til þess að skýra, hvað það þýðir í þessu sambandi, ef farið er eftir áætlun sjónvarpsnefndar, þá yrði eftir að dreifa sjónvarpinu til ca. 5% af þjóðinni árið 1969. Ég hef, eins og ég hef áður sagt, ekki verið á móti því, að það sé á skemmri tíma hægt að ljúka dreifingu til þessara 5%, og ekki gefið neitt tilefni til, að menn haldi það.

Hv. þm. fannst, að það væri einhver goðgá, að ég hefði sagt svo í minni ræðu, að ég gæti ekki fullyrt um það, hvað þyrfti að nota mikið af þessari 100 millj. kr. lánsheimild. Ég viðurkenni það alveg fúslega, að ég hef ekki fullvissu um það. En mér finnst, að það minnki ekki gildi minnar till. og ég hafði hana einmitt rúma vegna þess, að það er mjög erfitt að segja um þetta. Ég tel, að till. hv. 4. þm. Austf. sé of þröng. Og hverjar sem lyktir þessa máls verða á þessu þingi, hygg ég, að það þurfi ekki minni fjárhæðir að láni en ég hef látið mér til hugar koma og gert ráð fyrir í þessum umr.

Það má kannske segja, að það sé ekki aðalatriðið, hvað lánsheimildin er samþ. há núna, því að það kemur þing eftir þetta þing, og það má að sjálfsögðu alltaf breyta þessum lögum.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu sem formaður menntmn. hlutast til um, að n. taki fljótlega til athugunar milli umr. þær brtt., sem fluttar hafa verið við frv. og hafa verið teknar aftur til 3. umr.

Ég vil láta það koma hér fram, að eins og flm. brtt. á þskj. 115 hafa hér sagt, komu fram í n. raddir um að flytja till. um tímasetningu á framkvæmdum, brtt. í þá átt, en meiri hl. taldi þó ekki skynsamlegt vegna þeirrar óvissu, sem að dómi sérfróðra manna er um ýmis tæknileg atriði framkvæmda, að tímasetja framkvæmdirnar í lögum, og skal ég ekki hafa fleiri orð um það.

Ég vil þá loks láta þess getið, að síðan n. afgreiddi frá sér málið og þar á meðal brtt. á þskj. 106, hafa komið í ljós viss atriði, reyndar ekki til minnar vitundar fyrr en eftir að þessi umr. hófst, sem gera það að verkum, að n. þarf að athuga þetta mál betur, þ. e. a. s. það, sem brtt. fjallar um, og ég lýsi því þá yfir í nafni n. og hef ráðfært mig við aðra nm. um það, að n. tekur þá brtt. einnig aftur til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 106, 114 og 115 teknar aftur til 3. umr.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., 13. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 75, 106, 114, 115, 133, 134, 139, 140).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til athugunar milli umr. það frv., sem hér liggur fyrir, og brtt. þær, sem fyrir lágu við 2. umr. málsins, en voru þá allar teknar aftur til 3. umr. N. flytur nú 2 nýjar brtt. við frv., og eru þær á þskj. 133. Er fyrri till. miðuð við þær breyttu aðstæður, sem hafa skapazt við tilkomu íslenzks sjónvarps, en hin síðari lýtur að upplýsingaskyldu manna um útvarpsafnot, tilkynningarskyldu, sölu, afhendingu og leigu viðtækja og notkun nafnskírteina í því sambandi.

Innheimtustjóri og framkvæmdastjóri fjármáladeildar útvarpsins mættu á fundi n. og gáfu þar ýmsar upplýsingar. Þeir tjáðu n., að töluverðir erfiðleikar væru á því að afla nægra upplýsinga um útvarpsafnot manna og það væri á því mikill misbrestur, að sú tilkynningarskylda, sem útvarpsl. leggja mönnum á herðar, væri rækt á fullnægjandi hátt. Leiddi þetta til óeðlilega lágrar innheimtu á afnotagjöldum og ætti sinn þátt í rekstrarhalla útvarpsins. Þeir töldu, að erfitt væri að afla nógu ýtarlegra upplýsinga frá innflytjendum og öðrum, sem verzla með viðtæki, og þess mundu jafnvel vera dæmi, að kaupendur viðtækja gæfu upp röng nöfn og heimilisföng. Þeir lögðu m. a. mikla áherzlu á það, að aflað yrði ótvíræðrar lagaheimildar til þess að krefjast framvísunar nafnskírteina í öllum viðtækjaviðskiptum, svo að auðveldara yrði að fylgjast með viðtækjaeign og útvarpsafnotum fólks, og einnig lögðu þeir mikla áherzlu á, að aflað yrði lagaheimildar til þess að skylda menn til þess að gefa upplýsingar um útvarpsafnot sín. Að fengnum þessum upplýsingum taldi menntmn. rétt að flytja þær brtt., sem eru á þskj. 133.

Um síðari till. á því þskj. sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða eða um efni hennar og rökstuðning fyrir henni frekar en ég hef nú þegar gert.

En um fyrri brtt. er það að segja í sambandi við hana, að langsamlega flest sjónvarpsviðtæki, sem eru í notkun hér á landi, munu einnig hafa útbúnað til hljóðvarpsmóttöku. Okkur var tjáð í n., að það mundu eingöngu vera fáein af elztu sjónvarpstækjum, sem ekki hefðu slíkan útbúnað. Það má því jafnvel gera ráð fyrir því, að eigendur sjónvarpsviðtækja láti sér þau ein duga fyrir hvort tveggja, sjónvarp og hljóðvarp. Það væri óeðlilegt, að þessir notendur slyppu þannig við að greiða afnotagjald hljóðvarps. Með fyrri brtt. á þskj. 133 er lagt til, að eigendur sjónvarpsviðtækja, sem hafa hljóðvarpsútbúnað, verði jafnframt taldir eigendur hljóðvarpsviðtækja. Um hljóðvarpsafnotagjald þeirra gildir þá að sjálfsögðu sú almenna regla, sem gildir yfirleitt um afnotagjald af hljóðvarpi, þannig að þótt heimilað verði að krefjast sjónvarpsafnotagjalds af hverju sjónvarpsviðtæki, þótt fleiri en eitt séu á heimili, mundi annað gilda um hljóðvarpsafnotagjald, miðað við þann hátt, sem hafður er á nú um þá gjaldheimtu, sem ekki er lagt til, að verði neitt breytt með þessu frv.

Við síðustu umr. var þegar gerð grein fyrir þeirri brtt., sem menntmn. flutti á þskj. 106, og þarf ég því ekki að ræða hana frekar.

Ég skal þá gera grein fyrir brtt., sem meiri hl. menntmn. flytur á þskj. 134. Menntmn. hafði m. a. til athugunar brtt. þá, sem hv. 4. þm. Vestf. flytur á þskj. 114. Samstaða varð ekki í n. um afstöðu til þeirrar till. Meiri hl. menntmn. flytur á þskj. 134 brtt. við brtt. á þskj. 114. Leggur meiri hl. n. til, svo sem fram kemur á þskj., að till. á þskj. 114 verði orðuð um og breytt efnislega, þannig að lántökuheimild miðist við allt að 25 millj. kr. og verði bundin við að koma upp aðalendurvarpsstöðvum sjónvarps. Um rökstuðning fyrir brtt. meiri hl. n. leyfi ég mér að vísa til þess, sem fram kom í umr. við 2. umr. málsins hér í hv. þd. Það liggur auðvitað í augum uppi, að dreifing sjónvarps um landið byggist fyrst og fremst á því, að komið verði upp aðalendurvarpsstöðvum, og þær eru því þær framkvæmdir, sem fyrst þarf að hefjast handa um í þessum efnum.

Ég hef þá, hæstv. forseti, gert grein fyrir þeim brtt., sem menntmn. flytur, sem og þeirri brtt., sem meiri hl. n. flytur við frv., og sé ekki að svo komnu ástæðu til þess að fara um málið fleiri orðum.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hér í d. lá fyrir brtt. á þskj. 115, sem flutt er af mér og tveim öðrum hv. þm. Við þá umr. gerði ég grein fyrir efni málsins, en tók till. aftur til 3. umr. Nú hefur sú breyting á orðið, að meiri hl. menntmn. flytur till. á þskj. 134 þess efnis, að till., sem fyrir lá við 2. umr. á þskj. 114 frá hv. 4. þm. Vestf., verði umorðuð. Þetta veldur því, að okkur, sem stóðum að till. á þskj. 115, þykir eðlilegra að breyta forminu á okkar till. Till. á þskj. 115 er því tekin aftur endanlega, en í þess stað flytjum við tvær till., sem ég vænti, að komi til atkv. nú að lokinni þessari umr. Önnur þeirra er á þskj. 140 og er brtt. við till. á þskj. 134. Efni hennar er það, að í stað 25 millj. kr. lánsheimildar komi 50 millj. kr. lánsheimild. Hin till., sem við berum nú fram, er á þskj. 139 og felur í sér ákvæði til bráðabirgða, sem nú er orðað með tilliti til þess, sem þegar er fram komið og ég hef gert grein fyrir í sambandi við þá lánsheimild, sem fella á inn í frv.

Ég tel ekki þörf á að hafa um þetta fleiri orð. Eins og ég tók fram, gerði ég grein fyrir efni málsins við 2. umr. og endurtek það ekki, nema sérstakt tilefni gefist til, en vildi með þessum orðum gera grein fyrir þeirri formbreytingu, sem við höfum gert á okkar tillögu.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fagna því hér undir þessum umr., hversu röggsamlega hefur tekizt til og skjótt að koma upp íslenzku sjónvarpi á stuttum tíma. Tilkoma sjónvarpsútsendinga nú á að geta þokað úr sessi því erlenda sjónvarpi, sem þyrnir hefur verið í augum margra Íslendinga og ekki að ástæðulausu. En um leið og ég segi þetta vil ég þó láta þess getið, að ég tel sjónvarpið ekki eins aðkallandi mál og sum önnur á landi hér, eins og t. d. að taka rafmagnsmál og skólabyggingamál, svo að eitthvað sé nefnt. Þar af leiðandi held ég, að lántökur til að hraða dreifingu sjónvarps um landið eigi ekki endilega að sitja fyrir lántökum til annarra enn þarfari framkvæmda. Þegar á málið er litið í heild, finnst mér einnig, að allt of mikilsverðir hlutir í sambandi við það liggi enn óljóst fyrir og að almenningur hafi því ekki áttað sig á því fremur en ýmsu öðru, sem kemur mjög snögglega og menn hafa raunar ekki búizt við svo snemma.

Það er jafnvel talað um sjónvarpsdagskrá á hverjum degi strax nú í vetur. Mér finnst, að okkur muni nægja annað hvort kvöld fyrst um sinn og viðráðanlega langur tími hvert kvöld og fremur þurfi að hugsa til þess, að sjónvarpið verði ekki þunnt og leiðinlegt, en að hafa dagskrána svo og svo langa. Svo er einnig kostnaðarhliðin í þessu sambandi mikið atriði og ekki upplýst enn, hversu kostnaðarsamt verði um öflun efnis, ef sjónvarpsdagskrá er mjög löng.

Hér liggja fyrir nokkrar breytingar frá menntmn., sem ég geri ekki að umtalsefni, því að formaður n. hefur gert rækilega grein fyrir þeim. Ég skal ekki heldur ræða allsherjarbreytingar á útvarpsl., sem munu vera nauðsynlegar, því að hæstv. menntmrh. hefur lýst því yfir hér við umr. áður, að það mál sé nú í athugun og allsherjarbreytingar muni koma fram innan tíðar. En þar sem fram hafa komið nokkrar brtt. um lántökuheimildir, fyrst á þskj. 114 og síðan á þskj. 115 og loks á þskj. 134, frá meiri hl. menntmn., tel ég nauðsynlegt að fara um þær nokkrum orðum, þar sem nú ligg-

ur fyrir að greiða atkv. um þessar till. Að vísu hefur till. frá minni hl. n. verið tekin aftur eða henni breytt, en að efni til er hún þó enn hin sama.

Þegar málið var rætt í n., kom það fram, að mjög æskilegt væri að hraða sem allra mest dreifingu sjónvarps út um landsbyggðina, og um það var enginn ágreiningur, að þetta væri æskilegt. Ég held, að yfirleitt sé ekki mikill ágreiningur um þetta. En þó að ýmsar yfirlýsingar hafi komið fram í umr. um dreifingarmöguleika á sjónvarpi og sumar mjög athyglisverðar, verður þó að segja, að í þessu efni eru margir hlutir enn mjög í þoku fyrir almenningi og einnig fyrir þeim, sem reynt hafa að kynna sér þetta mál rækilega, því að engar fullnægjandi skýrslur eða áætlanir hafa verið lagðar fram um það og n., sem hafði þetta mál með höndum, hafði ekkert slíkt í höndum og aðeins fáa daga til að athuga málið. Þetta snertir bæði kostnað við endurvarpsstöðvar og dreifingu um allt land og þá einnig tæknilegu hliðina, sem mun ekki vera enn fullrannsökuð, að því er varðar okkar fjöllótta og strjálbýla land. Umr. um þetta mál og sumar yfirlýsingar, sem þó eru athyglisverðar, hafa vakið miklar vonir úti um land hjá fólki um það, að sjónvarpið væri senn að koma til þess út um alla landsbyggð. Því miður er ég hræddur um, að fleiri örðugleikar séu þarna á vegi en skýrðir hafa verið enn fyrir fólki og þetta muni reynast snuð eitt næstu árin á sumum stöðum. Samt efa ég ekki, að það muni takast mjög bráðlega að koma sjónvarpinu til þéttbýlli svæða landsins, eins og hér suðvestanlands og sunnanlands og um Eyjafjarðarsvæðið og eitthvað til Austurlands og Vesturlands. En er ekki ákaflega hætt við, að það reynist miklir örðugleikar á því að koma því mjög hratt og kostnaðarlítið yfir allstóra skika landsbyggðarinnar? Og meðan málið er ekki meira undirbúið en er í hendur þn., sem fékk aðeins fáa daga til að athuga það, finnst mér helzt til bráðráðið að kasta fram till. um stórar heimildir til lántöku til að hraða þessu áfram, a. m. k. örðugt fyrir þn. að átta sig á því að taka afstöðu til þeirra till. jákvætt á svo stuttum tíma sem um var að gera. Þar á ég bæði við það, hvað snertir upphæðir, sem nefndar hafa verið í þessu efni, og einnig þá tímalengd, sem um er talað í till. á þskj. 114, sem er aðeins 3 ár, og mér þykir ákaflega mikil bjartsýni að láta sér til hugar koma, að það takist að reisa endurvarpsstöðvar og allar þær smærri stöðvar, sem til þurfa, fyrir einar 50 millj., sem hér er talað um, og er mjög hræddur um, að þetta geti ekki staðizt. Þess vegna vil ég ekki ljá því lið að vekja vonir hjá fólki um svona auðvelda framkvæmd á þessu máli, sem það mundi binda við till. eins og þessa. Nær væri að hugsa sér, að þær framkvæmdir, sem hér er talað um, kynnu að vinnast með 100 millj. kr. lántöku, eins og hv. 4. þm. Vestf. hefur flutt till. um, en þó ætla ég, að það muni vera alls fjarri, að einnig hún nái tilgangi sínum. Þar af leiðandi hef ég ekki áhuga fyrir að styðja hana á þessu stigi málsins.

Við viljum sjálfsagt öll að því stuðla, að sjónvarpsdreifingu verði hraðað sem mest út um land, og það ætti sízt að sitja á mér að vera með úrtölur í því efni, þar sem í hlut á sá hluti landsbyggðar, sem ég tel verst settan og hafa einna mesta þörf fyrir þetta menningartæki, sem svo er nefnt, vegna þess að það fólk, sem þar er, er í meiri fjarlægð við önnur menningartæki, sem þéttbýlisfólkið hefur aðgang að. En ég held, að málið sé bara ekki svona einfalt, eins og sumir virðast halda, eða a. m. k. liggja ekki enn fyrir rök, sem styðja það, hvað þá sannanir. Þessar eru ástæður fyrir því, að ég tel ekki tímabært að samþykkja þær till., sem hér um ræðir til lántökuheimildar. Þær eru ófullnægjandi, þótt samþykktar væru, og mundu þar af leiðandi aðeins vekja vonir, sem ekki rættust hjá landsfólkinu. Aftur á móti er sú till., sem meiri hl. n. leggur hér til, að verði tekin upp, raunhæf um 25 millj. kr. lánsheimild. Hún er undirbyggð þeim rökum, eftir því sem fram kom í ræðu hæstv. menntmrh., að það má ætla, að hún verði að því gagni, sem ráð var fyrir gert. Þar af leiðandi hefur n. fundið ástæðu til þess að taka hana upp og styðja þannig að því, að þau byggðarlög, sem mundu njóta þeirra endurvarpsstöðva, sem gert er ráð fyrir að byggja fyrir þetta fé, mundu ná sambandi við sjónvarpið fyrr en ella, og þó að maður geti ekki sinnt öllum, er æskilegt að geta sinnt einhverjum, sem möguleikar helzt leyfa að sinnt verði.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. En ég vil aftur víkja að því, sem ég byrjaði á, að þó að sjónvarpið sé stórt mál og mikilsvert, tel ég það þó ekki í fyrstu röð stórmála og stórframkvæmda, sem þörf er á, og þess vegna eigi að athuga málið vel, hversu lántökumöguleikar eru miklir og hversu miklir möguleikar eru til að standa undir lánum, áður en því er ráðað upp, hvaða lántökur eigi að sitja fyrir. Og ég er ekki í nokkrum vafa um, að þó að sjónvarpið sé mikils háttar mál og sjálfsagt mjög þráð af öllum íbúum landsbyggðarinnar, eru þó önnur mál þar í fyrirrúmi, eins og t. d. raforkumál, bæði dreifiveitur og virkjanir, og einnig skólabyggingamál, og þar af leiðandi eru þau miklu meiri undirstöðumál, og ég vil segja, að þeir, sem hafa áhuga á miklum framkvæmdum og hröðum, ættu öllu heldur að snúa öllu sínu afli að því að hrinda þeim málum fram með lántökum en þó þessu, því að ég geri ekki ráð fyrir, að við höfum svo mikla lántökumöguleika og mikla getu til að standa undir lánum, að við getum tekið lán til allra hluta, sem við viljum viðurkenna að nauðsynlegir séu. Þó að ég segi þetta, vil ég ekki, að það sé skoðað svo, að ég sé að lasta sjónvarp, þvert á móti. En það er bara mál, sem ekki er fremsta mál í mínum augum nú, eins og sakir standa, að því er snertir framkvæmdir úti um landsbyggðina.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess eins að mæla með samþykkt brtt. meiri hl. menntmn. á þskj. 134. Ég vil endurtaka það, sem ég hef áður sagt við fyrri umr. um þetta mál hér í hv. Ed., að ríkisstj. var þegar búin að taka ákvörðun um byggingu aðalendurvarpsstöðvar dreifikerfisins á Skálafelli og um byggingu endurvarpsstöðvar fyrir Norðurland, aðalstöðvarinnar á Norðurlandi á Vaðlaheiði. Og fjármagn ríkisútvarpsins sjálfs mun duga til þess að greiða kostnað af byggingu þessara endurvarpsstöðva. Hins vegar er á þessari stundu ekki fyrirsjáanlegt, að fjárhagur ríkisútvarpsins sjálfs leyfi að byggja á næstunni aðalendurvarpsstöðvarnar fyrir Vestfirði og Austfirði. En vegna hins mikla áhuga, sem komið hefur fram í þessum landsfjórðungum á því að fá aðalendurvarpsstöðvarnar fyrir þessa landsfjórðunga líka, hefur ríkisstj. fyrir sitt leyti viljað mæla með því, að henni sé veitt heimild til lántöku, sem nægi til þess að koma upp þessum Vestfjarða- og Austfjarðaendurvarpsstöðvum. Ég hef áður gert grein fyrir því, að 25 millj. kr. lánsheimild til ríkisstj. í þessu skyni á að duga til þess, að Vestfjarða- og Austfjarðastöðin komist einnig upp, þannig að nokkurn veginn samtímis komist upp endurvarpsstöðvar fyrir alla landsfjórðungana fjóra og hornsteinar dreifikerfisins, ef svo mætti segja, komist því upp nokkurn veginn samtímis og á næsta tveggja ára tímabili.

Ég endurtek, að eins og nú horfir, mun 25 millj. kr. lánsheimild duga í þessu skyni, og þess vegna get ég mælt með þeirri brtt., sem um þetta efni er flutt af hálfu meiri hl. menntmn. á þskj. 134. Ef ríkisstj. telur síðar nauðsynlegt að taka viðbótarlán til dreifingar sjónvarpsins um landið, verður leitað lagaheimildar til þess, þegar þar að kemur.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Brtt. mín á þskj. 114 var mikið rædd við 2. umr. þessa máls. Síðan hefur menntmn. tekið till. mína til athugunar, og hefur nú meiri hl. menntmn. lagt fram till. á þskj. 134, brtt. við till. mína á þskj. 114. Ég taldi mig færa sterk rök fyrir minni till. við síðustu umr., og ég skal ekki hér endurtaka neitt, sem ég þá sagði. En ég vil með tilliti til þess, sem síðar hefur skeð, taka fram: Ég tel aðalatriðið, að tekið sé lán til að hraða dreifingu sjónvarpsins um landsbyggðina. Það er mín skoðun, að lántaka sé nauðsynleg til að gera mögulegan þann hraða á framkvæmdum þessum, sem menn virðast almennt gera ráð fyrir. Þess vegna taldi ég rétt, að ríkisstj. yrði veitt í lögum lánsheimild í þessu skyni. Till. mín var um lánsheimild allt að 100 millj. kr. Þessi till. miðaðist við framkvæmd verksins í heild, þ. e. framkvæmdir, sem stæðu yfir í nokkur ár. Nú er komin fram frá meiri hl. menntmn. sú brtt. við mína till., að upphæð lánsheimildar sé miðuð við 25 millj. kr. í stað 100 millj. Þessi breyting þykir mér ekki vera til bóta og raunar vera ástæðulaus. Hins vegar hefur menntmrh. nú lýst yfir, að ákveðið sé að nota lánsheimild þessa, allt að 25 millj. kr., til að reisa aðalsendistöðvar fyrir Vestfirði og Austfirði, en það þýðir, að þessar stöðvar verði reistar svo til samtímis öðrum aðalsendistöðvunum. Með þessu á að vera tryggt, að fyrstu áfangar sjónvarpsdreifingarinnar verði framkvæmdir svo fljótt sem kostur er. Enn fremur hefur menntmrh. lýst yfir, að ef ríkisstj. telur síðar nauðsynlegt að taka viðbótarlán til dreifingar sjónvarpsins um landið, verði leitað lagaheimildar til þess, þegar þar að komi. Með hliðsjón af því, sem hér er fram komið, er mér ekki aðalatriði, hvort till. mín er samþ. með óbreyttri upphæð lánsheimildar eða ekki. Mér er aðalatriðið, að tryggð sé lántaka til að sjá svo um, að eðlilegur hraði verði á verkinu. Ég vil hér ítreka það, sem ég sagði, er ég mælti fyrir till. minni við 2. umr. málsins: „Það má kannske segja, að það sé ekki aðalatriðið, hvað lánsheimildin er samþykkt há núna, því að það kemur þing eftir þetta þing, og það má að sjálfsögðu alltaf breyta þessum lögum.“ Með tilliti til þessa mun ég hvorki greiða atkv. með brtt. á þskj. 134 né gegn henni.

ATKVGR.
Brtt. 133,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 106 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 133,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 140 felld með 10:7 atkv.
— 134 samþ. með 12:4 atkv.
— 114 kom ekki til atkv.
— 139 felld með 11:7 atkv.
— 115 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 150).

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mál þetta er komið frá hv. Ed., sem samþykkti það á fundi síðdegis í dag. Efni frv. er að taka af um það öll tvímæli, að sjónvarpsrekstur heyri undir íslenzka ríkisútvarpið, en í gildandi l. um útvarpsrekstur ríkisins eru engin sérstök ákvæði um sjónvarp. Hins vegar hefur verið talið, að sjónvarp væri einn þáttur útvarps. 1957 tilkynnti menntmrn. ríkisútvarpinu, að það teldi sjónvarpsmál falla undir ríkisútvarpið, og hafa þær þrjár ríkisstj., sem síðan hafa setið, hagað sér samkv. þessu eða talið þennan skilning gildan. Hið sama gildir og um ýmsar ákvarðanir Alþ., þar sem sami skilningur kemur fram í ýmsum ákvörðunum Alþ., svo sem þegar það var samþ. á sínum tíma, að viss hluti af tekjum Viðtækjaverzlunar ríkisins skyldi ganga til ríkisútvarpsins til þess að annast undirbúning sjónvarps.

Ríkisútvarpið hefur haft þennan undirbúning með höndum og fengið til þess sérstakar fjárveitingar á Alþ. Það var ákveðið fyrir 3 árum, að aðflutningsgjöld af innfluttum sjónvarpstækjum skyldu ganga til stofnunar sjónvarpsstöðvar eða til greiðslu á stofnkostnaði íslenzks sjónvarps. Þegar þessi samþykkt var gerð, var það vitað, að ríkisútvarpinu hafði verið falið að annast þennan undirbúning, og má því segja, að Alþ. hafi með þessari samþykkt staðfest þann skilning þriggja undanfarandi ríkisstj., að útvarpslögin tækju í raun og veru til íslenzks sjónvarps. Þessi skilningur kemur einnig fram í alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, en í alþjóðafjarskiptasamningnum, sem gerður var í Genf 1959 og Ísland fullgilti 1960 og hefur raunar lagagildi hér á landi, er tekið svo til orða, að orðið „útvarp eða radíó" sé almennt hugtak, sem tekur til notkunar útvarpsbylgna, en sjónvarp byggist, eins og kunnugt er, á notkun útvarpsbylgna.

Þrátt fyrir allt þetta, sem ég hef nú rakið lauslega, hefur það verið dregið í efa, að útvarpsl. taki til sjónvarpsrekstrar, og er því sjálfsagt að taka af um það öll tvímæli. Er þetta þeim mun nauðsynlegra einmitt nú, vegna þess að fyrir dyrum stendur að taka ákvörðun um afnotagjald fyrir íslenzka sjónvarpið, en tilraunasendingar þess hófust 30. sept. s. l. Ég tel ekki rétt, að afnotagjaldið sé ákveðið, nema tekin hafi verið ótvíræð ákvæði í lög um útvarpsrekstur ríkisins um, að sjónvarp sé hluti af útvarpi og að ríkisútvarpið eigi að annast sjónvarpsrekstur. En einmitt af þessum sökum er nauðsynlegt, að þetta frv. hljóti afgreiðslu nú á þessu þingi. Afnotagjaldið verður að ákvarðast fyrir áramót.

Hv. Ed. gerði eina allmikilvæga breytingu á frv. Efnislega séð var það að öðru leyti samþ. óbreytt. En Ed. tók inn í frv. heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka allt að 25 millj. kr. lán og endurlána það ríkisútvarpinu til þess að koma upp aðalendurvarpsstöðvum. Eins og ég hef þegar skýrt hinu háa Alþ. frá, hefur ríkisstj. þegar ákveðið að byggja aðalendurvarpsstöð dreifikerfisins á landi, stöðina á Skálafelli, og enn fremur aðalstöðina fyrir Norðurland, þ. e. a. s. stöðina á Vaðlaheiði, og hefur sjónvarpið sjálft eða ríkisútvarpið sjálft nægileg fjárráð til þess að standa straum af stofnkostnaði þessara tveggja stöðva.

Þegar þessi ákvörðun ríkisstj. hafði verið kunngerð, kom í ljós alveg sérstakur og ég vil segja einstakur áhugi fyrir því, bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum, að aðalstöðvarnar fyrir Vestfirði og Austfirði yrðu líka byggðar í þessum fyrsta áfanga, þ. e. á næstu 2 árum. En fjárhagur sjónvarpsins, eins og horfur eru í dag, leyfir ekki að greiða stofnkostnað þessara hinna tveggja aðalstöðva dreifikerfisins af þeim tekjum, sem Alþ. hefur séð sjónvarpinu fyrir til þess að greiða stofnkostnað sjónvarpsins. Þess vegna varð það að ráði og ríkisstj. féllst á það fyrir sitt leyti, að menntmn. Ed. flytti brtt. við frv. um að heimila ríkisstj. lántöku, allt að 25 millj. kr., en sú fjárhæð á að duga miðað við þær kostnaðarupplýsingar, sem nú liggja fyrir, til þess að koma upp bæði Vestfjarðastöðinni og Austfjarðastöðinni. Ef frv. verður afgreitt þannig, ef ríkisstj. fær þessar heimildir, eins og frv. gerir nú ráð fyrir eins og það liggur fyrir frá hv. Ed., mun ríkisstj. nota þessar heimildir og hefjast handa um byggingu Vestfjarða- og Austfjarðastöðvanna nokkurn veginn samtímis Skálafellsstöðinni og Vaðlaheiðarstöðinni.

Þetta vona ég, að nægi, herra forseti, til þess að gera grein fyrir efni frv., og ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn., og leggja á það áherzlu, að d. afgreiði málið, áður en jólahlé hefst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til menntmn. með 33 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 150, n. 159, 162, 163).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur tekið frv. þetta til athugunar. N. kallaði á sinn fund framkvæmdastjóra og verkfræðing sjónvarpsdeildar ríkisútvarpsins og fékk hjá þeim ýmsar upplýsingar. Afgreiðsla n. á frv. er einróma á þá lund, að hún er einróma sammála um að mæla með samþykkt þess, en nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Við meðferð á þessu máli hefur komið fram hér í þinginu og kom alveg sérstaklega fram í menntmn. mjög mikill áhugi á því að hraða dreifingu sjónvarps um landið. Liggja hér fyrir till., sem ganga svo langt, að þær gera ráð fyrir, að það dreifikerfi, sem áætlanir hafa verið gerðar um, skuli verða fullgert á 2—3 árum. Mér finnst ástæða til þess að þakka mönnum fyrir svo mikinn stuðning við sjónvarpið og svo mikinn áhuga. En jafnframt sé ég ástæðu til þess að minna menn á það að gera hvorki sjálfum sér né öðrum tyllivonir í sambandi við þetta mál og vanmeta ekki þá tæknilegu örðugleika, sem hljóta að verða á því að byggja það dreifikerfi um landið, sem fyrirhugað hefur verið. Til samanburðar vil ég minna á, að Norðmenn hafa enn ekki komið sjónvarpi um land sitt allt og eiga verulegan hluta Norður-Noregs eftir, og jafnvel mesta sjónvarpsþjóð veraldarinnar, sem er Bretar, stendur í þeirri stöðu í dag, að allstórir hlutar af Norður-Skotlandi og Wales hafa hvorki sjónvarp frá ríkissjónvarpinu né einkasjónvarpinu þar. Brezka einkasjónvarpið byrjaði 1955 með fullar hirzlur fjár, en það er enn ekki búið að koma sínu dreifingarkerfi um allt Bretland og á eftir svæði, þar sem býr rúmlega 1 millj. manns.

Sjónvarpsnefnd gerði á sínum tíma, fyrir 2½ ári, athuganir á þessum málum, og lagði þá fram tvær áætlanir, aðrar um að koma fyrirhuguðu sjónvarpsneti upp á 5 árum, hina um að koma netinu upp á 7 árum. Báðar þessar áætlanir voru í raun og veru gerðar af verkfræðingum landssímans, sem þá voru, en landssíminn var þá eina stofnunin, sem hafði á að skipa mönnum með tæknikunnáttu á þessu sviði. Ég vil taka það fram, að nm. lögðu mjög hart að verkfræðingunum að gera áætlun um sem allra skemmstan tíma, og þannig varð 5 ára áætlunin til. En það er augljóst mál, að verkfræðingarnir töldu hana meiri eða minni óskhyggju og til þess að framkvæma þá áætlun mundi þurfa gífurlegt aukaátak og mikinn aukakostnað. Þeir töldu því, og ég hef gengið úr skugga um það nú síðast í dag, að þeir telja enn, að 7 ára áætlunin sé miklu frekar raunhæf. Þess vegna get ég sagt út af brtt., sem hér hefur verið lögð fram, þó að ég meti mikils áhuga manna, sem að henni standa, að það er algerlega útilokað, að það sé hægt að ljúka þessu kerfi 1969. Ég tel, að það sé hægt að gera sér raunhæfar vonir um að gera það, ef unnið yrði með hraða 7 ára áætlunarinnar, þannig að þetta kerfi yrði tilbúið 1972—1973. Við verðum að horfast í augu við staðreyndirnar í þessum efnum.

Það hefur verið talað um að reyna að ljúka 4 aðaldreifistöðvunum: á Skálafelli, Vaðlaheiði, Stykkishólmi og Fjarðarheiði, á 2 árum og taka þær allar sem fyrsta áfanga. Ríkisstj. hefur fallizt á að gera þessar stöðvar að einum áfanga og hefur fengið með þessu frv. lánsheimild, sem talið er að muni duga til þess, að örugglega yrði nóg fé til. En eftir munnlegum upplýsingum, sem ég hef fengið hjá verkfræðingum Landssímans í dag, telja þeir, að þeir geti gert sér góðar vonir um að ljúka Vaðlaheiði og Skálafelli haustið 1968, ef ekkert kemur fyrir, en þeir þori ekki að lofa Stykkishólmsstöðinni eða Fjarðarheiðarstöðinni fyrr en 1969, þannig að við verðum að hafa þann fyrirvara á, að þessi fyrsti áfangi geti tekið á þriðja ár frekar en tvö, eins og við höfum gert okkur vonir um hingað til.

Það er allmikið verk að koma upp einni endurvarpsstöð. Fyrsta verkið, sem þarf að vinna, og það, sem tekur lengstan tíma, eru mælingar. Verkfræðingar geta setzt niður og gert áætlanir um staðsetningu stöðva og hvert þær muni ná eftir korti. En slíkar áætlanir eru aldrei öruggar. Það verður að fara út og mæla þetta í náttúrunni. Síðan koma útboð á stöðvunum og pantanir. Þegar þessu er lokið, má reikna með afgreiðslufresti á tækjum, 12 mánuðum. Síðan þarf að setja sjálfar stöðvarnar upp, og þá er gert ráð fyrir, að í millitíðinni hafi verið byggðar nauðsynlegar byggingar, þar sem þeirra er þörf. Af þessu má sjá, að þetta hlýtur að taka nokkurn tíma. Staðan er sú, að það er enn ekki búið að ljúka nærri því öllum mælingum fyrir sendingarnar, sem eiga að vera frá Skálafelli og norður í Eyjafjörð. Þess vegna hefur enn ekki verið unnt að panta þessar stöðvar eða bjóða þær út, og það þarf að vinna nokkurt undirbúningsstarf enn, áður en það er hægt.

Þá vil ég minna á, að það eru miklir tæknilegir erfiðleikar á þessum framkvæmdum. T. d. er alger óvissa enn þá um það, hvort áætlanir verkfræðinganna um að ná sendingu frá Skálafelli til Eyjafjarðar muni standast. Erlendir verkfræðingar, sem hafa séð þessar áætlanir, hafa yfirleitt verið mjög svartsýnir á, að þetta væri hægt, en okkar verkfræðingar telja, að þetta muni reynast mögulegt, vegna sinnar reynslu af þráðlausa símanum. En það þarf enn þá miklar mælingar, áður en því verður slegið föstu, að þessi kjarni kerfisins muni standast. Ef eitthvað bilar, verður væntanlega að setja nýjar millistöðvar á þessari leið.

Þá er rétt að geta þess, að það þarf að gera miklar mælingar varðandi Austurlandsstöðina, og þær mælingar er ekki hægt að gera fyrr en komin er stöð á Norðurlandi, á Vaðlaheiði, af því að þær byggjast á sendingum þaðan. Þar af leiðandi hlýtur Austurlandsstöðin að verða a. m. k. eitthvað á eftir Vaðlaheiðarstöðinni. Þar að auki eru verkfræðingar nú teknir að velta fyrir sér, hvort ekki væri rétt að finna einhvern annan stað en Vaðlaheiði, dálítið austar, með tilliti til þess, að sú stöð gæti nýtzt fyrir fleiri af íbúum Þingeyjarsýslu, en þeir mundu lítið gagn hafa af Vaðlaheiðarstöðinni vegna þess, hvernig fjallgarðar liggja þarna.

Þá vil ég taka það fram hér, af því að menn hugsa mjög hver um sitt hérað og var kvartað um það í Ed., að Norðurl. v. mundi ekkert gagn hafa af þessum fyrstu framkvæmdum, að Skálafellsstöð er aðalstöð fyrir Norðurl. v. og að það má búast við því, að allmikið af byggðum í Húnavatnssýslu geti fengið sjónvarp beint frá Skálafelli og að fólk geti því náð því á mörgum stöðum, ekki öllum, t. d. á Blönduósi, enda á á Blönduósi að vera allstór endurvarpsstöð til að kasta áfram.

Þá vil ég minna á, að framkvæmdanet eða sendistöðvanet það, sem gerð hefur verið framkvæmdaáætlun um, nær að vísu yfir allt landið og á að ná til allra helztu byggða, en því hefur hvergi verið lofað, að það nái örugglega öllum byggðum, enda kemur í ljós, ef áætlunin er lesin, að það er talað þar um mikið af örsmáum stöðvum, sem menn verða bókstaflega að setja niður, þegar stærri stöðvarnar eru komnar, til þess að fylla í þau skörð, sem þá reynast vera í sjónvarpsmóttöku. Og í sambandi við það, að menn geri ekki óeðlilega miklar kröfur um að fá að vita eitthvað um ártöl, vil ég minna á, að bygging endurvarpsstöðva sjónvarps á Íslandi verður endalaus. Byggðin mun breytast. Það munu koma upp ný vandamál síðar, tækni mun breytast, þannig að það má búast við því, að svo lengi sem sjónvarp verður hér, verðum við að fylla upp í þetta og bæta við. Til þess að undirstrika þetta vil ég minna á, að við erum búnir

að hljóðvarpa eða útvarpa, hvort orðið sem menn vilja hafa, í 36 ár og nú á 2—3 síðustu árum er að koma í ljós mjög alvarleg þörf fyrir margar nýjar endurvarpsstöðvar fyrir útvarpið. Ég fer ekki út í það nú að skýra, af hverju þetta er, það eru til skýringar á því, en af þessum sökum vil ég minna á, að þetta er ekki verk, þar sem við getum dregið ákveðna línu og sagt: Nú erum við búnir. Þess vegna tel ég mjög skynsamlegt að halda sér við þá stefnu, sem valin hefur verið, reyna í fyrstu umferð að koma sjónvarpinu til allra landshluta, þannig að það hafi fengið fótfestu, og byggja síðar stærstu stöðvarnar, en gera þetta síðan allt eins hratt og aðstæður, tæknilegar og fjárhagslegar, leyfa. Sú stefna er án efa efst í huga allra, sem um þetta mál fjalla, og ég held, að það þurfi ekki að efast um, að sjónvarpið muni fara um landið eins fljótt og nokkur kostur er. En það hjálpar því lítið, þó að við gerum okkur hér tálvonir nú á fyrstu dögum þess, þegar við erum fullir af ánægju yfir því að vera nú loksins búnir að fá þetta og ánægju yfir því, að það skyldi í byrjuninni, hvað dagskrána snertir, takast eins vel og raun ber vitni.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja tvær brtt. við þetta frv. ásamt þeim hv. 3. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Norðurl. e. Fyrri till. er á þskj. 163 og er um það, að lánsheimildin, sem er 25 millj. kr. í frv., hækki upp í 50 millj. Síðari brtt. er ákvæði til bráðabirgða, sem kemur á eftir 5. gr. og er svo hljóðandi: „Ríkisútvarpið skal koma upp endurvarpsstöðvum sjónvarps í öllum landshlutum, og skal hraða framkvæmdum svo, að allar aðalendurvarpsstöðvar og millistöðvar, sem þörf er á, verði fullgerðar eigi síðar en á árinu 1969.“ Það náðist ekki samkomulag í menntmn. um þessi atriði, þó að við stöndum allir að till. um samþykkt frv. að öðru leyti.

Á fundi menntmn. í morgun voru mættir þar framkvæmdastjóri sjónvarpsins og verkfræðingur og voru að ýmsu spurðir þar. M. a. og ekki síst var rækilega spurt um, hvort það væru einhverjir sérstakir tæknilegir örðugleikar á því að koma upp dreifikerfinu á 3 árum, ef fjármagn skortir ekki. Og ég kannast ekki við, að þeir hafi gefið neinar upplýsingar um, að það væru tæknilegir örðugleikar á því, alls ekki. Þeir sögðu orðrétt: „Það er mikið hægt að gera, ef ekki skortir fé.“ En það var á það minnzt þarna í n., að Landssímann, sem hefur þessar framkvæmdir með höndum, kunni kannske að skorta mannafla til þess að framkvæma þetta á þremur árum, og man ég það, að framkvæmdastjóri sjónvarpsins svaraði þá: „Það eru víðar til menn en á Íslandi, sem kunna að setja upp endurvarpsstöðvarnar.“ Hann meinti, að það væri hægt að fá útlendinga til þess, ef það skorti mannafla hjá Landssímanum. Hins vegar heyrist mér á hv. frsm. n., að hér séu einhverjir gífurlegir tæknilegir erfiðleikar á ferðinni, svo að það sé ekkert vit í því að gera þessa þriggja ára áætlun. Ég vil fullyrða, að það hefur ekki komið fram í þeim upplýsingum, sem n. fékk hjá framkvæmdastjóra sjónvarpsins. Hitt vita allir, að auðvitað geta alltaf komið fram einhverjir erfiðleikar, en það er a. m. k. ekki vitað um það enn, að það þurfi að hindra þessa framkvæmd, ef ekki skortir annað, þ. e. a. s. fjármagnið.

En hvað fjárhagshlið þessa máls snertir, og það er kannske aðalatriðið að mínum dómi, þá er það að segja, að ég tel það bókstaflega óskiljanlegt, hvernig á því stendur, að hæstv. menntmrh., að mér skilst, stendur á móti því, að ríkisstj. fái hærri lánsheimild en 25 millj. Eftir þeim upplýsingum, sem við höfum fengið, mun vera ríflega áætlað, að allt sjónvarpskerfið, auk þess sem nú er búið að framkvæma hér í Reykjavík, — allt sjónvarpskerfið kosti um 180 millj., það var áætlað á 150 millj., og menn telja sæmilega ríflegt að gera ráð fyrir, að það kosti nú um 180 millj. Til þess að standa undir þessum stofnkostnaði eru innflutningsgjöld af sjónvarpstækjum, eins og hæstv. ráðh. hefur margoft skýrt frá, því að það er ætlunin, að innflutningsgjöldin standi undir stofnkostnaðinum, en afnotagjöld og auglýsingatekjur undir rekstrarkostnaði. Á hvern hátt geta þá innflutningsgjöldin staðið undir þessum stofnkostnaði? Gert er ráð fyrir, að hér eftir verði keypt 9 þús. sjónvarpstæki. Búið er að kaupa eitthvað kringum 14 þús. tæki, og menn reikna með, að það verði hér eftir keypt 9 þús. tæki, þegar sjónvarpið er komið um allt land. Innflutningsgjöldin af þeim tækjum, sem búið er að flytja inn, eða þær tekjur munu hafa nægt til þess að borga framkvæmdir hér í Reykjavík og kannske eitthvað meira, ég er ekki alveg öruggur um, að það borgi eitthvað meira. Nú eru þessar innflutningstekjur áætlaðar á ári í kringum 17½ millj., og það sjáum við líka á brtt. við fjárl., sem hæstv. menntmrh. var að leggja fram í kvöld, — 17½ millj. Tekjurnar af þeim 9 þús. tækjum, sem mundu þá verða keypt hér eftir, yrðu nálægt 70 millj. En þær 70 millj. koma ekki í gagnið fyrr en sjónvarpið er komið um allt land. Menn fara ekki að kaupa sjónvarpstæki, á meðan þeir hafa enga möguleika á að sjá neitt sjónvarp. Þær hljóta því á fyrstu árunum að verða talsvert minni en þetta, tekjurnar til þess að stofna dreifingarkerfið. Og hverjar eru svo aðrar tekjur til þess að standa undir þessu? Við skulum segja stofnkostnaðurinn 180 millj.? Ég veit ekki um neitt nema 25 millj. kr. lánsheimild. Það er því sýnilegt, að hér skortir verulegt fjármagn, hvernig sem farið er að. Jafnvel þó að sú áætlun, sem mér heyrist nú á hv. frsm. n., að eigi að vera 7 ára áætlun, hann heldur sig víst fast við hana enn, — jafnvel þó að það yrði 7 ára áætlun, skortir fé til þess að koma upp þessu kerfi, vegna þess að það stendur á tekjunum af innflutningsgjöldunum vegna þess, hvað dreifingin gengur seint.

Þá hefur verið haft orð á því, að það kunni

að vera hægt að draga eitthvað út úr rekstrinum og leggja við stofnkostnaðinn. En það liggur ekkert fyrir um það, að svo geti orðið. Samkv. afgreiðslu fjárl. eftir till. hæstv. ráðh. er það sýnilegt, að ekki er gert ráð fyrir neinum afgöngum þar. Það er því, held ég, engum blöðum um það að fletta, að ef á eitthvað að hraða dreifingu sjónvarpsins um landið, verður að taka lán og miklu meira lán en þetta, sem nú er gerð till. um í frv.

Hv. frsm. lagði á það áherzlu og alveg réttilega, að það er ákaflega mikill áhugi hjá mönnum yfirleitt í landinu að fá sjónvarpið, og sá áhugi er líka hjá þm. yfirleitt að hraða því að dreifa sjónvarpinu. En mér sýnist sá áhugi vera öllu minni hjá þeim, sem standa gegn því, að ríkisstj. fái meira en 25 millj. kr. lánsheimild. Og hvaða hætta er á því, að hæstv. ríkisstj. fái stærri lánsheimild? Hefur hún það ekki í hendi sinni, hvort hún notar hana að einhverju eða öllu leyti eða að hve miklu leyti? Það er svo sem ekkert verið að setja hæstv. ráðh. stólinn fyrir dyrnar með það, þó að við fáum 50 millj. kr. lánsheimild. En ef ekki eru samþ. nema 25 millj., þá má ríkisstj. ekki taka meira lán. Mér sýnast því allar horfur á því, að með svona lítilfjörlegri lántöku sé það sýnt, að það verður aðeins örfáum stærstu dreifistöðvunum komið upp — aðeins þeim allra stærstu.

Hv. þm. segir, að það sé áhugamál — mér skilst bæði hans og annarra — að koma sjónvarpinu í hvern landshluta. Ég hef harla litinn áhuga á því að koma sjónvarpi í landshluta, ef það er kannske einn, tveir eða þrír bæir, sem eiga að fá sjónvarpið í öllum landshlutanum. Ég skal nefna dæmi um þetta.

Það er gert ráð fyrir því, að í fyrsta áfanga, sem svo er kallaður, verði reistar 4 dreifistöðvar: á Skálafelli, í Stykkishólmi, á Fjarðarheiði og á Vaðlaheiði. Mér skilst, að Stykkishólmsstöðin eigi að nægja fyrir allt Vesturland og Vestfirði. Það er ekki talað um neina aðra dreifistöð þar fyrir utan smástöðvar, sem koma í nokkrum fjörðum þar fyrir vestan, en aðaldreifistöð fyrir Vesturland og Vestfirði og meira að segja fyrir Húnaþing að einhverju leyti er Stykkishólmsstöð. Það er nokkurn veginn öruggt, að þó að þessi stöð komist upp, þá sjá engir sjónvarp á öllum Vestfjörðum, nema ef til vill þrjár sveitir á Barðaströnd, — nokkurn veginn alveg öruggt, að sjónvarp sést hvergi annars staðar. Þetta kalla ég nú ekki að koma sjónvarpi á Vestfirði t. d. Það er mjög lögð áherzla á það, að þetta verði allt að koma í réttri röð, því að útsending í landshlutunum byggist á því, að dreifistöðvarnar komist upp, og allar dreifistöðvarnar byggist á Skálafellsstöðinni. Og þá skilst mér, að þetta sé svona: Það verði fyrst að byggja Skálafellsstöðina. Þegar hún er komin upp, má fara að byggja hinar þrjár og kannske einhverjar fleiri hérna sunnanlands. Þegar þær eru komnar upp, má fara að byrja á hinum smærri dreifistöðvum úti í landshlutunum, og svona koll af kolli. Ég get vel trúað því, að það sé hægt að dreifa þessu á meira en sjö ár með þessu fyrirkomulagi. En ef þetta er ekki nauðsynlegt fjárhagsins vegna, hvers vegna er þá verið með svona áætlun? Þá gæti útgerðarmaðurinn alveg eins sagt, t. d. síldarútgerðarmaðurinn: Fyrst verð ég náttúrlega að kaupa síldarnót, ég veiði með henni, svo skipið, þegar nótin er fengin, svo þegar búið er að fá skipið, þá verður að fara að byggja síldarverksmiðju, og svona koll af kolli. — Er nokkuð ómögulegur hlutur að byggja þetta samtímis, ef fjármagn er fyrir hendi og ef mannafli er fyrir hendi og engir tæknilegir örðugleikar hindra það og ef viljinn er fyrir hendi? Ég held ekki.

Ég vil ekki vera að teygja að óþörfu þessar umr., en ég vil endurtaka það, að eigi að fella þá till. að auka lánsheimildina upp í 50 millj., sem er sannarlega ekki há upphæð, þá er viljinn fyrir útbreiðslu sjónvarpsins minni en þessir menn láta af. Ef það á að vera einhver háski fyrir hæstv. ráðh. að fá heimild upp á 50 millj. kr., hvort sem hann notar hana á þessu ári, næsta ári eða hinu, er viljinn ekki harla mikill.

Ég get látið þetta nægja. Ég held, að það sé ekki miklu við þetta að bæta, þetta er svo einfalt og auðskilið fyrir hvern sem er.

Hv. frsm. n. minntist á afgreiðslufresti, þeir séu langir, og það getur vel verið, ég þekki ekkert inn á það. Það er ekki farið að panta enn stöðina á Skálafelli. Hvenær það verður gert, hef ég engar upplýsingar um. Ef á að fara að panta hinar stöðvarnar, stóru dreifistöðvarnar, eftir að Skálafellsstöðin er kannske komin upp, getur tognað úr þessu. En ég hélt, að það væri mikilsvert, að undirbúningur gæti gengið það hratt, að ekki þyrfti að bíða missirum eða kannske árum saman eftir því, að hægt væri að panta þessar dýrmætu stöðvar. Það getur vel verið, að það sé rétt hjá hv. frsm., að það skorti eitthvað á mælingar, en mér þykir alveg merkilegt, þegar við fáum á fund okkar bæði framkvstj. sjónvarpsins og verkfræðing, að þeir tala ekki um þetta. Það var öðru nær. Hins vegar var auðheyrt á þeim, að þeir bjuggust við því, að landssíminn ætti eitthvað erfitt með að framkvæma mikið á skömmum tíma eða á fáum árum og þá væntanlega vegna skorts tæknifróðra manna. Og það var ekki að tilefnislausu, sem framkvstj. svaraði þá: „Það eru víðar tæknimenn til að setja upp endurvarpsstöðvar en á Íslandi". M. ö. o.: hann var að benda okkur hreinlega á, að ef það stendur á þeim, er ekkert annað en að fá tæknifróða menn frá öðrum löndum til þess að gera þetta. En það skyldi þó aldrei vera það, að landssíminn sé þessu máli einhver fjötur um fót, ekki að gamni sínu, heldur af því að hann skorti mannafla eða af einhverju öðru? En þá verður bara að ráða bót á því. Þá er það sýnilegt, að þó að tekið væri lán og mun stærra lán en þetta, þessar 50 millj., til þess að hraða dreifingu sjónvarpsins, þyrfti sú lántaka ekki að standa til mjög langs tíma, vegna þess að tekjumöguleikarnir

til að endurgreiða þau lán aftur eru þó nokkrir, ef sjónvarpið fær að dreifast út um landið á tiltölulega skömmum tíma, svo að tekjurnar komi af innflutningsgjöldunum af tækjunum.

Þá hefur mér verið tjáð, — ég vil gjarnan, að það komi fram hérna, — af manni, sem þekkir vel til í þessum efnum, að stöðvarnar, þessar dreifistöðvar, sé tiltölulega auðvelt að fá með gjaldfresti, fá þær með 5 ára afborgunum, það standi ekki á seljendum þessara stöðva að selja þær með slíkum kjörum. Það hafa einhvern tíma verið meiri erfiðleikar í fjármálum íslenzkra fyrirtækja en í þessum efnum, og ætti þess vegna ekki að þurfa að draga í mjög mörg ár að koma þessum ágætu fjölmiðlunartækjum til landsmanna, því að ég tel, að sjónvarp geti valdið svo að segja byltingu í dreifbýlinu, þegar fólk getur séð og heyrt daglega kannske viðburði utan úr heimi, hvaðan sem er, í staðinn fyrir þá möguleika, sem þar eru fyrir hendi nú á tímum. Því legg ég mikla áherzlu á, að þessu sé hraðað, og ég tel, að þessu fólki sé miklu meiri þörf á sjónvarpinu en nokkurn tíma fólkinu í þéttbýlinu. Og ég legg áherzlu á, að það verði ekki hindrað, og ég er reyndar sannfærður um, að það verður ekki hægt að hindra þjóðina í að fá þetta tæki á tiltölulega skömmum tíma, áhuginn er svo mikill á útbreiðslu sjónvarpsins.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá frsm. menntmn., mætti á fundi hennar í dag framkvæmdastjóri sjónvarpsins og verkfræðingur þess. Það var þar mjög óskað eftir því, að þeir, eftir því sem þeir hefðu aðstöðu til, gæfu yfirlit um þróun þessara mála í framtíðinni, bæði hvað tæknihliðina snerti og eins hvað fjárhagshliðina snerti. Varðandi tæknihliðina upplýsti verkfræðingurinn, að þeir ættu erfitt með að gefa n. þær upplýsingar, sem óskað var eftir, vegna þess að landssíminn hefði undirbúið málið og það væri enn mjög í hans höndum að veita þær upplýsingar og frekast í hans höndum að veita þær upplýsingar, hvað þá hlið málsins snerti. Það lágu fyrir n. hinar umtöluðu 7 eða 5 ára áætlanir, og tel ég, að ekki hafi komið fram frá fulltrúum sjónvarpsins, hvort hægt væri að koma sjónvarpskerfinu á um land allt á skemmri tíma.

Hvað fjárhagshliðina á málinu snerti fékk n. mun betri upplýsingar, og voru þær þannig, að það væri reiknað með, að auglýsingar og afnotagjald, þessir tveir tekjustofnar, stæðu undir rekstri sjónvarpsins, hins vegar mundu aðflutningsgjöldin af sjónvarpstækjum og að ég held einnig efni til viðgerða á sjónvarpstækjum ganga til uppbyggingar dreifikerfisins um landið. Það er rétt, sem hér hefur verið bent á, að það var þeirra áætlun, að þegar væru komin inn í landið um 14 þús. tæki og til viðbótar mætti á næstu árum reikna með, að kæmu um 9 þús. tæki, og gæfi þetta um nokkurt árabil eða eftir nokkur ár samtals um 70 millj. kr. til uppbyggingar dreifikerfisins. Ég tel af þessu, að það sé alveg ljóst, að til uppbyggingar kerfisins þarf ríkisstj. eða stjórnvöld á hverjum tíma að fá mun hærri fjárhæð eða heimild til lántöku fyrir mun hærri fjárhæð en gert er ráð fyrir í 4. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir. En ég undirstrika, að þetta þurfa stjórnvöld, þegar þar að kemur.

Ég held, að öllum þm. sé það ljóst, að þetta sjónvarpsmál, sem mjög var rætt í Ed., sé og muni verða miklu stærra mál en við höfum kannske almennt gert okkur grein fyrir. Með tilkomu sjónvarpsins hér á Suðvesturlandi og Suðurlandi, þar sem það nær, kemur það í ljós, að áhugi fólks á að fá aðstöðu til að horfa á sjónvarp er meiri en menn hafa fyrir fram almennt gert sér grein fyrir. Ég tel þetta skiljanlegt, og ég hygg, að það sé ekki ofsagt, þó að því sé haldið fram, að sjónvarpsmálið sé mun stærra dreifbýlismál en við gerum okkur grein fyrir. Það er ekki einasta, að fólk óski þess að hafa aðstöðu til að sjá sjónvarp. Sumir leggja mjög mikið upp úr því í dreifbýlinu, aðrir kannske minna. En það, sem ég veit, að verkar mjög mikið á fólk úti á landi, er, að það vill geta búið við sömu aðstöðu og þéttbýlið og gerir kröfur til þess, að fyrir því verði séð. Ég tel, að þetta sé ekki minni þáttur hjá fólkinu í dreifbýlinu, að það sé ekki sett til hliðar, búi við verri aðstöðu en við, sem búum í þéttbýlinu, og því verði sköpuð aðstaða til að njóta þeirra þæginda, sem þar eru. Ég tel, að þetta sé það mikið mál fyrir dreifbýlið, að það verði að leggja alla áherzlu á það að koma upp sjónvarpskerfinu úti um alla landsbyggðina, eins fljótt og tök eru á. Ég tel, að það eigi að vera stefna ríkisstj., bæði nú, og ég er sannfærður um, að það verður stefna komandi ríkisstj. í þessu máli að hraða uppbyggingu sjónvarpsins, eftir því sem tækniaðstæður eru til, en láta fjármálin þar ekki hindra í neinu. Þetta er ekki það stórt mál fjárhagslega séð, að ríkissjóði sé það ekki fært með lántökum eða framlögum, og ég tel, að þetta eigi að vera og hljóti að verða stefna þeirrar ríkisstj., sem við tekur nú eftir næstu kosningar.

Eins og ég minntist á og fyrir liggur, er heimild til lántöku að upphæð 25 millj. kr. í frv. því, sem hér liggur fyrir, og er þá gert ráð fyrir, að það fé verði fyrst og fremst notað til uppbyggingar aðalstöðvanna. Ég held, að öllum hljóti að verða það ljóst, að þetta kerfi er þannig, að fyrst þarf að byggja þessar aðalstöðvar og síðan dreifistöðvarnar út frá þeim. Ég tel það engu máli skipta og tel till. þá, sem hér er fram komin um, að þessi heimild verði hækkuð upp í 50 millj., ég tel hana alveg ástæðulausa og engu máli skipta, vegna þess að með þeirri heimild, sem í frv. er, er séð fyrir uppbyggingu aðalstöðvanna, og það liggur alveg ljóst fyrir, að þó að þær væru pantaðar strax í dag, tekur það ár að fá þær, þannig að þær koma ekki til landsins fyrr en

síðari hluta næsta árs. Hins vegar, eins og ég sagði áðan, liggur það einnig ljóst fyrir, að þegar kemur að því að halda uppbyggingunni á stærri stöðvunum áfram og koma kerfinu víðar um landið, þarf mun hærri fjárhæð til að fullgera það kerfi en sú till. gerir ráð fyrir, sem hér liggur fyrir, þar sem lagt er til, að þessi heimild verði hækkuð upp í 50 millj. Ég er sannfærður um, að með þeim áhuga, sem er bæði hér á Alþ. og hjá öllum almenningi um land allt, þá mun Alþ. veita hverri ríkisstj. nægilegar heimildir til lántöku til uppbyggingar kerfisins, eftir því sem þörf krefur, og ég tel, að það eigi að vera stefna ríkisstj. í þessu máli, bæði nú og síðar, að láta ekki fjárhagsleiðina að neinu leyti hindra uppbygginguna, heldur verður hún að framkvæmast með þeim hraða, sem tæknilega er mögulegt. Ég tel, að það sé aðalatriðið, að eftir þessu verði farið. Hvort lánsheimild í fyrstu umferð er 25 eða 50 millj., tel ég ekki skipta neinu máli, því að 25 millj. eru nægilegt fé, við verðum að trúa því, það hafa verið veittar um það upplýsingar frá þeim aðilum, sem þetta mál þekkja, — það er nægileg upphæð til að koma grunnstöðvunum áfram, fá þær hingað til landsins og koma þeim upp, þannig að það er fyrir þeim þegar séð, þó að hins vegar liggi einnig fyrir, eins og ég hef áður sagt, að heildarupphæð, sem endanlega þarf að veita ríkisstj. heimild fyrir, sé mun hærri en þessar 25 millj., mun hærri en þær 50 millj., sem till. gerir ráð fyrir, og hlýtur að koma, þegar að því kemur, að endanlegar smærri stöðvar og smærri dreifistöðvar er nauðsynlegt að byggja.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að sjónvarpið sé e. t. v. miklu stórbrotnara mál og mikilvægara í augum þjóðarinnar en allur þorri manna hefur gert sér ljóst til skamms tíma. Hins vegar hygg ég, að margir þeir, sem staðið hafa fyrir að berjast fyrir sjónvarpinu, t. d. útvarpsráðsmenn, sem hér eru í húsinu fjórir, hafi skilið þetta fyrir löngu.

Ég skil satt að segja ekki ástæðuna fyrir því, að hv. 3. þm. Vestf. er að æsa sig hér upp og belgja sig út, liggur mér við að segja, út af þessu máli og reyna að aka því þannig til, að hann geti dylgjað með það, að menntmrh., ég eða aðrir hafi ekki áhuga á því að koma sjónvarpinu um landið. Ég held, að það sé sízt af öllu ástæða til þess að gefa slíkt í skyn, og ég tek slíkt ekki alvarlega og vænti þess, að hann meini þetta ekki. Og ég vil segja það um till. hans, að ég tel, að hún sé flutt hér að meira eða minna leyti út í hött, upphæðin 50 millj. Það er tekin slétt og hugguleg tala, sem byggist ekki á neinu. Þetta er alveg út í bláinn. Till. sú, sem menntmrh. féllst á að setja inn í frv. í Ed., er byggð á því, sem við vitum, áætlunum um lánsfjárþörf til þeirra framkvæmda, sem ákveðnar eru fyrir árin 1967, 1968 og fram á árið 1969. Og allur framgangur sjónvarpsins hefur kennt okkur, að þetta er nýjung, sem við höfum ekki fengizt við áður, og við lærum meðferð þess bókstaflega frá mánuði til mánaðar. Þess vegna er alls ekki skynsamlegt að reyna að negla svona hluti niður allt of langt fram í tímann, heldur er hitt aðalatriðið, hvort menn trúa því, að það sé vilji til þess að breiða þetta út eins ört og nokkrir möguleikar eru á eða ekki.

Ég vil taka það fram til skýringar, — aðeins leiðrétta örfáar af þeim fjölmörgu villum, sem voru í ræðu hv. þm., — ég vil aðeins taka fram til skýringar, að verkfræðingur sjónvarpsins hefur aðeins með útsendinguna hérna í Reykjavík að gera, það sem henni viðkemur, hann hefur ekki með dreifikerfið að gera. Dreifikerfið er eingöngu í höndum landssímans, uppbygging þess og rekstur. Það var það, sem hann sagði, þegar hann var spurður, hann sagði: Ég get ekki svarað þessu, af því að ég hef ekki með það að gera, og landssíminn á að svara því. — Ég tel, að það sé alls ekki rétt að draga þá ályktun af þessu samtali í n. í morgun, að framkvæmdastjóri og verkfræðingur sjónvarpsins sjái ekkert því til fyrirstöðu að byggja allt sjónvarpskerfið á 3 árum. Ég held, að það sé alls ekki rétt. Ég hef hins vegar í dag eins og oft áður talað við verkfræðinga landssímans um þessi mál, og þeir hafa ítrekað það, sem ég sagði í n., í morgun, hv. þm. hefur annaðhvort ekki heyrt eða ekki viljað heyra, að 5 ára áætlunin hafi verið talin þannig, að það væri teflt á tæpasta vað og það mundi kosta mjög mikinn aukakostnað að pína framkvæmdir það hratt, og sjónvarpsnefndin og verkfræðingar landssímans, sem unnu með henni, hafi talið, að 7 ára áætlunin væri raunhæf. Þeir ítrekuðu það við mig síðast í dag, þegar ég spurði þá: Hvað haldið þið, að væri hægt að gera þetta fljótt, ef stæði ekki á neinum peningum? Og þá komu þeir aftur að því, að 7 ára áætlunina höfum við gert og við teljum, að hún sé raunhæf og henni væri hægt að fylgja, ef allar aðstæður væru réttar. Það er því ekki af því, að ég sé allt í einu orðinn á móti sjónvarpi, að ég sé farinn að gerast einhver dragbítur, að ég bendi á þetta, heldur vil ég endurtaka það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að mér finnst áhugi manna svo mikill á að hraða þessu, og ég skil hann vel og met hann, að mér finnst mér beri skylda til þess að vara við því, að það er hætta á því, að menn skapi sjálfum sér eða öðrum tálvonir. Ég tel, að það mundi skaða sjónvarpið og okkur alla, ef við færum að vekja vonir manna um, að það sé raunverulega hægt að gera þetta á 2—3 árum, þegar það er ekki hægt. Og hann spurði: Hvaða tæknilegir örðugleikar eru á þessu? Ég tók það fram, að það, sem tekur lengstan tíma og mesta vinnu og kostnað í undirbúningi, eru mælingar. Í núverandi áætlun eru stöðvarnar settar niður bara eftir lauslegri athugun verkfræðinga eftir kortum. Áður en stöðvarnar eru endanlega ákveðnar, pantaðar, þá verður að fara með tæki á staðinn og um allt

nágrennið og gera mjög nákvæmar mælingar, sem taka langan tíma. Ég skal nefna honum dæmi þessu til sanninda. Hann spurði sjálfur í morgun um Stykkishólmsstöðina, af hverju hún væri þarna niðri í bæ, ekki uppi á einhverri hárri hæð. Ég leitaði mér upplýsinga um þetta. Þá kom í ljós, að þeir telja, að það þurfi svo miklar mælingar í kringum Stykkishólmsstöðina, áður en það er hægt að ákveða henni stað, koma henni fyrir, að þess vegna er ekki hægt að koma stöðinni upp eða hafa hana tilbúna fyrr en sennilega í byrjun árs 1969. Þó að stöðin lægi hér á hafnarbakkanum í dag, þá verður hún ekki komin upp fyrr en eftir nokkrar vikur. Það hefur komið til greina að finna annan stað, m. a. vegna sendingarinnar vestur. Það þarf að gera reynslusendingar og athuga, hvort hægt er að komast af án fleiri millistöðva. Þeim hefur dottið ýmislegt þannig í hug, dottið í hug sjálfvirk stöð uppi á Snæfellsnesfjallgarði, sem gæti greitt fyrir þessu sambandi öllu saman. Þetta er allt óleyst mál, og verkfræðingarnir lofa því ekki að hafa þessar stöðvar til, fyrr en þeir hafa fengið að gera þessar athuganir og mælingar. Það er því alls ekki út í bláinn sagt, að það þurfi undirbúning, og það er annað en að panta eitthvert góss og fá það í pakka og halda, að svo hafi maður sjónvarp.

Ég vil endurtaka það, að ég á ekki von á því, að peningahliðin muni draga úr hraðanum á þessum framkvæmdum, heldur hitt, að við verðum að þreifa okkur áfram bókstaflega hlekk fyrir hlekk. Sjónvarpsgeislinn er einu sinni þannig, að það er ekki hægt að segja fyrir fram, hvernig hann hegðar sér í óliku landslagi.

Út af fjárhagshliðinni og því, hvar við ætlum að fá þessar 180 millj. kr., sem í þetta fara, þá tala þeir um það, að Íslendingar eigi eftir að kaupa 9 þús. sjónvarpstæki og af því fáist tekjur, 70 millj. Ég tel, að þessi áætlun sé ekki rétt. Ég játa það, að í sjónvarpsskýrslunni eru allar tölur um það, hvað við búumst við að verði mörg tæki flutt inn, mjög lágar, af því að menn voru fyrir 2—3 árum hræddir við háar tölur og þekktu það ekki. En athugið, að það eru komin 14 þús. tæki í suðvesturhorn landsins. Ég held, að það séu um 30 þús. heimili á þessu sama svæði. Eigum við ekki að reikna með því, að meira en annað hvert heimili geti eignazt sjónvarp? Haldið þið, að það verði ekki eitt einasta sjónvarpstæki keypt á öllu þessu svæði á komandi árum? Jú, svo sannarlega. Mér kæmi ekki á óvart, þótt næstu 5—6 árin verði keypt önnur 8—9 þús. tæki á þessu svæði til viðbótar við þau, sem verða keypt út á landsbyggðina. Og talan 9 þús. úti um landsbyggðina er á sama hátt íhaldssöm. Núna getur maður verið djarfari í þessu, af því að við höfum þegar reynsluna. Við erum búin að sjá, hvað fólkið sækist eftir þessu og kaupir þetta ört, en þegar við gerðum áætlanirnar um þetta, vissum við ekkert um það, það voru 500—600 tæki í landinu.

Þá vil ég taka það fram, að sú skipan, sem ráðh. hefur ákveðið nú, að aðflutningstekjurnar eigi að fara í uppbygginguna á dreifikerfinu, en auglýsingatekjur og afnotagjald eigi að fara í reksturinn, hún mun væntanlega gilda í næstu 2—3 ár, en það er alls ekki víst, að hún gildi miklu lengur. Og það má ganga út frá því vísu, að þessi regla breytist, vegna þess að þegar fjöldi notenda verður miklu meiri og þegar reksturinn er kominn í góðan gang, þá má reikna með því, að auglýsingatekjur verði miklu voldugri stofn en við höfum nokkurn tíma þorað að setja á pappír og þá verði rekstrartekjurnar það miklar. Hins vegar er þetta allt við það miðað, að við komum upp á fyrstu tveim árunum eða svo því „útsendingarapparati", sem á að duga okkur í allmörg ár. Við getum ekki byrjað sjónvarpssendingar á kortéri og farið svo upp í hálftíma, svo upp í þrjú kortér. Við verðum að byrja á einhverju, hvort sem það verða 2 dagar eða 4, 5 eða 6. Þess vegna mun rekstrarkostnaðurinn ekki aukast eftir sams konar „kúrfu" og tekjurnar hljóta að aukast.

Loks vil ég minna á það, að íslenzk stjórnvöld hafa fengið sjónvarpinu þrjá tekjustofna: í fyrsta lagi aðflutningsgjöldin af tækjunum, sem er mjög rausnarlegt, að láta nýja stofnun fá slíkan stofn, og svo afnotagjöldin og loks auglýsingatekjurnar. Sömu stjórnarvöld, sem hafa með að gera dreifingu sjónvarpsins um landið, taka ákvarðanir um þessa tekjustofna. Hvað höfum við aðflutningsgjöldin af sjónvarpstækjunum mikil? Hvað höfum við afnotagjöldin há? Hvað höfum við auglýsingarnar dýrar? Með því að ráða tekjustofnunum, — það eru auðvitað takmörk fyrir því, hvað þessir stofnar þola, eins og allir, — en með því að ráða þessu eiga stjórnvöld að geta séð til þess, að það komi þarna inn þær tekjur, sem þarf til þess að greiða fyrir þessu kerfi. Og einmitt á þennan hátt er dæmið sett upp nákvæmlega tölulega alveg á enda í sjónvarpsskýrslunni, og það má sjá þar, hvernig þetta fléttast saman, þó að allar tölur, sem þar eru, séu nú tveggja og hálfs árs gamlar og að ýmsu leyti úreltar. En sjálf uppbyggingin á þessu, hugmyndin er sú sama og þar var, og ég held, að hún geti staðizt. Ég vil því enda á því, að ég tel, að Alþingi geti treyst því, að þeir, sem með þessi mál hafa að gera í ríkisstj. og annars staðar, hafa fullan hug á því að koma sjónvarpinu um landið eins fljótt og framast er hægt, en það er ástæða til þess að vara menn við því að gera sér óraunhæfar vonir.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Sunnl. hefur nú lýst skoðunum sínum á þessu máli og eru þær í aðalatriðum mjög svipaðar þeim skoðunum, sem ég hef á því, greinir þar lítið á milli, nema hvað snertir þörfina fyrir lántöku. Þegar hv. þm. er búinn að lýsa nauðsyn á því að hraða uppbyggingu dreifikerfis sjónvarps um landið og hversu þýðingarmikið þetta sé fyrir landsmenn og dreifbýlið og alla að koma þessu á, þá kemst hann að þeirri

niðurstöðu, að það skipti engu máli, hvort ríkisstj. megi taka 25 millj. kr. lán eða 50 millj. kr. lán. M. ö. o.: það skiptir engu máli, hvort ríkisstj. hefur mikla eða litla peninga úr að spila. Ég verð nú að segja eins og er, ég skil ekki svona rökfærslu. Ég hélt, að það mundi heldur greiða fyrir uppbyggingu sjónvarpsins, ef ríkisstj. hefði nóga peninga, en hún hefur það auðsjáanlega ekki, ef hún á að hafa aðeins 25 millj. kr. lánsheimild. Ég ætla ekki að neita því, að hv. 5. þm. Vesturl. er kunnugur þessum málum og getur talað af nokkurri þekkingu um þau. En hann er búinn að gera lífandis ósköp mikið úr þessum tæknilegu erfiðleikum. Mér skilst, að það eigi eftir að mæla allt alls staðar og það sé eiginlega ekki hægt að vita, hvar þessar stöðvar eiga einu sinni að koma, þ. á m. Stykkishólmsstöðin, það sé eftir að mæla, hvar hún eigi að vera. En þó getur hann sagt það og hæstv. ráðh., að hún skuli vera í Stykkishólmi. Eitthvað eru þeir nú farnir að mæla. Þeir vita, hvar Skálafellsstöðin á að vera og Vaðlaheiðarstöðin o. s. frv. En þó er eiginlega allt eftir. Það er erfitt að skilja þetta, svo að ég taki nú ekki sterkara til orða. Ég neita því ekki, að tæknilegir erfiðleikar geti komið upp, þegar kemur til framkvæmdanna. Þá bendir hann mér á einn hlut, að verkfræðingurinn, sem kallaður var á fund menntmn. í morgun, sé ekki verkfræðingur þessara framkvæmda. Til hvers var þm. þá að biðja um þennan verkfræðing á fund nefndarinnar? Af hverju var ekki fenginn réttur verkfræðingur? Þetta er „vitlaus" maður, sem hv. formaður menntmn. hefur kallað á sinn fund. Ég vissi ekki annað en þetta væri sérfræðingur, sem við gætum leitað allra upplýsinga hjá. Nei, nei, þetta er allt annar verkfræðingur. Þetta kalla ég eiginlega mistök. Því var ekki verkfræðingur landssímans látinn koma þarna? En það er aftur á móti staðreynd og hv. frsm. neitaði því ekki, sem ég sagði, að þeir, framkvæmdastjóri sjónvarpsins og verkfræðingurinn, gátu ekki bent okkur á þessa tæknilegu örðugleika.

Hv. 5. þm. Vesturl. segist hafa mikinn áhuga á útbreiðslu sjónvarps, og ég held líka, að hann geri það út af fyrir sig og hann geti ekki láð mér eða öðrum, þó að við höfum það líka. En finnst honum sjálfum það nógur áhugi að skera lánsheimildir svo við nögl sér, að ekki verði hægt að byggja meira á þremur næstu árum en fjórar stöðvarnar? En það hefur hann sagt hér í ræðu sinni núna, það séu þessar 4 stöðvar, það sé sá áfangi, sem eigi að reyna að koma upp fram til 1969: Skálafell, Vaðlaheiði, Stykkishólmur, Fjarðarheiði. Næstu 3 árin fáum við ekki annað. (Gripið fram í.) Það geta verið þær hérna sunnanlands, ég er að tala um hina landsfjórðungana. En hvað verður þá mikill hluti af fólkinu vestanlands, norðanlands og austanlands, sem getur notið sjónvarps, þegar þessar stöðvar eru komnar upp? Vantar ekki mikið á kerfið fyrir því? Jú, ég er hræddur um, að það vanti æðimikið. M. ö. o.: það er ekki nema lítið brot af fólki í öllum þessum landsfjórðungum, sem getur notið sjónvarps, þó að þessar stöðvar komi. Og þá hugsar hann og þeir, sem með honum standa í þessu, að komi næsta tímabil, líklega 4 ár, miðað við 7 ára tímabilið, til þess að byggja hitt upp. Þetta er þeirra áætlun, og þeir virðast ófáanlegir til þess að breyta þessum hugmyndum sínum um, að þetta taki 7 ár. En má ég nú ekki spyrja hv. frsm. n.: Á hverju byggist það, að hann og ráðh. og mér skilst stjórnarliðarnir hér standa svo einbeittlega gegn því, að heimildin sé hækkuð, heimild til lántöku sé hækkuð upp í 50 millj.? Hann segir, að það þurfi miklu meira fé. Það er alveg rétt. Hv. 3. þm. Sunnl. segir það sama, það vanti miklu meira. En að fara að hækka lánsheimild úr 25 millj. upp í 50 millj., það er bara hreint út í bláinn, segir hv. þm., það er alveg út í bláinn, út í hött. (Gripið fram í.) Er það ekki nær því, að hægt sé að byggja meira að hafa 50 millj. en 25 millj.? Þetta skilur enginn, að þetta sé hægt að samrýma áhuga um dreifingu sjónvarps. Það verður aldrei hægt að láta nokkurn mann skilja þetta. Hann getur engan úr sínum eigin flokki fengið til að skilja þetta, því að þetta liggur svo opið fyrir öllum mönnum, að það að hafa lánsheimild, sem er 50 millj., það skapar meiri möguleika til framkvæmda en að hafa bara 25 millj. Samt er ekki þeim að vikja, það skal ekki fara yfir 25 millj., sem ráðh. má taka að láni. Nú er enginn að skipa ráðh. að taka þetta að láni. Hann hefur það á valdi sínu. En ef honum lægi á og ef gengi vel að koma upp fleiri millistöðvum, þá gæti hann haldið áfram, af því að hann hefði heimildina.

Hv. 3. þm. Sunnl. sagði í ræðu sinni hér áðan: Það skiptir mig engu máli, hvort þessi till. er samþ. eða ekki, það mun hvaða ríkisstj. sem er fá heimild til þess að hækka þetta. — Ekki líklega, ef Alþingi verður eins skipað og núna. Fyrst þetta Alþingi ætlar að neita um að hækka 25 milljónirnar, þá getur líklega næsta Alþingi gert það líka. Þurfa þeir endilega að reikna með því, að Alþingi hér á eftir verði miklu betra en þetta? Það er ekki víst, að það verði neitt betra. Þetta atriði eitt að standa gegn hækkun lánsheimildarinnar sýnir, að áhugi þessara manna, — ég sný ekki aftur með það, — er minni en hjá okkur, sem höfum um þetta talað og viljum hraða uppbyggingunni. Hann er minni, því að andstaðan getur ekki byggzt á öðru. Þá verður hægt að afsaka sig með því, að peningarnir séu búnir: við höfum ekki meira fé allt til 1969, í 3 ár.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. — Hv. 3. þm. Vestf. segist skilja takmarkað af því, sem sagt er í sambandi við sjónvarpið, og eitt af því, sem hann ekki skildi, var afstaða mín til þeirrar tillögu, sem hann ásamt öðrum hv. þm. hefur hér flutt. Ég vil í þessu sambandi reyna að gera honum grein fyrir, af hverju þessi er mín afstaða.

Ég sagði áðan í minni fyrri ræðu, og ég

held, að það liggi ljóst fyrir öllum þm., að heildaráætlun um allt dreifikerfi landsins er miklu hærri upphæð en 25 eða 50 millj. Aftur fyrsti áfangi, sem á að standa undir aðalstöðvunum, ríkisstj. þarf heimild fyrir 25 millj. kr. lántöku i því sambandi. Ég segi því, að annaðhvort er að samþykkja það, sem þar er um að ræða, í 4. gr., þessar 25 millj. eða samþykkja lántökuheimild fyrir öllum áætluðum kostnaði við heildarkerfið. Það má um það deila, hvort það á að gerast núna á þessu þingi eða hvort það á að gera síðar að samþykkja lántökuheimild handa ríkisstj. fyrir öllu heildarplaninu. En ég segi: Annaðhvort er að gera það eða samþykkja heimildina fyrir þeim áfanga, sem vitað er að er undirstaðan undir hinum smærri stöðvum, og það, sem hægt verður að framkvæma, að við vonum, á næsta ári. Ég sagði þess vegna, og það er ástæðan fyrir, að ég sagði, að 50 millj. eru þarna engin úrlausnartala. Talan er allt of lág til þess að byggja upp allt kerfið. En hún er óþarflega há til að byggja upp aðalstöðvarnar, sem áætlað er að kosti ekki nema 25 millj., þannig að ég tel, eins og ég sagði áðan, till. að því leyti gjörsamlega óþarfa og engum tilgangi þjóna nema aðeins hreinni sýndarmennsku. Annaðhvort er fyrir Alþ. að stíga skrefið fullt og samþykkja lántökuheimild handa ríkisstj. fyrir allri upphæðinni, sem er 100—130 millj., eftir því sem hægt er að gera sér grein fyrir nú, eða binda sig við það, sem við vitum að þarf að greiða á næsta ári. Þetta var ástæðan fyrir því, að ég sagði þetta um þá till., sem hv. 3. þm. Vestf. ásamt öðrum hefur lagt hér fram. Ég sagði það líka, að ég efaðist ekkert um það, að komandi ríkisstj. mundi verða af Alþingi veitt heimild til lántöku fyrir því fé, sem þarf til uppbyggingar kerfisins á hverjum tíma, hvort sem það verður gert í einu lagi eða eftir áætlun, sem þá kann að liggja fyrir á síðara stigi. Ég endurtek, að bæði áhugi almennings í landinu og áhugi þm. á uppbyggingu sjónvarpskerfisins er svo mikill, að það er engin ástæða til að ætla annað en ríkisstj. fái á hverjum tíma heimild til nægjanlegrar lántöku fyrir uppbyggingu kerfisins, eftir því sem þörf krefur.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég verð að segja, að það eru hálfgerðar steinaldarmannaumr., sem hv. 3. þm. Vestf. heldur hér uppi, þegar hann fullyrðir í ræðustól á Alþingi, að áhugi manna á sjónvarpi fari eftir því, hvað þeir flytji eða styðji till. um háar ábyrgðir langt fram yfir þá raunverulegu þörf, sem vitað er um. Skv. þessu hefur líklega hv. þm. 100% meiri áhuga á sjónvarpi en ráðh. og meiri hl. Ed. Skv. því hefur hv. 4. þm. Vestf. aftur 100% meiri áhuga á sjónvarpi en hv. 3. þm. Vestf. Og ef mér skyldi nú detta í hug að flytja till. um að hafa þessa ábyrgð dálítið myndarlega og vera alveg öruggur um alla framtíð og hafa þetta bara 500 millj., þá er ég líklega búinn að bjarga æru minni endanlega á þessu þingi, því að þá samkv. þessari „Framsóknar-steinaldarlogik" ætti ég að hafa 10 sinnum meiri áhuga á sjónvarpi en hv. 3. þm. Vestf. Ég held, að það sé gott að enda á því að spyrja, hvort það sé raunverulega hægt að bjóða svona röksemdafærslu hér á þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 163 felld með 18:13 atkv.
4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 162 felld með 20:14 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 183).

---

9. Atvinnuleysistryggingar (stjfrv.).

Á 24. fundi í Ed., 13. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar [90. mál] (stjfrv., A. 143).

Á 25. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er ekki mikið að vöxtum, eins og sést á þskj. 143, en efni þessa frv. eru nánast efndir á loforði, sem ríkisstj. gaf við síðustu kjarasamninga verzlunar- og skrifstofufólks um, að það öðlaðist aðild að atvinnuleysistryggingum, sem að þeirra samtaka dómi var talið mjög mikilvægt að lægi fyrir og talið mikilvægt atriði í samningunum, sem þá voru gerðir.

Það kann að koma einhverjum einkennilega fyrir sjónir, hvernig orðalag frv. er, en í l., eins og þau eru í gildi í dag, eru talin upp ákveðin samtök, sem ekki séu aðilar að tryggingunum, og þar á meðal voru samtök skrifstofu- og verzlunarfólks, og er það fellt niður úr lögunum, þ. e. a. s. 3. mgr. 4. gr. l., þannig að með samþykkt þessa frv. hafa verzlunarmannasamtökin öðlazt löglega aðild að tryggingun-

um, þar sem þau eru einnig orðin löglegir meðlimir alþýðusamtaka.

Það upplýstist nú fyrir skömmu, að nauðsynlegt er, að frv. þetta nái fram að ganga fyrir n. k. áramót eða áður en þinghlé verður gert, og eru það eindregin tilmæli mín til þeirrar n., sem málið fær til meðferðar, að hún hraði svo störfum sem unnt er, til þess að svo megi verða. Ég hygg, að um málið þurfi ekki að verða deilur, og ætti af þeim ástæðum að vera auðvelt að afgreiða málið, ef vilji er fyrir hendi, sem ég vona að verði.

Ég óska þess svo, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 17 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 143, n. 164).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Í 4. gr. l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 29 frá 1956, er tekið fram, að félög verzlunar- og skrifstofufólks eigi ekki aðild að atvinnuleysistryggingum. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að ákvæði þetta verði fellt niður og þar með að félög verzlunar- og skrifstofufólks öðlist aðild að sjóðnum og gildistökuákvæðið miðað við 1. jan. 1967. Í grg. frv., sem er stjfrv., er tekið fram, að ríkisstj. hafi lýst því yfir í sambandi við kjarasamninga, sem gerðir voru hinn 9. marz 1966 við verzlunar- og skrifstofufólk, að hún mundi beita sér fyrir því með löggjöf, að það fengi aðild að atvinnuleysistryggingum. Er því hér um efndir á þessari yfirlýsingu að ræða af hálfu ríkisstj., sem flytur frv. Heilbr.- og félmn. eða þeir nm., sem fundinn sátu, hafa athugað frv. og leggja til, að það verði samþ. Fjarverandi við afgreiðslu málsins í n. voru hv. 2. þm. Reykv., Auður Auðuns, hv. 9. þm. Reykv., Alfreð Gíslason, og hv. 4. þm. Vestf., Þorvaldur G. Kristjánsson.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, hefur verið afgr. með shlj. atkv. í hv. Ed. Frv. er ekki mikið að vöxtum og skýrir sig nánast sjálft. Það er flutt til efndar á því loforði, sem ríkisstj. gaf við síðustu kjarasamninga skrifstofu- og verzlunarfólks, að hún mundi beita sér fyrir lagasetningu um aðild þessara samtaka að atvinnuleysistryggingasjóði.

Ég vænti þess, að frv. þetta geti fengið skjótan framgang í þessari hv. deild, þar sem brýna nauðsyn ber til, að það verði samþ. nú fyrir þinghlé eða jólafrí, til þess að eðlileg innheimta geti átt sér stað á næsta ári skv. lögum. Ég vildi því eindregið mælast til þess við þá hv. n., sem málið fær til meðferðar, og forseta deildarinnar, að þeir geri sitt ýtrasta til þess að sjá svo um, að frv. verði samþykkt, og legg til, að því verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 32 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 143, n. 175).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar d. hefur haft til meðferðar og athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 143.

Eins og fram kom hjá hæstv. félmrh. og einnig kemur fram í aths., sem frv. fylgja, er hér um þá breyt. eina að ræða á l. að gera aðstöðu verzlunar- og skrifstofufólks þannig, að það geti öðlazt aðild að atvinnuleysistryggingum. N. varð sammála um að mæla með frv. óbreyttu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 186).

10. Verðjöfnun á olíu og benzíni.

Á 13. fundi í Ed., 10. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni [58. mál] (stjfrv., A. 64).

Á 14. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Síðan 1953 hafa verið í gildi lög um verðjöfnun á olíu og benzíni. Þegar þessi lög voru sett, kvað mun meira að togaraútgerð hér á landi en nú á sér stað, og auk þess voru togarar þá gerðir út frá mörgum stöðum á landinu í öllum landshlutum. Þetta hefur hins vegar breytzt á síðustu árum. Togaraútgerð er nú næstum eingöngu stunduð frá Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri, og auk þess er afkoma togaranna nú orðin mjög bágborin, eins og öllum er kunnugt. Þegar verðjöfnunin var hafin fyrir 13 árum, gat hvort tveggja verið, að togarar nytu góðs af verðjöfnuninni og þyrftu að greiða í verðjöfnunarsjóðinn. Nú er það hins vegar svo, að togarar í Reykjavík og Hafnarfirði greiða nokkrar upphæðir í verðjöfnunarsjóðinn, en aðeins Akureyrartogarar njóta lítils háttar fyrirgreiðslna. Hins vegar hefur enn fremur orðið sú breyting frá því, sem var fyrir 13 árum, að neyzla þeirra olíutegunda, þ. e. gasolíu og fuelolíu, sem togararnir nota, hefur aukizt mjög hjá ýmsum öðrum aðilum, t. d. síldarverksmiðjum, sem hafa betri afkomumöguleika. Má því að vissu leyti segja, að togararnir greiði verðjöfnunargjald á sína olíunotkun í þágu olíunotkunar síldarverksmiðjanna, þ. e. síldarverksmiðjurnar njóti góðs af því gjaldi, sem togaraútgerðin greiðir fyrir olíunotkunina. En gjald á fuelolíu er nú 135 kr. pr. tonn, en á gasolíu 16½ eyrir á lítra. Þetta er ekki eðlilegt, og er þess vegna í þessu frv. lagt til, að ráðh. sé heimilað að endurgreiða togurum verðjöfnunargjald af því olíumagni, sem togararnir nota. Hér er ekki um stórar fjárhæðir að ræða, og hagur verðjöfnunarsjóðsins er þannig, að hann getur staðið undir þessari endurgreiðslu til togaranna án þess að þurfa að hækka verðjöfnunargjald á nokkrum öðrum vörum, sem gildandi löggjöf tekur til. Þetta vona ég, að nægi til þess að skýra, hver tilgangur frv. er, og leyfi ég mér því, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 101).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta er um breyt. á l. nr. 34 frá 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni, en tilgangur þeirra l., sem þá voru sett, var að tryggja, að verð á olíum og benzíni yrði hið sama á öllum útsölustöðum á landinu. Til þess að afla fjár til tryggingar þessarar segir svo í 2. gr. nefndra laga, með leyfi hæstv. forseta:

„Greiða skal verðjöfnunargjald af olíu og benzíni, sem keypt er til landsins. Gjald þetta ákveður viðskmrn. fyrir missiri í senn og sé upphæð þess við það miðuð, að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af olíu og benzíni, sem þarf að flytja frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða, svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þessum vörum hvar sem er á landinu. Verðjöfnunargjaldið reiknast af seldu magni á olíu og benzíni, og skulu olíufélögin (innflytjendur) greiða gjaldið til viðskmrn. ársfjórðungslega."

Eins og kunnugt er, hefur togaraútgerð landsmanna átt við mikla fjárhagsörðugleika að stríða að undanförnu, og mun ekki ágreiningur um það meðal hv. þdm., að nauðsyn beri til að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir algera stöðvun togaraútgerðarinnar. Sem liður í slíkum ráðstöfunum gæti það verið, þótt það skipti ekki kannske út af fyrir sig verulegu máli, að létta byrðum af togurum, sem gerðir eru út héðan frá Reykjavík og nágrenni, með því að veita hæstv. ríkisstj. þá heimild, sem hér er fram á farið, til þess að endurgreiða verðjöfnunargjaldið. Ég vil vekja athygli á því, að hér er gert ráð fyrir því, að verðjöfnunargjaldið verði endurgreitt, þannig að þau hlunnindi, sem togarar, sem gerðir eru út frá stöðum úti á landi, hafa notið vegna þessa, mundu ekki raskast við þetta.

Eins og nál. á þskj. 101 ber með sér, leggur fjhn. einróma til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 25. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 172, 176).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Mál þetta er komið frá Ed. og var afgreitt þar samhljóða. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft málið til athugunar og leggur til á þskj. 172, að það verði samþ. 3 nm. skrifa þó undir nál. með fyrirvara og bera fram brtt. á sérstöku þskj., þskj. 176, þess efnis, að ef heimildin verði notuð til endurgreiðslu á verðjöfnunargjaldi togaranna, skuli sjóðurinn ekki heldur bera neinn kostnað af að flytja olíu fyrir togarana milli útsölustaða. Samstaða n. nær þess vegna til þess, að togararnir verði undanþegnir verðjöfnunargjaldinu, sem nemur 130 kr. á tonn af fuelolíu, en 16.50 kr. á lítra af gasolíu.

Togaraútgerð er nú starfrækt nær eingöngu frá Reykjavík og Hafnarfirði annars vegar og hins vegar frá Akureyri. Aðstæður eru nú mjög breyttar frá því, að verðjöfnunargjaldið var lögfest á árinu 1953. Togurum hefur fækkað mjög, og einkum hefur togaraútgerð dregizt saman úti um land, en jafnframt hefur fjölgað öðrum aðilum, sem nota sömu olíutegundir. Eins og afkomu togaraútgerðarinnar er nú háttað, er það beinlínis ósanngjarnt, að togarar í Reykjavík og Hafnarfirði, sem ekki njóta verðjöfnunar úr sjóðnum, greiði fyrir aðrar og sterkari atvinnugreinar. Akureyrartogararnir njóta að vísu verðjöfnunar úr sjóðnum, en olíunotkun þeirra er hverfandi lítill hluti af heildarolíunotkuninni, enda munu togararnir kaupa olíu erlendis, eftir því sem við verður komið. Eigi að síður mundi þetta vera nokkur búbót fyrir þessa fáu togara, að losna við verðjöfnunargjaldið, en njóta jafnframt þeirrar þjónustu, sem þarna er um að ræða, a. m. k. fyrir Akureyrartogarana. Við megum líka gjarnan minnast þess, að lengst af á þessari öld hafa togararnir verið beint og óbeint lyftistöng annarra atvinnuvega í landinu og ekki er ýkjalangt síðan þeir bjuggu við annað og lægra fiskverð en bátaflotinn og var því beinlínis um stórfellda verðjöfnun að ræða á þeirra kostnað. Enn fremur má minna á það, að þeir urðu að víkja af sumum af sínum beztu fiskimiðum til hagsbóta fyrir aðra aðila. Togararnir eiga því vissulega inni hjá öðrum aðilum og þjóðarheildinni, þó að eitthvað sé reynt að hlynna að þeim í erfiðleikum þeirra, eins og nú er ástatt. Ráðstöfun sú, sem nú er gert ráð fyrir hér, mundi fjárhagslega aðeins vera mjög lítill hluti af umsetningu verðjöfnunarsjóðsins, og er ekki talið líklegt, að olía þyrfti að hækka í náinni framtíð af þeirri ástæðu. Að svo miklu leyti sem hér er um að ræða, að einhver borgaði fyrir annan, er um það að ræða að styrkja þessa sárafáu togara, sem enn eru eftir úti á landsbyggðinni. Togaraútgerðin hefur hins vegar mikla þýðingu fyrir atvinnulíf þessara staða, sem byggja frystihúsrekstur sinn að verulegu leyti á þeim, og ég legg því til, herra forseti, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 176, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Frv. þetta miðar að því að létta nokkrum útgjöldum af togaraútgerðinni, og fyrirhugað er sem sagt að undanþiggja togaraútgerðina frá því að greiða verðjöfnunargjald af olíum í þann verðjöfnunarsjóð, sem framkvæmir jöfnunarverð á olíu um allt land. Eins og hér hefur komið fram hjá frsm. meiri hl. fjhn., voru allir nm. sammála um það út af fyrir sig, að eftir atvikum væri rétt að veita togaraútgerðinni þessa hjálp, sem felst í þessu frv. En menn voru ekki á einu máli um það, hvernig ætti að koma þessari aðstoð við. Eins og frv. er, er aðeins gert ráð fyrir því, að togaraútgerðin verði undanþegin því að greiða gjald í verðjöfnunarsjóð, en eftir sem áður er það tryggt samkv. l., að það verður sama útsöluverð á olíum hvar sem er á landinu til togara, þ. e. a. s. olía, sem seld er til togara norður á Akureyri, á Siglufirði eða á Austurlandshöfnum, sem í mörgum tilfellum hafa verið afgreiðsluhafnir, — olía til togara, sem afgreidd er á þessum stöðum, verður þar seld á sama verði og annars staðar. En ef heimild frv. yrði notuð og ekki yrði greitt neitt verðjöfnunargjald af innfluttri togaraolíu, er sýnilegt, að einhver verður að taka að sér þann kostnað, sem eftir stendur við að flytja olíuna út á land, þá olíu, sem togarar taka þar. Og það er í rauninni sú upphæð, sem hér er um að ræða að veita sem stuðning til togaraútgerðarinnar. Sérstök n., sem hefur íhugað þetta mál, hefur talið, að hér gæti verið um að ræða stuðning til hvers togara, sem næmi í kringum 200 þús. kr. á ári. En það mundi þá þýða fyrir togaraflotann í heild um 4—5 millj. kr. Ég hygg nú, að þetta sé of í lagt og hér sé ekki um svona mikinn stuðning að ræða, því að togararnir taka í rauninni ekki svona mikla olíu hér innanlands eins og þarna er reiknað með, og hér sé varla um miklu hærri upphæð að ræða heldur en 2—3 millj. kr. En hvernig yrði þá þessu fyrir komið, ef frv. yrði samþ. óbreytt, hver mundi greiða þennan flutningskostnað á olíunni norður til Akureyrar, Siglufjarðar og annarra afgreiðsluhafna úti á landi á þeirri olíu, sem þangað yrði flutt og togararnir tækju? Eftir stæði það, að verðjöfnunarsjóður yrði að standa undir þessum kostnaði. Það þýðir, að hann hefur ekki aðra möguleika, verðjöfnunarsjóður, en þá að leggja þetta sem aukagjald á alla aðra olíu, sem flutt er til landsins, þ. e. a. s. þessi stuðningur, sem þarna yrði veittur togaraútgerðinni á þennan hátt, yrði að koma

sem aukaálag á olíunotkun allra annarra í landinu. Það liggur sem sagt fyrir, að það eru margir aðrir aðilar, sem nota sams konar olíur og togararnir nota, ýmist gasolíu eða fuelolíu, og þeir aðilar yrðu þá að standa undir þessu sérstaka gjaldi, vegna þess að það er gengið út frá því, sem við teljum allir að sé alveg sjálfsagt, að áfram verði tryggt, að það verði sama verð á olíu til togara hvar sem er á landinu, eins og verið hefur.

Af þessum ástæðum er það, að við þrír fjhn.-menn, þ. e. a. s. fulltrúar Framsfl. í fjhn. og ég, teljum, að það ætti að breyta þessu frv. og samþykkja brtt. þá, sem við flytjum á þskj. 176. En þar leggjum við til, að bætt verði við 1. mgr. frv. því, sem hér segir:

„Verði heimildin notuð, skal verðjöfnunarsjóður ekki bera neinn kostnað af að flytja olíu, er togarar kaupa, milli útsölustaða.“

Þetta mundi í reynd þýða það, að ríkissjóður eða einhver annar aðili verður að taka að sér að greiða þennan stuðning, sem þarf að veita togaraútgerðinni, en sú leið verði ekki farin að hækka olíu til húsakyndingar eða aðra olíunotkun hjá öðrum kaupendum í landinu. Við erum á móti því, að sú leið sé farin, þegar þarf að grípa til þess að styðja eina atvinnugrein, eins og í þessu tilfelli togarana, að þá sé fundin út slík skattlagning eins og raunverulega felst í þessu frv., þó að hún sé ekki ýkjastór.

Um það hefur verið spurt í þessu sambandi, hvernig menn hugsi sér í rauninni að framkvæma þetta, eftir að verðstöðvunarfrv. hefur verið samþ. Ég hygg, að það geti einnig rekizt þar nokkuð á, vegna þess að innan tíðar hlýtur að koma að því, að verðjöfnunarsjóður, sem alltaf er gerður upp á sléttu, verður að fá með einhverjum hætti þessar tekjur, sem eiga að standa undir því að flytja olíur fyrir togara frá innflutningshöfn og út á land. Það er e. t. v. hægt að fela slíka hækkun um stuttan tíma, en að því kemur, að hún verður að koma fram. Finnist aðrar leiðir til þess að standa undir þessum sérstaka kostnaði heldur en ríkið greiði hann, stendur það opið samkv. okkar till., en við teljum, að það sé rangt að fara inn á þá braut að ætla verðjöfnunarsjóði, sem á að hafa það hlutverk eitt að tryggja það, að hægt sé að selja þær olíur, sem eru til sölu, á sama verði um allt land, að bera slíkt aukaálag sem hér er um að ræða.

Í þessu sambandi er sagt, að togararnir hafi með því kerfi, sem verið hefur, verið skattlagðir jafnvel til stuðnings síldarverksmiðjum eða öðrum aðilum úti á landi. Um þetta höfum við ekki getað fengið nákvæmar upplýsingar, en einn af forstjórum olíufélaganna, sem er mjög kunnugur þessum málum, sagði hiklaust, að það yrði að teljast mjög vafasamt, að togararnir hefðu að undanförnu greitt meira í sjóðinn en úr sjóðnum hefði verið greitt fyrir þá. Af þeirri olíutegund, sem togararnir nota mest, þ. e. a. s. af fuelolíu, er greitt í sjóðinn 130 kr. af hverju innfluttu tonni, en þegar þarf t. d. að flytja þessa olíu norður til Akureyrar eða norður á Siglufjörð eða til Austfjarðahafna, þarf að greiða hartnær 300 kr. á tonn með vörugjöldum, sem eru á þessari vöru á þessum höfnum, hátt í 300 kr. á tonn úr sjóðnum, til þess að hægt sé að tryggja sama útsöluverð á þessari olíutegund alls staðar á landinu. Og meira að segja hér í næsta nágrenni er það svo, að á sama tíma sem tekið er af hverju fuelolíutonni, sem flutt er til landsins, sem tekjur í þennan verðjöfnunarsjóð 130 kr., er greitt úr sjóðnum 70 kr. á hvert tonn af olíu, sem notuð er t. d. í Hafnarfirði, á Hafnarfjarðartogurunum, vegna þess að Hafnarfjörður er ekki innflutningshöfn, og þetta er talið vera aukakostnaður, sem þeir hafa af því að ná í olíuna hingað eða koma olíunni til sín. Hér er því ekki um það að ræða, að hægt sé að gera neitt úr því, að það hafi verið hallað sérstaklega á togaraútgerðina í heild. Það mun vera sérlega lítið, því að eins og ég segi, það er ekki aðeins, að um það sé að ræða, að nokkrir togarar séu enn starfandi úti á landi, sem nota þar talsvert mikla olíu, heldur er það einnig svo, að Reykjavíkurtogarar og aðrir togarar verða að taka olíu í ýmsum öðrum afgreiðsluhöfnum í landinu, eftir því sem útgerð þeirra er háttað. Þannig hefur þetta t. d. verið á Austfjarðahöfnum nú hvað eftir annað að undanförnu. Ýmist hafa togararnir þá stundað veiðar fyrir Austurlandi eða verið að kaupa þar síld til útflutnings og annað þess háttar og tekið þá auðvitað olíur í þeim höfnum eitthvað, og þar er þeim sem sagt tryggð olían á sama útsöluverði og á innflutningshöfn eftir því meginskipulagi, sem gildir um verðjöfnun á olíu.

Ég skal taka það fram, að ég tel, að hér sé í rauninni ekki um neitt stórt fjárhagsatriði að ræða að þessu sinni. En það er um talsvert stórt „prinsip“-atriði að ræða, hvort á að fara út á þá braut, þegar hallast hjá einum aðila, sem t. d. á aðild að þessum verðjöfnunarsjóði, hvort sem það eru nú togarar eða það er tiltekin grein bátaútvegsins eða einhverjir aðrir aðilar, og það þarf að veita þeim stuðning, hvort á að fara inn á þá braut að undanþiggja þá aðila greiðsluskyldu til sjóðsins og velta síðan þeim þunga, sem af því leiðir, yfir á aðra notendur olíu í landinu. Við þrír, sem stöndum að brtt. á þskj. 176, erum á móti því, að það sé farið inn á þessa braut, en tökum hins vegar undir það, að það sé rétt að veita togurunum þann stuðning, sem ætlað er að veita samkv. þessu frv., en teljum, að það eigi að gerast eftir öðrum leiðum en þeim að láta verðjöfnunarsjóðinn standa undir þessu.

Í þessu sambandi vil ég minna á, að það hefur verið farið inn á nokkuð svipaða braut í öðrum tilfellum, þegar rétt hefur þótt að styðja togaraútgerðina. Ég hef fyrir mitt leyti fundið að því, tel, að það hafi verið ranglega að farið. Nú er t. d. búið að koma því þannig fyrir, að togararnir í landinu fá árlega miklu

hærri fjárhæð greidda úr aflatryggingasjóði, sem lengst af var bara aflatryggingasjóður bátaflotans, — miklu hærri upphæð greidda úr aflatryggingasjóði á hverju ári heldur en þeir greiða í sjóðinn. Og þetta gerist með þeim hætti, að bátaútvegurinn verður á sama hátt að borga meira í sjóðinn en hann fær úr sjóðnum. Þetta liggur alveg tölulega fyrir og er í rauninni ekki hægt að þrátta um. Sama sagan hefur endurtekið sig í hinu almenna vátryggingakerfi, sem látið er gilda fyrir fiskiskipaflotann. Þar liggur það líka skýrt fyrir, að togararnir fá úr því kerfi greidda miklu hærri fjárhæð á hverju ári en þeir greiða til kerfisins. Og þetta verður á kostnað annarra. Svona aðstoð við atvinnugrein, sem þarf á aðstoð að halda, er að mínu viti röng, og það á ekki að halda lengra áfram á þessari braut.

Ég vænti, að það sé í rauninni enginn ágreiningur um, að það þurfi að greiða fyrir togaraútgerðinni í landinu meira en gert er, eins og þar háttar nú til, og það sé út af fyrir sig sjálfsagt að reyna að gera henni þessi olíukaup nokkuð hagstæðari en þau hafa verið, en það eigi aðeins að finna aðra leið til þess heldur en hér er lögð til. Því má svo einnig bæta við, að það væri kannske ekki minni ástæða til þess að gera ráðstafanir í þá átt að færa niður verðið á fuelolíunni eða aðaloliutegundinni, sem togararnir nota, eftir öðrum leiðum en í sambandi við verðjöfnunargjaldið, vegna þess að samanburður á verði á þessari olíutegund hér á landi og í nágrannalöndunum er þannig, að olíuverðið er hér miklum mun hærra en t. d. í Þýzkalandi og í Bretlandi, svo að þar nemur miklum mun meiri fjárhæð en sem nemur því gjaldi, sem er verið að tala um að fella niður nú, 130 kr. á tonn. Það er því enginn vafi á því, að útsöluverðið á fuelolíu til togara og annarra er allt of hátt hér á landi nú, og það væri full ástæða til þess að vinna að því, að það væri lækkað.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Ég þykist hafa gert grein fyrir skoðunum okkar, sem stöndum að till. á þskj. 176, en þannig viljum við afgreiða frv., að sú till. verði samþ.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Að gefnu tilefni í ræðu hv. síðasta ræðumanns vil ég lýsa því yfir, að verði þetta frv. samþykkt, mun heimildin, sem í því felst til þess að endurgreiða togurum verðjöfnunargjald af olíum, sem þeir nota, verða notuð, og jafnframt lýsa því yfir, að verðjöfnunargjald á fuelolíu og gasolíu mun ekki verða hækkað í því sambandi. Annars vil ég benda á, að þetta frv. var afgreitt með shlj. atkv. í hv. Ed. samkv. shlj. meðmælum hv. fjhn. þeirrar d., og ég kemst ekki hjá að segja, að ég er dálítið hissa á því og mér eru það nokkur vonbrigði, að ekki skuli eins geta farið hér í þessari hv. d. Mér þykir miður, að hv. síðasti ræðumaður skuli vera ósammála í þessu — að vísu ekki stórmáli — sínum ágæta flokksbróður Birni Jónssyni í Ed. og að framsóknarmennirnir tveir, sem að brtt. standa, milli þeirra og flokksbræðranna í Ed. skuli vera ágreiningur um þetta efni. En við því er auðvitað ekkert að segja. Ég vona samt, að frv. nái fram að ganga hér í þessari hv. d., því að ég tel, að hér verði um nokkurt hagsmunamál að ræða fyrir íslenzka togaraútgerð.

Auðvitað er það rétt, að í kjölfar þess, að heimildin yrði notuð, mundi verðjöfnunarsjóðurinn missa nokkrar tekjur. Hv. þm. gat þess, að n. hefði áætlað þennan tekjumissi verðjöfnunarsjóðsins 4—5 millj. Sjálfur áætlaði hann tekjumissinn 2—3 millj. Ég vil enga tilraun gera til þess að áætla þessa upphæð, því að hún fer að sjálfsögðu eftir því, hvernig rekstri togaranna yrði hagað á næsta ári. Hins vegar vil ég undirstrika, að um hvora upphæðina sem væri að ræða, er hér um að ræða mjög lítinn hluta af heildarveltu verðjöfnunarsjóðsins, en hún er um 60 millj. kr. Hér er því aðeins um mjög lítið brot að ræða af heildarveltu sjóðsins. En hitt er auðvitað rétt, sem hv. þm. sagði, að notkun heimildarinnar mundi hafa það í för með sér, að togaraútgerðin nyti nokkurs styrks af verðjöfnunarkerfinu, og þá er mjög eðlilegt, að spurt sé: Hver á að greiða þennan styrk? Það er skynsamlega spurt. En högum verðjöfnunarsjóðsins er þannig komið nú vegna þess, hvernig hæð verðjöfnunargjaldsins hefur verið undanfarin ár, að hagur hans leyfir það, að hann sjálfur greiði þennan smávægilega styrk til togaraútgerðarinnar. Ef menn spyrja, hvort það sé réttmætt, að verðjöfnunarsjóðurinn greiði þennan smávægilega styrk til togaraútgerðarinnar, er því einu til að svara, að togaraútgerðin hefur undanfarin ár tvímælalaust styrkt sjóðinn. Ég hefði getað haft hér meðferðis tölur um þetta efni, ef mér hefði dottið í hug, að það yrði vefengt, enda vefengdi hv. þm. það í sjálfu sér ekki, heldur vildi gera lítið úr því. En eins og menn hljóta að sjá í hendi sér, ef menn athuga það, að næstum allir, að undanteknum þremur Akureyrartogurunum, næstum allir þeir togarar, sem nú eru í rekstri eða hafa verið í rekstri undanfarin ár, 22 togarar, eru gerðir út frá Reykjavík eða Hafnarfirði og taka auðvitað langmestan hluta sinnar olíu hér í Reykjavík, þá gefur auga leið, að þeir hljóta að hafa borgað allmiklu meira fé til sjóðsins en þeir hafa fengið greitt úr honum, og er auðvelt að sýna fram á með athugunum á reikningum sjóðsins, að þetta hefur verið svo. En þetta leyfi ég mér að fullyrða, og mér datt satt að segja ekki í hug, að neinn mundi andmæla þessu. Þetta var ekki svo, þegar verðjöfnunarkerfið var tekið upp á árinu 1953. Þá mun mega telja, að nokkur jöfnuður hafi verið á milli þess, sem togararnir greiddu í sjóðinn, og þess, sem þeir fengu greitt úr honum. En meginbreytingin, sem orðið hefur á þessum 13 árum, sem síðan eru liðin, er sú, að þungi togaraútgerðarinnar hefur flutzt til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þar sem olíuverð er hærra en það ætti að vera, ef ekki væri verðjöfnun, og hins vegar hafa

komið til ákaflega stórir gasolíunotendur utan Reykjavíkur, þ. e. a. s. síldarverksmiðjurnar vegna síldarverksmiðjurekstrarins á Austfjörðum, sem notið hafa góðs af verðjöfnunarkerfinu. M. ö. o.: nokkur undanfarin ár hefur það verið þannig, að verðjöfnunarkerfið hefur íþyngt togaraútgerðinni, en aftur á móti verið síldarverksmiðjunum úti á landi, sérstaklega á Austfjörðum, í vil. Þó að togaraútgerðin fái á næstu árum smávægilegan beinan styrk úr verðjöfnunarkerfinu, tel ég það ekki vera annað en réttmæta endurgreiðslu á þeim bagga, sem togaraútgerðin hefur borið undanfarin ár vegna verðjöfnunarkerfisins.

En mergur málsins er auðvitað sá, og á því vil ég enda þessi fáu orð mín, að þó að heimildin verði notuð — og hún verður notuð, er ríkisstj. staðráðin í því, að af því leiði ekki hækkun á verðjöfnunargjaldinu, og þar af leiðandi verður engin verðhækkun af þeim sökum á fuelolíu og gasolíu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkrar aths. — Mér kemur heldur einkennilega fyrir að heyra sumt af því, sem hæstv. viðskmrh. upplýsti hér um þetta mál, einkum og sérstaklega það, að hagur verðjöfnunarsjóðsins væri þannig, að hann gæti tekið á sig það gjald, sem hér væri um að ræða. Sú regla hefur verið, eftir því sem ég bezt veit, ég fylgdist með því allnákvæmlega í nokkur ár, að verðjöfnunarsjóðurinn hefur alltaf verið gerður upp árlega og tekjur sjóðsins, sem eru verðjöfnunargjald, sem lagt er á alla innflutta olíu, sem myndar tekjur sjóðsins, eru notaðar til þess að standa undir þeim kostnaði, sem af því leiðir að flytja olíutegundirnar frá innflutningshöfn og út á land. Og þannig er séð um það, að tekjurnar standist í rauninni alltaf á við útgjöldin, og þetta er hreyft til eftir því. Ég ræddi einmitt núna, meðan n. hafði þetta mál, við forstöðumann verðjöfnunarsjóðsins í rn., og hann sagði alveg skýrum orðum, að verðjöfnunarsjóðurinn gæti ekki tekið neitt á sig út af fyrir sig, vegna þess að tekjur hans væru alltaf látnar ganga upp í sambandi við útgjöldin. Standi svo á eftir eitt ár, að það myndist einhver lítils háttar afgangur, vegna þess að tekjurnar hafi orðið heldur meiri en útgjöldin á því ári, ber beina skyldu til þess að gera áætlun aftur fyrir næsta ár þannig, að þetta verði jafnað. Það hefur aldrei verið til þess ætlazt, að verðjöfnunarsjóðurinn gæti farið að hafa nettótekjur, sem hægt væri að ráðstafa til einhvers allt annars. Þá væri þarna orðið um skattlagningu á olíu að ræða og alveg ranga framkvæmd á verðjöfnunarkerfinu.

Nei, það er rétt að viðurkenna það eins og það er, að hér er auðvitað verið að fara inn á þá braut að undanþiggja einn aðilann frá því að leggja til tekjur í sjóðinn til þess að standast þau útgjöld, sem þessi aðili á jafnframt að njóta kostanna við. Og þetta verður vitanlega ekki gert í gegnum þetta kerfi án þess að leggja á einhvern annan aðila. Og spurningin er þá bara: Er ætlunin, að t. d. ríkissjóður taki þetta að sér? Ef verðjöfnunargjaldinu verður ekki breytt, getur það líka komið út í því, að það yrði greiðsluhalli í verðjöfnunarkerfinu, það yrði ekki hægt að standa undir þeim kostnaði, sem af því leiðir, að það þarf að flytja olíutegundirnar út á land. Nei, þetta er vitanlega ekki hægt að gera, en það er oft hægt að gera slíkt um nokkurra mánaða skeið, sem sagt að fela einhverja upphæð eða láta það vera að greiða eitthvað af því, sem maður er í rauninni skuldbundinn að greiða. En verðjöfnunarkerfið er byggt þannig upp, að þar eiga tekjur og gjöld að standast á í þessum efnum.

Ég heyrði, að hæstv. viðskmrh. hefur alveg greinilega gert sér rangar hugmyndir um það, hvernig þessi sjóður hefur starfað að undanförnu í sambandi við afkomu togaranna. Það hefur einmitt verið sveigzt til þess að ákveða ýmis útgjöld úr sjóðnum togurunum í hag, m. a. vegna þess, að það hefur orðið breyting á togaraútgerðinni, eins og t. d. gjaldið í sambandi við Hafnarfjarðartogarana hefur nú verið ákveðið svona, en á tímabili var þarna ekki um nema óverulegt gjald að ræða, enda er þetta gjald alveg greinilega ákveðið til þess að jafna hér nokkuð metin.

Ég get auðvitað ekki sagt annað í þessum efnum en það viðvíkjandi því, hvort togararnir hafa að undanförnu í rauninni tapað eitthvað á verðjöfnunarfyrirkomulaginu út af fyrir sig, annað en það, sem einn af þeim mönnum, sem eru í stjórn verðjöfnunarsjóðsins, og einn af forstjórum olíufélaganna sagði um þetta efni. Þar þurfa að koma auðvitað til nákvæmir útreikningar, en það út af fyrir sig sannar ekki, að það hafi hallazt á togarana, þó að þau séu flestir togarar gerðir út frá Reykjavík, á meðan það er þannig, að það kostar miklum mun meira en 130 kr., sem eru teknar af hverju tonni í verðjöfnunarsjóðinn, að koma hverju tonni út á afgreiðsluhafnirnar úti á landi, að það kostar upp í 300 kr. Þá geta vitanlega togararnir, þó að þeir séu færri úti á landi, tekið fullt eins mikla upphæð og hinir koma til með að leggja í sjóðinn, og þegar þess er svo gætt einnig, að togararnir, sem eru hér í Reykjavík, verða í mjög mörgum tilfellum að taka olíur handa sér úti á landi. En út af því, að um það er rætt, að það geti komið upp, að það hallist hér nokkuð á á milli síldarverksmiðja, sem nota sömu olíutegundir, og svo togara, er tiltölulega hægur vandi að nota þau lög, sem í gildi eru, og reglur, sem í gildi eru um verðjöfnunarkerfið, til þess að koma í veg fyrir slíkt. Og það er vitanlega sjálfsagt að gera það. En þar verður sem sagt að vera um fullkomna og eðlilega verðjöfnun að ræða, en ekki skattlagningu öðrum til handa. Það leyfa þau lög ekki.

Það er rétt, eins og ég sagði hér í minni fyrri ræðu, að hér er ekki um neina stóra fjárhæð að ræða. Ég held, að þessi stuðningur við togaraútgerðina verði ósköp óverulegur, því að sannleikurinn er sá, að togaraútgerðin

er rekin þannig nú hér, að hún kaupir eins mikið af þessari olíu, sem hún notar, í erlendum höfnum og hún mögulega getur, því að þar er verðið miklu lægra en innanlands, og togararnir eru reknir þannig, að þeir sigla með meiri hlutann af sínum afla á erlendan markað. Olíukaup þeirra hér heima eru því ekki mjög veruleg, eins og horfurnar eru. En ef líka breytist verulega um rekstraraðstöðu togaranna, þannig að það yrði miklum mun hagstæðara að reka togara en verið hefur og hagstæðara sérstaklega fyrir þá að leggja upp afla hér innanlands, gæti hér líka orðið um að ræða miklu meiri upphæð en 4—5 millj. Þá gæti hér orðið um miklu hærri fjárhæð að ræða, því að þá gætu líka togararnir orðið fleiri í rekstri en þeir eru nú. Og þá er ég ósköp hræddur um það, að þá færu aðrir olíunotendur í landinu að segja til sín, ef þeir ættu að kosta flutninginn á olíum, sem togararnir nota, því að þeir nota bæði gasolíu og fuelolíu, — ef þeir ættu að kosta það í krafti þessarar lagabreytingar, sem hér er stefnt að því að gera.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að átta sig á því, að það eðlilega er, að við höldum áfram verðjöfnunarkerfinu á olíu og benzíni, það sé nauðsynlegt, og það eigi að starfa alveg óhindrað sem verðjöfnunarkerfi, þ. e. a. s. að afla tekna í sérstakan verðjöfnunarsjóð af innfluttri olíu til þess að tryggja það, að hægt sé að halda uppi jöfnu olíuverði um allt land. Það á svo ekki að blanda inn í þetta verðjöfnunarkerfi stuðningi til eins eða neins og ekki skattlagningu í einu eða neinu formi. Í þeim tilfellum, þegar þarf að aðstoða einhvern vegna lélegrar afkomu, á að gera það eftir öðrum leiðum heldur en blanda því inn í þetta kerfi, og það er það, sem við viljum, að gert verði, sem flytjum hér brtt. Við getum tekið undir það, að rétt sé að veita togurunum þessa hjálp, sem hér um ræðir, en við viljum ekki gera það á þennan hátt, sem þarna er fyrirhugað, og ekki einu sinni þó að því sé lýst yfir, að menn ætli ekki að breyta neinum gjöldum, því að við vitum það, að í gegnum verðjöfnunarkerfið er þetta ekki hægt nema þá örstuttan tíma, því að vitanlega er ekki hægt að greiða stuðning til ákveðins aðila, 3—4 millj., án þess að einhver verði að borga. Um það er ekkert að villast. Það er hægt að fela þetta örstuttan tíma, en svo vitanlega kemur að því, að einhver verður að greiða þetta, og við erum á móti því, að sjálft verðjöfnunarkerfið sé látið greiða þetta. En ég fyrir mitt leyti teldi mjög eðlilegt, að að því leyti sem þarna yrði um beinan stuðning að ræða, hlypi ríkið undir bagga eða þá að leitað yrði annarra ráða, ef ríkisstj. sýndist, að það væri þægilegra.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Auðvitað er það laukrétt hjá hv. þm., að verðjöfnunarsjóðurinn á að jafnast á hverju einstöku ári eða árabili, þ. e. tekjur hans af verðjöfnuninni og gjöld hans í sambandi við hana eiga að vera jöfn. Það er þó aldrei hægt að tryggja það, að á ákveðnu ári verði um jöfnuð að ræða. Það er komið undir því, hversu gjöldin hafa verið ákveðin há og hver olíunotkunin hefur verið á hinum einstöku tegundum, hvort jöfnuður næst eða ekki, og reynslan hefur sýnt, að stundum er hagnaður á ákveðnum árum og stundum er halli. Og venjan er þá sú og hefur verið sú, eins og ég veit að hv. þm. er algerlega ljóst, að þessi hagnaður eða halli er þá fluttur á milli ára, þannig að verðjöfnunarkerfið í heild á auðvitað alltaf að jafnast, tekjur þess og gjöld tekið yfir 10 ára tímabil eiga auðvitað að skila fullum jöfnuði. En hv. þm. talar eins og verðjöfnunarkerfið fyrir hverja einstaka atvinnugrein eigi líka að jafnast. Það er mikill misskilningur aftur á móti. Það, sem er honum þyrnir í augum í þessu sambandi, er, og nú kemur það alveg skýrt fram, ef heimildirnar eru notaðar, og það játað, við gerum það alveg með opnum augum, við vitum alveg, hvað við erum að gera, gerum það vísvitandi, það er beinlínis tilgangur þessa frv., að togaraútgerðin njóti nokkurs góðs af verðjöfnunarkerfinu á næstu árum. Það raskar ekki þeirri staðreynd, að verðjöfnunarkerfið eftir sem áður mun sýna fullkominn jöfnuð. Það, sem hv. þm. er að finna að, er, að það skuli geta komið fyrir innan verðjöfnunarkerfisins, að ákveðin grein njóti góðs af verðjöfnunarkerfinu. Nú kemur í ljós, um það er enginn ágreiningur, það hefur verið skýrt tekið fram af minni hálfu frá byrjun, að af þessu mun það hljótast, að togaraútgerðin mun hljóta lítinn, smávægilegan stuðning af verðjöfnunarkerfinu, ef þessar heimildir verða notaðar. Og það er þetta, sem hv. þm. vill ekki sætta sig við og stingur upp á, að ríkissjóður standi þá undir þessum stuðningi. Með nákvæmlega sama hætti gæti ég látið fara fram athugun á því, hvort síldarverksmiðjur á Austurlandi nytu hagnaðar eða halla af verðjöfnunarkerfinu. Ég bjóst ekki við þessari umr. hérna, svo að ég bjó mig ekki undir það. Það er enginn vandi með litlum fyrirvara að gera það dæmi upp, rétt eins og með togarana. En ég veit, hver niðurstaðan af þessu yrði. Síldarverksmiðjurnar á Austurlandi njóta stórhagnaðar, njóta milljónahagnaðar af verðjöfnunarkerfinu. Með nákvæmlega sama hætti mætti segja, að þær ættu að skila ríkissjóði þessum hagnaði. Ef hv. þm. hefði viljað vera sjálfum sér samkvæmur, hefði hann gjarnan mátt hafa það einnig í sinni till., að ef það kæmi í ljós við athugun, að t. d. síldarverksmiðjurnar í heild, það er heil atvinnugrein eins og togararnir eru heil atvinnugrein, — ef það kæmi í ljós, að þær græddu á verðjöfnunarkerfinu, skyldu þær skila gróðanum í ríkissjóð. Og þá væri lítill vandi að styðja togarana, ekki aðeins með þessari upphæð hér, heldur miklum mun myndarlegar. Ég mæli ekki með slíku. Mér dettur slíkt ekki í hug, af því einmitt að ég vil láta verðjöfnunarkerfið verka eins og hv. þm. sagði að það ætti að verka. Það á að verka sem heildarverð-

jöfnun um allt landið, og það á ekki að skipta nokkru máli, hvort einstök grein eins og togaraútgerð nýtur hagnaðar af því núna eða mun gera á næstu árum, eins og síldarverksmiðjurnar hafa notið hagnaðar af því um mörg undanfarin ár, eftir að gasolíunotkun þeirra jókst eins stórkostlega og hún nú hefur vaxið. Mér hefur aldrei komið til hugar og ég held engum að sjá ofsjónum yfir því, hversu mjög síldarverksmiðjurnar hafa hagnazt á þessu kerfi, vegna þess að ekki er hægt að koma í veg fyrir það. Verðjöfnunarkerfi hlýtur í sjálfu sér að geta leitt til slíks. Það hlýtur að geta leitt til slíks, og við því er ekkert að gera. Verðjöfnun er gerð sem félagsleg ráðstöfun til þess að tryggja sama verð á tiltekinni vöru kringum allt land. Það er jöfnuð aðstaðan milli þéttbýlis og dreifbýlis. Um þetta hefur þingið verið nokkurn veginn sammála, að það skyldi gert að því er snertir olíu, og þá verða menn að taka afleiðingunum af því, sem geta orðið þær, að sumar atvinnugreinar geta orðið að bera bagga þess vegna, eins og togararnir hafa gert undanfarið, og sumar atvinnugreinar geta hagnazt á þessu, eins og síldarverksmiðjurnar gera nú. Þetta er óhjákvæmilegur fylgifiskur verðjöfnunarkerfis. Auðvitað mætti segja, að það hefði verið hægt vegna þess ástands, sem nú er orðið að því er togarana snertir, að þeir séu raunverulega teknir út úr verðjöfnunarkerfinu sem gjaldendur, en fái að vera kyrrir í því sem njótendur. Það er það, sem raunverulega gerist. Þeir eru teknir út úr kerfinu sem gjaldendur, en fá að vera inni í því sem njótendur. Auðvitað má segja, að það hefði verið hægt að taka þá alveg út úr kerfinu, bæði sem gjaldendur og njótendur, það hefði verið hægt, og við það hefði verðjöfnunarsjóðurinn sparað nokkur útgjöld, og þá má auðvitað segja, að hægt hefði verið að lækka verðjöfnunargjaldið frá því, sem það er í dag. Svona hefði auðvitað mátt hugsa. En það er nú í ár svo hátt, að það þarf ekki að hækka það. Það er það, sem ég sagði. Það þarf ekki að hækka það. Það hefði verið hægt að lækka það, ef þetta hefði verið gert, það er alveg rétt, það hefði verið hægt. En ég tel það rangt, beinlínis rangt í þeirra garð að taka togarana út úr kerfinu og lækka verðjöfnunargjaldið eitthvað örlítið. Það mundi varla finnast fyrir því, af gasolíunni eiginlega alls ekki, vegna þess hve gasolíunotkun togaranna er örlítill hluti af heildargasolíunotkuninni. Það mundi áreiðanlega ekki hafa nokkur áhrif á gasolíuverðjöfnunargjaldið, en það gæti haft örlítil áhrif á verðjöfnunargjaldið á fuelolíunni. En ég tel það, og þess vegna getur það örugglega staðizt, að ekki þurfi að hækka verðjöfnunargjaldið á fuelolíu og gasolíu, þó að heimildin verði notuð, það er alveg öruggt. En hitt er rétt hjá þeim, sem því vilja halda fram, að það hefði verið hægt að lækka verðjöfnunargjaldið á fuelolíu eitthvað örlítið, ef togararnir hefðu verið teknir algerlega út úr kerfinu. Ég tel rangt að gera það. Ég tel Akureyrartogarana eftir sem áður eiga að fá að njóta góðs af verðjöfnunarkerfinu. Um það var Ed. mér algerlega sammála, öll Ed., allir þm. Ed. Þeir eiga áfram að geta notið góðs af verðjöfnunarkerfinu, og tel ég sanngjarnt, að verðjöfnunarkerfið, eins og ég vil orða það, greiði þennan stuðning, vegna þess að það hefur haft tekjur af togurunum um mörg undanfarin ár. Hér er raunar ekki um annað að ræða en endurgreiðslu á því, sem togararnir sannanlega hafa ofborgað í verðjöfnunarkerfið á undanförnum árum.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég hef oft verið að velta því fyrir mér hér framan af á þessu þingi, að ég hef heyrt það nokkrum sinnum í sambandi við þessar umr. um togara og um olíu, að togararnir hafi að undanförnu borgað meira og minna til síldarverksmiðja á Austurlandi í gegnum olíuverð. Þetta hefur bögglazt dálítið fyrir mínu brjósti og sérstaklega núna vegna þess, sem ég stóð nú eiginlega upp til að vekja athygli á og ekki hefur komið fram í þessum umr. hingað til, — ekki svo að ég hafi heyrt, — en það er, að nýlega er búið að byggja á Austurlandi innflutningsbirgðastöð fyrir olíu. Og ég skil þetta mál þannig, að rökin fyrir því, að það sé hægt að segja, að togararnir hafi staðið undir eða greitt með olíunni til Austurlandsins, séu þau, að hingað til hefur allur innflutningur á olíunni verið til Reykjavíkur, og þess vegna hefur orðið að flytja hana þaðan og til verksmiðjanna fyrir austan. Nú er þetta breytt með byggingu birgðastöðvarinnar á Seyðisfirði, og þá sé ég ekki annað en það hljóti að vera alveg sama aðstaða með að afgreiða olíu frá þeirri stöð, sem hún er flutt beint til frá útlöndum, eins og frá stöðvum hér í Reykjavík. Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi hér fram. Þetta er að vísu nýtilkomið. En ég vil þá jafnframt bæta því við út af því, sem fram hefur komið t. d. með togarana á Akureyri og það spursmál, sem mér skilst að sé nú kannske aðaltilefni þeirrar brtt., sem hér liggur fyrir, það er flutningskostnaðurinn á olíunni frá innflutningshöfn og þangað, þá skilst mér, að sú spurning væri úr sögunni, ef t. d. á Akureyri væri komin ein innflutningsstöð fyrir olíu. Og ég man það í umr. við menn um þessi mál, sem hafa verið þeim kunnugir, þá hafa þeir talið, að það væri nú orðið fullkominn grundvöllur fyrir, að slík innflutningsstöð væri sett upp á Norðurlandi og þá sennilega helzt á Akureyri. Mér þykir rétt, að þetta komi fram hér, af því að það hefur ekki verið dregið inn í þessar umr. Það er kannske að einhverju leyti vegna þess, að Austurlandið hefur verið nefnt svo mikið í þessu sambandi eða síldarverksmiðjurnar þar.

Ég dreg ekki í efa, að hægt sé að finna einhver rök fyrir því, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að það mundi vera hægt að reikna það út, að sá hagnaður, sem síldarverksmiðjurnar hefðu notið af olíujöfnuninni, næmi millj. kr. á undanförnum árum. Það kann að vera rétt.

En ég vil þá jafnframt minna á það í leiðinni, sem auðvitað er öllum ljóst og ætti ekki að vera þörf á, að það er ótalinn milljónahagnaður, sem þjóðfélagið í heild hefur notið af síldariðnaðinum á Austurlandi á undanförnum árum.

En sem sagt, aðalerindi mitt hingað í ræðustólinn undir þessum umr. var einmitt að vekja athygli á þessu, að það er nýbúið að reisa innflutningsbirgðastöð á Austfjörðum fyrir olíu, þar sem hún er flutt beint frá útlöndum, og mér sýnist, að það hljóti að snúa þessu dæmi við og mundi gera það á sama hátt hvað Norðurlandið snertir, þegar slík stöð væri komin þar upp.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það var með sérstöku tilliti til landsbyggðar á Íslandi mjög góð regla að mínum dómi, sem tekin var upp með setningu l. árið 1953 um verðjöfnun á olíu og benzíni. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þessar vörur, olía og benzín, eru í vaxandi mæli hér og annars staðar í veröldinni undirstaða atvinnulífs í ýmsum greinum og lífsþæginda. Það er því mikilsvert, að menn eigi um allt land hinn sama kost á þessum vörum, en í 1. gr. l. frá 1953 segir svo: „Söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og benzíni skal vera hið sama á öllum útsölustöðum á landinu.“ Þessi gr. er í raun og veru undirstaða l., en í öðrum gr. frv. er gerð nánari grein fyrir því, hvernig eigi að koma þessu í kring, það skuli gert með því, eins og segir í 2. gr., að greiða verðjöfnunargjald af olíu og benzíni, sem keypt er til landsins. Í l. er ekkert um það, hvað þetta verðjöfnunargjald eigi að vera hátt, hvorki lágmark né hámark. Það er á valdi viðskmrn. á hverjum tíma, sem ákveður verðjöfnunargjaldið til 3 mánaða í senn, en upphæð gjaldsins á að vera við það miðuð, að hún nægi til að greiða flutningskostnað.

Mér finnst, að ætla mætti af sumu, sem hér hefur fram komið, að ákvæði l. væru ýtarlegri um þessa hluti og að hér væri verið að grípa inn í einhverja sérstaka lögbundna ákvörðun um þetta verðjöfnunargjald, en hún er nú ekki lögbundnari en þetta, að á skuli lagt verðjöfnunargjald. Þetta er ákaflega rúmt lagaákvæði og mjög í höndum þessa aðila, þ. e. a. s. viðskmrn., sem ákveður verðjöfnunargjaldið.

Með sérstöku tilliti til þess, hvernig ákvæðin um verðjöfnunargjaldið eru, fæ ég raunar ekki séð, að það hafi verið nauðsyn að flytja þetta lagafrv. varðandi togarana. Það getur verið, að ég hafi ekki fullkomlega skilið einhverjar þær ástæður, sem þarna kunna að vera fyrir hendi, en mér virðist, að þetta sé mjög í höndum rn., sem leggur verðjöfnunargjaldið á. Það er t. d. ekki sagt, að verðjöfnunargjaldið skuli vera jafnt á öllum tegundum, sem hér er um að ræða. Jafnframt virðist mér það koma fram, að togaraflotinn í heild muni ekki hagnast mjög mikið á framkvæmd þessa frv., þótt að lögum yrði og heimildin notuð, eins og hæstv. viðskmrh. gerir ráð fyrir að verði. Um það virðist ekki vera ágreiningur, að hér sé ekki um háa upphæð að ræða, sem togaraflotanum komi til góða í þessu sambandi, meira að segja mjög lága miðað við þær upphæðir, sem þar er um að ræða, og þær upphæðir, sem togaraflotanum hafa verið greiddar, bæði úr ríkissjóði og úr aflatryggingasjóði sjávarútvegsins, til þess að mæta þeim rekstrarhalla, sem hann hefur átt við að búa undanfarin ár. Þetta er mjög lítil upphæð, sem hér er um að ræða í sambandi við það, sem að sjálfsögðu ætti að vera hægt að útvega á einhvern annan hátt. En því er ég að tala um þetta, að mér finnst, að varhugavert geti verið að skerða ákvæði þessarar löggjafar frá 1953 með undanþáguákvæðum. Ég efast um, að það verði til góðs fyrir neinn að gera það. Þó að þetta skipti ekki miklu máli, sem hér er farið fram á, og um litlar upphæðir sé að ræða, getur það e. t. v. skipt meiru síðar, að þetta hafi verið gert núna.

Ég er einn þeirra manna, sem telja, að mikil þörf sé á að styðja togaraútgerðina, eins og sakir standa. En ég mundi ekki hafa lagt til, að það yrði gert með því að breyta á þennan hátt þessari mjög svo mikilsverðu og þörfu löggjöf og skapar þar smugu, sem síðar gæti orðið undanfari annars meira. Þess vegna vil ég nú skjóta því hér fram til hæstv. ráðh. og annarra, sem að þessu standa, hvort ástæða sé til þess að vera að hraða þessu máli nú í gegnum þingið, hvort ekki væri réttara að hugsa sitt ráð, hvort ekki væri einhver önnur leið til að fá þessa tiltölulega litlu upphæð til togaraflotans, samanborið við aðrar upphæðir, sem nefndar hafa verið í því sambandi og af höndum reiddar, annað ráð en að hrófla við þessum lögum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths., í rauninni til að undirstrika það, sem hv. 3. þm. Austf. sagði hér um þessi mál. Að mínum dómi virtist mér hann skilja miklu betur en hæstv. viðskmrh. þann grundvöll, sem verið hefur frá upphafi að þessu verðjöfnunarkerfi.

Hér hafa áður farið fram miklar umr. um það, þegar einstakir menn hafa verið að halda því fram, að þessi eða hinn aðilinn í landinu hafi verið að tapa á verðjöfnunarkerfinu og aðrir að græða á verðjöfnunarkerfinu. Það er í rauninni grundvallarmisskilningur að tala um þetta. Þegar verðjöfnunin fyrst var ákveðin, stóðu menn einmitt frammi fyrir því, að það voru að koma fleiri og fleiri aðilar upp í landinu sem sögðu: Við flytjum þá bara olíuna inn beint til okkar, innflutningshafnirnar verða þá margar, en ekki bara ein. — Og þá hefði þetta farið þannig, að fyrir þjóðarheildina hefði flutningurinn á olíu til landsins orðið óhagstæðari. Þá hefðum við ekki getað tekið þá stærstu farma, sem við höfum tekið til lands-

ins, alla á einn stað og dreift svo olíunni út um allt landið frá þessum stað. Þá hefði sá staður, í þessu tilfelli Reykjavík, orðið að sætta sig við miklu minni farm til landsins, ef hún hefði aðeins átt að flytja inn til sín þá olíu, sem hér er notuð. Aðilar bæði á Austurlandi og Norðurlandi voru þá mjög farnir að gera kröfur um það, að þar yrði komið upp innflutningsstöðvum, og öll aðstaða var orðin þar til þess, og þá hefðu þeir flutt inn sína olíu og kannske í sumum tilfellum þá þurft að flytja olíu hingað suður. Það er rétt, að það bar á því í upphafi, að sérstaklega menn hér í Reykjavík töldu þetta vera svo fast, að Reykjavík væri eini innflutningsstaðurinn, að í rauninni væri Reykjavík, eins og þá var sagt, að borga með olíu til allra annarra í landinu. En ég hélt satt að segja, að þetta væri alveg liðinn tími og menn væru búnir að átta sig á því, að þetta er ekki svona, og eins og hv. 3. þm. Austf. benti réttilega á, er núna t. d. aðstaða á Austurlandi jafngóð og sú bezta í Reykjavík til þess að taka við hinum stærstu olíuförmum erlendis frá og flytja olíuna þangað inn beint, og það er gert. Þá ættu Austfirðingar og aðrir að fara að reikna dæmið þannig að segja: Þegar olían er flutt þaðan, erum við að borga með olíunni til annarra. — Þetta er auðvitað alger hugsunarvilla. Það, sem menn komu sér saman um hér í upphafi, var þetta: Við allir landsmenn þurfum á olíum að halda. Við flytjum það inn sameiginlega, dreifum því út um landið á þann hagstæðasta hátt, sem við getum gert, og við ætlum okkur allir að búa við sama verð, þegar um sams konar olíu er að ræða. Og þannig hefur olíukerfið verið byggt upp.

Það er því hrein fjarstæða hjá hæstv. ráðh. að vera að tala um það, að síldarverksmiðjur á Austurlandi eða einhverjir aðrir hafi verið að græða á kerfinu. Hér er vitanlega ekki um neitt slíkt að ræða. Ef menn færu í það, eins og nú er ástatt, að brjóta kerfið niður, færi það alveg tvímælalaust þannig, að m. a. síldarverksmiðjur á Austurlandi yrðu líklega fyrstar af öllum til þess að komast í lægsta innflutningsverðið. En það er ekki það, sem ég álít að sé hið hagstæða í þessu. Það er hins vegar það, að við eigum að virða verðjöfnunarkerfið sem slíkt, halda því uppi sem hreinu verðjöfnunarkerfi. Það hefði vitanlega verið hægt, eins og hæstv. ráðh. sagði hér, að taka þessa olíutegund, fuelolíuna, algerlega út úr verðjöfnunarkerfinu. En út úr því hefðum við fengið þann óskapnað, sem ríkisstj. vildi ekki standa að, að þá hefði olíuverðið til togara hér í Reykjavík, á meðan Reykjavík var aðalinnflutningshöfnin, orðið miklum mun lægra en hjá togurum annars staðar á landinu, og vitanlega gert þeim leikinn miklu erfiðari, eða þá að þetta hefði leitt til þess, að þeir hefðu farið að flytja til sín beint erlendis frá það, sem þeir þurftu að nota, og Reykvíkingar einir til sín það, sem þeir þurftu að nota, sem hefði verið óhagstætt fyrir þjóðarheildina. Auðvitað komst ríkisstj. að raun um, að það þurfti að tryggja sama verð á togaraolíum um allt land. En þegar ekki á lengur að láta þá greiða í sjóðinn, verður einhver að greiða þetta fyrir þá, það er ekki nokkur leið að láta einn aðila græða 3—4 millj. kr. á ári, án þess að einhver borgi það. Og ég álít fyrir mitt leyti að þá sé það í rauninni brot á öllum meginreglum verðjöfnunarkerfisins að ætla að láta verðjöfnunarkerfið fara að borga þennan stuðning, sem þarna er um að ræða. — Svo skal ég ekki frekar þræta um þetta.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég verð að síðustu að endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að mér eru það mikil vonbrigði og raunar einnig undrunarefni, að eftir að öll hv. Ed. hefur fallizt á það sjónarmið, sem liggur til grundvallar þessu frv., skuli þessi hv. þm. hér í Nd. hefja andóf við frv. og vilja spilla því, að tilgangur þess náist. Þetta er sérstakt undrunarefni vegna þess, að þessi hv. þm. leggur gjarnan á það mikla áherzlu, að hann sé sérstakur stuðningsmaður útgerðar á Íslandi og þá ekki síður togaraútgerðar en annarrar útgerðar. En það er augljós tilgangur þessa frv., það mundi verða afleiðing af samþykkt þess, að togaraútgerðin, eins og margsagt hefur verið, mundi njóta nokkurs stuðnings af verðjöfnunarkerfinu, og ég er búinn að segja áður og vil endurtaka það hér að síðustu, að ég tel þann stuðning vera fullkomlega réttlætanlegan á næstu árum, vegna þess að það er sannanlegt og raunar sannað, að togararnir hafa borið bagga vegna verðjöfnunarkerfisins á undanförnum árum. Það er auðvitað algerlega rétt, að þann stuðning, sem þeir fá á næstu árum vegna samþykktar þessa frv., verður einhver að borga, — hann verður einhver að borga, það er alveg rétt, og það er líka rétt, að það munu olíunotendur almennt í landinu borga á næstu árum. En ég tel sanngirnismál, að þetta gerist, vegna þess, að togararnir hafa á undanförnum árum greitt meira í verðjöfnunarkerfið en þeir hafa fengið úr því, og þar af leiðandi stutt aðra olíunotendur á undanförnum árum. Það, sem gerist og mun gerast á næstu árum, er ekkert annað en það að snúa því við, sem hefur gerzt á undanförnum árum. Alveg eins og togararnir hafa verið nettógjaldendur um mörg undanfarin ár, munu þeir á komandi árum verða nettóþiggjendur. Það mætti auðvitað reyna að gera þetta dæmi endanlega upp, alveg frá því að verðjöfnunarkerfið kom í gildi. Það er hægt, reikningar þess eru svo glöggir og svo skýrir, að það væri enginn vandi að gera það. En hv. þm. fann ekkert til með togurunum á undanförnum árum, þegar þeir voru sannarlega nettógjaldendur í verðjöfnunarkerfið. Þá fann hann ekkert til með þeim. Þeir máttu gjarnan bera þær byrðar. Það kom aldrei rödd frá honum á þeim árum, að það væri eðlilegt, að þarna væri togaraútgerðinni íþyngt. En þegar þeir eiga að njóta nokkurs góðs af sama kerfinu, er komið við hjartað í honum og hann segir: Látum heldur ríkis-

sjóð borga þetta. — En ég vil enda á því að endurtaka það, sem ég sagði áðan: Þessum hugsunarhætti mætti alveg eins vel beita gagnvart síldariðnaðinum, alveg nákvæmlega eins gagnvart honum sem heild. Og ég staðhæfi og ég veit, að enginn leyfir sér að andmæla því, að síldariðnaðurinn hefur á undanförnum árum notið stórkostlegs góðs af því, að það hefur verið verðjöfnun á olíum í landinu. Ef ríkissjóður á að hlaupa undir bagga í framtíðinni vegna togaranna, mætti eins segja, að hann ætti kröfu á síldariðnaðinn, til þess að hann endurgreiddi allar þær millj., sem síldariðnaðurinn hefur notið góðs af verðjöfnunarkerfinu á undanförnum árum. Auðvitað þýðir ekki að viðhafa þau rök, eins og hv. þm. sagði áðan, að í raun og veru græddi enginn á verðjöfnun og enginn tapaði á henni. Þetta er auðvitað alger misskilningur, vegna þess að verðjöfnun er einmitt til þess að létta byrðum af atvinnurekstri og borgurum utan þéttbýlisins. Og hver borgar það? Það borga auðvitað notendur sömu vöru í þéttbýlinu. Hitt er svo annað mál, að ég er ekki með þessu að andmæla verðjöfnun, hún er sjálfsögð á mörgum vörum, en hún er á fæstum vörum, sem íslenzka þjóðin notar, og tiltölulega lítið um slíka verðjöfnun með öðrum þjóðum. Ef við reynum að gera upp hagnað eða halla af verðjöfnuninni, verðum við auðvitað að bera saman við ástandið, sem mundi vera, ef engin verðjöfnun væri, og til verðjöfnunar þarf lög eins og nú gilda. Við verðum að bera ástand einstaklings og atvinnugreinar undir verðjöfnunarlöggjöf saman við það, hvernig hagur þeirra mundi vera, ef ekki væri til verðjöfnunarlöggjöf. Þetta er sá eini skynsamlegi samanburður, sem til greina getur komið. Hitt er svo annað, að auðvitað verður staðsetning atvinnufyrirtækja og staðsetning verzlunarfyrirtækja, t. d. banka, með allt öðrum hætti eftir því, hvort verðjöfnunarlög gilda eða gilda ekki, en það er þessu máli algerlega óskylt. En ef við berum saman ástand í olíuverzluninni, það verðlag, sem mundi gilda á olíu, ef hér væri frjáls verðmyndun á olíu, við það, sem er núna, að hér er verðjöfnun á olíu, er engum efa bundið, að frá því að verðjöfnunarkerfið var tekið upp 1953, hafa togararnir tapað á þessu kerfi, en t. d. síldariðnaðurinn grætt á því. Ég væri alveg tilbúinn til þess að gerast meðflm. hv. þm. að till. um það, ef honum býður svo við að horfa, það væri beint framhald af hans röksemdafærslu við þessar umr., — gerast meðflm. að till. um það, að togaraútgerðin og síldariðnaðurinn yrðu gerð algerlega óháð verðjöfnunarkerfinu, frá því að það var tekið upp, og skyldi hagnaður eða halli, sem upp kæmi hjá þessum atvinnugreinum, ganga í ríkissjóð. Ég veit alveg hvað út úr dæminu mundi koma. Hins vegar tel ég þetta ekki aðeins vera ástæðulaust, heldur beinlínis bjánalegt, að þetta yrði gert, en þetta væri rökrétt afleiðing af þeirri hugsun, sem í till. hv. þm. felst.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég held, að hæstv. viðskmrh. sé búinn að láta undrun sína í ljós yfir því, að það skuli koma upp annað hér í málinu en í hv. Ed., þrisvar sinnum núna, a. m. k. þrisvar sinnum. Þetta er ákaflega einkennilegt, þegar á það er litið, að þessi hæstv. ráðh. er búinn að vera 20 ár á þingi. Er það nokkuð óvenjulegt hér, að það verði breyt. á málum í seinni d. frá því, sem gengið var frá þeim í fyrri d.? Ég held, að þetta sé daglegt brauð. Og hvers vegna er haldið við þessu tveggja deilda kerfi? Er það ekki einmitt fyrst og fremst til þess, að málin fái betri athugun en ef aðeins væri ein málstofa. Ég hefði haldið það. Þetta eru ákaflega fávíslegar aths. hjá honum. Það lítur út fyrir, að hann telji, að af því að flokksbræður okkar í Ed., — okkar, sem stöndum að brtt., — af því að þeir fluttu ekki brtt., þá sé það nánast ákaflega óviðfelldið af okkur að hreyfa nokkrum athugasemdum við þetta mál. Það sjá væntanlega allir, hvað þetta er óttalega mikil fjarstæða og merkilegt, að þetta skuli heyrast úr ráðherrastól.

Hæstv. ráðh. er stöðugt að tala um það, hverjir hafi tapað og grætt á verðjöfnunarkerfinu. Það var ákveðið 1953, að það skyldi vera sama útsöluverð á olíu og benzíni um allt land, og ég held, að það sé ekki hægt að gera það upp, hverjir hafa grætt og tapað á þessu. Það er í rauninni ekki um neitt tap eða gróða að ræða í þessu sambandi. Þetta var nauðsynleg framkvæmd og réttmætt að ákveða þetta, og þar á enginn að tapa og enginn að græða út af fyrir sig, enda væri ómögulegt að gera þetta upp, — þó að hann færi og setti sína færustu hagfræðinga í að reikna þetta út, væri alveg ómögulegt að gera þetta upp, það er ekki til, að það væri mögulegt. Við skulum hugsa okkur, að verðjöfnunarkerfið hefði ekki verið tekið upp á sínum tíma. Af því hefði vitanlega leitt það, eins og hv. 5. þm. Austf. er búinn að taka fram, að aðrir landshlutar hefðu farið að flytja olíur inn beint til sín, komið upp aðstöðu til þess að flytja inn olíur beint til sín. Þá hefði afleiðingin orðið sú, eins og hann líka tók fram, að Reykvíkingar hefðu ekki getað komizt að eins góðum kaupum á olíu og þeir hafa getað undanfarið. Þeir hafa flutt inn nokkuð stóra farma, sem hafa verið ekki einasta fyrir Reykjavík, heldur fyrir landið allt á næstu mánuðum og missirum jafnvel, og þarna hefur verið hægt að komast að betri kaupum og sérstaklega betri skilyrðum um flutningsgjald, og það er ómögulegt að segja, hvað hefði komið upp úr þessu, ef verðjöfnunin hefði ekki verið og hver landshluti hefði farið að flytja inn fyrir sig og þar af leiðandi orðið að borga meira flutningsgjald til landsins. En vafalaust er það, að þjóðin í heild hefur grætt á þessu, hún hefur komizt að betri kjörum með flutninga á olíu til landsins fyrir að hafa tekið stóra farma.

Hæstv. ráðh. hefur viðurkennt það, að ef

frv. verði samþ. óbreytt, verði þetta þannig, að aðrir olíunotendur greiði kostnaðinn við að flytja togaraolíuna á milli útsölustaða, enda er ekki hægt annað en að viðurkenna það. Og þá er bara spurningin: Er það sanngjarnt? Hvað er að segja um bátaútveginn hér á landi? Er hann þannig staddur núna, að það sé sanngjarnt að leggja á hann útgjöld vegna togaranna? Ég veit, að það eru nokkur síldarskip, stóru bátarnir, þeir hafa líklega haft það gott í ár, en hvað er að segja um hina? Við fengum hér skýrslu frá n., sem athugaði útgerð og afkomu smábátanna, og við vitum, hvað hún segir. Ég held, að það sé ekki þannig ástatt hjá þeim, að það sé réttmætt að leggja á þá kvaðir vegna togaranna. Ég held, að það sé ekki heldur sanngjarnt að leggja nein gjöld á þann fjölda manna, bæði í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum, sem nú þurfa að hita hús sín með olíu, því að það er orðið lítið um það, að hús séu kolakynt nú. Það er yfirleitt notuð olía til upphitunar á húsum, þar sem ekki er hiti frá náttúrunnar hendi, ekki jarðhiti, og ég held, að það sé alls ekki sanngjarnt að vera að íþyngja þessu fólki með því að hækka olíuverðið til þess. Hitt er annað mál, að við erum á því, að það sé rétt að létta þarna af togurunum, en það er, eins og hv. 5. þm. Austf. hefur tekið fram, sanngjarnara, að það verði borgað og jafnað með öðrum hætti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 33. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 176 felld með 20:15 atkv.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 187).

---

11. Verðstöðvun.

Á 20. fundi í Nd., 28. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild til verðstöðvunar [74. mál] (stjfrv., A. 86).

Á 21. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Íslenzkir atvinnuvegir mótast mjög af því, hversu a. m. k. sumir þeirra og ekki hinir þýðingarminnstu eru óvissir, hversu þeir gefa mismunandi miklar tekjur af sér, bæði vegna verðbreytinga og eins sökum þess, að afli er misjafn, heyfengur misjafn, tíðarfar ólíkt og annað, sem við allir þekkjum. Þessar miklu sveiflur á okkar atvinnuvegum hljóta að sjálfsögðu mjög að hafa áhrif á efnahagsþróunina, og þá ekki hitt síður, sem einnig veldur miklu um, að atvinnuvegirnir gefa ákaflega misjafnlega mikinn arð af sér. En eðlilegt er, að menn sækist eftir sem jöfnustum tekjum. Þeir, sem telja sig verða afskipta, reyna því að gera það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að fá hlut sinn bættan miðað við hina, sem betur mega hverju sinni. Þetta verður þeim mun meira áberandi og reynir frekar á, þegar langvinn velgengni á sér stað hjá einhverjum atvinnugreinum umfram flestar hinna. Þessi einkenni hafa mjög lýst sér nú á seinni árum, og þá er það einkum sú gerbreyting, sem orðið hefur á síldveiðum, sem úrslitaþýðingu hefur haft fyrir okkar efnahagsþróun. Við munum allir þau ár, og það þarf ekki að líta langt aftur í tímann, þegar síldveiðar voru hér nánast sagt litlar sem engar ár eftir ár. Þó að mikið fé hefði verið lagt fram til að afla síldar með kaupum á veiðiskipum, með byggingu verksmiðja í landi og öðrum ráðstöfunum, liðu mörg ár svo, að þetta fé kom að litlu sem engu gagni. Og enn eru það heilir landshlutar, sem áður fyrr höfðu mikla velgengni af síldveiðum, sem þeirra njóta nú lítt eða ekki. Aftur á móti hefur síldin veiðzt meira en nokkurn mann gat grunað út af Norðausturlandi hin síðustu ár og á köflum einnig hér fyrir Suðurlandi og Suðvesturlandi. En fyrst og fremst er það hin mikla veiði fyrir austan, sem gerbreytt hefur tekjumöguleikum ekki einungis síldarstarfsfólks, útvegsmanna, sjómanna, verksmiðjufólks og annarra, sem að þessari starfsgrein vinna, heldur hafa þessi miklu uppgrip orðið til þess að auka tekjur landsfólksins í heild, svo að verulega munar um. Þessi breyting hefur orðið enn áhrifaríkari vegna þess, að samfara mjög aukinni veiði hefur a. m. k. hin síðustu missiri verðlagsþróun verið Íslendingum hagstæð varðandi síldarafurðir, þ. e. a. s. þangað til nú á þessu ári. Í stað hagstæðs verðlags áður hafa síldarafurðir, einkum síldarmjöl og síldarlýsi, fallið mjög verulega í verði, þannig að telja mætti til hreinnar ógæfu og hefði riðið þessum atvinnuvegi að fullu, ef veiðin hefði ekki reynzt jafnmikil sem raun ber vitni. Segja má, að veiðimagnið eða aflamagnið bæti að verulegu leyti upp það tjón, sem síldveiðarnar hafa orðið fyrir vegna verðfallsins á þessu ári. Ekki svo að skilja, að hægt sé að segja, að síldarafurðirnar séu í sérstaklega lágu verði. Það er meira verðbreytingin, sem hér kemur fram, það, hversu þær höfðu komizt í hátt verð áður, hversu fallið á afurðunum verður snöggt og mikið,

sem er mjög lagað til þess að valda verulegri röskun á högum allra þeirra, sem sitt eiga undir síldinni og þá þar með þjóðarheildarinnar samkv. því, er ég áður sagði.

Þessar miklu tekjur, sem menn hafa haft af síld undanfarin ár, hafa svo leitt til aukinnar kröfugerðar annarra stétta, sem hafa a. m. k. að nokkru viljað nálgast þær tekjur, sem menn hlytu af því að starfa við síldarútveginn. Allir viðurkenna raunar, að það sé eðlilegt, að sjómenn, sem mikið leggja á sig og lifa í hættu og við erfiðari kjör en aðrir, beri meira úr býtum. En hitt er einnig eðlilegt, að menn vilja ekki, að munurinn á afkomu verði allt of mikill, enda eru sumpart í löggjöf fyrirmæli um það, að tekjur þýðingarmikillar stéttar í landinu, bænda, eiga beinlínis að miðast við tekjur annarra stétta, þannig að þetta sjónarmið er viðurkennt af löggjafanum og hefur lengi verið, eða a. m. k. nú í nær aldarfjórðung. Það hefði þó verið erfitt að standa undir þeim hækkunum, sem menn þannig hafa talið eðlilegt að fá á sínu kaupgjaldi, lífskjarabótum eða hvernig við viljum orða það, ef ekki hefði einnig verið samfara hagstæðu verðlagi á síldarafurðum hin síðari ár einnig hagstætt verðlag á bolfiski, fyrst og fremst saltfiski, ekki eins gott á skreið, en einnig allhagstætt, og stundum mjög hagstætt verð á hraðfrystum fiski. Nú hefur á þessu ári einnig orðið breyting að þessu leyti, þannig að tvær höfuðútflutningsafurðir landsmanna, annars vegar síldarafurðirnar og hins vegar hraðfrysti fiskurinn, hafa fallið í verði, síldarafurðirnar miklu meira, hraðfrysti fiskurinn minna og svo, að umdeilanlegt er, að hve miklu leyti verðfallið er enn farið að koma niður á framleiðendum hér innanlands, þrátt fyrir það þó að sannanlegt sé, að vissar verðbreytingar hafi orðið. Þessar verðbreytingar eru þó, að því er menn enn hafa fregnir af, mun minni en verðbreytingarnar á síldinni, en eru einnig alvarlegar — og alvarlegri en ella af því, að hraðfrystihúsin áttu áður í vök að verjast, svo og sá bátafloti, sem fyrir þau hefur fiskað, — svo að ekki sé talað um togarana, sem eru í sérstöðu að þessu leyti, — vegna þeirrar samkeppni, sem þessir aðilar hafa orðið að halda uppi við síldveiðarnar, sem hefur aftur leitt til þess, að mun minni stund hefur verið lögð á þorskveiðar en áður. Efnivaran er þar af leiðandi minni, sem í hraðfrystihúsin fæst, og mikið af hinum dugmiklu sjómönnum, sem áður lögðu fyrst og fremst fyrir sig bolfisksveiðar eða þorskveiðar, leggur nú höfuðstund á síldveiðarnar. Allt er þetta lagað til þess að hafa mikil áhrif, og verður ekki fram hjá því komizt, þegar litið er á þróun okkar efnahagslífs.

Þær verðhækkanir, sem hér hafa orðið innanlands síðustu 2—3 ár, standa í nánu sambandi við þessa þróun, sem ég hef nú lítillega rakið, þó að fleiri atriði komi þar einnig að sjálfsögðu til. Þessi þróun hefur ekki orðið til þess að skapa okkur teljandi örðugleika út á við, meðan þessar verðhækkanir stóðu og hið háa verðlag var greitt fyrir afurðirnar. En vegna þess, hversu miklir baggar hlóðust með eðlilegum hætti á þessar útflutningsgreinar í kaupgjaldi og öðrum kostnaði, verða þær skjótt þess varar og lenda í örðugleikum, þegar slík gjörbreyting á sér stað í verðlagi eins og nú hefur fram komið. Og einmitt af því að allur almenningur, launþegar og aðrir, hefur fyllilega fengið sinn hlut af vaxandi þjóðartekjum undanfarin ár, þjóðartekjum, sem fyrst og fremst hafa vaxið af þeim ástæðum, sem ég hef stuttlega greint, er eðlilegt, að menn verði nú einnig skjótlega að taka tillit til þeirra breytinga, sem þannig hafa orðið á verðlagi útflutningsvörunnar. Enda má það í raun og veru segja, að gangi kraftaverki næst, að stór atvinnugrein, kostnaðarsöm og þar sem mikið hlýtur ætíð að fara í súginn eins og við síldveiðarnar, skuli þó standast eftir þetta mikla verðfall, sem orðið hefur. Og skýringin á því er, eins og ég segi, aflamagnið, sem er svo mikið, að það bætir upp verðhrunið, og er mun meira en menn fyrir fáum árum, jafnvel 1—2 missirum, hefðu talið líklegt, að hér gæti fengizt. En þarna eiga hraðfrystistöðvarnar, vinnslustöðvar og útvegsmenn við sýnu meiri örðugleika að etja, eins og ég áður sagði.

Nú er það að vísu svo, að enn liggur ekki fyrir, hversu þeir örðugleikar eru miklir. Bæði hygg ég, að nokkuð sé á huldu um afkomu hraðfrystiiðnaðarins í heild á undanförnum árum, þó að yfirleitt muni hann hafa komizt skaplega af. Eins er það ekki enn ljóst, hversu mikið eða alvarlegt þetta verðfall á hraðfrysta fiskinum er, þó að það sé vafalaust nokkurt. En hvað sem því líður, er ljóst, að sá atvinnuvegur muni ekki þola nýjar álögur, nýjar kauphækkanir eða annan aukinn tilkostnað, og hið sama gildir þá því fremur um síldveiðarnar, eins og ljóst má vera, en þessar hafa verið okkar tvær aðaltekjulindir á undanförnum árum. Úr því að svo er komið, er eðlilegt, að gerðar séu ráðstafanir til að firra þessar þýðingarmiklu atvinnugreinar, sem segja má, að þjóðlífið eigi meira undir nú en nokkrum öðrum, að firra þær skakkaföllum. Það má e. t. v. deila um, hversu þær ráðstafanir þurfa að vera róttækar, og ég tek fram, að enn er ekki svo, að öll kurl séu komin til grafar, þannig að menn geti í heild áttað sig á öllum einstökum atriðum í þessum efnum. En víst er, að minni ráðstafanir en þær, sem í þessu frv. eru ráðgerðar, nægja ekki.

Ríkisstj. hefur verið það ljóst, frá því að þessi umbreyting varð á s. l. sumri, að ráðstafanir í svipaða átt og hér er nú lagt til að lögfesta yrði að gera, og hefur það áður komið fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. á s. l. hausti, þegar þing kom saman, í ræðum og í ráðstöfunum, þar með stórauknum niðurgreiðslum á vöruverði og hækkunum á fjölskyldubótum til þess að halda vísitölu og verðlagi niðri. En segja má, að þær ráðstafanir séu beinn þáttur í þeim ráðagerðum, í þeirri fyrirætlan, sem fram er haldið með þessu frv.

Við höfum þegar nú um nokkrar vikur haft samráð bæði við verkalýðshreyfinguna og samtök vinnuveitenda og einstakar undirdeildir í þeim stéttarhópum báðum, ef svo má segja, um það, hvernig bregðast ætti við því nýja vandamáli, sem hér blasir við. Og ætlan okkar var í fyrstu sú — og sú, sem ég hefði talið æskilegasta, að reyna að ná samkomulagi við aðalatvinnustéttir landsmanna um verðstöðvun og kaupgjaldsstöðvun samfara um svipað tímabil og verðstöðvunarheimildin í þessu frv. nær til. En sannast bezt að segja hefur slíkt samkomulag enn ekki tekizt. Ég vil þó taka alveg skýrt fram, að viðræður okkar við fulltrúa verkamanna og forseta Alþýðusambandsins hafa verið mjög vinsamlegar og lýst skilningi þessara aðila á þeim vanda, sem nú steðjaði að. En þeir hafa talið, að enn væru of mörg óviss atriði, sem ekki væri hægt að átta sig á til hlítar, til þess að þeir teldu sér fært að setjast að eiginlegri samningagerð um þessi mál. Það er ekki mitt að segja til um, hvað þeir muni telja sér fært, áður en yfir lýkur. En vitanlega væri það langæskilegast og mest öryggi í því fólgið, ef þessir aðilar teldu sér fært að gera bindandi samning um kaupgjald til nokkurra mánaða, um festingu kaupgjalds fram yfir mitt næsta ár eða helzt til 31. okt. En jafnvel þó að slíkt takist ekki, er á hitt að líta, að að sama gagni að nokkru, þó ekki til hlítar, kæmi það, ef takast mætti að skapa festingarástand þetta tímabil, í hvaða formi sem það yrði, að slíkt mætti verða.

Atvinnurekendur töldu sjálfir sér þann kost vænstan án beins atbeina ríkisstj. eða ríkisvaldsins að gera á s. l. sumri, samning einungis frá því í júní fram til 1. okt. og töldu sér þá enn fært að hækka kaupgjald um 3.5%. Ég hefði þá talið miklu æskilegra, að samið væri til eins árs, en verkalýðurinn lét þess engan kost og atvinnurekendur töldu þó slíkan samning til skamms tíma vera betri en engan samning. Síðan má segja, að samningslaust hafi verið, en þó hafi ríkt sæmileg kyrrð. Og viðfangsefnið hlýtur að verða að skapa skilyrði fyrir samningsgerð, ef hún er möguleg, en ef ekki, þá a. m. k. til kyrrðar eins langan tíma og frekast eru föng á. Við höfum einnig haft um þetta mál, eins og ég sagði, samráð við fulltrúa vinnuveitenda og einstaka hópa úr þeirra röðum. Þeir hefðu vafalaust talið æskilegra, að alhliða samningar kæmust á. Kaupmenn, bæði Verzlunarráð, stórkaupmenn og smákaupmenn, og eins iðnrekendur eru auðvitað ekki hrifnir af slíkri verðbindingu eða verðstöðvun, sem hér er ráðgerð, en þó hygg ég, að þeir skilji nauðsyn þess, að eitthvað í þá átt sé gert, eins og nú horfir, þó að þeir vafalaust, a. m. k. flestir, hefðu kosið að geta náð um það frjálsu samkomulagi annars vegar við ríkisvaldið og hins vegar við verkalýðinn. En þar sem verkalýðurinn hefur ekki enn talið sig fúsan eða reiðubúinn til samningsgerðar, en hins vegar nauðsynlegt, að ótvíræð heimild til verðstöðvunar væri fyrir hendi, jafnvíðtæk og í þessu frv. er ráðgert, taldi ríkisstj. ekki fært né rétt að bíða með að bera þetta frv. fram. Það er von okkar, að það geti orðið til þess að undirbúa frekari samningsumleitanir og vonandi samningsgerð, skapa það andrúmsloft, sem nauðsynlegt er, til þess að það öryggi fáist í þessum efnum, sem ég áður lýsti og varðar miklu, að geti staðið nokkra hríð.

En eins og fram kemur í frv. er það forsenda fyrir því, að beitt verði heimildinni til verðstöðvunar, að ekki verði kauphækkanir, er geri verðstöðvunina óframkvæmanlega. Hér er auðvitað ætíð nokkurt matsatriði á ferðum, svo sem eðli málsins samkv. hlýtur að verða. En vitanlega skilja allir, að almennar kauphækkanir mundu kippa grundvellinum undan þeirri tilraun, sem hér er verið að gera. Það má þá einnig halda því fram, að hreinlegra hefði verið að bera fram till. um bindingu á kaupgjaldi einnig. Slíkt hef ég ekki og enginn í ríkisstj. talið eðlilegt eða fært þegar af þeirri reynslu, sem öll slík bindingaráform hafa áunnið sér hér. Ég hygg, að ef verulegur árangur eigi að nást, sé skilyrði hans það, að það sé skilningur hjá hinum fjölmennu almannasamtökum, að hér sé um nauðsynjamál að ræða, sem þau verði sjálf að eiga þátt í að leysa, og það mundi einungis verka til ills eins, ef beita ætti að ófyrirsynju lögþvingun, svo mjög sem þessi samtök eru þvílíkum afskiptum ríkisvaldsins andvíg.

Um efni frv. í einstökum atriðum sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Það skýrir sig sjálft. Það er víðtæk heimild til handa ríkisstj. til að stöðva verðhækkanir. Þar er ákvæði um, að ef þessari heimild verði beitt, eigi stöðvunin að gilda frá því að frv. var lagt fram á Alþ., en slíkt er nauðsynlegt, til þess að ekki verði farið í kringum ákvæði frv. og þau gerð að engu. Og þá eru einnig heimildir til þess, að gerðar verði ráðstafanir til að halda í sama gjaldstiga og á s. l. ári gjöldum til sveitarfélaga, bæði útsvörum, aðstöðugjaldi og öðrum þeim gjöldum, sem sveitarfélög og raunar aðrir opinberir aðilar hafa vald til að heimta.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið á þessu stigi, en leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fjallar vissulega ekki um kjarna þeirra vandamála, sem þjóðin stendur frammi fyrir, en segja má, að kjarni þeirra sé: Í fyrsta lagi vandamál sjálfra atvinnuveganna, eins og þau blasa við nú þegar, hvað þá eins og þau verða, þegar allar afleiðingar af verðbólguþróun undanfarinna ára verða komnar í ljós. Í öðru lagi glíman við óðadýrtíðina og viðureignin, sem fram undan er við þá stórfelldu dýrtíðaröldu, sem enn á eftir að rísa sem afleiðing af því, sem búið er að hafast að, enn á eftir að koma upp á yfirborðið og því miður kemur upp á yfirborðið, þó að

reynt verði með sýndarráðum ýmsum að leyna því, sem í vændum er, t. d. fram yfir næstu alþingiskosningar. Í þriðja lagi mætti í þessu sambandi nefna sjálfhelduna í ríkisbúskapnum, sem óðaverðbólgustjórn 7—8 ára er búin að koma til leiðar.

Þetta er ekki frv. um verðstöðvun, þótt það heiti svo, sjálfsagt í auglýsingaskyni, heldur er þetta frv. til laga um verðlagseftirlit, og eftir því sem ég bezt fæ séð í stærstu dráttum raunverulega efnislega eins og þær heimildir um verðlagseftirlit, sem þegar eru í lögum, þegar frá er skilin heimild til handa ríkisstj. til þess að banna sveitar- og bæjarfélögum að hækka útsvör og aðstöðugjöld frá því, sem þau voru á þessu ári.

Í frv. segir — með leyfi hæstv. forseta — í 1. gr.:

„Ríkisstj. er heimilt að ákveða, að eigi megi hækka verð á neinum vörum frá því, sem var, er frv. til þessara laga var lagt fyrir Alþ., nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau þá eigi leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega, svo sem vegna hækkunar á tollverði innfluttrar vöru.“ Síðan segir: „Enn fremur er ríkisstj. heimilt að ákveða, að eigi megi hækka hundraðshluta álagningar á vörum í heildsölu og smásölu frá því, sem var, er frv. til þessara laga var lagt fyrir Alþingi. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.“

Þetta er meginkjarni málsins að undanskildu því, sem ég gat um áðan varðandi álögur sveitar- og bæjarfélaga.

Í núgildandi l. um verðlagsmál, sem hafa gilt síðan 1960 og núv. hæstv. ríkisstj. hefur getað notfært sér síðan allar götur, stendur svo — með leyfi hæstv. forseta — í 3. gr. þeirra laga: „Verðlagsnefnd getur ákveðið hámarksverð á vöru og verðmæti, þ. á m. hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu. Verðlagsákvarðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Verðlagsnefnd getur úrskurðað um hverja þá kostnaðarliði, er máli skipta um verðlagningu á vörum. Þá getur verðlagsnefnd og ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur verðlagsnefnd ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku. Ákvæði þessarar gr. taka þó ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru skv. sérstökum l., né heldur vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningi stéttarfélaga.“

Ég fæ ekki betur séð á þessu en að hæstv. ríkisstj. og hennar stofnun, verðlagsnefndina, hafi sannarlega ekki skort lagaheimild til þess að hafa hin víðtækustu afskipti sem hugsazt geta af verðlagi í landinu. Þessi ákvæði hafa verið í gildi allan tímann, og þau sýnast ekki undanskilja neitt. Það er heimild til að skipta sér af öllu.

Á hinn bóginn hefur hæstv. ríkisstj. á undanförnum árum sífellt verið að hrósa sér af því, að hún notfærði sér í minna og minna mæli þessa löggjöf um verðlagseftirlitið, og verið að leysa sífellt fleiri og fleiri vörur undan þessari löggjöf með auglýsingum og tilkynningum. Og það segist hæstv. ríkisstj. alltaf hafa verið að gera vegna þess, að það væri hagfelldast fyrir neytendur og fyrir landsmenn, gæfi bezta raun í viðskiptunum, að þessi lög væru sem minnst notuð, verðlagseftirlitið yrði afnumið, í áföngum, og hefur hæstv. ríkisstj. sífellt státað mjög af því, að hún væri að koma þessum málum í hagfelldara horf en áður með því að notfæra sér ekki þessa löggjöf.

Það hljóta því óneitanlega að vera þung spor fyrir hæstv. forsrh., eftir að hann hefur starfað að þessu í nærfellt 8 ár, að koma hér nú og segja, að það þurfi nýja löggjöf ofan á þessa, sem fyrir er, vegna þess að sú stefna, sem þeir hafi fylgt í þessum málum, hafi svo langt frá því gefið bezta raun varðandi eðlilegt verðlag, heldur þurfi að gjörbreyta um stefnu og taka upp framkvæmd þeirra laga, sem fyrir eru og hafa verið í gildi allan tímann. En þetta frv. sýnist í raun og veru mestmegnis eins konar auglýsing eða áróðursspjald um það, að ríkisstj. hafi skipt um stefnu og ætli sér að breyta til frá því, sem verið hefur, og taka upp aukið verðlagseftirlit. En eins og ég sagði, sé ég ekki betur en ríkisstj. hafi þetta vald og það mjög kirfilega múr- og naglfest í þeirri löggjöf, sem fyrir er um verðlagsmál.

Ég sé ekki, að þetta frv. snerti landbúnaðarafurðir eða verðlagningu landbúnaðarafurða. Mér sýnist vera ljóst af þessu frv., að verðlagning landbúnaðarafurða og meðferð þeirra að því leyti til skuli eftir sem áður algerlega fara eftir lögunum um framleiðsluráð og þau yfirvöld, sem þar eru sett til þess að sjá um þau mál, hafi vald sitt óskert skv. þessu lagafrv., enda tel ég það eðlilegt, að svo sé, því að vitanlega mundi það ekki ná nokkurri átt, ef það ætti að fara að binda kaupgjald bændanna, þar sem góðu heilli er þó látið undir höfuð leggjast að stinga upp á því að binda kaupgjald annarra.

Ég gat um, að mér sýndist eina verulega nýmælið í þessari löggjöf vera heimildin handa ríkisstj. til þess að banna bæjar- og sveitarfélögum að hækka útsvör og aðstöðugjöld frá því, sem þau voru á þessu ári. Ég treysti mér ekki til með þeim litla fyrirvara, sem ég hef haft til að skoða þetta frv. með mínum félögum, að átta mig á því, hvort það er eðlilegt, að ríkisstj. taki sér það forræði fyrir bæjar- og sveitarstjórnum, sem í þessu felst. Ég treysti mér ekki til að dæma um það. Það má vel vera, að niðurstaðan verði sú, að það geti komið til greina að veita þetta vald. Ég tek

ekki afstöðu til þess á þessari stundu. En manni virðist óneitanlega þetta bera svipaðan keim og frv. í heild sinni, hálfgerðan auglýsingakeim, og að þetta sé þá helzt miðað við, að hæstv. ríkisstj. geti komið í veg fyrir, að einstakar bæjar- og sveitarstjórnir fari að hækka útsvörin í miðri kosningabaráttunni, og eigi að tryggja hæstv. ríkisstj. gegn slíkum áföllum. Verður manni þá náttúrlega hugsað til þess, að hæstv. ríkisstj. kunni að vera í þessu efni nokkur vorkunn með tilliti til ýmissa atvika, sem gerzt hafa af þessu tagi, t. d. hér í höfuðborginni á undanförnum árum varðandi hækkun á útsvörum. Slíkar hliðarskvettur geta náttúrlega komið sér illa, þegar verið er að gera upp þjóðmálin í kosningatíð. En sem sagt, ég skal ekki taka afstöðu til þessa atriðis á þessari stundu og álít hyggilegt, að þetta sé skoðað í nefnd. En mér sýnist þetta í raun og veru höfuðatriði frv. og hitt sé eins konar auglýsinga- og áróðursherferð og umbúðir kannske utan um þetta, a. m. k. umbúðir utan um eitthvað, kannske bara umbúðir utan um þetta, sem kallað er stöðvunarstefna, en vitanlega er engin stöðvunarstefna, svo sem ég kem að ofurlítið bráðum.

Ég sagði áðan, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. forsrh. virtist vera það mikið áhugamál að auglýsa, að allt traust á hið frjálsa kerfi væri rokið út í veður og vind, með því að flytja frv. þetta með þessum hætti. Og þetta skýtur býsna skökku við það, sem áður hefur verið haldið fram, og kemur dálítið spánskt fyrir, því að okkur hefði verið sagt, eins og ég gat um áðan, að hinn mikli óhefti innflutningur og vöruvalið og samkeppni í því sambandi mundi reynast öflugra til þess að koma í veg fyrir verðhækkanir og stuðla jafnvel að verðlækkunum og miklu betra úrræði í því en nokkurt eftirlit af hálfu ríkisvaldsins, hvernig svo sem því væri varið.

Annað kemur líka upp í hugann í þessu sambandi, þegar maður hlustar á þennan málflutning og horfir á þessi plögg, sem lögð eru fram. Ef hægt er að leysa með svona einföldu móti hið mikla verðbólguvandamál og koma í framkvæmd raunverulegri stöðvun á verðlagi, stöðugu verðlagi, hvers vegna hefur ríkisstj. þá ekki gripið til þessa úrræðis fyrir löngu, ef þetta er svona einfalt? Hvers vegna hefur hún þá setið í nálega 8 ár og horft á verðbólguna magnast og notað úrræði, sem hafa magnað verðbólguna, ef það er svona einfalt að koma á verðstöðvun, koma í veg fyrir verðbólgu? Ég geri ráð fyrir því, að margir skynsamir menn muni spyrja þessarar spurningar um þessar mundir.

Ég sagði áðan, að þetta frv. snerti ekki sjálfan kjarna þeirra vandamála, sem við stöndum frammi fyrir um þessar mundir og eru ekki neitt smásmíði, og ég ætla að koma inn á það ofurlítið nánar. Verðbólgan hefur á undanförnum árum hér hjá okkur vaxið þrefalt til fjórfalt hraðar en í okkar helztu viðskiptalöndum, og þetta er aðalástæðan fyrir því, hvernig okkar útflutningsatvinnuvegir eru settir og hvernig ástatt er nú um okkar atvinnulíf, en ekki það bráðabirgðaverðfall, sem orðið hefur nú upp á síðkastið á útflutningsafurðunum. Ef verðbólgan hefði ekki vaxið svo gífurlega hér á undanförnum árum, stæðu okkar atvinnuvegir mjög vel að vígi þrátt fyrir það verðfall, sem nú hefur orðið og við vonum að sé bráðabirgðaverðfall. En það er verðbólguþróunin, sem hefur leikið okkar atvinnuvegi á þá lund, sem nú liggur fyrir.

Og hvernig er þá ástatt um okkar atvinnulíf? Líklega getur engin grein í okkar útflutningsatvinnurekstri staðizt óstudd, eins og nú er komið, nema þeir vélbátar, sem bezt afla á síldveiðunum, og er þó allt á huldu, hvernig fer meira að segja um afkomu beztu síldveiðiskipanna, ef verðlag réttir sig ekki frá því, sem nú er á erlendum mörkuðum. Svona er þá komið eftir hið mesta góðæri, sem Íslendingar hafa nokkru sinni lifað í nálega 8 ár. Svona hefur verið haldið á okkar efnahagsmálum og á okkar atvinnumálum. Það vita allir, að íslenzkur sjávarútvegur, þ. e. allar greinar hans aðrar en beztu og stærstu síldveiðiskipin, þarf á stuðningi að halda á næstu vikum, á næstu mánuðum, ef framleiðsla sjávarútvegsins á ekki að dragast stórkostlega saman og okkar atvinnulíf að hrynja í rúst. Þetta á við um þorskveiðiflotann, þetta á við um togaraflotann, og þetta á við um fiskiðnaðinn. Þetta á við um allar þessar höfuðgreinar í íslenzkum þjóðarbúskap. Og það bólar ekkert á því, að menn fái að vita hjá hæstv. ríkisstj., hvaða úrræði það eru, sem hún hefur í huga, að gripið verði til til þess að leysa þennan stórkostlega vanda. Og allar umr. hér um fjármál ríkisins, um efnahagsmál, um verðlagsmál fara fram af hendi hæstv. ráðh. og hv. stjórnarflokka eins og þetta vandamál sé ekki til.

Ekki var hægt að merkja á ræðu hæstv. forsrh. hér áðan, að þetta vandamál væri til, og það var helzt að heyra líka á hans ræðu, að sá vandi, sem menn stæðu frammi fyrir t. d. varðandi efnahagsmálin, stafaði einungis af því, að það hefði orðið verðfall á útflutningsafurðum núna síðustu vikurnar eða síðustu mánuðina. En þó að það verðfall hafi verulega þýðingu, er það eins og ég sagði áðan, að við hefðum þó staðið vel að vígi, ef verðbólgan hefði ekki leikið lausum hala á undanförnum árum, eins og hún hefur gert. Og ekki minntist hæstv. forsrh. á þann sérstaka vanda, sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir, né hvernig eigi að leysa hann.

Verðbólguþróun undanfarinna ára og lánsfjárhöft og aðrar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið af hendi hæstv. ríkisstj., hafa leikið íslenzkan iðnað þannig, að hann stendur nú hallari fæti en nokkru sinni fyrr, er víst óhætt að segja. Iðnfyrirtækin verða að hætta rekstri hvert af öðru vegna afleiðinga verðbólgunnar og lánsfjárhaftanna og annarra þeirra ráðstafana margra hverra, sem hæstv. ríkisstj. hefur á undanförnum árum gert og talið vera lið

í baráttunni gegn verðbólgunni. Útflutningsmöguleikar landbúnaðarins mega heita eyðilagðir með verðbólguþróuninni, og kemur það fram sem vaxandi vandamál í landbúnaðinum. Ef við svo lítum á aðrar hliðar þessara mála, t. d. kjaramálin, blasir sú sorglega staðreynd við, að þó að atvinnuvegirnir berjist á þennan hátt í bökkum, hefur kaupmáttur tímakaupsins, kaupmáttur dagvinnukaupsins sáralítið aukizt síðan 1959, þegar litið er á tímabilið í heild. Menn deila ofurlítið um það, hverju þetta nemur, en um það er ekki hægt að deila, að kaupmáttur dagvinnukaupsins hefur sáralítið hækkað þrátt fyrir stórkostlegan vöxt á þjóðartekjunum á þessum árum. En samt eiga fyrirtækin mjög erfitt með að greiða þetta kaup, eins og ég var að lýsa. Þetta þýðir því, að dýrtíðin, sem búið er að skapa, er ekki nema að nokkru leyti komin fram enn þá, hún er ekki nema að nokkru leyti komin inn í kaupgjaldið. T. d. er það verðlag, sem nú er orðið eftir þessa verðbólguþróun á íbúðarhúsnæði, ekki nema að nokkru leyti komið inn í kaupgjaldið. Kaupgjaldið er alls ekki enn þá búið að laga sig eftir húsnæðiskostnaðinum. Þetta hljóta allir að viðurkenna, sem ekki vilja grafa höfuðið ofan í sandinn. Þess vegna hljóta launþegarnir að knýja á til að fá leiðréttingar á þessum málum, og þar bætist við aukinn vandi fyrir þjóðarbúið og atvinnuvegina. Og þetta er eitt með öðru, sem sýnir okkur, að dýrtíðin, sem búið er að skapa, er ekki nema að nokkru leyti komin fram. Hún er ekki nema að nokkru leyti komin fram í kaupgjaldinu og hún er ekki nema að nokkru leyti komin upp á yfirborðið, og ekkert sýnir þetta gleggra en dagvinnukaupið, eins og það er núna, og kostnaðurinn við að fleyta fram fjölskyldu miðað við húsaleiguna, eins og hún er orðin, eða byggingarkostnað, eins og hann er í dag.

Svona getur þetta vitanlega alls ekki staðið til lengdar, þó að hitt sé annað mál, í hve mörgum áföngum hægt er að leiðrétta þessa skekkju, sem þarna er komin inn í þjóðarbúskapinn. Það er annað mál. Út í það skal ég ekki fara hér. Það getur tekið langan tíma að leiðrétta þessa skekkju, en þetta sýnir okkur alveg svart á hvítu, sýnir alveg glöggt, að afleiðingar þess, sem nú þegar hefur orðið, eru ekki nema að litlu leyti komnar í ljós.

Ef við víkjum að ríkisbúskapnum, blasir því miður þar við ömurleg mynd af þeirri stöðvunarstefnu, sem hæstv. ríkisstj. þykist vera að framkvæma, en hún vill víst með því að kalla þetta stöðvunarstefnu láta líta svo út sem með þeim aðferðum, sem nú er efnt til, verði hægt að koma hér á stöðugu verðlagi, sem gæti staðið til frambúðar. Lítum á ríkisbúskapinn og sjáum, hvernig ástatt er. Þá sjáum við, að það eru ekki horfur á öðru en að þegar öll kurl verða komin til grafar hljóti ríkisútgjöldin eða fjárl., ef þau verða rétt sett upp, að hækka um allt að því milljarð á næsta ári. Niðurgreiðslur, er mér sagt, eru nú komnar upp í 730 millj. miðað við heilt ár, vegna þess að ríkisstj. hefur aukið niðurgreiðslur undanfarið til þess að koma í veg fyrir það, að dýrtíðarvöxturinn kæmi upp á yfirborðið. Þó er mér sagt, að í þessu séu ekki taldar með niðurgreiðslur á saltfiski og smjörlíki, sem nýlega hefur verið gripið til. Það er svo kapituli út af fyrir sig, að s. l. vor hætti ríkisstj. við ýmsar niðurgreiðslur, vegna þess að hún sagði, að ríkissjóður hefði ekki efni á að standa undir þeim, en nú aftur, þegar fór að nálgast kosningarnar, hafa niðurgreiðslurnar verið auknar stórkostlega, til þess að dýrtíðarvöxturinn kæmi ekki fram á yfirborðinu á næstunni, ef nokkur kostur væri á því að fela hann. Með þessum aðferðum eru niðurgreiðslurnar sem sé komnar upp í 730 millj. yfir árið og þó meira. Í fjárl. eru niðurgreiðslur áætlaðar 478 millj. Það vantar því 252 millj. inn á fjárl. til að standast þær niðurgreiðslur, sem nú þegar hafa verið ákveðnar, að viðbættu því, sem þarf til þess að greiða niður saltfisk og smjörlíki áfram. Þá hafa verið ákveðnar hækkaðar fjölskyldubætur, sem kosta 38 millj., og er það líka liður í því, að dýrtíðarvísitalan þurfi ekki að hækka, af því að það er hún, sem miðað er við, þegar talað er um dýrtíðina. Þarna vantar því nálega 300 millj. inn á fjárl., á þessum tveimur liðum. Síðan koma vandamál útgerðarinnar. Einhvern veginn verður þó að halda útgerðinni gangandi fram yfir kosningarnar og vonandi lengur. Og það verða áreiðanlega ekki neinir smáræðis fjármunir, sem þarf til þess, ef ekki á að halda áfram að hengja hana hægri hengingu. Það verða þá ekki neinir smámunir, sem þarf til þess, að útgerðin geti gengið rösklega og hrukkulaust, t. d. á næstu vertíð. Eigum við að nefna tölur? Ég þori ekki að nefna tölur, en það skiptir áreiðanlega hundruðum millj., sem er algerlega óhjákvæmilegt að komi þar til. Ef það er rétt, er það alveg víst, að það eru ekki 500 millj., sem vantar inn á fjárl. eins og þau liggja fyrir, heldur miklu meira. Ef það reynist rétt, að það þurfi nokkur hundruð millj., til þess að útgerðin geti gengið með fullu afli, þá verða ríkisútgjöldin komin yfir 5 milljarða. Nú segir ríkisstj., að það eigi ekki að hækka skatta, hún geti ekki hækkað skatta. Náttúrlega getur hún það ekki. Þegar hún er búin að auglýsa það, að hún hafi allsherjarráð, einfalt ráð til að stöðva dýrtíðina, þá verður hún að halda sér frá því sjálfsagt. En hvar ætlar hún þá að fá 5 milljarða til þess að standa undir þessu? Er það alveg víst, að það verði flutt inn svo mikið af tertubotnum á næsta ári og öðrum slíkum varningi, að stjórnin geti flotið á þeim? Er það alveg víst?

Það er sagt, að verðfallið, sem orðið er á útflutningsafurðunum, hafi veruleg áhrif, og um það er ekki að efast. Við skulum vona, að það rétti sig alveg af, og þá byggjum við við, við skulum segja sama útflutningsverð og þetta ár, sem er að líða. Það var mun betra framan af því ári en það er núna. En hverjar eru horfurnar? Ég veit það ekki. Enginn okk-

ar veit það. En setjum nú svo, að verðlagið héldist svipað og það er núna. Hvað verður þá um tertubotnana og annað það, sem nú er treyst á að geti staðið undir þessu öllu saman, þangað til búið verður að setja atkvæðaseðlana ofan í kjörkassana í lok júní?

Ég held, að það sé ekki mikið sagt, þó að því sé haldið fram, að þetta, sem við okkur blasir, sé geigvænleg mynd. Og það, sem hæstv. ríkisstj. er að gera, að moka fé í niðurgreiðslurnar og stöðva með því verðlagið á yfirborðinu til bráðabirgða á kostnað ríkissjóðs og þá með halla, ef þarf, mun síðar koma heldur illa við, þegar kemur að skuldadögunum. Ég held, að flestum hljóti að vera það ljóst, að með þessu er verið að hlaða bráðabirgðastíflu fyrir dýrtíðarflóðið, sem hlýtur að bresta. Hún getur ekki staðizt til frambúðar því miður.

Það eru fleiri þættir í ríkisbúskapnum en þessi þáttur, sem sýna, hvernig þessi úrræði verka, og það er, hvernig ástatt er með ríkisbúskapinn og verklegar framkvæmdir. Í raun og veru er verið að taka framkvæmdafé, sem eftir eðlilegri reglu ætti að ganga til þess að halda uppi verklegum framkvæmdum, í niðurgreiðslurnar. Hvernig er ástatt með vegina? Það fer ekki ein einasta króna til veganna af þessum 5 milljörðum, sem verið er að þoka ríkisútgjöldunum upp í, — ekki ein króna, — og því var þó lofað, þegar samið var um vegalögin nýju, lofað í samningum um þau af hendi hæstv. ríkisstj., að það skyldi ekki vera minna en 47 millj. kr. á fjárl. framvegis til vegagerða. En þetta loforð hefur verið svikið af núv. hæstv. ríkisstj., og þessu fé hefur verið kastað í niðurgreiðslurnar ásamt öðru framkvæmdafé. Og ef við lítum á hafnargerðirnar, þá er hæsta framlag í eina hafnargerð 700 þús. kr., en margar hafnargerðir eru framkvæmdir upp á 20—30 millj. Fólkið í byggðarlögunum verður sjálft að leggja fram það, sem ríkissjóði ber að láta í hafnargerðirnar að lögum. Það verður sjálft að leggja það fram. Það er í raun og veru búið í framkvæmdinni að afnema löggjöfina um stuðning ríkisins við hafnargerðir í landinu, því að mörg byggðarlög verða að borga meira í vexti af þeim lánum, sem þau hafa tekið til þess að borga ríkissjóðsframlagið, en nemur því, sem ríkissjóður leggur nú orðið til hafnargerðanna. Þetta er að verða algengast. Og þessu fé, hafnargerðarfénu, hefur verið kastað í dýrtíðargreiðslurnar, í niðurgreiðslurnar, til þess að mæta dýrtíðardraug ríkisstj. og sjá honum fyrir fæði, svo að hann hafi ekki of hátt um sig, á meðan alþingiskosningar fara fram. Þannig mætti rekja hvern póstinn af öðrum, framkvæmdapóstinn á fjárl. En ráðið, sem gripið er svo til, til þess að opinberar framkvæmdir stöðvist ekki, er að taka lán til þess að fleyta þeim áfram. Síðar á svo að koma að skuldadögunum, fleyta áfram með lánum, vegna þess að framkvæmdafé fer í niðurgreiðslurnar.

Það þarf ekki lengra mál en þetta, sem ég hef þegar talað, og ekki að benda á fleiri atriði til þess að sýna, hvað fram undan er, hvaða vandamál eru fram undan og að í þessum svokölluðu stöðvunarráðstöfunum hæstv. ríkisstj. er því miður algerlega tjaldað til nokkurra nátta og þetta eru ráðstafanir, sem engan veginn duga til frambúðar til þess að ráða bót á þeim stórkostlega vanda, sem við stöndum frammi fyrir. Og þessi starfsmáti, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp nú, minnir mjög á þann starfshátt, sem tekinn var upp af þessum sömu flokkum 1959, þegar þeir notuðu alveg hliðstæð úrræði til þess að leyna því fram yfir alþingiskosningarnar, tvennar, sem fram fóru á því ári, hvernig raunverulega var ástatt um efnahags- og dýrtíðarmálin. En svo þegar kosningunum var lokið, voru gerðar ráðstafanir 1960. Þá brast stíflan og dýrtíðarflóðið var látið fossa yfir þjóðina, og þannig hefur það gengið, eins og við vitum, æ síðan og með vaxandi afli.

Þá ber nú að deila á hæstv. ríkisstj. fyrir það til viðbótar því, sem hún hefur gert á undanförnum árum, að hún skuli ekki nú koma af fullri hreinskilni fram fyrir þjóðina og segja henni, hvernig ástatt er. Það hefði verið skylda hæstv. ríkisstj. að gera það. Í stað þess reynir hæstv. ríkisstj. að leyna þjóðina því, hvernig reunverulega er ástatt, þykist hafa möguleika til þess að ráða bót á öllum vanda með einföldum úrræðum og gefur með því algerlega ranga mynd, visvitandi ranga mynd af þeim vanda, sem þjóðin stendur frammi fyrir. Hæstv. ríkisstj. tekur á sig þunga ábyrgð með þessu móti. Í staðinn fyrir að koma fram á þessa lund hefði hún átt að gera þjóðinni grein fyrir því, að nú dugir ekkert minna en gera allsherjarúttekt á því, hvernig ástatt er í þjóðarbúskapnum, bæði í sjálfum ríkisbúskapnum og ekki síður hvernig ástatt er varðandi afkomumöguleika og hag einstakra atvinnugreina í landinu og ganga þannig í kjarna þessara mála, því að þar liggur kjarninn. Við getum aldrei lifað farsællega og búið við góð lífskjör, ef grundvöllurinn er látinn grotna undan því, sem við fyrst og fremst verðum að byggja á, en það eru íslenzkir atvinnuvegir, það eru íslenzk atvinnufyrirtæki, og í þeim herbúðum er sannarlega ástatt þannig nú um þessar mundir, að til þess að lækna þeirra vanda duga ekki nein sýndarfrv. eða áróðursspjöld. Þar er um raunveruleg vandamál að ræða, sem er erfitt við að fást, en mun vera hægt að leysa, ef tekið er á þeim með skilningi og nægileg samtök fást til þess að hrinda í framkvæmd þeim úrræðum, sem dæmast óhjákvæmileg. En sá stórkostlegi vandi, sem búið er að stefna í, verður vitaskuld ekki leystur á nokkrum vikum eða nokkrum mánuðum, því að fram undan er áreiðanlega hörð og löng viðureign við afleiðingar þeirrar verðbólgu, sem hér hefur verið mögnuð undanfarin nálega 8 ár. Það er fram undan löng og hörð viðureign við afleiðingar þess, sem nú þegar hefur skeð, og það græðir enginn á því að stinga höfðinu í sandinn og þykjast

ekki sjá þessi vandamál. Ég held, að þó að hæstv. ríkisstj. hafi allar þessar umbúðir á takteinum til þess að reyna að dylja, hvernig ástatt er, muni fara svo, að menn komi fullkomlega auga á, hvað við er að glíma, og allar þessar umbúðir muni koma að litlu haldi. Nú hefði átt að efna til víðtækra samtaka til þess að ráðast að kjarna málanna. Ég hef áður oftar en einu sinni lýst því, hvernig ég tel, að þær starfsaðferðir eða þær vinnuaðferðir þurfi að vera, og skal ekki tefja tíma hv. alþm. nú í sambandi við þetta frv. að lýsa þeim vinnuaðferðum enn þá einu sinni, en ég fullyrði, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, snertir ekki kjarna þeirra vandamála, sem fyrst og fremst þarf að leysa.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er rétt, að það komi skýrt fram, að Alþfl. styður einhuga þær ráðstafanir, sem í þessu frv. felast, og þá stefnu, sem liggur frv. til grundvallar. Öll þessi mál voru rædd mjög ýtarlega á 31. flokksþingi Alþfl., sem haldið var nú um helgina. Flokksþingið gerði einróma samþykkt, sem styður þá stefnu, sem þetta frv. grundvallast á. Menn gerðu sér þar almennt ljósa þá grundvallarbreytingu á viðhorfum í íslenzkum efnahagsmálum, sem átt hefur sér stað nú á síðari hluta þessa árs. Það má vera sérhverjum ábyrgum manni ljóst, að íslenzk útflutningsframleiðsla þolir nú ekki hækkaðan framleiðslukostnað innanlands. Ef framleiðslukostnaður innanlands hækkar, getur ekki af því hlotizt annað en minnkun útflutningsframleiðslunnar og minnkun atvinnunnar. En í kjölfar minnkaðrar útflutningsframleiðslu og minnkaðrar atvinnu mundu fylgja lækkaðar tekjur alls almennings, minnkaður innflutningur og versnandi lífskjör. Þess vegna er það nú brýnasta hagsmunamál íslenzks almennings, að snúizt verði vasklega til varnar og komið í veg fyrir það, að framleiðslukostnaður innanlands hækki. En einn liður í því að koma í veg fyrir, að framleiðslukostnaðurinn innanlands hækki, hlýtur að vera og verður að vera sá vilji launþegasamtakanna, þess konar samstarf launþegasamtaka, atvinnurekenda og ríkisvalds, að ekki verði þær kauphækkanir, sem geri verðstöðvunarstefnuna óframkvæmanlega.

Mér er nokkuð til efs, að almenningur í landinu yfirleitt geri sér nægilega ljósa þá grundvallarbreytingu, sem orðið hefur í íslenzkum efnahagsmálum, í framleiðslu- og verðlagsmálum útflutningsatvinnuveganna nú á síðari hluta þessa árs. Mér er jafnvel til efs, að þm. almennt geri sér nógu ljóst, hversu alvarlegir hlutir hafa verið að gerast í þessum efnum á undanförnum mánuðum. Þess vegna langar mig til þess að bæta örfáum atriðum við upplýsingar hæstv. forsrh. í framsöguræðu hans áðan um þróunina í verðlagsmálum, í framleiðslumálum, sérstaklega sjávarútvegsins, og verðlagsmálum útflutningsatvinnuveganna.

Ég veit ekki, hvort menn hafa almennt gert sér það nógu ljóst enn þá, að fram til þessa tíma hefur heildarframleiðsla sjávarafurða verið minni á þessu ári en hún var á sama tíma í fyrra. Miðað við verðlagið 1965 er verðmæti sjávarafurðaframleiðslunnar í ár 80 millj. kr. minna en það var í fyrra. Þetta segir þó ekki nema aðeins upphaf þeirrar sögu, sem segja þarf og öll þjóðin þarf að þekkja. Kjarni vandans er fólginn í þeim verðlagsbreytingum, sem átt hafa sér stað á síðari hluta þessa árs. Það er öllum kunnugt, að verðlag hækkaði mjög síðari hluta ársins 1965 og fyrri hluta þessa árs, ársins 1966. En á síðari hlutanum hafa átt sér stað gífurlegar verðlækkanir á útflutningsvörum sjávarútvegsins. Ef borið er saman meðalverð þorskafurða á þessu ári frá ársbyrjun til miðs nóv. annars vegar og meðalverð þorskafurða á öllu árinu 1965, kemur það í ljós, að meðalverðið á þorskafurðum á þessu ári er um það bil 10% hærra en meðalverðið á árinu 1965, og meðalverð skelfiskafurða er u. þ. b. 5% hærra á þessu ári en það var í fyrra, en hins vegar er meðalverð útfluttra síldar- og loðnuafurða 12% lægra, meðalverð í ár er 12% lægra en meðalverðið var í fyrra. Þetta veldur því, að ef allar sjávarafurðir eru teknar sem ein heild, þá er meðalverðið í ár fram til þess tíma um 2% lægra en í fyrra. En þetta segir þó ekki nema hálfan þann sannleika, sem öll þjóðin, ekki aðeins allir alþm., heldur öll þjóðin þarf að þekkja. Hvernig er verðlagið í dag? Hvernig er ríkjandi verðlag á helztu útflutningsvörum sjávarútvegsins? Ef verðið nú, um miðjan nóv., hefði gilt allt þetta ár, hefði verðmæti útfluttra þorskafurða verið um 3—4% hærra í ár en í fyrra, en verðmæti síldar- og loðnuafurðanna hefði þá verið 28% lægra í ár en í fyrra. Heildarverðlækkkunin í ár á þorsk-, síldar- og loðnuafurðum er 13%, þ. e. heildarframleiðslan til miðs nóv. á verðlaginu þá hefði verið 13% lægri en hún var í fyrra.

Það er fróðlegt að athuga, hvaða þýðingu þetta hefur fyrir þjóðartekjurnar, umreikna þetta í krónur, í hundruð millj., og þá hefur verið áætluð framleiðsla til áramóta eftir reglum, sem árum saman hefur verið fylgt um það efni, og óbreytt verð frá því, sem síðast er vitað. Á þeim grundvelli kemur í ljós, að ef miðað er við verðlagið í fyrra, hefði framleiðslan í ár numið 5675 millj. kr., þ. e. a. s. framleiðslan í ár hefði að óbreyttu verðlagi frá því í fyrra numið 5675 millj. kr. En ef fiskframleiðslan í ár er reiknuð á því meðalverði ársins, sem nú er þekkt, þá reynist fiskframleiðslan í ár 5555 millj. kr. eða 120 millj. kr. lægri en í fyrra. Meðalverðið í ár er svo miklu lægra en verðið í fyrra, að það nemur 120 millj. kr. lækkun á fiskframleiðslunni. En ef við nú reiknum fiskframleiðsluna í ár alla á núgildandi verði til þess að gera okkur hugmynd um það, hvað fram undan sé, ef ekki verður aftur verðhækkun, — ef við reiknum alla fiskframleiðsluna í ár á því verði, sem gildir í dag eða um miðjan nóv., þá reynist

sjávarafurðaframleiðslan í ár 4925 millj. kr. eða 750 millj. kr. minni en hún var í fyrra, m. ö. o.: ef það kæmu 12 mánuðir með því verði, sem nú gildir í dag, — enginn veit, hvort það verður eða ekki, við vonum allir, að svo verði ekki, hljótum að vona það, — en ef það kæmu 12 mánuðir, ef það kæmi heilt ár með því verði, sem gildir í dag, þá þýðir það, að verðmæti fiskframleiðslunnar er 750 millj. kr. minna en það var á 12 mánuðum ársins 1965. Á þessu geta menn glöggt séð, um hversu alvarlega hluti er að ræða, hversu alvarlegu lágmarki verðið á okkar útflutningsvörum hefur náð.

Um landbúnaðarframleiðsluna er það að segja, að allar líkur benda til, að hún verði í ár óbreytt frá því, sem hún var í fyrra. Nokkur lækkun hefur orðið á mjólkurframleiðslu til 1. sept., en þó ekki nema 3%, en aukning á öðrum framleiðsluvörum landbúnaðarins, sem fyllilega vegur þessa minnkun mjólkurframleiðslunnar upp, og iðnaðarframleiðslan mun í ár reynast svipuð og hún var í fyrra.

Gerð hefur verið áætlun um magnaukningu þjóðarframleiðslunnar á þessu ári og þá áætluð framleiðslan til áramóta frá því, sem síðast var vitað, og það er talið, að magnaukning þjóðarframleiðslunnar muni verða um 3—3½% á þessu ári. En vegna þeirrar rýrnunar viðskiptakjara, sem ég var að ræða um áðan, verður aukning þjóðarframleiðslunnar, aukning ráðstöfunartekna þjóðarinnar ekki nema um 2%. Og það er sama aukning og er á fólksfjölguninni, það er sama hundraðstala og mannfjöldinn á Íslandi vex um. M. ö. o.: það var engin aukning á þjóðartekjunum á mann. Þjóðartekjurnar á mann munu því reynast óbreyttar í ár frá því, sem þær voru í fyrra. En ef þessu til viðbótar verðlækkunin helzt, ef það verð helzt, sem nú gildir á útflutningsafurðum okkar, þá vegur það upp á móti u. þ. b. 4% aukningu á þjóðarframleiðslunni, en það er sá vöxtur, sem á nokkrum undanförnum árum hefur orðið hér að meðaltali á þjóðarframleiðslunni. Verðlækkunin, sem orðið hefur undanfarið, hefur því jafnmikil áhrif á þjóðartekjur eins árs og 4% framleiðsluaukning hefur. Það þarf m. ö. o. 4% framleiðsluaukningu til þess að vega upp á móti tekjurýrnunaráhrifum þess verðfalls, sem orðið hefur á síðari hluta þessa árs. Hér er um mikilvægar staðreyndir að ræða, og það eru þessar staðreyndir, sem eru bakgrunnur þess, að þjóðinni er það lífsnauðsyn að staldra við og koma í veg fyrir, að útflutningsframleiðslan minnki að magni til vegna hækkandi framleiðslukostnaðar innanlands.

Það er ekki ofsagt, að það er nú brýnast hagsmunamál íslenzks almennings, að það takist að halda verðlagi föstu á komandi mánuðum, til þess að útflutningsatvinnuvegirnir geti haldið áfram starfsemi sinni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég tel, að þær upplýsingar, sem hæstv. viðskmrh. var að gefa hér úr þessum ræðustól um áhrif verðlagsbreytingar, séu vægast sagt mjög hæpnar. Ég minnist þess sérstaklega, að hann gaf nokkuð svipaðar upplýsingar þessum hér haustið 1961, það var rétt um miðjan nóvembermánuð, og þá kom hann með afskaplega áþekka útreikninga þessum um það, hvernig fara mundi á því ári um framleiðslu landsmanna og þjóðarframleiðsluna og þjóðartekjurnar, og það fór heldur illa fyrir þeim útreikningum. Ég held líka, að þessir útreikningar, sem hæstv. viðskmrh. kom hér fram með, séu mjög villandi og lítið á þeim byggjandi. Ég vil þó ekki draga úr því á neinn hátt, sem vakti fyrir honum eflaust að undirstrika hér í sinni ræðu, og það er, að við höfum orðið fyrir allmiklu áfalli nú á síðari hluta ársins með verðfalli á okkar útflutningsafurðum. Það er rétt, en enn sem komið er vitum við harla lítið um það, hvað þetta áfall er mikið. Sannleikur málsins er sá, að verð á okkar útflutningsvörum yfirleitt hækkaði mjög verulega á fyrri hluta þessa árs, en hins vegar á seinni hluta ársins lækkaði verðið nokkuð. Mjög mikið af þeim afurðum, sem framleiddar hafa verið nú á seinni hluta ársins, hefur ekki verið selt enn þá, vegna þess að þeir, sem framleitt hafa þessar vörur, hafa ekki viljað sætta sig við það verðlag, sem hefur verið skráð á þessum vörum nú í bili, enda er þegar komið í ljós, að þær vörur, sem einkum hafa lækkað í verði, eins og síldarlýsi, eru þegar farnar að hækka aftur. Það er um talsverða hækkun að ræða nú einmitt síðustu dagana, og margt bendir til þess, að það reynist rétt, sem hinir stóru framleiðendur í Noregi og víða í kringum okkur hafa haldið fram, að það ætti enginn vafi að leika á því, að verð á þessum vörum ætti einmitt að fara hækkandi nú á næstunni. En Norðmenn höfðu einmitt valið þá leið að selja lítið sem ekkert af sinni framleiðsluvöru, en stafla henni hins vegar upp eða geyma hana. Slíkir útreikningar sem hæstv. viðskmrh. flutti í þessum efnum eru mjög villandi og segja harla lítið um það, hvernig staðan sé í raun og veru, að ég tali nú ekki um þá aðferð að kasta svo yfir og reikna út alla framleiðslu ársins 1966 á því verðlagi, sem menn hafa vitað lægst að varð á því ári, og finna þannig út, að þannig sé áfallið allmikið. Slíkt vitanlega segir ekki nokkurn skapaðan hlut og getur vitanlega ekki haft aðra þýðingu en þá, að það er verið að draga hér upp einhverja hryllingsmynd, sem á raunverulega engan stað í veruleikanum.

Það hefur verið bent á það í þessum umr., að það frv., sem hér liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj. um heimild til stöðvunar á verðlagi, sé í rauninni ekki um það, sem hefur verið látið í veðri vaka, að frv. fjallaði um, en það væri um stöðvun á verðlagi, heldur sé miklu líklegra, að á bak við flutning þessa frv. liggi tilhneiging ríkisstj. til þess að skjóta sér undan ákveðnum vanda nú og láta sem hún vilji stefna að verðstöðvun. Ég veit, að allir hv. þm. hafa tekið eftir því, að frv. er þannig uppbyggt, að það mælir ekki fyrir um verð-

stöðvun. Það eru engin fyrirmæli í þessu frv., sem segja til um það, að verðlagið skuli stöðva, heldur er hér á ferðinni frv., sem leitar eftir heimild handa ríkisstj. til þess að mega grípa til slíkra ákvarðana, ef ríkisstj. sýnist vera þörf á því. Ef ríkisstj. hefði stefnt að því nú að ætla sér að stöðva verðlagið, eins og það er nú komið, þá hefði auðvitað hin leiðin verið miklu eðlilegri, að sett hefði verið löggjöf nú um það að stöðva verðlagið, þar sem það er komið, og síðan hefði þá verið að finna í frv. ákvæði um undantekningu frá þessu í þeim tilfellum, þar sem hefði þótt alveg sérstök ástæða vera til að víkja frá þeim. En sem sagt, ríkisstj. fer ekki þessa leið, af því að það virðist enn vera hik á henni í því, hvort eigi að stöðva verðlagið. Þess vegna biður hún aðeins um að fá heimild sér til handa til þess að geta fjallað um þessi mál á þann hátt, sem hún telur sér henta. Enda gat ég ekki annað betur heyrt á ræðu hæstv. forsrh. um þessi atriði en að það væri megintilgangurinn með því að flytja þetta frv. og óska eftir þessum heimildum, að ríkisstj. teldi nauðsynlegt fyrir sig að hafa þessar heimildir í höndunum í þeim samningum, sem hún ætti nú fyrir dyrum við launþegasamtökin í landinu um ákvörðun á kaupgjaldi, hún þyrfti gjarnan að hafa svona heimildir í þessari samningagerð, og svo auðvitað, eins og hefur komið fram í þessum umr., þykir ríkisstj. eflaust gott að láta svo líta út í leiðinni, að það sé hún, sem vilji fara verðstöðvunarleið, en það jafnvel standi á öðrum að fara þessa leið.

Nú vitum við öll hér, að það hefur verið stefna núv. ríkisstj., eins og ríkisstj. hefur formað það, að láta framboð og eftirspurn í landinu ráða verðlaginu. Það hefur verið stefna ríkisstj., að það bæri ekki að hafa nema sem allra minnst opinber afskipti af verðlaginu, og því er það, að hún hefur haldið þannig á þeim lagafyrirmælum, sem eru annars til um afskipti af verðlagsmálum, að jafnt og þétt hefur stefnt í þá átt að afnema þær reglur um eftirlit með verðlagi, sem í gildi hafa verið, eða gera þær á annan hátt óvirkar með miklu eftirlitsleysi eða með því að leyfa svo ríflega álagningarhækkun á þeim vörum, sem enn eru undir verðlagsákvæðum, að það má segja, að verðlagseftirlitið sé í rauninni frá því, sem áður var, að mestu orðið óvirkt. Þetta hefur verið stefna ríkisstj., svona hefur verið haldið á þessum málum allar götur þangað til nú. Ég held, að það efist enginn um það, sem lesið hefur t. d. Morgunblaðið á undanförnum árum, að þar hefur þessari kenningu verið haldið fram í sífellu allan tímann, að hin opinberu afskipti af verðlagsmálum ættu að vera sem minnst, það ætti að ríkja fullkomið frelsi hjá þeim, sem hafa með sölu á vörum að gera, að ákveða verðlag vörunnar og svo ætti frjálst framboð og eftirspurn að ráða verðlaginu. Nú hefur reynslan skorið alveg ótvírætt úr um, að þessi stefna hefur leitt til stórhækkaðs verðlags í landinu, og það virðist vera, að með flutningi þessa frv. sé ríkisstj. að viðurkenna það að nokkru leyti, að þessi stefna fái ekki staðizt, það þurfi að víkja frá henni, þó að hún hiki enn þá í því að taka skrefið þarna til fulls.

Það eru fleiri en hæstv. ríkisstj., sem virðast nú hafa komizt að þessari niðurstöðu, að þessi margyfirlýsta stefna ríkisstj. í verðlagsmálum fái ekki staðizt. Ég hef einu sinni áður hér á Alþ. gert það lítillega að umtalsefni, að þessi skoðun komi einnig fram nú í síðustu ársskýrslu Seðlabankans hjá seðlabankastjóranum Jóhannesi Nordal, þar sem hann lýsir því beinlínis yfir, að reynslan hafi sannað, að það virðist þurfa að koma eitthvað meira til til þess að hafa áhrif á þróun verðlagsmálanna en þau ráð, sem notuð hafa verið til þessa. Í þessari yfirlýsingu seðlabankastjórans segir m. a. orðrétt á þessa leið:

„Reynsla undanfarinna ára bendir hins vegar eindregið til þess, að ráðstafanir í peningamálum og fjármálum ríkisins séu ekki einhlítar til lausnar verðbólguvandamálum af því tagi, sem við hefur verið að etja hér á landi.“

Fram að þessum tíma hefur þó alltaf verið hamrað á því, að það væru þessar peningalegu ráðstafanir, sem ættu að geta ráðið við þennan vanda, og síðan ætti þetta yfirleitt að „kontrolera“ sig sjálft. Seðlabankastjórinn segir enn fremur í þessari skýrslu sinni til frekari skýringar á þessu orðrétt sem hér segir:

„Þessar ráðstafanir virðast hafa reynzt miklu árangursríkari í því að draga úr aukningu innflutnings og varðveita greiðslustöðu þjóðarbúsins út á við heldur en að koma í veg fyrir áframhaldandi innlendar verðhækkanir. Ástæðurnar fyrir þessu liggja tvímælalaust að verulegu leyti í því, hve lokaðar mikill hluti íslenzka hagkerfisins er fyrir utanaðkomandi samkeppni, svo að ört vaxandi eftirspurn hefur fljótlega áhrif til verulegra verðhækkana.“

Það er einmitt þetta, sem ég og margir fleiri hér höfum haldið fram öll þessi ár, þegar þessi mál hafa verið rædd hér á Alþ., við höfum einmitt haldið því fram, að þær ástæður væru ríkjandi í íslenzku efnahagskerfi, að það væri með öllu útilokað að ætla að treysta á það að heimila þeim aðilum, sem verzla með varning eða ráða verðlagi á þjónustu, einræði um það, hver verðlagningin væri, því að þeir hefðu fulla aðstöðu til þess að taka til sín óeðlilegan gróða eftir þessum leiðum. Það væri ekki hægt, þó að talað væri um það, að innflutningur á vörum til landsins væri að mestu frjáls og að ríkjandi væri á ýmsum öðrum sviðum tiltölulega mikið frjálsræði, þá væri ekki hægt að treysta á slíkt. Hér þyrfti því að halda uppi öflugu verðlagseftirliti og verðlagsákvæðum, ef það ætti á tímum, eins og hér hafa gengið yfir að undanförnu, að hafa nokkurn hemil á verðlaginu í landinu. Hæstv. ríkisstj. hefur haldið sig í kenningar sinna efnahagssérfræðinga allar götur fram að því, að hún leggur fram þetta frv., og neitað okkar skoðunum, sem höfum haldið því

fram, að hér þyrfti að byggja á allströngu verðlagseftirliti, og hún hefur haldið því fram, að hér væri í rauninni ríkjandi eðlilegt verðlag og það þyrfti ekki frekari ráðstafana við en hér hafa gilt.

Nú er sem sagt komið að því, og það er þó viðurkennt að nokkru leyti með því að flytja þetta frv., að það sé komið nokkuð illa í þessum verðlagsmálum öllum. Maður getur samt ekki annað en minnzt á það með örfáum orðum, að nokkuð fram eftir þessu ári hélt ríkisstj. sér enn mjög fast við þessar fyrri kenningar sínar. Þá hikaði hún ekki við að gera ýmsar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem hlutu að leiða til stórhækkandi verðlags í landinu og til aukins vanda fyrir útflutningsframleiðslu landsmanna. Við afgreiðslu fjárl. um síðustu áramót gerði hæstv. ríkisstj. ráðstafanir til að hækka allt rafmagnsverð í landinu um 15—18%, var talið. Hún vissi mætavel, að þessar ráðstafanir hlutu vitanlega að bitna t. d. á íslenzkum sjávarútvegi eða fiskiðnaði, sem þarf allmikið á raforkukaupum að halda, auk þess sem vitanlega þetta hlaut að hafa áhrif á kostnað heimilanna í landinu. En ríkisstj. sagði: Það þarf að létta útgjöldum af ríkissjóði, við þurfum að fá meiri peninga til fjmrh., og af því þarf að létta af ríkissjóði tilteknum greiðslum til Rafmagnsveitna ríkisins, sem ríkissjóður hafði þó borgað um margra ára skeið, en í staðinn átti að láta almenning í landinu í gegnum hækkað raforkuverð borga þessa fjárhæð. — Við í stjórnarandstöðunni bentum auðvitað á, hverjar afleiðingarnar yrðu. Og afleiðingarnar urðu þær, að í júlímánuði hækkaði rafmagnsverð um 15.3% og hækkaði vísitöluna þá um 0.6 stig.

Um síðustu áramót ákvað ríkisstj. einnig að hækka benzínverð í landinu mjög verulega, vegna þess að það þurfti enn að auka við tekjurnar hjá fjmrh., það þurfti að létta af ríkissjóði 47 millj. kr. greiðslu til vegamála í landinu, en þá upphæð var ríkissjóður skuldbundinn til þess að inna af höndum. Nú átti að fella þessa greiðslu niður úr ríkissjóði og láta umferðina í landinu, almenning í landinu borga þessa fjárhæð með hækkuðu verðlagi. Auðvitað hafði þetta sín áhrif í sambandi við öll flutningsgjöld og öll útgjöld yfirleitt hjá þorra manna í landinu. Þetta leiddi svo auðvitað það af sér, þessar ráðstafanir m. a., sem ríkisstj. stóð fyrir, að Reykjavíkurborg greip til margvíslegra hækkana og rökstuddi þær með öllum þessum hækkunum, sem höfðu átt sér stað hjá ríkisstj. Af þeim ástæðum hækkaði líka í júlímánuði heita vatnið hjá Hitaveitunni um 30% samkvæmt því, sem Hagstofa Íslands segir, og vísitalan hækkaði þá um 0.9 stig, bara af þeim ástæðum. Hitaveitan hækkaði svo auðvitað mælaleigu og smærri gjöld, ekki aðeins um 30%, heldur um 100%. Strætisvagnagjöld voru hækkuð um þetta leyti um 18.2%, sem orkuðu til hækkunar á vísitöluna um 0.7 stig. Þegar þessi mál voru hér til umr. á Alþ., bentum við í stjórnarandstöðunni ríkisstj. á það, hverjar afleiðingarnar mundu verða, að áframhald á þessari braut mundi þýða hækkandi verðlag, aukna erfiðleika fyrir útflutningsframleiðslu landsmanna og að því hlyti að koma, að það yrði að takast á við þessa erfiðleika. Þá fékk maður þau svör eins og stundum áður hjá ráðunautum ríkisstj. í efnahagsmálum, að þá sagði m. a. hæstv. forsrh., að þessar ráðstafanir ríkisstj. til þess að gera hag ríkissjóðs betri en áður var væru prófsteinn á það, hvort menn vildu gera nokkuð til að hamla gegn verðbólgu í landinu, — væru prófsteinn á það. Þeir, sem voru á móti þessum ráðstöfunum, eins og við í stjórnarandstöðunni, voru þar með afhjúpaðir og staðnir að því að vilja verðbólgu. Þannig var túlkunin. Þetta liggur alveg fyrir.

Auðvitað hafa þessar ráðstafanir leitt til þess vanda, sem við erum komnir í nú. Sem sagt, verðhækkunarstefnan, sem ríkisstj. hefur haldið sig við, hefur leitt til svo hækkandi verðlags í landinu, að upp er kominn stórkostlegur vandi fyrir aðalatvinnuvegi landsmanna. Um þetta sama leyti var ríkisstj. svo forhert í þessum efnum, eða um s. l. áramót, að þá ákvað hún að minnka niðurgreiðslur á fiski seldum innanlands, neyzlufiski, stórlega frá því, sem verið hafði um langan tíma. Þetta þýddi það, að neyzlufiskur hækkaði í verði til heimilanna um 50—80%. Hér voru menn því í upphafi ársins alveg á skeiði á gömlu dýrtíðarstefnunni. Þeir héldu, að það væri enn hægt að hafa sömu ráðin og áður, sem sagt að halda áfram verðhækkunarstefnunni. Við Alþb.-menn fluttum á síðasta þingi, frv. um það, að lögum um verðlagsmál yrði breytt, m. a. þannig, að verðlagsnefnd, sem hafði sýnt sig að því að vera inni á stefnu ríkisstj. í þessum verðlagsmálum öllum og hafði leyft hækkanir og álagningu, hafði gefið vörur frjálsar í álagningu o. s. frv., að þessari verðlagsnefnd yrði breytt. Hún hefur núna, þessi n., verið kosin þannig, að 5 menn hafa verið kosnir af Alþ. og svo hefur skrifstofustjórinn í viðskmrn. verið sjálfkjörinn í n. Þessi skipan tryggði þó það, að við Alþb.-menn áttum engan mann í n., sem höfum allan tímann verið kröfuharðastir í þeim efnum, að hér yrði haldið uppi sómasamlegu verðlagseftirliti Við lögðum til, að þessari n. yrði breytt þannig, að þingið kysi 7 menn í n. og að þannig yrðu nokkur þáttaskipti í sambandi við þessa n., það yrði sem sagt breytt um. Og í okkar frv. var einnig það lagt til, að það skyldi verða verkefni þessarar nýju verðlagsnefndar að taka fyrir allt verðlag í landinu og ákveða ýmist hámarksverð á öllum vörum og þjónustu eða hámarksálagningu. Það var sem sagt bein skylda samkvæmt okkar frv., að þessi nýja verðlagsnefnd skyldi kanna verðlagið í landinu, eins og það var orðið, og hún skyldi nú taka upp önnur vinnubrögð en áður hafði verið, þ. e. a. s. að ákveða nú hámarksverð og hámarksálagningu á allri vöru og þjónustu í landinu. Ríkisstj. leit auðvitað ekki við till. eins og þessari. Frv. fór í n. og kom aldrei úr n. aftur. Við fluttum aftur þetta frv. nú á þessu þingi, og

það hefur ekki fengið neinar undirtektir enn. En í staðinn kemur þetta frv., sem fjallar um það að veita ríkisstj. tilteknar heimildir, sem ríkisstj. hefur auðvitað út af fyrir sig, eins og hér hefur verið bent á, hefur í l. um verðlagsmál og gæti notað, ef hún bara vildi, en hún hefur bara verið á annarri stefnu allt til þessa. Það virðist því, að það hafi ekki aðeins verið þannig, að ríkisstj. hafi þarna verið á allt annarri skoðun, heldur sé hún það jafnvel enn eða enn hiki hún við að taka upp nýja stefnu í þessum efnum.

Svo er annað atriði, sem er vitanlega mjög þýðingarmikið í þessum efnum, en það er það, að ef svo kynni nú að fara, að ríkisstj. notaði þessar heimildir, sem hún óskar nú eftir að fá, og færi inn á þá braut að stöðva verðhækkanir í landinu, þá hugsar hún sér að stöðva verðlagið, þar sem það er komið nú í dag, að út frá því verðlagi eigi að ganga. Það á sem sagt að löggilda þá álagningu, sem orðin er í dag í hinum ýmsu tilfellum. Hún á að fá að gilda. En hækkanir verða ekki neinar frekar, ef þessi heimild yrði þá notuð.

Nú efast ég ekkert um það, að hæstv. ríkisstj. veit mætavel, að það hafa farið fram allmiklar athuganir á því hjá verðlagsyfirvöldunum í landinu og ýmsum fleirum, hvernig ástatt er orðið með verðlagið og verðlagninguna. Og hún veit, að þessar athuganir hafa leitt það í ljós, að á síðustu árum hefur álagningin í landinu stórkostlega hækkað frá því, sem áður var, og hvergi meira yfirleitt en þar sem álagningin var alveg gefin frjáls. Sú álagningarprósenuta, sem hér hefur verið í gildi í ýmsum tilfellum hjá ýmsum ríkisstjórnum, eða sú hámarksálagning, sem leyfð hafði verið, hefur þannig verið þverbrotin. Ýmist hefur verðlagsnefnd heimilað verulegar hækkanir prósentvís á álagningunnni eða þá, þar sem varan hefur verið gefin frjáls í álagningu, þá hafa kaupsýslumenn hækkað álagninguna til mikilla muna. Ég skal nefna hér nokkur dæmi sem sýnishorn um það, hvernig hefur verið haldið á þessum málum. Ég hef að vísu ekki haft aðstöðu til þess að fara nákvæmlega í gegnum þær skýrslur, sem liggja fyrir um þetta, en mér hefur verið kunnugt um þessar skýrslur, og það mikið veit ég úr þeim, að það er ekkert um það að villast, að þeir, sem fást við sölu í landinu, hafa nú fengið á síðustu árum að taka til sín miklu meira en þeim var heimilað áður, og þetta er hæstv. ríkisstj. mætavel kunnugt um.

Fyrst er þá aðeins að nefna hér nokkur dæmi um vörur, sem enn eru undir verðlagsákvæði, en þar sem breytt hefur þó verið álagningarheimildinni. Ég nefni þá fyrst aðeins um heildsölu. Hér er t. d. vöruflokkur, sem er prjónagarn, vefnaðarvara, metravara alls konar, fatnaður, leðurvörur, ótalið annað, og samsvarandi vörur. Árið 1960 voru verðlagsákvæði þannig, að heildsalar máttu hafa 9% álagningu í þessum vöruflokki. Nú er búið að heimila 15% álagningu á þessum vöruflokki. Ég sé hér annan vöruflokk, það eru rafmagnsrör og rafmagnsvírar og ýmsar þess háttar vörur. Árið 1960 máttu heildsalar leggja á slíkan innflutning 9.5%, nú mega þeir leggja á 16%. Hér er önnur vara, sem notuð er til bygginga, það er rúðugler. Árið 1960 máttu heildsalar leggja á slíkan varning 15%, nú mega þeir leggja á 19%. Þetta er aðeins í heildsölu. Hér er vöruflokkur eins og smíðajárn og smíðastál í stöngum og plötum. 1960 var heimilt að leggja á slíkar vörur 9%, nú er heimilt að leggja á 12%.

Ég skal svo nefna nokkrar vörur í sambandi við smásöluálagningu, sem ekki eru undir verðlagsákvæði, en álagningin hefur verið hækkuð á. Hér sé ég fyrir mér gúmmístígvél, þar var álagningin 1960 heimiluð 15%, en er nú 22%, og allur annar skófatnaður var 20%, er orðinn 27%. Hér er liður um búsáhöld, borðbúnað, eldhúsáhöld, einnig handverkfæri, járnvörur ýmiss konar og aðrar slíkar vörur. Þar var álagningarheimildin 27%, en er orðin 35%. Hér er liðurinn prjónavörur, vefnaðarvörur, metravara og alls konar þess háttar vörur. Þar var álagningin í smásölu 25%, en er orðin 40%.

Þetta eru aðeins nokkur dæmi, en yfirleitt er hér um stórfellda hækkun að ræða, bæði í heildsölu og í smásölu. En þó kastar fyrst tólfunum, þegar kemur yfir í þær vörurnar, sem gefnar hafa verið alveg frjálsar, en sem dæmi um þær vil ég aðeins nefna þetta: Í heildsölu er hér t. d. fyrsti flokkurinn, niðursoðnir ávextir og þurrkaðir ávextir, kex o. fl. þess háttar. Í verðlagsákvæðunum 1960 var þetta í heildsölu 7.5%, en nú orðið í framkvæmd 18.3%. Hér er vöruflokkur, hreinlætisvörur og snyrtivörur. Í verðlagsákvæðum 1960 var hámarksálagning heildsala á þessum vörum 9.5%, en er orðið 23.3% í heildsölu. Hækkunin er 145%. Ytri fatnaður kvenna var í álagningarreglunum 1960 9.5%, en er kominn upp í 14.2%. Ytri fatnaður karla, unglinga og barna var 8.5%, en er kominn upp í 15.7%. Sokkar og leistar og annað þess háttar var í flokki með 8% álagningu, er komið upp í 19.2%. Og ýmiss konar fatnaður kvenna var í flokki 9%, en er kominn upp í 22.3%. Þannig hefur sem sagt álagningin hækkað alveg stórkostlega, bæði í heildsölu og smásölu, og þá mest, þegar vörurnar hafa verið undanþegnar öllu eftirliti.

Dæmi um það, hvernig farið hefur um álagninguna í smásölu, þar sem fullt frelsi ríkir orðið, eru t. d. þessi: Ytri fatnaður kvenna, það voru heimiluð 27% í álagningu 1960, en er komið upp í 41.4%, og ýmiss konar annar fatnaður kvenna var í flokki 25%, er kominn upp í 39.2%. Sokkar og leistar voru í 24%, eru komin upp í 42.1%. Vinnufatnaður og úlpur voru í 20%, eru komin upp í 32.9%. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði, þegar ég lauk ræðu minni hér, þegar þingfundi var frestað, gert nokkra grein fyrir því, hvernig til hefur tekizt með framkvæmd verðlagsmála á undanförnum árum, þar sem farið hefur verið eftir stefnu

ríkisstj. í öllum meginatriðum. Það kom mjög greinilega fram í því, sem ég sagði um þessi mál, að álagning hefur á undanförnum árum hækkað mjög verulega í mörgum greinum, og þó hefur álagningin tvímælalaust hækkað langmest á þeim vöruflokkum, sem hafa verið undanþegnir verðlagsákvæðum. Ég hafði bent á, að hæstv. ríkisstj. hlýtur að vita vel um, að það hefur farið fram allnákvæm athugun á þessum málum og gerðar hafa verið allýtarlegar skýrslur um það, hvernig verðlagsmálin í þessum greinum hafa þróazt, svo að öll þau atriði, sem ég tilgreindi hér, hljóta að hafa verið hæstv. ríkisstj. kunn. Ég tel, að það sé í rauninni skylt, þegar þessi mál eru rædd, að leggja þessar athuganir opinberlega fram og skýra þjóðinni alveg hiklaust frá því, hverjar niðurstöðurnar séu í sambandi við þennan þátt í þróun verðlagsmálanna. Ekki sízt tel ég vera þörf á því, þegar ríkisstj. hugsar sér þá leið í þessum efnum, að e. t. v. komi til mála að löggilda í rauninni það verðlag, sem nú er gildandi í dag, og ákveða, að verðlagið skuli fest, þar sem það er nú komið, og þar með í rauninni löghelga þannig þær gífurlegu hækkanir á álagningu, sem átt hafa sér stað frá þeim reglum, sem hér giltu um langan tíma. Ég hefði talið miklu réttara, ef menn virkilega ætluðu sér að glíma við verðlagsvandamálin, eins og þau liggja nú fyrir, að fara þá leið, sem upp á er stungið í okkar frv. Alþb.-manna um breytingar á verðlagslögunum, en það er að leggja fyrir þá n., sem á að hafa með framkvæmd þeirra mála að gera, að byrja nú á sínu verki að nýju og ákveða á nýjan leik hámarksálagningu og vinna að því á þann hátt að lækka milliliðakostnaðinn frá því, sem hann er nú orðinn. Ég held, að hæstv. ríkisstj. geti ekki skotið sér undan því, þegar þessi mál eru nú rædd og það á þeim grundvelli, sem hún vill móta þessar umr., að gera Alþ. grein fyrir þessum athugunum, sem ég hef hér vikið að um það, hvernig þessi mál hafa þróazt, og hún hljóti að komast að þeirri niðurstöðu, vilji hún taka á þessum málum í fullri alvöru, að það sé óhjákvæmilegt að fara niður í þessi efni á nýjan leik og breyta álagningunni aftur. Hér er um svo stórkostlega aukningu að ræða á álagningu og á milliliðakostnaði, að þegar verðlagið í landinu er orðið jafnhátt og það er nú og vandinn jafnmikill og raun ber vitni um, er óhjákvæmilegt að snúast einnig gegn þessum vanda.

Ég hef heyrt það nokkrum sinnum, að hæstv. forsrh. vill víkja sér undan þessum vanda, þegar hann ræðir þessi mál, á þann hátt að segja: Græðir Samband ísl. samvinnufélaga? Græða kaupfélögin? Græðir KRON? Og ef þau græða ekki að þeirra dómi sjálfra, er verðlagið í landinu í lagi og álagningin í lagi. Þetta er vitanlega að víkja sér alveg undan vandamálinu og vilja í rauninni ekki um það tala. Hvað svo sem þessir aðilar segja um afkomu sína nú, réttlæta vitanlega umsagnir þeirra ekki á neinn hátt þessa gífurlegu hækkun á milliliðakostnaði, sem þarna hefur sannanlega átt sér stað. Ef kaupfélögin í landinu og KRON og aðrir þeir, sem fást við sölumál, hafa ekki bætt rekstraraðstöðu sína allverulega með þessari álagningarhækkun, hlýtur það að stafa að verulegu leyti af því, að annaðhvort hefur komið einhver nýr aukakostnaður á alla þessa aðila eða þá hitt, að það er búið að gera það skipulag, sem hér var þó í sambandi við dreifingu á vörum, enn þá lakara en það var áður. Það er búið að dreifa þessari starfsemi á enn þá fleiri hendur. Það er búið í rauninni að eyða hér aukafjármunum í sambandi við dreifingarspursmálið langt umfram það, sem þörf er á. Reynslan hafði sýnt það, að það var hægt að reka verzlun á Íslandi á árunum fyrir 1960 og það með allgóðum árangri, og satt að segja hygg ég, að flestum hafi fundizt, að þá sækja í verzlunina á Íslandi fremur of margir en of fáir, svo að sá grundvöllur, sem verzlunin þá starfaði eftir, var ekki svo lakur, að það þyrfti þá að hækka álagninguna í mörgum tilfellum um helming frá því, sem þá var, hvorki til heildsölu né til smásölu. Nú er líka að sjá á þessum tölum, sem ég nefndi, að það er ekkert um það að villast, að innflutningsverzlunin hefur ekki sízt tekið stóran hluta af þessari hækkun til sín. Ég býst við því, að það sé enn þá svo, eins og það hefur lengi verið hér á landi, að á ýmsum matvörum sé álagningin tiltölulega hóflegust. Og þær verzlanir, sem að yfirgnæfandi meiri hluta fást við slíka dreifingu, þar sem álagningin liggur tiltölulega lægst, það má búast við því, að þeirra hagur sé ekki jafngóður og hjá ýmsum sérverzlunum, sem virðast núna blómstra, þar sem álagningin er miklum mun meiri. En eigi að síður fer álagningin hjá þessum sérverzlunum líka út í verðlagið, á sinn þátt í því að auka dýrtíðina í landinu og gera vandamálið, sem við er að glíma, enn þá meira.

Það eru því till. okkar Alþb.-manna í sambandi við þessi mál, að fremur verði farið inn á þá braut, sem við leggjum til í okkar frv., að hressa nú upp á verðlagsnefndina, sem á að hafa þessi mál með höndum, og leggja fyrir hana að framkvæma þessi mál í fullri alvöru, en ekki leggja fyrir hana að stefna í öfuga átt, eins og ég álít að hafi verið gert, og síðan beinlínis að gera þessari n. það að skyldu að kanna verðlagið í landinu, eins og það er nú á flestöllum vörum og allri þjónustu, og færa það niður, þar sem hægt er að færa það niður, og mætti þá sú niðurfærsla verða til þess að standa nokkuð á móti ýmsum hækkunum, sem e. t. v. og án efa þurfa kannske að ganga yfir í einstaka tilfellum, m. a. vegna verðbreytinga, sem hafa orðið erlendis. Hæstv. ríkisstj. leggur nú til eigi að síður eða lætur í það skína, að það sé hennar stefna nú orðið að vilja stöðva verðlagið í landinu, þar sem það er nú komið, og segja má að sjálfsögðu, að það sé betra en að láta allt leika lausum hala, eins og það hefur gert. En þegar menn leggja það nú til að festa verðlagið, þar sem

það er nú komið, hljóta þeir að hafa í huga, að það verðlag, sem nú er orðið, sé þó ekki orðið hærra en svo, að það sé hægt að halda framleiðslunni í landinu yfirleitt í gangi við það verðlag, sem nú er. Ég er hins vegar á allt annarri skoðun. Ég tel, að verðlagið innanlands sé þegar orðið svo hátt, að það sé ekki lengur grundvöllur fyrir mikinn hluta af þýðingarmiklum atvinnurekstri landsmanna til þess að geta haldið áfram og það sé því ekki lausn á vandamálinu, jafnvel þótt hægt væri að festa verðlagið í því, sem það er nú. Ég hélt satt að segja, að hæstv. ríkisstj. hefði líka átt að hafa hjá sér upplýsingar um það, að svona er þessu í rauninni komið, eins og mitt álit er.

Ríkisstj. skipaði fyrir nokkru sérstaka n., sem átti m. a. að athuga um rekstraraðstöðu vélbátaflotans í landinu, þ. e. hinna smærri báta upp að 120 rúml. stærð. Þessi n. hefur skilað ýtarlegu áliti til ríkisstj., og hún telur, að það sé ekki rekstrargrundvöllur miðað við það verðlag, sem gilti á Íslandi á miðju þessu ári, fyrir þessa báta. Sú n., en í henni voru þrír stjórnarsinnar og tveir stjórnarandstæðingar, var sammála um það, að t. d. ef gerður er samanburður á fiskverði þessara báta og miðað við verðlag á árinu 1962 og aftur á árinu 1965, hafi þróunin orðið sú, að fiskverðið til bátanna á árinu 1965 hafi verið 18% of lágt, til þess að það geti jafngilt þeirri rekstraraðstöðu, sem var hjá þessum bátum á árinu 1962. Og þegar n. lauk störfum, var tiltölulega nýlega búið að hækka fiskverð meira en hafði þó verið gert lengi áður, en þó taldi n., að það væri algerlega óhjákvæmilegt að hækka fiskverð til þessara báta um a. m. k. 10% auk ýmissa annarra sérbóta, sem bátarnir þyrftu, ef þeir ættu að hafa sviparða rekstraraðstöðu eins og þeir höfðu á árinu 1962. Nú benda útvegsmenn á, að rekstraraðstaða bátanna á árinu 1962 hafi verið mun verri en hún var fyrir 1960, og það er mín skoðun, að hún hafi þá verið lakari. Þessi n. gerir margar till. um, hvað megi gera þessum bátum til stuðnings. Mér er ekki kunnugt um það, þó að alllangt sé um liðið síðan þessi n. skilaði till. til ríkisstj., að ríkisstj. hafi blátt áfram gert nokkurn skapaðan hlut í þá átt, sem till. n. ganga í. Síðan þessi n. skilaði sínum till., hefur svo verðlagið í landinu haldið enn áfram að hækka á ýmsum sviðum, sem valda þessari útgerð auknum erfiðleikum. Útkoman hefur auðvitað orðið sú, að rekstur inn hjá þessum bátum hefur dregizt saman jafnt og þétt, og það má segja, að víða á landinu sé svo komið, að þessir bátar séu að mestu hættir rekstri. Og það veldur vitanlega frystihúsunum miklum vanda. Það mundi ekki bjarga þessum þýðingarmikla rekstri, þó að verðlagið í landinu yrði fest við það, sem það er nú í dag. Það leysir ekki þennan vanda. Það þarf miklu meira til, eins og m. a. kemur fram í þessari nefndarathugun, sem liggur fyrir hjá hæstv. ríkisstj. Og það er enginn vafi á því, að það þarf stórar fjárfúlgur eða allmiklar efnahagslegar aðgerðir, til þess að hægt sé að koma í rauninni þessum rekstri á stað á nýjan leik þannig, að reksturinn geti verið með eðlilegum hætti. Þessi n., sem skipuð var til þess að athuga um afkomu bátanna, benti á, að svo var komið afkomu þessa bátaflota, að bátarnir skulduðu á miðju þessu ári í afborganagreiðslur til fiskveiðasjóðs 53 millj. kr., auk þess sem þeir skulduðu vitanlega allmikið í vaxtagreiðslur. Margir þessara báta eru nú auglýstir til uppboðs vegna þess fjárhagsástands, sem upp er komið hjá þeim. Þessi bátanefnd benti einnig á það, að sá háttur hefur verið hafður á nú í alllangan tíma, að raunverulega hefur útgerð þessara báta verið skattlögð til stuðnings rekstri togaranna í landinu í gegnum bæði aflatryggingasjóð og eins í gegnum vátryggingasjóð. Og n. benti á, að það þarf auðvitað að gera ráðstafanir til þess að leiðrétta þetta og létta þessum álögum af þessari bátaútgerð. En frá ríkisstj. hefur ekki heyrzt neitt í málinu, ekki nokkur skapaður hlutur.

Önnur n. var skipuð af stjórninni til þess að athuga um afkomu togaraflotans. Sú n. mun hafa skilað áliti fyrir nokkru. En Alþ. hefur ekki verið gerð nein grein fyrir því, hver er niðurstaða þessarar n. En þó held ég, að það leiki enginn vafi á því, að togaraútgerð landsmanna sé þannig stödd í dag, að hún þurfi á verulegum stuðningi að halda í einu eða öðru formi.

Um rekstur frystihúsanna skal ég ekki mikið segja. Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. sagði, að það væri margt á huldu um það, hvernig afkoma þeirra væri og hvað fyrir þau þyrfti að gera, eins og komið væri. En ég held þó, að það geti enginn vafi leikið á því, miðað við það, hvað ákveðið hefur verið áður um afkomu frystihúsanna, einnig hér á Alþ., að þá þurfi þau nú á auknum stuðningi að halda og það allverulega auknum stuðningi í einhverju formi.

Mér sýnist því, að málið liggi þannig fyrir, að það sé augljóst, að mikill hluti af atvinnurekstri landsmanna þoli ekki það innanlandsverðlag, sem komið er í dag, og það sé því mjög takmörkuð lausn á vandanum að binda till. sínar við það að festa verðlagið innanlands, þar sem það er komið nú, það þurfi miklu fleiri ráð að koma til, það þurfi sem sagt að breyta um stefnu í miklu fleiri atriðum en þeim, sem aðeins snúa að hækkandi innanlandsverði. Það er látið liggja að því í þessu frv., að meiningin sé að reyna að stöðva verðlagið innanlands, þó að engin bein lagafyrirmæli séu um það. En í þeim efnum vaknar spurningin um það, hvað hæstv. ríkisstj. hugsar sér að gera í sambandi við húsaleigu í landinu og kostnað almennings af húsnæði. Væntanlega er það ætlunin að banna, ef heimildirnar yrðu notaðar, einnig hækkun á húsaleigu. En hvað á að gera til þess að tryggja það í framkvæmd, að slíkt bann hafi eitthvert gildi?

Hæstv. ríkisstj. hefur verið á þeirri skoðun fram til þessa, að ekki væri rétt að hafa í gildi nein húsaleigulög, nein ákvæði um hámark húsaleigu eða neitt eftirlit í þeim efnum. Nú vitum við, að húsaleigan vegur mjög mikið fyrir allan almenning eða útgjöld í sambandi við húsnæðismál. Það hefur því mjög mikið að segja að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ríkisstj., hvernig hún hugsar sér, ef hún notaði heimildir frv. um verðstöðvun, að koma því fyrir að stöðva húsaleiguokrið, sem sannanlega fer fram í landinu. Hvernig hugsar hún sér að setja reglur til þess að koma í veg fyrir hækkaða húsaleigu? Skoðun okkar Alþb.-manna er sú sama viðvíkjandi húsaleigunni og í sambandi við hið almenna verðlag. Við álítum, að það sé engan veginn nægilegt að ákveða það að banna frekari hækkun húsaleigu en nú er orðin. Við teljum, að það leiki enginn vafi á því, að húsaleigan sé í mjög mörgum tilfellum orðin hrein okurleiga og það eigi að færa þá leigu niður og gera ráðstafanir til þess. Það er eflaust rétt, að það getur verið talsverðum vandkvæðum bundið að tryggja fulla og örugga framkvæmd á slíkri lagasetningu. En ég held, að það sé þó enginn vafi á því, að ef fullur vilji væri á, væri þó hægt að áorka allmiklu í þeim efnum.

Ég vil undirstrika það sem skoðun okkar Alþb.-manna, að við teljum nú eins og áður, að það sé mikil þörf á því að taka verðlagsmálin í landinu fastari tökum en verið hefur. Við teljum, að það eigi ekki að láta sitja við það að flytja frv. um heimildir handa ríkisstj., heldur eigi beinlínis að setja lög, sem hafi að geyma alveg ákveðin lagaboð í þessum efnum, og síðan eigi að fela tiltekinni stofnun að sjá um framkvæmd á þeim lagaboðum. Og við álítum, að það eigi ekki að binda ráðstafanir í þessum efnum við samninga um launakjör í landinu. Eðlilegir samningar um launakjör eiga yfirleitt að fara þannig fram, að það sé við það miðað, að hækkuð laun eigi að berast uppi af atvinnurekendum í öllum aðalatriðum og það eigi að koma þeim kostnaði fyrir, sem verður vegna hækkaðra launa, með því að taka upp aukna tækni og hagkvæmari vinnubrögð eða þá beinlínis með því að ganga nokkuð á hlut vinnuveitandans, en það eigi ekki að hafa þann hátt á að velta hækkuðu kaupgjaldi í sífellu beint út í verðlagið, þannig að þeir, sem hafa samið um hækkað kaupgjald, hafi í rauninni ekkert af því að segja nema jafnvel til þess beinlínis að auka tekjur sínar, eins og dæmi eru til um. Þetta hefur alltaf verið okkar skoðun, og við höfum alltaf staðið á því, og það er aðeins um hreinar rangfærslur að ræða, þegar reynt hefur verið að halda því fram, að við höfum einhvern tíma staðið með því að velta út í verðlagið umsömdu hækkuðu kaupi. Hitt er svo allt annað mál, að það eru til dæmi um það, að atvinnurekstur hreinlega framselur vinnulaun. Og við höfum gert okkur fulla grein fyrir því, að þar sem er um að ræða hreina framsölu á vinnulaunum á milli aðila, er ekki hægt að reikna með öðru kaupi en því, sem um hefur verið samið. En það er vitanlega hægt að lækka það álag eða þá álagsprósentu, sem þeir aðilar fá að lögum, sem framselja vinnuafl til annarra og taka ákveðna þóknun fyrir að framselja vinnuaflið. Og það er það, sem á að gera. En hinu vitanlega verður ekki neitað að reikna með því kaupgjaldi, sem um hefur verið samið hverju sinni.

Ég tel, að þetta frv. sé nokkur viðurkenning frá hálfu ríkisstj. á þeirri þörf, sem fyrir hendi er til þess að láta verðlagsmálin taka hér nokkuð til Alþ. eða láta Alþ. skipta sér af þeim málum. En hins vegar sýnist mér, að frv. beri þannig að og það sé þannig saman sett, að margt bendi til þess, að ríkisstj. sé ekki enn búin að taka ákvörðun um það að snúa sér að því að stöðva verðhækkanirnar í landinu, hún sé enn að hugsa meira um hitt, að láta þannig líta út, að hún sé út af fyrir sig á móti verðhækkunum, það séu aðrir, sem knýja þær fram, og hún vilji gjarnan hafa heimildir eins og felast í þessu frv. sem eitthvert samningamál við launþegasamtökin nú á þessum vetri. En ég tel, að það sé vissulega kominn tími til þess, að ríkisstj. viðurkenni í verki, að það þarf að breyta um frá þeirri stefnu, sem hún hefur markað fram til þessa í verðlagsmálunum. Hennar stefna hefur verið röng. Hún hefur leitt til þess ófarnaðar, sem við stöndum frammi fyrir í þessum efnum. Og sú stefna, sem sérstaklega hefur komið fram hjá verðlagsnefndinni, sem hefur verið á undanförnum árum, að leyfa hækkandi álagningu eða veita ýmsum aðilum leyfi til þess að ráða að öllu leyti verðlaginu, sú stefna hefur verið röng.

Ég geri ráð fyrir því, að þetta frv. fari til n. og þar verði það athugað. Og þá má að sjálfsögðu koma fram ýmsum breytingum á þessu frv. Ég mun freista þess að koma á framfæri brtt. í þá átt, og mætti þá kannske koma í ljós, hversu mikil alvara er á bak við það að ætla að skipta um stefnu í þessum málum eða breyta um stefnu í þessum málum, hversu mikil alvara er á bak við það að reyna að hamla gegn frekari verðhækkunum innanlands.

Á það hefur verið bent í þessum umr., að einmitt núv. stjórnarflokkar hafa áður leikið mjög svipaðan leik þessum í verðlagsmálum. Árið 1959 beittu þeir sér fyrir lagasetningu undir því loforði, að þeir væru með stöðvunarstefnu, þeir vildu stöðva hið sífellt hækkandi verðlag í landinu. Og þá var þetta gert meira að segja á þann veg, að það var ákveðið með lögum að færa niður kaupgjald allt í landinu, ekki aðeins verkamanna og annarra launþega, heldur einnig umsamið fiskverð til sjómanna og umsamið kaup bænda. Þetta var allt fært niður með lögum, og því var haldið fram, að nú hefði verið tekin upp ný stefna í verðlagsmálunum, stöðvunarstefna. Og það tóku býsna margir undir þetta á þessum árum, af því að menn trúðu því í fyrstu, að það væri meining-

in að reka hér stöðvunarstefnu og koma í veg fyrir frekari verðlagshækkanir. En það sýndi sig á því ári, að þegar þessir flokkar, sem að stöðvunarfrv. þá stóðu, voru komnir í gegnum kosningahríðina, sneru þeir við blaðinu og sögðu, að þetta hefðu allt aðeins verið bráðabirgðaráðstafanir, sem vitanlega gætu ekki staðið áfram, og þá kom verðhækkunarflóðið yfir á eftir. Það er vitanlega ekki nema eðlilegt, að þetta rifjist upp fyrir mönnum nú, þegar þeir flokkar, sem hafa haldið hér fram allt annarri stefnu í verðlagsmálunum öll þessi ár síðan, þegar þeir vita, að skammt er til kosninga. Þegar þeir nú koma fram með stöðvunarfrv. eins og þetta, sem hér liggur fyrir, þá er ekki nema von, að það rifjist upp fyrir mönnum, hvað hefur gerzt hér áður í hliðstæðum efnum. Ég held því, að ef hæstv. ríkisstj. vill, að mark verði tekið á þessum till. hennar og tali um verðstöðvun, verði hún að ganga betur frá lagasetningu um þau efni en felst í þessu frv. En á þetta verður nú reynt, og þá má betur sjá, hvað fyrir hæstv. ríkisstj. vakir í þessum efnum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. né fara að ræða hér um það, sem okkur bar almennt á milli um ástand í landinu, vegna þess að jafnvel hv. stjórnarandstæðingar viðurkenna, að það séu mjög verulegar breytingar, sem á hafi orðið einmitt á þessu ári um aðstöðu atvinnuveganna, breytingar, sem íslenzku ríkisstj. eru með öllu óviðráðanlegar. Hv. 1. þm. Austf. hélt því fram, að þær væru svo alvarlegar, þær breytingar, og það kom raunar fram hjá hv. 5. þm. Austf. nú undir ræðulokin hjá honum líka, að þetta frv. væri allsendis ófullnægjandi til þess að rétta við hag atvinnuveganna, til þess þyrfti að gera miklu veigameiri ráðstafanir. Nú vék ég raunar lítillega að þessu í minni frumræðu, nokkuð á sama veg og hv. 5. þm. Austf. gerði, þegar hann var að svara hæstv. viðskmrh. um viðhorf höfuðútflutningsatvinnuveganna, að á þessu stigi eru það svo mörg óviss atriði, að það er með öllu ógerlegt að segja, hvort e. t. v. þarf frekari ráðstafanir en þessar og þá hvers eðlis. Það er mál, sem þarf miklu betur að skoðast vegna þess, eins og hv. 5. þm. Austf. sagði, að það er með öllu óljóst enn, hversu lengi það verðfall stendur, sem orðið er, og raunar óvitað, hversu víðtækt það er í raun og veru varðandi hraðfrysta fiskinn. Og hv. 1. þm. Austf. lagði áherzlu á það, að hér væri einungis um bráðabirgðaverðfall að ræða, sem við allir vonum, en því miður vitum ekki neitt um. Það, sem liggur fyrir nú og er raunar óumdeilanlegt, er, að það eru orðnar slíkar breytingar, að þær einar gefa tilefni til róttækari aðgerða en á venjulegum tímum eru tiðkanlegar eða verjanlegar, og þar með til slíkra verðstöðvunarráðstafana, sem í þessu frv. felast.

Hv. 5. þm. Austf. taldi, að hér væri í raun og veru ekki um mikið efni að ræða, og hv. 1. þm. Austf. lagði líka á það nokkuð ríka áherzlu, að þetta væru umbúðir, sem eitthvað væri innifalið í. Hann viðurkenndi þó, að þar væri mikilsvert nýmæli varðandi sveitarfélögin, sem hv. 5. þm. Austf. minntist ekki á. En ég vil vekja athygli á því, að varðandi festingu verðlags er þetta frv. í raun og veru sama efnis og brbl., sem sett voru 28. ágúst 1956, þegar vinstri stjórnin hafði nýlega tekið við völdum og festi verðlag og kaupgjald fram til áramóta. Orðalagið er raunar nokkuð annað, en efnið varðandi verðfestingu er hið sama, eins og ég veit að hv. þm. sjá, ef þeir skoða það mál og bera ákvæðin vendilega saman. Um það er ekki að villast. Og ég vil að gefnu tilefni lýsa því alveg hiklaust yfir, að þessarar heimildar er leitað, til þess að henni verði beitt, og henni mun verða beitt, strax og frv. hefur verið samþ. og staðfest af forsetanum. Hitt er svo annað mál, og það er sjálfsagt, að það komi fram, að það er viss fyrirvari gerður í grg., að þetta er hugsað sem liður í víðtækari ráðstöfunum. Ef þær heppnast ekki, verður að skoða málið allt í heild og íhuga, hvaða aðrar ráðstafanir þurfi að gera, sem tiltækar eru og framkvæmanlegar.

Nú má þá spyrja, eins og einkanlega hv. 5. þm. Austf. lagði ríka áherzlu á: Er ríkisstj. að hverfa frá sinni frjálsræðisstefnu í verðlagningu? Eitthvað svipað minnir mig, að hv. samþm. hans, 1. þm. Austf., hafi einnig talað um. Auðvitað er það svo, að við höfum ákaflega misjafna trú á gildi verðlagseftirlits og verðlagshamla. Og það er skoðun okkar margra, að slíkar ráðstafanir séu bæði þýðingarlitlar og óframkvæmanlegar, ef þær eiga að standa til langframa, vegna þess að þá verði bæði meira eða minna fundnar leiðir til þess að fara í kringum þau ákvæði og eins ali þau upp þann hugsunarhátt, sem verki á móti gildi verðlagsákvarðananna, þannig að betra sé, ef því verður við komið á venjulegum tímum, að hafa í þessu fullt eða sem allra mest frjálsræði og þá tryggja, að raunveruleg samkeppni eigi sér stað, og ég hef viljað ætla, eins og hv. 5. þm. Austf. gat um, að tilvera og störf kaupfélaganna tryggðu það, að engum liðist að koma í veg fyrir, að frjáls samkeppni ætti sér stað. En hvað sem um þetta er, og auðvitað má um þetta deila eins og flest annað, er ljóst, að sú almenna regla staðfestist einungis af undantekningunni, að verðfesting um skamman tíma með eftirliti um, að henni verði fylgt, getur haft mikla þýðingu og ráðið úrslitum, þó að menn hafi ekki trú á því sem frambúðarreglu, allsherjarreglu. Það er einmitt það verðhrun, sem orðið hefur á verulegum hluta okkar framleiðslu og við enn getum ekki gert okkur grein fyrir, hvort er einungis til bráðabirgða og hvað það stendur lengi, jafnvel þó að það væri til bráðabirgða, né heldur hve víðtækt það er, sem gefur ríka ástæðu til þvílíkra aðgerða, sem þetta frv. fjallar um.

Það er sjálfsagt, að frv. verði athugað í n. og menn íhugi allar brtt. við það. En eðli þess ástands, sem hér hefur skapazt nú, er í raun

og veru allt annað en það, sem við stöðugt erum að deila um, þegar við tölum um verðbólguna, um hennar afleiðingar og orsakir, því að hvaða vel rekinn atvinnuvegur getur í raun og veru staðizt það, ef hann verður fyrir slíku verðfalli, að verðmæti hans vöru minnki um þriðjung? Það sjá allir í hendi sér, að ef hann hefði áður verið rekinn með þvílíkum gróða, að hann stæðist þvílíkt verðfall, væri eitthvað meira en lítið bogið við. Þá hefði verið staðið óhæfilega á móti, að bæði launþegar, almannavaldið og aðrir aðilar í landinu fengju eðlilegan hlut af því mikla verðmæti, sem þannig er komið í land. Þetta verða allir að játa, og það eru þessar sérstöku ástæður, sem gefa tilefni til þess, að nú séu þessar reglur settar, þeim fylgt eftir, meðan þær eru í gildi, og menn geri glöggan greinarmun á slíkum bráðabirgða — ég vil segja neyðarreglum af sérstökum ástæðum og því varanlega vandamáli, hvort það sé til góðs að hafa verðlagseftirlit eða verðlagseftirlit ekki.

Ég hef verið því fylgjandi að losa um verðlagseftirlitið. En ef það verður að ráði hér í framtíðinni að hafa verðlagseftirlit, er vafalaust þörf á því að endurskoða þær reglur, sem gilt hafa. Ég efast um, að till. hv. Alþb.-manna séu til góðs í þeim efnum, en það er vafalaust, að þetta er orðið steingert og meira og minna haldlaust. Upplýsingar hv. þm. um hækkun álagningar í einstökum tilfellum segja í raun og veru ákaflega lítið, vegna þess að þar hefði þurft að segja frá hinu raunverulega verðlagi, hvort það hefur breytzt í samræmi við þetta eða ekki. Þess vegna var í raun og veru utan við málefnið sá tölulegi fróðleikur, sem hv. þm. las upp og vonandi verður betur athugaður í n., hvaða þýðingu hefur.

Um þá aðfinningu, sem komið hefur fram, einkanlega frá 1. þm. Austf. hv., að hér væri miðað við að setja upp einhverjar umbúðir fram yfir kosningar, er það svo, að kosningar eiga í síðasta lagi að fara fram síðast í júní n. k. Það er ætlazt til þess, að þetta frv. veiti heimildir til 31. okt. Það er ætlazt til þess, að hægt sé að halda verðlagi niðri með fjárveitingum, sem fé verður veitt til í því fjárlagafrv., sem nú er til undirbúnings, og það er eðlilegt og sjálfsagt, að nýkjörið Alþ. fái færi á því að segja, hvaða stefnu það vilji fylgja í þessum málum, alveg án alls óðagots með eðlilegum hætti á næstu mánuðum, eftir að úrslit kosninganna liggja fyrir. Hér er fyllilega á lýðræðislegan hátt að farið, og því frekar er ástæða til þess að hafa hér tímabundin ákvæði sem það kom glögglega fram hjá hv. 1. þm. Austf., sem fann að því, að þetta væri tímabundið, að hann telur verðfallið einungis bráðabirgðaverðfall, og það eru þær miklu verðbreytingar, sem gera ákvæði frv. að okkar viti óumflýjanleg.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér virðist hæstv. forsrh. draga nokkuð mikið í land viðvíkjandi þeim vonum, sem fólk hefur gert sér um innihald þessa frv. Ég held, að margir hafi hugsað sem svo, þegar ríkisstj. kom fram með þetta frv., sérstaklega þegar þeir sáu þess stóru fyrirsagnir í stjórnarblöðunum, að hér mundi nú fyrst og fremst vera meiningin að reyna að forða almenningi frá dýrtíðinni, hún yrði ekki látin halda áfram af sama krafti og hingað til, það væri það, sem væri höfuðatriðið.

Nú hins vegar segir hæstv. forsrh., að það sé gerður þarna fyrirvari í grg., sem sé í sambandi við kaupgjaldssamninga, og þær forsendur, sem þar sé gengið út frá, séu, að ríkisstj. geti samið eða látið atvinnurekendur semja við verkalýðsfélögin eins og henni þóknist, annars verði þetta ekki framkvæmt, m. ö. o. eigi þetta ekki að vera neitt annað en tæki í höndum ríkisstj. til þess að reyna að halda niðri kaupi verkamanna, svo að þeir geti ekki unnið upp á móti dýrtíðinni eins og hún er og eins og er búið að leiða hana yfir þá. Þá fer að verða nokkuð lítið eftir af dýrð þessarar verðstöðvunar, sem almenningur er að gera sér vonir um, að Alþ. ætli að samþykkja núna lög til að stöðva verðlagið í landinu án tillits til, hvernig allt annað gengur. Það ætti þó að vera skiljanlegt, að allt atvinnulíf í landinu er rekið til þess, að fólkið geti haft betri lífskjör. Og svo framarlega sem það er ekki tilgangurinn með öllum atvinnurekstrinum, hver á hann þá að vera? Svo framarlega sem hægt er að hækka kaup, er það sjálfsagt. Til þess er þó þjóðin að berjast og vinna, að hún geti haft það eitthvað betra á eftir. En það á ríkisstj. að reyna að sjá um, að dýrtíðin blossi ekki áfram eins og hún hefur gert, og reyna að koma í veg fyrir það. Þess vegna þótti mér það allmikið, sem hæstv. forsrh. tók til baka með þessum fyrirvara sínum nú.

Þá minntist hæstv. forsrh. á, að hann hefði trú á því, — og það er mjög leiðinlegt, að hann skuli ekki vera farinn að sjá neitt af staðreyndunum í kringum sig enn þá, — hann hefði trú á raunverulegri samkeppni, hann hefði trú á frjálsræðinu. Já, það væri gaman að leiða hann t. d. hérna til olíufélaganna, láta hann athuga hjá olíufélögunum, hvernig þau koma sér saman um verðlagið í landinu, láta hann koma hérna til okkar aftur og segja, hvort það sé einokun hvað verðið snertir eða hvort það sé frjálsræði. Það væri gaman líka að senda hann t. d. til þess að kaupa inn barnaföt. E. t. v. hefur hann nú lesið þá sögu í einu stjórnarblaðinu, en hann mætti líka fara að athuga, hvernig það sé sem stendur t. d. að kaupa barnaföt, og fá upplýsingarnar um það, að svo framarlega sem kaupmennirnir leggi ekki svona og svona mikið á, fái þeir ekki þessi barnaföt frá viðkomandi heildsala, það sé gert að skilyrði, að það sé lagt á mun meira en skikkanlegir kaupmenn álíta vera alveg nóg, og þeim kaupmönnum, sem selja ódýrar í þessum efnum, verði refsað með því í öllu frelsinu og frjálsræðinu og frjálsu samkeppninni, að þeir fái ekki viðkomandi barnaföt lengur frá viðkomandi heildsala. Ég held, að þetta hafi verið í Alþýðublaðinu. Við kunnum ekki

við það, að það sé verið að tala um frjálsræði og frjálsa samkeppni hér í Reykjavík í sambandi við þessa hluti, þegar við vitum, að það ganga listar út frá heildsölunum í Reykjavík til þeirra kaupmanna, sem eiga að selja, um, á hvaða verði þeir eigi að selja. Það eru leynileg samtök um meginið af öllu verðlaginu í landinu. Það er ekki til frjáls samkeppni í þessum efnum. Ríkisstj. hefur haft í 7 ár tækifæri til þess að grípa inn í, þar sem einokunin er, en hún hefur aldrei gert það. Og svo kemur hæstv. forsrh. og segir við okkur: Við höfum trú á raunverulegri samkeppni, við álítum, að frjálsræðið tryggi þetta allt saman.

Svo segir hæstv. forsrh., að það séu einhverjar sérstakar ástæður fyrir hendi núna, allt öðruvísi en þær, sem verið hafa undanfarin 7 ár. Hann talar um, hvað vel rekinn atvinnurekstur geti staðizt, ef verðlagið fellur um þriðjung, held ég, að hann hafi sagt. Hvað var hæstv. viðskmrh. að upplýsa okkur um hérna áðan? Hann var að upplýsa okkur um, að ég held, að þegar í heild er tekið væri verð á allri síld og skelfiski, þorskfiski og öllu mögulegu, sem hann taldi upp, 2% lægra en í fyrra, þegar heildarmeðaltalið er tekið í ár. Ég held, að hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh. verði að samræma tölurnar dálítið betur, áður en þeir mála þetta svona hrottalega út fyrir okkur. Það er ekki um það að ræða, að það sé verðlagið og verðlagsbreytingin, sem er að drepa okkur núna. Þessi litla verðlagsbreyting kemur sér, þótt hún sé lítil, illa vegna þess, að það er búið í 5—6 ár að vera í sífellu að síga á ógæfuhliðina, þannig að núna er skútan að fara á hliðina, og það er það, sem menn þurfa að gera sér ljóst. Það þarf venjulega ekki nema lítið til, þegar alltaf er verið að sökkva dýpra og dýpra, þangað til skipið fer að fara í kaf. Og það er það, sem við verðum að athuga núna og fá þessa hæstv. ríkisstj. til að reyna að skilja, hvað það er, sem hefur verið að ganga fyrir sig allan þennan tíma og hvernig hennar stefna er að bíða skipbrot. Þessi stefna að treysta á frjálsræðið, sem þýðir að fela einokunarkaupmönnum að ráða verðlaginu í landinu og hækka í sífellu verðlagið, það er það, sem þarna er um að ræða. Sú verðlagsbreyting, sem nú hefur orðið á sjávarútveginum, — ég bara beini spurningunni t. d. til hæstv. viðskmrh. og sjútvmrh., — mundi ekki t. d. sjávarútvegurinn hafa borið alveg auðveldlega þessa hækkun með verðlagi við skulum segja 1962, með innanlandsverðlagi 1962? Við skulum athuga, hvað er það, sem hefur breytzt, og hvað það er, sem gerir sjávarútveginum erfitt að þola meira að segja þessa lækkun, sem núna hefur verið. Það er vegna þess, að það er búið að vera að níðast á honum í undanfarin 5—6 ár. Við skulum athuga þá hluti.

Ég hef áður komið inn á það hérna og ég geri það enn einu sinni, að stefna ríkisstj. í þessum efnum hefur verið verðhækkunarstefna verzlunarauðvaldsins í landinu. Og það, sem verzlunarauðvaldið er að reka sig á í dag, er, að það er búið að rýja sjávarútveginn og verkalýðinn það lengi, að sjávarútvegurinn er að drepast undir þessu. Verzlunarauðvaldið hefur fengið í 5—6 ár að hækka í sífellu allt verðlag innanlands. Sjávarútvegurinn getur ekki hækkað sitt nema að svo miklu leyti sem erlendum kaupendum þóknast að gera það. Ef sjávarútvegurinn hefði búið t. d. við verðlag eins og 1962—63, hefði hann staðið auðveldlega undir þessu öllu saman. Það er verðlagsþróunin innanlands, verðlagsþróun, sem verzlunarauðvaldið í landinu ræður og er framkvæmd á kostnað sjávarútvegsins og verkalýðsins, — það er sú stefna, sem þarna er að bíða skipbrot, að láta þessa verðhækkun verzlunarauðvaldsins halda svona áfram. Verkalýðurinn hrindir þessu af sér. Hann hefur það góð samtök, að hann hrindir af sér þeim verðlagshækkunum, sem orðið hafa, og hann heldur sínu kaupi nokkurn veginn í því sama, sem var, ekki er það mikið meira. Sjávarútvegurinn getur ekki hrundið því af sér. Og það hefur verið siður verzlunarauðvaldsins á Íslandi alla tíð að rýja sjávarútveginn, þangað til að því kom, að sjávarútvegurinn er að drepast. Þá er það, eins og einn góður maður sagði á þingflokksfundi hjá okkur í gær, þá er það eins og þegar valurinn kemur að hjarta rjúpunnar. Verzlunarauðvaldið á Íslandi finnur, að þegar það er að drepa sjávarútveginn, er það að drepa þann aðila, sem gefur því allan gróðann. Þess vegna stanzar verzlunarauðvaldið við, þegar það er að drepa sjávarútveginn, því að án hans fær það engan gjaldeyri til þess að braska með. Og hvað er þá gert? Jú, þá er farið út í gangislækkun. Nú eru hins vegar kosningar, og það á aldrei að framkvæma gengislækkun rétt fyrir kosningar. Það á að gera það árið eftir kosningar, sbr. 1960 og 1961, og þess vegna dugir ekki að framkvæma gengislækkun núna, til þess að sjávarútvegurinn geti lifað áfram. Þess vegna segir verzlunarauðvaldið: Þið verðið að fresta í eitt ár gengislækkuninni, og við skulum bara kalla það verðstöðvun á meðan, a. m. k. ef við getum notað þessa verðstöðvun til þess að halda niðri kaupi hjá verkamönnum.

Við skulum taka hlutina eins og þeir eru og ræða þá alveg hreint eins og þeir koma hér fyrir hjá okkur. Allan þennan tíma, sem ríkisstj. hefur verið að völdum, hefur hún ekki þorað að snerta við álagningunni eða réttara sagt hún hefur gefið álagninguna frjálsa, og hver er svo afleiðingin? Hæstv. viðskmrh. talaði mjög hjartnæmt hérna til okkar áðan, eins og honum er oft lagið, og skoraði á okkur að sameinast um að samþykkja þetta frv. Ég verð að segja það um afstöðu til þessa frv. og taka alveg undir það, sem formaður okkar þingflokks segir: Sannleikurinn er sá um þetta frv., að það er bæði of seint og of lítið, sem kemur fram. Þetta er ómynd, ef það ætti að verða að einhverju leyti til þess að stöðva verðlag, og það er 4 árum of seint. 4 árum of lengi

er verzlunarauðvaldið búið að fá að leika lausum hala hér á landi. Hvað sagði hæstv. viðskmrh. við okkur í Alþýðublaðinu 17. júlí 1965, eftir kaupgjaldssamningana þá? Með leyfi hæstv. forseta, skrifaði hann þessi orð, þegar þá var búið að semja:

„En verðlagseftirliti og öllum öðrum hugsanlegum ráðum verður að beita til þess að koma í veg fyrir verðhækkanir, er eyði áhrifum þeirra kauphækkana, sem um hefur verið samið. Launþegar hafa auðvitað augljósra hagsmuna að gæta í því sambandi, að verðlaginu sé haldið í skefjum. En það væri skammsýn stefna af hálfu atvinnurekenda að leggja nú meiri áherzlu á að fá umsamda kauphækkun bætta með hækkuðu verðlagi, því að afleiðingin gæti ekki orðið önnur en röskun á efnahagsjafnvægi innanlands og erfiðleikar í greiðsluviðskiptum gagnvart útlöndum. Þegar frá líði, mundu þær ráðstafanir, sem ríkisvaldið yrði neytt til þess að grípa til í því skyni að stöðva þá þróun, verða atvinnurekendum í heild þungbærari en hitt nú að gera skipulega og markvissa tilraun til þess að bæta rekstrarhagkvæmni og auka framleiðni í samvinnu við ríkisvald og launþegasamtök, til þess að kauphækkanir þurfi ekki að leiða til hækkandi verðlags."

Þannig sagði hæstv. viðskmrh. þá. Þetta var 17. júlí 1965. Í ágúst 1965 mun vísitalan fyrir vörur og þjónustu hafa verið 209, og hvað ætli hún sé í dag? Vísitalan fyrir vörur og þjónustu s. l. ágúst er 250. Þegar hæstv. ráðh. skrifaði þetta, var hún 209. Þá var a-liðurinn fyrir vöru, þjónustu og allt saman, þetta var fyrir matvörurnar 209 og 250, en fyrir allar vörur og þjónustu var hún 196 í ágúst 1965 og er núna 228. Í júlí—ágúst 1965 sá hæstv. viðskmrh., að það þurfti að reyna að stöðva þessa þróun, og hann vissi það ósköp vel, að verkalýðssamböndin voru búin að bjóða að stöðva þessa þróun árið áður, og það er rétt, svona er vísitalan látin hækka, svona er verzlunarauðvaldið í landinu látið halda áfram að taka til sín. Það er nokkuð seint að koma til okkar núna og segja: Við gerðum vitleysu þá. — Og ég vil leyfa mér að spyrja: Hvernig stendur á því, að það var ekki farið í þetta fyrr? Tækifærið hefur verið á hverju einasta ári að stöðva þetta verðlag? 1964, þegar Alþýðusambandið bauð ríkisstj. að vera með því að stöðva verðlagið, þá var vísitalan t. d. í maí 1964 fyrir matvörurnar 205 og fyrir allt, sem greitt er þarna undir a, allar vörur og þjónustu, 187, sú vísitala, sem nú í ágúst er komin upp í 250 og 228. Það hefði verið hægt að gera þetta fyrr. Í maí 1962 var fyrir matvörurnar 130 og fyrir allar a-listavörur og þjónustu voru það 133, eða ef ég á að fara enn þá aftar: í júlí 1961 var vísitalan 112 fyrir matvörurnar og fyrir allan a-listann fyrir vörur og þjónustu 119. Og ég vil spyrja: Hefði nú ekki verið skynsamlegra að reyna á einhverju þessu stigi að stöðva þessa þróun? Af hverju að láta einokunarvaldið í landinu fá algert frjálsræði, svo að ég noti orð hæstv. forsrh., um að hækka eins og þeir vilja. (Gripið fram í.) Þær eru líka þarna í, en hækkunin er ekki síður á hinu. (Gripið fram í.) Hún er mest, en engu að síður er hún á öllu hinu líka. Hann getur rætt um landbúnaðarvörurnar við kollega sinn í ríkisstj., sem situr þarna vinstra megin við hann. Það er búið hérna áðan af hálfu hv. 5. þm. Austf. að lesa upp hækkanirnar, sem orðið hafa utan við landbúnaðarvörurnar, það var ekki eitt einasta af því, sem hann las upp, um hækkaða álagningu og annað slíkt á landbúnaðarvörum, það var allt saman á öðrum sviðum, þar sem kaupmennirnir flytja þetta inn beint, þannig að landbúnaðarvörurnar eru ekki eina vandamálið í þessu, og landbúnaðarvörurnar mundu líka hafa hækkað miklu minna, ef allt annað verðlag hefði ekki hækkað, því að það er reiknuð með inn í kaup bóndans einmitt verðlagshækkunin á öllu hinu. Ef útlendu vörunni hefði verið haldið niðri og kaupmönnunum í Reykjavík og annars staðar og heildsölunum ekki leyfð alveg ótakmörkuð álagning á 80% af innflutningnum, hefðu ekki heldur landbúnaðarvörur hækkað þetta mikið, og þá hefði sjávarútvegurinn líka staðið betur.

En fyrst hæstv. viðskmrh. fer að minna mig á þessa hluti, er bezt, að ég minni hann á annað. Hvernig var brugðizt við 1961, þegar verkamenn höfðu þá samið um nokkra kauphækkun? Var þá reynd verðstöðvun á eftir? Reyndi ríkisstj. þá að sjá um, að nú færi þessi kauphækkun ekki út í verðlagið? Var komið fram með svona frv. til okkar þá? Nei, það var gert annað. 1. ágúst 1961 voru gefin út brbl. um gengislækkun, sem átti enga efnahagslega stoð né réttlætingu í efnahagsþróuninni þá. Verðlagið var byrjað meira að segja að hækka á ýmsum hlutum erlendis, sem við seljum út úr landinu, en það var bein hefndaraðgerð á móti verkalýðssamtökunum, enda var krónan felld svo að segja um sömu upphæð og talið var af hálfu atvinnurekenda, að kaupið hefði hækkað um, þannig að það voru gerðar beinar hefndarráðstafanir gegn verkalýðssamtökunum og gegn almenningi í landinu til þess að hækka dýrtíðina í staðinn fyrir að reyna verðstöðvun. Þetta hefur verið pólitík ríkisstj., og það er þessi pólitík, sem er að verða gjaldþrota núna, og það er eins gott fyrir hæstv. ríkisstj. að viðurkenna það og horfa sjálf framan í það. Ég veit, að hæstv. viðskmrh. kannast við þetta. Mér var einmitt að renna það í hug áðan, þegar hv. 5. þm. Austf. var að halda sínu skörulegu ræðu hér og rekja m. a. allar verðhækkanirnar, sem orðið höfðu, — ég minntist á ræðu, sem hæstv. viðskmrh. núverandi hélt, þegar hann var í stjórnarandstöðu með okkur, á árinu 1952, held ég, þegar helmingaskiptastjórnin sællar minningar sat hér að völdum og þegar byrjað var að gefa frjálsræðið í verzlun og þegar viðkomandi heildsalar og aðrir slíkir notuðu sér það í ríkum mæli, og hæstv. núverandi viðskmrh. hélt hér skörulega ræðu, sem lengi var minnzt og vel var slegið upp í Alþýðu-

blaðinu, og sýndi fram á, hve gífurlega öll álagning hefði nú hækkað, og hafði þá eins og nú auðsjáanlega næstum reikniheila í sinni þjónustu til þess að reikna út, hvað þetta hefði numið miklu í millj. á einstökum vöruliðum, sem fluttir höfðu verið inn, og annað slíkt. Við skulum ekkert kippa okkur upp við það, í hvert skipti sem menn hafa farið að slaka þannig á og gefa frjálst verðlagið, hefur af alveg eðlilegum ástæðum kaupsýslustéttin í landinu hagnýtt sér slíkt frjálsræði til þess að reyna að græða eins og hún gat. Það er nú einu sinni eðli hennar eins og annarra slíkra yfirstétta, og það eina, sem þjóðfélagið getur gert til að hindra slíkt, er að grípa til sinna ráðstafana, sem eru verðlagstakmarkanir og verðlagsákvarðanir, og það hefur hæstv. viðskmrh. verið okkur sammála um og býst ég við Alþfl., en hann hefur aldrei treyst sér til að koma þessu í gegn. Hann hefur aldrei þorað að slá í borðið við Sjálfstfl. um að hamra þennan hlut í gegn og gengur auðsjáanlega hálferfiðlega líka núna. Ég held þess vegna, að við verðum að gera okkur ljóst, ef við ætlum að reyna að stöðvast nú, þó að of seint sé, að við verðum um leið að gera upp sakirnar við þá stefnu, sem leitt hefur okkur út í þessa ógæfu og þennan ófarnað. Við verðum að gera okkur ljóst, að það er hið of mikla pólitíska vald verzlunarauðvaldsins á Íslandi, sem hefur leitt þjóðina út í þessa vitleysu. Sjávarútvegurinn hefur getað staðið undir þessu, á meðan verðlagið var að hækka erlendis og sérstaklega þegar afköstin voru svona gífurleg, en hann stendur ekki undir því, þegar búið er að meira en tvöfalda verðlagið í landinu frá því 1961.

Ég verð að segja það, að mér finnst ríkisstj. bera sig mjög karlmannlega núna, það er ómögulegt að segja annað. En þegar hún slær um sig með niðurborgunum núna, minnir það mig á bardagaaðferð hjá einum aðila frá Sturlungaöld, sem kastaði út mörsiðranu, þegar þeir voru búnir með allan matarkostinn, og hræddur er ég um, að frá fjmrh. fengju þeir, sem eiga eftir að sitja á næsta þingi eftir kosningar, að heyra, að það væri nú búið að spandera nokkuð miklu í niðurgreiðslurnar.

Hvað hitt snertir, frv. sjálft og hugmyndina á bak við það, svo að ég taki aðra sögulega samlíkingu, það minnir mig á það, sem Lúðvík XV sagði á sínum tíma: „Syndaflóðið kemur eftir okkar dag.“ Það er alveg greinilegt, að það, sem þarna er um að ræða, er að fleyta sér fram yfir kosningar, og á fyrsta þingi eftir kosningar skal svo aftur fara öðruvísi að. Það þykir aldrei praktískt að beita neinum hörðum ráðum á síðasta þingi fyrir kosningar. Við munum strax tilhneigingarnar í nóv. 1963, svo að við þurfum ekki að spyrja að því, hvað bíður á næsta þingi eftir kosningar, ef stórbreytingar verða ekki á.

Hæstv. forsrh. minntist hér áðan, eins og hann hefur raunar gert áður, á það, að þegar hann hefði verið að treysta á það, að frjálsræðið væri svo gífurlega gott hvað verzlunina snertir, hafi hann fyrst og fremst treyst á KRON og aðra slíka. Það gleður mig náttúrlega ákaflega mikið að heyra, að forsrh. treystir alveg sérstaklega á okkar fátæka KRON hér í Reykjavík til þess að standa í ístaðinu gagnvart heildsölunum og slíkum. En ég er nú hræddur um, að ef það ætti að vera hægt að gera því mögulegt að vera eitt saman vörður lækkandi verðlags í landinu, yrði að reyna að búa dálítið betur að því af hálfu bæði ríkisstj. og sérstaklega þó bæjarins í Reykjavík en gert hefur verið. Vissulega vill samvinnuhreyfingin vinna að því að halda verðlaginu niðri, og vissulega mundi hver heilbrigð ríkisstj. og bæjarstjórn reyna að stuðla að því, að samvinnuhreyfingunni væri gert slíkt sem bezt mögulegt. Og ég skal að gefnu tilefni, bæði fyrr og nú, frá hæstv. forsrh., minnast ofurlítið á þá aðstöðu. Hann hefur talað um, að KRON mundi þá líklega hafa haft mjög mikinn gróða, fyrst verzlunin almennt í Reykjavík græddi eins mikið eða fengi eins mikið af fé til sín og ég hef viljað halda fram, KRON er ekki, frekar en samvinnufyrirtæki eiga að vera, fyrst og fremst gróðastofnun. Það er þjónustufyrirtæki við almenning. Það er fyrirtæki, sem er stofnað af verkamönnum og öðrum neytendum til þess að halda niðri verðlagi. Það ættu þó þeir menn að vita, sem hafa einhverja hugmynd um sögu samvinnuhreyfingarinnar, að jafnvel hennar upptök voru þau, að verkamenn, sem biðu ósigur í verkfalli, stofnuðu með sér kaupfélag í Rockdale til þess að reyna þó a. m. k. að losna við arðrán kaupmannanna, fyrst þeir gátu ekki losnað við arðrán atvinnurekendanna. Og KRON hefur fyrst og fremst viljað vinna að því að halda niðri verðlaginu í bænum. Ég skal í því sambandi rétt rifja upp, hvernig hefur verið búið að KRON af hálfu t. d. íhaldsins í Reykjavík, meiri hl. í bæjarstjórn Reykjavíkur, til þess að gera því mögulegt að fullnægja þessari baráttu. KRON hefur aldrei nokkurn tíma fengið lóð hjá Reykjavíkurbæ — aldrei nokkurn tíma. Reykjavíkurbær hefur sniðgengið samvinnuhreyfinguna, nema það væri þá kannske einhver sérstakur voldugri partur af henni, þar sem hins vegar höfuðborgir Norðurlanda hafa alveg sérstaklega lagt sig eftir því að sinna samvinnuhreyfingunni og kaupfélögunum þannig, að þau gætu hjálpað til við það þjóðþrifaverk að halda niðri verðlagi í landinu. Það væri kannske eftirtektarvert fyrir hæstv. viðskmrh. að athuga t. d., að núna í des. verður, býst ég við, opnuð fyrsta nýlenduvöruverzlunin, sem KRON byggir upp frá grunni á lóð, sem það hefur komizt yfir, uppi í Bogahlíð. Og hvernig er sú lóð tilkomin, að KRON hefur yfirleitt aðgang að þeirri lóð? Hún er þannig tilkomin, að á tímum helmingaskiptastjórnarinnar gömlu, Framsóknar og Sjálfstfl., skyldi skipta öllu hér til helminga. Þá fengu kaupmannasamtökin sérstaka lóð, þar sem nú er Lídó, og byggðu þar

upp verzlun, og þá fékk Samband ísl. samvinnufélaga, sem þá ætlaði sér að fara að taka upp slag við KRON hér í Reykjavík, það var einhver undarleg tilhneiging hjá Framsfl. þá að fara að berjast við þetta litla KRON, — þá fékk það þessa lóð uppi í Bogahlíð, og það virtist bókstaflega vera meiningin, eins og þá var búið að, að reyna að drepa KRON í Reykjavík. Það stóra og volduga samband ætlaði að sýna okkur í tvo heimana. Það var um líkt leyti og ýmislegt var gert í sambandi við Austurstræti 10. Svo breyttist þetta seinna meir. Vinstri stjórnin kom, og SÍS breytti til allrar hamingju um stefnu í þessum efnum og KRON yfirtók þessa lóð. Það var um svipað leyti og KRON yfirtók líka kaupfélagið í Kópavogi, sem hafði verið stofnað í einhverjum svipuðum tilgangi á þeim tímum. Þetta sem sé batnaði, og það varð meira bróðerni en var á tímum helmingaskiptastjórnarinnar. Það hefur verið einhver smitun frá verzlunarauðvaldinu í Reykjavík, sem hefur grafið um sig í einhverjum toppum í Framsókn á þeim tíma, og það varð mikið bræðralag úr þessu öllu saman, og nú er KRON að koma þarna upp fyrstu nýlenduvöruverzluninni, sem það byggir sjálft upp af grunni í Reykjavík.

Það mætti kannske athuga fleira í þessu sambandi. En aðeins þetta litla dæmi um, hvernig Reykjavíkurbær hefur búið að samvinnuhreyfingu fólksins hvað þetta snertir, er einkennandi um, hvað lítið er verið að hugsa um þá aðila, sem vilja berjast fyrir því að halda niðri verðlagi í Reykjavík. Það vantar ekki, að það sé hugsað um þá aðila, sem vilja halda uppi verðlagi. Það vantar ekki, að það séu nægar lóðir, sem úthlutað er við Suðurlandsbrautina handa t. d. bílabröskurum, svo að ég tali ekki um allar hornlóðirnar í Reykjavík og hvert þær hafa farið. Sama mætti athuga, ef maður vildi fara út í það, að athuga um lánin og hverjir þau hafi fengið frá hálfu ríkisbankanna. En engu að síður, þó að illa hafi verið að KRON búið frá hálfu samherja hæstv. forsrh. hér í Reykjavík, hefur KRON samt reynt að gegna sínu starfi, og ég skal nefna hérna nokkur dæmi um verðlag hjá KRON nú sem stendur og hjá kaupmannaverzlunum í Reykjavík, t. d. af því, sem er undir verðlagsákvæðum: 200 g af kakaói kosta hjá KRON 12.55 kr., 250 g af kakaói kosta í kaupmannaverzlununum 22.75. 5 lbs. hveitisekkur kostar hjá KRON 25.55, 5 lbs. hveitisekkur hjá kaupmannaverzlunum kostar 29.50. 1 lbs. af hrísgrjónum kostar hjá KRON 8.65, hjá kaupmönnum 9.80. 750 g af borðsalti kosta hjá KRON 9.00, 680 g, þ. e. minna, kosta í kaupmannaverzlunum 13.40. Haframjöl kostar hjá KRON 1 kg pakki 12.75, í kaupmannaverzlunum 16.00 kr. Þetta er aðeins af þeim vörum, sem eru undir verðlagsákvæðum. Við skulum taka nokkur atriði af þeim, sem eru með frjálsa verðlagningu: Sveskjur 350 g pakki kostar hjá KRON 18.90, 330 g pakki í kaupmannaverzlunum kostar 34.00 kr. Rúsínur 350 g pakki kostar 15.65 hjá KRON, en jafnþungur pakki í kaupmannaverzlunum 18.80. Aprikósur ½ dós kostar 20.40 hjá KRON, í kaupmannaverzlunum líka ½ dós 28.00. Rauðkál niðursoðið 600 g dós kostar 31.00 kr. hjá KRON, rauðkál 360 g dós, næstum helmingi minni, kostar 31.40 í kaupmannaverzlunum.

Það er ekkert spursmál um það, að KRON reynir af veikum mætti, með allan þann aðbúnað, sem það hefur, raunverulega bæði fjandskap bæjaryfirvalda og ríkis, að berjast eins og það getur. Á sama hátt og verkamannasamtökin berjast fyrir því að hækka sitt kaupgjald, reynir það að berjast við að halda niðri verðlagi. Það hefur engan auð, ekkert stórt fjármagn eða neitt slíkt yfir að ráða. Það hefur ekki fengið milljónatuga lán, eins og margar kaupmannaverzlanir, frá ríkinu til þess að berjast á þennan máta. En það hefur reynt að berjast að sínu leyti, og það, sem það reynir fyrst og fremst í þessum efnum, er að halda verðlaginu niðri.

Sannleikurinn er, að þegar talað er um verzlunarauðvaldið hér í Reykjavík og aðstöðuna almennt, er e. t. v. ekki það ægilegasta sá gróði, sem hefur lent til verzlunarauðvaldsins í Reykjavík. Það ægilegasta er e. t. v., hvernig verzlunarauðvaldið hefur farið með þennan gróða. Jafnóðum og það hefur svikið lánin út úr bönkunum, hefur það farið með þau og fjárfest þau á eins vitlausan hátt og hægt var, eins og Suðurlandsbrautin ber bezt vott um, vegna þess að það treysti alltaf á, að með því að festa fé í húsum, verzlunarhöllunum, tók það 10—15% gróða bara á verðbólgunni. Ég hef lista hér, ef menn vildu fara út í það líka, en ég ætla ekki að gera það nú til að tefja, en ég hef lista hér yfir, hvernig lán hafa skipzt og hvernig lánaaukning hefur skipzt alveg frá 1961, sem ég get lesið upp og sannar, að öll þessi ár er það verzlunarauðvaldið, sem hefur fengið mest, aukningin hefur alltaf verið mest til þess og raunverulega meiri en bæði til iðnaðar og sjávarútvegs samanlagt, þangað til núna í ár, af því að þeir lágu með nokkuð mikið af birgðum. Af því að birgðirnar eru svo miklar hjá sjávarútveginum, þá lendir allmikil lánaaukning hjá sjávarútveginum, bara út á birgðirnar.

Hæstv. viðskmrh. upplýsti líka sjálfur nýlega, hvernig 40% af öllu vinnuafli fara fyrst og fremst núna til verzlunar og þjónustu. Af hverju gerist þetta? Af því að gróðavonin er þarna mest. En mennirnir, sem við þetta fást, hafa ekki einu sinni vit á því að koma þessum gróða sæmilega fyrir. Það var upplýst hér fyrir nokkru, að t. d. snyrtivöruverzlanir í Reykjavík, tala þeirra hefur sjöfaldazt nú á skömmum tíma. Verðlagið hefur hækkað mjög ríflega, eins og hv. 5. þm. Austf. upplýsti, en ég býst við, að gróðinn hefði orðið meiri af því, ef það hefðu verið jafnfáar snyrtivöruverzlanir og áður, þá hefði gróðinn safnazt meir á fáar hendur. Nú sjöfalda þeir sem sé snyrtivöruverzlanirnar, náttúrlega dreifist gróðinn, og getur jafnvel á endanum orðið tap á einhverjum af þeim.

Stjórnleysið í frjálsri samkeppni, þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, er slíkt, að meira að segja með því að gefa þessum aðilum tækifæri til þess að rýja þjóðina og ganga að sjávarútveginum dauðum, yrði það harðasta, sem sagt yrði um þá frá kapítalísku sjónarmiði, að þá hefðu þeir ekki einu sinni dug í sér til að græða, eins og hæstv. forsrh. virðist halda fram. Ég held nú, að þeir hafi grætt, og ég var að bjóða honum eignakönnun, til þess að við gengjum alveg úr skugga um það, og við skulum framkvæma hana. Ég vona, að það standi ekki á ríkisstj. En sóunin hjá þjóðfélaginu í því að láta fara svona að, og stjórnsemin á þjóðarbúinu hjá þeirri ríkisstjórn, sem lætur sóa svona, — hvað yrði sagt um einn bónda, sem færi að byggja 10 fjós, hvert fyrir tvær kýr t. d. Það þætti víst þokkalegt í landbúnaðinum. Ég veit ekki, hvað hæstv. viðskmrh. segði þá. Bóndanum dytti ekki í hug að hafa 20 kýr í fjósinu, — það væri nú ljóta helvítis vitleysan, — og fara jafnvel að nota rafmagnstæki við þær, nei, eitt fjós, helzt fyrir hverja kú eða a. m. k. tvær og dreifa þeim helzt með sem lengst á milli, svo að það væri sem allra lengst, sem menn þyrftu að taka sér spássertúr, þegar þeir færu að mjólka þær. Og náttúrlega borgaði sig ekki að hafa rafmagnsmjólkun við neina þeirra. Ég er sem sé reiðubúinn til þess, en ég veit ekki, hvenær verður framhald á þeim umr., sem við áttum hér hæstv. forsrh. nýlega í sambandi við visst mál í Sþ., — ég er reiðubúinn til að ræða við hæstv. ríkisstj. um þetta vandamál verzlunarauðvaldsins í landinu, en hún kinokar sér sífellt við það, og svo, þegar hún dengir fram frv. eins og þessu, vill hún helzt ekki fá miklar umr. um það.

Ég skal ekki vera að tefja þetta mál. Ég vildi aðeins að gefnu tilefni segja þau orð, sem ég hef sagt. En eitt þætti mér vænt um að heyra hjá hæstv. ríkisstj., áður en þetta mál verður afgreitt hér á þingi. Hæstv. ríkisstj. býr yfir mjög mikilli sérþekkingu hjá sínum vitringum, mönnum, sem öll þessi ár hafa fylgzt mjög vel með í verðlagsþróun á Íslandi og sífellt hafa a. m. k. þótzt vita, hvert þetta leiddi, og allt væri þetta, þangað til nú kannske, á réttri leið, og það er nauðsynlegt, álít ég, að þeir menn gefi upplýsingar, hreinar upplýsingar við þá n., sem þetta mál fer til, fjhn., um þeirra álit í þessum efnum, og ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. viðskmrh. eða forsrh. eða hvers sem væri af þeim: Álíta sérfræðingar ríkisstj. verðlagsstöðvun nú geta verið varanlega og íslenzkum atvinnurekstri haganlega, ef verðlag er stöðvað á því verðlagsstigi, sem nú er? Ég meina, álíta þeir menn, sem bera ábyrgðina á því, hvernig komið er, að við það verðlag, sem nú er t. d. fyrir vörur og þjónustu hvað vísitölu snertir, 228, að það sé nú á því herrans ári 1966 í nóvembermánuði, að það sé einmitt nú, sem þeir eigi að stöðva þetta verðlag, það hafi ekki verið t. d. 1961, þá hefði verið sjálfsagt að setja á gengislækkun, það hafi ekki verið 1962, það hafi ekki verið 1963, það hafi ekki verið 1964, þegar Alþýðusambandið bauð það, það hafi ekki verið 1965, en það sé nú í nóv. 1966, sem verðlag á Íslandi sé einmitt komið á það stig, að nú sé rétt að stöðva það, það hafi ekki verið rétt á undanförnum árum, þeir hafi beðið eftir þessu, vitringarnir áliti, að nú sé augnablikið komið? Og álíta þeir og vilja þeir lýsa því yfir og leggja sinn vísindamanns heiður að veði, að svona geti þetta verið áfram, þetta sé ekki bara fram yfir kosningar, það sé engin þörf á gengislækkun eftir kosningar? Þessir menn eru sérfræðingar. Að þessum mönnum á Alþ. að hafa aðgang, og þessir menn eru skyldir gagnvart n. Alþ. að gefa yfirlýsingar um það, sem þeir álíta satt og rétt. Og ég álít það stórhættulegt fyrir allt þingræði, ef það er litið svo á, að sérfræðingar í þjónustu ríkisins eigi eingöngu að vera til þess að láta ríkisstj. í té visst áróðursefni, en megi stinga undir stól sínum eigin skoðunum um þá þróun, sem sé að gerast í landinu. Ég álít, að sérfræðingar í þjónustu ríkisins séu skyldugir til þess að svara þeim spurningum, sem fyrir þá eru lagðar. Og ég álít, að áður en þessu máli lýkur hér, eigum við að fá svar við því, að íslenzkur sjávarútvegur beri það, að allt sé stöðvað á þessu stigi, það sé álit ríkisstj. og álit sérfræðinganna, þeirra manna, sem vanræktu að stöðva 1961 og settu þá á gengislækkun, vanræktu að stöðva 1962, vanræktu að stöðva 1964 og vanræktu að stöðva, þegar hæstv. viðskmrh. áleit það líka mjög nauðsynlegt, 1965.

Það er vitanlegt, að íslenzkur sjávarútvegur gat leikið sér að því að standa undir þeim smábreytingum, sem nú hafa orðið á verðlagi, — gat leikið sér að því, ef verðlagsþróunin var stöðvuð fyrr, fyrir 1—2—3 árum. Ég hjó eftir því hjá hæstv. forsrh., að hann talaði um, að það hlyti að hafa verið nokkuð mikill gróði hjá sjávarútveginum, ef hann ætti að geta staðið undir þeirri verðlækkun, sem nú hefði orðið, svo framarlega sem t. d. verðlagsþróunin hefði ekki orðið slík sem hún hefur orðið innanlands. Jú, vissulega. Það er auðvitað hverjum einasta manni ljóst, sem hefur einhverja hugmynd um hagfræði, að íslenzkur sjávarútvegur hefði, ef stöðvað hefði verið verðlag t. d. 1963, þá hefði hann stórgrætt á undanförnum árum, og það hefði m. a. þýtt, að hann hefði getað borgað hærra kaup. Ég býst við, að sérfræðingar ríkisstj. meira að segja geti ekki neitað því. En af hverju mátti hann ekki græða? Af hverju varð að gefa verzlunarauðvaldinu í Reykjavík einokunarvald til að hækka verðlagið? Af því að gróðinn mátti ekki fara til sjávarútvegsins og ekki til þeirra, sem unnu við hann. Gróðinn varð, ef hann átti nokkur að vera, að lenda hjá verzlunarauðvaldinu í Reykjavík.

Svona er þetta búið að ganga á Íslandi í öll þessi ár. Hæstv. viðskmrh. hefur vafalaust einhvern tíma lesið „Rauðku“, álit skipulagsnefndar atvinnumála, og man eftir, að hvaða niðurstöðu Alþfl. komst þá, þegar allt kapítal

í sjávarútveginum á Íslandi var 22 millj. kr. og allt kapítal í verzluninni 100 millj. og niðurstaðan var: Það verður að rýra þá möguleika, sem verzlunin hefur til að græða, til þess að ýta undir sjávarútveginn. Þetta hefur alltaf verið vandamálið í íslenzkum efnahagsmálum, að pólitískt vald verzlunarauðvaldsins í Reykjavík, Morgunblaðsins og Sjálfstfl., hefur verið svo mikið, að það hefur notað sína aðstöðu til þess að rýja sjávarútveginn og verkalýðinn, þannig að það hefur verið að ganga af honum dauðum, en orðið að stöðvast, áður en það drap hann. Þess vegna held ég, að hæstv. ríkisstj. verði að gera sér það ljóst, að þegar þessi mál koma nú fyrir þingið og þegar fluttar verða brtt. við þau og rætt um þau, verður að gera öll þessi mál upp, og það dugir ekki að reyna að hlíðra sér hjá því. Þessi mál eru höfuðpólitísku málin á Íslandi. Verkalýðssamtökin hafa fyrir löngu boðizt til þess að taka höndum saman við sjávarútveginn og íslenzka iðnaðinn, til þess að tryggja afkomu Íslendinga sem heildar, en það fæst ekkert gert í þessum hlutum vegna ofurvalds verzlunarauðvaldsins í landinu, sem heimtar einokunarvald til að ráða verðlaginu og er búið að tvöfalda á fimm árum verðlagið í landinu. Það þýðir ekki að ætla að brjóta þessi mál til mergjar án þess að þora að ræða þau hér í þinginu hjá okkur, og ef hæstv. ríkisstj. vill reyna að sleppa ódýrt með því að ræða ekki meira við þessa umr., skora ég á hana við 2. umr. þessa máls að vera reiðubúinn til þess að ræða þessi mál ofan í kjölinn. Við viljum fá að vita það m. a., hvort það er meiningin, ef ríkisstj. heldur völdum, að koma á gengislækkun eftir eitt ár og þetta hér sé aðeins til að fresta því, og hvort hennar sérfræðingar, þegar þeir mega tala eins og vísindamenn, álíti, að gengislækkun sé þá óhjákvæmileg. Það er bezt, að þjóðin fái að vita, að hverju hún er að ganga, að það sé verið að fresta gengislækkun, eins og gert var 1959, fram á árið 1960, en undir niðri sé álitið, að hún sé orðin óhjákvæmileg. Við skulum einu sinni reyna að horfast svolítið heiðarlega í augu við þessi vandamál og þora að ræða þau, og það væri heiðarlegra af ríkisstj., ef hún álítur, að allt sé komið í vanda, að gera sínar ráðstafanir nú í þeim efnum.

Það er búið að marka okkar stefnu Alþb.-manna alveg greinilega í þessu. Við erum og höfum alltaf verið ósmeykir við verðlagsákvarðanir. En það er tími til kominn, að hæstv. forsrh. og Sjálfstfl. fari að gefa upp sína trú, hún er svo greinilega búin að bíða skipbrot.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, sem mig langaði til þess að bæta hér við. Því miður er nú hæstv. forsrh. horfinn af fundi, en til hans vildi ég nú sérstaklega beina máli mínu. Ég hafði spurt m. a. um það, hvort ríkisstj. hefði í raun og veru breytt um skoðun varðandi stefnuna í verðlagsmálum, hvort hún væri í raun og veru að hverfa frá frjálsræðiskenningunni um verðmyndun og hallast meira og meira að því, að til ríkisafskipta þurfi að koma í þessum efnum. Forsrh. svaraði á þá lund, að hann hefði ekki í þessum efnum skipt um skoðun, hann teldi enn sem fyrr, að frjálsræðisstefnan væri sú bezta undir öllum venjulegum kringumstæðum, en lagði áherzlu á, að þegar um væri að ræða algjörlega óvenjulegar aðstæður, þá mætti grípa til bráðabirgðaráðstafana, aðeins í stuttan tíma, hliðstæðra þeim, sem hér er lagt til að grípa til. Og síðan sagði forsrh., að það væru hinar miklu verðbreytingar á erlendum mörkuðum, sem gerðu það, að óhjákvæmilegt væri, að ríkisstj. fengi slíkar heimildir sem felast í þessu frv., og forsrh. lagði megináherzlu á þetta, að það væru verðlækkanirnar á erlendum mörkuðum, sem gerðu það að verkum, að nú yrði að grípa til þessara bráðabirgðaráðstafana, til þessa fráviks frá meginstefnunni. Ég hefði gjarnan viljað, að hæstv. forsrh. hefði verið hér, og mér þykir miður, að hann skuli ekki vera hér, til þess að reyna að fá hann til að fylgja eftir þessari skoðun eða þessari kenningu sinni og athuga hana svolítið betur.

Nú hefur það verið upplýst í þessum umr., að það er ekki um að ræða nú á þessari stundu lækkun á útfluttum þorskafurðum frá landinu. Viðskmrh. upplýsti það beinlínis, að meðaltalsverð þessarar framleiðslu, þorskafurðanna, lægi 10% hærra á þessu ári, 1966, en á árinu 1965. Og hann upplýsti einnig, að verð á skelfiskafurðum mundi vera í kringum 5% hærra en á árinu 1965, en að verðlækkunin væri aðallega fólgin í síldarafurðunum. Ef maður fer nánar út í það, þá liggur það dæmi þannig fyrir, að verð á saltsíld hefur hækkað í ár frá því, sem það var í fyrra, og verð á frosinni síld til útflutnings hefur staðið fyllilega í stað. Það, sem hefur lækkað núna á seinni hluta ársins, er aðallega verð á síldarlýsi og nokkuð á síldarmjöli. *Þessi fullyrðing hæstv. forsrh.* ætti þá að þýða það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir um heimildir handa ríkisstj. til verðstöðvunar, sé flutt vegna þess, að síldarverksmiðjurnar í landinu séu komnar í vanda. Þessi fullyrðing leiðir það af sér, að það sé gripið til þessa fráviks frá meginstefnunni í verðlagsmálum vegna þess, að síldarlýsi hafi lækkað í verði og síldarmjöl og að þessi rekstur landsmanna, þ. e. a. s. síldarverksmiðjurekstur-inn og svo þá útgerð þeirra báta, sem skipta við síldarverksmiðjurnar, það sé þessi rekstur, sem sé kominn í strand.

Ekkert er nú fjær en þetta. Svona liggur málið ekki fyrir, það vita allir. Ég fullyrði það, að þrátt fyrir þessi áföll, sem þarna hafa orðið og eru býsna mikil fyrir þjóðarbúið, ef framhald verður á þessu verði, þá fullyrði ég það eigi að síður, að það er einmitt þessi þáttur útgerðarinnar í landinu, sem bezt stendur upp úr í dag. Afkoman hjá síldarverksmiðjunum og afkoman hjá þeim bátum, sem eiga viðskipti við síldarverksmiðjurnar í dag, þetta er bezti reksturinn, og ríkisstj. getur sparað sér allar áhyggjur út af fyrir sig á þessari

stundu, að þarna liggja liggi aðalvandinn. Það þarf því ekki að grípa til fráviks frá meginstefnunni út af þessu. Eigi að síður er þetta áfall. Þetta kemur m. a. fram í því, að síldarverksmiðjurnar hafa lækkað hráefnisverðið til bátanna. Bátarnir hafa hins vegar fiskað miklu meira en áður, og þeir, sem afla sæmilega vel, eru enn með allgóðan rekstur. Það sýna reikningar þeirra, og enginn þeirra reynir að neita því. Og efnahagssérfræðingar ríkisstj. hafa þegar haldið því beinlínis fram, að hið háa kaup sjómanna á þessum bátum væri jafnvel ein frumorsök verðbólgunnar í landinu. Þrátt fyrir það, þó að hráefnið hafi nú lækkað til þessara báta, þá er kaup sjómannanna á bátunum hreint ekki lélegt enn þá. Svo er fyrir að þakka allri þeirri tækni, sem þarna stendur á bak við. Nei, það er verið að gera þessar ráðstafanir í verðlagsmálunum nú vegna þess, að verðlagið innanlands er orðið svo hátt, að ýmsar greinar útflutningsframleiðslunnar fá ekki staðizt það verðlag, sem orðið er, og frystihúsin og annar fiskiðnaður, sem býr við það, að verðið í ár er hærra á framleiðsluvörum þeirra en það var á s. l. ári, þau eru komin í vanda. Og fiskibátarnir, sem leggja upp afla til þessara fiskverkunarstöðva, þar sem verðið er beinlínis hærra en það var í fyrra, þeir eru líka komnir í strand. Vandinn í þessum málur liggur núna einmitt í þorskverðinu til bátanna, í aðstöðu frystihúsanna og ýmissa annarra aðila, sem framleiða fyrir erlendan markað.

Það er því algjörlega rangt eða fær ekki staðizt, sem hæstv. forsrh. segir, að þetta frv. sé flutt sem undantekning frá meginreglunni vegna lækkunarinnar, sem orðið hefur á verði á síldarlýsi og síldarmjöli. Ég vildi fyrir mitt leyti undirstrika þetta nokkuð betur en áður var gert, og þetta á hæstv. ríkisstj. að viðurkenna. Vandinn liggur á allt öðrum stöðum en þarna. Það er ekki verið að fara út í þessa verðstöðvun vegna þeirrar stöðu, sem síldarverksmiðjurnar hafa í dag, eða þeir síldarbátar, sem leggja upp mestan síldaraflann. Það er ekki verið að fara út í þessar ráðstafanir vegna þeirra. Það er hins vegar dýrt fyrir þjóðarbúið sem heild, þegar framleiðslugrein, sem skilaði miklu í þjóðarbúið, skilaði ekki eins miklu og hún skilaði áður. Það er annað mál. En hitt er svo líka jafnrétt, sem ég hafði vikið hér að í minni fyrri ræðu, að þó að verðlagið sé stöðvað við það, sem það er orðið nú í dag, þá bjargar það ekki rekstri frystihúsanna, eins og komið er, þá bjargar það ekki rekstri fiskibátanna, sem skipta við frystihúsin. Til þess að bjarga þessum rekstri þarf miklum mun meira en felst í verðstöðvun miðað við það verðlag, sem orðið er. Skýringar hæstv. forsrh. á þessu fráviki frá meginstefnunni fá því ekki staðizt, það er alveg augljóst mál.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég sé ekki ástæðu til þess að halda þessum almennu umr. áfram nú mjög, því að þetta mál er alveg á fyrsta stigi. Það er aðeins út af því, sem hæstv. forsrh. sagði. Stjórnarflokkarnir hafa gert mjög mikið úr því, sem þeir kalla verðstöðvunarstefnu, og hafa flutt það mál þannig, að þar væri á ferðinni frambúðarlausn. Það hefur enginn getað skilið öðruvísi þennan málflutning þeirra. Það væri nú tekin upp verðstöðvunarstefna, og enginn hefur getað skilið málflutning þeirra á aðra lund en þá, að þar væru á ferðinni varanlegt úrræði. En ég verð að segja, að ég kann betur við þann tón, sem var í ræðu hæstv. forsrh. áðan, og sýnist mér hann vera farinn að sjá missmíði á þessum málflutningi öllum saman, því að nú lagði hæstv. ráðh. mikla áherzlu á, að það bæri að skoða þetta frv. í því ljósi, að hér væri aðeins verið að gera ráðstafanir um skamman tíma, sem gætu haft vissa þýðingu, þó að það ástand, sem þær sköpuðu, gæti ekki staðið til frambúðar, og talaði um í því sambandi jafnvel bráðabirgðaneyðarúrræði, sem yrðu að geta komið til greina, og menn ættu að hafa það í huga. Þar á meðal gæti það komið til athugunar að gera eitthvað, sem gæti skapað einhverja kyrrð fram yfir kosningar, skildist mér, og jafnvel einhverja mánuði eftir kosningar, á meðan menn hugsuðu um, hvað þyrfti að gera, þegar því bráðabirgðaástandi hlyti að ljúka, sem með þessu væri skapað. Ég verð að segja, að ég kann miklu betur við þennan tón hjá hæstv. ráðh. og vona, að hann haldi áfram að tala í þessum anda. Þetta mun vera nær raunveruleikanum, að hér sé ekki verið að gera neinar ráðstafanir, sem miðað við allar kringumstæður geti gefið nokkra mynd af því, hvað fram undan er, eins og við höfum lagt áherzlu á, sem talað höfum úr andstöðuflokkum stjórnarinnar. En því færi betur, að hv. stjórnarflokkar og hæstv. ríkisstj. hefðu hreinskilni til þess að flytja mál sitt framvegis á aðra og sannari lund en gert hefur verið hingað til í sambandi við þennan áróður allan. En mér sýnist hér vera byrjað að draga í land og fagna því, ef framhald gæti orðið á slíku.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 120, 129 og 131, 132).

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið til meðferðar í fjhn., og svo sem fram kemur á þremur nál., hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Nál. meiri hl. n. er á þskj. 120.

Við 1. umr. um þetta frv. gerði hæstv. forsrh. grein fyrir tildrögum þess, að ríkisstj. hefur talið rétt og óhjákvæmilegt að leggja til við Alþ., að frv. þetta um verðstöðvun verði samþ. sem heimild fyrir ríkisstj. til verðstöðvunar, en hann lýsti því jafnframt yfir, að sú heimild yrði

notuð, jafnskjótt og frv. væri orðið að lögum.

Tildrögin, eins og hann lýsti þeim, eru þær uggvænlegu breytingar á verðlagi útflutningsafurða, sem orðið hafa undanfarna mánuði. Hæstv. viðskmrh. rakti einnig við 1. umr. málsins þessar verðbreytingar og sýndi fram á með glöggum dæmum, hvað þær þýddu nú og hvað þær gætu þýtt á næsta ári, ef ekki yrði breyting á til batnaðar.

Umr. um verðbólgu og bölvun hennar fyrir atvinnuvegina hafa verið allfyrirferðarmiklar undanfarin ár, en þrátt fyrir það að menn greini lítt á um það atriði og séu sammála um nauðsyn þess að stöðva verðbólguþróunina, hættir mönnum mjög til þess að tala og haga sér svo sem við þurfum lítið tillit að taka til þess, sem annars staðar gerist. Mönnum er, að því er virðist, flestum illa við að horfast í augu við þær staðreyndir. Þetta kom t. d. mjög greinilega fram við 1. umr. um þetta frv., að hv. stjórnarandstæðingar vildu sem minnst gera úr þeim verðbreytingum og þeim stórkostlegu verðlækkunum, sem orðið hefðu, eða hugsanlegum áhrifum þeirra. En slíkt er ekki óalgengt, eins og ég sagði, í umr. um þessi mál. Hér liggur að mínu viti meginvilla, og ef menn gera sér ekki grein fyrir henni og hversu mjög íslenzkt atvinnu- og efnahagslíf er háð erlendum aðstæðum, er hætt við, að illa fari.

Það mun í sannleika sagt vera leitun að því landi, þar sem efnahagsþróunin er háðari áhrifum utan frá en einmitt hér hjá okkur. Þetta ætti raunar að vera augljóst, þegar litið er á þá miklu þýðingu, sem utanríkisviðskiptin hafa í okkar efnahagskerfi. Við skulum aðeins taka eitt lítið dæmi í sambandi við sjávarútveginn. Þar rekum við okkur strax á þrennt, sem er mjög eftirtektarvert: Að af okkar útflutningi eru um 95% frá sjávarútvegi eða af okkar gjaldeyristekjum koma 65—70% frá sjávarútvegi, og á hinn bóginn, að sjávarútvegurinn verður að flytja út og selja á erlendum mörkuðum um 95% af því, sem hann framleiðir. Þetta ætla ég, að sé algerlega einstætt, ef litið er til þeirra þjóða, sem teljast meiri háttar fiskveiðiþjóðir. Við verðum því að selja okkar sjávarafurðir nær allar á útlendum mörkuðum og oftast í mjög harðri samkeppni, þar sem seljendurnir fá oftast mjög litlu ráðið um það, hvernig verðlagsþróunin verður. Þetta, að okkar sjávarútvegur og okkar efnahagslíf skuli vera svo mjög háð erlendum aðstæðum, hefur að sjálfsögðu tvær hliðar. Þegar verðlagsþróunin er góð, eins og hún hefur verið undanfarið, er þetta til góðs, en á ógæfuhlið sígur, þegar verðfall verður á einni afurð eða fleiri. Þetta eru alkunnar staðreyndir.

Undanfarin ár höfum við góðu heilli fundið hin góðu áhrif verðlagsþróunarinnar á mörkuðunum á flestar okkar afurðir, svo til allar afurðir, mætti segja, þó misjafnlega mikið. Þessi hagstæða verðlagsþróun ásamt framleiðsluaukningu og framleiðniaukningu, sem hefur verið hvor tveggja mikil í sjávarútveginum undanfarin ár, hafa verið meginforsendur fyrir hinni öru efnahagsþróun undanfarinna ára, og því er ekki að neita, að öll þjóðin hafi þar notið góðs af. Þegar hins vegar litið er á reynslu undanfarandi ára og áratuga, má segja, að slík hagstæð þróun, sem verið hefur hér undanfarin ár á þessu sviði, mundi ekki eiga fyrir sér að standa ótrufluð áfram. Að vísu eru smávægilegar breytingar alltaf að verða. En breytingarnar á þessu ári hittu í senn helztu afurðirnar, þar sem voru síldarafurðirnar og frysti fiskurinn, þær afurðir, sem eru meira en 2/3 hlutar af öllum útflutningnum. Slíkt er sem betur fer ekki algengt, að slíkar breytingar nái svo vítt sem hér hefur orðið raun á. Þetta hefur gerzt þannig, að afleiðingin af verðhækkun á frystum fiski nú undanfarin ár, sem hefur verið óvenjulega mikil, hefur aukið framboð. Framleiðendur víða um lönd hafa lagt meira kapp á það en áður að auka sína framleiðslu og aukið framboð, sem þannig hefur leitt til verðlækkunar. Þessi aukning á framboðinu tók reyndar lengri tíma en oft hefur gerzt áður, sem stafaði af því, að framleiðsla á fiski hentugum fyrir frystingu hefur verið minni nú undanfarin ár frá þeim svæðum, sem aðallega hefur komið frá framboð á frystum fiski á mörkuðum austan og vestan megin Atlantshafs. Slíkar breytingar hafa oft skeð fyrr en nú hefur gerzt, en það gerðist samt nú eins og áður, að mjög hækkandi verðlag hafði þessar afleiðingar, sem maður getur alltaf reiknað með að það hafi. Að því er snertir fiskmjöl eða síldarmjöl aðallega þó, leiddi verðhækkunin á því undanfarin ár til minnkandi eftirspurnar, og sama má segja um lýsið. Þar hagar svo til, að meginhluti af mjölinu fer til fóðurblöndunar, blöndunar á fóðri fyrir búfé, — og þegar verðlagið verður mjög hátt, eins og það hefur orðið nú undanfarin ár og hæst snemma á þessu ári, draga fóðurvöruframleiðendurnir saman það magn, sem þeir nota af mjöli, af síldarmjöli eða fiskmjöli, til sinnar fóðurblöndu, og það leiðir aftur smám saman til minnkandi eftirspurnar á mjölinu. Svipað hefur gerzt með lýsið. Það fór hins vegar saman, að því er snerti báðar þessar afurðir, að eftirspurnin minnkaði, a. m. k. jókst ekki, eins og hún hafði gert jafnt og þétt áður, heldur minnkaði, um leið og framboðið jókst, eins og ljóst er af því, þegar litið er á þá miklu framleiðsluaukningu eða þá miklu aflaaukningu, sem orðið hefur bæði í Noregi, hér á Íslandi og í Perú á þessu ári.

Allt sýnir þetta, hversu mikilli óvissu þessar breytingar eru háðar. Ef dæma á eftir reynslu undanfarandi ára, er óhætt að telja, að það tekur ávallt nokkurn tíma að skapast jafnvægi á mörkuðum aftur, eftir að slíkar breytingar, slíkar stökkbreytingar hafa gerzt, eins og hér hafa orðið. Það tekur ávallt nokkurn tíma að skapa aftur skilyrði til áframhaldandi hagstæðrar þróunar. Eftirspurnin eftir mjöli mun ekki aukast skyndilega, þó að verð-

ið hafi stórlækkað, það tekur tíma að breyta til. Sama má segja um lýsið. Við höfum séð nú undanfarna daga fréttir um það, að verðlag á mjöli og lýsi hafi aftur farið hækkandi. Það væri betur, að það væri merki um það, að hér væri að verða breyting á aftur, en maður hlýtur að meta slíkar fréttir með nokkurri varúð, þegar athugað er, að þessar breyt. hafa orðið fyrir mjög sérstakar aðstæður suður í Perú, sem er langstærsta framleiðslulandið, þar sem sjómenn hafa staðið í margra vikna löngu verkfalli og allt í óvissu um það, hvort tekst að leysa það verkfall fyrr eða síðar. Þetta hefur haft þau áhrif á markaðinn nú í bili, að verðlag hefur farið hækkandi. Það hefur gripið um sig sú skoðun, að ef verkfallið stæði lengi í Perú, þá yrði skortur á þessum vörum, framboðið mundi stórminnka. Um það er sem sagt ómögulegt að segja, en ástæðan fyrir þeim verðbreytingum, sem orðið hafa síðustu daga, er sú ein, að verkfallið í Perú hefur komið í veg fyrir framleiðslu þar í landi. En þrátt fyrir þetta ber allt hér að sama brunni. Ástandið á þessum mörkuðum er gerbreytt frá því, sem áður var, og þar af leiðandi er ástandið hér innanlands, að því er tekur til útflutningsatvinnuveganna, einnig gerbreytt. Þessir atvinnuvegir hafa undanfarin ár getað tekið á sig miklar hækkanir. Kaupgjald hefur hækkað, verðlag í landinu hefur hækkað, og þetta hafa útflutningsatvinnuvegirnir orðið að borga af sinni framleiðslu og hafa getað það m. a. fyrir hagstæða verðlagsþróun á þeirra afurðum. Sú forsenda er nú ekki lengur fyrir hendi, a. m. k. ekki um sinn, og enginn neitar því, að útflutningsatvinnuvegunum er um megn að taka á sig frekari kostnaðarhækkanir en orðið er.

Það frv., sem hér liggur fyrir, skapar skilyrði fyrir því, meðan þau lög gilda, að kostnaðarhækkanir eigi sér ekki stað nú um sinn, og miðað við það ástand, sem nú hefur skapazt, er þetta skynsamleg ráðstöfun og mun, ef vel tekst til um framkvæmd þeirrar stefnu, sem frv. túlkar, verða til mikils gagns fyrir útflutningsatvinnuvegina.

Svo sem fram kemur í nál. meiri hl. n., flytur meiri hl. eina till. til breytinga við frv. Meðan málið var í athugun í n., óskaði ríkisstj. eftir því, að inn í frv. yrði bætt einni mgr., eins og segir í nál., þannig að í 1. gr. komi eftir 1. málsl., eins og segir í nál., að leyfi til slíkrar verðhækkunar skal vera háð samþykki ríkisstj. Meiri hl. n. varð við ósk ríkisstj. og flutti þessa brtt. Með þessari brtt. er ætlað að skapa algert samræmi í framkvæmd þessara mála. Svo sem fram kemur í grg. fyrir frv. og alkunnugt er, eru verðlagsmálin í höndum nefnda og stjórnvalda og það þótti öruggara, enda sjálfsagt, að ríkisstj., sem mótar stefnuna með þessu frv. og hefur lýst því yfir, að heimild frv. muni verða notuð, hafi það í hendi sér að ákveða þá stefnu, sem þessi mál taka, þannig að verðlag megi ekki hækka að ákvörðun verðlagsnefnda, sem um slík mál fjalla, eða annarra stjórnvalda, nema samþykki ríkisstj. komi til. Þetta er svo sjálfsagður hlutur, að eðlilegt verður að teljast, að slíkt ákvæði verði í þessum lögum.

Meiri hl. n. leggur svo til, að frv. verði samþ. með þessari breytingu.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Við höfum, ég og hv. 11. þm. Reykv., skilað sérstöku áliti um þetta frv. á þskj. 129.

Ég vil fyrst nefna það, að það er ein lítil prentvilla síðast í nál. Undir mínu nafni er þar skammstafað formaður. Nú var það ekki meining mín að taka formannstitilinn af hv. 6. landsk. þm. Hins vegar þótti mér ekki ástæða til að láta kosta því til að prenta þskj. upp fyrir þessa villu, en hef óskað þess, að þetta verði leiðrétt í skjalaparti þingtíðindanna, að þarna komi frsm. í staðinn fyrir formaður.

Það var fyrir 7 árum, sem núv. stjórnarflokkar tóku að sér í félagi að stýra málum þjóðarinnar. Þeir höfðu að vísu gert það í eitt ár, 1959, en þá voru Alþfl.-menn einir í stjórn, en nutu stuðnings Sjálfstfl. Í kosningunum haustið 1959 sögðust Alþfl.-menn vera búnir að stöðva dýrtíðina, og þeir fóru fram á stuðning kjósendanna í landinu til þess að halda verðlaginu niðri óbreyttu án þess að leggja nokkra nýja skatta á þjóðina. Einhverjir hafa líklega lagt trúnað á þetta, að þeir mundu gera þetta, ef þeir hefðu aðstöðu til. En þeir hinir sömu vöknuðu við vondan draum, eftir að samsteypustjórnin var mynduð rétt fyrir árslokin 1959. Þá hækkaði skjótt allt verðlag stórkostlega. Þá reis hærri dýrtíðaralda en áður hafði sézt hér, og hún hefur haldið áfram að stækka og hækka með gífurlegum hraða alla tíð síðan.

Það var mikið og margt, sem átti að gera samkv. fyrirheitum samsteypustjórnarinnar. Það átti að koma atvinnuvegum landsmanna á heilbrigðan grundvöll og öllum rekstri þjóðarbúsins. Í aths. með efnahagsmálafrv. sínu í febr. 1960 kvaðst ríkisstj. ætla að innleiða verzlunarfrelsi, en leysa höft af landsmönnum. Á einum stað í aths. sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Höftin takmarka eðlilega samkeppni í innflutningsverzluninni og stuðla þannig beinlínis að hærra vöruverði og minni þjónustu við neytendur en ella mundi. Það er ekki á færi neins verðlagseftirlits að hamla á móti þessu, hversu gagnlegt sem verðlagseftirlit annars kann að vera.“

Efnahagsmálafrv. stjórnarinnar fór til fjhn. hér í hv. Nd. Þá var formaður í þeirri n. einn af fulltrúum Sjálfstfl., 6. landsk. þm. eins og nú, en það var ekki sá sami, það var ekki fiskimálastjórinn, heldur Birgir Kjaran. Hann var þá einnig 6. landsk., eins og formaður okkar nú, Davíð Ólafsson. Hann flutti ræðu sem frsm. meiri hl. fjhn. um efnahagsmálin í Nd. þingsins 11. febr. 1960, langa og skelegga ræðu. Þá sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Uppbóta- og haftastefnan hefur lokið hlutverki sínu. Hún hefur runnið sitt skeið á enda.“

Skömmu síðar á sama þingi bar ríkisstj. fram frv. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Í raun og veru voru engin nýmæli í því. Höml um á útflutningi á vörum frá landinu var haldið, gjaldeyrisverzlunin ófrjáls sem áður og heimild til ríkisstj. til að takmarka innflutning á vörum. Það var reynt að gera þetta frv. að stóru núméri í ritum og ræðum stjórnarflokkanna. Birgir Kjaran sem frsm. meiri hl. fjhn., þ. e. a. s. stjórnarflokkanna í n., sagði í ræðu um þetta stjfrv. um innflutnings- og gjaldeyrismál hér í hv. d. 28. apríl 1960 m. a. þetta:

„Verzlunarhöft, fjárfestingarhöft, skömmtun og verðlagshöft eru að mínu viti allt meðlimir sömu Bakkabræðrafjölskyldunnar.“

Hann tók þó fram á eftir þetta: „En þessi skoðun verður að skrifast á minn reikning, en ekki meðnm. minna eða hæstv. ríkisstj.,“ eins og hann orðaði það.

Það var venja þá og eins hefur það verið núna á þessu kjörtímabili, að formaður fjhn. hefur venjulega haft framsögu af hálfu n. fyrir málum, sérstaklega þeim, sem stjórnin hefur staðið að eða flutt, eða þá fyrir meiri hl. n., stjórnarflokkamenn þar, ef nm. voru ekki allir sammála. Þannig var þetta á fyrra kjörtímabili með Birgi Kjaran. En þegar kom að því að mæla hér fyrir frv., sem stjórnin flutti í maí 1960 um verðlagsmál, kom Birgir Kjaran sér hjá því að hafa framsögu í því máli. Það var nefnilega þannig, að það var gert ráð fyrir opinberum verðlagsákvörðunum og verðlagseftirliti áfram, og honum þótti rétt að láta fulltrúa Alþfl. í fjhn., hv. 1. landsk., mæla fyrir því, að Bakkabræðrafjölskyldan fengi þó að lifa áfram um sinn, og hv. 1. landsk. gerði þetta vitanlega með sóma, eins og hans var von og vísa. En ég skil það vel, að formaður n. vildi gjarnan vera laus við það starf.

Í ræðu um þetta verðlagsmálafrv. sagði þáv. hæstv. forsrh., Ólafur Thors, 23. maí 1960:

„Trú manna á verðlagseftirliti innan ríkisstj. er nokkuð misjöfn.“

Og hann sagði enn fremur: „Enda þótt það sé sameiginlegur vilji ríkisstj. miðað við það ástand, sem er í dag, að verðlagseftirlitið verði, er það engan veginn af því, að við allir höfum sömu óbilandi trú á ágæti verðlagseftirlitsins.“

Í ræðu, sem hæstv. forsrh. núv. flutti um þetta mál hér í hv. d. við 1. umr. þess 29. f. m., sagði hann m. a. þetta:

„Nú er það auðvitað svo, að við höfum ákaflega misjafna trú á gildi verðlagseftirlits og verðlagshamla, og það er skoðun okkar margra, að slíkar ráðstafanir séu bæði þýðingarlitlar og óframkvæmanlegar, ef þær eiga að standa til langframa.“

Þarna mælti hann mjög á sömu lund og fyrirrennari hans í forsrh.-stólnum, og ég get vel skilið þá. Lögin, sem sett voru um verðlagsmál í maí 1960, eru enn í gildi. Upphaf 1. gr. þeirra laga er þannig: „Með verðlagsákvarðanir fer 6 manna n. Formaður hennar skal vera ráðuneytisstjórinn í viðskmrn. Hinir 5 nm., skulu kosnir hlutbundinni kosningu í Sþ.“ En í 2. gr. frv. eru fyrirmæli um, að ráðh. sá, sem fer með verðlagsmál, skipi verðlagsstjóra. Hann á að hafa, verðlagsstjóri, eftirlit með, að ákvörðunum verðlagsnefndar sé hlýtt, og hann á að fylgjast með verðlagi í landinu og hefur heimild til að afla upplýsinga um annað verðlag en það, sem ákveðið er af verðlagsnefnd.

Ég var að tala áðan um fyrrv. formann fjhn., Birgi Kjaran. Hann flutti mjög skeleggar ræður, sérstaklega um innflutnings- og gjaldeyrismálið, hér í Alþ. snemma árs 1960, og snerust þær einkum um hið fullkomna verzlunarfrelsi, sem í vændum væri, og aðrar góðar ráðstafanir. Svo liðu tímar fram og þetta fór nú allt saman út um þúfur hjá hæstv. ríkisstj., eins og menn vita, og Birgir Kjaran mun hafa verið einn þeirra, sem urðu þar fyrir vonbrigðum. Hann var hér 4 ár í þingflokki sjálfstæðismanna, og þegar leið að lokum kjörtímabilsins, var hann búinn að fá nóg af fjölskyldunni, axlaði skinn sín og fór, sá ágæti rithöfundur.

Verðlagsnefndin er nú þannig skipuð: Í henni eru, eins og lög gera ráð fyrir, 5 þingkjörnir menn. Þrír af þeim eru stjórnarflokkamenn, þeir hafa þar meiri hl., og auk þess er svo formaðurinn, ráðuneytisstjórinn í viðskmrn., svo að ríkisstj. og hennar flokkar hafa þar mikil völd. En n. fer ekki með verðlagseftirlit. Það er einmitt það. Það gerir verðlagsstjórinn, og hann er beint undir viðskmrh. Eftir því sem upplýst var í fjhn. nú, hefur hann 27 þjóna sér til aðstoðar við eftirlitið, og talið er, að kostnaður við það hafi árið 1965 numið um 4.5 millj. kr. En hvernig hefur svo framkvæmdin á þessu verðlagseftirliti verið hjá hæstv. viðskmrh., verðlagsstjóra hans og öllum þeim, sem þar að starfa? Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að hún hafi verið ákaflega slæleg, sú framkvæmd. T. d. hafa þeir sleppt að líta eftir söluverði á íbúðarhúsum. Það er talið og það er víst rétt, að verð á einni íbúð af meðalstærð sé nú komið upp í 1 millj. kr. Þetta er langstærsti liðurinn í framfærslukostnaðinum fyrir vaxandi fjölda manna, sérstaklega fyrir unga fólkið, sem er að byggja upp heimili sín, og reyndar fyrir alla aðra, sem þurfa að byggja yfir sig, langerfiðasti liðurinn í kostnaðinum við að lifa.

Samkv. skýrslum hagstofunnar hefur byggingarvísitalan hækkað frá því 1959 og þar til í október nú í haust um 126%. En á sama tíma, sem þessi gífurlega hækkun hefur orðið á byggingarkostnaðinum, hefur húsnæðisliðurinn í framfærsluvísitölunni aðeins hækkað um 40%: byggingarkostnaðurinn aukist um 126%, en húsnæðisliðurinn í vísitölu framfærslukostnaðar um 40%. Þannig er þetta, að það er aðeins lítið brot af húsnæðiskostnaðinum, sem er komið inn í vísitölu framfærslukostnaðar og þar með inn í kaupgjald manna. En það er vitað, að það eru margir einstaklingar og mörg fyrirtæki, sem hafa atvinnu af því að byggja hús,

margar íbúðir, og selja. En það er ekkert eftirlit með starfsemi þeirra aðila af hálfu verðlagseftirlitsins. Þeir eru heilagir í augum ríkisstj. og verðlagsstjóra hennar, eins og kýrnar hjá Indverjum. Þeim dettur ekki í hug að líta eftir húsaverzlun þeirra, athuga þeirra kostnaðarreikninga og verðútreikninga. Þeir eru hins vegar að snatta í búðum smásöluverzlana og líta eftir verði á sykri, grjónum og hveiti, en kaup á nauðsynjavörum til heimilanna, þeim sem verðlagsnefndin skiptir sér af, eru harla lítill þáttur í útgjöldum manna í samanburði við þann óbærilega húsnæðiskostnað, sem þessi gífurlega verðhækkun íbúðarhúsa veldur og leggst á vaxandi fjölda manna með hverju ári.

Ég verð að segja það, að þetta eru harla einkennileg vinnubrögð af hálfu þess opinbera, en alvarleg um leið. En hvaða árangur er svo af eftirlitinu með vöruverðinu? Hann er oft enginn. Það má nefna nýjasta dæmið um það. Það eru dönsku viðskiptin, sem lögreglumenn tveggja landa hafa verið að rannsaka nú að undanförnu. Það er talið, að það hafi komið upp, að innflytjendur hér hafi lagt fram falsaðar faktúrur hjá tollyfirvöldum, sloppið við að greiða þannig mikinn hluta af aðflutningsgjöldum, sem þeim ber að greiða í ríkissjóðinn, en þeir hafa þó bætt þeim undandregnu tollafjárhæðum við útsöluverðið á vörunum. Hvar voru þá eftirlitsmenn ríkisstj., hvar voru þeir? Hvar var sjálfur toppurinn á því eftirliti, hæstv. viðskmrh.? Hann er ekki hérna núna, — nú, hann er að koma. Hvar var hann? Hvar var verðlagsstjóri hans og þjónar þeirra, 27 að tölu? Hvar voru allir þessir menn, sem áttu að líta eftir verðlagi í landinu? Sofandi á verðinum? Það verður ekki komizt hjá því að ályktа svo. Sennilega hefði aldrei komizt upp um þennan undandrátt á tollum o. fl. í því sambandi, ef danskir lögreglumenn hefðu ekki rekizt hingað til að rekast í þessu.

En hefur ekki eitthvað þessu líkt gerzt oftar hér á undanförnum árum? Spyr sá, sem ekki veit. Dansk-íslenzka rannsóknarmálið sýnir, að menn, er sniðganga lögin, þurfa ekki svo mjög að óttast verðlagseftirlitið, eins og því er háttað nú hér. Gretti Ásmundssyni þótti illt að treysta merinni forðum. En það er langtum, langtum verra fyrir fólk að treysta verðlagseftirliti ríkisstj. nú á tímum. En margir eru því miður of trúaðir á opinbera forsjón í þessu efni og fleirum. Þeir gera sér lítið far um það að leita sjálfir fyrir sér, þegar þeir eru að kaupa vörur, sem þeir þurfa að nota. Það væri áreiðanlega hollara fyrir almenning að leita fyrir sér, hvar hægt er að gera kaupin bezt, en treysta á eftirlit viðskmrh. og manna hans. Og nú er ætlunin að halda verðlagseftirliti áfram, skilst manni, og jafnvel auka það. Þetta tel ég jafngilda viðurkenningu ríkisstj. á því, að hún hafi ekki gert það, sem hún lofaði í öndverðu, að veita þjóðinni viðskiptafrelsi. Enda er það alkunnugt, að um það loforð hefur farið hjá stjórninni eins og flest önnur, sem hún gaf, þegar hún tók hér við. Ef verzlunin væri raunverulega frjáls, væri opinbert verðlagseftirlit algerlega óþarft. En það eru mikil höft á verzluninni, og þess vegna ætlar stjórnin að halda verðlagseftirlitinu áfram. Margar útlendar vörur, einkum nauðsynjavörur, er bannað að flytja til landsins án innflutningsleyfis, og mér skilst á þeim reglum, sem ég hef séð, að það þurfi gjaldeyrisleyfi til þess að fá yfirfærðan gjaldeyri til kaupa á öllum vörum frá útlöndum. Og svo eru lánsfjárhöftin þar að auki, sem auðvitað hvíla mjög og hafa hvílt ákaflega þungt á verzlunarfyrirtækjum eins og öðrum atvinnurekstri í landinu. Höftin á verzluninni eru eina afsökunin, sem stjórnin hefur fram að færa fyrir því að halda þessu eftirliti áfram að nafninu til.

Já, stjórnin nefnir þetta frv. sitt frv. til l. um heimild til verðstöðvunar. En það gefur ekki vonir um verðstöðvun. Þarna er aðeins verið að slá ryki í augu manna. Það er fyrirsjáanlegt, að fjárlög næsta árs, sem nú á að afgreiða innan skamms, gera ráð fyrir 20—30% meiri álögum á landslýðinn en fjárl. 1966. Og svo hefur heyrzt, að álögurnar hjá Reykjavíkurborg, fjölmennasta sveitarfélagi á landinu, muni hækka um allt að því 20%. Það getur engum vitibornum manni dottið í hug, að það sé hægt að stöðva allt annað, alla dýrtíðina í þjóðfélaginu, og láta þetta ganga þannig, 20—30% hækkun á ríkisútgjöldum á einu ári. Einhvers staðar hlýtur þetta að koma niður. Hitt er annað mál, að það er hugsanlegt, að stjórninni takist að halda framfærsluvísitölunni í skefjum fram yfir kosningar, það er hugsanlegt, með því t. d. að halda áfram að reikna þar aðeins lítið brot af húsnæðiskostnaðinum hjá unga fólkinu og öllum öðrum, sem búa í nýjum eða nýlegum húsum, og með því að ausa stórfé úr ríkissjóði í niðurgreiðslur, miklu meira en áður hefur þekkzt, með því að verja stórfé úr ríkissjóði til þess að halda sjávarútveginum og fiskvinnslustöðvunum gangandi á vertíðinni. Þetta er hugsanlegt, að takist með þessu að halda framfærsluvísitölunni í skefjum um sinn. En þetta er engin stöðvun á dýrtíðinni, það er annað mál. Það þarf nefnilega meira að gera til að stöðva dýrtíðina en að prenta upp lagafyrirmæli frá 1960 um verðlagsmál, en þetta frv. er aðallega upprentun á eldri lögum. En ef það hins vegar væri nú svo einfalt að framkvæma verðstöðvun, þá mætti spyrja: Hvers vegna gerði hæstv. ríkisstj. þetta ekki fyrir löngu, ef það var svona einfalt? Þá er ástæða til að spyrja: Hvar ætla þeir að taka fé í stórfelldar niðurgreiðslur og til að fleyta atvinnuvegunum áfram á næsta missiri án þess að auka álögur í einu eða öðru formi og auka þar með dýrtíðina, — hvar ætla þeir að taka þetta fé? Þeir eiga eftir að svara þessari spurningu. Það er nefnilega ekki rúm fyrir þessar miklu greiðslur á fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir þinginu, og vantar þar mikið á. Hvar ætla þeir að taka þetta fé?

Nú kann að verða spurt: Hvers vegna flytjið

þið í 1. minni hl. fjhn. till. um að samþykkja frv., úr því að þið teljið allt skrafið um verðstöðvun fram borið í blekkingarskyni? Því er til að svara, að vegna þeirra hafta í ýmsu formi, sem eru enn á verzluninni, getum við fallizt á, eins og segir í nál., að stjórnin hafi enn um sinn heimild til verðlagseftirlits, — hún hefur það nú þegar í lögum og hefur alltaf haft, — þó að litlar líkur séu til, að það verði framkvæmt þannig af núv. ríkisstj., að það komi að verulegu gagni. Og einnig er á hitt að líta, að það er nýmæli í frv., það nýmæli, að stjórnin fái heimild til að koma í veg fyrir hækkun útsvara og aðstöðugjalda í sveitarfélögunum. Vafalaust eru skiptar skoðanir um þetta ákvæði í frv. Mér þykir trúlegt, að ýmsir sveitarstjórnarmenn séu mótfallnir þessu, en nefnd gjöld, einkum aðstöðugjöldin, hvíla óeðlilega þungt á gjaldendum í ýmsum sveitarfélögum. Ég hef rætt um það áður hér á þessu þingi, að á því þarf að verða leiðrétting. Við í 1. minni hl. getum því fallizt á að veita stjórninni umbeðna heimild til íhlutunar um málefni sveitarfélaganna fram á næsta haust, og þess vegna mælum við með frv.

Þegar við, fulltrúar Framsfl. í n., höfðum ákveðið að styðja frv., gerðum við okkur vonir um, að samstaða fengist um það í fjhn. En þá kom skyndilega nýtt til sögunnar. Fulltrúar stjórnarflokkanna vildu fara að breyta frv., sjálfu stjórnarfrv., komu með brtt., sem þeir hafa nú flutt á þskj. 120, sögðu, að hún væri flutt samkv. beiðni stjórnarinnar. Það þótti mér skrýtið, mjög skrýtið, þetta var ein af þeim fréttum, sem ég lét segja mér þrem sinnum. En þó sá ég við nánari athugun, að stjórninni var betur til þess trúandi en hv. samnefndarmönnum mínum í fjhn. að flytja svona fráleita till. inn í þingið. Þarna kemur fram, að ráðherrarnir sjálfir vilja fá að endurskoða verk verðlagsnefndarinnar og ákvarðanir hennar um að leyfa verðhækkanir, hversu smávægilegar sem þær eru. Þetta er fullkomið vantraust á verðlagsnefndina, þar sem stjórnarflokkamenn eru þó í meiri hl. og þar sem sjálfur ráðuneytisstjórinn í viðskmrn. er formaður, — fullkomið vantraust á þessa menn. Og úr því að hæstv. ríkisstj. vantreystir þannig sínum eigin mönnum, þá getur hún ekki vænzt þess, að við framsóknarmenn treystum henni til að fara með þessi mál, enda erum við andvígir brtt. Fleira kemur hér til en það, að við treystum ríkisstj. ekki til að fara með þetta vald, þetta er óframkvæmanleg villa. Ráðherrarnir eiga að hafa önnur störf með höndum en að standa í slíku. Ég held, að þeir hafi alls ekki gert sér ljóst, hvað í þessu felst, hverjar afleiðingar þetta hefur, ef það verður samþykkt og ef ætlunin er að framkvæma lagafyrirmælin. En e. t. v. stendur alls ekki til að framkvæma þetta, þó að það verði samþykkt, og það þykir mér líklegast.

Það eru ákaflega margar vörutegundir fluttar til landsins, og oft verða verðbreytingar á innfluttum vörum. Séu þær til hækkunar, þurfa ráðherrarnir að samþykkja það, hvað lítið sem er. Mér er sem ég sjái hæstv. forsrh. ganga árla morguns heim götuna í gamla stjórnarráðshúsið við Lækjartorg, í fylgd með honum eru sex aðrir ráðh. Fundur er settur í stofu forsrh., það eru yfirverðlagseftirlitsnefndarmenn ríkisins á fundi, sjö að tölu, og allir ráðh. Á borðinu eru staflar stórir af innkaupareikningum og verðútreikningum, þar er reikningsfærður margs konar smávarningur, einnig stærstu vélar og tæki og allt þar á milli. Öll þau skjöl þurfa ráðherrarnir að yfirlíta. Trúlega nefna þeir þetta faktúrur og kalkúlasjónir eins og margir kaupsýslumenn. Ráðherrarnir setja upp gleraugun og rýna í skjölin með alvörusvip, þetta endurtekur sig dag eftir dag, og gott er, ef þeir geta fengið frí á helgidögum frá þessu. Það verður að sitja fyrir öðrum störfum. Innflutningurinn má ekki tefjast eða torveldast, því að fjmrh. þarf að fá aðflutningsgjöldin í ríkissjóðinn, önnur störf í stjórnarráðinu verða að sitja á hakanum, og það er mjög vafasamt, að ráðherrum gefist tími til að ferðast til annarra landa, t. d. á ráðstefnur um málefni Norðurlanda, Evrópumál eða vandamál alheimsins. Það getur haft mjög alvarlegar afleiðingar, mjög alvarlegar, ekki einasta fyrir okkur, heldur fyrir aðrar þjóðir, og eitt er víst, að þá mun fækka ferðasögum í ríkisútvarpinu.

Ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að svona fyrirkomulag á verðlagsákvörðunum þekkist ekki á byggðu bóli. Það er ekki hægt að samþykkja slíka fjarstæðu.

Nú vil ég í fullri vinsemd skjóta því að hv. samnefndarmönnum mínum í fjhn., sem skipa meiri hl. n., hvort þeir vilji ekki taka þessa vanhugsuðu till. aftur. Þá getum við samþykkt frv. í sátt og samlyndi. Bezt væri, ef þeir gætu því til vegar komið, að nál. þeirra á þskj. 120 verði prentað upp og brtt. þar felld niður til þess að forða því, að hún sjálst í þingtíðindunum á komandi árum og öldum.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur hér komið fram, var fjhn. deildarinnar ekki sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstj. í fjhn. vildu samþykkja frv. með einni lítilli breytingu, sem ég fyrir mitt leyti tel ekki skipta miklu máli, en fulltrúar Framsfl. í fjhn. vildu hins vegar samþykkja þetta stjórnarfrv. óbreytt. Ég taldi hins vegar, að það þyrfti að gera á frv. mjög verulegar breytingar, og hef í samræmi við það flutt hér brtt., 6 að tölu, á þskj. 132, og í nál. því, sem ég hef lagt fram sem 2. minni hl. fjhn., hef ég gert nokkra grein fyrir afstöðu okkar Alþb.-manna til þessa máls og rökstutt nokkru nánar þær brtt., sem ég flyt. Ég skal nú víkja að þessu nokkru nánar.

Eins og fram kom í ræðu formanns fjhn. og frsm. meiri hl., hafði hæstv. forsrh. lagt á það megináherzlu, þegar hann talaði hér fyrir þessu frv. við 1. umr., að þau væru tildrög til þess,

að frv. væri flutt, að mikil verðlækkun hefði orðið á aðalútflutningsvörum þjóðarinnar. Hæstv. forsrh. lagði einmitt mikla áherzlu á, að þetta væri ein meginástæða til þess, að þetta frv. um stöðvun á verðlagi væri flutt. Að vísu vék hann einnig að því, sem að var vikið í grg. frv., að ríkisstj. teldi, að það væri eðlilegt, að hún hefði slíkar heimildir eins og þær, sem í frv. felast, í sambandi við viðræður við stéttasamtökin í landinu um breytingar á kaupi, og tók það fram í því sambandi, að ef um verulegar breytingar yrði að ræða á kaupi, þá gæti svo farið, að það væri ekki lengur grundvöllur fyrir því að framkvæma þá verðstöðvun, sem um væri rætt í frv. En ég held, að það hafi ekki farið á milli mála, að ein meginforsendan, sem fram var færð fyrir því, að þetta frv. var flutt, var verðlækkunin, sem vitað var um að hafði orðið nú á seinni hluta þessa árs á ýmsum útflutningsvörum landsmanna. Og formaður fjhn., sem talaði fyrir hönd meiri hl., lagði einnig á þetta megináherzlu í sinni ræðu, að það væri einmitt þetta áfall, sem við stæðum frammi fyrir, sem gerði það óhjákvæmilegt að veita ríkisstj. slíkar heimildir sem í frv. felast.

Við 1. umr. málsins benti ég á, að vissulega væri það rétt, að við hefðum orðið fyrir talsverðu áfalli vegna verðlækkunar á ýmsum okkar þýðingarmestu útflutningsvörum, en undirstrikaði þó, að það væri mikil óvissa enn ríkjandi um það, hversu áfall þetta yrði mikið, vegna þess að verðfallið væri tiltölulega nýlega til komið, og yfirleitt hefðum við ekki selt mikið af okkar framleiðsluvörum á þessu lækkandi verði og í mörgum greinum lægjum við með framleiðsluna enn óselda, og ég benti þá einnig á, að það væri farið að bera á nýjan leik á breytingum í þessum efnum, að um verðhækkanir væri að ræða á nýjan leik. Nú hefur komið í ljós, að þessar verðhækkanir voru enn þá meiri en ég vissi um eða þá voru orðnar, þegar 1. umr. fór hér fram um þetta mál. Þessar verðhækkanir hafa enn haldið áfram, sem betur fer. Síldarlýsið, sem hafði lækkað í verði, þannig að það var komið niður í 50 £ tonnið, og var hér mikið talað um þá miklu verðlækkun, það er nú aftur komið upp í 65 £ tonnið og er mjög greinilega enn hækkandi í verði, því að framleiðendur hér vilja ekki selja lýsið á þessu verði nema tiltölulega mjög lítið magn. En nú er hins vegar lítið minnzt á þessa breytingu, og ég tók alveg sérstaklega eftir því, að formaður fjhn., sem hér talaði fyrir hönd meiri hl. fjhn., vék ekki að þessum breytingum. Nú eru sem sagt allar horfur á því, að þessi mikla verðlækkun, sem við stóðum frammi fyrir fyrir nokkru, sé að verulegu leyti úr sögunni hvað viðkemur þessum aðalútflutningsvörum okkar, sem eru afurðir síldarverksmiðjanna.

Ef maður hefði átt að taka gild þau rök, sem hér voru flutt af hálfu hæstv. forsrh. og ríkisstj. fyrir flutningi þessa frv., lægi eiginlega næst að taka það svo, að nú væri ekki lengur þörf á því að afgreiða þetta mál, þar sem nú horfði miklu betur í þessum útflutningsmálum okkar. En ég lýsti því hér við 1. umr. málsins sem minni skoðun, að það væri ekki þetta verðfall, sem fyrst og fremst ræki á eftir með það, að það væri þörf á því að reyna að stöðva verðlagið innanlands. Jafnvel þó að svo hefði farið, að verðfallið, sem gerði vart við sig á síldarafurðum okkar nú seinni hluta ársins, jafnvel þó að það hefði skollið á af fullum þunga og vitanlega haft allmikið að segja fyrir þjóðarbúið, þá hefði það ekki skapað neinn stórkostlegan vanda í rekstri síldarverksmiðja í landinu né heldur í rekstri þeirra fiskibáta, sem aðallega eiga við síldarverksmiðjurnar, því að það fer ekkert á milli mála, að rekstraraðstaða einmitt þessara aðila, þ. e. a. s. síldarverksmiðjanna og þeirra fiskibáta, sem eiga viðskipti sín við síldarverksmiðjurnar, — rekstraraðstaða þessara aðila hefur verið sú bezta, sem um er að ræða í okkar atvinnumálum nú í dag, og þrátt fyrir verðfallið er hún mun betri en rekstraraðstaða margra annarra. Það var því að mínum dómi ekki verið að gera sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálum þjóðarinnar vegna þessa útlits, sem þá var varðandi verð á þessum útflutningsvörum. Vandinn í okkar efnahagsmálum var bundinn við það og er bundinn við það enn í dag, að það eru aðrir þættir í okkar framleiðslumálum, sem eru miklu veikari og eiga nú í vök að verjast, og það er fyrst og fremst sá þáttur, sem bundinn er við útgerð fiskibátanna, sem viðskipti sín eiga við frystihúsin í landinu. Það er sá þáttur framleiðslumálanna, sem er einna veikastur nú og þarf á aðstoð að halda, og einnig útgerð togaranna, sá þáttur er mjög veikur og þarf á aðstoð að halda, og þessi veika aðstaða þessara tveggja þátta, bátaútgerðarinnar og togaraútgerðarinnar, gerir það að verkum, að það þarf einnig að styðja við bakið á fiskvinnslunni í landinu, sem viðskipti á einmitt við þessa aðila. Þegar bátaútgerðin í landinu dregst saman og togaratúgerðin dregst saman, þá minnka af sjálfu sér verkefni fiskvinnslunnar í landinu og þá skapast erfiðleikar hjá fiskvinnslunni, og það er einmitt á þessum stöðum, sem vandinn aðallega liggur. Það þarf því að gera ráðstafanir í okkar efnahagsmálum, sem miða að því að bæta úr þessum vanda, gera ráðstafanir í þá átt að stöðva verðlagið, hið tiltölulega háa verðlag, sem er orðið hér innanlands, við þau mörk, sem verðlagið er komið nú. Það er út af fyrir sig þýðingarmikið, það er gott fyrir alla framleiðslu í landinu að eiga ekki von á því að þurfa að taka á sig enn þá aukin útgjöld vegna hækkaðs verðlags innanlands. Það er þýðingarmikil ráðstöfun út af fyrir sig. En það er enginn vafi á því, að sú ráðstöfun ein nægir ekki til þess, eins og nú er komið, að bæta úr aðalvandamáli þessara framleiðsluþátta, sem ég hef minnzt á. Það þarf meira að koma til.

Ég lýsti því hér yfir við 1. umr. þessa máls, að við Alþb.-menn værum út af fyrir sig fylgjandi því markmiði frv. að vinna að því að

stöðva verðlagið innanlands, þar sem það er komið, en við vildum ganga frá því á miklu öruggari og betri hátt en gert er í frv. ríkisstj. Við töldum, að þar væri á ófullnægjandi hátt gengið frá þessu máli og alls ekki tekið á verðlagsvandamálunum á þann hátt, sem ætti að taka á þeim. Ég benti m. a. á það, að við værum t. d. ekki á það sáttir að láta þar við sitja að lögfesta það verðlag, sem orðið er í dag í öllum greinum, því að það væri að okkar dómi í mjög mörgum tilfellum orðið allt of hátt og ætti ekki rétt á sér, og af því vildum við gera ráðstafanir, þegar tekið væri á þessum verðlagsmálum, í þá átt að færa það verðlag niður, sem hægt er að leiða öll rök að, að sé orðið of hátt. Þar sem t. d. álagning er orðin úr hófi fram, þar á að minnka álagninguna og einnig annan milliliðakostnað, sem gerir verðlagið of hátt. Og að þessu miða einmitt brtt. þær, sem ég vil gera við frv., og ég skal nú víkja nokkuð nánar að þessum brtt.

Eins og kunnugt er, þá er þetta frv. ríkisstj. allt byggt upp á þeim grundvelli, að ríkisstj. sé veitt heimild til þess að mega ákveða verðstöðvun. Þessu vil ég breyta á þann hátt, að það sé skýrum orðum tekið fram í l., að ríkisstj. hafi ekki aðeins heimild til þess að stöðva verðlagið, heldur að hún skuli stöðva verðlagið, að hún skuli gera þetta. Ég vil ekki hafa neina óvissu í þessum efnum, þar sem ríkisstj. segir: Ja, ég nota þessa heimild, ef mér sýnist ástæða vera til. Ef t. d. ríkisstj. lítur svo á, að nú hafi orðið eitthvað örlítið meiri kauphækkun hjá einhverjum aðilum í landinu en henni þykir gott, þá segir ríkisstj.: Nú tel ég engan grundvöll vera fyrir því að vera að stöðva verðlagið, og þá er bezt að láta heimildina liggja. Við Alþb.-menn lítum þannig á, að það sé orðið svo brýnt fyrir aðalatvinnuvegi landsins að koma í veg fyrir frekari verðlagshækkanir en orðnar eru, að við álítum, að nú eigi að slá því föstu í lögum, alveg ótvírætt og undanbragðalaust, að verðlagið skuli stöðva.

Ég vil vænta þess, að hæstv. ríkisstj. sýni það nú í verki, þegar þessi till. verður borin upp, að hún meini eitthvað með því, sem hún hefur verið að fitja upp á í þessu frv., og samþykki þessa till., sem miðar að því að slá þessu föstu, að það skuli ákveðið að stöðva verðlagið.

Þá flyt ég eina smábrtt. við 3. gr. frv., en þar segir nú svo í frv., að ríkisstj. sé heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld önnur en þau, sem um getur í tilteknum lögum, megi ekki hækka frá því, sem var á árinu 1966, þ. e. a. s. á yfirstandandi ári, nema með samþykki ríkisstj., og því er svo bætt við: „Skal hækkun á slíku gjaldi þó eigi leyfð, nema ríkisstj. telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.“ Ég vil fella niður þessi síðustu orð: „vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.“ Við vitum það nefnilega, að alls konar opinber gjöld og þóknun fyrir opinbera þjónustu hjá ýmsum stofnunum, allt er þetta rökstutt með því, að viðkomandi stofnun þurfi á hækkuninni að halda, á auknum tekjum að halda af fjárhagslegum ástæðum. Ég tel, að það sé alveg nægilegt að segja, að slíkar hækkanir skuli ekki leyfðar, nema ríkisstj. telji þær óhjákvæmilegar. Þetta tel ég alveg nægilegt. Það verður að sjálfsögðu að vera á mati ríkisstj., hvort hún fellst á hækkunina eða ekki. En ég vil ekki á neinn hátt taka undir það, að það eigi að leyfa þær hækkanir allar frá hinni almennu verðstöðvun, sem hægt er að rökstyðja með því, að viðkomandi fyrirtæki þykist þurfa á hækkuninni að halda af fjárhagslegum ástæðum. Ég óttast, að þá yrðu undantekningarnar allmargar.

Þá legg ég til, að bætt verði inn í frv. fjórum nýjum greinum. Sú fyrsta af þessum nýju greinum fjallar um það, að nú verði ákveðið, að kosin skuli ný verðlagsnefnd í stað þeirrar, sem starfað hefur og hefur átt að hafa eftirlit með verðlagi í landinu og verðlagningu. Sú nefnd hefur að undanförnu óumdeilanlega verið að leyfa hverja álagningarhækkunina af annarri og leyfa ýmsum aðilum ótakmarkaða álagningu, þ. e. a. s. eftir eigin geðþótta viðkomandi aðila. Ég vil því ákveða, að það skuli kosin ný verðlagsnefnd nú af sameinuðu Alþingi og það sé lagt fyrir þá nefnd að vinna á allt öðrum grundvelli en sú verðlagsnefnd hefur starfað, sem hefur verið við störf að undanförnu. Og önnur greinin, sem ég legg til að verði þar bætt við, fjallar um það, að þessari nýju verðlagsnefnd skuli falið það verkefni að ákveða að nýju verðlagningu á vörum og þjónustu og það sé lagt fyrir hana að ákveða ýmist hámarksverð eða hámarksálagningu í öllum greinum, nema þá allir nm. verði sammála um að undanþiggja einhverja sérstaka þjónustu eða einhvern sérstakan vöruflokk. Sem sagt, ég vil, að það verði verkefni hinnar nýkjörnu verðlagsnefndar að kanna verðlagið í landinu, athuga, í hvaða tilfellum álagningin hefur vaxið úr hófi fram að undanförnu, hvar er hægt að færa álagninguna niður, minnka milliliðakostnaðinn og lækka verðið. Og hið sama er að segja um hin ýmsu þjónustugjöld, að þar sé athugað, hvaða hækkun hefur átt sér stað og hvort ekki sé hægt að færa verðið niður.

Þá vil ég, að verði bætt við nýrri grein, sem taki það alveg skýrt og greinilega fram, að verðstöðvun skv. þessu frv. skuli einnig ná til allrar húsaleigu. Og þá tel ég alveg óhjákvæmilegt, að það sé ákveðið um leið til þess að reyna að tryggja framkvæmd á þeim ákvæðum, að það sé óheimilt að segja upp húsaleigu nema með samþykki þeirrar eftirlitsnefndar, sem sett yrði til þess einmitt að sjá um framkvæmd á þessu atriði. Þá eru ákvæðin um húsaleigu sett undir sams konar ákvæði og gilda um almenna verðlagningu í landinu. Þar yrði að vísu starfandi sérstök n., sem liti eftir því, að ákvæðin um það, að óheimilt sé að hækka húsaleigu, séu haldin, og vinni að því að sjá um, að það sé ekki haldið uppi óeðlilegri húsaleigu í landinu.

Þá legg ég til, að bætt verði inn í frv. nýrri

gr. um það, að þegar þessi lög hafa öðlazt gildi um verðstöðvun, skuli stjórn Seðlabankans ákveða lækkun vaxta með hliðsjón af því, að verðlag hafi verið stöðvað. Ég tel, að það nái engri átt að halda uppi þeim vaxtakjörum áfram, sem í gildi eru í landinu í dag, ef verðlag hefur raunverulega verið stöðvað. Sannleikurinn er sá, að í ótrúlega mörgum tilfellum er það þannig nú, að vaxtakjörin eru í kringum 10%. Ég vil aðeins nefna það sem dæmi, að ég var nú fyrir nokkrum dögum að ganga frá láni fyrir aðila úti á landi hér hjá þekktri lánastofnun í landinu, stórum lánasjóði. Þar var um fastalán að ræða, stofnlán, og vextir af þessu láni voru 10% eða hæstu leyfilegir vextir. Og þannig er þetta, að það er í ótrúlega mörgum tilfellum, sem bæði bankar og lánastofnanir koma því þannig fyrir, að þeir fylgja hinum hæstu heimiluðum vöxtum eða 10%. Slíkir vextir ná vitanlega engri átt, ef um stöðugt verðlag er að ræða. Og ef ríkisstj. trúir á það, að hún sé raunverulega að stöðva verðlagið í landinu, þar sem það nú er komið, og ætlar að skapa hér nýtt ástand, eiga vitanlega að fylgja á eftir tilheyrandi ráðstafanir, sem eru í samræmi við það, að verðlagið hafi verið stöðvað, en það er m. a. ráðstöfun í þá átt að lækka vexti, en slíkt hefði mjög mikil og almenn áhrif til góðs.

5. brtt. mín er um það, að þau tímatakmörk, sem eru ákveðin í frv. ríkisstj. um gildi þessara laga, þ. e. a. s. tímamarkið 31. okt. 1967, þar sem ekki er gert ráð fyrir því, að þessi verðstöðvun standi nema til októberloka 1967, þetta ákvæði vil ég fella niður. Ég álít, að sú stöðvun á verðlagi, sem nú er ákveðin, eigi að gilda um óákveðinn tíma eða þar til breyting verður gerð á lögunum, og þar eigi menn ekki að setja sér slíkt mark að koma vandamálinu rétt aðeins fram yfir kosningar eða rétt rúmlega það. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. afsökunar. Ég leyfi mér að spyrja, hvort ræðumaður eigi eftir mikið af ræðu sinni, þar sem gert hafði verið ráð fyrir því, að fundi yrði frestað nú og flokksfundir hæfust.) Ég á dálítið eftir. Þó að það sé ekki mikið, á ég nú dálítið eftir og mundi þá bara fresta því. (**Forseti:** Mundi hv. þm. þá vilja gera hlé á ræðu sinni, þegar honum hentaði?) Já, ég geri það nú þegar. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði í fyrri hluta ræðu minnar gert grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt við frv., og rætt hér nokkuð almennt um málið. En það eru hér nokkur atriði enn, sem mig langar til þess að víkja að og ég tel mjög mikilvæg í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Þegar ríkisstj. nú virðist a. m. k. hugsa til þess að breyta nokkuð til um stefnu í verðlagsmálum, er ekki óeðlilegt, að að því sé komið eða um það sé spurt, hvort hún geti ekki hugsað sér, að gerðar verði ráðstafanir til þess að athuga nokkuð nánar um þróun verðlagsmálanna í landinu að undanförnu. Ég held, að það hafi þegar komið fram, svo að ekki þurfi um að villast, að í ýmsum greinum hefur verðlag hækkað meira innanlands en efni hafa staðið til. Í nál. mínu tilgreini ég nokkrar breytingar, sem mér er kunnugt um að hafi átt sér stað á álagningu, og ég ætla, að þau dæmi, sem þar eru tilfærð, sýni það mjög ljóslega, að álagning hefur farið stórhækkandi á undanförnum árum í mjög mörgum greinum. Nú er spurningin sú, hvort ríkisstj. sé ekki fáanleg til þess, eins og nú er komið þessum málum, að gera ráðstafanir í þá átt að láta endurskoða þessi verðlagsákvæði, sem nú gilda, og reyna að vinna að því, að álagningin og milliliðakostnaðurinn við þessi þjónustustörf verði færð niður, þar sem hægt er að koma því við. Álagning hefur hækkað. Við skulum t. d. taka vöruflokka eins og hreinlætis- og snyrtivörur, þar sem álagningin var heimiluð árið 1960 í heildsölu 9.5%, en er orðin nú í framkvæmd 23.3% í heildsölu, en þar sem smásöluálagningin 1960 var heimiluð 25%, en hún er nú komin upp í 49.6%. Álagningarhækkun eins og þessi er ekki neitt einsdæmi, því að þannig er þessu farið um margar aðrar vörur, að álagningin hefur sannanlega meira en tvöfaldazt frá því, sem leyft var í verðlagsákvæðunum árið 1960. Finnst ríkisstj. ástæða til þess að láta þetta svona standa áfram, eða vill hún gera ráðstafanir í þá átt, að þessi álagning verði minnkuð og þannig verði hamlað gegn hækkandi verðlagi í landinu? Ég held, að ef hæstv. ríkisstj. í raun og veru vill takast á við dýrtíðarvandamálið, geti hún ekki skotið sér undan því að láta endurskoða þessi mál. Það er alveg ómögulegt að taka till. hennar alvarlega í þessum efnum um það, að hún vilji koma í veg fyrir dýrtíðina, hún vilji stöðva verðlag, ef hún fæst ekki til þess að setja hömlur gegn svona gífurlegri álagningarhækkun eins og átt hefur sér stað í mörgum greinum. Og ég er hræddur um það, að hæstv. ríkisstj. reki sig á það, bæði þegar hún fer að semja nánar við launþegana í landinu um þeirra hlut og við aðra, að það kunni líka að vera nokkur ástæða til þess að líta eftir því, hvað ýmsir aðrir aðilar taka sér í laun í sambandi við þeirra milliliðastörf. Hér er í rauninni af okkar hálfu ekki verið að fara fram á, að annað sé gert en það, að þóknun þessara aðila, sem fást við þessi milliliðastörf, verði ákveðin hóflega, t. d. eftir nokkuð svipuðum reglum og hér hafa gilt lengi, þegar verðlagsyfirvöld landsins hafa fjallað um þessi mál.

Þá er annað atriði, sem ég vildi víkja nokkuð að í sambandi við afgreiðslu málsins. Ég hafði áður minnzt á það, að ég teldi, að það, sem þýðingarmest væri nú eins og málin standa nú orðið í okkar efnahagsmálum, væri að gera ráðstafanir, sem færu í þá átt að gera þýðingarmestu framleiðslugreinum okkar, eins og t. d. bátaútgerðinni í landinu og togaraútgerðinni og þar með fiskiðnaðinum í landinu, fært að halda uppi fullum rekstri. Þetta væri það þýðingarmesta, og stöðvun á verðlaginu,

eins og það er komið nú, slík ráðstöfun ein út af fyrir sig dygði ekki sem fullur stuðningur við þessar framleiðslugreinar. Nú hef ég, þar sem þessi mál hafa verið rædd, skilið hæstv. fjmrh. þannig og einnig hæstv. viðskmrh., að það væri alveg ljóst frá þeirra hálfu, að ef þyrfti að styðja þessar framleiðslugreinar með meiri fjárframlögum á næsta ári, þ. e. a. s. á árinu 1967, heldur en gert hefur verið á yfirstandandi ári, verði það ekki gert nema með nýjum álögum á þjóðina.

Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh., sem hér er viðstaddur, nú vil ég spyrja hann alveg gagngert um það, hvort þetta sé einnig hans sjónarmið, að ef þurfi til þess að koma að styðja sjávarútveginn með meiri fjárframlögum á næsta ári en gert er á þessu ári, sé ekki hægt að gera það án þess að leggja á nýjar álögur. Ég hef sem sagt skilið þessa tvo hæstv. ráðh., fjmrh. og viðskmrh., þannig, að það væri þeirra sjónarmið, að það væri ekki hægt að veita þessum atvinnugreinum aukinn stuðning frá því, sem verið hefur, án þess að það þyrfti að leggja á nýjar álögur. Nú er því hins vegar jafnframt lýst yfir, að ef það þurfi að grípa til þess að leggja á nýjar álögur, sé grundvöllurinn brostinn undan verðstöðvunarstefnunni, þá sé ekki hægt lengur að halda uppi verðstöðvun. Og þá er maður kominn að því, að allt talið um verðstöðvun nú sé í rauninni út í hött nema þá á þeim grundvelli, að hægt sé að halda uppi framleiðslunni í landinu með þeim sama stuðningi sem verið hefur. Og þá hlýt ég að spyrja hæstv. forsrh.: Dettur honum það virkilega í hug, að það muni duga fyrir bátaútveg landsmanna og fyrir fiskiðnaðinn í landinu og fyrir togaraútgerðina að fá nákvæmlega sömu fjárhæðir til stuðnings á næsta ári eins og þessar greinar hafa haft á yfirstandandi ári? Dettur honum það í hug, og dettur ríkisstj. það í hug, að þessi mál séu þannig? Ég efast ekkert um það, að hæstv. ríkisstj. og hennar sérfræðingar í efnahagsmálum hljóta að hafa gert sér einhverja grein fyrir því nú í árslokin, hver vandi sé á höndum í sambandi við rekstrargrundvöll þessara þýðingarmestu þátta í okkar atvinnulífi. Það er með öllu útilokað, að ríkisstj. hafi lokað sig svo úti frá því, sem er að gerast í landinu, að hún hafi ekki gert sér í aðalatriðum grein fyrir því nú fyrir árslokin, hvað muni þurfa að gera til stuðnings framleiðsluatvinnuvegum landsmanna. Ég skal segja það sem mína skoðun, að ég er ekki í neinum vafa um það, að ef bátaútvegurinn, — þar á ég við þá báta, sem aðallega skipta við frystihúsin í landinu og hinn almenna fiskiðnað, — ef sá bátaútvegur á að geta gengið á næsta ári með eðlilegum hætti, þarf hann á miklu meiri stuðningi að halda en hann hefur haft á þessu ári. Fiskverðið til bátanna þarf að hækka mikið. Hækki það ekki mikið nú um þessi áramót, mun framleiðsla bátaflotans enn þá dragast saman til mikilla muna og þeir munu enn þá verða færri og færri, sem vilja gefa sig í það að vinna á bátaflotanum. En ef það gerist, að færri bátar verða gerðir út, afli þeirra verður minni, færri stunda þessa fiskimennsku, mun það um leið hafa þau áhrif, að vandi frystihúsanna og fiskiðnaðarins í landinu vex. Ég held, að vandi frystihúsanna í landinu væri ekki sérlega mikill, ef það tækist að gera ráðstafanir til þess, að hráefnisöflunin væri með eðlilegum hætti, hún væri eðlileg. Ég er því á þeirri skoðun, að það sé alls fjarri lagi, að það dugi fyrir þessar framleiðslugreinar að stöðva hið almenna verðlag innanlands við það, sem það er orðið nú, það þurfi miklu meira að koma til, það þurfi að koma til ráðstafanir frá hálfu hins opinbera, sem þýða aukinn stuðning, aukin fjárframlög, eins og nú er ástatt. Og þá er sem sagt þetta spurningin, sem ég hef lagt hér fyrir hæstv. ríkisstj.: Hvað hugsar hæstv. ríkisstj. sér að gera í þessum efnum? Hvernig á að afla fjár til þess að veita þennan aukna stuðning? Ég hafði á tímabili gert mér vonir um, að það mundi vera hægt að taka nokkuð af hinum tiltölulega ríflega greiðsluafgangi ríkissjóðs á þessu ári og nota hann m. a. til stuðnings framleiðslunni í landinu á næsta ári. En hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir alveg á ótvíræðan hátt, að það verði ekki hægt að nota þennan greiðsluafgang í þessu skyni, það sé búið að ákveða notkun hans á annan hátt og ef eigi að styðja útflutningsframleiðsluna meira á næsta ári en á þessu ári, þá verði að koma til nýjar álögur. Ég veit, að hæstv. forsrh. sér, að það er með öllu óhugsandi að ræða hér á Alþ. þessar tillögur hennar um stöðvun á öllu verðlagi, án þess að ríkisstj. svari því til, hvernig hún hugsar sér að komast út úr þessum vanda. En ef það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir, sem ég hygg að sé, að útgerðin þurfi á auknum stuðningi að halda og það verði ekki gert nema með því að leggja á nýjar álögur, og nýjar álögur samræmast ekki verðstöðvunarstefnunni, til hvers er þá að vera að tala um stöðvun á verðlaginu á þeim grundvelli, sem ríkisstj. hefur hér markað? Skoðun mín er aftur á móti sú, að það eigi að vera almennt verkefni að vinna að því að stöðva verðlag í landinu eða koma í veg fyrir, að það hækki, en jafnhliða því, að það sé gert, eigi að gera aðrar ráðstafanir til viðbótar, sem duga til þess, að aðalframleiðsluatvinnuvegir landsmanna geti verið reknir með eðlilegum hætti.

Ég hef veitt því athygli, að fulltrúar ríkisstj. beita nokkuð misjöfnum rökum, þegar rætt er um þessi mál. Annars vegar er lögð þung áherzla á, að það hafi orðið miklar verðlækkanir erlendis á okkar útflutningsafurðum og þess vegna þurfi nú nauðsynlega að stöðva allt verðlag. Hins vegar er það svo, að þegar fulltrúar framleiðenda koma fram með kröfur sínar um það, að þeir þurfi á auknum stuðningi að halda, og þeir færa þá fram, að það sé bæði vegna verðlækkunar á erlendum mörkuðum, hækkandi verðlags innanlands

og annarra opinberra ráðstafana, þá koma svo sömu talsmenn ríkisstj. og segja: Ja, við viljum ekki láta mikinn stuðning út á þetta lækkandi verðlag erlendis, því að það er allt í óvissu um, hversu langvarandi það verður og hvernig það muni yfirleitt verða í reyndinni. Sem sagt, í öðru tilfellinu er lögð mjög þung áherzla á það, einkum hér á Alþ., að nú þurfi að grípa til sérstakra og nokkuð óvæntra ráðstafana vegna mikils verðfalls á afurðum okkar erlendis. Hins vegar er svo sagt af sömu mönnum, að þeir geti ekki aðstoðað útveginn í landinu ýkjamikið vegna þessa verðfalls, vegna þess að það sé allt í óvissu um, hvort hér sé um svo mikið verðfall að ræða, þegar allt komi til alls. Ég held, að það sé miklu nær, eins og ég hef bent hér á, að segja hið rétta í þessu máli.

Þessar tillögur ríkisstj. um það að fá heimild til verðstöðvunar eru ekki fluttar hér raunverulega vegna þess að mjöl og lýsi hafa lækkað nokkuð í verði seinni hluta ársins, sem aftur hefur snúizt til hækkunar nú á síðustu vikum. Það er ekki hinn raunverulegi grundvöllur að því, að þetta frv. er flutt. Hinn raunverulega grundvöll fyrir því, að þetta frumvarp er flutt, tel ég vera þann, að ríkisstj. vill ná sér í heimildir, sem hún ætlar að nota í ákveðnum samningum við launþegasamtökin í landinu, þegar farið verður að ákveða kaup og kjör. Svo að hinu leytinu leggur hún þetta frv. fram vegna þess, að hún vill gjarnan láta líta svo út, að hún sé ekki hinn rétti fulltrúi verðstöðvunarstefnunnar og það séu aðrir, sem þar séu að flækjast fyrir stjórninni og komi í veg fyrir, að hún geti beitt sinni verðstöðvunarstefnu. En ríkisstj. veit það mætavel, að það hefur enginn verið að þvælast fyrir henni í þeim efnum. Hún hefur hér haldið uppi allt annarri stefnu, sem hefur óhjákvæmilega leitt til verðhækkana, en ekki til verðlækkana.

Afstaða okkar Alþb.-manna til þessa frv. ríkisstj. um heimild til verðstöðvunar mun fara eftir því, hvernig fer um þær brtt., sem við flytjum við frv. Verði þær brtt. ekki samþykktar, þykir okkur það benda til þess, að það séu ekki heilindi á bak við allt þetta verðstöðvunartal, þá vilji menn ekki gera raunhæfar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hækkandi verðlag og þá sé hitt aðalatriðið, að vera með sýndarmennsku.

Brtt. okkar við frv. miða allar að því að tryggja raunverulega verðstöðvunarstefnu betur í framkvæmd, en ekki á neinn hátt að koma í veg fyrir, að hún verði framkvæmd. Hitt bendum við svo auðvitað á, að við álítum, að það þurfi að gera meira til þess að tryggja rekstur atvinnuveganna en aðeins að samþykkja frv., jafnvel með þeim brtt., sem við leggjum til að gerðar verði við frv.

Ég skal svo ekki lengja hér umr. frekar um málið, en vænti þess að heyra frá hæstv. ríkisstj., hvernig hún hugsar sér, að farið sé að í sambandi við óhjákvæmilegan stuðning, sem þarf að veita útflutningsatvinnuvegunum umfram það, sem felst í þessu frv., og hvernig hún telur, að hægt sé að veita þann stuðning, án þess að grundvöllur verðstöðvunarstefnunnar bresti þá um leið.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það hafa orðið nokkrar umr. um þetta frv., sem hér liggur fyrir. Aðalatriði þess virðist vera, að það eigi að stöðva verðlagið, þar sem það er nú, og verðhækkanir megi ekki eiga sér stað nema með leyfi ríkisstj. Sannleikurinn er sá með verðlagseftirlit, þá hefur ríkisstj. það þegar í sinni hendi, ef hún vill framfylgja því, og getur sett reglur um það. Ef hún vill framfylgja því strangara en nú er gert, hefur hún aðstöðu til þess, án þess að samin séu sérstök lög. Útsvörin eru hins vegar nýmæli. Ég geri ekki ráð fyrir, að fólkið í landinu sé neitt á móti því, að það sé hindrað, að útvör hækki, það er gott, ef þau hækka ekki. Þau hafa farið síhækkandi og hafa verið mörgum erfiður baggi. Það gefur auga leið, að fyrir þau sveitarfélög, sem þurfa að standa í framkvæmdum, þá verður ekki hjá því komizt, ef framkvæma á mikið, að útgjöldin geti hækkað í bili. Við þann lið geri ég ráð fyrir, að ríkisstj. veiti undanþágur, ef nauðsyn ber til, þannig að þar verði ekki um stóra hluti að ræða. Laun hafa farið hækkandi, vegna þess að framfærsluvísitalan hefur hækkað, og það var tekið upp skv. þessu júnísamkomulagi að reikna kaup út eftir framfærsluvísitölu, þannig að kaupgjaldið hefur hækkað um ca. 15% síðan eða eitthvað nálægt því. Landbúnaðarvörur hafa einnig hækkað, meðfram vegna þessara kauphækkana. Satt að segja virðist vísitalan hafa hækkað síðan júnísamkomulagið var gert eitthvað um 32 stig.

Ég fór mér til gamans yfir það í Hagtíðindum, hvað það var, sem aðallega varð þess valdandi, að vísitalan hækkaði. Þetta var ekki alveg nákvæmlega sundurliðað í Hagtíðindum, en virtist, eftir því sem ég gat dregið saman, að opinber gjöld, söluskattur og slíkt, hefðu hækkað vísitöluna um 2—3 stig, fatnaður, erlendar matvörur o. fl. slíkt 3.5 stig, skemmtanir, rafmagn, hiti, strætisvagnar o. fl. slík þjónusta um 6.6, sem kemur vafalaust að miklu leyti af hækkuðum launum og ýmsum öðrum liðum, fiskur, smjörlíki, ávextir, brauð og annað slíkt um 6.2 vísitölustig, vín og tóbak 0.9, kjöt, mjólk og smjör um 7 stig, — ber þá að athuga, að það er komin lækkun vegna þess, að það er greitt svo mikið niður á smjörinu núna, — dreifing á mjólk og landbúnaðarvörum 1—1.5 stig, húsnæðisliðurinn um 2.6 stig. Það er ekki alveg nákvæmlega tekið fram í Hagtíðindum, þannig að maður getur ekki alveg náð brotum, en þetta fer ekki fjarri þessu. Og það er sannarlega ástæða til að athuga það, hvort ekki væri vegur með einhverjum ráðum að koma í veg fyrir þessar sífelldu hækkanir. Það hefur verið um sífelldar hækkanir að ræða á vísitölunni, raunar í miklu lengri tíma en meðan þessi stjórn var. Og því ber ekki að leyna náttúrlega, að hækk-

aðir skattar eiga geysilegan þátt í hækkun vísitölunnar. Þó að það komi ekki beint fram, kemur skattahækkunin, sem lögð er á vörurnar með innflutningsgjöldum og háum sölusköttum, fram í hækkaðri vísitölu. Þetta gerir það, að fólkið þarf meiri fjárhæðir til þess að geta komizt af og gerir auknar kröfur. Auk þess eru Íslendingar nú seinni árin kröfuhörð þjóð, og það er nú þannig með mannskepnuna, að eftir því sem meira er látið eftir henni, eftir því heimtar hún meira, og mér hefur virzt það í sumum tilfellum, að kröfurnar og heimtufrekjan gangi nú fram úr hófi. Á ég þar alls ekki sérstaklega við verkamenn eða sjómenn. Sannleikurinn er sá, að við þau skipti, sem ég hef átt við fólkið, virðist mér þeir vera jafnvel sanngjarnastir í kröfunum, sem lægst hafa launin, en þeir, sem allra hæst hafa launin, eru einna ýtnastir, þegar verið er að gera upp við þá. Þar sannast hið gamla máltæki: „mikið vill meira".

Það er ekki sagt beinlínis í frv., að ríkisstj. ætli að gerast samningsaðili í launamálinu og þá um leið í verðlagningu landbúnaðarvara, en þó virðist mér láta nærri, að svo sé, ef ekki mega verða neinar hækkanir, án þess að ríkisstj. leyfi það. Vitanlega er þetta allt þýðingarlaust. Það er raunar tekið fram í grg.: „ef laun almennt hækka". En ef skattar almennt standa í stað, eða eru jafnvel hækkaðir, þá leiðir a. m. k. skattahækkun um leið af sér launahækkun. Mér virðist því, að með þessu frv. sé að því látið liggja, að ríkisstj. ætli í raun og veru að gerast samningsaðili í launamálum og þar með í verðlagningu landbúnaðarvara. Ég er ekki að segja, að þetta sé neitt rangt. En ríkisstj. lýsti því hins vegar yfir 1960, þegar efnahagsráðstafanir voru gerðar, að hún ætlaði ekki að skipta sér af þessum hlutum, atvinnurekendur væru samningsaðilar, og ríkisstj. hefur reynt að skipa nefndir til að semja um öll þessi mál, einhvers konar nefndir eða ráð. M. a. var alltaf ákveðið af Alþ. og vafalaust að mestu leyti í samráði við viðkomandi ríkisstjórnir um laun opinberra starfsmanna. En nú eru það orðnir sérstakir aðilar, þeir eru orðnir samningsaðilar að sínum launum. Launin eru ekki skömmtuð eins og áður var, og þeir eru orðnir samningsaðilar, og hefur oft staðið í þrasi út af þessu, en mér virðist, að samkv. þessu hljóti ríkisstj. að ætla að verða sá samningsaðilinn, sem ræður úrslitum í öllum þessum málum. Nú má vera, að þróunin hafi undanfarið verið í þá átt. Ég tel t. d., að viðvíkjandi verði á landbúnaðarvörum hafi ríkisstj. átt mikinn þátt í því að leysa það mál s. l. haust, og ég hygg, að ekki hafi verið gerðir neinir verulegir samningar í launamálum, án þess að hún hafi lagt blessun sína yfir þá. En þarna virðist ríkisstj. vera horfin frá þeirri yfirlýsingu, sem hún gaf árið 1960.

Nú er það tvennt til, hvort réttara er, að ríkisstj. sé samningsaðili um þessa hluti eða hvort atvinnurekendur eigi að vera það og sé svo einhvers konar gerðardómur viðvíkjandi landbúnaðarvörum, sem byggist vitanlega á, að bændur hafi svipuð kjör og aðrir menn í landinu. Það er mál út af fyrir sig. En það má vera, að ríkisstj. fái með þessu frv. eitthvað meiri völd í kaupgjaldsmálum og um verðlagningu á landbúnaðarvörum, ef frv. er samþykkt, og þó dreg ég það í efa. Það hefur nú verið þannig núna, að aðstaða frystihúsanna hefur farið versnandi og sömuleiðis fiskibáta af litilli stærð. Raunar skal ég viðurkenna það, að tíðarfarið nú í vetur hefur haft sitt að segja í þessu efni og gert erfiða aðstöðu bæði fyrir frystihúsin og bátana. En auk þess hraðversnaði aðstaða frystihúsanna á s. l. ári. Veldur þar tvennt um, og er annað, að kaup hefur hækkað allmikið eða um 12—18% sennilega, og auk þess hefur hráefni verið takmarkað, og við þetta bættist mikil hækkun á fiski um áramótin í fyrra. Ofan á þetta allt saman bættust ráðstafanir, sem gerðar voru skv. þessu júnísamkomulagi og ég taldi vera miður viturlegar, þar sem kom launaskattur og hækkað orlof, og allt þetta hefur sitt að segja. Ég held satt að segja, að í þessum launamálum sé annað tveggja, að láta atvinnurekendur og launþega semja um hlutina algerlega og ríkið sé ekkert að sletta sér inn í það með neinni löggjöf, hvorki með launaskatti né lögboðnu orlofi eða neinu slíku, eða þá að ríkisstj. semji algerlega um kaup allra launþega í landinu. Má vera, að það væri það heppilegasta, en ekki að þessu sé skipt í tvennt, þannig að ríkisstj. sé að ákveða orlof, ýmiss konar friðindi og skattleggja atvinnutæki, sem ekki eru fær um að borga neina skatta, eins og t. d. minni bátarnir og frystihúsin, og svo komi atvinnurekendur og eigi að fara að semja við launþega um ýmis atriði þar fyrir utan. Það er bezt, að þetta sé annaðhvort þannig, að atvinnurekendur semji og þetta sé alltaf laust og bundið og það sé hægt að gera þá tilhliðranir, bæði hvernig atvinnan er framkvæmd og eins hvað borgað er fyrir hana, eða þá hreinlega að ríkisstj. sé samningsaðilinn og þá að sjálfsögðu viðvíkjandi öllum stéttum þjóðfélagsins. Það er að sjálfsögðu skynsamlegast, að það sé önnur hvor þessi leið farin.

Svo eru náttúrlega ýmsir hlutir. Það er kannske hægt að segja, að um þessi opinberu gjöld muni ekki mikið. En það er ekki hægt að leggja á fyrirtæki, sem eru rekin með halla. Það er ekki sanngjarnt að leggja á þau há opinber gjöld, eins og t. d. launaskattinn og aðstöðugjöld á taprekstur. Þetta er ekki réttlátt. Og svo geri ég ráð fyrir, að bátarnir hreinlega borgi ekki þessa hluti, hvorki aðstöðugjöld né launaskattinn, af því að þeir hreinlega geta það ekki, svo að það er eins og hver annar barnaskapur að vera að svona löguðu. Þeir geta það ekki nema fá aukna hjálp frá ríkissjóði, og þá borgar ríkið til bátanna og þeir svo aftur. Það finnst mér bara skoplegt. Ég varaði strax við þessu.

Nú er talað um, að það sé dálitil mikil lækkun á framleiðsluvörunum, lýsi, síldarmjöli

og jafnvel freðfiski. Sannleikurinn er sá, að það virðist í bili a. m. k. ætla að verða minna úr þessu en verið hefur. Ég hef séð það í blöðum, að það er gert ráð fyrir því, að tonnið af lýsinu sé komið upp í 65 £. Það hefur alveg hraðhækkað, það var komið niður í 50 £. Getur skeð, að það hækki meira. Síldarmjölið hefur frekar verið að hækka aftur. Nú eru verksmiðjurnar búnar að semja við bátana um, að síldarverðið lækki um 5/17 hluta, úr 170 kr. 100 kg og í 120 kr. Vera má, að síldin sé heldur lakari núna. En þó virðist mér, að þetta ætti að vera frekar hagkvæmt fyrir síldarverksmiðjurnar, að vera búnar að koma síldarverðinu þetta niður og fá svo þessa hækkun án þess að þurfa að skila henni til bátanna.

Viðvíkjandi hraðfrystihúsunum er allt öðru máli að gegna. Það er hnútur, sem ég hygg, að ríkisstj. muni ganga dálítið erfiðlega að leysa, þegar þar að kemur. Ég ætla nú ekki að fara að spyrja hana um það, hvað hún ætli að gera í því efni, því að ég er alveg sannfærður um, að hún veit ekki enn þá, hvað hún ætlar að gera í þeim hlutum, og er ef til vill ekki ástæða til þess, því að þetta mál þarf eflaust ýtarlegrar athugunar við. En það er eitt, sem ég hef bent á áður, og það er, að þetta svokallaða hagræðingarfé, við vitum það allir þm., að það hefur ekki verið um neina hagræðingu þar að tala, það hefur verið borgað til fiskvinnslustöðvanna, svo að þær gætu borgað hærra verð fyrir fiskinn, en það hefur engin hagræðing verið framkvæmd með því. Það hefur bara verið gert á þann hátt, að þau frystihús, sem hafa bezta aðstöðuna, mest hráefnismagnið, hafa fengið þetta hér um bil alveg. Það hefur orðið þannig, að þau frystihús, sem helzt þurfa hjálpina, fá minnsta hjálpina, og það er þetta, sem ég held að ríkisstj. verði að finna einhverjar nýjar leiðir til að leysa, að þau frystihús, sem hafa haft lítið magn, hafa verið alveg í vandræðum. Sannleikurinn er sá viðvíkjandi fiskverkuninni, að þangað til s. l. ár var fiskverkunin hagkvæm fyrir þau frystihús, sem höfðu nokkurn veginn viðunandi hráefnismagn, og eins fyrir söltunarstöðvarnar, og það var allt að því ógerlegt að gera út fiskibát án þess að verka fiskinn sjálfur. Þetta gerbreyttist á síðasta ári, eins og ég kom að áðan, bæði vegna kauphækkananna, nýrra skatta, sem lagðir voru á fyrirtækin, og hækkaðs fiskverðs, þannig að ég er ekki viss um, að þeir, sem hafa saltað fiskinn á s. l. ári, hafi haft verulegan ágóða. En það var mjög mikill ágóði, á meðan fiskurinn var að hækka, því að hann hækkaði alltaf eftir á. En þessi atriði eru breytt núna. Hitt gefur svo auga leið, að við vitum, að kaupmáttur krónunnar hefur farið sílækkandi, um 10—12% á ári. Hafi gengið verið rétt skráð 1960, er áreiðanlegt, að það er ekki orðið rétt skráð núna. Það eina, sem hefur gert það mögulegt að láta ekki krónuna lækka, er það, að verð á sjávarafurðum hefur farið sihækkandi. Ef það fer að lækka, kemur auðvitað í ljós, að gengið er ekki orðið rétt. Það er um tvennt að velja: að greiða stórkostlega styrki til fiskvinnslustöðvanna eða bátanna úr ríkissjóði eða að lækka gengið og bera þannig uppi kostnaðinn, nema fara þá leið, sem bezt væri, en aldrei hefur tekizt að fara, og það er að fara lækkunarleiðina. En lækkunarleiðina er ekki hægt að fara nema lækka skattana. Ég hef ekki talað um fjárlögin núna, en ég er sannfærður um, að ef það væri tekið föstum tökum, væri hægt að stórlækka þá, en ríkisvaldið sjálft verður að ganga á undan með ráðdeild og sparsemi.

Það var nú kostur á að lækka einn lið fjárl., og ég var búinn að tala um það fyrir tveimur eða þremur árum, og það var til kennimannanna. Svo var skipuð n. í það mál. Hvað kemur út úr því? Ekki nokkur einasta lækkun, ekki ein króna, bara búinn til nýr sjóður, ef það á einhver hagræðing að fara fram, og prestunum á svo að halda áfram að fjölga í þéttbýli, en ef um einhvern sparnað er að ræða í dreifbýlinu, er myndaður einhver sérstakur sjóður. Þetta er nefnilega stefnan. Það má aldrei spara, aldrei sýna ráðdeild eða hagsýni í nokkrum sköpuðum hlut. Það á alltaf að hækka og hækka, og hækkunin hefur orðið svo ör, að þetta eru um 20% á ári. Segjum, að fólki fjölgi, og segjum, að þjóðartekjurnar hafi farið vaxandi, þannig að gjaldþolið hafi aukizt. En þetta getur ekki endalaust gengið. Og þó að gott árferði sé, megum við ekki alveg sleppa öllum hömlum af allri ráðdeild og allri sparsemi.

Ég er alveg sannfærður um, að það mætti taka flestalla liði fjárl. og spara. Það mætti víða fækka opinberum starfsmönnum. En það verður náttúrlega að hugsa jafnframt um, að vinnutilhögunin sé gerð eitthvað skynsamleg og að þessir menn verði að vinna, þeir mega ekki vera að dunda í vinnutímanum. En annaðhvort verður að gera, að reka þjóðarbúið af meiri ráðdeild og hagsýni en gert hefur verið eða það mun leiða til þess, að það verði fyrr eða síðar að lækka gengi krónunnar enn þá.

Hvers vegna er ríkisstj. að koma með þetta frv.? Ég er sannfærður um, að með þeirri aðferð, sem hún hefur þegar tekið upp, að greiða niður hækkandi kostnaðarliði, hún er þegar jafnvel farin að lækka vísitöluna með niðurgreiðslum, það er farið að greiða niður saltfisk, þá væru miklar líkur til, að henni takist að halda vísitölunni óbreyttri án nokkurra lagaheimilda. Hún hefur aðgang að Seðlabankanum. Það er ekki líklegt, að fólk geri mjög miklar kaupkröfur fram yfir kosningar. Í fyrsta lagi er aldrei hægt að segja um, hvernig vinnudeilur snúast, hvort það verður til pólitísks hagnaðar eða óhagræðis fyrir þá aðila, sem þær hefja. Það er aldrei hægt að fullyrða neitt um það. Fólkið í landinu fylgist náttúrlega með verðlagi. Það veit, að eins og stendur eru ekki miklar líkur til þess, að það fáist fram miklar kauphækkanir, þannig að ég geri ekki ráð fyrir, að fram yfir kosningar verði gerðar miklar kaupkröfur. Það hefur ekki

mikið breytzt verð á útlendum vörum, og með svipaðri stefnu og ríkisstj. hefur haft, með því að greiða niður hækkanir, og það getur hún visst tímabil, af því að hún ræður yfir Seðlabankanum, getur hún haldið því gangandi, álít ég, að það mundi takast fram yfir kosningar, þó að engin lög væru samþykkt. En hvers vegna kemur ríkisstj. með þetta? Hefur hún sjálf trú á því, að þetta muni hafa mikil áhrif? Ég held, að þetta sé eiginlega leiksýning hjá ríkisstj., sem sé sett fram á mjög hagkvæmum tíma, því að það eru ekki miklar líkur fyrir því, að farið verði fram á miklar kauphækkanir, a. m. k. ekki fram yfir kosningar, hvað sem síðar verður, og það er þess vegna ekki líklegt, að mikil breyting verði á vöruverði. En þegar komið er með svona frv., gæti þetta verkað sem dálitill áróður í kosningum. Og mér finnst það ekki nema skynsamlegt og eðlilegt, ef ríkisstj. álítur það, að hún komi með það. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til, að við séum að beita okkur, hvorki með né móti. Ég lít á þetta sem leiksýningu, klóklega framsetta og skynsamlega. Jafnvel þó að mér sé alveg ljóst, að þetta getur ekki haft nein úrslitaáhrif á verðbólguna í framtíðinni, finnst mér ekki vera nema eðlilegt og skynsamlegt af ríkisstj. vegna kosninganna að setja þetta svona fram. Áftur var það mjög klaufalegt hjá ríkisstj. fyrir síðustu bæjarstjórnarkosningar, — og ef hún hefði spurt mig ráða, hefði ég ráðið henni frá því, en hún gerir það því miður allt of sjaldan, — þegar hún fór að taka niðurgreiðslur af smjörlíki og fiski rétt fyrir kosningarnar, láta þetta snarhækka, húsmæðurnar öskuvondar. Það var náttúrlega miklu klóklegra að draga þetta þangað til eftir bæjarstjórnarkosningar og enn vitlausara að taka þessar niðurgreiðslur af fyrir kosningarnar og vera svo búinn að taka þær aftur upp eftir kosningarnar að einhverju leyti, enda satt að segja var ég ríkisstj. sammála um, að það er eiginlega dálítið vitlaust að vera að greiða niður smjörlíki, og fiskinn tel ég líka rangt að greiða niður. Hins vegar er álagning í smásölu hjá verzlununum alveg óhófleg í mörgum tilfellum á fiski, þannig að hún nær engri átt, og þar ætti ríkisstj. sannarlega að taka í taumana, því að þetta er selt fyrir tvöfalt, þrefalt verð miðað við það, sem fiskimaðurinn fær, þegar fiskurinn kemur upp úr sjónum, bara í milliliðakostnað, og jafnvel meira í sumum tilfellum.

Ég hef sannarlega ekki á móti því, að það sé hert á verðlagseftirlitinu, bara að ríkisstj. geri það. Sannleikurinn er sá, að þeir, sem koma frá öðrum löndum, hafa sagt mér dæmi um það, að það er til svo margfalt verð hér á vissum hlutum, að jafnvel þó að innflutningsgjöldin séu svona há og söluskatturinn bætist ofan á og há álagning, af því að kaupið er hátt hér á Íslandi og allir menn þurfa mikið til að, lifa af, dýrtíðin er mikil, finnst mér alveg óeðlilega hátt verð á ýmsum hlutum, og það væri sannarlega ástæða til þess, að ríkisstj. tæki vel á slíkum hlutum og eins að koma í veg fyrir alls konar svindl viðvíkjandi innflutningi, ef það væri mögulegt.

Við vitum, að það liggur orð á því, að það séu rangar faktúrur, sem koma, að Íslendingar fljúgi út og kaupi, íslenzku konurnar, og kaupi mikið af vörum erlendis og flytji þetta inn, tollfrítt vafalaust. Ég hélt, að það væri nú farið að líta betur eftir þessu en gert hafði verið. Það er ákaflega æskilegt, ef hægt er að taka fyrir slíkt. Ég er ekki að efa, að ríkisstj. er í hjarta sínu á móti öllu slíku. Ég veit, að það er ákaflega erfitt að koma í veg fyrir þetta, en það væri vafalaust æskilegt, að það væri reynt meira en gert hefur verið. En allt þetta gæti ríkisstj. gert án þessara laga.

Afstaða mín til þessa frv. er því sú, að ég tek þetta eins og smárevíu fyrir kosningar. Það gleður mig, ef ríkisstj. tekst að stöðva verðbólguna, satt að segja er hún búin að sprengja utan af sér fötin. Ég átti tal um þetta við Jónas Haralz. Hann sagði, að verðbólgan væri í sjálfu sér runnin út í sandinn. Ég sagði svona við hann: Ja, hún er búin að sprengja utan af sér fötin, segi ég. Hann eiginlega samsinnti því. Það er nefnilega ekki skilyrði til þess, að verðbólgan geti aukizt hratt, ef lækkandi verð er á vörum og stórminnkandi atvinna, eins og hefur verið núna, viðvíkjandi t. d. vinnunni í frystihúsunum. Og það leiðir af sjálfu sér, að þá fer að draga úr byggingarvinnu og öðru slíku. En ríkisstj. er náttúrlega alveg sjálfráð að því.

Það er engin ástæða til þess fyrir okkur að vera að deila um þetta frv. Ég satt að segja held ekki, að það geti orðið neitt til ills, en ef til vill verður það eitthvað til hagsbóta fyrir ríkisstj. í kosningunum, og þá er ekki nema mannlegt og eðlilegt, að hún leggi slíkt frv. fram. Ég er ekkert að lá henni það. Við mundum vafalaust gera það líka, ef því væri að skipta. En ef það er nóg bara að leggja fram frv. um verðstöðvun til þess að stöðva verðbólgu, er það náttúrlega alveg dæmalaust, að ríkisstj. skuli ekki vera búin að gera þetta fyrir lifandi löngu. Og ef íslenzku ríkisstj. tekst þetta, það sé nóg að leggja fram frv. um verðstöðvun og ríkisstj. ein hafi úrslitavald, skulum við segja, í verðlagsmálum, hvort sem það er heldur á landbúnaðarvörum, erlendum vörum eða jafnvel jaðrar við, að það eigi að vera í launamálum líka, þó að það sé ekki skýrt fram tekið, ekki ákveðið, er það náttúrlega ákaflega auðvelt, og þá gætu aðrar þjóðir farið að læra af okkur, við gætum farið að miðla þeim af vizku. Þá væri hægt að ráða við þennan erfiðasta hlut í efnahagslífinu fyrir þjóðir. Einmitt þar sem vel gengur, þar vill alltaf aukast verðbólgan. Þá gætum við kennt þeim aðferð, þessum stórþjóðum, hvernig ætti að fara að, bara með einu pennastriki að stöðva þetta allt saman, bara frv. um það, að verðbólga væri hér með stöðvuð. Og ef ríkisstj. tekst þetta til langframa með svona einföldum hætti, er ég sannarlega ekki að vilja vera á móti slíku. Ég hef alltaf óskað, að þessari

ríkisstj.. gengi vel, og ekki vinnur þjóðin við það, að allt gangi öfugt og illa, og ég vona, að þetta verði að einhverju gagni. En ég hef litla trú á því. Ég sé ekki ástæðu til að beita mér neitt á móti þessu frv. eða greiða atkv. á móti því, en ég hef ekki trú á því, að það komi að raunhæfum notum til langframa, þó að ég viti það, að ríkisstj. muni geta haldið vísitölunni nokkurn veginn óbreyttri með aðstoð Seðlabankans fram yfir næstu kosningar, ég efast ekkert um það. En það mundi hún geta án þessara l. Af þeim ástæðum, sem ég hef þegar tekið fram, læt ég þetta frv. afskiptalaust.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Allmiklar umr. hafa nú um sinn farið fram á Alþingi um frv. hæstv. ríkisstj. til heimildar til stöðvunar á verðlagi. Ég hef til þessa ekki lagt þar orð í belg, en þykir nú rétt að segja nokkur orð um málið, þegar það er hér til 2. umr., og mun ég þá í fyrsta lagi og aðallega í mínu máli gera grein fyrir viðhorfum verkalýðssamtakanna og Alþýðusambandsins til þessa máls. Um afstöðu Alþb. get ég vísað til framlagðra tillagna hv. 5. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar, og afstöðu Alþb., eins og hún er mótuð í nál. minni hl.

Þess var getið hér í framsögu málsins, að um þetta mál hefði verið rætt nokkuð við fulltrúa verkalýðssamtakanna. Þar mun aðallega hafa verið átt við fulltrúa frá Verkamannasambandi Íslands og einnig forseta Alþýðusambands Íslands. Þetta er rétt. Viðræður hafa átt sér stað um þessi mál, um kaupgjalds- og kjaramálin almennt, á þessu hausti, þar sem nú eru uppsagðir og lausir samningar, og einnig um úrræði til stöðvunar verðbólgu og dýrtíðar, eins og oft hefur borið á góma á milli hæstv. ríkisstj. og verkalýðssamtakanna á undanförnum árum. En þetta hefur af ýmsum verið lagt út þannig, úr því að vitnað var til þessara samræðna, að hér sé um samkomulagsmál að ræða á milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna. Slík útlegging á orðum hæstv. forsrh. byggist á algerum misskilningi. Hér er um ekkert samkomulagsmál milli ríkisstj. og verkalýðssamtaka að ræða, enda hafði ekki hæstv. forsrh. orð um það, að svo væri. Afstaða verkalýðssamtakanna um alllanga tíð, mörg ár aftur í tímann, hefur verið sú, að verðbólgan væri versti vasaþjófurinn, sem vasi verkamannsins yrði fyrir, þ. e. a. s. verðbólgan væri hinn mesti skaðvaldur launastéttunum í landinu. Og viðhorf verkalýðshreyfingarinnar hefur mótazt af þessari skoðun.

Það er alkunnugt, að þegar samkomulag tókst um uppgjör launamála vorið 1964 með hinu svokallaða júnísamkomulagi, var upphaf að ályktun verkalýðssamtakanna um launamál, sem beint var til ríkisstj., einmitt um viðleitni verkalýðssamtakanna til stöðvunar verðbólgu og dýrtíðar. Með leyfi hæstv. forseta, voru upphafsorð þessa samkomulags eða þessarar kjaramálaályktunar Alþýðusambandsins þá á þessa leið: „Á undanförnum árum hafa verkalýðssamtökin æ ofan í æ bent á hættuna af sívaxandi dýrtíð. Þau hafa skorað á stjórnarvöld landsins að beita sér fyrir stöðvun dýrtíðarinnar, en tryggja jafnframt næga atvinnu og sanngjarna hækkun á kaupmætti launa.“

Verkalýðssamtökin hafa alltaf, þegar þau hafa barizt fyrir bættum kjörum meðlimum sínum til handa, lagt á það áherzlu, að þau vildu meta sem kauphækkun hverja þá ráðstöfun, sem miði að lækkun verðlags eða öðru því, sem raunverulega færði vinnandi fólki kjarabætur. Verkalýðshreyfingin hefur því alltaf verið og er enn á móti verðbólguþróun í efnahagskerfinu og varar sterklega við afleiðingum hennar, bæði fyrir launþega og þjóðfélagið í heild. Ályktuninni lauk hins vegar með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþýðusambandið býður samstarf um lausn á hinum miklu vandamálum, sem við er að glíma í þessum efnum, þ. e. a. s. í dýrtíðar- og verðbólgumálunum. Það samstarf verður að byggjast á réttlátri afstöðu brýnustu hagsmunamála verkalýðsins, sem varða launa- og kjaramál, og að frjáls samningsréttur sé virtur.“

Ég hygg, að það verði varla gert skýrara í stuttu máli að marka afstöðu verkalýðssamtakanna vorið 1964 en gert er með þessum tilvitnunum í upphaf og endi á kjaramálaályktun alþýðusamtakanna 1964. Viðræður hófust svo við ríkisstj. þá á þessum grundvelli, þar sem hæstv. ríkisstj. lýsti strax yfir, að hún væri reiðubúin til að taka upp viðræður við verkalýðssamtökin á þessum grundvelli, og leiddi það til hins svokallaða júnísamkomulags. Ég get fullyrt, að það hefur engin breyting orðið á afstöðu Alþýðusambandsins og verkalýðssamtakanna til verðbólgu- og dýrtíðarmálanna, síðan þetta var tilkynnt hæstv. ríkisstj. Í samningum 1965 var byggt á þessari sömu afstöðu, og að loknum hvorum tveggja samningunum, 1964 og 1965, var því lýst yfir í málgögnum ríkisstj., að samið hefði verið með þeim hætti um kaupgjalds- og kjaramálin, að ástæðulaust ætti að vera að hleypa þeim kauphækkunum inn í verðlagið. Fyrir þessu liggja yfirlýsingar á prenti frá fleiri en einum hæstv. ráðh.

Þróun kaupgjalds- og kjaramála, sem alþýðusamtökin, verkalýðssamtökin hafa farið með, hafa því ekki verið skaðvaldurinn í þróun þessara mála, a. m. k. ekki tvö síðustu ár, því verður varla haldið fram, nema því aðeins að menn komist þá alveg í mótsögn við sjálfa sig að því er þetta snertir.

Því hefur verið haldið fram, að hæstv. ríkisstj. hafi haft allvíðtækar og fullnægjandi heimildir til stöðvunar verðbólgu og dýrtíðar á undanförnum árum í löggjöf og hafi hins vegar notað þær lítt. Ég er þeirrar skoðunar, að ef vilji hefði verið einbeittur í röðum hæstv. ríkisstj. að nota sér allar þær heimildir, sem verið hafa í lögum, til skeleggrar baráttu móti dýrtíð og verðbólgu, hefði mátt betur til

takast en niðurstaða hefur orðið um á undanförnum árum. Til gæzlu verðlagsins hefur hæstv. ríkisstj. einnig haft sérstaka n., verðlagsnefndina, og í henni meiri hl., eins og hér hefur verið vikið að, meiri hl. stjórnarsinna, og hefði það tæki átt að vera gagnlegt til þess að framkvæma vilja ríkisstj. í þessum málum. En því miður verður að segja, að meiri hl. ríkisstjórnarliðsins í þessari n. hefur ekki starfað á þann hátt, að ástæða sé til þess að lýsa fögnuði sínum yfir, að þar hafi verið haldið fast á málum með það fyrir augum að draga úr verðbólguþróun og stöðva dýrtíð. Því miður held ég, að þarna hafi miklu fremur verið rýmkað til um fyrir ýmsum þeim aðilum, sem ástunduðu að kræsja sér í stundarhagnað, með þá afleiðingu auðsæja, að dýrtíð hlyti að vaxa við hækkaða álagningu á vörum og þjónustu, og einnig að því er snertir ríkisvaldið sjálft með nýrri skattlagningu, hækkun söluskatts hvað eftir annað, hækkun á álagningu opinberra gjalda o. s. frv., o. s. frv. og að loka augunum fyrir hvers konar hækkunum á verðlagi innanlands, svo sem hækkun á raforku, hækkun hjá hitaveitu, hækkun á hvers konar innlendu gjaldi fyrir innlenda, veitta þjónustu. Þetta allt saman hefur verið eins og þræðir í vef til þess að skila dýrtíðarvoðinni sem lengstri og breiðastri, og niðurstaðan hefur líka orðið sú.

Hefur þá hæstv. ríkisstj. ekki átt við öflug félagssamtök að stríða í þessum málum? Ég þykist hafa gert alveg ljósa grein fyrir því, hver afstaða verkalýðssamtakanna hafi verið. En það vill svo til, að ég hef einnig í höndum bréf, sem Alþýðusambandinu hefur verið sent frá öðrum voldugustu samtökum, fjöldasamtökum þjóðarinnar, Sambandi ísl. samvinnufélaga. Hefur Samband ísl. samvinnufélaga þá verið andstæðingur þess, að unnið væri að stöðvun verðbólgu og dýrtíðar? Ekki virðist mér það eftir þessari samþykkt, sem ég hef hér fyrir framan mig núna frá s. l. sumri, frá aðalfundi Sambands ísl. samvinnufélaga að Bifröst í júnímánuði þessa árs, 1966. Ég skal ekki lesa þessa ályktun alla, en upphaf hennar og endi vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa. Þar segir í upphafi, þetta er ályktun varðandi efnahagsmál:

„Aðalfundur Sambands ísl. samvinnufélaga, haldinn í Bifröst 10. og 11. júní 1966, telur, að sívaxandi verðbólga stefni nú atvinnuvegum landsmanna og afkomumöguleikum almennings í bráðan háska. Framleiðslukostnaður hefur sífellt farið hækkandi á undanförnum árum, og er nú þegar komið svo, að hann er í ýmsum greinum orðinn hærri en það verð, sem fæst fyrir framleiðsluna á mörkuðum erlendis."

Síðan er vikið að því, að á sviði landbúnaðarins hafi aukinn verðbólgukostnaður þegar leitt til alvarlegrar tekjurýrnunar hjá bændum og með sama hætti megi nú fleiri og fleiri innlendar framleiðsluvörur lúta í lægra haldi á innlendum markaði í samkeppni við vörur, sem framleiddar eru í öðrum löndum, þar sem framleiðslukostnaður sé stöðugri. En niðurlagsorð þessarar ályktunar eru:

„Líklegasta leiðin til að stemma stigu við verðbólgunni telur fundurinn, að séu samstillt átök til þess að mæta vinnuaflsskorti og framkvæmdaspennu með meiri afköstum, aukinni tækni og bættu framleiðsluskipulagi, og ályktar, að brýnni nauðsyn beri nú en nokkru sinni til þess, að öll ábyrg þjóðfélagsöfl sameinist í voldugri sókn gegn verðbólgunni."

Mér virðist þessi ályktun síðasta aðalfundar Sambands ísl. samvinnufélaga taka af öll tvímæli um það, hver afstaða samvinnuhreyfingarinnar sé. Þar er skorað á öll ábyrg öfl þjóðfélagsins að sameinast í voldugri sókn gegn verðbólgunni, og hefði hæstv. ríkisstj. vel mátt taka þessi orð til sín og þakka fyrir, að þarna væri sterk hönd rétt fram til samstarfs í viðbót við verkalýðshreyfinguna til þess að ráða þessum miklu vandamálum til farsællegra lykta.

Það er áreiðanlegt, að ef hæstv. ríkisstj. hefur átt við einhverja sterka andstæðinga að etja í verðbólgu- og dýrtíðarmálunum, hafa það verið einhver önnur öfl en verkalýðshreyfing og samvinnuhreyfing, því að þær báðar er hægt að taka á þeirra eigin orðum og vitna til þess, að þessi samtök telji verðbólguþróunina einn mesta skaðvald almenningshagsmunanna í landinu og veiki grundvöll aðalatvinnuvega þjóðarinnar.

Þá kemur að því, hvort frv., sem hér liggur fyrir, sýni það og sanni, að nú hafi hæstv. ríkisstj. og sú verðlagsnefnd, sem áfram á að fara með þessi mál, tekið sinnaskiptum og sé nú ákveðin í því að taka upp bardagann við dýrtíðarófreskjuna og verðbólguóvættinn. Ég vil leyfa mér að minna á meginefni frv. og finnst því miður, að þar sé svo veiklega til orða tekið, að ég sé ekki, að þarna verði brotið blað með samþykkt þessa frv. Á það hefur verið bent, og það er rétt, að ríkisstj. fer nálega eingöngu fram á heimildir í þessu frv. Það fer því eftir því, hve vel menn treysta hæstv. ríkisstj. í þessum málum — og hljóta þá að byggja á reynslunni — til þess að nota heimildirnar til hins ýtrasta, svo að þær jafngildi því, að þar væri um fyrirmæli að ræða. En þegar við lítum á frv., sjáum við heimildirnar. Þær eru í flestum tilfellum dregnar í land aftur með orðinu „nema", með undanþágum. Í 1. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að ákveða, að eigi megi hækka verð á neinum vörum frá því, sem var, er frv. til þessara l. var lagt fyrir Alþ., nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda."

Þar er sem sé varnagli sleginn. Hvað mega þá yfirvöldin? Þau mega eigi leyfa neina hækkun á vöruverði. Þá kemur „nema" í næstu línu, nema þau telji hana óhjákvæmilega, svo sem vegna hækkunar á tollverði innfluttrar vöru. Þarna er nú komið tvisvar sinnum „nema" í 1. gr. Svo kemur í 3. gr. fjórum sinnum

„nema". Þetta er líklega orðið, sem oftast kemur fyrir í frv. Jú, ríkisstj. er í fyrsta lagi þar heimilað að ákveða, að álagningarstigar útsvara og aðstöðugjalds samkv. lögum og síðari breytingum á þeim megi ekki hækka frá því, sem ákveðið var í hverju sveitarfélagi 1966, nema með samþykki ríkisstj. Spurningin er, hvort það leyfi væri ófáanlegt. Í sömu línu: „Skal hækkun álagningarstiga þá ekki leyfð, nema ríkisstj. telji hana óhjákvæmilega." Og svo eru greinarskil, en þar kemur líka í fyrstu línu: „Ríkisstj. er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, sem um ræðir í síðari mgr. 1. gr. og í 1. nr. 51 frá 1964, megi ekki hækka frá því, sem var á árinu 1966, nema með samþykki ríkisstj." Og enn: „Skal hækkun á slíku gjaldi þá ekki leyfð, nema ríkisstj. telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila." Þarna er í þessum tveimur gr., 1. og 3. gr., komið um heimildir ríkisstj. til sex aðgerða og sex sinnum kemur: „nema" ríkisstj. eða hlutaðeigandi yfirvöld telji nauðsynlegt að nota ekki heimildina.

Ríkisstj. er heimilt, jú, það þýðir ekkert annað en það, að ríkisstj. má. Ríkisstj. má gera þetta og þetta. Og henni er svo sem ekki skylt að nota heimildina, því að það er sagt 6 sinnum: nema hún sjái ekki ástæðu til þess að nota hana. Ég get ekki hjá því komizt að segja, að mér finnst þetta vera frv. með alls konar varnagla í bak og fyrir, þó að þarna sé eingöngu um heimildir að ræða í meginlesmálinu og alls ekki neitt um það, hvað ríkisstj. skuli skylt að gera í verðlags- og dýrtíðarmálum. Útgöngudyrnar til þess að aðhafast ekkert eru margar og virðast að ýmsu leyti standa upp á gátt.

Þeir aðilar, sem einmitt eins og Alþýðusambandið hafa áhuga á því, að herferðin gegn dýrtíðinni beri árangur, vilja auðvitað ákveðna löggjöf, sem tryggi það nokkurn veginn, tryggi það eins og ein löggjöf getur tryggt það, að framkvæmdin dragist ekki úr hömlu og framkvæmdin bregðist þannig vonum þeirra manna, sem vilja stöðvun dýrtíðar. En þetta frv. er því miður ekki til þess fallið að skapa slíka vissu. Það er miklu fremur til þess fallið að veikja trú manna á, að ætlunin sé að kveða dýrtíðina niður með öllum hugsanlegum ráðum.

Í grg. hæstv. ríkisstj. með frv. er bent á, hvað hún hafi þegar gert til þess að hafa hemil á vísitölunni. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Í þessu skyni ákvað ríkisstj. að greiða niður hækkun þá á búvöruverði, sem ella hefði orðið í septembermánuði s. l., og hefur hún síðan gert ráðstafanir til lækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar niður í það, sem hún var 1. ágúst s. l."

Það er rétt, ríkisstj. greip þarna inn í og lét hækkun búvöruverðsins frá 1. sept. ekki koma til framkvæmda og gerði það með aukinni niðurgreiðslu. Annað, sem ríkisstj. tíundar, að hún hafi gert núna á liðnu hausti til þess að stemma stigu við vísitöluhækkun, er þetta: Að niðurgreiðslur hafi verið auknar í síðasta mánuði og fjölskyldubætur hækkaðar frá og með 1. nóv. s. l. Hvort tveggja er þetta rétt. En hið fyrrnefnda, að auka niðurgreiðslurnar til þess að halda vísitölunni í því, sem hún var 1. ágúst, og fiktið með fjölskyldubæturnar er greinilega gert til að hygla mönnum með auknum fjölskyldubótum, sem nema lægri upphæðum en það mundi kosta ríkissjóð að láta dýrtíðina fara sinn gang og bera þann kostnað, sem af hækkun vísitölunnar leiddi. Það er því miður viðkunnanleg aðgerð, þetta síðarnefnda.

Þetta eru aðgerðirnar. Þær eru í þessu þrennu fólgnar. Það játa ég, að sé þetta einungis gert með tekjuafgangi ríkissjóðs, þannig að ekki komi til nú eða síðar innheimta skatta vegna þessara niðurgreiðslna, er verið að verja skattpeningi, sem ríkið hefur þegar innheimt, til þess að halda vísitölu og dýrtíð við ákveðið mark, stöðva vöxt hennar, og það varðar launþegana í landinu eins og aðra og ekki síður. En ef þetta ætti að standa um lengri tíma og ríkissjóður yrði vegna þessara ráðstafana að innheimta skatta, er þetta ekki orðið nema sýndarráðstöfun. Þá væri komið að skuldadögum, og það væru ekki sízt launþegarnir í landinu, sem kæmu til með að borga brúsann, og þá væri þetta lítils eða einskis virði, — einskis virði nema meðan hægt er að borga þetta af tekjuafgangi ríkissjóðs án þess að innheimta ný gjöld af skattborgurunum.

Hér segir einnig í grg., að beiting þeirra heimilda, sem ríkisstj. á að veita samkv. frv., byggist á þeirri forsendu, að eigi verði kauphækkanir, er geri verðstöðvun óframkvæmanlega. Sumir hafa viljað segja, að í þessari síðustu setningu væri lögbinding. Ég tel mig ekki lesa það út úr frv., því að viðbótin segir: „Er geri verðstöðvun óframkvæmanlega." Ég lít svo á, að í þessu felist sú yfirlýsing af hendi hæstv. ríkisstj., að kauphækkanir geti átt sér stað, ef þær séu innan þeirra marka, sem ríkisstj. telji að ekki bregði fæti fyrir verðstöðvunarviðleitnina. Og ef það er rangur skilningur, ef þetta á að túlkast sem fastbinding á kaupi, vænti ég þess, að það komi fram í framhaldsumr. um málið. Ég tel þetta ekki vera kaupbindingarfrv. og vil láta í ljós ánægju mína með það, að hæstv. ríkisstj. með því virðist vilja virða samningsrétt verkalýðssamtakanna. Hitt er vafalaust, að mikið svigrúm mundi hæstv. ríkisstj. varla gefa til kauphækkana, ef hún væri í alvöru að framkvæma verðstöðvun. Enda skal ég fúslega játa það, að eigi að framkvæma verðstöðvun í alvöru og kaupgjalds- og launamál séu á ferð og flugi í þjóðfélaginu, þá sér hver maður, að það samrýmist ekki. Hver sá, sem segði það, væri opinber hræsnari og væri að bera fram ósatt mál. Verðstöðvun og algert frjálsræði í verzlun og viðskiptum, kaupgjaldsmál og launamál á ferð og flugi, það rækist hvað á annað og gerði alla framkvæmd óhugsanlega. Þetta get ég alveg eins játað, þó að ég tali hér fyrir munn verkalýðshreyfingarinnar. Ég þætt-

ist einmitt sjá, að ríkisstj. meinti hreint ekkert með sínu frv., ef hún héldi því fram, að hún gæti, meðan hún væri að stöðva verðbólgu og dýrtíð, unað því, að kaupgjald væri á hraðri hækkunarleið.

Ég held, að það sé hvort tveggja jafnljóst, að verðstöðvun verður ekki framkvæmd með algeru frjálsræði kaupsýslustéttanna um verðlagningu og álagningu og ekki heldur að því er snertir fullkomið frjálsræði til hækkunar kaupgjalds. Þar verður áreiðanlega, og það gerir hæstv. ríkisstj. sér ljóst, — þar verður annaðhvort að beita ákveðnum fyrirmælum eða leita samkomulags, meðan væri verið að vinna ærlega að framkvæmd þessa máls, og ríkisstj. mætti í raun og veru, að því er samstarfið við verkalýðssamtökin og samvinnuhreyfinguna í þessum málum snertir, vitna til fyrri yfirlýsinga.

Ég tel, að fram á það hafi verið sýnt í þessum umr., að kaupsýslustéttirnar mættu sæmilega við una, þó að það væri gert meira, ef um verðstöðvunarstefnu í framkvæmd væri að ræða, en banna hækkanir frá því, sem nú er. Ég álít, að kaupsýslustéttirnar, ef þær vilja vera þátttakendur í baráttu á móti vaxandi dýrtíð, ættu hiklaust að sætta sig við, að allsherjarendurskoðun færi fram á álagningarmálunum í landinu, og þar sem álagning væri komin umfram nauðsynlega rekstrarþörf í viðskiptunum, ættu þessar stéttir að sætta sig við lækkun. Það er áreiðanlegt, að það verður við ærin vandkvæði að stríða, ef á að framkvæma verðstöðvun í landinu og hækkanir á ýmsum sviðum óhjákvæmilegar, og yrði því að notfæra til ýtrasta þá möguleika, sem kynnu að vera á einstökum sviðum til þess að færa verðlag niður frá því, sem nú er, og þá vitanlega þar með að þrengja að þeim aðilum, sem þar ættu hlut að máli. Það þýðir ekkert að halda áfram frelsisgaspri í þessum málum í allar áttir, ef alvara er á ferðum með það að framkvæma verðstöðvun. Hún gerist ekki af sjálfu sér, og hún hlýtur að koma við einhverja í þjóðfélaginu. Og þar geta hvorki kaupsýslustéttir né launastéttir beðizt undan.

Ég tel það einn af mörgum vanköntum þessa frv. í viðbót við það, sem ég hef þegar gert grein fyrir, að mér finnst það í allri sinni byggingu allt of veikt til þess að tákna það, að hæstv. ríkisstj. hafi snúið frá villu síns vegar í dýrtíðarstefnunni og ætli nú að taka hörðum höndum á því vandamáli. Ég tel, að þar mætti alls ekki vanta ákvæði um húsnæðismálin. Það er rétt, að húsnæðismálin hafa ekki heyrt undir verðlagseftirlit fram að þessu, og þyrftu því að koma fram ný lagafyrirmæli um það að taka hart á óhóflega hárri húsaleigu og taka hart á okri í sambandi við sölu bæði nýbyggðra og eldri húsa. Það er á almæli, að þeir, sem byggja og selja hús, telja það nokkurn veginn réttmætt að taka 100—200 þús. kr. í eigin hlut umfram raunverulegan byggingarkostnað, og slíkur ágóðahluti til þeirra, sem byggingar framkvæma, sé í söluverði íbúða. Þetta tel ég vera óhóflegt. Vitanlega eiga þessir menn að fá hóflegt gjald fyrir sína framkvæmd, sína vinnu í húsnæðisbyggingum, en þarna er um fjárplógsstarfsemi að ræða, sem stappar nærri okri. Og þetta er sá liðurinn, sem sárast kemur við pyngju hins venjulega manns.

Ég tel því, að till. okkar Alþb.-manna, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, að húsnæðismálin yrðu að falla inn í verðstöðvunarfrv., ef ærlega væri meint, eigi hinn fyllsta rétt á sér og sé jafnvel stærra atriði en flest annað varðandi verðstöðvun eða lækkunaraðgerðir, þar sem um óhóflegan ágóðahlut sé að ræða.

Í 2. gr. frv. segir, og það virðist vera nokkuð ákveðið orðalag, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur á tímabilinu, frá því að frv. til þessara l. var lagt fyrir Alþ. og þar til þau öðluðust gildi, verið ákveðin verðhækkun á vöru eða seldri þjónustu, sem fer í bága við ákvörðun ríkisstj. á grundvelli heimildar samkv. 1. gr., og er þá slík verðhækkun ógild og hlutaðeigandi seljandi er skyldugur til að lækka verðið í það, sem var á þeim tíma, er frv. til þessara l. var lagt fyrir Alþ.“

Ég segi, hér virðist vera allákveðið orðalag og bönnuð sérhver verðhækkun og hana skal færa til rétts vegar aftur fyrir sig, ef einhver hefur hækkað verðlag á vöru, frá því að frv. kom fram. En ég þykist hafa fengið áreiðanlega vitneskju um það, að jafnvel þetta orðalag, sem þarna virðist þó vera allákveðið, nægi ekki. Ég var að ganga hér út úr þinghúsinu daginn sem frv. var lagt fram, þá mætti ég þar manni, sem hafði orð á því að fyrrabragði við mig: Ja, nú á að fara að stöðva allt og er nú tími til kominn. — Jú, ég kvað svo vera, frv. væri komið fram í þingsölunum. Já, gott og blessað, en í gær fékk ég tvö bréf, tvær kveðjur, sagði maðurinn. Fyrra bréfið var tilkynning um 30% hækkun á húsaleigu. Síðara bréfið var um 100% hækkun á lóðaleigu. Og mér duldist ekki, að maðurinn taldi þetta vera verðhækkanir, sem settar væru fram á síðustu stundu, rétt áður en frv. væri lagt fram, af aðila, sem hefði fengið vitneskju um, að frv. væri að koma. Ef slíkt gæti nú gerzt varðandi lóðaleigu og húsaleigu, er mér gjarnt á að ímynda mér, að ýmiss konar verðmiðar hafi verið á hreyfingu í verzlunum dagana áður en frv. kom fram og þar kynni jafnvel að hafa verið hækkað verð í ýmsum tilvikum, og sjá allir, að frv. missir að nokkru leyti marks, ef ekki væri hægt að fyrirbyggja slíkar verðhækkanir, rétt áður en frv. sá dagsins ljós. Mér virðist því, að ein breyting jafnvel á þessu ákveðnasta ákvæði frv. væri tímabær og þyrfti að ná samþykki Alþingis, eitthvað á þessa leið: Sérhverjar þær verðhækkanir, sem með einhverjum hætti má rekja til væntanlegs frv. ríkisstj. um heimild til verðstöðvunar, skulu einnig bannaðar og færðar til fyrra horfs. — Það er vitanlegt, að þeir, sem svona haga sér, hvaða aðilar sem það eru, einstaklingar eða opinberir aðilar, og því verra, ef það eru opinberir aðilar, sem hlaupa svona til til þess að koma í veg fyrir tilætlað-

an tilgang lagasetningar á Alþingi og berjast þannig fyrir hækkaðri dýrtíð, þegar þeir eru að ota sínum tota, þeir eiga auðvitað ekki að komast áfram með það. Þeir eiga jafnvel síður að komast áfram með það en þeir, sem bannað er að hækka alla þjónustu og allt verðlag frá þeim degi, að frv. sá dagsins ljós, því að þessir fara með klækjum og eiga ekki að komast áfram með það.

Mér finnst það skipta öllu máli fyrir verkalýðshreyfinguna að hugleiða það, hvort nú sé útlit fyrir, að ríkisstj. ætli að taka verðstöðvunarmálin svo alvarlegum tökum, að því megi treysta, að þar sé ekki bara um orð innantóm að ræða, heldur megi öruggt telja, að framkvæmd fylgi og að ríkisstj. búi sér þannig í haginn með lagasetningu, að sterkar líkur séu fyrir því, að framkvæmd takist. Þetta varðar verkalýðshreyfinguna alveg sérstaklega sökum þess, að ef hún á að vera aðili að framkvæmdinni, þá er til þess ætlazt, að hún geri ráðstafanir til þess að vera ekki á ferð og flugi með kaupgjaldið í trausti þess, að verðlagið hlaupi ekki upp á við. Allt er undir því komið fyrir verkalýðshreyfinguna, að framkvæmdir bresti ekki, og því eðlilegt og rökrétt, að hún telji nauðsynlegt, að allar heimildir til verðstöðvunar séu sem ótvíræðastar og öruggastar og að vel sé um það búið, að öll framkvæmdin sé í höndum þeirra manna, sem örugglega megi treysta, að ætli sér að hamla á móti verðbólguþróun og dýrtíð. Ég held, að ef þessar forsendur væru fyrir hendi, að við í verkalýðshreyfingunni teldum sýnilegt, að nú ætlaði ríkisstj. að láta hart mæta hörðu í verðbólgu- og dýrtíðarmálum og fyrirbyggja verðhækkanir á allri vöru og þjónustu og á öllum sviðum, banna hækkun hjá sveitarfélögum, á útsvörum og auðvitað ekki setja neina nýja skatta á landslýðinn, meðan á verðstöðvuninni stæði, þá mundi verkalýðshreyfingin ekki vilja í mótsögn við allar sínar fyrri yfirlýsingar verða til þess að leggja stein í götu framkvæmdarinnar. En vitanlega, ef henni finnst málið allt vera þannig, að verðlag eigi að hlaupa upp á við hindrunarlítið eins og til þessa, þá vill hún ekki láta hafa sig að þeim leiksoppi að stöðva kaupgjaldið eitt. Slíkt væri fjarstæða, og til þess væri enginn siðferðilegur grundvöllur að gera slíkar kröfur til hennar. Verði hins vegar reyndin sú, að heimildir frv. verði ekki notaðar eða framkvæmdin mistakist, t. d. af því að aðrir aðilar komi í veg fyrir rétta framkvæmd, þá hlyti verkalýðshreyfingin að telja sig lausa allra mála, og kaupgjaldið yrði þá vitanlega eins og hingað til að fara í kjölfar verðhækkana, og það yrði að hafa þær afleiðingar fyrir framleiðsluatvinnuvegina, sem verða vildi. En sannleikurinn er sá, að atvinnuvegirnir og launastéttirnar eiga mest í húfi, að takist að draga úr verðbólgu og dýrtíð.

Það er nú nærri því ofmælt að taka sér það í munn, að það sé innan ramma hins mögulega að stöðva verðbólgu og dýrtíð. Það held ég í raun og veru sé ekki hægt. Ég held, að við mættum þykjast góðu bættir, þykjast ná góðum árangri, ef við gætum dregið svo úr þróun verðbólgu og dýrtíðar, að við værum nokkurn veginn samstiga okkar aðalviðskiptaþjóðum, og það væri takmarkið, sem við ættum að setja okkur, fremur en að nefna það, sem við vitum að er lítt eða ekki framkvæmanlegt, að stöðva hvort tveggja, verðbólgu og dýrtíð. Og svo mikið er víst, að með þeim aðgerðum, sem ég nefndi áðan og ég viðurkenni að ríkisstj. hafi gert á s. l. hausti til stöðvunar á hækkun vísitölu, þá er þar í engu tilfelli um að ræða aðgerðir, sem hafi tekið fyrir vöxt verðbólgunnar.

Það er í samræmi við það, sem ég nú hef sagt, sem verkalýðshreyfingin leggur á það áherzlu, að heimildir handa hæstv. ríkisstj. í lagaformi séu sem ákveðnastar, til þess að hún geti örugglega staðið við sín fyrirheit í verðstöðvunar- og dýrtíðarmálum. Mér finnst það því skjóta skökku við, að hæstv. ríkisstj. skuli fara fram á hinar veikustu heimildir, sem allar eru þannig lausar í böndum, að það getur vel svo farið, þó að allar séu notaðar, að hæstv. ríkisstj. geti ekki komið stöðvuninni fram. Og þá mætti hún sjálfri sér um kenna, ef hún hafnar því að fá sem öruggasta og bezta aðstöðu í stöðvunarbaráttunni, en vill hafa heimildirnar sem rýrastar og losaralegastar, sem getur orðið til þess að hana skorti heimildir til þeirra átaka, sem þarna verður áreiðanlega þörf á, ef árangur á að nást. Mér finnst það líka í viðbót við það, sem ég hef áður drepið á í þá átt, að frv. sjálft sé ekki sannfærandi um alvarlegar aðgerðir, sem fram undan séu í verðstöðvunarmálum, þá finnst mér það slæmt teikn, að fjárlfrv. hér á hv. Alþingi skuli hækka um eða yfir 20% og að fyrsta fjárhagsáætlun, sem frétzt hefur um, fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, skuli einnig hækka um 20% eða þar um bil frá því í fyrra. Þetta eru slæm teikn um, að þessir aðilar, Alþingi sjálft undir forustu hæstv. ríkisstj. og Reykjavíkurborg, séu komnir í verðstöðvunarfötin.

Það er að því vikið í grg. frv., að það sé fram borið, þetta frv., vegna erfiðleika sjávarútvegsins, framleiðsluatvinnuveganna, og virðist vera hugsað sem úrbót í því efni. Mér finnst síður en svo of fast að orðið kveðið að því er þetta snertir, bæði í nál. og grg., en orðalagið er á þá leið, að framleiðsluatvinnuvegirnir, útflutningsatvinnuvegirnir séu ekki færir um að taka á sig kostnaðarhækkanir. Það er víst alveg áreiðanlega rétt. Segir þetta bara nóg? Segir þetta sannleikann um stöðu útflutningsatvinnuvegana? Dugir verðstöðvunin til þess, að þeim sé borgið, án þess að til fjárhagsaðstoðar í hundruðum milljóna þurfi að koma? Og þá vaknar spurningin: Ef til þess þyrfti að koma, yrði það ekki að gerast með nýrri skattálagningu á þegnana og mundi það ekki hafa dýrtíðarverkanir í för með sér?

Mér er kunnugt um, að það eru afstaðin þing fleiri samtaka en Alþýðusambandsins, og er myndin í niðurstöðum á slíkum þingum

dregin upp þannig, að ef nokkur bátur eigi að fara á flot um n. k. áramót og hefja veiðar, þá verði fiskverð að hækka um a. m. k. 35%, en þar með sé þó ekki öllum vandanum lýst, því að hraðfrystihúsin, sem í flestum tilfellum þurfa að kaupa fiskinn, vanti 20% til að geta greitt núverandi fiskverð, svo að mér virðist, að eftir þessu muni sjávarútvegsinn eða hraðfrystihúsin vanta um 55% til þess að hafa rekstrargrundvöll. Ef þetta er rétt mynd og ekki ýkt af samtökum útflutningsatvinnuveganna, þá virðist mér, að verðstöðvunarfrv. leysi ekki þeirra vanda og það hilli undir nýja skattlagningu þegnanna, sem vafalaust hlyti að leiða af sér aukna dýrtíð, aukna byrðar á þegnana.

Ég hefði haldið, að forsendan fyrir þessu frv., að það sé flutt út úr neyð, af því að framleiðsluatvinnuvegirnir séu í þeirri þröng sökum verðhækkunar, vegna þess að verðhækkanir séu ekki lengur fyrir hendi á aðalframleiðsluvörum okkar á heimsmarkaðinum og verðlækkanir í einstökum tilfellum, sé byggð á röngum grundvelli. Ég álít, að það eigi ekki að þurfa að neyða, hvorki hæstv. ríkisstj. né aðra, til þess að ganga út í bardaga gegn verðbólgu og dýrtíð. Og ef verðstöðvun hefði t. d. verið gerð fyrir hálfu öðru ári til tveimur árum og útflutningsatvinnuvegirnir fengju að njóta þeirra verðhækkana undir verðstöðvun, sem síðan hafi átt sér stað, þá væri vafalaust nú útlitið þannig, að útflutningsatvinnuvegirnir gætu staðið á eigin fótum. Verðstöðvunarframkvæmdir eru því í ótíma, þegar þær eru orðnar neyðarráðstöfun, en geta verið hin skynsamlegasta aðgerð fyrir atvinnulífið og launastéttirnar, einmitt ef það er gert í tíma, áður en í óefni er komið.

Ég skal þá að lokum míns máls víkja að þeirri kjaramálasamþykkt, sem Alþýðusambandsþingið síðasta gerði. Sú ályktun er langt mál, og skal ég ekki þreyta þingheim eða hæstv. forseta með því að lesa hana. Ég vil hins vegar gera grein fyrir efni hennar með því að lesa bréf, sem að undangengnum umr. í miðstjórn Alþýðusambandsins um dýrtíðarmálin, einmitt eftir að verðstöðvunarfrv. hafði komið fram, var ákveðið að senda hæstv. ríkisstj. til þess að gera eins ljósa og unnt væri afstöðu Alþýðusambandsins til þessa máls. Og það bréf dregur saman efni launamálaályktunar þingsins og undirstrikar viss atriði, þrjú meginatriði í kjaramálaályktun Alþýðusambandsþings. Þetta bréf til hæstv. ríkisstj., sem hún ætti að hafa fengið nú fyrir helgina, er með leyfi hæstv. forseta á þessa leið:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands sendir hæstv. ríkisstj. hér með ályktun þá um kjaramál, sem 30. þing Alþýðusambandsins samþykkti. Í ályktun þessari er í 7 töluliðum gerð grein fyrir þeim þjóðfélagsaðgerðum, sem gera eigi mögulegar þær kjarabætur, sem verkalýðshreyfingin nú leggur höfuðáherzlu á að ná fram, nefnilega styttingu vinnutímans án skerðingar tekna og aukningu kaupmáttar vinnulauna með það að markmiði, að núverandi heildartekjur náist með dagvinnu einni saman. Þá vekjum vér sérstaklega athygli á, að auknar ráðstöfunartekjur verkafólks nú eru að miklu leyti fengnar með lengdum vinnutíma og greiðslum umfram almenna kjarasamninga, en aðeins að minni hluta með hækkun kaups skv. kjarasamningum stéttarfélaga og launabótum vegna styttingar dagvinnutímans. Nú eru blikur á lofti um, að atvinnulífið kunni að dragast saman í vaxandi mæli, en slíkt mundi skv. framansögðu geta valdið stórfelldri skerðingu á lífskjörum vinnustéttanna. Með tilliti til þess leggur verkalýðshreyfingin þunga áherzlu á, að í komandi samningum verði raungildi heildartekna tryggt, þótt tekjur af yfirvinnu kynnu að skerðast. Síðast, en ekki sízt, er í ályktuninni skýlaus yfirlýsing um stuðning verkalýðssamtakanna við sérhverja raunhæfar aðgerðir, er geti dregið varanlega úr dýrtíð og verðbólgu, styrkt grundvöll höfuðatvinnuveganna og tryggt launþegum réttláta hlutdeild í þjóðartekjum. Er þetta staðfesting á margyfirlýstri stefnu verkalýðssamtakanna í dýrtíðarmálum. En ekkert er fjær sanni en að verkalýðshreyfingin leggi með þessu blessun sína yfir sýndartilburði og yfirbreiðsluaðgerðir, sem ekki grípa á sjálfu verðbólguvandamálinu, heldur miðast við það eitt að halda skráðri vísitölu í skefjum á yfirborði. Við slíkum vinnubrögðum í þessu erfiða þjóðfélagsvandamáli varar verkalýðshreyfingin alvarlega og tekur afstöðu gegn hvers konar haldlausum kákráðstöfunum. Verði reyndin sú um framkvæmd á frv. ríkisstj. til laga um heimild til verðstöðvunar og því fáist ekki breytt í raunhæfara horf með þeirri afleiðingu, að dýrtíðin verði ekki stöðvuð, lýsir verkalýðshreyfingin ábyrgðinni á því á hendur ríkisstj. einni saman.“ Og þar með endaði þetta bréf til ríkisstj.

Ég held, að það sé öllum ljóst, að með þessu bréfi og með ályktun Alþýðusambandsþingsins er af hendi verkalýðshreyfingarinnar farið fram á kjarabætur, aðallega í formi stytts vinnutíma og einnig nauðsynlegra lagfæringa á kaupi til að tryggja núverandi tekjur. Einkanlega er lögð á það áherzla, að tekjuskerðing verði ekki, þó að yfirvinna dragist saman, heldur færist það þá yfir á dagvinnutímann. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj., sem nú hefur haft þetta bréf og ályktunina í heild til athugunar, telur, að þessi stefna ríði í bága við verðstöðvunarviðleitni hennar, en ég hefði haldið, að þessi stefna sé í beinu framhaldi af markaðri stefnu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar vorið 1964, þegar samkomulag tókst, og margvíslegt samstarf hefur verið síðan í ýmsum málum milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. Ég held, að þarna sé mörkuð stefna, sem er í beinu áframhaldi af því. Og þó að við engan veginn getum unað því, að því sé slegið föstu, að laun verði óbreytt, ef verðstöðvunarstefnan yrði framkvæmd, þá teljum við, að launa- og kjarabætur verkafólks yrðu framkvæmdar í samræmi við yfirlýsta stefnu okkar, þrátt fyrir

það þótt að verðstöðvun væri stefnt, þ. e. a. s. verðstöðvun á þann veg, að við stígum ekki miklu stærri skref í dýrtíðarmálunum en allar þjóðir í kringum okkur, því að í því liggur ógæfan. Það væri vissulega góðu marki náð, þó að við næðum aðeins því takmarki að draga úr hraða verðbólgu- og dýrtíðarþróunar, þannig að við yrðum nokkurn veginn samstiga okkar viðskiptaþjóðum.

Ég skal svo sem ekki fjölyrða meira um þetta mál nú, en vil að lokum bera fram nokkuð þýðingarmikla fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., og hún er á þá leið: Er það skoðun hæstv. ríkisstj., að hún með því að leggja fram þetta frv. til verðstöðvunar, eins og hún kallar það, hafi valið um leiðir og telji, að ef verðstöðvunarleiðin takist, verði ekki um það að ræða, að hæstv. ríkisstj. fari gengislækkunarleið, — stjórnin hafi með þessu valið um leiðir, segjandi sem svo, að á gengislækkunum höfum við ekki trú, þó að við höfum áður gripið til þess úrræðis tvisvar, og viljum nú heldur reyna af alefli að fara verðfestingarleiðina? Ég tel, að eðli málsins lægi nokkuð ljósara fyrir þingheimi, áður en við tökum endanlega afstöðu til þessa máls, ef við þessu kæmu skýr svör. Þá er náttúrlega mikið undir því komið, á hvern veg þau væru. En ég legg áherzlu á það, að verðstöðvunarfrv., ef því fengist breytt í það horf, sem við Alþb.-menn leggjum til, væri orðið mun líklegra til að vera alvarlega meint, og ég teldi líka miklu meiri líkur til þess, að verðstöðvun kynni að takast, ef því væri breytt í það horf. En í þessu formi, sem það er nú, sýnist mér, að það sé með örfáum undantekningum á þann veg, að ríkisstj. hafi litlu fleiri eða róttækari heimildir í verðstöðvunarmálinu en hún hefur nú þegar, og gæti jafnvel tekið undir orð síðasta hv. þm., sem taldi að væri ef til vill um „kómediu" setta á svið með tilliti til kjördagsins í vor að ræða en minni alvöru. Ég vil þó ekki staðhæfa, að þetta sé tilgangurinn með frv. Ég vildi óska þess, að alvara væri á bak við og hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að nota allar heimildir og beita öllum ráðum til þess að stöðva verðbólgu og dýrtíð, því að það væri áreiðanlega ein bezta kjarabótin, sem launastéttirnar gætu fengið, ef það mætti takast til fulls. Og þó að of seint sé fyrir útflutningsatvinnuvegina til þess að bjarga þeim, þá hygg ég, að það sé rétt, að þeir þola ekki aukin rekstrarútgjöld. Þeir eru þannig á vegi staddir eftir 7 ára viðreisn, því miður.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. „Það er með verðbólguna eins og syndina, flestir kvarta undan henni, en nærri því enginn gerir nokkuð á móti henni. Ástæða er til að ætla, að flestum vegni sæmilega vel í sambúð við hana. Öllum þykir minni verðbólga en er vera til góðs, en enginn vill eða getur borgað það, sem kosta mundi að draga úr henni, af því að menn grunar, að hinir séu ekki fúsir til að gera það af sinni hálfu. Af því leiðir breytingar á samningum, sem ákafir bardagamenn gegn verðbólgunni standa fyrir, menn, semýta fyrst undir kostnaðarverðbólguna og búast síðan skjaldbrynju móti tilfinnanlegum aðgerðum af hálfu ríkis og stjórnmálamanna. Afleiðing af öllu þessu er sú, að sjaldan er gripið til verulega áhrifamikilla ráða gegn verðbólgu, nema mjög mikil efnahagsvandamál blasi við, eins og gjaldeyrisskorturinn nú í Englandi, eða vegna þess að erfitt er að selja framleiðsluvöru erlendis, af því að hún er orðin of dýr í samkeppni við aðra vöru."

Þetta, sem ég hef nú sagt, gætum við Íslendingar sennilega vel tekið undir allir, ef við vildum segja okkar hug eins og hann er, en þetta er ritað af sænskum fræðimanni og er birt í síðasta hefti af „Nordisk kontakt" og lýsir ástandinu í Svíþjóð, að því er þarna er sagt. Nú vitum við, að verðbólgan þar er tiltölulega minni, ég skal ekki fara út í að rekja orsakir þess, en hér er um vandamál að ræða, sem með ýmsum hætti þjáir nú ýmsar eða flestar þjóðir, þar sem frjálsræði ríkir, og erfitt hefur reynzt að finna fullnægjandi lausn á.

Ég skal ekki fara langt út í að ræða það, sem hv. þm. Framsfl., samþm. úr Norðurlandskjördæmi vestra, sögðu. Þeir ímynduðu sér, að þeir væru hér í revíu, og léku sín hlutverk alveg prýðilega og voru eins og trúðar báðir tveir og ættu skilið orðu fyrir, a. m. k. annar. En látum það eiga sig.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði mikið úr því, að stjórnin ætlaði að reisa sér hurðarás um öxl með því að leggja ætti undir hennar ákvörðun samþykki á verðhækkunum. Hann þarf nú ekki annað en halla sér að sínum sessunaut, hv. 5. þm. Austf., og fá hjá honum upplýsingar um það, að sams konar ákvæði var í lögum frá því seint í ágúst 1956 til áramóta það ár, án þess að sú stjórn, sem þá sat að völdum, yrði fyrir þær sakir óstarfhæf. Hún vann ákaflega mörg verk á þessum haustmánuðum. Það kann að vera, að ég vildi, að hún hefði haft öðru að sinna en að vinna sum þau verk, það er annað mál, en það er alveg víst, að þetta ákvæði varð ekki til að torvelda henni störfin. Það ákvæði, sem hv. þm. gerði sem sagt mest gabb að, það var tekið úr brbl., sem vinstri stjórnin setti hinn 28. ágúst 1956. Það má efast um, hver nauðsyn sé á slíku ákvæði, vegna þess að segja má, að ríkisstj. hafi þetta nokkuð hvort eð er í sinni hendi. En þar sem hér er um nokkra ólíka aðila að ræða og eðlilegt, að þess sé gætt, að samræmi sé á milli, og til frekari áherzlu þess, að engar óþarfar verðhækkanir séu samþykktar, þótti rétt að taka þetta ákvæði skýrt fram. Þetta var hið eina efnisatriði, sem kom fram hjá þessum hv. þm.

Ég gerði þó nokkurn mun á milli, vegna þess að hv. 5. þm. Norðurl. v. sagðist þó ekki ætla að taka þátt í atkvgr., að því er mér skildist, en hans virðulegi samþm. sagðist einmitt ætla að greiða atkv. með málinu af því, að hann taldi það svo fráleitt! Ég þarf ekki frekar að eiga orðaskipti við slíka herra.

Það var mjög ólíkt, sannast að segja, að hlusta á hv. þm. Alþb. tala um þetta mál. Þeir töluðu báðir um það efnislega. Ég var þeim ekki sammála um margt, sem þeir sögðu, en það er vitanlegt, að þeir höfðu velt málinu fyrir sér, þeim vanda, sem þar er við að etja, og komu fram með aths., sem vissulega eru íhugunarverðar.

Þeir telja það höfuðgalla á þessu frv., að hér sé ekki um varanlegt verðlagseftirlit að ræða, og þeirra brtt. snúast fyrst og fremst um það að koma slíku varanlegu verðlagseftirliti á. Það er ekki tilgangur þessa frv. að efna til slíks varanlegs verðlagseftirlits, einmitt vegna þess, að við margir í stjórninni höfum ekki trú á því, að varanlegt verðlagseftirlit eða verðlagsreglur komi að gagni, þó að við teljum hins vegar, að fyrirmæli um verðstöðvun og þar af leiðandi strangt verðlagseftirlit um ákveðinn tíma geti haft mikil áhrif.

Nú er auðvitað enginn vandi að segja, að við, sem búum við fullt frjálsræði, séum okkur ósamræmir í þessu. Vitanlega er hægt að benda á ýmislegt, sem við höfum sagt á síðustu 7 árum, sem sé ekki í fullu samræmi við það, sem við nú höldum fram eða ráðgerum. Slíkt er í raun og veru ákaflega eðlilegt. Núverandi ríkisstj. hefur setið lengur en nokkur ríkisstj. önnur. Hingað til var það venja, að ríkisstjórnir fóru frá að meðaltali eftir rösklega 2 ár eða í mesta lagi 2½ ár, vegna þess að þær gátu ekki lengur haldizt við völd, m. a. af stórkostlegum sveiflum, sem höfðu orðið í atvinnulífi, atvinnumálum, þannig að gera þurfti róttækar ráðstafanir, allt annars eðlis en menn höfðu gert sér grein fyrir 2—3 árum áður að þyrfti að gera. Íslenzkt atvinnulíf er nú einu sinni þess eðlis, kannske frekar en flestra annarra þjóða, að það er mjög erfitt að sjá langt fram í tímann, og á ólíkum tímum verður að beita ólíkum ráðum. Ekkert sýnir í raun og veru betur, hversu það er fráleitt að ætla að binda sig við einhverja alveg tiltekna fyrir fram ákveðna lausn á vandamálum og segja: Þessu ætla ég að fylgja, hvað sem á dynur, heldur en þetta, sem hér hefur réttilega verið bent á, að fyrir 2 vikum tæplega stóðum við hér á Alþ. og reiknuðum með, að síldarlýsi væri komið niður í 50 pund. Það var von á því, að það mundi e. t. v. staðfestast þar, fara ekki neðar. Þeir, sem bjartsýnastir voru, sögðu, að það væri að þokast upp á við. Nú er það komið upp í 65 pund. Það veit enginn í dag, hvort það verður þar deginum lengur, hvort það hækkar eitthvað enn eða hrynur aftur. Þar sem við slíka óvissu er að eiga í atvinnulífi og í þeirri atvinnugrein, sem mestar tekjur veitir, þá er það ljóst, að ekki tjáir að ætla að binda sig fast við einhver alveg tiltekin úrræði, heldur verður að líta á hvert vandamál, þegar þar að kemur, og leysa þá úr því með þeim ráðum, sem tiltæk eru að beztu manna yfirsýn.

Það er nú orðið fyrir löngu ljóst, að hvort heldur algert afskiptaleysi ríkisins, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. virtist gera sig talsmann fyrir, eða fullkomin ríkisafskipti og forsjá, á hvorugt við. Þarna verður að fara millileiðir, og það verður að taka ákvörðun um það eftir atvikum hverju sinni, hvora leiðina hyggilegt sé að fara.

Nú er á það bent, og sagt: Með þessu frv. er ekki allur vandi leystur. Það er fyrirsjáanlegt, að mikil óvissa er um útgerð bátaflotans, jafnvel togara, og rekstur hraðfrystihúsa á næsta ári. — Ég get fyllilega tekið undir þetta. En ég tek líka fyllilega undir það, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, að ef hraðfrystihúsin geta verið sæmilega örugg um að fá efnivöru, þá sé vandi þeirra trúlega miklu minni en ýmsir vilja nú vera láta, að það sé fyrst og fremst um það að ræða, hvernig eigi að afla efnivöru til þessa mikilsverða iðnaðar. Enn fremur er ljóst, að það eru ekki enn þá fullnægjandi skýrslur til um afkomu hraðfrystihúsanna, hvorki 1965 né 1966, þær hafa a. m. k. ekki verið lagðar fyrir ríkisstj., þó að ég hafi heyrt fullyrt, að fram hafi komið, að a. m. k. fram á mitt þetta ár hafi afkoman verið sæmileg. Hvaða áhrif verðlækkunin hefur, er ekki ljóst enn þá, m. a. vegna þess að við vitum ekki, hversu verðlækkunin er mikil. Einmitt þetta dæmi um síldarlýsið, þótt þar sé í eðli sínu um óvissari vörutegund að ræða samkv. fenginni reynslu, sýnir, að það er bezt fyrir okkur að láta allar fullyrðingar um þessi efni eiga sig, þangað til það liggur ljósar fyrir en a. m. k. enn er. Nú er ráðgert, að viðtöl hefjist á milli fulltrúa hraðfrystihúsanna og fulltrúa ríkisstj. Slík viðtöl hafa oft átt sér stað áður. Ég vil ekki né get á þessu stigi sagt, hver niðurstaða þeirra verður. Það verður að skoða málið í heild. Ef það kemur til þess, að eitthvað þurfi að gera, sem ríkisstj. telur sig ekki hafa heimild eða getu til, meðan á þinghléi stendur, þá verður ríkisstj. að afla sér heimilda til þeirra aðgerða, sem hún þá að athuguðu máli telur þörf á. Eins og málin liggja fyrir í dag, höfum við talið, að það væri forsenda þess, að þessum málum yrði heillavænlega til lykta ráðið, að þetta frv. yrði samþ. og þær heimildir notaðar, sem í frv. eru ráðgerðar. Ég legg áherzlu á það.

Auðvitað er ljóst, að ef það kemur á daginn, eins og hv. 5. þm. Vestf. sagði, að vandinn sé eitthvað í líkingu við þær tölur, sem hann nefndi, þá dugir ekki slíkt frv. eins og þetta, þá verður að gera miklu róttækari ráðstafanir. En ég spyr hv. þm., eins og hann spyr mig: Trúir hann því sjálfur, að vandinn sé svo mikill? Skyldi það ekki vera með þessa góðu menn eins og suma aðra, að þeir telja, að ef ég kvarta ekki sjálfur, þá hlustar enginn á mig, ef ég kvarta ekki nógu mikið, þá er ekkert mark á mér tekið? Mér heyrðist það a. m. k. á 5. þm. Austf., að hann teldi vandann miklu minni. Þetta er mál, sem á eftir að kanna ofan í kjölinn, og ég gerði fyllilega grein fyrir því í minni framsöguræðu hér á dögunum, að þarna væru ekki öll kurl komin til grafar og málið allt þyrfti að skoðast, þegar gögn öll lægju fyrir. Ég gerði líka þá fyllilega grein fyrir því, að það væri ekki verðfallið á síldarvörunum, sem gerði þetta frv. nauðsynlegt, vegna þess að magnið af síldinni, sem hefði

veiðzt, bætti vonandi upp verðfallið, heldur væri ástand hraðfrystihúsanna og þeirra, sem legðu stund á þorskveiðar, hið alvarlega í þessu. Þetta er aðalatriði málsins, sem við skulum ekki vera að fara fram hjá. Þar kemur auðvitað til verðlagið erlendis, sem við vitum enn ekki nóg um, þar kemur aflamagnið, þar kemur kostnaðurinn innanlands.

Þá komum við að því, hvernig stendur á þessari kostnaðarhækkun, sem orðið hefur. Ég vitna til minna inngangsorða um það, að þar þykjast allir, hver um sig, vera saklausir. Ég nenni ekki enn þá einu sinni að fara að berja þá bumbu.

Ég tek undir margt af því, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði um aðdraganda júnísamkomulagsins, en ég vil hins vegar fullyrða, að ég hef aldrei né ríkisstj. í heild lofað því, að það samkomulag mundi leiða til algjörrar verðstöðvunar. Ég er mér þess ekki meðvitandi, að það hafi í einu eða neinu brugðizt, sem þá var sagt af hálfu ríkisstj. Ég þori hins vegar að fullyrða án þess að vera að ásaka nelnn, nokkurn mann, út af þeim sökum nú, — það er nógur tími til þess að rifast um það við önnur tækifæri, — að meiri hækkanir urðu á kaupgjaldi 1964 en menn höfðu gert sér grein fyrir í upphafi. Einkanlega átti það við um samningana 1965, og þess vegna fengu ekki staðizt ráðagerðir þá um, að hægt væri að halda slíkum hækkunum utan við áhrif á verðlag. Þær fengu ekki staðizt þegar af því, að hinar raunverulegu kauphækkanir urðu meiri en lá í augum uppi og í fyrstu var frá skýrt. Það átti raunar einnig við um samkomulagið 1964. Þetta breytir hins vegar ekki því, að hvorir tveggja þessir samningar eru í öðrum anda og hafa reynzt verkalýðnum og einnig atvinnurekendum miklu heillarikari en aðrir samningar, sem hér hafa verið gerðir um langt árabil, vegna þess að þeir, þrátt fyrir þá galla, sem á voru, voru þó í nokkru samræmi við veruleikann og getuna til þess að standa undir því, sem þá var um samið. Slíkt er óumdeilanlegt.

Það er svo aftur hægt að benda á, að síðan hafa orðið verðhækkanir. Hv. 5. þm. Norðurl. v. brá sér úr reviuhlutverkinu og las upp úr Hagtíðindum skýrslu um það, af hverju þær verðhækkanir hefðu orðið. Í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Hagráðs í sumar var einnig gerð tilraun til að skýra þetta. Ég hef áður rætt um það hér á Alþ. og vikið að þeim orsökum, sem þar eru taldar. Auðvitað á hækkun á erlendu vöruverði og álagning kaupmanna nokkurn þátt þar í, en eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, er sú hækkun sáralítil. Ef sú skýrsla er röng, þá verður að sýna fram á, að hún sé röng, en ekki tala eins og sú hækkun sé höfuðorsök, þar sem hún er ekki höfuðorsök.

Ég vil segja við hv. 3. þm. Reykv., sem hélt um þetta ræðu við 1. umr. þessa máls, að verðsamanburður hans á einstökum vörum hjá KRON og kaupmönnum er í raun og veru alveg út í bláinn þegar af því, að hann gerði enga grein fyrir því, að þar væri um sambærilega vöru að ræða. Það verður auðvitað að vera sama vörutegund, sem borin er saman, ef fullyrða á, að annar aðili selji lægra en hinn. Ég hef með höndum lista, — ég skal ekki fara að lesa hann hér upp, — sem sýnir alveg hið gagnstæða við það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði. Munurinn er bara sá, að þar er óruggglega gengið úr skugga um það, að sambærileg vara, það er sami hluturinn í sömu umbúðum, er seld mun ódýrar hjá kaupmönnunum en hjá KRON. En slíkt hlýtur auðvitað ætíð að verða, ef um einhverja samkeppni er að ræða, að einn hlutur er ódýrari í annarri búð og hinn í hinni. Þótt það væri nú ekki margt skynsamlegt, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði að þessu sinni, aldrei þessu vant, rataðist honum þó satt á munn með það, að það er höfuðgalli, að neytendur skuli ekki sjálfir ganga úr skugga um það, hvar er ódýrustu vöruna að finna. Það er auðvitað einn höfuðágalli við varanlegt verðlagseftirlit, að almenningur er vaninn af slíkum ráðstöfunum. Það skiptir hins vegar ekki sama máli um slíka skyndiráðstöfun, gerða af sérstöku tilefni, eins og þá löggjöf, sem hér er um að ræða.

Ég beini því bæði til hv. 5. þm. Vestf. og annarra, sem af alvöru vilja hugsa um þessi mál: kynnið ykkur, við skulum kynna okkur í sameiningu og þingheimur þarf að kynna sér, af hverju þær verðhækkanir eru orðnar, sem t. d. hafa verið frá 1964. Það er ekki lengri tími en svo, að þar á að vera hægt að fá alveg skorið úr án þess að þurfa alltaf að vera að deila og kenna hver öðrum um, bara gera sér grein fyrir, af hverju þetta kemur.

Hv. þm. hafði rangt fyrir sér, þegar hann segir: Þær ráðstafanir, sem ríkisstj. nú hefur gert til að greiða niður verðlag, skerða ekki verðbólguna sjálfa. Eitthvað í þá átt sagði hann. Þetta má segja á fyrsta stigi, en ef ráðstafanir verða til þess, — þ. e. ef þær blessast, — að verðhækkanir, t. d. á landbúnaðarvörum, verða miklu minni næsta ár en ella og ef til vill engar og ef hægt er að gera þetta án þess að bæta á nýjum sköttum, þá er þarna að svo miklu leyti um áhrifaríkt og raunhæft ráð gegn verðbólgunni að ræða. Gegn þessu tjáir ekki að mæla.

Hitt er svo alveg rétt, bæði hjá hv. þm. og eins hjá Alþýðusambandinu í þess ályktun, — og ég vil taka það fram, að ég hef ekki enn þá getað athugað bréf þess rækilega, það barst mér fyrst í morgun, enda ekki dagsett fyrr en á laugardag, — en það er auðvitað rétt, að það eitt að borga vísitöluna niður nægir ekki. Ríkisstj. hefði auðvitað getað haldið vísitölunni einni niðri með niðurgreiðslunum. En við látum okkur það ekki nægja, vegna þess að við viðurkennum þá aths. og ábendingu verkalýðshreyfingarinnar, sem m. a. kom glögglega fram í viðtölum við fulltrúa verkalýðssambandsins, að það er ekki nóg, þótt vísitölunni sé haldið niðri með niðurgreiðslum, það verður líka að standa á móti því, að aðrar vörur hækki. Einmitt til þess öflum við okkur þessarar heimildar til þess að standa á móti því,

til þess að koma þannig í veg fyrir, að verðlagið í landinu raunverulega hækki.

Hv. 5. þm. Vestf. segir síðan: Það eru allt of mörg göt í þessari löggjöf. Það eru hinar og þessar undanþágur. — Nú vil ég taka það fram, eins og ég sagði við 1. umr., að við óskum eftir þessari heimild til þess að beita henni. Og í þessu á ekki að felast kaupbinding, eins og hv. þm. réttilega tók fram. En mér var sagt, að hann hefði bætt við, á meðan ég fór fram, að ef kaupið valsaði algerlega lausbeizlað, þýddi ekkert að vera að tala um að standa á móti verðbólgu. Er það ekki rétt hermt? (**Gripið fram í:** Jú.) Já, þannig að þarna er auðsætt samhengi á milli. Og þess vegna verðum við að hafa þetta sem heimild, af því að við erum ekki að fara fram á lögfestingu á kaupi, af því að við viljum semja frjálst við verkalýðshreyfinguna og jafnvel viljum við segja við verkalýðshreyfinguna, þó að við óskum eftir samningum til sem lengst tíma: Setjið þá fyrirvara, sem þið teljið nauðsynlega til þess að gæta hagsmuna ykkar umbjóðenda. Takið okkur ekki trúanlega fyrr en jafnóðum, eftir því sem verkin sýna, að við meinum það, sem við erum að segja.

Þetta er efni þess frv., sem við hér leggjum fram, það, sem ég hef áður sagt, og það, sem er í okkar huga. En jafnvel þegar kaupið var bundið og landbúnaðarvörurnar voru algerlega bundnar, eins og í þessum lögum, sem ég vitnaði til frá 1956, voru sams konar undanþáguheimildir og nú eru. Þá voru sams konar undanþáguheimildir og nú, vegna þess að jafnvel þó að innlent kaupgjald sé bundið, jafnvel þó að innlend landbúnaðarvara sé bundin, geta erlendar verðhækkanir gert óumflýjanlegt, að hækkanir eigi sér stað. Ríkisstj. sagði þá: Innflutningsskrifstofan getur veitt undanþágur frá þessu bandi. En hún verður að fá til þess samþykki ríkisstj. Í 5. gr. brbl. frá 28. ágúst 1956 segir: „Innflutningsskrifstofan getur veitt undanþágur frá banni því, sem um ræðir í 1. mgr. 4. gr., ef hún telur verðhækkun algerlega óhjákvæmilega, enda sé hún samþykkt af ríkisstj.“ Það er rétt, að ætlazt er til, að það verði sleppt þarna úr „algerlega óhjákvæmilega“. Ég skal játa það, að ég réð því, að þessu var sleppt, vegna þess að annaðhvort er hluturinn óhjákvæmilegur eða ekki. Það er bara hreinn hortittur að segja, að hann sé „algerlega“ óhjákvæmilegur. Annaðhvort er eða er ekki, þarna er ekki þriðji möguleiki til. Efnið er þarna sama, við höfum farið eftir því fordæmi, sem við fundum strangast í fyrri löggjöf, bætum því svo við, að við tökum fleiri þjónustu undir en í þeirri löggjöf var, miklu fleiri þjónustu, þ. á m. sveitarfélögin og ýmiss konar ríkisaðila, sem hafa getað tekið sínar ákvarðanir meira og minna sjálfstætt. Meðal þess, sem þarna er ætlað að ná til, er húsaleiga og sala á íbúðum, eftir því sem hægt er að staðreyna slíkt. Við töldum, að það kæmist undir 2. mgr. 1. gr., eins og hún er, en til frekara öryggis bar ég mig saman við ágæta lögfræðinga, og í samráði við þá hef ég flutt brtt., sem er búið að útbýta, — er það ekki? Nú, já, til þess, að þar sé ekki um að villast, að það mál nái m. a. til þess, sem hér er um að ræða, og vonast ég til þess, að það valdi ekki ágreiningi. Hitt er annað mál, að við höfum mjög takmarkaða trú á því að setja upp sérstakt bákn til þess að eltast við húsaleigu og annað slíkt. Við teljum, að reynslan hafi, til góðs eða ills, skorið úr um það, að hin ýtarlega húsaleigulöggjöf, sem hér gilti áður fyrr, var því miður nafnið eitt og leigjendum alls ekki það skjól, sem hún átti að vera, heldur uppspretta margs konar lögbrota og spillingar. En ætlun okkar er að reyna með þessu að hafa þarna hemil á og gera þær ráðstafanir, sem tiltækar eru, í þessu skyni. Ég hef hins vegar miklu meiri trú á því, sem hv. 5. þm. Vestf. er einn af upphafsmönnunum að, og það er að fá fleiri aðila til að keppa hér um húsbyggingar, reyna að koma þessu í nýtt horf með þeirri ráðstöfun, sem nú er að þokast af stað, að ríkið eða húsnæðismálastofnunin beiti sér fyrir byggingum. Ég skal játa, að það er á þessu sá galli, að ég hef takmarkaða trú á því, að ríkinu takist að gera hluti ódýrari en einstaklingum. En með nýjum aðferðum, með góðvild og skilningi verkalýðsfélaganna, með vakandi vissu um, að hér þarf að verða stórleg umbót á, taldi ég sjálfsagt að gera þá tilraun. Og ég vil ekki, fyrr en reynslan sker úr, trúa því, að hún verði ekki til góðs.

Þá spurði hv. 5. þm. Vestf. mig að því í fyrsta lagi, hvort það væri ætlunin að leita eftir nýjum sköttum til þess að standa undir þeim niðurgreiðslum, sem nú hafa verið ákveðnar. Ég þori að fullyrða, að sú er ekki ætlunin. Og ég þori að fullyrða gagnstætt því, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, að fjárlög eru þannig úr garði gerð, að það rúmast innan þeirra ásamt öðru því fé, sem ríkisstj. nú með eðlilegum hætti hefur yfir að ráða, möguleikinn til þess að greiða árið 1967 þær niðurgreiðslur, sem nú þegar hafa verið ákveðnar í því skyni. Hitt kann svo að vera, og þar hef ég fullan fyrirvara um, ef málið með bátaflotann, með hraðfrystihúsin, togarana verður slíkt, að það krefjist mikilla fjárfórna úr ríkissjóði, þá verði að skoða þetta mál aftur og athuga þá, til hvaða úrræða grípa skuli, vitanlega með það í huga að gera ekki neitt, sem eyðileggi þá viðleitni, sem hér er höfð uppi til þess að ráða við það vandamál, sem við nú erum sammála um, a. m. k. í orði kveðnu, að leysa þurfi.

Loks vil ég gefa þá afdráttarlausu yfirlýsingu út af síðustu fsp. hv. 5. þm. Vestf., að núv. ríkisstj. kemur ekki til hugar að fella gengið. Það er að vísu rétt, að þannig getur staðið á í þjóðfélagi, að það sé nauðsynlegt að fella gengi, eins og dæmin sýna bæði hér og annars staðar. Og það væri auðvitað alger fásinna, ef ég ætlaði að segja, að aldrei kæmi til mála að fella gengi á Íslandi. Slíkt mun ég ekki segja, einfaldlega af því, að ég ræð því ekki, og það mundi enginn maður trúa mér. Hitt segi ég, og við það skal ég standa, að ég skal aldrei verða með gengislækkun framar, nema

því aðeins að ráðstafanir verði gerðar til þess, að þeir, sem ætla sér að knýja fram gengislækkun til þess að græða á henni sjálfir, fái að borga sinn brúsa fyllilega.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 141, sem var útbýtt á fundinum, leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það voru nokkur orð, sem ég vildi segja í tilefni af ræðu hæstv. forsrh., en hann vék hér að nokkru af því, sem ég hafði sagt fyrr í þessum umr., og reyndar ýmsum fleiri atriðum, sem gefa tilefni til þess, að um þau sé rætt nokkuð frekar.

Ég veitti því athygli, að hæstv. forsrh. sagði: Við viljum semja við verkalýðshreyfinguna um þessi mál, og ég skildi hann þannig, að hann vildi leggja nokkuð þunga áherzlu á það einmitt, að það væri meining ríkisstj., að hún vildi hafa samkomulag við launastéttirnar varðandi þessi þýðingarmiklu efnahagsmál, sem hér er um að ræða. Ég þykist líka vita, að hann hafi veitt því athygli, að hv. 5. þm. Vestf., sem jafnframt er forseti Alþýðusambands Íslands, sagði í sinni ræðu í kvöld, að hann teldi að afstaða verkalýðshreyfingarinnar mundi mjög fara eftir því, hvort hún teldi sig geta treyst á framkvæmd þessarar verðstöðvunar og hvort hún teldi, að snúizt væri gegn dýrtíðarvandamálinu af fullum heilindum. Ég efast nú ekkert um það, að hæstv. ríkisstj. hlýtur í rauninni að líta svo á, að það sé þýðingarmikið fyrir hana að ná samstöðu við launþegasamtökin í landinu varðandi þessi þýðingarmiklu mál. Það er nokkurn veginn gefinn hlutur. En þá vaknar sú spurning í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram: Hvað vill þá ríkisstj. á sig leggja í þessum efnum? Hvað vill hún gera?

Hér hefur verið á það bent af mér og einnig af hv. 5. þm. Vestf., að við teldum, að þetta frv. væri allt of laust í reipunum og það gæfi of litlar tryggingar fyrir því, að staðið yrði eðlilega að verðstöðvun í landinu eða ráðstöfunum yfirleitt í verðlagsmálum. Og við höfum bent á nokkur atriði, sem við teldum, að færu miklu betur til þess einmitt að tryggja örugga framkvæmd. Ríkisstj. heldur sig við í frv. að hafa hér aðeins heimildir til verðstöðvunar, eftir því sem stjórninni þykir við horfa hverju sinni. En ef ríkisstj. ætlar í raun og veru að nota þessar heimildir, eins og hæstv. ráðh. hefur sagt hér, hvers vegna þá ekki að ákveða það skýrt og ákveðið í l., að um verðstöðvun skuli vera að ræða? Ég veit, að hæstv. forsrh. skilur, að það er allmikill munur á því t. d. fyrir launþegasamtökin í landinu að fjalla um þetta mál við ríkisstj. og aðra, ef það lægi fyrir, að lög hefðu verið sett um verðstöðvun og það væri meiningin að reyna að halda þeim l. fram, svo framarlega sem enginn gerði það ókleift að halda þeim fram, heldur en fyrir verkalýðshreyfinguna að eiga að fjalla um sín kjaramál við vinnuveitendur og ríkisstj., ríkisstj. með það í erminni, að hún hafi heimild til þessa eða hins, sem hún vill láta semja um. Það er vitanlega allt annað viðhorf fyrir launþegasamtökin í landinu að eiga samstarf við ríkisstj. á þeim grundvelli, hafi verið sett ákveðnari lagafyrirmæli um stöðvunina en lög, sem aðeins væru um heimildir fyrir ríkisstj. Þetta held ég, að hæstv. forsrh. hljóti að viðurkenna. Og mér fyndist því ekki nema eðlilegt, að ef ríkisstj. í raun og veru leggur á það áherzlu, bæði að ná árangri í þessum efnum, þ. e. a. s., að henni megi takast að stöðva verðlagið, og hún vilji hafa samstarf við launþegasamtökin í landinu um það, ætti hún nú að fallast á þetta sjónarmið, hún þurfi ekki að víkja lengra en svo frá því, sem hún segir að sé sitt markmið, en það, að hún ætli að gera þetta.

Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. vitnaði hér nokkuð í verðstöðvunarlögin eða stöðvunarlögin frá 1956, sem vinstri stjórnin gaf út. Og hann þóttist hafa tekið upp ýmis ákvæði einmitt úr þeim lögum inn í þetta lagafrv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir. En hann hefur ekki tekið það meginatriði úr þeirri löggjöf upp, þar sem fyrir var mælt í þeirri löggjöf alveg skýlaust, að um verðstöðvun skyldi vera að ræða. Það var ekki um neina heimild fyrir ríkisstj. Þar var alveg skýlaust ákveðin verðstöðvun í 4 mánuði. En sú löggjöf auðvitað var á allt annan veg en sú, sem hér um ræðir, því að þar var um það að ræða, að ný ríkisstj. hafði tekið við völdum í landinu og vildi stöðva verðlagið í 4 mánuði og þá einnig kaupbreytingar með samkomulagi við launþegasamtökin í 4 mánuði, meðan hún var að útbúa sínar till. eða koma sér nánar saman um aðgerðir í efnahagsmálum. En hér er um það að ræða, eftir því sem hæstv. ríkisstj. túlkar þetta frv., að hún er að gera tilteknar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem eiga að gilda um tæplega eins árs skeið. Og af því sýnist manni það vera miklu eðlilegra, að það sé tekið af skarið í þessum efnum og ákveðið alveg ótvírætt, að hér skuli verðlag stöðvað, nema aðeins í þeim tilfellum, þar sem ríkisstj. veitir sérstakar undanþágur frá stöðvuninni, þar sem hún telur, að það sé alveg óhjákvæmilegt.

Það hefur einnig komið fram í þessum umr., bæði hjá mér og hv. 5. þm. Vestf., að við teldum eðlilegt, þegar ráðstafanir eru gerðar í verðlagsmálum, að sett yrði ný verðlagsnefnd til þess að reyna að tryggja á sem beztan hátt framkvæmdir þessara mála. Við höfum bent á það, að framkvæmdin af hálfu þeirrar verðlagsnefndar, sem hefur verið að störfum að undanförnu, er ekkert traustvekjandi, t. d. fyrir launþegasamtökin í landinu eða þá, sem vilja raunverulega verðstöðvun, síður en svo. Þessi n. hefur alveg óumdeilanlega leyft margvíslegar hækkanir á verðlaginu. Og einmitt talsmenn verkalýðshreyfingarinnar í landinu benda á, að þeir vildu fá fram þessa breytingu til þess að reyna að tryggja sem bezta framkvæmd á verðstöðvuninni, að ný verðlagsnefnd verði kosin.

Ég hef lagt til í minni till., að þessi nýja n.

verði kosin hlutfallskosningu hér á Alþ. og kosnir verði 7 menn í n. Það mundi m. a. tryggja það, að hér fengju allir flokkar, sem eru á Alþ., fulltrúa í þessari n. Það er auðvitað hægt að hugsa sér aðra skipun á verðlagsnefnd, t. d. þá, að samtökum launþega yrði gefinn kostur á því að eiga fulltrúa í n. Vill ríkisstj. leggja sig svo mikið fram til þess að reyna að ná samkomulagi við verkalýðshreyfinguna í þessum málum, um þessi þýðingarmiklu efnahagsmál, að hún vilji verða við slíkum kröfum sem þessum, eða telur hún það ekki ómaksins vert? Ég spyr um þetta, vegna þess að hæstv. forsrh. lagði á það áherzlu, að ríkisstj. vildi ná samkomulagi við verkalýðshreyfinguna í landinu um þessi mál, teldi það þýðingarmikið. En þá líka reynir á það, hvað mikið ríkisstj. vill á sig leggja til þess að reyna að ná trúnaði þessara þýðingarmiklu samtaka um þessi mál.

Í till. *mínum* er lagt til, að það verði sett á laggirnar af hæstv. ríkisstj. sérstök n. til þess að hafa eftirlit með því, að ákvæðin um stöðvun húsaleigu verði virt, verði haldin. Hv. 5. þm. Vestf., sem er jafnframt forseti Alþýðusambandsins, lagði hér mjög ríka áherzlu á það, að þetta væri eitt af því þýðingarmesta fyrir launafólk í landinu, að fá fulla tryggingu í þessum efnum, að fá fram ákvæði, sem tryggðu það, að húsaleiga hækkaði ekki, eftir að stöðvunin hefur verið ákveðin, fá fram ákvæði, sem tryggðu, að húsaleiga væri við hóf í hverju einu tilfelli. Og nú spyr ég: Þykir nú hæstv. forsrh. það mikið úrleiðis fyrir ríkisstj. í þessum efnum að fallast á till. eins og þessa? Ég efast ekkert um það, að hæstv. ráðh. er á þeirri skoðun, að hin almenna verðlagsstöðvun, sem gert er ráð fyrir í frv., eigi einnig að ná til húsaleigu. En þá þarf hér að vera um meira en það að ræða, að það sé búið að gefa út eina fyrirskipun um, að ekki megi hækka húsaleigu. Það þarf að gera ráðstafanir til þess, að þessi fyrirskipun verði framkvæmd í veruleikanum. Og það verður ekki gert á annan hátt en þann að tryggja leigjendum, að þeim verði ekki sagt upp húsnæði, nema þá sú eftirlitsnefnd, sem kosin hefur verið eða skipuð væri í þessu máli, gæti fallizt á uppsögn húsaleigunnar.

Mér finnst nú, að ef það er í raun og veru svo, að ríkisstj. vill *nokkuð á sig leggja* til þess að ná samkomulagi við launþegasamtökin um framkvæmd þessara mála, ætti hún einnig að geta fallizt á till. eins og þessa. Hið sama er að segja um þá till., sem ég flyt um það, að þegar þessi lög koma til framkvæmda, skuli Seðlabankinn ákveða lækkun á vöxtum í landinu með fullu tilliti til þess, að verðlag hafi þá verið stöðvað. Hér er um mikið hagsmunamál margra aðila í landinu að ræða, en hér er líka um rökrétt framhald að ræða á verðstöðvun. Það er vitanlega ekkert vit í því að halda sér við það að krefja menn um 10% vexti, eftir að verðlag hefur verið stöðvað. Við vitum, að þessir háu vextir, sem í gildi hafa verið að undanförnu, eru að verulegu leyti rökstuddir með því, að eigendur fjármagnsins þurfi að fá nokkuð upp í verðfall sinna peninga. Fáist ríkisstj. ekki til þess að ákveða það, að vextir skuli endurskoðaðir, finnst mér, að það bendi greinilega til þess, að hún reikni ekki með því, að verðstöðvunin verði svo mikil í framkvæmd, að það þurfi að grípa til neinna slíkra ráðstafana, eða hún reiknar ekki með því, að þessi verðstöðvun standi lengi.

Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. vildi víkja frá sér þeim vanda að ræða um það, hvað mundi þurfa að gera til stuðnings atvinnuvegunum, og hann sagði eitthvað á þá leið, að ef það kæmi í ljós við nánari athugun, að styrkja þyrfti sjávarútveginn miklum mun meira en gert hefði verið á þessu ári, kæmu auðvitað upp ný viðhorf og þá gæti svo farið, að grípa yrði hér til allt annarra ráða. En mér finnst óeðlilegt af ríkisstj. að víkja sér þannig undan að ræða þetta meginvandamál, sem fyrir okkur liggur nú í dag og er auðvitað í beinu samhengi við það frv., sem hér liggur fyrir. Frv. er m. a. flutt eflaust, ef full heilindi eru á bak við flutning þess, a. m. k. sem liður í því að koma í veg fyrir vaxandi útgjöld hjá framleiðslunni með því að stöðva verðlag. Þetta á að vera stuðningur við framleiðsluna. En hvernig geta menn þá vikið sér undan því að ræða það, hvort þetta hafi veruleg áhrif fyrir framleiðsluna, eins og nú er komið? Og ég held, að það geti engum manni dulizt lengur, að það þarf á miklu viðtækari ráðstöfunum að halda fyrir ýmsar greinar sjávarútvegsins en verið hefur á þessu ári.

Mér fannst, að hæstv. forsrh. vildi leggja þá merkingu í orð mín, að *ég* hefði í rauninni ekki viljað gera ýkjamikið úr þessum vanda. En þannig má ekki skilja mín ummæli. Ég stillti þessu vandamáli þannig upp, að ég sagði, að það væri mín skoðun, að hér væri fyrst og fremst um þann vanda að ræða, sem snerti útgerð bátaflotans, þess hluta bátaflotans, sem á viðskipti við fiskverkunarstöðvarnar, og svo vandamál togaraflotans. En þetta þýðir það í raun og veru, að ég er á þeirri skoðun, að það þurfi að hækka fiskverð til bátanna til mikilla muna frá því, sem nú er, ef útgerð bátanna á að geta borið fullan árangur. Hins vegar er það mín skoðun, að ef slíkar ráðstafanir væru gerðar til þess að rétta við hag bátanna og örva þá útgerð í landinu, mundi allmikill hluti af vandamálum fiskvinnslunnar leysast um leið. Það er að vísu rétt, að það er enn ríkjandi allmikil óvissa um, hvernig muni fara með markað á næsta ári á afurðum frystihúsanna, og það er afar erfitt að segja um það nú, hvernig það mál fer, og sú óvissa getur eflaust orðið nokkuð fram eftir næsta ári. En ég held, að aðalvandinn liggi í þessu, að fiskverðið til þeirra, sem eiga að afla hráefnisins til fiskvinnslunnar í landinu, fiskverðið til þeirra er allt of lágt. En rétt aðeins til þess að gera það ljósara fyrir mönnum, hvað hér getur verið um stórkostlegt fjárhagsatriði að ræða, má benda á, að ef fiskverðið til bátanna yrði t. d. hækkað um svona eins og 1 kr. á kg, mundi það vera

á milli 200 og 300 millj. kr., þ. e. 1 kr. frá því, sem nú er. Ýmsir hafa hins vegar sett fram þá skoðun, að fiskverðið þyrfti ekki aðeins að hækka um 1 kr., heldur um 1.75 kr. á kg, og það einmitt út frá því, sem hefur gerzt hér í Reykjavík, þegar borgarstjórinn í Reykjavík og viðskmrn. ákveða að styrkja sjósókn hér í Reykjavík, þ. e. a. s. borga styrk með útgerð þeirra báta, sem fiska fyrir bæjarmarkað í Reykjavík. Þeir hafa talið, að það þyrfti að borga til viðbótar við gildandi fiskverð 1.75 kr. á kg. Ef fiskverðið yrði talið þurfa að hækka um þetta fyrir útgerðina í landinu almennt, væri hér um upphæð að ræða, sem er á milli 300 og 400 millj. kr. Nú vil ég skjóta því inn hér um leið, að ég auðvitað tel, að þessi sérstaka fiskverðshækkun, sem greidd er úr ríkissjóði með útgerð fyrir Reykvíkinga eina til þess að afla þeim soðningar, nái vitanlega engri átt, hún hljóti að þurfa að ganga til allra landsmanna, því að það er hægt að nefna marga staði í landinu, sem eru verr á vegi staddir með það að hafa nýjan fisk í matinn en Reykjavík er, og verða ýmist að sætta sig við það að hafa ekki þennan nýja fisk á nýja fiskverðinu eða þá að þeir verða að flytja til sín fiskinn með ærnum kostnaði frá öðrum byggðarlögum. Og það er vitanlega ekkert réttlæti í því að borga úr hinum almenna ríkissjóði einhvern sérstakan soðningarstyrk með fólki í Reykjavík, en neita öðrum landsmönnum um það. Slíkt vitanlega fær ekki staðizt. En ég nefni aðeins þessa tölu hér vegna þess, að hún hefur komið á pappír og það hefur fengizt ákveðin viðurkenning fyrir því, að það muni vera erfitt að fá báta til þess að stunda sjó, ef þetta fiskverð fæst ekki.

Þegar ég legg því áherzlu á það, að það muni þurfa að gera hér miklu meiri ráðstafanir til þess að tryggja öfluga útgerð á næsta ári með því að hækka fiskverðið, er ég ekki á neinn hátt að gera lítið úr þeim vanda, sem hér er við að glíma. Hann er vissulega stór, eins og komið er. Ég er ekki í neinum vafa um það, að fiskverðið þarf að hækka mikið, og ég tel það í rauninni ekki verjandi á nokkurn hátt af ríkisstj. að koma þannig fram hér á Alþ. nú rétt fyrir jólin, að hún látist í rauninni ekki vita um, hvort það þurfi á meiri fjárframlögum að halda til útgerðarinnar í landinu á næsta ári en var veitt til hennar á þessu ári. Ríkisstj. hlýtur að hafa gert sér fulla grein fyrir því, að hér er um miklu, miklu stærri upphæð að ræða en var á þessu ári. Og af því spurði ég og ýmsir fleiri í þessum umr., hvað ríkisstj. hugsaði sér að gera til þess að afla fjár í þessu skyni. Ég benti á, að bæði fjmrh. og viðskmrh. hefðu látið orð um það falla, að ef til meiri greiðslna þyrfti að koma til sjávarútvegsins á næsta ári en á þessu, yrði að leggja á nýjar álögur. En jafnframt hefur því verið haldið fram, að ef þurfi að leggja á nýjar álögur, sé grundvöllurinn hruninn undan þessari verðstöðvun, sem hér er verið að ræða um. Þegar hæstv. forsrh. er spurður um þessi mál, víkur hann sér hins vegar undan og segir: Ef þarf að styrkja sjávarútveginn meira en verið hefur, geta komið upp ný viðhorf. — En þetta kalla ég í rauninni að víkja sér undan því að vilja ræða um vandamálið, sem hér ætti að ræðast í sambandi við þessa verðstöðvun, því að það er vitanlega til harla lítils gagns að vera að setja lög nú um miðjan des. um verðstöðvun í landinu, ef til þess á svo að koma eftir 1—2 vikur, að það þarf að fara að leggja á nýjar álögur til þess að afla nokkur hundruð millj. kr. til þess að styðja sjávarútveginn í landinu, svo að hann geti gengið, og koma þá og segja: Stöðvunarlögin fá ekki lengur staðizt. Þetta hefur ekki neitt haft að segja, nú eru komin upp ný viðhorf, nú skulum við hverfa frá þessu öllu saman. — Af þessum ástæðum hef ég talið eðlilegt, að þessi vandamál væru rædd, því að ég tel, að þau liggi alveg fyrir og því þurfi við þennan vanda að fást, hvernig á við honum að bregðast. Og ég efast heldur ekkert um það, að afstaða launþegasamtakanna í landinu til þessara mála, þ. e. a. s. þegar þau gera það upp við sig, hvernig þau muni haga sínum kröfum í sínum kjaramálum, afstaða þeirra hlýtur vitanlega að miðast mjög við það, hvað á að gera nú á næstu vikum og mánuðum í þessum þýðingarmiklu greinum efnahagslífsins.

Ég hef lagt áherzlu á það í þessum umr., að það er mín skoðun, að stöðvun verðlagsins ein út af fyrir sig nægi ekki. Hún er góð ein og út af fyrir sig, einkum og sérstaklega, ef að henni er staðið þannig, að það megi vænta einhvers árangurs, ef hún er meira en bara yfirlýsingar, og af því á vitanlega að setja inn í þetta frv. ákvæði um það að gera framkvæmdina miklu tryggari en hún yrði samkv. frv. ríkisstj. En eigi að síður þurfa menn að gera sér grein fyrir því, að það þarf að gera meira en aðeins að stöðva verðlagið, þar sem það er komið nú. Það þarf að reyna að færa það niður í öllum þeim greinum, þar sem hægt er, og það þarf að gera ýmiss konar aðrar ráðstafanir í efnahagskerfinu, sem gætu minnkað vandamálið, sem við er að glíma. Og ein er einmitt sú ráðstöfun að ákveða það, að um leið og verðlag í landinu er stöðvað, séu allir vextir færðir niður og þeir mest, álít ég, sem kæmu einmitt framleiðsluatvinnuvegunum mest að gagni, eða það, sem yrði þeim mest að gagni.

Ég hef nokkuð í þessum umr. lagt áherzlu á, að það væri ástæða til þess að taka verðlagsmálin sem heild nokkuð öðrum tökum en þau hafa verið tekin að undanförnu, það væri ástæða m. a. til þess að lækka álagningu í ýmsum greinum, þar sem hún hefur hækkað alveg óeðlilega, og ekki aðeins álagningu, heldur einnig að færa niður gjald á ýmiss konar þjónustu, sem mjög verkar á hið almenna verðlag í landinu. En mér hefur fundizt, að hæstv. ríkisstj. vildi í rauninni ekki um þennan þátt tala. Það, sem helzt kemur frá ríkisstj., er þetta: Það kemur nú í ljós, segja þeir hjá ríkisstj., að hækkun á erlendum vörum í hinu almenna verðlagi innanlands er ekki ýkjamikil á síðustu árum. Og það get-

ur því ekki verið um mjög miklar aukaálögur þarna að ræða hjá þeim, sem fást við það að selja þessar vörur, þó að þeir kunni í einstaka tilfellum að hafa hækkað sína álagningu nokkuð. Þetta er nú heldur léttilega á málinu tekið, segi ég. Í fyrsta lagi er um meira en það að ræða í hinu almenna viðskiptalífi, að það sé um að ræða sölu á erlendum vörum. Vitanlega fer hér fram sala á margvíslegum innlendum vörum líka, og hér er um að ræða í hinu almenna verðlagi í landinu gjald fyrir margvíslega þjónustustarfsemi, sem alls konar stofnanir og fyrirtæki hafa sín miklu áhrif á. Og nú liggur það fyrir, að verðlagning í þessum greinum hefur verið gefin frjáls í mjög mörgum tilfellum, og þá hafa viðkomandi aðilar notað tækifærið og marghækkað, sínhækkað sitt þjónustugjald frá því, sem áður var. Þessu er ekki hægt að neita. Auk þess liggur það svo fyrir, sem ég hef m. a. tilgreint hér í minu nál. og ég veit þó, að ríkisstj. hefur í sínum höndum miklu lengri skýrslu um en þá, sem ég birti, að álagning bæði í heildsölu og smásölu hefur á flestum vörutegundum farið stórhækkandi hin síðari ár, og í ýmsum tilfellum hefur álagningarprósentan fyllilega tvöfaldazt. En auk þess er svo þess að gæta, að þessi álagningarprósenta er nú lögð á miklum mun hærra grunnverð en áður var, meðan verðlagsákvæðin voru í gildi á þessum vörum. Ég held, að ríkisstj. ætti að viðurkenna það, að þessir þættir hafa mikið að segja um það, hvernig tekst að ráða við þróun verðlagsmálanna í landinu. Meira að segja hefur það mjög mikið að segja fyrir afstöðu alls almennings í landinu til dýrtíðarmálsins í heild, hvort almenningur trúir á það, að allir sitji hér við sama borð, eða hvort menn yfirleitt álíta, að ýmsir hafi hér forréttindi og megi taka sér laun eða þóknun, eftir því sem þeir skammta sér sjálfir. En ef sú trú verður almenn, er ósköp hætt við því, að menn hagi kröfum sínum í öðrum greinum eftir því.

Forsrh. spurði í sinni ræðu: Hvers vegna hækkaði vísitalan frá júní-samkomulaginu 1964 og t. d. fram til þessa tíma? Hvers vegna hækkaði hún? Hann hefur áður vikið að þessu, og ég hef ekki getað skilið hann á annan veg en þann, að hann aðhyllist þá skoðun til skýringar á þessu, að í rauninni mætti rekja flestallar hækkanir, sem orðið hefðu á verðlaginu á þessu tímabili, á beinan eða óbeinan hátt til kaupgjaldsins í landinu. Ég held, að þessi kenning sé mjög hæpin og sérstaklega þegar sjálfur forsrh. hallast að slíkri kenningu, ef rétt er.

Í júnímánuði 1964 var samið um sáralitlar breytingar á kaupi. Í rauninni var ákveðið, að kaup verkamanna skyldi ekki taka neinum breytingum í heilt ár á þann hátt, sem verkamennirnir mæla sitt kaup. En nokkur fríðindi voru veitt. Ég tek eftir því, að þegar Efnahagsstofnunin reynir að gera sér grein fyrir því, hvað hafi verið að gerast á tímabilinu frá júní 1964 til júní 1965 eða á þessu eina ári, telur hún, að á árinu hafi kaupgjald verkamanna hækkað. Þegar hún er búin að meta inn í kaupið öll fríðindi verkamönnum veitt með auknu orlofi o. s. frv., telur hún, að á þessu tímabili hafi kaup verkamanna hækkað um 5.9%, en kaup iðnaðarmanna hafi á sama tíma hækkað um 3.9%. En hvað gerðist svo í verðlagsmálunum á þessu tímabili? Á þessu tímabili hækkaði verðlag í landinu miklum mun meira en þetta. Það hækkaði um 16—17 vísitölustig á þessu ári, og ríkisstj. greiddi þessa hækkun niður að talsverðum hluta, til þess að ekki kæmi til vísitöluuppbóta á kaup m. a.

Nú vitum við það, að einmitt á þessu tímabili, frá miðju ári 1964 til miðs árs 1965, var sérstaklega góð afkoma í okkar þjóðarbúi, sívaxandi framleiðsla og sihækkandi verðlag á okkar útflutningsafurðum og sihækkandi þjóðartekjur. Það voru auðvitað engin rök fyrir því, að þessi tiltölulega litla kauphækkun, sem þarna var samþ. og mestmegnis var í óbeinu eða óeiginlegu formi, gæti ekki rúmazt innan getu efnahagskerfisins, ef stjórnvöldin hefðu þar reynt að fylgja á eftir. En þegar hinir ýmsu aðilar nota tækifærið og segja: Við þurfum nú að hækka þessi flutningsgjöld eða þennan kostnað m. a. af því, að okkar útgjöld af kaupi hafa hækkað svolítið, — má lengi auðvitað rekja til kauphækkananna allar breytingar, sem orðið hafa á verðlagi í landinu. Spurningin stóð auðvitað um það í þessu tilfelli eins og mörgum fleirum, hvort menn vildu viðurkenna, að það gæti yfirleitt farið fram nokkur kauphækkun, sem vinnuveitendur í landinu eða þeir, sem fara með milliliðaþjónustu, ættu að taka á sig. En það var í þessu tilfelli eins og mörgum öðrum allt of mikið ríkjandi, að það mætti heimila þeim, sem eigi að greiða kaup, að velta af sér kauphækkuninni út í hið almenna verðlag, og af því hélt boltinn áfram að velta. Ég held, að ef ríkisstj. vill í fullri alvöru takast á við dýrtíðarvandamálið, verði hún að viðurkenna þá staðreynd, að það verður að leggja hömlur á það, hvað ýmsir milliliðir og ýmsir aðilar, sem ráða yfir verðlaginu í landinu, taka mikið til sín. Þar á ég ekki eingöngu við kaupmenn, heldur er hér um miklu fleiri aðila að ræða. Stundum eru þetta opinberar stofnanir, sem hér eiga hlut að máli og alltaf vilja taka meira og meira til sín.

Það verður m. ö. o. að hafa nákvæmt eftirlit með því, hvernig verðlaginu í landinu er háttað. Það þarf að hafa sterkt verðlagseftirlit, sérstaklega á svona tímum, eins og nú ganga yfir í okkar efnahagslífi, þar sem mikil spenna er í öllum greinum, þar sem framkvæmdir eru í mörgum atriðum meiri en við fáum ráðið við með góðu móti, einmitt undir slíkum kringumstæðum er alveg nauðsynlegt að hafa náið auga með því, hvernig verðlagsmálin þróast í landinu. En ríkisstj. hefur að mínum dómi að allt of miklu leyti haft þá afstöðu, sem raunverulega kemur fram í þessum umr., að segja sem svo: Þetta með álagninguna, jafnt í smásölu sem heildsölu, skiptir engu máli. Þótt þeir hafi verið að hækka rafmagnsverð og símagjöld og strætisvagna og hvað það heitir nú allt saman, þetta skiptir

engu máli í þessu öllu saman. Þetta má vera frjálst. Þessi afstaða brýtur í rauninni niður alla möguleika til þess að hafa einhvern hemil á verðlaginu. Hún leiðir af sér þau áhrif hjá almenningi, að menn trúa því, að ríkisstj. vilji að vísu halda kaupgjaldi og öllu slíku sem mest föstu, en henni sé nokkuð sama um það, þó að ýmiss konar milliliðir mati sinn krók.

Þessi frjálsræðisstefna ríkisstj., kenning um, að það eigi að gefa verzlunina frjálsa og frjálst framboð og eftirspurn eigi að ráða öllu verðlagi, er ekki heppileg undir þeim kringumstæðum, sem við eigum við að búa í okkar efnahagskerfi. Það verður erfitt að hemja verðlagið, meðan slíkt er prédikað af stjórnarvöldum landsins. Ég vildi því vænta þess, að ríkisstj. sýndi það nú í verki, að hún meinti það, sem hæstv. forsrh. sagði í þessum umr., að hún vildi leggja sig fram um það að ná samkomulagi við verkalýðssamtökin í landinu í verðlagsmálunum og í því að leysa þessi erfiðu efnahagsmál, hún sýndi það nú með því einmitt að skapa þá tiltrú, sem þarf, að hún m. a. fallist á þær till., sem við Alþb.-menn höfum lagt hér fram, en þá ætla ég einmitt, að nokkur grundvöllur hefði skapazt að því, sem hv. 5. þm. Vestf., forseti Alþýðusambandsins, sem hér talaði, sagði, en hann sagði einmitt, að afstaða verkalýðshreyfingarinnar til þessa máls mundi mjög fara eftir því, hvort hún teldi, að treysta mætti framkvæmd verðstöðvunarinnar og hvort treysta mætti því, að það væri verið að snúa sér af fullri alvöru gegn dýrtíðarvandamálinu.

Að lokum langar mig svo aðeins að minnast á það, að hæstv. forsrh. gaf hér eina mjög ákveðna og athyglisverða yfirlýsingu, sem ég veitti mjög athygli. Og hún var á þá leið, að þó að hann gæfi að vísu enga yfirlýsingu um það, að hann yrði alltaf á móti gengislækkun um alla framtíð, væri hann þó tilbúinn að gefa þá yfirlýsingu nú, að þessi ríkisstj. undir hans forsæti mundi ekki fallast á neina gengislækkun eftir kröfum ýmissa aðila, sem vildu gjarnan hugsa sér að græða á henni, án þess að þeir sömu aðilar skyldu verða látnir borga kostnaðinn af slíkri gengislækkun. Þetta var hraustlega mælt á margan hátt, og það er þá a. m. k. meiningin, skilst mér, samkv. þessu að standa að framkvæmd gengislækkunar, ef hún kemur, á nokkuð annan veg en gert hefur verið að undanförnu. Með þessu viðurkennir hæstv. forsrh. það, sem við allir vitum, að það eru auðvitað til ýmsir aðilar í okkar þjóðfélagi, sem hugsa gott til þess að græða á gengislækkun og hafa oft grætt á slíkum fjármálalegum ráðstöfunum. Og þeir aðilar ýta jafnan á eftir um það, að þetta heillaráð fyrir þá verði notað. En það er alveg víst, að launafólkið í landinu óskar ekki eftir gengislækkun. Það hefur aldrei grætt á gengislækkun. En það þarf bara meira til en það að segja, að maður sé á móti gengislækkun. Það þarf þá að gera ráðstafanir í tíma til þess að reyna að koma í veg fyrir, að gengislækkunin hvolfist yfir mann, þannig að maður fái ekki við neitt ráðið. Og því miður sýnist mér, að ef svo heldur lengi áfram sem haldið hefur verið um skeið hjá okkur, sé afskaplega hætt við því, að engar yfirlýsingar dugi til þess að koma í veg fyrir gengislækkun. Ég held því, að það sé fyllilega kominn tími til þess að samþykkja verðstöðvun, eins og lagt er til með þessu frv. út af fyrir sig, og taka verðlagsmálin sem heild mjög föstum tökum og vinna að því að lækka verðlag í öllum þeim greinum, sem það er hægt, og taka verðmyndunina sem heild undir eftirlit, og það eigi því að fallast m. a. á þær brtt., sem við Alþb.-menn viljum gera við þetta frv. og allar miða að því að gera framkvæmdina í þessum málum öruggari en stefnt er að með frv. sjálfu.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það var frekar tilviljun, að ég tók til máls áðan. Ég hafði eiginlega ekki ætlað mér það og gerði ekki heldur ráð fyrir, að ég mundi tala tvisvar, en hæstv. forsrh. gaf ofurlítið tilefni til þess. Ég get eiginlega ekki skilið, hvernig stendur á því, að hæstv. forsrh. skuli ekki þola umr. um þetta mál. Ef á að taka þetta mál alvarlega, er ekki nema eðlilegt, að eitthvað sé um það rætt, og það, sem ég gerði hér, var að skýra mína afstöðu. En ég álít, að það hefði verið eðlilegra, ef ég hefði sagt eitthvað, sem ekki væri rétt, að hæstv. forsrh. hefði hrakið það, en ekki komið hér upp í ræðustól og sagt, að ég hefði hagað mér eins og trúður. Ég líkti raunar þessu frv. við það, að þetta væri nokkurs konar leikrit, revía, en þá var ég vitanlega ekki trúðurinn í því, heldur var það ríkisstj. sjálf, og ég vil nú ekki líkja þeim við neina trúði, heldur vildi ég þá frekar líkja hæstv. forsrh. við leikstjóra. Og það er allt annað orð, leikstjóri eða trúður, það er út af fyrir sig virðulegt orð, virðulegt að stjórna vel leik. Og það gerist nú í stjórnmálunum æríð oft, að það er nokkurs konar leiksýning. Stjórnir hafa verið undanfarið að auglýsa sig með alls konar slagorðum, eins og viðreisn og nýsköpunarstjórn og ég held bjargráðastjórn, þegar þrír flokkarnir mynduðu stjórn 1956, þannig að allir reyna að auglýsa sig. Ef ríkisstj. tekst vel að leika sinn leik, leika þetta leikrit, sem ég var að tala um, er það ekki nema hól fyrir hana. En efnislega hrakti forsrh. ekkert af því, sem ég hafði sagt, þannig að ef ég hef sagt eitthvað rangt eða ósatt, er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að það verði leiðrétt.

Ég get ómögulega skilið, að það sé neitt athugavert við það, þó að það sé rætt rólega um þetta mál, og það hefur yfirleitt verið gert. Það má náttúrlega deila um það, hvort allt hefur verið satt eða rétt, sem sagt hefur verið. En það hefur verið rætt rólega um það, nema helzt af hæstv. forsrh. sjálfum. Og ef málstaður hans væri slíkur og hann væri alveg viss um, að þetta væri allt saman rétt og þetta væri raunhæft allt saman, sem þeir væru að gera núna, þyrfti hann ekki að verða æstur út af þessu máli. Sá, sem hefur góðan málstað, hefur sterka málsvörn, getur verið rólegur og brosað að hinum, sem hafa rangt

fyrir sér, leiðrétt þá og brosað að þeim, þannig að ég var ofurlítið hissa á því, hvað virtist hitna mikið í hæstv. forsrh. út af jafnrólegum umr. og hér hafa í raun og veru farið fram og af litlum illvilja, því að enginn okkar hefur viljað bregða fæti fyrir þetta frv. í raun og veru, þó að við höfum misjafnlega trú á því, hversu árangursríkt það verði.

Það, sem ég álít rétt, er ekki það, að það sé samþ. eitthvert frv. um það, að hér skuli nema staðar, heimild fyrir ríkisstj. að stöðva allt, en ekki séu gerðar aðrar róttækari ráðstafanir. Við vitum, að ef losnar um einhvern þennan hlekk, ef kaupið hækkar, ef erlendar vörur hækka, ef rekstrarkostnaður hækkar, annaðhvort við sjávarafurðir eða landbúnað, þá er festin biluð, einn hlekkur í sundur, og þá heldur þetta áfram að hækka alveg eins og hefur verið. Vera má, að viðvíkjandi verðgæzlunni taki ríkisstj. eitthvað fastari tökum en hún hefur gert, en það hefði hún bara getað, ef hún hefði viljað. Það, sem þarf að gera, er að reyna að lækka framleiðslukostnaðinn, gera einhverjar raunhæfar ráðstafanir. Það er það, sem ríkisstj. hefur bara ekki gert í sinni stjórnartíð.

Ég skal játa, að aðstaðan hefur að ýmsu leyti verið örðug. Það hafa verið miklar sveiflur í atvinnulífinu. Þessi mikla síldveiði gerði þetta örðugt. Aðrar stéttir heimtuðu meira og meira, allir vildu búa við svipuð kjör. Ég skal játa það, að hluti af síldargróðanum hefur runnið út til bændanna. Bændur eru í raun og veru ekkert sanngjarnari í sínum kröfum en aðrir menn. Það er eins og allir vilji fá sem mest og kunna sér þá kannske ekki hóf, þegar vel árar. En að mínu áliti er það, sem gera þarf núna, að lækka rekstrarkostnaðinn. Vextirnir höfðu sitt að segja. Þeim var hleypt af stað. Þeir voru hækkaðir. Hitt er rétt, að miðað við það, að krónan hefði haldið verðgildi sínu, voru þeir of háir. En miðað við það, að verðgildi hverrar krónu lækkar um 10—12% á ári, eru þeir náttúrlega of lágir, það er skaði að eiga peninga. En það er það, sem þarf að keppa að, að ríkið verndi það sparifé, sem þjóðfélagið felur því, og hafi vextina skaplega.

En það er ekki hægt að gera tvennt í einu, það gerir engin þjóð. Forsrh. hefur oft spurt að því, hvað hafi verið gert hér annað en aðrar þjóðir geri, hvaða ráðstafanir til að stöðva verðbólgu. Það var bara gert það í einu að fella gengið lengra en það raunverulega stóð og hækka vextina um leið. En það bara gera aðrar þjóðir yfirleitt ekki, að gera hvort tveggja í einu, stórfella gengi og hækka vexti. Það verkar hvort á móti öðru.

Við skulum bara taka landbúnaðinn. Það virðist vera komið í ljós, að það sé hægt að lækka fóðurbætinn um svona 1500 kr. hvert tonn, — það er ekki lítil lækkun, — bara með hagkvæmari verzlunarviðskiptum. Þau hafa ekki verið frjáls. Þau hafa verið bundin. En þetta hefur sitt að segja. Ef það væri hægt að taka áburðinn sömu tökum, hefði það líka mikið að segja. Það er algerlega einokun á honum. Væri vitlaust að gefa hann frjálsan? Það litla frelsi, sem var, var í gegnum áburðareinkasöluna. Það var tekið. Nú er þetta alger einokun. Bændur verða að kaupa þær áburðartegundir, sem réttar eru að þeim, ekkert frelsi. Það er alls ekki ólíklegt, að það væri hægt að gera svipaðar ráðstafanir viðvíkjandi áburðinum og er verið að gera við fóðurbæti. Þetta eru tveir aðalkostnaðarliðir bóndans. Þriðji liðurinn er viðhald véla. Það væri vafalaust hægt að gera eitthvað í því, t. d. að lækka innflutningstolla. Það hefur nú verið gert nokkuð og er e. t. v. hægt meira og ýmislegt að gera í því að gera þá þjónustu eins ódýra og mögulegt væri. Ef ráðstafanir eru gerðar svipaðar og þessar, væri hægt að lækka landbúnaðarafurðir, í staðinn fyrir að þær hafa flogið upp.

Ég hef heyrt landbrh. sjálfan halda því fram, að það gerði bændum ekkert til, þó að vextir væru hækkaðir á landbúnaðarlánum, það kæmi fram í afurðaverðinu. En það bara kemur fram í verðlaginu til neytenda og eykur dýrtíðina eða niðurgreiðslur ríkissjóðs. Annað er það, að það væri hægt að haga landbúnaðarframleiðslunni skynsamlegar en gert hefur verið. Má vera, að það sé verið að reyna það núna eða réttara sagt, að bændurnir séu sjálfir komnir inn á þá leið. Það er ekkert vit í því að framleiða miklu meiri mjólk en landsmenn þurfa að neyta. Það er allt í lagi með svona 10%, það er ekki hægt að gera við því, en þegar það er gert í stórum stíl, þarf náttúrlega að stinga við fótum, og það er verið að gera núna, bara gert of seint.

Ég skal játa, að það eru ískyggilega háar upphæðir, sem varið er til niðurgreiðslna á landbúnaðarvörum og útflutningsuppbóta, og það væri ákaflega æskilegt, ef hægt væri að breyta því. Það er hægt að breyta því með tvennu móti. Það er hægt að lækka rekstrarkostnað landbúnaðarins og það á að framleiða þær tegundir vöru, sem hagkvæmast er að framleiða fyrir þjóðarbúið í heild. Þetta þarf hvort tveggja að gera, og hefur ekki verið gáð nógu vel að. Það er ekki nóg að hækka alltaf og hækka til bændanna, það fer að miklu leyti í kostnað. Aðalatriðið er, að búin séu rekin þannig, að um einhverjar nettótekjur sé að ræða. Ég játa það, að ég hef aldrei borið landbrh. það á brýn að vilja ekki bændum vel og hafa ekki unnið vel fyrir þeirra málstað. En hitt er annað mál, að mér virðast hans störf hafa miðað meira að því að fá sífelldar hækkanir en að gera reksturinn ódýran.

Sama er að segja um sjávarútveginn. Ef á að gera eitthvað raunhæft, á að reyna að lækka rekstrarkostnaðinn. Kemur þá margt til greina. Það eru nú t. d. ýmis útgjöld, ég tók sumt af þeim áðan. Ég get bent á fleira. T. d. nú er atvinnuleysistryggingasjóður orðinn 900 millj. Vextir af því eru sennilega, — ég veit ekki nákvæmlega, hverjir vextirnir eru, ætli þeir séu ekki 80—90 millj. á ári? Ríkissjóður leggur fram 79 millj. núna, bæjarfélög og at-

vinnufyrirtæki jafnmikið. Þarna er tekið af þjóðinni svona um 160 millj., sem er lagt í þennan sjóð, sem er alveg orðinn nógu stór, þó að maður bæti bara við vöxtunum, ef verðgildi peninganna héldist eitthvað svipað og það er, sem er aðalatriðið með svona sjóðssöfnun.

Það er ekki til neins fyrir okkur, sem erum í minni hl., að koma með brtt. viðvíkjandi fjárl., vegna þess að þetta er allt bundið í lögum. Það er ekki hægt, nema það sé meirihlutastjórn, sem getur framkvæmt löggjöfina um leið. Þó að ég vildi koma með brtt. t. d. um þetta, það væri ekki hægt, þetta er lögbundið. Það eru ýmsir, sem liggja okkur á hálsi fyrir það, að við komum ekki með brtt. til lækkunar á fjárl., en það er bara yfirleitt ekki hægt fyrir minni hl., vegna þess að þetta er yfirleitt bundið í lögum, nema verklegar framkvæmdir, sem sízt eru í mörgum tilfellum of miklar.

Það má líka leita að ýmsum leiðum. Við getum tekið rafmagnið til frystihúsanna. Það er ekki athugað nógu vel. Einn útgerðarmaður, sem rekur stórt frystihús hér í bænum, sagðist verða að borga 200 þús. á mánuði fyrir rafmagn. Ég veit, að úti á landsbyggðinni er þetta alveg gífurlegur liður. Væri ekki hægt að athuga þennan lið, ef hægt væri að gera það eitthvað ódýrara? Og svona er ótal margt fleira. Það þarf sem sagt að reyna að leita að hagkvæmari leiðum viðvíkjandi rekstrinum til að geta gert hann ódýrari.

Hv. 5. þm. Austf. talaði hér um sjávarútveg töluvert áðan. Hann var að tala um, að útgerðarmenn þyrftu 1 kr. meira, jafnvel 1.75 kr. meira fyrir fiskinn. Vitanlega er alltaf hægt að gera svona kröfur. Satt að segja hefur það nú alltaf gengið þannig, að útgerðarmenn hafa sagt, að ekki bæri sig framleiðslan hjá þeim. Og það er ekkert nýtt. En ég hygg, að núna sé aðstaðan töluvert erfið fyrir þá samt sem áður. Ég hef heyrt, að þeir hafi áætlað sjálfir, að þeir muni þurfa um 500 millj. í aðstoð. Ég reikna nú tæpast með því, að það þurfi, en vafalaust eitthvað, nema hægt sé að gera reksturinn ódýrari. Þá þurfum við bara að reyna að leita að öllum mögulegum leiðum til að lækka þennan kostnað, því að það gefur auga leið, að ef þarf að bæta upp sjávarafurðirnar um 500—600 millj. kr., er gengið ekki rétt skráð. Þá erum við komnir inn á sömu leiðina og var. Gengið var ekki rétt skráð 1959, og ég hef alltaf viðurkennt það og ég viðurkenni alltaf, að það var rétt að lækka það sem nam því að gera það rétt, því að það er óhyggilegt að búa við rangt gengi til lengdar. Hinu hef ég ekki trú á, að hæstv. forsrh. geti staðið við það, þó að hann lýsi því hér yfir áðan, og má vera, að hann hafi gert það alveg í fullri einlægni, að þeir, sem græddu á gengislækkuninni, skyldu borga, af því að það er hreinlega ekki framkvæmanlegt. Krónan er fallin, þegar gengið er leiðrétt og það er ótalmargt, sem kemur inn í það, að það er útilokað að láta þá aðila borga, sem græða á gengislækkun, ef á að kalla það gróða. Það er hægt að reyna það á einhvern hátt, en það mun ævinlega verða sú útkoman, að það er óframkvæmanlegt. Yfirleitt er gengi ekki fellt nema út úr ýtrustu nauðsyn. Hitt skil ég vel, að það gerir engin stjórn fyrir kosningar að fara að segja það, að gengið muni verða fellt eftir kosningarnar. Það er bara mannlegt og eðlilegt. Ég vona, að það verði ekki. Ég vona, að það verði teknar þær leiðir, sem skynsamlegri eru. Það er að reyna að reka atvinnuvegina af meiri hagkvæmni, svo að það þurfi ekki að fella gengið. En það út af fyrir sig, þó að ríkisstj. sé gefin einhver heimild til þess að stöðva verðlag hvar sem er, leysir ekki vandann, alveg eins og hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Austf., tók fram, af því að við erum þegar komnir lengra en það. Viss hluti af sjávarútveginum er hættur að bera sig.

Svo er eitt viðvíkjandi sjávarútveginum. Það er ekkert vit annað en að reyna að skipuleggja rekstur frystihúsanna betur en gert er, bæði að þau séu rekin af meiri hagkvæmni og ef um takmarkað hráefni er að ræða, að starfrækja þá ekki öll húsin. Það er þá miklu betra að reyna að styrkja þau, þannig að það sé ekki gengið að þeim, sem er lokað í bili, því að starfræksla hvers frystihúss kostar stórfé. Það er svo ótal margt í kringum það. Og í smákauptúnum, þar sem eru kannske tvö frystihús að vinna úr aflaverðmæti, sem eitt getur leikið sér að, það er náttúrlega að kasta verðmætum á glæ, og því ættu útgerðarmennirnir ekki síður að hafa áhuga á, að fiskvinnslustöðvarnar séu reknar með hagkvæmni, vegna þess að eftir því sem þær eru verr reknar, eftir því verður fiskverðið lægra og erfiðara að fá það innheimt, sem er ekkert aukaatriði.

Ég skal nú ekki fjölyrða um þetta miklu lengur. En ég sé ekki, að það sé nein ástæða til þess að deila á okkur fyrir það, þó að við förum hér upp og ræðum málefnalega um þetta mál, eða kalla okkur trúða af þeim sökum, vegna þess að þetta er í raun og veru stórmál, og ég kom hér upp til að gera grein fyrir minni afstöðu. Ég vil á engan hátt spilla fyrir, að þetta geti orðið að sem allra mestu gagni, þetta frv. ríkisstj., og skal ekki gera það, hvorki í orði né verki, en það er mín skoðun, að þetta frv., eins og það liggur fyrir, sé ekki nema nokkurs konar leiksýning. Ég vona, að það verði gerðar raunhæfari aðgerðir, ríkisstj. geri það og á e. t. v. hægara með það núna en hún hefur oft átt áður, og ég vona, að það verði gert, og það er eina ráðið til þess að hindra það, að verðbólgan haldi áfram. En þetta frv. getur ekki skapað nein tímamót í verðbólgumálum, það er alveg útilokað. Það verður að gera eitthvað róttækara og meira. Vera má, að það verði gert, og ég sé ekki, að það sé neitt við það að athuga, þó að við segjum okkar skoðun, og sé óþarfi að deila á okkur sérstaklega fyrir það að segja okkar skoðun á hlutunum og allra sízt, eins og ég hef nú reynt, að benda á viss atriði, sem ég held, að væri hægt að gera, sem einmitt miðuðu að því að hindra það, að verðbólgan yrði meiri

en hún er núna, og jafnvel væri hægt að lækka. Ef hægt væri t. d. að lækka verðlagið í landinu, þá lækkaði kaupið, þá lækkuðu öll útgjöld ríkissjóðsins. Svo er það mál fyrir sig, að ég álít, að það væri hægt að gera margt viðvíkjandi fjármálum þjóðarinnar, sem gæti verið til bóta, og það þyrfti stórrar endurskoðunar, en eins og ég tók fram áðan, getur minni hl. ekki gert það, vegna þess að það þarf að breyta lögum í flestöllum tilfellum. Þó að við færum að koma með einhverjar brtt., yrði það í flestum tilfellum ekki í samræmi við lög, þannig að það er ekki hægt með réttu að deila á okkur, þó að við gerum það ekki. Það eina, sem við getum gert, er að halda ræður og benda á, hvað hægt væri að gera.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að blanda mér hér inn í umr. og allra sízt fara að gera neitt stáss með þetta frv. hæstv. ríkisstj. En það var út af brtt. hæstv. forsrh., sem mig langar að fá skýringu. Brtt. er fólgin í því, að þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrirmæli fyrri málsgr. þessarar gr. taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags, í hvaða formi sem er, þ. á m. hvers konar framlags og þjónustu, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra og aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi."

Það er orðið „framlag", sem sett er hér inn í þessa gr., og ég leyfi mér að spyrja hæstv. forsrh.: Hvað er átt við með orðinu „framlag" í þessu tilfelli? Mér dettur í hug, að jafnhliða því, að við erum að ræða þetta frv. hér í hv. d., var verið að útbýta till. fjvn. við 3. umr. fjárl. Þar eru t. d. framlög til skóla. Nær þetta orð í þessu tilfelli til þeirra? Hefur t. d. hæstv. ríkisstj. vald skv. því til þess að ákveða, að framlög ríkisins til slíkra framkvæmda séu bundin við sömu fjárhæð eða sama hlutfall og á s. l. ári? Ef það væri meiningin með þessu orði, sem hér er skotið inn í gr., væri hér um nýjan þátt í málinu að ræða. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. forsrh.: Hvað er átt við með orðinu „framlag" í þessari brtt.?

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna þessarar fsp. vil ég taka það skýrt fram, að ekkert slíkt er í huga mínum, sem hv. þm. minntist á. Eins og ég sagði, hafði ég samráð við lögfræðinga, sem eru mér vanari að athuga meðferð dómsmála, og þeir töldu öruggara, að þetta væri sett inn. Skilst mér þetta svara til þess, sem á mínum skólaárum var kallað, ef látin væru í té hlutbundin réttindi í staðinn fyrir beinar fjárgreiðslur og annað slíkt. Það má deila um, hvort þetta er nauðsynlegt, og sjálfur hefði ég ekki talið þetta nauðsynlegt, en að fram kominni þessari ábendingu manna, sem eru betur inni í tungutaki dómstólanna nú, þótti mér réttara að taka þetta upp, og við annað er ekki átt.

Út af því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, skýrir það ekkert í þessum málum, þó að við margoft höldum sömu ræðurnar og tökum upp það sama, það haggast ekki við það og málin verða ekki skýrari. Þegar hann talar um samanburð á verðlagi, — ég vil einungis víkja að því, þó að ég í rauninni hafi gert það líka við fyrri umr., — þá hefur sá samanburður, sem hann gerir t. d. í sínu nál., ekki ýkjamikla þýðingu, vegna þess að þar verður að bera saman, ekki hækkun álagningar, heldur hvort vöruverðið sjálft hefur hækkað, og það liggur ekki fyrir í þessum skýrslum. Ef hann vill sanna sínar fullyrðingar, verður hann að láta safna skýrslum, sem upplýsa þetta.

Eins er það, þegar hann talar um hækkun vísitölu á árinu 1964 sem áhrif af júnísamkomulaginu, þá hygg ég, að hann hafi sagt, að þá hafi vísitala á því ári hækkað um eitthvað 16—17 stig, en það hafi verið metið af Efnahagsstofnuninni, að raunveruleg kauphækkun með því, sem var óbein kauphækkun, mundi nema á milli 5 og 6 stiga — var það ekki? Já, 5.9 stig. Nú, en á jafnlengd frá maí til maí, frá 1964—1965, hækkar vísitalan einungis úr 163 í 171, og það er sú tala, sem hér verður að taka tillit til og máli skiptir. Það voru miklu fleiri hækkanir fyrr á árinu 1964 vegna afleiðinga ársins 1963. Eins má segja, að það urðu meiri og við getum sagt óhóflega miklar hækkanir á árinu 1965 fram til jafnlengdar 1966 af ýmsum ástæðum, sem ég skal ekki fara að rekja núna. En ef við viljum átta okkur á því, hvað gerðist á árinu 1964 eftir júnísamkomulagið, er rétt að halda sér við tímann frá maí til maí 1965. Að öðru leyti held ég, að það borgi sig lítið fyrir okkur að segja: það hækkaði af þessum og þessum ástæðum. — Þetta á að liggja fyrir í skýrslum. Og því þá ekki að setja alveg hlutlausa aðila til þess að kanna þetta til hlítar? Gætu menn ekki komið sér saman um það, í staðinn fyrir að við séum hér að segja: „Klippt var það, skorið var það." Til þess höfum við fullt af óhlutdrægum mönnum, að úr þessu sé skorið. Það getur vissulega orðið til mikillar leiðbeiningar.

Varðandi það, að fiskverð hafi verið ákveðið nú til frambúðar með þeirri uppbót, sem ríkisstj. og borgarstjórn Reykjavíkur hafa ákveðið að greiða til þess að afla fisks hingað til bæjarins á þessu tímabili nú í haust, þá má deila um það, hvort sú ákvörðun sé rétt eða ekki, en auðvitað stendur þar alveg sérstaklega á, vegna þess að það þarf að greiða fyrir, að fiskur sé fluttur langar leiðir með allt öðrum tilkostnaði og allt öðrum atvikum en þegar um venjulegar fiskveiðar til verkunar fyrir utanlandsmarkað er að ræða. Það er rétt, að þetta komi fram. Hitt er mér ljóst, að þessi ákvörðun út af fyrir sig er umdeilanleg, en hún segir ekkert til um frambúðarfiskverð, sem verður að ákveða af aðilum með hlutlausum oddamanni eftir þeim reglum, sem lög segja, þegar þar að kemur.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal ekki halda langa ræðu að þessu sinni. Ég hef engar þær umkvartanir að gera, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. þurfti að gera hér áðan, út af því, að forsrh. hefði farið hraklegum orðum um afskipti mín af þessu máli, þó að ég flytti

þar síður en svo málstað ríkisstj. En ég hélt því fram áðan, að það væri í raun og veru eðlilegast, að ríkisstj. vildi fá sem öruggastar lagaheimildir til allra aðgerða til stöðvunar verðlags, og ég fengi því ekki annað séð en till. Alþb., sem allar stefna í þá átt að tryggja örugga framkvæmd í verðstöðvunarmálum, ættu að vera kærkomnar ríkisstj. Það er vitanlega ekki stjórnarandstaðan á Alþ., sem á mikið á hættu, ef framkvæmdin mistekst, — hæstv. ríkisstj. á allt á hættu, ef hún ber fram frv. og lögfestir þær heimildir, sem hún telur sér nauðsynlegar til framkvæmda í málinu, en svo getur hún ekki framkvæmt málið, það mistekst í höndum hennar. Það er hún, sem á allt í hættu. Og hafi hún hugsað sér málið sér til framdráttar í næstu kosningum, mundi það síður en svo verða, ef verðlagsmálin bruna sinn gang og verðlagið æðir upp og verðbólgualdan stöðvast ekki, — þá væri málið henni síður en svo til framdráttar í kosningum, það er mín sannfæring, allra helzt, ef hún hefði hafnað till., sem hefðu bætt hennar aðstöðu til að ná því marki, sem hún lét í veðri vaka, að fyrir sér vekti. Ég tel það því ekki góðs vita, ef brtt. Alþb. á þskj. 32, sem allar miða að því að gera framkvæmd frv. ríkisstj. öruggari, verða felldar. Ég verð að segja það.

Við höfum, hv. 5. þm. Austf. og ég, minnt á, að ástandið hjá sjávarútveginum og fiskiðnaðinum sé að dómi þeirra aðila, sem þar mega gerst um vita, ekki álitlegt. Ég vitnaði áðan í skoðanir talsmanna sjávarútvegsins, hvernig þeir teldu sig stadda og hvað þeir teldu sig þurfa mikla aðstoð. Ég játa, að það getur verið um ýkta mynd að ræða hjá þeim, en ég hef hérna fyrir framan mig samþykktina, sem gerð var á aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Það er ekki heldur glæsileg mynd, sem þeir draga upp. Þeir segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, haldinn í Reykjavík 7. og 8. des., leyfir sér að vekja athygli þjóðarinnar á því, að rekstrargrundvöllur fyrir hraðfrystiiðnaðinn er ekki lengur fyrir hendi.“ Það er mikið sagt: „Rekstrargrundvöllur fyrir hraðfrystiiðnaðinn er ekki lengur fyrir hendi. Stórhækkaður innlendur kostnaður, samdráttur í hráefnisöflun og lækkað verð fyrir sjávarafurðir á erlendum mörkuðum hefur leitt til þess alvarlega ástands, sem við óbreyttar aðstæður mun innan tíðar leiða til gjaldþrots fjölda fyrirtækja. Fundurinn telur, að verði ekki gerðar róttækar ráðstafanir af hálfu hins opinbera til leiðréttingar á rekstrargrundvelli hraðfrystihúsanna, geti þau ekki hafið framleiðslu í byrjun næsta árs.“

Þetta er sú mynd, sem þessir aðilar draga upp af ástandinu í hraðfrystiiðnaðinum, og ef hraðfrystiiðnaðurinn hefur engan rekstrargrundvöll og fyrirtækin verða unnvörpum gjaldþrota, sem þarna er um að ræða, og geta ekki hafið rekstur í byrjun næsta árs, ef þetta eru ekki allt saman ýkjur einar, er þarna um alvarlega hluti að ræða, sem ólíklegt er, að kosti ekki hundruð millj. að bæta úr, og ef það þarf að gerast með nýjum sköttum á þegna þjóðarinnar, á sama tíma og haft er á orði, að eigi að stöðva allt verðlag, sé ég ekki, hvernig það tvennt má samrýmast.

Það er dálítið kæruleysislegt af hæstv. forsrh. að segja „Den tid, den sorg“, þ. e. a. s. þá skapast bara ný viðhorf og þá er að taka því. Þetta er eiginlega alvarlegasta hliðin á þessu máli, að svona er komið, og fyrst þegar svona er komið, þá leggur hæstv. ríkisstj. fram frv. um heimildir til verðstöðvunar sem neyðarúrræði. Í ræðu minni í dag sagði ég frá atviki, sem sló mig illa daginn, sem frv. var lagt fram, þ. e. a. s. beinni frásögn manns um það, að hann hefði fengið tvær verðhækkunartilkynningar daginn áður en frv. var lagt fram, aðra um 30% hækkun á húsaleigu, hina um 100% hækkun á lóðarleigu. Ég taldi því, að ákvæði 2. gr., eitt ákveðnasta ákvæði frv., sem sé að verðhækkanir, sem yrðu gerðar, eftir að frv. var lagt fram, skyldu verða ógildar, virtist ekki vera nægilegt. Ég lét þá orð falla um það, að ég teldi ekki óeðlilegt, teldi nauðsynlegt raunar, að verðhækkanir, sem skellt væri á, rétt áður en frv. var lagt fram, þ. e. a. s. greinilega út frá því, að vitneskja hefði síazt út um það, að þetta frv. væri að koma, yrði að banna líka. Þess vegna leyfi ég mér, herra forseti, að leggja fram brtt. við frv., þ. e. a. s. við 2. gr. þess, á þá lund, að við 2. gr. frv. bætist: „Sérhverjar þær verðhækkanir, sem með einhverjum hætti verða raktar til vitneskju um, að verðstöðvunarfrv. væri væntanlegt, og komu til framkvæmda rétt áður en frv. var lagt fram á Alþ., skulu einnig ógildar og verðlagið fært til fyrra horfs.“ Þessa brtt. vil ég leggja fram eða afhenda hæstv. forseta og óska, að hann leiti afbrigða fyrir henni sem skriflegri og of seint fram kominni.

Mér hefur verið bent á, að fleiri teikn séu nú á lofti þess efnis, að ekki ætli allir að beygja sig undir þetta ákvæði um að hækka ekki verð með einhverjum hætti. Dagblaðið Vísir mun segja frá því í dag, að kaupmenn séu nú að taka upp, ekki að hækka verðlag, nei, nei, Gud bevare os, en að setja á nýtt gjald, 10 kr. heimflutningsgjald, ef varan sé pöntuð í búð, en 25 kr. heimsendingargjald, á hverja heimsendingu, ef hún hafi verið pöntuð í síma. Mundi nú hæstv. ríkisstj. líta á þetta sem verðhækkun eða bara eitthvað, sem alveg sé óviðkomandi verðlagi? Þetta virðist mér vera viðleitni til þess að finna strax nú þegar, á meðan frv. er til meðferðar á Alþ., leiðir til þess að mata dálítið sinn krók á kostnað almennings í landinu, án þess að beint sé hægt að segja, að bókstafur laganna sé brotinn. En spurningin: Yrði þetta talin verðhækkun eða yrði bara sagt: Þetta er ekki verðhækkun, verðið er óbreytt hjá öllum þessum kaupmönnum, en þeir bara settu á þetta nýja gjald. — Það er alveg áreiðanlegt, að það verða margar tilraunirnar til þess að komast fram hjá ákvæðum laganna, jafnvel þeim ákveðnustu, eins og hér er um að ræða,

ákveðnasta atriðinu í frv., þegar hinar veiku heimildir með öllum undantekningunum eru meginuppistaða frv.

Ég skal ekki þreyta þingheim með langri ræðu að þessu sinni. Ég endurtek það, að sá aðilinn, sem á mest í húfi um, að vel takist til um framkvæmd verðstöðvunar í landinu, er hæstv. ríkisstj. Þegar Alþ. samþ. lög þar um að frumkvæði ríkisstj., að öllu leyti í því formi eins og hún telur sér nauðsynlegt að hafa það, en hún hafnar öllum till., — ef svo verður nú, sem ég trúi ekki fyrr en ég tek á, — sem miða að öruggari framkvæmd, og kynni svo að standa uppi vís og opinber að því á vordögum, að framkvæmd laganna hefði mistekizt, þar á enginn meira á hættu en hæstv. ríkisstjórn sjálf.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég ætlaði einmitt að beina því til flm. till., hvort það væri ekki rétt að bera þessa till. undir n. Meiningin var nú, að það færi ekki atkvgr. hér fram fyrr en á morgun af sérstökum ástæðum, og ég mundi telja, að það væri rétt, að þetta tilvik væri nánar skýrt fyrir n. og lögfróðir menn fengnir til að athuga, hvort þetta ákvæði stenzt eða með hverjum hætti hægt sé að gera það þannig úr garði, að það verði talið í lögformlegu horfi. Þá mundi ég efnislega ekki hafa á móti því, ef það er talið hægt að takmarka það svo, að ekki verði úr því endalaus eltingarleikur, sem ég geri mér ekki grein fyrir á þessu stigi, hvort unnt er að gera. En mér finnst, að það þurfi að athuga þetta tilvik, sem hv. tillögumaður talar um, og fá lærða lagasmiði til að athuga, hvort hægt sé að fella þetta allt saman. Út úr hinu, sem hann spurði um varðandi það, sem Vísir segir, er það auðvitað, ef það er svo, að ekki hafi verið tekið gjald fyrir þessa þjónustu hingað til, er tvímælalaust óheimilt að taka það, eftir að heimild laganna er beitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Nd., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 132,1.a felld með 20:14 atkv.
— 120 samþ. með 20:12 atkv.
— 132,1.b felld með 20:13 atkv.
— 141 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 132,2 felld með 21:8 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 132,3 felld með 21:13 atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 132,4.a felld með 21:17 atkv.
— 132,4.b felld með 21:15 atkv.
Brtt. 132,4.c felld með 21:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IG, JSk, LJós, SE, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, HÁ, HS, HV.

nei: JóhH, JP, JR, MB, MÁM, ÓL, PS, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, DÓ, RG, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, SB.

SkG, BP, GíslG greiddu ekki atkv.
1 þm. (RA) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Ég tel, að það þyrfti önnur ákvæði og róttækari að ýmsu leyti til þess að ná þeim árangri, sem mér skilst, að vaki fyrir tillögumanni. Það mun ekki hafa mikla þýðingu að samþykkja það, eins og það er, og greiði ég því ekki atkv.

Brtt. 132,4.d felld með 20:16 atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 132,5 felld með 21:5 atkv.
5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 132,6 tekin aftur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 144).

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til athugunar þá skrifl. brtt., sem hv. 5. þm. Vestf. bar fram hér í gærkvöld, en hefur ekki lokið athugun sinni á því máli. Ég vildi mega fara fram á það þess vegna, að fundi verði frestað nú um sinn, svo að n. gefist tækifæri til að athuga málið til hlítar.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Á fundi Nd. í gærkvöld bar hv. 5. þm. Vestf. fram skrifl. brtt. við 2. gr. frv. um heimild til verðstöðvunar. Efni þeirrar till. var það, að ef verðhækkanir hefðu átt sér stað, rétt áður en frv. var lagt fram, sem rekja mætti til þess, að þeir, sem þær verðhækkanir hefðu framkvæmt, hefðu haft vitneskju um, að frv. væri að koma fram, skyldi vera ákvæði í l., sem gerðu slíkar verðhækkanir óheimilar. Nú hefur n. haft þetta mál til athugunar síðan og m. a. borið sig saman við lögfróða menn um það, hvort svona ákvæði nægði, hvort hægt væri að setja svona ákvæði í lög um verðstöðvun, og eftir að hafa gert þetta og rætt málið í sínum hópi, hefur n. að vísu ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, en meiri hl. n., eins og fram kemur á þskj. 156, hefur orðið sammála um að bera fram tvær brtt. eða brtt. í tveimur liðum við 1. gr. frv., sem er ætlað að ná þeim tilgangi, sem hin skrifl. brtt. miðaði að, og sú brtt., sem meiri hl. n. ber fram, er raunar formúleruð á sama hátt eða sambærilega við það, sem var í brbl. um stöðvun verðlags og kaupgjalds, sem sett voru 28. ágúst 1956, en stöðvunarákvæði þeirra laga miðuðust við tveggja vikna tíma fyrir setningu laganna, eða 15. ágúst. Sams konar ákvæði eða sambærilegt ákvæði er hér lagt til, að sett

verði inn í þetta frv., eins og segir í till. frá meiri hl. n., að í 1. gr. komi fyrir orðin „eigi megi hækka verð á neinum vörum frá því, sem var, er frv. til þessara laga var lagt fyrir Alþ.", þ. e. í 1. og 2. línu 1. gr., komi þetta: „Verð á hvers konar vöru megi eigi vera hærra en það var 15. nóv. 1966". Og sambærilegt ákvæði komi síðar í þessari gr., í 3. málsl. 1. gr., hann umorðist svo: „Enn fremur er ríkisstj. heimilt að ákveða, að hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu megi eigi vera hærri en hann var 15. nóv. 1966." Með þessu telur meiri hl. n., að sé náð þeim tilgangi, sem hv. 5. þm. Vestf. stefndi að með flutningi sinnar brtt. í gær. Og það verði sem sé miðað við 15. nóv., þegar ákveðið verði, að verðlag megi eigi hækka á því, sem tiltekið er í lögunum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum og vona, að mér hafi tekizt að skýra það, sem vakir fyrir meiri hl. n. með flutningi þessarar brtt.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég tel, að brtt. sú, sem hér hefur nú verið gerð grein fyrir og er að finna á þskj. 156, sé nokkuð til bóta á frv., því að hún miðar að því, að verðhækkanir, sem gerðar hafa verið nokkrum dögum áður en frv. var lagt fram, verði óheimilar eða komið verði í veg fyrir þær. Þetta tel ég fremur til bóta, og að því leyti til get ég verið með þessari brtt., sem er að finna á þskj. 156. En það breytir hins vegar ekki neinu um afstöðu mína og okkar Alþb.-manna til frv. Þær brtt., sem við fluttum við frv., hafa nú allar verið felldar, og sú afgreiðsla ber vitni um það, að ríkisstj. vill ekki láta setja skýr ákvæði í lög um verðstöðvunarmálin og vill hafa þann vafa á um alla framkvæmd, sem einkennir frv., og okkur þykir alveg sýnt, að ríkisstj. vill ekki taka föstum tökum á verðlagsvandamálinu. Okkur sýnist því alveg augljóst, að þar fylgi ekki hugur máli hjá hæstv. ríkisstj. í baráttunni gegn verðbólguvandamálinu. Við getum því ekki, Alþb.-menn hér, greitt frv. atkv., eins og það liggur fyrir, en munum hins vegar láta það afskiptalaust við endanlega afgreiðslu þess.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 156, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það lítur út fyrir, að þeir vilji halda áfram að skemma þetta stjfrv., hv. meðnm. mínir í fjhn. Ég verð að segja það, að hún er ekki álitleg, þessi brtt. þeirra. Ég fæ ekki betur séð en a. m. k. í a-liðnum sé heimild til eignaupptöku, án þess að nokkuð komi fyrir. Við skulum hugsa okkur, að eitthvert fyrirtæki hafi flutt inn vöru 20. nóv., við skulum segja það, og hún hafi verið allmiklu verðhærri frá útlandinu en sams konar vara áður var og það hafi ákveðið verð á þessari vöru alveg í samræmi við þær verðlagningarreglur, sem gilda, og samkv. heimild verðlagsnefndar, hafi þetta verið vörutegund, sem hefur komið til afskipta hjá því yfirvaldi, og ef svo á að skylda þennan aðila til þess að lækka verð á sinni vöru niður í það, sem var fyrir verðhækkunina, sé ég ekki betur en þetta sé beinlínis heimild til upptöku eigna og ekkert um það, að neinar bætur skuli koma fyrir.

Það er af þessu að segja, þessu máli, að ég og hv. 11. þm. Reykv., sem eigum sæti í fjhn., getum ekki fallizt á þetta og leggjum á móti því, að þessar brtt. verði samþykktar.

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Mér þykir það mjög miður, ef hæstv. 1. þm. Norðurl. v. heldur því fram í fullri alvöru, að þeim mun meira sem tekið er upp úr þeim lögum, sem sett voru í ágúst 1956, upp í þetta frv., eða samkynja ákvæði, þeim mun verra þyki honum frv. Ég veit ekki betur en hann stæði mjög eindregið að setningu — ekki þeirra brbl. kannske, en a. m. k. að samþykkt þeirra í þinginu, og kemur þetta allkynlega fyrir.

Ég vil leiðrétta þann misskilning, sem fram kemur hjá honum, þar sem hann talar um heimild til eignaupptöku, og nefnir þar eitt tiltekið, sérstakt tilfelli, um innflutning á vöru, þá eru að sjálfsögðu í 1. gr. heimildir til meðferðar á slíkum tilfellum, þannig að það þurfi ekki að koma til neinnar eignaupptöku, eins og hann segir, því að þar segir í 1. gr., að það megi ekki leyfa neina verðhækkun, nema þau telji hana óhjákvæmilega, svo sem vegna hækkunar á tollverði innfluttrar vöru, þannig að stjórnvöldin hafa hér í hendi sér að taka tillit til slíkra tilvika.

ATKVGR.
Brtt. 156 samþ. með 24:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Sþ., 14. des., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 157).

Á 29. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er nógsamlega kunnugt, að nú hefur í rúman aldarfjórðung ríkt hér verðbólga, sem er að vísu minni en víða þar sem svo stendur á, svipað og hér, að af einni eða tveim kynslóðum hefur þurft að gera það, sem unnið hefur verið af mörgum kynslóðum í öðrum löndum. Hins vegar er verðbólgan hér meiri en í hinum þróuðu iðnaðarlöndum, a. m. k. flestum, sem við höfum mest skipti við og eru okkur að ýmsu leyti skyldust.

Um ástæður þess, að verr hefur gengið að halda föstu verðlagi hér en í þeim löndum, má margt segja. Við blasir, hversu atvinnuvegir okkar eru einhæfir, mismunandi arðbærir innbyrðis og þó hinir þýðingarmestu, ákaflega háðir sveiflum, bæði varðandi afla, afrakstur og eins það verð, sem afurðir þeirra seljast

fyrir. Um þetta er augljóst dæmi nú á síðustu mánuðum sá atvinnuvegur, sem hin síðari missiri hefur veitt þjóðinni mestar tekjur, síldveiðarnar. Þar hefur að vísu gengið ágætlega um afla, betur en nokkru sinni fyrr, þó að mjög sé það misskipt á landshluta, en verð afurðanna lækkaði hins vegar stórlega síðari hluta sumars og fram á haust, svo að segja má að 1/3, hækkaði svo aftur skyndilega nú fyrir 2—3 vikum, en að því er virðist sýnist nú aftur vera farið að lækka, þó að við vonum, að það sé ekki um varanlegt fyrirbæri að ræða. Þessar miklu sveiflur á síldveiðunum valda þó minni röskun á þjóðarhögum en ella vegna þess, eins og ég sagði, hversu aflamagnið nú á þessu ári hefur verið mikið, svo að segja má, að aukinn afli hafi vegið upp á móti því verðhruni, sem varð og nú hefur að nokkru leyti verið bætt úr.

Alvarlegri er sú verðbreyting, sem orðið hefur á afurðum hraðfrystihúsanna. Þar hafði verið vaxandi verðhækkun síðustu missiri, þangað til nú á s. l. vori, þannig að vegna aukinnar framleiðni og hækkandi verðlags stóðu hraðfrystihúsin fyllilega undir þeim verðhækkunum innanlands, sem þau urðu að bera. Má raunar fullyrða og skýrslur sýna, að hraðfrystihúsin hafi aldrei búið við betri hag en einmitt á árunum 1964 og 1965 og allsæmilegan a. m. k. nú fram eftir ári. En þá kemur þrennt til. Það eru verðhækkanir innanlands, sem einnig hafa orðið á þessu ári, en eru þó ekki meiri en svo, að ekki mundu vandræði hafa skapazt af, ef hitt tvennt hefði ekki orðið, annars vegar minna af efnivöru, sem húsin hafa úr að vinna, en áður og hins vegar verðfall eða a. m. k. fullkomin óvissa um verð. Af öllu þessu leiðir, að það er ljóst, að þessi mikilvægi atvinnuvegur mun ekki standa undir hækkuðum kaupgreiðslum og auknum kostnaði á næsta ári. Þess vegna er það höfuðnauðsyn, sem enginn út af fyrir sig ber brigður á, að komið verði eftir föngum í veg fyrir aukinn innlendan kostnað, er leggist á þessa atvinnugrein. Þetta frv. miðar að því að koma í veg fyrir, að slíkur kostnaðarauki verði, með þeirri heimild til verðstöðvunar, sem þar er veitt.

Frv. byggist á þeirri forsendu, að það takist með þeim ráðstöfunum, sem þar eru heimilaðar, að koma á samkomulagi um, að kaupgjald hækki ekki á næstu mánuðum eða á meðan á gildistíma frv. stendur. Það hefur þegar verið af hálfu ríkisstj. unnið að því að koma í veg fyrir hækkanir og vísitala raunar lækkuð með miklum niðurgreiðslum úr ríkissjóði, — niðurgreiðslum, sem nú eru mögulegar vegna mjög bætts hags ríkissjóðs frá því, sem áður var. En þetta eitt dugir ekki þegar af því, að verkalýðsfélög og launþegar segja, að ekki sé til hlítar að marka vísitöluna eina, þar komi fleira til, ef þeim eigi að vera fært að halda kaupgjaldi óbreyttu, þar verði einnig að líta á margháttaðar vörur og þjónustu, sem utan vísitölu séu. Og í viðurkenningu þessa m. a. og einnig til þess að gera auðveldara að halda vísitölunni niðri eru ríkisstj. veittar þær heimildir, sem í frv. eru. En forsenda beitingar þeirra heimilda er, að það takist að halda kaupgjaldi svo óbreyttu, að verðstöðvun verði ekki óframkvæmanleg að mati ríkisstj. sökum kauphækkana.

Frv. fjallar um heimildarlög, vegna þess að það er ekki miðað við kaupbindingu, heldur frjálsa samninga af hálfu verkalýðsfélaga og launþega, gagnstætt því, sem var í festingarlögunum frá 1956, þar sem um beina lögþvingun var að ræða. En að breyttu þessu breytanda má segja, að lögin, einkanlega 1. gr., séu nú sniðin eftir því, sem var ákveðið í lögunum 1956. Hins vegar eru í 3. gr. víðtækari heimildir en í 1. frá 1956 voru, þar sem nú er ætlazt til þess, að ríkisstj. fái færi til að fylgjast með og taka ákvarðanir um hækkun gjalda, sem á eru lögð af sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum, hvort sem þeir heyra beint undir ríkisvaldið eða ekki.

Mér er ljóst, að um það er deilt, hvort þetta frv. sé nógu víðtækt, hvort það ráði til hlítar við þann vanda, sem nú er fram undan. Úr því fær reynslan ein skorið. Ég vil fullyrða, að miðað við það, að ekki verði um mjög verulegar verðlækkanir á afurðum hraðfrystihúsanna að ræða og þau geti fengið efnivöru til vinnslu með svipuðum hætti og áður, þá mun þetta frv. geta mjög greitt fyrir því, að þau haldi óhindrað áfram starfsemi. Ef hins vegar svo verður metið, að verðfallið sé meira en menn enn vilja viðurkenna, horfir það öðruvísi við. Í þessum efnum eru ekki öll kurl komin til grafar, og er bezt að láta allar fullyrðingar um það efni bíða, þangað til það mál er betur athugað en enn er færi á. En við sjáum af dæminu um síldarlýsið, og vitum við þó, að það er háð meiri verðsveiflum en hraðfrystur fiskur, þá sjáum við samt af því, hversu í þessum efnum getur á skammri stundu skipazt veður í lofti. Og því miður eru okkar undirstöðuatvinnuvegir háðir þessari óvissu, og stjórnvöld verða að miða sínar ráðstafanir við ástandið hverju sinni, eftir því sem það þá blasir við.

Ég skal ekki fara að ræða hér frekar um orsakir þess ástands, sem nú þarf úrlausnar við, af hverju þær hækkanir stafa, sem orðið hafa hin síðustu missiri og við allir játum að séu meiri en æskilegt væri. Um það er miklar upplýsingar að fá í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Hagráðs á s. l. sumri. Þetta er einnig eitt meginþrætuefni í stjórnmálum, og skal ég ekki byrja að rekja það að fyrra bragði. Aðalatriðið er, að nú verður að horfast í augu við vandann eins og hann er í dag.

Þetta á allt eftir að skýrast betur í þeirri rannsókn og viðræðum, sem nú eru hafnar á milli ríkisvaldsins annars vegar og fulltrúa hraðfrystihúsaeigenda hins vegar, og er nægur tími til þess að íhuga það, þegar allar skýrslur eru fyrir hendi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið á þessu stigi. Ég leyfi mér að leggja til, að það verði samþ. til 2. umr. og fengið hv. fjhn. til athugunar.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hef nú almennt heldur takmarkaða trú á verðlagseftirliti. En ég tel þó, að við sérstakar ástæður geti það átt rétt á sér og jafnvel eftir atvikum verið nauðsynlegt. Ég tel þær ástæður vera fyrir hendi nú og hafa raunar verið fyrir hendi að undanförnu. Og sú ástæða er verðbólgan, sem er og verið hefur.

Verðbólgan, sem verið hefur hér allt of mikil og vaxandi, hefur valdið mörgum vanda, sem ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða hér um. Það er öllum kunnugt um, hvernig verðbólgan hefur leikið atvinnuvegina, kippt stoðunum undan þeim, og það er öllum ljóst, að verðbólgan veldur oft ranglátum og handahófslegum eignatilfærslum í þjóðfélaginu. Þess vegna tel ég rétt og nauðsynlegt að beita öllum tiltækum ráðum til þess að hafa hemil á verðbólgunni, til þess að reyna að halda aftur af henni, eftir því sem kostur er. Ég tel, að strangt verðlagseftirlit geti átt sinn þátt í því að halda verðbólgu í skefjum. Þess vegna er ég fylgjandi þessu frv. í þeirri mynd, sem það var lagt fyrir Alþ. í öndverðu. Ég tel það og sérstaklega þær stefnuyfirlýsingar, sem því fylgja af stjórnarinnar hálfu, spor í rétta átt. En þær stefnuyfirlýsingar ganga út á það, að hér eigi að hafa virkilegt verðlagseftirlit og að verðhækkanir verði engar leyfðar, nema brýna nauðsyn beri til. Og frv. veitir ríkisstj. heimild til þess að ákveða, að hvers konar verðhækkanir innanlands skuli óheimilar nema að fengnu leyfi réttra verðlagsyfirvalda.

Þetta er í sjálfu sér lítið nýmæli í löggjöf. Þess vegna get ég út af fyrir sig ekki fallizt á það, sem hér hefur verið haldið fram, — að vísu held ég, að það hafi ekki komið fram í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan, en það hefur komið fram annars staðar, bæði á þingi og þó enn fremur utan þings, í málgögnum ríkisstj. og stjórnarflokka, að hér væri um mikið stórmál að tefla og jafnvel allra merkasta mál, sem lagt hafi verið fyrir þetta þing, sem nú situr. Undir það get ég ekki skrifað. En málið og frv. getur fyrir því verið gott, svo langt sem það nær.

Í frv. eru ekki neinar nýjar heimildir til verðákvörðunar og verðlagseftirlits umfram það, sem er í gildandi löggjöf, þegar frá er skilin heimildin til að ákveða, að álagningarstiga útsvara og aðstöðugjalda megi ekki hækka. Um það nýmæli í löggjöfinni eru út af fyrir sig skiptar skoðanir. Ég geri ráð fyrir því, að þeir finnist og þeir séu kannske nokkuð margir, sem finnst sjálfstjórnarréttur sveitarfélaganna í raun og veru skertur með slíku ákvæði meira en góðu hófi gegnir. Ég get hins vegar fyrir mitt leyti fallizt á þetta ákvæði. Ég tel það ekki mikilsvert í sjálfu sér. Ég ætla, að það hafi ekki verið mikil brögð að því, að sveitarstjórnir hafi lagt á um þörf fram, að þær hafi notað sér hærri útsvarsstiga eða aðstöðugjaldsstiga en þörf þeirra hefur sagt til um. Og í öðru lagi er þetta ákvæði frv. undanþægt, þannig að sveitarstjórnir geta þó þrátt fyrir það eftir sem áður fengið leyfi til þess að hækka álagningarstiga útsvara og aðstöðugjalda, ef þörf krefur og þau geta ekki með öðrum hætti staðið undir nauðsynlegum útgjöldum sveitarfélagsins. Ég geri naumast ráð fyrir því, að slíkum leyfum til hækkunar verði neitað, þegar sýnt er fram á þarfir sveitarfélagsins. Ég geri þess vegna ekki út af fyrir sig mikið úr þessu ákvæði frv. En þetta er í raun og veru eina nýmælið í þessu frv., í öllu falli eins og það var lagt fram fyrir þingið í upphafi.

Heimildir þær aðrar, sem eru í þessu frv. til afskipta af hálfu verðlagsyfirvalda af verðlagi í landinu, eru fyrir hendi í núgildandi löggjöf. Stjórnin óskar eftir að fá þær heimildir staðfestar. Ég fyrir mitt leyti tel sjálfsagt að verða við þeim óskum stjórnarinnar. Það, sem hér er nýtt í sambandi við þetta mál, er fyrst og fremst yfirlýsing eða yfirlýsingar stjórnarinnar um það, að hún ætli að beita þessum heimildum, sem henni eru veittar í því og hún raunar hefur haft í lögum, en ekki notað nema þá að litlu leyti. Þessum yfirlýsingum stjórnarinnar ber að mínum dómi að fagna, þó að auðvitað hefði verið betra, að stjórnin hefði gefið þær yfirlýsingar fyrr og hún hefði fyrr framfylgt þeim. Vitaskuld leggja menn misjafnlega mikið upp úr þessum yfirlýsingum stjórnarinnar og hafa á þeim mismunandi trú, og kem ég að því síðar. En hvað sem því líður, tel ég út af fyrir sig ekki ástæðu til annars en að láta í ljós ánægju yfir þessum yfirlýsingum út af fyrir sig og þeim stefnubreytingum, sem þær bera vitni um. Ég var því og er því reiðubúinn að samþykkja frv. í þeirri mynd, sem það var lagt fyrir hv. Nd.

Á frv. hafa hins vegar verið gerðar nokkrar breytingar, flestar eða allar runnar undan rifjum stjórnarinnar. Sumar breytingarnar tel ég litlu skipta, en á eina breytinguna, sem gerð hefur verið, get ég ekki fallizt og kem að því síðar, hver áhrif hún hafi á afstöðu mína til frv.

Það er staðreynd, sem ekki verður um deilt, að verðlagsyfirvöld hafa haft í lögum allar þær heimildir til afskipta af verðlagi í landinu, sem þau fá með þessu frv., nema þessa einu heimild, sem ég hef áður minnzt á. Þær heimildir er að finna í lögunum um verðlagsmál, sem sett voru snemma á stjórnarárum þessarar hæstv. stjórnar eða lögum nr. 54/1960. Skv. þeim lögum er sett upp sérstök verðlagsnefnd, sem skipuð er sex mönnum, fimm þeirra eru kjörnir af Alþ. hlutfallskosningu, en formaðurinn er sjálfur ráðuneytisstjórinn í viðskmrn. Það er ljóst, að í þessari n. hafa stjórnarflokkarnir nægan meiri hluta til þess að koma þar fram sínum áhugamálum, þar sem þeir hafa þrjá af hinum kjörnu nm., en auk þess er nú til öryggis tekið fram, að ef atkvæði skyldu þar verða jöfn, þá skuli atkvæði formanns n., ráðuneytisstjórans í viðskmrn., ráða úrslitum.

Ég skal ekki fara langt út í að rekja ákvæði þessara laga um þær heimildir, sem verðlagsnefnd eru fengnar, en þar er það í stuttu máli svo, að henni er veitt heimild til þess að ákveða verð á hvaða vöru og verðmæti sem er og álagningu, umboðslaun og annað, sem máli

skiptir í sambandi við verðlag í landinu. Og verðlagsnefndinni eru lagðar ákveðnar lífsreglur um það, við hvað hún skuli miða þessar verðlagsákvarðanir sínar. Hún á að miða við þörf fyrirtækja, sem hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. En verðlagningarvald verðlagsnefndarinnar er á engan hátt takmarkað við það, sem kalla má vöru eða verðmæti, heldur er beint og sérstaklega tekið fram, að hún hafi heimild til þess að ákveða endurgjald fyrir hvers konar flutninga á sjó og landi og lofti og afgreiðslugjöld og annað, sem að því lýtur. Enn fremur er tekið sérstaklega fram, að hún hafi heimild til þess að ákveða endurgjald til verktaka fyrir ýmislegt, sem þar er talið upp sem dæmi, eins og t. d. smíðar, pípulagningar og raflagnir o. fl., o. fl., sem ég skal ekki tefja tímann á að vera að telja upp. Og loks er svo talin upp ýmiss konar þjónusta, en líka í því formi, að það sé upp talið sem dæmi um það, sem verðlagsnefndinni er heimilt að fjalla um, því að aðalatriðið um valdsvið þessarar nefndar kemur fram í niðurlagi 3. gr., þar sem eru tekin undan verðlagningarvaldi, hinu óskoraða og almenna verðlagningarvaldi verðlagsnefndarinnar, aðeins 3 tilvik, og það eru vörur, sem eru fluttar úr landi, í fyrsta lagi, í öðru lagi vörur, sem verðlagðar eru samkv. sérstökum lögum, og í þriðja lagi kaupgjald, sem ákveðið er með samningum stéttarfélaga. Þess vegna hefur þessi verðlagsnefnd haft heimild til þess að halda verðlagi niðri í landinu, eftir því sem kostur hefur verið. Þær heimildir hafa hins vegar, að því er ég held, ekki verið notaðar nema að litlu leyti. Að vísu er kunnugt um það, að þessi verðlagsnefnd hefur alltaf öðru hverju verið að ákveða hámarksálagningu og hámarksverð á vissum hlutum, en ótalmargir hlutir hafa, að ég held, legið þar fyrir utan, sem hún hefur ekki haft afskipti af, og ég stend í þeirri meiningu, að það hafi smám saman æ fleiri vörur með sérstökum ákvörðunum stjórnvalda eða verðlagsnefndar verið undanskildar þessari hámarksverðlagningu verðlagsnefndarinnar.

Það er einmitt eitt af því, sem hæstv. ríkisstj. hefur sérstaklega fært sér og sinni stefnu til gildis, að hún vildi hafa sem mest frjálsræði í þessum efnum. En nú er skipt um tón, nú er farið fram á að fá allar þessar heimildir staðfestar og því jafnframt lýst yfir, að þær eigi að nota, og ríkisstj. veitt heimild til að ákveða það, að engar vörur megi hækka nema með sérstöku leyfi verðlagsyfirvaldanna. Þetta er talið nauðsynlegt nú og líklegt úrræði til þess að standa gegn verðbólgu.

Það fer ekki hjá því, þegar á þetta er litið, að spurt verði, hvers vegna þessu úrræði hafi ekki verið beitt fyrr. Það fer ekki hjá því t. d., að maður spyrji um það, hvers vegna þessu hafi ekki verið beitt 1960, eftir að gengið hafði verið lækkað og eftir, að því sem þá var talið af stjórnarinnar hálfu, að þessi mál voru sett á hreinan og traustan grundvöll. Og það verður ekki komizt hjá því heldur að spyrja, hvers vegna þessu úrræði hafi ekki t. d. verið beitt 1964, eftir að þeir marglofuðu júnísamningar höfðu verið gerðir. Ef þetta er þjóðráð nú og líklegt til þess að halda verðlagi í skefjum, þá var það vitaskuld þjóðráð þá og líklegt til að halda verðlagi í skefjum þá og líklegt til þess að tryggja, að sá árangur næðist af júnísamkomulaginu, sem látið var í veðri vaka, að ætti af því að nást. Það er spurt, en það fást ekki fullnægjandi skýringar.

Það er sagt, að til þessa ráðs sé sérstaklega gripið nú vegna þess verðfalls, sem hefur orðið á útflutningsvörum. Vissulega er það rétt, að það hefur orðið verðfall á útflutningsvörum. Það hefur orðið verðfall á lýsi og mjöli og freðfiski, en slíkt verðfall hefur oft orðið áður annað veifið, og verðsveiflur á þessum vörum eru alltíðar, en það hefur ekki af þeirri sök þótt ástæða að grípa til þessa.

Nú segir stjórnin, að það sé nauðsynlegt að grípa til þess, af því að útflutningsatvinnuvegirnir geti nú ekki lengur borið hinn háa tilkostnað, sem er. Þetta er út af fyrir sig rétt. En ég held, að það séu ekki þær verðbreytingar eða það verðfall, sem hefur átt sér stað, sem á nándar nærri eins ríkan þátt í því og stjórnin vill vera láta. Sannleikurinn er sá, að þó að það hafi orðið verulegt verðfall á þessum vörum, þá var nýlega reiknað með því, að verðmæti útfluttra sjávarafurða árið 1966 mundi ekki verða nema 2% minna en það hefði orðið, ef það hefði verið reiknað með sama verðlagi 1966 og var 1965. Þegar þessir útreikningar voru gerðir, mun þó ekki hafa verið komin til sögu fyllilega sú hækkun, sem síðar hefur átt sér stað, m. a. á lýsi, þannig að ég vildi mega álykta nú, þó að vitaskuld verði ekki sagt um það með fullri vissu, að heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða mundi naumast verða minna miðað við verðlagið 1965, af því að þessi 2%, sem reiknað var með, muni jafnvel geta horfið. Ég vil ekki fullyrða um það, en a. m. k. ætti mismunurinn að minnka vegna þeirrar hækkunar, sem síðar hefur orðið á lýsi. Það hafa sem sé orðið upp á síðkastið verulegar verðhækkanir á lýsi og mjöli. Það er gleðilegt. Auðvitað vitum við ekki, hve lengi þær halda áfram, en það sýnir, að það er ekki réttmætt að miða aðgerðir við það, þegar þessi mál standa í botni eða verst horfir á einhverjum tíma um verðlag á þeim.

Það er hins vegar sagt, og hæstv. forsrh. lagði á það nokkra áherzlu í ræðu sinni áðan, að verðlagið á hinum frysta fiski hafi farið mjög lækkandi og útlitið í þeim efnum sé ekki gott. Það er rétt, það hefur farið lækkandi og útlitið er víst ekki gott. Það er óhætt að segja það. En þó hygg ég nú, að það muni vera svo, að meðalverðlag á útfluttum þorskafurðum árið 1966 sé u. þ. b. 10% hærra en meðalverðlag var árið 1965, og sé það rétt, — það má vera, að þetta sé einhver misskilningur hjá mér, þá leiðréttist það, — en sé það rétt, þá kippir það að nokkru leyti stoðum undan þeim röksemdum, sem bornar hafa verið fram í þessu sambandi, þannig að ég vil í stuttu máli segja það, að ég vil ekki leggja

eins mikið upp úr þeim röksemdum, sem talsmenn stjórnarinnar hafa látið svo mjög í veðri vaka, að þessar aðgerðir væru sérstaklega nauðsynlegar nú vegna þeirra verðlækkana á útfluttum afurðum, sem hafa átt sér stað upp á síðkastið.

En þá er það ein staðhæfingin, að útflutningsatvinnuvegirnir hafi borið og getað borið þennan háa innanlandstilkostnað fram að þessu og þess vegna hafi ekki verið þörf á að beita þeirri verðstöðvun, sem svo er kölluð, fyrr en nú. Þetta er að mínu viti ekki heldur rétt staðhæfing. Útflutningsatvinnuvegirnir hafa ekki getað borið þann tilkostnað, sem verið hefur, það vitum við fullvel. Það hefur þurft að veita einmitt útflutningsatvinnuvegunum, togaraflotanum, bátaflotanum og hraðfrystihúsunum, stuðning, vegna þess að þeir hafa ekki verið þess umkomnir að standa óstuddir undir tilkostnaðinum. Og um hitt þarf ekki að ræða, um það eru sjálfsagt allir sammála, að verðbólguvöxturinn á undanförnum árum hefur verið allt of mikill. Þó að hann hafi kannske ekki verið eins mikill, eins og ég held að hæstv. forsrh. hafi sagt, og í sumum löndum, sem til mætti nefna, þá hefur hann þó verið svo miklu meiri hér en í ýmsum okkar helztu viðskiptalöndum, að það hefur valdið okkur stórkostlegum vandkvæðum. Og upplýst hefur það verið, að ég held, að verðlagshækkanirnar, ef svo má segja, hafi að meðaltali verið um 11% á ári að undanförnu. En hins vegar hef ég annaðhvort lesið það eða heyrt eftir mætum manni, að það væri óðaverðbólga, sem færi á ári yfir 10%, þannig að skilyrði virðast hafa verið fyrir hendi til þess að grípa til þeirra ráðstafana, sem hér er boðað til nú. Og þess vegna er nú spurt, eins og ég sagði áðan, og beðið eftir skýrari svörum en til þessa hafa fengizt um það, hvers vegna hafi ekki verið gripið áður til þessara góðu úrræða, sem við viljum styðja. En hvað sem um það er, þá á við hinn gamli málsháttur, að betra er seint en aldrei, og þess vegna styðjum við jafnt málið fyrir því, þó að við gerum þessar aths., því að auðvitað er betra, að þetta komi þó einhvern tíma en aldrei, ef þetta er úrræði á annað borð.

Þó að ég vilji styðja viðleitni þá, sem fram kemur í þessu frv. og þeim yfirlýsingum, sem því fylgja, þá er ég hræddur um, að sá árangur, sem boðaður hefur verið, verðstöðvun, sem kölluð hefur verið og kölluð er í þessu frv., náist ekki. Ég held nefnilega, að forsendur þess séu ekki fyrir hendi. Ég leyfi mér að efast um, að verðstöðvun nú að öllu óbreyttu sé raunhæf og framkvæmanleg, og kemur þar það fyrst til, að stöðvun á verðlaginu er ekki ein út af fyrir sig nægileg útflutningsatvinnuvegunum. Það er kunnara en frá þurfi að segja og hefur verið staðfest með athugun stjórnskipaðra nefnda, að bátaflota og togaraflota vantar svo að hundruðum millj. skiptir til þess að geta gengið stuðningslaust, og það er öllum ljóst og staðfest með athugun, eins og ég sagði, stjórnskipaðra nefnda, að þessar atvinnugreinar þurfa á stórauknum stuðningi að halda frá því, sem verið hefur. Það er sýnt fram á það í skýrslu togaranefndarinnar, sem hér hefur verið útbýtt á þingi og ég skal ekki fara hér frekar að ræða. Það er sýnt fram á það í skýrslu hinnar svokölluðu bátanefndar, sem hér hefur líka verið útbýtt á þingi, en í henni áttu sæti fulltrúar allra flokka. Þeir eru allir sammála um þær niðurstöður, sem þar koma fram, en þar telja þeir, að verð á fiskinum til bátanna þurfi að hækka mjög verulega, eins og þeir nánar rekja. Þessar skýrslur er ekki hægt að vefengja. Hitt er aftur á móti frekar að sjálfsögðu hægt, eins og hæstv. forsrh. drap á í framsöguræðu sinni hér áðan, að telja að enn sé ekki fullkannað, hver staða hraðfrystihúsanna er. Það er þó víst, að hraðfrystihúsin og þeirra fyrirsvarsmenn hafa látið frá sér heyra, og það mjög mikið neyðaróp, þar sem þeir hafa lýst því yfir á fundi sínum, að gjaldþrot margra frystihúsa vofði yfir, ef ekki væru gerðar ráðstafanir til bjargar. Ég get fallizt á það með hæstv. forsrh., að það sé ekki rétt út af fyrir sig að taka það alltaf gott og gilt, sem kemur þannig frá aðilum sjálfum og atvinnuvegunum án rannsókna þar á. Ég hygg þó, að það verði ekki vefengt, að ástandið í þessum efnum sé þannig, að það vanti mikinn stuðning til þeirra, að það vanti stórfé, þó að það sé ekki hægt að fullyrða um það á þessu augnabliki, hve mikið það muni vera.

Ég held, að það verði ekki hjá því komizt á næstunni að gera ráðstafanir til styrktar þessum atvinnuvegum, því að auðvitað þarf ekki að fjölyrða um þá augljósu staðreynd hér, að með atvinnuvegunum lifum við eða deyjum, við getum ekki lifað hér og haldið uppi þjóðfélagi, nema atvinnuvegirnir geti gengið. Um þá augljósu staðreynd þarf ekki að ræða. Það verður því ekki undan því komizt, það er sama, hvaða stjórn situr að völdum, það verður ekki undan því komizt að líta á þessi málefni og gera þær ráðstafanir í einni eða annarri mynd, sem til þarf, til þess að þessar höfuðatvinnugreinar okkar geti gengið. Ég held, að hverjar sem ráðstafanirnar verða, hljóti þær að koma út í verðlagið og hafa áhrif á verðlagið innanlands. Því held ég, að það sé ekki stætt á því að setja fast nú, vegna þess að þetta kemur rétt á eftir, og þá hlýtur það að trufla og hafa sín áhrif, ég fæ ekki annað skilið. Ég held, að það sem hefði nauðsynlega þurft að gera, ef átt hefði að stefna að virkilegri verðfestingu, þá hefði fyrst þurft að hreinsa grunninn, eins og gert var á vissan hátt, — ég er ekki að leggja blessun yfir það, — en eins og gert var á vissan hátt 1960. Fyrst að undangenginni hreinsun grunnsins og því, að atvinnuvegunum sé komið á þann grundvöll, að þeir geti gengið, er að mínum dómi von um, að það geti átt sér stað virkileg festing á verðlagi. En þetta er eftir, og það er nú augljóst, að þinginu er ætlað að fara heim, fara í frí, án þess að fjallað sé um þessi málefni og ráðstafanir séu gerðar þeim til úrlausnar, þ. e. frekari en áður hafa verið gerðar og

haldast í fjárlögum. Það verð ég að telja mjög óvarlegt, og náttúrlega verður ekki hjá því komizt í sambandi við þetta mál að leita fregna hjá hæstv. ríkisstj. um það, hvað hún hugsi sér í þessum efnum, hverjar ráðstafanir hún hugsi sér að gera í þeim efnum. Það er kannske misminni hjá mér, en mig minnir, að hæstv. forsrh. hafi einmitt áður hér á þingi vakið alveg sérstaka athygli á því og lagt á það áherzlu, að það væri ekki hægt að skiljast við málefni togaranna, eins og þau væru, án þess að það væri tekin afstaða til þeirra vandamála, sem þar væri við að glíma. Ef þetta er ekki rétt munað hjá mér, þá bið ég afsökunar á því. En þessi atriði þarf stjórnin nánar að skýra, hvernig hún ætlar sér að samræma það tvennt: að ætla nú að boða og gera stöðvun, eftir því sem hún segir, en þurfa svo innan skamms að gera alveg á næsta leiti ráðstafanir til bjargar og stuðnings þessum atvinnuvegum. Það er sagt, að ef það verði að gera, þá verði að horfast í augu við það á sínum tíma og taka þessi mál þá til athugunar. Auðvitað verður að gera það. En hefði ekki verið brotaminna að horfast í augu við allan vandann, eins og hæstv. forsrh. var að tala um hér áðan, að menn þyrftu að horfast í augu við vanda þann, sem væri við að etja? Hefði ekki verið betra að horfast í augu við allan vandann nú og reyna að koma þessum málum öllum á hreint, áður en það var horfið að því að stöðva? Það held ég. Ég tel það mikinn ágalla, að það er ekki gert. En þrátt fyrir það tel ég það út af fyrir sig rétt að reyna að stöðva, það getur út af fyrir sig aldrei neinu spillt.

Ég tel það líka mjög vafasamt, að þessi fyrirhugaða verðstöðvun takist af þeirri ástæðu, að ég tel, að þau fjárlög, sem afgreidd voru hér í dag, beri ekki vitni neinni verðstöðvunarstefnu. Ég ætla ekki að hefja fjárlagaumr. hér, rétt eftir að þær eru nýafstaðnar, en aðeins með örfáum orðum vildi ég víkja að því efni.

Það liggur fyrir, að útgjöld á þessum fjárlögum, sem nú hafa verið afgreidd, eru hækkuð um nær því 1 milljarð frá því, sem var í fjárlögum síðasta árs. Til þess að mæta þeirri útgjaldahækkun þarf mikla tekjuaukningu. Það liggur að vísu ekki fyrir eða ég hef ekki heyrt það nákvæmlega, hversu miklu tekjur ársins 1966 muni nema, og raunar ekki séð fyrir alveg enn. Það er vitað, að þær munu fara fram úr 4 milljörðum. Hve mikið þær fara fram úr þeim, það er ekki á mínu færi að fullyrða neitt um, en maður hefur heyrt nefndar ýmsar tölur, t. d. 4 milljarða og 300 millj. En þó að svo væri, er sýnilegt, að bilið er mikið á milli þeirra fjárlaga, sem afgreidd voru hér í dag, og fjárl. síðasta árs. Nú er það vitað mál, að aðaluppistaðan í tekjuöflun ríkissjóðs er tekjur af innflutningi. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú, að innflutningur hefur vaxið ár frá ári. Árið 1965 var hann t. d. 13% meiri en árið 1964, og árið í ár er áætlað, að hann muni verða um 20% meiri en hann var árið 1965. Mér sýnist alveg ómögulegt að komast fram hjá þeirri staðreynd, að það hljóti að vera gert ráð fyrir því, að innflutningurinn haldi áfram að aukast, til þess að hann geti gefið þær tekjur, sem á þarf að halda til þess að mæta þeim útgjöldum, sem hafa verið samþykkt í fjárlagafrv. Ef innflutningurinn heldur þannig áfram að aukast, heldur spennan áfram og sú verðstöðvun tekst ekki, sem stefnt er að. Ef hins vegar innflutningurinn heldur ekki áfram að aukast, get ég ekki annað séð en að miklar líkur séu á því, að greiðsluhalli verði á fjárlögum, því að hér kemur ekki aðeins til greina magn innflutningsins, heldur samsetning hans. Það verður að taka tillit til þess, hvernig það hefur verið. T. d. á þessu ári, á þremur fyrstu ársfjórðungum þessa árs, óx innflutningurinn um 830 millj. Af þeirri aukningu var aukningin í bílum einum 186 millj. Halda menn, að þetta geti haldið áfram? Aukningin í rafmagnsvélum og áhöldum var 109 millj. Halda menn, að þetta geti haldið áfram, ef verðstöðvun ætti að eiga sér stað? Nei, það liggur í augum uppi, að ef verðstöðvun tækist og þar af leiðandi stöðvun tekna, þá mundu líka staðna innkaup í þessum vörum, sem gefa ríkissjóði mestar tekjur. En eins og ég sagði, þá skal ég ekki fara út í neinar fjárlagaumr. frekar, en ég bendi bara á þetta, að mér virðist þarna ekki vera samræmi á milli, eða a. m. k., að ríkisstj. hafi ekki tekizt að gera mönnum það ljóst, hvernig hún ætlar að samræma þetta tvennt, framkvæma verðstöðvun og þá líka auðvitað teknastöðvun, og ná jafnframt í ríkissjóð þeim miklu viðbótartekjum, sem á þarf að halda.

Ég bendi líka á í þessu sambandi, þegar um er að ræða spurningu um það, hvort verðstöðvun sé framkvæmanleg og raunhæf, og spurningu um það, hvort ekki þurfi áður að reyna að koma málunum á betri grundvöll, að þessi verðstöðvun, sem svo er kölluð, er á því byggð, að niðurgreiðslur eiga sér stað, stórkostlegar niðurgreiðslur, 708 millj. áætlaðar í fjárlagafrv. því, sem samþ. var í dag, og þó er það svo frábærlega úr garði gert, að í því fjárlagafrv. er gert ráð fyrir tekjum allt árið, en útgjaldaárið er aftur á móti, að því er niðurgreiðslurnar snertir, stytt í 10 mánuði, þ. e. a. s. það er gert ráð fyrir því, að niðurgreiðslur eigi sér aðeins stað — eða a. m. k. þessar auknu niðurgreiðslur eigi sér aðeins stað til 1. nóv. 1967. Hvað tekur þá við? Það veit enginn. Annaðhvort verður að halda niðurgreiðslunum áfram, og kannske hefur þurft að auka þær eitthvað á árinu til þess að halda verðstöðvuninni, þá þarf vitanlega viðbótartekjur í ríkissjóð, eða það verður hætt við niðurgreiðslurnar og sleppt lausu. Þá hækkar vísitalan, sagt, að hún muni hækka um 25 stig, ef öllum niðurgreiðslum er hætt. Þá hækka launagreiðslurnar, og þá hækka líka útgjöld ríkissjóðs þar af leiðandi. Kannske verða líka á þessu tímabili einhver ný úrræði fundin, sem

geti komið hér í staðinn fyrir, en fyrir þessu öllu verður að gera eða væri æskilegt, að gerð væri nánari grein. Ég held, að það hljóti allir að gera sér ljóst, að þó að niðurgreiðslur geti verið réttmætar og eðlilegar, og það geti verið réttmætt að grípa til þeirra í stórum stíl til bráðabirgða, þá verði erfitt að halda þeim áfram um ófyrirsjáanlegan tíma. Er hætt við, að engin ríkisstj., hvorki þessi né nokkur önnur, endist til þess.

Þetta heitir frv. um heimild til verðstöðvunar, og það er mikið talað um verðstöðvun. Í sjálfu sér er verðstöðvun ekkert annað en slagorð. Verðstöðvun í bókstaflegri merkingu er blátt áfram útilokuð. Hún er jafnútilokuð eins og það, að allri mannlegri starfsemi skuli hætt. Það hefur verið rakið hér rækilega, að við ráðum ekki yfir verðlagi á útlendum mörkuðum, að því er okkar útflutningsafurðir varðar. Það er rétt. En hitt er auðvitað jafnrétt og satt, að við ráðum ekkert við það, hvernig verðlag verður á þeim vörum, sem við þurfum að kaupa á útlendum mörkuðum og flytja til landsins. Það hlýtur að vera breytilegt. Það er ekki hægt að draga þar neitt rautt strik og segja: verðstöðvun, — það er ekki hægt. Það er raunar viðurkennt í þessu frv., að svo sé það, því að þrátt fyrir heiti frv. er gert ráð fyrir því, að það megi, eins og sjálfsagt er og auðvitað óhjákvæmilegt er, leyfa verðhækkanir, ef þær eru óhjákvæmilegar. Það er þess vegna ekki tryggt með þessu frv. út af fyrir sig, að verðstöðvun í bókstaflegri merkingu eigi sér hér stað. Þegar um slíkt og þvílíkt er að tefla sem þetta, að það er ákveðið, að verðhækkanir megi ekki eiga sér stað, nema óhjákvæmileg þörf knýi, er þar um að ræða teygjanlegt og matskennt skilyrði. Það, sem öllu ræður þar og allt veltur á, er því það, hver sá aðili er, sem á að meta það, hvort sú óhjákvæmilega þörf sé fyrir hendi eða ekki. Það er enginn yfirdómur, sem getur metið það, annar en verðlagsyfirvöldin, sem hér er gert ráð fyrir, og svo stjórnin, sem gert er ráð fyrir, eins og frv. lítur nú út, að hafi neitunarvald í þessum efnum. Það er þess vegna, þegar um slíkt verðlagningarvald sem hér er að tefla, aðalatriðið, hvaða aðili það er, sem hefur verðlagningarvaldið með höndum. Það er, eins og ég sagði, ekki hægt að stöðva verðbólguna með aðgerðum sem þessum. Það er ekki hægt. En það er hægt að hafa með úrræðum sem þessum hemil á verðlagi, og það er hægt að halda verðbólgunni eitthvað í skefjum með þessum aðgerðum, með virku eftirliti. Það er hægt að leggja þeim, sem með verðlagningarvaldið fara, visssar lífsreglur, en samt er það svo, að þegar þær eru úr garði gerðar eins og hér er, þá er það alltaf mjög undir mati verðlagningaryfirvaldanna komið.

Þetta verða menn að gera sér ljóst, þegar verið er að tala um verðstöðvun og þegar verið er að blása þetta út sem eitthvert óskaplegt stórmál. Menn verða að gera sér ljóst, hvað hér er í raun og veru um að tefla. Það er aðeins um það að ræða að taka upp aukið verðlagseftirlit. Það er um það að ræða að heimila ríkisstj. að ákveða, að það megi ekki hækka nema með leyfi yfirvalda. En verðlagningaryfirvöldin geta leyft hækkanir.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, það eitt leysir út af fyrir sig ekki neinn vanda. Það er, eins og hæstv. forsrh. gerði grein fyrir hér áðan, aðeins heimildarlög, sem þar er um að ræða. Allt veltur þess vegna á því, hvernig ríkisstj. ætlar að beita þeim heimildum, sem henni eru í því fengnar, og allt er komið undir framkvæmdinni. Ég gæti í því sambandi vitnað til og tekið undir orð, sem hæstv. forsrh. lét eitt sinn falla, þegar rætt var um mál, sem ekki er alls ósvipað því, sem hér er til umr., þ. e. a. s. brbl. um festingu verðlags og kaupgjalds frá 1956. Þá talaði hæstv. forsrh., sem að vísu var þá ekki forsrh., heldur í stjórnarandstöðu, nokkuð til Alþfl. og þess flokks, sem nú heitir Alþb., og taldi, að þeir hefðu þurft að greiða nokkuð fyrir að komast upp á stjórnarskútuna og þyrftu að greiða fyrir farmiðann. Og í framhaldi af þeim orðum sagði hæstv. forsrh. þá — með leyfi forseta — þetta: „Það mun koma í ljós, þegar hin varanlegu úrræði verða birt, — hvaða gagn mundi af þessu verða sem sagt, — það mun koma í ljós, þegar hin varanlegu úrræði verða birt, því að vitanlega stoða þessi brbl. lítt eða ekki, ef ekki verður frekar að gert, bæði með skynsamlegri tillögugerð og þjóðhollri framkvæmd.“ Ég tel þetta mjög vel mælt. Ég tel þessi orð alveg í fullu gildi og eiga við um þetta frv., sem hér liggur fyrir. Það er vitaskuld allt undir framkvæmdinni komið í þessum efnum. Hvernig verður hún? Það er vitaskuld ekki nóg að banna verðhækkanir. Það er ekki nóg að veita ríkisstj. heimild til þess í þessum lögum og að hún svo ákveði það, að verðhækkanir skuli bannaðar. Menn eru nú því miður ekki almennt svo löghlýðnir, að þeir taki það alveg til greina, sem þannig er bannað. Slíkum bönnum verður að fylgja eftir með virku eftirliti og strongu. Yfir þá, sem ekki vilja hlíta slíku banni, verður að koma lögum, og þeir verða að sæta viðurlögum. Með því móti einu er hægt að halda uppi svona lögum í framkvæmd.

Það er góður siður skálda að mæra höfðingja, og nú nýverið hefur eitt ágætt skáld mært vorn ágæta forsrh. ásamt forsrh. á Norðurlöndum og talið þá fullkomna og syni guða. Mér finnst nú þetta nokkuð mikið sagt. Ég held satt að segja, að það sé talsverður skilsmunur á guði almáttugum og ríkisstj. Guð almáttugur sagði á sínum tíma: Verði ljós — og það varð ljós. Ríkisstj. segir: Verði verðstöðvun. En það bara verður engin verðstöðvun við það eitt, að ríkisstj. segir þetta. Það þarf meira á eftir að fara. Ef það á að halda uppi slíkum lögum sem þessum í framkvæmd, vil ég fullyrða það, að það þarf geysilegt starfslið, geysilegt bákn af verðlagseftirliti. Því verða menn að gera sér grein fyrir. Er stjórnin við því búin? Hvernig hefur verið séð fyrir því? Það er alveg rétt, að slíku miklu verðlagseftirliti eru miklir annmarkar fylgjandi. Það kostar

mikla fyrirhöfn fyrir viðkomandi fyrirtæki. Það er mikil skriffinnska því samfara. En menn verða að vera við því búnir að greiða það, ef menn vilja koma þessu kerfi á og gera það þannig úr garði, að gagn verði að.

Ég hef drepið á það áður, að í meðförum hv. Nd. hafa verið gerðar nokkrar breytingar á þessu frv., sem hér liggur fyrir. Af þeim breytingum er sú veigamest að mínum dómi, að skotið er inn í 1. mgr. 1. gr. því, að leyfi til slíkrar verðhækkunar, sem verðlagsnefnd eða önnur verðlagsyfirvöld telja óhjákvæmilega, skuli háð samþykki ríkisstj. Með þessari breytingu er ríkisstj. í raun og veru fengið í hendur verðlagningarvaldið að verulegu leyti. Ríkisstj. er þar fengið neitunarvald gagnvart þeim verðhækkunum, sem lögleg verðlagsyfirvöld annars meta óhjákvæmilegar og nauðsynlegar. Ég tel, að í slíku felist óbeint traustsyfirlýsing til ríkisstj., að fela henni svo víðtækt vald. Auðvitað er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. leggi eftir sem áður og eigi eftir sem áður að leggja til grundvallar sömu sjónarmið og verðlagsyfirvöldin og ríkisstj. eigi ekki að leyfa verðlagshækkanir, nema hún meti verðlagshækkun óhjákvæmilega. En eins og ég rakti áðan og skal ekki endurtaka, er það svo þrátt fyrir slík ákvæði eða skilyrði, sem sett eru, að allt veltur í raun og veru á því, hver fer með valdið. Spurningunni um þetta væri t. d., að ég held, varla hægt að koma fyrir dómstóla. Það væri ríkisstj., sem hefði þarna síðasta orðið, úrslitavaldið um þessi efni. Þetta er í raun og veru þess vegna mikil breyting á frv. frá því, sem var, þegar það var lagt hér fyrir þingið í öndverðu. Ríkisstj. segir, að í þessu frv. felist ekki nein kaupbinding, hún ætli ekki að festa kaup, og það er út af fyrir sig alveg rétt. En samt verður ekki fram hjá því gengið, að með þessu ákvæði í frv. er ríkisstj. fengið vald til að ákveða, hvað fjölmennar stéttir beri úr býtum, fengið endanlega valdið um það í raun og veru. Auðvitað eiga verðlagsyfirvöld landbúnaðarvara að fylgja því boðorði, sem sett er í lög um framleiðsluráð, og ákveða verðlagið þannig, að því boði þeirra verði fullnægt, að bændur hafi kaupgjald í samræmi við aðrar vinnandi stéttir. En það er mjög undir mati verðlagsyfirvaldanna komið. Og þegar það á svo aftur að ganga undir úrskurðarvald ríkisstj., er auðsætt líka, að það er mjög undir hennar mati komið. Þetta gildir bæði um hlut bænda og hlut sjómanna, því að ég geri ráð fyrir því, — ég hef að vísu ekki heyrt á það minnzt í þessum umr., en ég geri ráð fyrir því, að það sé enginn vafi á því, að verðlagsyfirvöld sjávarafurða eigi einnig undir þetta að falla. Það þarf sem sagt til að framkvæma slíkar hækkanir leyfi ríkisstj. Ég get ekki verið sammála þessari breytingu, sem þannig hefur verið gerð á frv., af því að ég vil ekki votta ríkisstj. það traust, sem mér finnst í því felast að veita henni jafnmikið vald og hér er gert. Í öðru lagi vil ég taka það fram, að ég er persónulega alveg andvígur því, að ríkisstj. fari með vald í verðlagsmálum. Ég tel slíkt vald alls ekki í hennar verkahring. Ég tel, að ákvörðun í slíkum málum eigi alls ekki að leggja í hendur ríkisstj., hins hreinræktaða pólitíska valds í landinu. Það eiga að vera stofnanir, sem settar eru upp með öðrum hætti, og embættismenn, sem fara með slíkt vald, þar sem nauðsynlegt er eða þegar nauðsynlegt þykir, að þjóðfélagið hafi þar íhlutun um. Þess vegna get ég ekki, þegar frv. er þannig orðið úr garði gert sem nú er, greitt því atkv. og það af þeim ástæðum, sem ég hef hér lítillega reynt að gera grein fyrir. Ég mun hins vegar, þó að þetta ákvæði sé í frv., ekki leggja neinn stein í götu þess, en ég tel eðlilegt, að eftir að slíkt ákvæði hefur verið sett inn í það, beri stjórnarflokkarnir einir ábyrgð á samþykkt þess, og ég fyrir mitt leyti mun því væntanlega sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins.

Það verður sjálfsagt á móti því, sem ég hef hér sagt, vitnað til fordæmis frá 1956, þar sem þetta var sett í brbl. um bindingu verðlags og kaupgjalds, að breytingar skyldu vera háðar samþykki ríkisstj. Viðvíkjandi því vil ég aðeins segja það, að ég álít út af fyrir sig engan styrk í því fólginn að vísa til fordæma, sem eru varhugaverð, og ég tel þetta ákvæði þá hafa verið varhugavert, alveg eins og ég tel það nú. Og ég vil benda á, að einmitt þá var það af hálfu stjórnarandstöðunnar talið varhugavert. Ég skal ekki fara langt út í að rekja það. En það mætti vitaskuld minna á það, sem núv. hæstv. landbrh. sagði þá í sambandi við þá ákvörðun, að verðlagning framleiðsluráðs eða verðlagning þeirra yfirvalda, sem fóru þá með verðlagningu á landbúnaðarvörum, skyldi vera háð samþykki ríkisstj. En ég ætla nú ekki sérstaklega að vitna til hans, en ég ætla að vitna til þess, sem þá var, að ég ætla, aðaltalsmaður stjórnarandstöðunnar í málinu. Það var þáv. hv. þm. Björn Ólafsson. Þá sagði hann svo, með leyfi forseta, og hans ummæli eru í þingtíðindum á bls. 160:

„Hver breyting þarf fyrst að ganga til verðlagsstjóra. Svo þarf hún að fara til innflutningsnefndarinnar og þar næst til ríkisstj. M. ö. o.: ríkisstj. þarf að taka ákvörðun um hverja einustu verðbreytingu, sem til greina kemur samkv. 4. gr. l. Þetta nær ekki nokkurri átt. Þetta er skriffinnska á hæsta stigi. Það er hægt að hafa í fullu tré við þessi mál, án þess að þörf sé á að gera ríkisstj. að innflutningsnefnd í þessu landi."

Þetta sagði Björn Ólafsson 1956. Ég held, að þessi ummæli hans séu í góðu gildi enn.

Eins og ég sagði, hafa verið gerðar aðrar veigaminni breytingar á þessu frv., en þær læt ég nú liggja á milli hluta. Ég verð þó að segja það, að ég skil alls ekki, hvað felst í þessari breytingu, sem gerð hefur verið á 2. mgr. 1. gr., þar sem skotið hefur verið inn í orðinu „framlags" til viðbótar við þjónustu. Ég skil ekki, hvað í því felst. En það skiptir ekki miklu máli. Í öðru lagi vildi ég benda á, þó að það

beri nú kannske ekki mikinn árangur frekar en þær ábendingar, sem maður er hér með, að breytt hefur verið ákvæði 1. gr. um það og þar sagt, að ríkisstj. sé heimilt að banna verðhækkanir frá 15. nóv. Þær eru bannaðar, verðhækkanirnar frá 15. nóv. Nú koma þessi lög ekki í gildi fyrr en síðar, svo að væntanlega verður ekki hægt að refsa þeim, sem kynnu að brjóta þetta bann á því tímabili, frá 15. nóv. og þangað til lög þessi öðlast gildi. En hins vegar er hægt að ákveða það, að þeir, sem brjóta gegn þessu banni, skuli breyta verðlagi og færa það í það, sem var, þegar verðbannið öðlaðist gildi. En það er út af fyrir sig sjálfsagt ekki hægt að refsa þeim fyrir þær breytingar, sem hafa orðið hjá þeim á þessu tímabili. Í upphaflega frv. var miðað við, að þetta skyldi miðað við það, þegar frv. var lagt fram á þingi. En þessu var sem sagt breytt í hv. Nd. og sagt, að það skyldi miða við 15. nóv., og það rökstutt með því, að menn kynnu að hafa komizt á snoðir um, hvað til stóð, og breytt verðlagi hjá sér skömmu áður en frv. var fram lagt. Ég er þessari breytingu alveg sammála, en ég bendi bara á, að til þess að ná þeim tilgangi, sem á bak við þessa hugsun er, hefði þurft að breyta 2. gr. Í 2. gr. stendur eftir sem áður, að þar er miðað við það, hvenær frv. var lagt fram á Alþ., þannig að eftir frv., eins og það er nú, geta menn breytt á tímabilinu frá 15. nóv. og þangað til frv. var lagt fram á Alþ. og þurfa ekki að færa þær verðbreytingar til baka, sem gerðar hafa verið á því tímabili. Ég ætla, að þetta sé nokkuð augljóst, að þarna hefur þeim skotizt, þótt skýrir væru, í hv. Nd., og skal ég ekki hafa fleiri orð um það.

Ég skal svo ekki hafa öllu fleiri orð um þetta frv. Eins og komið hefur fram í mínu máli, vil ég styðja hverja skynsamlega og alvarlega viðleitni, sem leiðir til eða getur átt þátt í verðbólgustöðvun eða dregið úr verðbólgu, og þess vegna vil ég styðja þá hugsun, sem þetta frv. er byggt á. Hins vegar er ekki því að leyna, að í mér og mörgum öðrum er nokkur uggur um það, að þetta frv. og yfirlýsingar stjórnarinnar, sem hún hefur gefið í því sambandi, séu ekki jafnalvarlega meintar og látið er í veðri vaka og sérstaklega er nú slegið upp af málgögnum stjórnarflokkanna, sem tala um þetta eins og allra merkasta þingmál, sem komið hafi til kasta þessa Alþ., o. s. frv. Það, sem veldur þessum ugg hjá mér og öðrum, er sú staðreynd, sem bent hefur verið á, að það hefur ekki verið gripið til þessa ráðs áður, enda þótt til þess hefði verið rík ástæða. Það er fyrst nú, þegar kosningar taka að nálgast, að þetta úrræði þykir þjóðráð. Og í annan stað er sú ástæða fyrir þessum ugg, að það er í frásögnum af þessu máli gert miklu meira úr því en efni standa til. Það er í raun og veru sagt allt annað og meira en það er, og það er villandi. Það er verið að reyna að koma inn þeirri skoðun hjá fólki, að með þessu frv., ef að lögum verður, sé komin hér á verðstöðvun. En eins og ég hef sýnt fram á, fer því út af fyrir sig fjarri, að svo sé, þar sem allt hlýtur að vera komið undir framkvæmdinni í þessum efnum og skilyrði að öðru leyti til þess að festa ekki að mínum dómi fyrir hendi, eins og allt stendur í dag. Því er það, að ég óttast, að hér sé því miður um að ræða svipað sjónarspil og sett var á svið árið 1959. Þá var líka ákveðin verðstöðvun og boðuð verðstöðvun, og þá var sagt fyrir kosningar, að verðbólgan væri stöðvuð. En hvað skeði eftir kosningar? Gengið var strax fellt í ársbyrjun 1960. Það er ekki ástæðulaust, að margir eru hræddir um, að sagan muni endurtaka sig.

Það er ljóst af öllu, hvernig sem á er litið, enda viðurkennt af hæstv. forsrh., að hér er aðeins um bráðabirgðaúrræði að tefla. Nú er það út af fyrir sig ekki að lasta, að gripið sé til bráðabirgðaúrræða. Til þeirra verður oft að grípa í efnahagsmálum. En það fer óneitanlega betur á því, að til þvílíkra bráðabirgðaúrræða sé gripið í upphafi kjörtímabils, þegar stjórn og þeir, sem með völdin fara, eru af skiljanlegum ástæðum ekki búnir að átta sig til fulls á aðstæðum, sem fyrir hendi eru, og þeim vanda, sem við er að glíma. Þá er eðlilegt, að þeir þurfi á nokkru svigrúmi að halda til þess að hugsa sig um og undirbúa varanlegri úrræði. Hitt er að mínum dómi miklu lakara og óeðlilegra, að í lok kjörtímabils og eftir samfellda 8 ára stjórnarsetu skuli vera komið með bráðabirgðaúrræði ein. Það er betra og eðlilegra að koma með bráðabirgðaúrræði í upphafi kjörtímabils og rétt eftir kosningar en að koma með þau í lok kjörtímabils og rétt fyrir kosningar.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það, sem helzt hann varast vann, varð þó að koma yfir hann, er gamalt orðtæki, sem víst mætti nú hafa um hæstv. ríkisstj. um þessar mundir, — þá ríkisstj., sem við upphaf göngu sinnar felldi gengið og hét því að láta uppbótakerfi aldrei þrífast, heldur skyldu atvinnuvegirnir búa við slíka gengisskráningu og rekstrargrundvöll yfirleitt, að þeir yrðu reknir á það sem kallað var heilbrigðan hátt, án allra uppbóta og styrkja, — þá ríkisstj., sem hefur lifað eftir þeim boðorðum og starfað, að frjáls verðmyndun, frjáls samkeppni, frjáls innflutningur væri öllum hagkvæmasta stjórnunaraðferðin, jafnt þjóðfélagsheildinni sem öllum almenningi og þ. á m. neytendum, vegna þess að með þeim hætti væri verðlagi haldið í lágmarki.

Það var að vísu svo, að uppbótakerfið hvarf aldrei fullkomlega úr sögunni þrátt fyrir gengisbreytinguna 1960, en hefur allar götur síðan verið að smáaukast að umfangi, og nú er svo komið, ef með eru taldar þær aukningar á uppbótakerfinu, sem verða að koma til og líklegt er að komi til nú um áramótin, ef fiskveiðar og fiskvinnsla eiga ekki að stöðvast algjörlega, þá mun láta mjög nærri, að uppbóta- og niðurgreiðslukerfið, sem viðreisnarstjórnin hefur komið á, verði því sem næst jafnumfangsmikið og það var mest í tíð fyrrv. rík-

isstj. En til þess að samanburður á því verði raunhæfur, þá verður að sjálfsögðu að taka með í reikninginn þær gífurlegu breytingar, sem hafa orðið á verðlagi útflutningsframleiðslunnar í innlendri mynt talið með gengisbreytingunum og síðan með árlegum verðhækkunum á mörkuðum, sem nema á okkar aðalútflutningsvörum frá 1960 milli 40% og 50% miðað við fast gengi. Og það má ekki heldur gleyma þeirri stórfelldu framleiðsluaukningu í mikilvægum greinum útflutningsatvinnuveganna, sem að sjálfsögðu hefði átt, ef rétt væri á haldið, ásamt með verðhækkunum að hafa þau áhrif að bæta hag atvinnuveganna og gera þá hæfari til þess að standa undir örugglega bættum launakjörum og lífskjörum alls almennings og það án þess, að þeim væru veittar til þess nokkrar uppbætur eða styrkir.

Verzlunarfrelsið, annað höfuðboðorð hæstv. ríkisstj., hefur verið í algleymingi síðustu árin. Síaukin gjaldeyrisöflun hefur verið lögð til alfrjálsrar ráðstöfunar innflytjenda og fullt álagningarfrelsi verið veitt í stöðugt fleiri greinum, en rýmkað stórlega á öllum öðrum. Sjálfur álagningargrundvöllur verzlunarinnar og millilliðanna hefur verið hækkaður ákaflega með gengisbreytingunum, og aukning innflutningsins í kjölfar vaxandi gjaldeyristekna hefur gerbreytt aðstöðu verzlunarinnar til þess að taka til sín aukinn hlut í afrakstri góðæranna öll þessi ár. En hin síðustu ár hefur svo aftur á móti verið sú þróun viðvarandi um verðlag innflutnings, að það hefur miðað við stöðugt gengi haldizt svo að segja óbreytt eða naumast breytzt yfir 1% á ári að meðaltali frá 1960, á meðan okkar útflutningsvörur hafa verið að hækka í verði um, eins og ég sagði áðan, milli 40% og 50%. Og þessi staðreynd um hið litla eða ekki breytta verðlag á innflutningsvörum okkar kemur heim við þá staðreynd, að Ísland sé eina landið í V.-Evrópu, sem hefur búið við stöðugt bætt verzlunarkjör síðustu 5—6 árin a. m. k. Það ætti því að vera svo, að ekki væru mikil vandræði á ferðum hjá okkur.

Við höfum lifað við hin mestu velgengnisár að því leyti, að framleiðslan hefur aukizt vegna ársældar, og jafnframt hefur verðlag hennar farið gífurlega hækkandi, gjaldeyrisöflun hefur gert okkur fært að flytja til landsins lítt takmarkað vöruúrval o. s. frv. Það mætti því vissulega ætla, þegar á þessar staðreyndir er litið, að útflutningsatvinnuvegirnir byggju við góða afkomu, að þeir væru reknir án bóta og styrkja af almannafé og allur almenningur hefði hlotið varanlegar kjarabætur og örugglega batnandi lífsskilyrði. En er þessu nú svo farið? Síðustu atburðir benda víst aldeilis ekki til þess, að svo sé. Hver grein útflutningsatvinnuveganna af annarri lýsir því nú yfir, að þar sé um yfirvofandi gjaldþrot að ræða. Enginn rekstrargrundvöllur er fyrir starfsemi frystihúsanna, fullyrða forustumenn þeirrar atvinnugreinar. Helmingur togaraflotans hefur verið seldur úr landi fyrir brotajárnsverð og það, sem eftir er af honum, er rekið með yfirþyrmandi tapi og jafnvel svo að skiptir mörgum millj. kr. á ári á hvert skip, að því er forustumenn atvinnugreinarinnar telja a. m. k. Smærri bátarnir liggja í stórum stíl ónotaðir og hlaða á sig kostnaði og skuldum. Aðrir berjast í bökkum eða er haldið á floti með illa launuðum þrældómi sjómanna og jafnvel þeirra, sem bátana eiga. Á síðustu fáum árum hefur minni bátum fækkað um 100, vegna þess að stjórnarstefnan hefur ekki tryggt með nokkrum hætti, að nokkur endurnýjun ætti sér stað í bátaflotanum, nema í stærstu skipunum, sem beint er á síldveiðar, og það er ein af höfuðástæðunum fyrir því, hvernig komið er hag frystihúsanna, ásamt verðbólgunni. Síldarverksmiðjurnar, sem liggja næst miðunum, eins og þau hafa verið nú að undanförnu, eru að vísu reknar með hagnaði, en þær, sem fjær liggja, eru reknar með tugmilljóna tapi eða hefur verið lokað fyrir fullt og allt. Það, sem upp úr öngþveitinu virðist helzt standa, eru stóru síldveiðiskipin og síldarbræðslurnar á Austfjörðum og saltsíldarverkunin, að viðbættu einstaka frystihúsi, sem býr við sérstöðu um hráefnisöflun og hefur jafnframt beitt nýtízku hagræðingaraðgerðum í rekstri sínum.

Ég held, að þó að auðvitað megi um það deila, hvert stig vandræðanna er, liggi það fullkomlega fyrir, að ávinningur útflutningsatvinnuveganna af tvennum gengisfellingum, af stórfelldri framleiðsluaukningu og gífurlegum verðhækkunum er rokinn út í veður og vind. Og þessar atvinnugreinar, sem eru undirstaðan að efnahag þjóðarinnar og afkomu, standa nú verr að vígi en oftast eða nokkru sinni áður. Eftir öll velgengnisárin mega þeir nú, sem bera hitann og þungann í rekstri þessara atvinnugreina, líta með eftirsjá til þeirra vesælu tíma, þegar uppbótafargan og haftaófrelsi vinstri stjórnarinnar settu svip sinn á ástandið, til þeirra tíma, þegar þessar atvinnugreinar bjuggu við þriðjungi og í sumum tilfellum helmingi lægra verð á mörkuðum en þær nú gera og miklu minni framleiðslu.

Ég ætla mér ekki og mun ekki gera tilraun til þess að skýra nema þá að litlu leyti orsakirnar, sem liggja til þess, að svo er komið sem komið er, hver firn það eru, sem valda því, að sjálfar undirstöðuatvinnugreinarnar, sem skapað hafa sívaxandi þjóðartekjur og þjóðarauð síðustu árin, hafa sjálfar verið rúnar svo gersamlega öllum árangri starfsemi sinnar, að við þroti liggur. En það þykir mér þó sýnt, að skýringin geti í höfuðatriðum varla verið önnur en sú, að þessar atvinnugreinar hafi á margvíslegan hátt og eftir mörgum krókaleiðum efnahagskerfisins og efnahagsþróunarinnar verið mergsognar og hlunnfarnar, að aðrir aðilar innan efnahagskerfisins hafi fengið of mikið til hlutar, en útflutningsatvinnugreinarnar of lítið. Í þessu sambandi vil ég segja það út af því, sem hæstv. forsrh. gerði hér að umtalsefni, að höfuðvandamálið liggur ekki í þeim verðlækkunum, sem orðið hafa síðari

hluta ársins á einstaka útflutningsvöruteg-undum, og það viðurkenndi hæstv. ráðh. raun-ar líka með því að segja, að það væri ekki svo alvarlegt, þótt nokkrar sveiflur hefðu orðið á okkar síldarafurðum, það alvarlegasta væri og það, sem væri raunar ástæðan fyrir þeim ákvörðunum, sem ríkisstj. hefði nú tekið í efnahagsmálunum, væri afkoma frystihúsanna. En hvernig hefur ástandið verið með rekstur frystihúsanna? Á þessu ári er það alveg ör-uggt og ég hef fyrir því heimildir, sem ekki verða vefengdar, að meðalverð afurða frysti-húsanna er a. m. k. 6—7% hærra á þessu ári en það var á s. l. ári og engar líkur eru til, að á næsta ári, — um það er erfitt að segja, m. a. vegna þess að nú standa verzlunarsamn-ingar yfir við eina okkar stærstu viðskipta-þjóð, og ekki vitað um, hvaða verð fæst út úr þeim samningum, — en engar líkur eru á því, að verðfallið, sem orðið hefur, geti hagg-að því, að það verði hærra meðalverð á næsta ári en á þessu ári, sem nú er að líða. Það er því auðsætt, að það, sem veldur höfuðvand-anum í okkar undirstöðuatvinnugreinum, eru ekki þær sveiflur, sem nú hafa orðið, heldur er orsakanna annars staðar að leita. Og eins og ég sagði er það mín skoðun, að höfuð-ástæðan sé sú, að afrakstri góðæranna hafi verið misskipt milli aðilanna í efnahagskerf-inu. Og því verður vissulega ekki heldur neit-að, að þau úrræði, sem ríkisstj. hyggst nú grípa til til þess að leysa, þó að til algerra bráðabirgða sé, fram yfir næstu alþingiskosn-ingar, vanda útflutningsatvinnuveganna, benda til þess, að með henni sé að vakna glæta skilnings á því, að svona sé þessu farið. En úrbótaaðferðirnar sanna líka, að hér er aðeins um skilningsglætu að ræða, en viljinn til fulls skilnings virðist vera mjög takmarkaður.

Úrbótaleiðir hæstv. ríkisstj. virðast mér vera þrenns konar: Í fyrsta lagi er um þá leið að ræða að nota það fé, sem útlit er fyrir að verði afgangs á þessu ári í ríkisbúskapnum, tekjuafganginn, sem hefur skapazt, annars vegar vegna algerlega óþarfra skattahækkana, sem framkvæmdar voru með lögum á síðasta Alþ., og hins vegar vegna óþarfs og óeðlilega aukins innflutnings á árinu, sem á rætur sínar í gengisfellingarótta og andúð á sparnaði í þeirri verðbólguspennu, sem ríkt hefur í land-inu. Þetta fjármagn, sem er það eina, sem til greina getur komið, ef ekki á að samþykkja enn nýja skatta á þessu þingi, en því hefur hæstv. forsrh., að mér skilst, algerlega neitað, það er því aðeins til staðar, að alveg óvenju-legur afli hefur verið í síldveiðunum, að gengið hefur verið á gjaldeyrissjóðina með inn-flutningi, sem ekki stenzt miðað við samtíma gjaldeyrisöflun, og þannig fengið með tapi þjóðarbúsins og versnandi stöðu þess út á við. Hér er þess vegna um að ræða hæpna og einstæða uppsprettugreiðslugetu ríkissjóðs, sem hlyti að leiða til algerra vandræða og hruns, ef af slíkri ætti að ausa til langframa, og það því fremur sem engar líkur eru á, að þessi uppspretta verði til staðar ár eftir ár. Sú ráðabreytni er vitanlega fráleit, að halda útflutningsatvinnuvegunum gangandi með þeim hætti að eyða gjaldeyrisvarasjóðnum og reka gjaldeyrisviðskiptin með 100 millj. kr. halla eða þá að öðrum kosti með stórkostleg-um halla ríkissjóðs. En annað þessara tveggja virðist mér, að verði að koma til, ef fjármagn á að fást til þess að gera fær þau bráða-birgðaúrræði, sem hæstv. ríkisstj. hefur á prjónunum. Ég held, að slík ráðsmennska hlyti að hefna sín illilega, þó að síðar yrði, og hefur sjaldan þótt góðri lukku að stýra, ef hliðstæðum aðferðum hefur verið beitt. En þetta byggist vafalaust á þeirri kenningu, að það geri minnst til, þó að syndaflóðið komi eftir minn dag, eins og forðum var sagt. En það er þó ekki alveg fyrir það að synja, að það úrræði ríkisstj. að hverfa að auknum styrkj-um og niðurgreiðslum í eins konar endur-greiðsluformi á þeirri skattheimtu, sem hún hefur að undanförnu að ástæðulausu haft í frammi, það sýni, að það hvarfli að ríkisstj., að þensla ríkisbáknsins og skattheimtan eigi einhvern þátt í því, að undirstöðuatvinnuveg-irnir eru nú að sligast undir þeim byrðum, sem stjórnarstefnan að þessu leyti hefur verið að klyfja þá með, bæði með beinum og ekki síður með óbeinum hætti.

Annað þrautaráð hæstv. ríkisstj. er svo fólgið í þessu frv., sem hér er á ferðinni og er kall-að frv. um heimild til verðstöðvunar. Nafnið gæti bent til þess, að hæstv. ríkisstj. væri að aukast skilningur á því, að verzlunin og milliliðirnir hefðu á undanförnum frelsisárum gerzt helzt til djarftækir til síns hluta af þjóðar-tekjunum, og það væri raunar sízt að undra. Ef betur er að gáð, sést þó fljótlega, að hér er ekki um að ræða endurheimt á neinu af því, sem milliliðirnir hafa tekið til sín um-fram það, sem áður var, heldur eingöngu er um það að ræða og í bezta falli, að þar hald-ist óbreytt ástand. Það er sem sagt alls ekki hugmyndin með þessu frv. að taka verðlagn-ingarkerfið, eins og það hefur verið að undan-förnu, á nokkurn hátt til endurskoðunar. Verzl-unin og milliliðirnir eiga að halda sínum hlut, eins og þeir hafa skammtað sér hann að mestu leyti á undanförnum árum og án af-skipta hins opinbera. Verzlunin og milliliðirnir eiga að halda áfram að njóta til fulls þess gífurlega hækkaða álagningargrundvallar, sem orðið hefur með gengisbreytingunum, nokkuð hækkuðu verðlagi innflutnings og auk þess allri hinni beinu prósentuhækkun álagningar, sem er staðreynd, að hefur átt sér stað, bæði með samþykki verðlagsyfirvalda, að því er snertir þær vörutegundir, sem enn eiga að heita, að háðar séu verðlagsákvæðum, og einnig að því er áhrærir þær mörgu tegundir vöru og þjónustu, sem algerlega hafa verið gefnar frjálsar á síðustu árum. Því miður er okkar hagskýrslugerð ekki slík, að það sé mögulegt að segja með neinni nákvæmni til um, hve mikil sú fjármunatilfærsla er, sem

átt hefur sér stað til verzlunarinnar og milliliðanna á frelsisárunum, svo brýnt rannsóknarefni sem það þó væri og vel framkvæmanlegt að mínu viti að vinna, ef áhugi og vilji væri fyrir hendi til þess. En hann hefur vissulega skort, og jafnvel einföldustu spurningum um þessa hluti, eins og t. d. þeim, sem ég beindi til hæstv. viðskmrh. á síðasta Alþ., er ekki svarað eða reynt að svara. En þrátt fyrir það eru ýmsar staðreyndir, sem liggja fyrir og sanna, að hér er um gífurlegar fjárhæðir að ræða, hundruð, ef ekki þúsund milljóna fjárflutning frá undirstöðuatvinnuvegunum, þeim atvinnuvegum, sem mæla fyrst og fremst kaup og kjör hins almenna manns í landinu, og til hinnar þjóðhagslega óarðbæru milliliðastarfsemi. Og ég ætla að nefna hér fáeinar staðreyndir um þetta efni. Í fyrsta lagi þá, að fjármyndun hefur verið langsamlega mest í verzluninni af öllum greinum þjóðarbúskaparins á síðustu árum. Miðað við fast verðlag og aukningu mannfjölda hefur fjármunamyndun í verzluninni verið að meðaltali 103% hærri 1960—1964 en árið 1959, og þá eru þær tölur bæði reiknaðar með mannfjölda og gert ráð fyrir föstu verðlagi. Það er sem sagt verðmætisaukningin á hvern mann, sem þarna er um að ræða. Þetta hlutfall er fjórfalt miðað við fiskveiðar og fiskiðnað, og engin önnur grein fjármunamyndunarinnar kemst nálægt því að vera hálfdrættingur á við verzlunina að þessu leyti. Á þessu tímabili, sem þessi viðmiðun mín er gerð, 1960—1964, uxu þjóðartekjur um 23.3% og meðalaukning fjárfestingar miðað við sömu viðmiðun og ég áður hafði var 7.8% á ári, og menn beri það saman við það, sem átt hefur sér stað í verzluninni. Og það segir vissulega sína sögu um það, hvar menn hafa haft bezta trú á því að ávaxta fé sitt og í hvaða rekstur menn hafa haft hug á að leggja á þessum árum. Mannfjöldaaukning í verzluninni hefur verið gífurleg á þessum árum. Árið 1959 var rúmlega 11% af virku vinnuafli þjóðarinnar talið bundið við verzlun og viðskipti. En nú er þessi tala komin upp í milli 14 og 15%. Þannig hefur verzluninni ekki nægt að taka til sín ámóta aukningu vinnuafls og fólksfjölguninni nemur, heldur allt að 30—40% vinnuaflsaukningarinnar að auki. Þetta sýnir auðvitað greinilega hvort tveggja: yfirburði verzlunarinnar umfram aðrar atvinnugreinar í því að geta boðið í vinnuaflið og einnig þá gífurlegu og óþörfu þenslu, sem átt hefur sér stað. Þetta sýnir líka þann algera skort á aukinni hagkvæmni í rekstri verzlunarinnar og hve fánýtt notagildi fjárfestingarinnar hefur verið þrátt fyrir hin ákjósanlegustu skilyrði.

Þriðja staðreyndin, sem ég nefni og raunar skýrir hinar tvær fyrrnefndu að verulegu leyti, er fyrirliggjandi gögn um það, hvernig álagningarfrelsið hefur verið notað. Í hverju einasta tilfelli hefur álagningarfrelsið valdið stórkostlegum hækkunum álagningar, hvað heildsöluna snertir oft upp undir 300%, og það hefur venjulega gerzt mjög snögglega, og að því er smásöluna snertir hefur reynslan að vísu ekki verið eins slæm, en þar hefur þó iðulega verið um 200 eða allt að 200% álagningarhækkun að ræða. Ég veit, að um þetta eru til fullkomnar skýrslur hjá verðlagsnefnd og verðlagsstjóra, og ég kalla það hart að leggja þær skýrslur ekki á borðið fyrir alþm., þegar þeir eru að taka mikilvægar ákvarðanir í sambandi við verðlagsmálin, en það hefur ekki verið gert. Þessum gögnum, þessum upplýsingum er haldið leyndum vitandi vits, vegna þess að þær þola ekki að sjá dagsins ljós. Það þýðir þess vegna hvorki fyrir hæstv. ráðh. né aðra að koma hér og segja, að hér sé um eitthvert smáræði að tefla, sem raunar hafi ekkert að segja í okkar þjóðarbúskap. Það, sem milliliðirnir taka til sín, er svo gífurlegur hluti af arði þjóðarbúsins, að það getur ráðið algerum úrslitum bæði um hag undirstöðuatvinnugreinanna og um hag almennings, hvernig þeim málum er varið, og ég tel, að á því sé lítill vafi, að fjármunatilfærslan til verzlunar og milliliða sé einhver allra stærsta og mikilvægasta breytingin, sem hefur orðið í okkar efnahagskerfi á síðustu árum. Það getur vel verið gott og blessað að segja nú við verzlunina og milliliðina, að nú skuli þeir ekki ganga feti framar í því að auka sinn hlut, heldur skuli um takmarkaðan tíma stöðva frekari sókn þeirra. Og það er það, sem felst í þessu frv. í bezta falli, ef allar heimildir þess eru notaðar til hins ýtrasta. Það er óbreytt ástand. Ég held, að það sé alveg óhætt að fullyrða, að slíkt frv. eða slík lög sem hér er gert ráð fyrir að setja skera ekki fyrir rætur neinna meina í efnahagskerfinu, en eru hins vegar að öðrum þræði staðfesting og viðurkenning á því, að sá hlutur, sem milliliðirnir hafa sjálfir skammtað sér, sé ekki óhæfilega mikill, — yfirlýsing um, að hann skuli standa óbreyttur, án þess að nokkur endurskoðun verðmyndunarkerfisins komi til.

Þriðja úrræði hæstv. ríkisstj. og það síðasta, sem raunar er nátengt hinum tveimur, sem ég nefndi, er svo það að reyna að halda kaupgjaldi óbreyttu. Það er ekki fjarri lagi að skilja svo túlkun ríkisstj., eins og hún er í aths. með þessu frv., að hún segi nánast við verkalýðshreyfinguna: Ef þið unið ekki óbreyttu kaupgjaldi, verður ekki heldur nein verðstöðvun, þá verður öllu sleppt lausu aftur. — Þetta staðfesti hæstv. forsrh. greinilega í ræðu sinni áðan og mun ekki í annarri ræðu, sem hann hefur haldið hér á hv. Alþingi, hafa kveðið svo fast að orði um þetta atriði. Notkun heimildanna væri algerlega háð því, sagði hæstv. forsrh., að engar kauphækkanir yrðu næstu mánuðina. Það má að vísu segja, að slík ummæli, hvort sem á að kalla þau hótanir eða einhverju öðru nafni, séu ekki alveg nýtt fyrirbrigði, heldur er hér um ofurlítið breytt viðlag að ræða við þann söng, sem atvinnurekendur og stjórnarvöld hafa yfirleitt sungið síðasta aldarfjórðunginn í sambandi við allar eða flestar kaupbreytingar. Slík ummæli, hótun eða hvað menn vilja kalla það munu þess

vegna auðvitað ekki nú frekar en áður ráða neinum úrslitum um það, hvaða ákvarðanir eða aðgerðir koma til greina af hálfu verkalýðshreyfingarinnar við núverandi aðstæður. Það hlýtur fyrst og fremst að koma til, að tekið sé mið af hagsmunum almennings og af því, hvernig verkalýðshreyfingin getur stutt að hagkvæmri efnahagsþróun.

Um kauphækkanir almennt vil ég í þessu sambandi segja það, að auðvitað eru þær hvorki trúaratriði fyrir mér eða fyrir neinum öðrum í verkalýðshreyfingunni né heldur eru þær nokkurt takmark í sjálfu sér. Þær eru aðeins leið, ég vil segja ein leið af fleiri hugsanlegum leiðum til þess að nálgast þau takmörk, sem verkalýðshreyfingin stefnir að með kjarabaráttu sinni og yfirleitt allri starfsemi sinni, — leið til þess, að láglaunafólk og aðrir þeir, sem miður eru settir í þjóðfélaginu, geti hlotið meira til að bíta og brenna, betri húsakost, meiri tómstundir og bætt menningarleg skilyrði, og ef það sannast, að unnt sé að ná eða nálgast þessi markmið eftir öðrum leiðum að einhverju eða öllu leyti en beinum launahækkunum, yrði sjálfsagt enginn fegnari því en verkalýðshreyfingin, og ég held, að samningsgerðir verkalýðshreyfingarinnar síðustu árin a. m. k. sanni fullkomlega þann vilja samtakanna, með því að það hefur í ríkara mæli en áður verið reynt að fara einmitt slíkar kjarabótaleiðir. Og þó að það sé sannast mála, að margt hafi farið öðruvísi en æskilegt hefði verið, hvað verðlagsþróunina snertir í kjölfar þeirra samninga, vil ég ekki nú eða enn slá því föstu, að það hafi endanlega sannazt, að slíkar leiðir séu með öllu ófærar. En með þessu er þó engan veginn sagt, að verkalýðshreyfingin nú telji efni til að falla að meira eða minna leyti frá kröfum sínum um samningsbundnar kjarabætur. Þvert á móti eru nú flestar ástæður þannig vaxnar, að brýnni þörf en nokkurn tíma áður er á því að breyta kjarasamningum og reyna með því að tryggja hagsmuni vinnustéttanna, ekki síst vegna þeirrar óvissu og öngþveitis, sem nú ríkir í efnahagsmálunum.

Ef litið er á þróun kjaramála verkafólks síðustu 6—8 árin, ber þá staðreynd einna hæst, að samningsbundin laun fyrir eðlilegan vinnudag hafa lengst af verið á þessu tímabili lægri miðað við kaupmátt en við upphaf þess og stöðugt í meira ósamræmi við vöxt þjóðartekna. Óyggjandi tölur um þetta efni hef ég hér í höndum, tölur, sem ekki geta verið umdeilanlegar, vegna þess að þær eru byggðar á útreikningsaðferðum, sem fullt samkomulag hefur verið um milli aðila vinnumarkaðarins, og þær segja okkur, að í almennri vinnu Dagsbrúnarverkamanna sé kaupmáttur á vinnustund nú 97.7% af því, sem hann var 1959, í fiskvinnu, sem á þessu tímabili hefur hækkað um tvo taxtaflokka og er þess vegna nokkuð góður mælikvarði á þær greinar, sem hafa fengið verulega tilfærslu við samningsgerð, er kaupmáttur nú 100.3%, í hafnarvinnu, sem hefur hækkað um fjóra taxtaflokka og langmest af öllum starfsgreinum, er kaupmáttur tímakaupsins nú 105 á móti 100 1959. Þetta eru tölur, sem ekki verða að mínu viti vefengdar og sýna það alveg svart á hvítu, hvernig þróunin hefur verið, hvað þau laun áhrærir, sem bundin eru í kjarasamningum. Þetta er að vísu ekki tæmandi, en þessir þrír starfsgreinaflokkar eru áreiðanlega mjög táknandi fyrir þær breytingar, sem hafa orðið á kaupgjaldinu hjá almennu verkafólki síðustu árin. En þess ber líka að geta í sambandi við þetta, að svona gott hefur ástandið ekki verið lengst af þetta tímabil. Lengst af á viðreisnartímabilinu hefur verið um miklu lægri kaupmátt að ræða, og það er í raun og veru ekki fyrr en með júnísamkomulaginu, sem fer að marka fyrir bata í þessum efnum. En lægst hefur kaupmátturinn komizt eftir þeim útreikningsaðferðum, sem hér er beitt, niður í 84% af kaupmættinum 1959, en það var árið 1962. Þessar tölur held ég, að sanni og það svo að ekki verði um villzt, að kjarasamningar almenns verkafólks mæla verkafólki nálega ekkert af þeirri miklu þjóðarteknaaukningu, sem hefur orðið á þessum árum. Það, sem verkafólk hefur hlotið af þeirri aukningu, hefur verið fengið eftir öðrum leiðum. Það hefur verið fengið með auknum yfirvinnutekjum, með auknu vinnuálagi, með ýmsum ósamningsbundnum greiðslum og yfirborgunum, sem hafa þrifizt í skjóli þeirrar spennu, sem ríkt hefur á vinnumarkaðinum, og að einhverju litlu leyti hefur það fengizt fyrir aukinn hlut ákvæðisvinnu. En í gegnum hina almennu samninga, sem undir öllum venjulegum kringumstæðum ákveða kjörin, hefur ekki fengizt neitt af þeirri þjóðarteknaaukningu, sem orðið hefur. Sú aukning, sem verkafólk hefur fengið á kaupmætti ráðstöfunartekna, byggist á þessum atriðum, sem ég nefndi, hún byggist m. a. á því, að verkafólk á Íslandi vinnur um 1/3 lengri vinnudag en þekkist annars staðar í Evrópu, hátt upp í 3 þús. vinnustundir á ári á móti kringum 2 þús., sem tíðkast í öðrum löndum, þ. e. a. s., að íslenzkt verkafólk fær því aðeins nokkurn hlut í auknum þjóðartekjum, að það leggi á sig vinnu, sem svarar að meðaltali allt að 5 mánaða aukavinnu á ári, og mörg dæmi eru til þess, að slík aukavinna svari til allt að 7 mánaða vinnu á ári auk vinnu allra hinna 12 mánaðanna. Það er svo vitað um yfirborganirnar, sem nokkuð tíðkast, a. m. k. hér á þéttbýlissvæðunum, að þær byggjast eingöngu á því, að það er yfirspenntur vinnumarkaður, sem við búum við, og um leið og þar verður breyting á, eru þær úr sögunni. Og það er í raun og veru um hvort tveggja þessara meginatriða, sem hafa fært verkafólki eitthvað af aukningu þjóðarteknanna, að segja, bæði hinn aukna vinnutíma, sem hefur orðið á þessu tímabili, og yfirborganirnar, að þær hætta að mæla verkafólki ráðstöfunartekjur, um leið og spennuna lægir. Fyrir þeim er engin trygging í samdráttarástandi, sem er alls ekki óhugsandi að geti orðið afleiðing af núver-

andi efnahagsástandi. Og þegar við hugleiðum þetta ásamt þeirri staðreynd, að verkafólk fær nú í dag aðeins um 60% tekna sinna með dagvinnunni, þó að yfirborganir séu þar með taldar, þá fæst ekki nema um 60% af atvinnutekjunum með venjulegri dagvinnu, og af því verður auðsætt, hve gífurleg sú tekjuskerðing gæti orðið að óbreyttum kjarasamningum, ef til samdráttar í atvinnulífinu kæmi, og jafnvel þótt ekki væri nema eitthvað skipti um á vinnumarkaðinum og hann yrði ekki jafnyfirspenntur og hann er í dag.

Ég tel ekki neinn vafa á því, að í þeim samningum, sem nú hljóta að standa fyrir dyrum á milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj., því að ég tel, að raunar hafi hún með þeim ákvörðunum, sem eru í þessu frv., tekið samningsréttinn í sínar hendur af hálfu atvinnurekenda, — og ég harma það í sjálfu sér ekki, það er ekki víst, að það sé neitt verra að semja við hana en atvinnurekendur, — þá hlýtur það að vera ein meginkrafa verkalýðssamtakanna að brúa a. m. k. að verulegu leyti það bil, sem nú er orðið á milli samningsbundinna launa og þeirra tekna, sem a. m. k. verulegur hluti verkalýðsstéttarinnar getur, miðað við núverandi ástand, aflað sér með óhæfilegum vinnutíma og ósamningsbundnum yfirborgunum. En til þess að þetta gæti hugsanlega tekizt, þarf auðvitað margt að koma til, *og ég tel hvorki stað né stund til* þess að rekja það ýtarlega. Þar þyrfti ekki síst að koma til aukið samstarf ríkisstj., atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar um stórfellda styttingu vinnutímans án tekjuskerðingar, lög um vinnuvernd, ásamt samningum við atvinnurekendur um raunverulega styttingu vinnutímans með óbreyttum launum og um yfirfærslu tekna, sem nú er aflað með yfirvinnu yfir á daglaun, t. d. með svipuðum hætti og reynt var í litlum mæli í júnísamkomulaginu 1964. Og síðast, en ekki síst þarf að vinna að því skipulega að gerbreyta rekstrarfyrirkomulagi og vinnutilhögun fyrirtækja til þess að gera hina óhjákvæmilegu styttingu vinnutímans mögulega og til þess að koma í veg fyrir, að hún valdi fyrirtækjunum og atvinnuvegunum meiri tilkostnaði en þeir fá undir risið, og til þess eru áreiðanlega fullir möguleikar, ef rétt er að staðið. Og ég tel það alls ekki óhjákvæmilegt, að a. m. k. verulegt átak í þessum efnum þyrfti undir öllum kringumstæðum og að öllu leyti að þýða aukinn tilkostnað atvinnuveganna, því að það er áreiðanlegt, að núverandi fyrirkomulag í þessum efnum veldur þeim einnig mörgum hverjum miklum skaða, en ekki ávinningi. En það má raunar segja svipað um fleiri af þeim kjarabótaleiðum, sem koma til greina við kaupbreytingar, að það þarf ekki að vera undir öllum kringumstæðum um að ræða beinlínis, að lagðar séu óhæfilegar byrðar á atvinnuvegina. En á það þarf að reyna að mínu viti og það alveg á næstunni, hvort ríkisstj. og atvinnurekendur vilja opna einhverjar slíkar leiðir í sambandi við samningamálin. En þar vil ég þó taka það skýrt fram, að ég útiloka ekki heldur kauphækkunarleiðina að einhverju leyti a. m. k. En hvort þetta tekst, fer svo að sjálfsögðu ákaflega mikið eftir því, hvernig tekið verður á sjálfum verðlagsmálunum, hvort þar koma til róttækari og árangursríkari aðgerðir en hægt er að vonast eftir, eftir að hafa séð þetta frv., sem hér er á ferðinni.

Ég vil segja það að lokum, að ef það er ærleg meining hæstv. ríkisstj. að reyna að opna leiðir til þess, að verkalýðshreyfingin eigi einhverra annarra kosta völ til þess að nálgast markmið sín í kjarabaráttunni en þá aðferð að hækka launin að krónutölu, og þá leið hlýtur hún að fara, ef aðrar reynast ófærar eða eru gerðar ófærar, þá verður hún að taka bæði verðlagsmálin og efnahagsmálin í heild öðrum tökum en nú er gert og heldur en þetta frv. gerir ráð fyrir, nota aðrar aðferðir en hún fyrirhugar í þeim vanda, sem bæði höfuðatvinnugreinarnar og launastéttirnar standa nú frammi fyrir, fyrst og fremst vegna verðbólguþróunarinnar, sem geisað hefur í landinu undanfarin ár og er staðreynd, sem ekki verður haggað, hvort sem karpað er um það á einn eða annan veg, hverjar ástæður liggi til hennar. Hvað meðferð verðlagsmálanna snertir, hefur það verið og er skoðun okkar í verkalýðshreyfingunni, að það sé óhjákvæmilegt, ef verðlagið á ekki að fara úr skorðum og verðbólgan að geisa áfram, að fylgja þar verðhömlunarstefnu, því sem ég vildi kalla verðhömlunarstefnu, og sporna við því eftir mætti, að grundvöllurinn fyrir útflutningsatvinnuvegunum riði til falls vegna verðþenslunnar, þannig að þeir geti mælt með eðlilegum hætti til verkafólks þann hlut, sem því ber af þjóðartekjunum og þjóðarframleiðslunni. Til þess að þetta sé unnt teljum við, að þurfi að vera starfandi virkt verðlagseftirlit og mjög viðtækt vald til þess að ákveða af opinberri hálfu hámarksverð á vörum og margs konar þjónustu. Um þetta efni höfum við Alþb.-menn flutt frv. bæði á þessu þingi og á fyrri þingum hér á hv. Alþingi.

Ég held, að þróun verðlagsmálanna hafi líka sannað, að kenningarnar um, að frjáls samkeppni skipi verðmyndunarmálunum á farsælan veg, — ég held, að hún hafi sýnt gjaldþrot sitt og sé að gera það m. a. með flutningi þessa frv. af hendi þeirrar ríkisstj., sem boðað hefur frelsið sem allra meina bót í þessum efnum. En því þá ekki að viðurkenna þetta til fulls og fara að ráðum okkar Alþb.-manna og gera verðlagsnefndina og verðlagseftirlitið að raunverulegu verðhömlunartæki, ekki bara um stundarsakir, heldur varanlega? Þó að núverandi hæstv. ríkisstj. þurfi kannske ekki að lifa lengur en til næsta sumars eða næsta hausts, þá þurfa undirstöðuatvinnuvegirnir í þjóðfélaginu og verkafólkið í landinu að lifa lengur. En þetta frv. tekur ekki þannig á þessum málum, og í raun og veru er hæstv. ríkisstj. enn

að berja höfðinu við steininn að nokkru leyti með því að lýsa því yfir, að hér sé eingöngu um bráðabirgðaúrræði að ræða, að því leyti sem þetta frv. kynni að leiða til einhverrar verðhömlunar, frelsið sé eftir sem áður meginstefnan, sem eigi að sigla eftir, og það eigi að taka upp aftur að haustnóttum á næsta ári.

Hér er því miður ekki um það að ræða, að það sé um neina varanlega stefnubreytingu að ræða hjá ríkisstj. þrátt fyrir reynsluna á undanförnum árum, né heldur er um það að ræða, að tjaldað sé lengur en til einnar nætur. Bæði þetta frv. og aðrar þær fyrirætlanir, sem eru á döfinni í sambandi við það, benda hins vegar því miður til þess, að hér sé fyrst og fremst verið að hugsa um að fleyta vandamálunum á undan sér í stuttan tíma án þess að leysa þau, fleyta þeim á sýndarmennsku og algerum bráðabirgðakrafti við efnahagskerfi, sem er komið að fótum fram og hver ábyrg ríkisstj., sem ætlar að ráða í landinu, hlýtur að taka til gagngerðrar endurskoðunar.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 4. þm. Norðurl. e., sagði, að ég hefði verið hér með eitthvað, sem deila mætti um, hvort væru hótanir í garð verkalýðshreyfingarinnar eða ekki, og kveðið fastara að orði um forsendur fyrir beitingu þessa frv. en áður. Mér vitanlega sagði ég ekki annað efnislega en það, sem stendur í aths. um frv., að beiting þeirra heimilda, sem ríkisstj. á að veita skv. frv., byggist á þeirri forsendu, að eigi verði kauphækkanir, er geri verðstöðvun óframkvæmanlega. (Gripið fram í.) Já, sem gerir verðstöðvun óframkvæmanlega, það er miðað við þá forsendu, og ég tók þessa setningu upp í minni ræðu. Ég hlustaði ekki á það, sem ég sagði sjálfur, og skal ekki þræta um það, en ætlan mín var ekki að segja annað en það, sem ég hef hér ítrekað. Við skulum hafa það alveg ljóst og taka það út úr deilu hér. Það getur hent okkur alla, að orð falli ekki alltaf eins nákvæmlega og ætlun er, en ætlun mín var ekki að gefa aðra yfirlýsingu, aðra að efni til, en í þessu felst. Það skulum við hafa alveg ljóst.

Um afstöðu til verkalýðshreyfingarinnar að öðru leyti og þátt eða hlut verkalýðsins í tekjuaukningu síðustu ára, þá hygg ég, að ekki verði um það deilt, það sé óhagganlegt, að launastéttirnar og þar með verkalýðurinn hafi fengið á því tímabili, sem nú er um að ræða, fyllilega sinn hlut af vexti þjóðartekna. Menn geta deilt um það, hvort hann sé of lítill eða mikill í heild, en það hefur ekki verið á þær stéttir hallað á þessu tímabili. Hitt er þó vafalaust rétt og óumdeilanlegt, sem hv. þm. sagði varðandi það, að kaupmáttur tímakaups hjá vissum stéttum lækkaði um hríð, við getum sagt úr hófi fram. En hvað sem öðru líður er það alveg víst og var enda játað af hv. þm., að mikil leiðrétting og alger stefnubreyting varð í þeim efnum við júnísamkomulagið, þannig að nú horfir allt öðruvísi við í því efni en áður var.

Um væntanlega samninga skal ég að öðru leyti ekki ræða nú. Ég vil einungis taka það fram, að það er alger misskilningur, að ríkisstj. ætli að taka samninga í sínar hendur eða þetta frv. sé vitni þess. Auðvitað eru aðilar frjálsir að sínum samningum. Hitt vitum við hv. síðasti ræðumaður báðir af eigin reynslu, að án atbeina ríkisstj. hefðu almennir kaupsamningar vafalaust ekki komizt á nú hin síðustu árin, og ég geri ráð fyrir því, að hvort sem ríkisstj. vill eða vill ekki, muni það ekki breytast í bráðri svipan.

Þá talaði hv. þm. um, að haldið væri upplýsingum fyrir þm. varðandi hækkaða álagningu. Mér er það ekki kunnugt, að neinum slíkum upplýsingum sé haldið fyrir hv. þm. Ég óska eftir því, að þeir fái öll þau gögn, sem fyrir hendi eru, og mér hefur virzt, að einmitt flokksbræður hv. þm. — eða bandalagsbræður eða hvað við eigum að kalla þá — hafi haft ýmis gögn um þau efni undir höndum. En ég hygg, að hv. þm. leiðrétti mig strax, ef ég misskil það, sem hér er á ferðum, að einmitt eftir minni till. hafi á s. l. vori verið sett af stað athugun á því, hverjar væru orsakir eða skýringar á þeim verðhækkunum, sem orðið hefðu á síðustu 2—3 árum. Þetta starf var unnið að nokkru leyti, en ekki að fullu, og einmitt þegar viðræður voru teknar upp aftur milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. nú í haust, kom það glögglega fram af hálfu fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, að þeir óskuðu ekki eftir, að þessari athugun væri haldið áfram. Þeir sögðu, að þeir hefðu aldrei óskað eftir þessu og það hefði í sjálfu sér ekki þýðingu frá þeirra sjónarmiði að lengra væri haldið í þeim efnum. Ef um er að ræða aðra athugun en þessa, þá bið ég afsökunar, en ég hef skilið, að þarna væri samhengi á milli. Og einmitt af þessum sökum hefur, að því er ég held, þessari athugun aldrei verið lokið. Ástæðan til þess, að ég taldi ekki frekari ástæðu til þess að fara út í þessa sálma, er, að bæði skv. gögnum, sem hafa komið frá kjararannsóknarnefnd, og þeim gögnum, sem liggja fyrir í skýrslu Efnahagsstofnunar til Hagráðs, eru svo miklar upplýsingar um þetta fyrir hendi, að það á að vera hægt að átta sig á þessu í stórum dráttum.

Hitt er svo annað mál, að það eru ekki gögn fyrir hendi um það, hvað verzlunin hafi fengið í sinn hlut úr þjóðarbúinu. Ég er fyllilega fús til þess, ef hv. þm. kemur með sínar óskir um það, hvernig þeirri rannsókn eigi að vera háttað, að taka það til athugunar að láta rannsókn fara fram. Ég vil ekki gefa bindandi loforð um það, fyrr en mér er ljóst, hvað fyrir hv. þm. vakir. Mér er það ekki ljóst af því, sem hann enn hefur sagt. Og ég legg áherzlu á, að það eitt að koma með tölur, sem sýna hækkaða álagningu um svo og svo mikinn hluta, segir ekki, að varan hafi hækkað. Það getur verið, að það hafi hækkað vöruna, en það þarf ekki að vera, og við vitum, að af

hálfu verzlunarinnar er því staðfastlega haldið fram, að verðlagskerfið í því formi, sem það hefur verið fram á þennan dag, ýti undir óhagkvæm innkaup. Þetta er atriði, sem rannsaka þarf og ég hef síður en svo á móti, að gengið sé úr skugga um.

En þá verðum við einnig, þegar við tölum um hugsanlegan gróða verzlunarinnar, að athuga, hvaða upplýsingar við höfum um hag verzlunarfyrirtækja í landinu. Hefur sú verzlun, sem opinberar skýrslur nokkurn veginn ná til eða almenningur hefur frjálsan aðgang að því að kynna sér a. m. k. að verulegu leyti, — hefur hún verið rekin með þeim ágóða, sem ætla mætti eftir tali þessa hv. þm., og á ég þá einkanlega við kaupfélögin og Samband ísl. samvinnufélaga? Um þetta hefur verið talað áður hér á þinginu. En þá segir hv. þm.: Aðstreymi fólks í verzlunina sýnir, að þar hefur verið mikinn gróða að fá. En einnig um þetta vantar fullnægjandi upplýsingar, vegna þess að það er ekkert sérstakt íslenzkt fyrirbæri, heldur allsherjarfyrirbæri, að þeim fer stöðugt fjölgandi í öllum þjóðfélögum, sem fara úr, ef svo má segja, frumatvinnuvegum í ýmsar þjónustugreinar. Ég hygg, að þær tölur, sem hér hafa verið birtar um þjónustugreinarnar, hafi verið teknar og meira og minna gengið út frá því, að þar hlyti allt að hafa farið í þá beinu verzlun, en það sanna þessar tölur ekki til hlítar. Eins er það, að þó að fjármagnsaukning og fjárfesting hafi verið mikil í verzlun, þá vitum við það ofur vel, a. m. k. Reykvíkingar, að hér hafði verið legið á framkvæmdum verzlunarinnar. Það beinlínis vantaði fyrir hana starfshýsi hér í Reykjavík. Þess vegna var það mjög eðlilegt og ég vil segja með öllu óhjákvæmilegt, að þegar frjálsræði var gefið í þeim efnum, yrði þar um töluverðan vöxt í byrjun að ræða. Þannig hlýtur ætíð að verða, eftir að höft hafa verið á höfð og frjálsræði skyndilega er veitt. Enda voru skýrslur til, sem sýndu, að það var of lítið af slíku starfshýsi miðað við starfræksluna í bænum þegar fyrir. Og ef við förum um landið og bárum saman framkvæmdir þar við það, sem gert hafði verið í Reykjavík, var ekki um það að villast, að þarna hafði Reykjavík með réttu eða röngu orðið út undan.

Og það er ekki heldur hægt að segja, að það hafi verið staðið á móti eða hindraður eðlilegur vöxtur atvinnutækja í þessu landi undanfarin ár. Það liggur fyrir, að raunveruleg eignaaukning í atvinnutækjum í heild er á nokkurra ára tímabili, þ. e. frá árslokum 1958 til 1965, um 50%. Slík aukning er meiri en nokkru sinni fyrr á sambærilegum tíma. Það hefur vissulega orðið mjög stórkostleg aukning á atvinnutækjum. Segja má, að það sé sumpart einhliða varðandi síldarbáta, síldarbræðslur og ýmislegt þess háttar, sem megináherzla hefur verið lögð á. En það hefur einnig átt sér stað stórkostleg uppbygging í hraðfrystiiðnaðinum á þessu ári, í skipaeign landsmanna í heild, í flugvélum, í flutningatækjum og ýmsu öðru, sem bæði tölur sýna og menn geta áttað sig á með því að skoða sjálfir það, sem fyrir augun ber.

Það er einnig rangt eða misskilningur hjá hv. þm., að það hafi orðið mjög óeðlileg sveifla til hins verra í innflutningi á þessu ári. Það er að vísu rétt, að það mun eitthvað draga úr gjaldeyriseign þjóðarinnar, en hagfræðingar hafa talið og hafa sagt undanfarin missiri, að þeir teldu æskilegra fyrir efnahagsþróunina í landinu, að á þrýstingnum inn á við yrði létt með eitthvað auknum innflutningi. Nú vill þetta oft fara nokkuð úr hömlum og verða með öðrum hætti en ráðgert hefur verið. En fróðir menn hafa síður en svo talið þetta ógæfu. Og við verðum einnig að líta á, að þær sveiflur, sem á þessu ári hafa orðið í þessu efni, eru óvenjulegar vegna þess, hversu a. m. k. frá miðju ári fram til allra síðustu mánaða hefur verið staðið á móti útflutningi framleiðsluvörunnar, til þess að hún þyrfti ekki að lenda í því yfirvofandi eða á skollna verðfalli, sem fyrir höndum var.

Við skulum ekki deila um það, að verðbólgan skapar örðugleika, og við skulum ekki heldur fara að karpa um það núna, hverjum verðbólgan er að kenna. En staðreynd er engu að síður, þrátt fyrir alla þá örðugleika, sem verðbólgan skapar, að það er nú sú aðsteðjandi verðlækkun, ég segi: aðsteðjandi verðlækkun á framleiðsluvörum hraðfrystihúsanna, sem skapar þá örðugleika, sem þetta frv. er ætlað til að mæta. Fram hjá þeirri staðreynd komast menn ekki með nokkru móti. Ég get tekið undir margt af því, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði um það efni, að það er með öllu óvíst, hversu það verðfall er alvarlegt, sem þar er um að ræða, og í raun og veru samþykkti hv. síðasti ræðumaður það einnig. En auðvitað skapar verðhækkun innanlands sinn vanda. En ég þori að fullyrða, að þrátt fyrir þær verðhækkanir mundu hraðfrystihúsin enn í dag standa sig skaplega og geta bjargað sér, ef ekki kæmi þessi verðlækkun utan frá, sem þau nú óttast og hafa gert almenningi grein fyrir.

Annað höfuðvandamálið þar er, eins og líka glögglega kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 4. þm. Norðurl. e., efnivöruskorturinn. Hv. þm. sagði alveg réttilega: Í vandræðum eru þau hraðfrystihús, sem ekki hafa endurnýjað sig, — eða hann orðaði það víst þannig, að þau standa sig sæmilega enn, þau sem hafa endurnýjað sig eða notað sér tækniframfarir og hafa sérstöðu um öflun hráefnis. Vandræðin eru, ef húsin eru aftur úr um endurnýjun, um tækniframfarir og ef þau hafa ekki hráefni. Þetta er það, sem erfiðleikana skapar. Og það verður að líta alveg raunsætt á það mál, hvaða ástæður það eru, sem skapa örðugleikana um öflun hráefnis, efnivöru, sem ég vildi kalla. Er hægt að bæta úr því með verðhækkunum einum á fiskinum? Eða eru það aðrar orsakir, sumpart óviðráðanlegar og sumpart viðráðanlegar? Við þekktum þennan efnivöruskort, ef svo má segja, varðandi síldveiðar í áratug eða áratugi. Þá datt engum í hug,

að hægt væri að bæta úr þeim vandræðum með því að hækka verðið á síldinni til sjómanna og útgerðarmanna. Menn gerðu sér grein fyrir, að þarna var um annars lags fyrirbæri að ræða en hægt væri að ráða við með einum saman verðákvörðunum. Verðákvarðanir hafa vissulega sína þýðingu, en þarna eru fleiri og önnur veigameiri atriði, sem einnig koma til athugunar og verður að skoða til hlítar, áður en þetta mál er til lykta leitt.

Þess vegna er hér sannarlega um flókið vandamál að ræða og vandamál, sem er utan við og annars eðlis en sú efnahagsstefna, sem við fylgjum á hverjum tíma. Það er vandamál engu að síður, sem hlýtur að valda mönnum miklum áhyggjum og verður að reyna að ráða til lykta með sem viðtækustu samkomulagi og athugun allra aðstæðna. En hv. þm. Norðurl. v., 3. þm. þess kjördæmis, spurði mig: Hvað hyggst stjórnin gera í því vandamáli, sem nú steðjar að varðandi hraðfrystihúsin og bátaflotann? Eftir landsins lögum á nú innan tíðar að ákveða fiskverðið, og mér skilst, að allir séu sammála um, að í nánum tengslum við ákvörðun fiskverðs verði framtíð og starf hraðfrystihúsanna. Þarna vakna upp ýmis önnur vandamál, sem verður að skoða nú á næstu vikum og kanna til hlítar. Þetta er mér alveg ljóst. Fyrr en þau mál eru könnuð til hlítar og búið að skoða allar hliðar á þeim, verður ekki sagt, hversu vandamálið er alvarlegt. Ég tek undir það, sem báðir þm. sögðu, að það er með öllu óljóst, hvert verð hraðfrystihúsin fá á næsta ári, og ég þori að fullyrða og tek undir það, sem þeir segja, að hraðfrystihúsin hafa staðið sig vel fram á þetta ár. Og ég vil segja, að þegar þeirra hagur er skoðaður í heild á þessu ári, er hann betri í heild en ráðgert var, þegar fiskverðið var ákveðið um síðustu áramót. Og það sýnir, að það, sem nú er að, er annars eðlis en sú efnahagsstefna, sem við að öðru leyti getum deilt um og okkur kemur ekki saman um. Það er engin nýjung. En við skulum þá ekki heldur láta hana valda því, sem hún veldur ekki, ekki fela í þrætu um hana öll okkar vandamál, sem ráða þarf fram úr í okkar þjóðfélagi.

Varðandi ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. að öðru leyti verð ég að segja það, að hún var málefnaleg. Hann kom þar inn á mörg atriði, sem eru íhugunarverð. Hún var mjög annars eðlis en það hjal, sem hans flokksbræður höfðu í Nd., fyrir utan formann flokksins, sem talaði um málið alvarlega. Hinir voru þar meira og minna að leika sér og gera að gamni sínu. Ég veit ekki, hvort það er vegna þess, að hv. þm. er ekki eins gamansamur og hans góðu og virðulegu samþm., en hann talaði um málið í allt öðrum anda. Hann vildi hins vegar gera lítið úr þessu frv., að það hefði mikla þýðingu. Ég skal ekki fara að deila við hann um það. Það á eftir að koma í ljós, hvaða þýðingu frv. hefur. En sjálfur kom hann með rök, sem alveg sýna glögglega muninn á þessu frv. og þeim heimildum, sem nú eru fyrir hendi. Hann sagðist mundu hafa verið með frv. eins og það var lagt fram í fyrstu, meðan ríkisstj. átti ekki að fá þessi mál til úrslitaákvörðunar. En hann segir: Eftir það, að þetta er komið í hendur ríkisstj., verð ég a. m. k. ekki með í málinu. En samkv. gildandi löggjöf er það ekki í höndum ríkisstj. Verðlagsnefndin er, hvað sem hver segir, formlega sjálfstæð stofnun. Sex manna nefnd er sjálfstæð stofnun. Verðlagsnefnd sjávarútvegsins er sjálfstæð stofnun. Það koma nokkrir fleiri aðilar þarna til, sem minni áhrif hafa. Við teljum, að það sé nauðsynlegt, að nú, þegar sérstakur vandi steðjar að, sé yfirákvörðunarvald í höndum eins aðila, sem úrslitavaldið hafi. Þess vegna hefur það úrslitaþýðingu, að ríkisstj. bæði fær heimildina til að ákveða verðstöðvun og einnig að fylgjast með því, að samræmis sé gætt í ákvörðunum þessara mismunandi aðila. Hvort tveggja þetta heyrir saman og er fyllilega eðlilegt. Í minna mæli vildi hv. þm. láta stuðning sinn við frv. velta á nokkrum hluta af þeim ríkisafskiptum, sem hér koma til greina. En hv. þm. skilur það væntanlega, að úr því að hann leggur á sína hlið svona mikið upp úr afskiptum ríkisstj., þá telur hún sjálf það skipta miklu máli, að hún hafi umsvifalaust þetta verðstöðvunarvald eða hvað við viljum kalla það í sinni hendi.

Ég legg áherzlu á, að hér er um mál annars eðlis að ræða en venjulegt verðlagseftirlit, eins og raunar hv. þm. Norðurl. e. einnig viðurkenndi. Og þess vegna er það misskilningur hjá hv. þm., að það þurfi ákaflega mikið bákn til þess að fylgja þessari löggjöf eftir. Henni verður ekki fylgt eftir, nema því aðeins að almenningur vilji fylgja henni eftir, og það er einfalt ákvörðunarefni fyrir almenning að átta sig á: Hefur verðlagið hækkað eða verðlagið hækkað ekki? Ef það hefur hækkað, getur hann snúið sér til verðlagsnefndar eða til lögreglustjóra á staðnum og kært aðila. Auðvitað þurfa opinberir aðilar einnig að fylgjast með. En venjulega hefur venjulegur borgari engin skilyrði til þess að dæma um það, hvort verðlagsákvörðun hjá kaupmanni er í samræmi við verðlagsákvörðun hjá n. Hitt er alveg einfalt atriði fyrir hann að gera sér grein fyrir, hvort þarna er um að ræða hækkun frá því, sem áður hefur verið, eða ekki. Hitt er ég svo einnig þessum hv. þm. sammála um, að ég hef mjög takmarkaða trú almennt á verðlagseftirliti. Ég trúi einungis á þetta sem, ef svo má segja, eins konar neyðarráðstöfun, sem grípa megi og eigi til, þegar sérstaklega stendur á, en hafi ekki mikla frambúðarþýðingu.

Hv. þm. setti á ýmsa vegu út á einstök atriði frv. og taldi það ekki mikils virði, að það væri sniðið að því leyti, sem hann setti út á, eftir l. frá 1956, þau hefðu að ýmsu leyti verið gölluð. Ég vil þó vekja athygli á því, að þau voru ekki gallaðri en svo, að allir þm. greiddu atkv. með þeim eða a. m. k. enginn atkv. á móti, og ég sé ekki, að það hafi verið ein einasta brtt. flutt við neitt ákvæði þeirra, með-

an á meðferð þingsins stóð, svo að óánægjan hefur ekki verið ákaflega rík þá. Hitt er svo alveg rétt hjá hv. þm., að þótt við gerum okkur það til gamans stundum að vitna í það, sem hinn sagði fyrir 10 árum eða svo, þá hefur þetta ekki mjög mikla þýðingu. Það verður að meta hvert mál eftir aðstæðum hverju sinni, og varhugavert fordæmi er varhugavert fordæmi, og ég kann að hafa gert mig sekan um varhugaverða hluti, eins og flokksbræður hv. þm. um varhugaverðan hlut þarna. Þetta hefur ekki neina úrslitaþýðingu. Það verður allt að breytast með breyttum tíma og metast eftir aðstæðum þá og þá. Við teljum, að þetta frv. hafi þýðingu nú og geti komið að verulegu gagni.

Um, að það svipti launþega eða tilteknar stéttir rétti, er það að vísu rétt, sem hv. þm. sagði, að formlega mundi ákvörðun fiskverðs komin undir ríkisstj. samkv. þessum l. Ég skil þau þannig eins og hann. En meðan fiskverð er ákveðið að einhverju leyti, meira eða minna leyti, með greiðslum úr ríkissjóði, er auðvitað ætíð haft samráð við ríkisstj., áður en endanleg ákvörðun er um það tekin. Það er ekki mikil efnisbreyting frá því, sem verið hefur. Varðandi bændur vil ég taka það berum orðum fram, að stjórn eða fulltrúar úr stjórn Stéttarsambands bænda skrifuðu ríkisstj. um skilning sinn á þessum l., og þeir fengu það svar, að við skildum l. á þann veg, sem þeir gerðu, og ég hef ekki heyrt annað en þeir hafi verið ánægðir með þá lausn málsins.

Um aðfinnslu hans við 2. gr., þá er ég sízt á móti því, að hún verði betur athuguð. En ég vil einungis benda á, að hún er að mínu viti miðuð við það, að aðili, sem hefur gert sig sekan um verðhækkun, frá því að frv. er lagt fram og þangað til það er staðfest, verði að endurgreiða og koma málinu þannig í samt horf. Ég geri ráð fyrir, að slíks sé ekki hægt að krefjast um þennan hálfa mánuð, sem er þarna á undan, þá verði einungis að miða við, að verðið verði lækkað, frá því að l. taka gildi, vegna þess að aðili vissi ekki, þegar hann ákvað, að þetta ákvæði mundi koma. (**ÓlJ:** Hvaða gagn er þá að því í frv.?) Jú, það er viðmiðunarákvæði. Það getur verið, að verðið hafi verið hækkað á tímabilinu, og þó að hann þurfi ekki að endurgreiða það, sem á milli ber, þá verður hann, frá því að l. taka gildi, að una því verðlagi, sem var hinn 15. nóv. Formlega er þetta svona. Hvort það hefur mikla efnislega þýðingu, skal ég ekki segja.

Við töldum rétt samkv. fram kominni brtt. að fara eftir því, sem fordæmið frá 1956 sýndi, og skaða hygg ég, að þetta geti ekki gert.

Það á, eins og ég segi, eftir að sýna sig, hvaða þýðingu þessi löggjöf hefur. Ég skal þess vegna ekki fjölyrða meira um það á þessu stigi. Ég tek það enn fram, að það er eftir að leysa vandamál um áramótin. Það er út af fyrir sig rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, það er hugsanlegt, að þá verði einhverjar þær verðbreytingar, sem geri framkvæmd verðstöðvunar ákaflega örðuga. Það er hugsanlegt, að þá neyðist menn til að leggja á einhverja skatta til þess að standa á móti, ef menn verða að hækka uppbætur, þó að það þurfi ekki að hækka skatta til þess að standa undir þeim uppbótum, sem þegar hafa verið ákveðnar. Um þetta höfum við haft fullan fyrirvara, frá því að frv. var lagt fram. Þetta verður að skoðast, þegar þar að kemur. En vitanlega verður að reyna að haga því þannig, að þær ákvarðanir, sem þá verða teknar, brjóti ekki í bága við þann tilgang, sem ég hygg að allir játi að stefni í rétta átt, þótt deilt sé um, hvort honum verði náð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 157, n. 179, 180 og 181).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft frv. það, sem hér er til umr., til meðferðar, en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur ekki náðst samstaða í n. um afstöðu til þess. Við, sem að nál. meiri hl. stöndum, leggjum til, eins og þskj. 181 ber með sér, að frv. verði samþ. óbreytt.

Að mínu áliti eru það einkum tvær spurningar, sem svara ber, áður en afstaða er tekin til frv., sem hér liggur fyrir. Í fyrsta lagi sú, hvort verðstöðvun sú, sem frv. gerir ráð fyrir, sé æskileg, og í öðru lagi, hvort ráðstafanir þær, sem frv. heimilar, að gerðar verði, séu nauðsynlegar, ef slíkum tilgangi á að ná. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það, hvort æskilegt sé að stöðva verðbólguna. Því virðast allir vera sammála, a. m. k. í orði kveðnu, þótt ekki hafi reynzt jafnauðvelt að ná samstöðu um þau úrræði, er í því efni koma til greina. Ég er því í rauninni alveg sammála, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði um það efni við 1. umr. þessa máls, að verðbólguþróun sú, sem átt hefur sér stað um langt skeið hér á landi, hefur valdið mikilli röskun eignaskiptingarinnar í þjóðfélaginu, sem ekki er réttlát. Á hennar reikning má og skrifa hinn mjög umtalaða lánsfjárskort, sem bitnað hefur með miklum þunga á öllum þeim, sem eru að byggja upp framtíð sína, hvort heldur er með heimillisstofnun eða stofnun fyrirtækja. En þrátt fyrir verðbólguna hefur þó vöxtur þjóðartekna hér á landi verið örari en nokkru sinni fyrr síðan á árinu 1961 eða síðan áhrif þeirra ráðstafana í efnahagsmálum, sem gerðar voru snemma á árinu 1960, voru að fullu komin fram. Þó að ég telji, að þessar ráðstafanir hafi verið óhjákvæmilegt skilyrði þessarar hagstæðu þróunar, ber auðvitað ekki að vanmeta það, hvern þátt hagstæð verðlagsþróun á erlendum mörkuðum hefur í henni átt, og það er einmitt vegna þessarar hagstæðu þróunar,

sem verðbólgan hefur þó ekki valdið þjóðarbúskapnum meira tjóni en raun er á. Vegna hækkandi verðlags á erlendum mörkuðum hafa útflutningsatvinnuvegirnir getað staðið undir þeim kaupgjaldshækkunum, sem orðið hafa á umræddu tímabili, án verulegrar opinberrar aðstoðar.

Nú eru viðhorf hins vegar breytt í þessu efni, eins og hv. þdm. er kunnugt. Ég ætla annars ekki að ræða nánar þróun markaðsmála okkar erlendis síðustu mánuði. Því efni hafa m. a. við umr. um þetta frv. í hv. Nd. verið gerð skil af mönnum, sem því eru kunnugri en ég, og hef ég þar engu við að bæta. Menn geta auðvitað verið mismunandi bjartsýnir um það, hvort verðhækkanir þær, sem orðið hafa á mikilvægum útflutningsvörum okkar síðan snemma á s. l. sumri, verði varanlegar. En það breytir engu um það, að í þessu efni hafa a. m. k. um sinn orðið straumhvörf, og við það verðum við að horfast í augu. Vegna þessa hefur verðbólguvandamálið komizt á alvarlegra stig en áður. Verðbólguþróun sú, sem átt hefur sér stað, hefur vissulega skapað misrétti og margvíslegan vanda, en hún hefur ekki leitt til samdráttar né atvinnuleysis. En vegna þeirrar breytingar í óhag, sem orðið hefur á verðlagi á erlendum mörkuðum, er sú hætta vissulega yfirvofandi, að áframhaldandi verðbólguþróun innanlands leiði til samdráttar í atvinnulífinu og minnkandi vinnu, ef ekki tekst að hamla þar á móti. Það ætti því varla að vera álitamál, að brýna nauðsyn ber nú til þess að stöðva áframhaldandi víxlhækkanir verðlags og framleiðslukostnaðar, því að haldi þær áfram, getur slíkt engum verið í hag, en á hinn bóginn stofnað í voða afkomu fjölda manns, bæði launþega og atvinnurekenda. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þessa hlið málsins, en skal þá víkja að hinu, hvort þær ráðstafanir, er frv. heimilar, séu nauðsynlegt og skynsamlegt skref í þessa átt.

Því hefur verið haldið fram af ýmsum hv. stjórnarandstæðingum í umr. um þetta mál hér á hv. Alþ., að hér sé í rauninni um sýndarfrv. að ræða, e. t. v. meinlaust, en í rauninni óþarft, þar sem allar þær heimildir, er frv. felur í sér og máli skipta, séu þegar fyrir hendi í gildandi l. og reglum, og er í því sambandi einkum vitnað til þeirra heimilda, er felast í gildandi l. um verðlagseftirlit. Ég hef aðra skoðun á þessu máli, og byggist hún ekki síst á þeim kunnugleika, sem ég hef sem verðlagsnefndarmaður á framkvæmd verðlagsákvæða. Það er að vísu rétt, að verðlagsnefnd hefur mjög víðtæka heimild til þess að setja verðlagsákvæði á alla selda vöru og þjónustu á vegum einkaaðila og jafnvel einnig opinberra aðila. En helztu undantekningar frá því eru fiskverð, búvöruverð, húsaleiga og kaupgjald. Það eru atriði, sem verðlagsnefnd hefur ekki heimild til afskipta af, eins og kunnugt er. En í ákvörðunum þeim, sem verðlagsnefndin tekur, er hún þó ávallt bundin af þeim ákvæðum l. um verðlagseftirlit, að verðlagning skuli við það miðuð, að vel rekin fyrirtæki geti borið sig. Eins og kunnugt er, og ég mun að gefnu tilefni ræða nokkuð hér á eftir, hefur verðlagsnefndin þó, einkum frá og með árinu 1964, sleppt ýmsum vöruflokkum og ýmiss konar þjónustu undan verðlagsákvæðum. Það eru að vísu fullkomnar öfgar, eins og ég hef orðið var við í málflutningi ýmissa hv. Alþb.-manna, að svo langt hafi verið gengið í þessu efni, að verðlagseftirlitið hafi verið í raun og veru afnumið, og hygg ég raunar, að flestir þeir, er stunda kaupsýslu og iðnrekstur, telji sig þar hafa nokkuð aðra sögu að segja. En ef taka ætti þá vöru og þjónustu, sem nú er ekki háð verðlagsákvæðum, undir þau að nýju, yrði það samkv. þeim starfsreglum, sem verðlagsnefndin hefur fylgt og ber að fylgja, ekki gert með öðru móti en því, að áður hafi verið framkvæmd rannsókn á rekstrarafkomu fyrirtækjanna, sem lögð yrði þá til grundvallar hinum nýju ákvörðunum. En það gefur auga leið, að slíkt mundi taka sinn tíma, þannig að sú leið yrði til muna ógreiðfærari og alltaf þyngri í vöfum en notkun þeirra heimilda, er í þessu frv. felast.

Þá eru og í þessu frv. ýmsar mikilvægar verðstöðvunarheimildir, sem ekki eru, svo að mér sé a. m. k. kunnugt, fyrir hendi í gildandi l., svo sem til þess að banna hækkun húsaleigu og setja skorður við hækkun álaga bæjar- og sveitarfélaga. Þá tel ég það einnig mikilvægt ákvæði í frv., að allar þær hækkanir, sem hinar einstöku nefndir, sem verðákvarðanir hafa með höndum, samþykkja, skuli eftirleiðis háðar samþykki ríkisstj. Þessar nefndir starfa yfirleitt óháðar hver annarri og a. m. k. yfirleitt að lögum óháðar ríkisstj. Að vísu má segja, að ríkisstj. hafi aðstöðu til þess, að því er flestar þessar nefndir varðar, að hafa áhrif á ákvarðanir þeirra. En þó er það nú mín reynsla að því leyti, sem ég hef verið við þessi mál riðinn, að ríkisstj., hvort sem um er að ræða núv. hæstv. ríkisstj. eða aðra, noti yfirleitt ekki þá aðstöðu, nema um slík stórmál sé að ræða, að ákvörðun sú, er tekin er, geti haft úrslitaáhrif á það, hvort ríkisstj. tekst að framfylgja stefnu sinni í efnahagsmálum, hver sem hún svo er.

Þá skal ég aðeins víkja að þeirri mótbáru hv. stjórnarandstæðinga gegn þessu frv., að ef samþykkt þess komi yfirleitt að nokkru gagni, sé hér aðeins um bráðabirgðaúrræði að ræða, sem ekki leysi vandamál atvinnulífsins, heldur skjóti lausn þeirra aðeins á frest. Auðvitað er það svo, að aldrei verða gerðar neinar þær ráðstafanir í efnahagsmálum, sem leysi allan vanda í eitt skipti fyrir öll. Það skjóta alltaf upp kollinum ný og meira eða minna óvænt vandamál, sem krefjast nýrra úrræða. Í þeim skilningi er aldrei hægt að tala um annað en bráðabirgðaráðstafanir. Enginn okkar getur gengið í ábyrgð fyrir því, að ekki geti borið að höndum og jafnvel fyrr en varir nauðsyn óþægilegri aðgerða í efnahagsmálum en þeirra, er í þessu frv. felast. Hins vegar get ég ekki fallizt á þá skoðun, sem fram kom í ræðu hv.

3. þm. Norðurl. v., að viðhorfin í dag séu sambærileg við þau, sem voru 1959. Það er út af fyrir sig rétt, að verðstöðvun sú, sem þá var framkvæmd, var bersýnilega aðeins ráðstöfun til bráðabirgða. Á því ári var nær 600 millj. kr. greiðsluhalli í gjaldeyrisviðskiptum við útlönd, þannig að þar sem sáralitlir gjaldeyrisvarasjóðir voru til í byrjun ársins, var landið að komast í alger greiðsluþrot í ársbyrjun 1960. Róttækar ráðstafanir í gjaldeyrismálum til þess að forða frá slíku greiðsluþroti voru því óumflýjanlegar, þótt um hitt megi auðvitað alltaf deila, hvort rétt hefði verið að gera í einstökum atriðum þær ráðstafanir, sem þá var gripið til. Nú er hins vegar gert ráð fyrir, að gjaldeyrisvarasjóður Íslendinga nemi um 1800 millj. kr. um næstu áramót, þannig að króna okkar er ólíkt betur tryggð en þá var. Verðlag er að vísu talsvert hærra hér á landi en í Vestur-Evrópulöndunum a. m. k., en ég tel samt sem áður fráleitt á þessu stigi málsins að gefa upp von um, að unnt verði að komast hjá beinni eða dulbúinni gengislækkun, þar sem ég með því síðarnefnda á við það, að taka þyrfti upp allsherjaruppbótakerfi. Í Vestur-Evrópu hefur verðlag undanfarin ár að jafnaði hækkað um 4—5% á ári, þannig að takist okkur að stöðva verðhækkanir um skeið, þyrfti það e. t. v. ekki að taka ýkjalangan tíma að samræma verðlag okkar þannig því, sem þar er. En auðvitað getur enginn gefið loforð um neitt í því efni. Þar hefur framvinda verðlagsmálanna næstu vikur og mánuði, bæði hér innanlands og erlendis, úrslitaáhrif. Og svo mikið tel ég að megi fullyrða, hvernig sem allt veltur, að það verður við meiri vanda að etja, ef ekki verður reynt með tiltækum ráðum að framkvæma verðstöðvun, en láta þær víxlhækkanir vöruverðs og kaupgjalds, sem hafa verið fyrstu 7 mánuði ársins, halda áfram.

Það er auðvitað ljóst, að árangur verðstöðvunarinnar verður öllu öðru fremur kominn undir viðbrögðum almennings og hagsmunasamtakanna í þjóðfélaginu við henni. M. a. með sérstöku tilliti til þess tel ég rétt, áður en ég lýk máli mínu hér, að víkja nokkuð að skoðunum, sem fram komu í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. við 1. umr. þessa máls og hann sumpart rökstuddi með tölum, er hann las þá upp.

Hv. þm. hélt því fram, að verkamenn hefðu fengið óviðunandi lítið í sinn hlut af aukningu þjóðartekna undanfarin ár, en allt of mikið af henni hefði farið í aukinn milliliðakostnað, eins og hann orðaði það. Nú get ég vissulega tekið undir það með honum, að æskilegt væri, að til væru áreiðanlegri upplýsingar um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu en raun er á. Fátt mundi líklegra til þess að eyða tortryggni milli fjölmennra þjóðfélagsstétta, sem æskilegt er, að unnið geti saman á friðsamlegan hátt að sameiginlegum vandamálum, en einmitt slíkar upplýsingar. En meðan svo er ekki, tel ég mjög varhugavert að byggja svo ákveðnar fullyrðingar um þróun tekjuskiptingarinnar á mjög hraflkenndum upplýsingum, eins og hv. þm. gerði, þó að margt gott megi um ræðu hans og sjónarmið í kjaramálum verkalýðsins segja að öðru leyti.

Skal ég þá fyrst nokkuð ræða það, sem hann sagði um milliliðagróðann og verzlunarálagninguna. Ég vefengi ekki upplýsingar hans um fjölgun þeirra, sem stunda verzlunarstörf á því tímabili, sem hann nefndi. En í því sambandi ber að hafa það hugfast, sem hæstv. forsrh. drap raunar á í ræðu þeirri, er hann flutti í lok 1. umr. frv., að það er alþjóðleg reynsla, að aukin velmegun leiðir til þess, að flutningur vinnuafls á sér stað frá frumframleiðslunni og yfir í ýmiss konar svokölluð þjónustustörf og þá ekki síst vörudreifinguna, þannig að tala þeirra, sem vinna að þessum þjónustustörfum, fer alltaf hlutfallslega vaxandi með aukinni velmegun. Þessu til frekari staðfestingar vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér upp örfáar tölur úr alþjóðlegri skýrslu um þetta efni frá árinu 1961. En samkv. þeim upplýsingum, sem þar eru gefnar, kemur í ljós, að í hinum vanþróuðustu löndum, eins og t. d. Indlandi, Pakistan og Thailandi, þar sem þjóðartekjur á mann eru undir 100 dollurum, þá eru það aðeins 10% af þjóðinni, sem stunda þjónustustörf. Hinn mikilvægasti þáttur þjónustustarfanna er ábyggilega verzlunin og henni nátengdar atvinnugreinar, eins og samgöngur. Fleira heyrir að vísu undir þetta, sem er þýðingarminna, eins og heilbrigðisþjónustan, þannig að ég hugsa, að þetta gefi nokkuð rétta mynd af verzlunarkostnaðinum. Í þessum vanþróuðu löndum eru það samkvæmt þessu aðeins um 10% af þjóðinni, sem lifa af þjónustustörfum.

Í því landi heimsins, þar sem þjóðartekjur á mann hafa verið hæstar á þessu ári, 1961, eða 2500 dollarar á mann, en það eru Bandaríki Norður-Ameríku, er það hvorki meira né minna en helmingur þjóðarinnar, sem vinnur við þjónustustörf. Í hinum auðugustu Evrópulöndum, svo sem í Svíþjóð og Sviss, þar sem þjóðartekjur á mann eru 1500 dollarar, eru það 40% þjóðarinnar, sem lifa af þjónustustörfum, og álíka mikið í Noregi og Danmörku, þar sem þjóðartekjur eru að vísu nokkuð lægri. Þess má geta, að Ísland er með í þessari skýrslu. Þjóðartekjur hafa verið á þessu ári ofurlítið lægri en í Noregi og Danmörku, en hlutfallstala þeirra, sem lifa af þjónustustörfum hér á landi, hefur þá verið um 33%, svo að það má að vísu telja í fullu samræmi við annað, en tiltölulega hóflegt. Samt sem áður er það vissulega rétt hjá hv. þm., að það er hagsmunamál fyrir þjóðfélagsheildina, að vörudreifingin sé sem ódýrust miðað við þá þjónustu, sem veitt er. En hins vegar vil ég þó leyfa mér að spyrja: Liggur nú ekki beint við að draga þá ályktun einmitt af þeim tölum, sem ég áðan las upp, að það sé í miklu ríkara mæli hagsmunamál hinna efnaðri stétta í þjóðfélaginu en hinna fátækari, þannig að það eigi nokkuð það sama við um þjóðfélagsstéttirnar eins og hinar mismunandi þjóðir, að

eftir því sem tekjurnar eru hærri, þeim mun meiri hluti teknanna fer í það að greiða fyrir álagningu og önnur þjónustustörf? Enda hygg ég, þó að ekki sé hægt að rökstyðja þetta með neinum tölum, að flestum hv. þdm. finnist það koma nokkuð heim við sína reynslu — eða mér kæmi annað á óvart, að dreifingarkostnaður nauðsynjavara, sem hinar fátækari stéttir einkum kaupa, er yfirleitt miklu minni, bæði vegna verðlagsákvæða og af öðrum sökum, en dreifingarkostnaður þeirrar vöru, sem er miður þörf, þannig að í rauninni hlýtur þetta að vera meira hagsmunamál fyrir þá efnuðu en hina fátækari. Það er nefnilega svo, að hvað þá efnuðu snertir, þá er e. t. v. nokkur sannleikskjarni í því, sem einhvern tíma var sagt um Borgnesinga, að þar lifði hver á öðrum. En sleppum því nú.

En hvað sem þessu líður og þó að ég taki undir það, að vissulega er það hagsmunamál og verður kannske þeim mun meira hagsmunamál, eftir því sem þjóðartekjurnar eru meiri, að dreifingarkostnaði sé haldið í skefjum, þá tel ég samt, að vara beri við oftrú á verðlagsákvæðum sem tæki til þess að halda dreifingarkostnaðinum í skefjum. Þau geta gert gagn og jafnvel verið nauðsynleg að vissu marki, en aðrar leiðir eru þó að mínum dómi betur til þess fallnar að tryggja svo sem bezt má verða hóflegan dreifingarkostnað. Á ég þar einkum við það, að ég hef ekki horfið frá þeirri trú, að virk samkeppni sé, þar sem henni verður komið við, bezta verðlagseftirlitið. Annað mál er það, að oft getur verið miklum vandkvæðum bundið að skapa skilyrði fyrir slíkri virkri samkeppni, og ástæðan fyrir því, að ég tel verðlagseftirlit hér á landi, a. m. k. í einhverri mynd, enn þá óhjákvæmilegt, er sú, að enn hefur þetta ekki tekizt. Að vísu hefur frjálsræði í viðskiptum mjög verið aukið í tíð núv. hæstv. ríkisstj., og á það sinn þátt í því, að ekki hefur síðustu 2—3 árin verið talið nauðsynlegt að beita eins ströngum og víðtækum verðlagsákvæðum og áður var. En það eitt, þó að innflutningur hafi að mestu verið gefinn frjáls, nægir ekki til þess að tryggja svo virka samkeppni, að óþörf verði öll opinber íhlutun um verðlagsmál og eftirlit með þeim. Kemur þar margt til, sem dregur úr samkeppninni, svo sem háir tollmúrar, samtök aðila, sem annast framleiðslu- og vörudreifingu, og fleira, sem of langt mundi leiða að rekja hér.

En þá skal vikið að fullyrðingum hv. þm. um hinn óhóflega verzlunargróða. Ég get samkv. áður sögðu tekið undir það bæði með honum og raunar líka hæstv. forsrh., að æskilegt væri, að til væru áreiðanlegri upplýsingar um dreifingarkostnaðinn en nú eru fyrir hendi. En við verðum bara að gera okkur ljóst, að það er ekki neitt auðvelt verk að afla þeirra upplýsinga. Ég ætla nú ekki að fara lengra en 10 ár aftur í tímann til þess að rekja þá sögu, en það skeði á Alþingi veturinn 1955—1956, að 6 þm. Sjálfstfl., sem þá áttu sæti í hv. Nd., tóku sig saman um það að flytja þáltill., sem gekk eins og hún mun hafa verið orðuð í sinni upphaflegu mynd út á það að fela ákveðinni tölu sérfróðra manna, eins og það mun hafa verið orðað, að framkvæma rannsókn á milliliðakostnaði. Af öðrum þingflokkum var þessu vel tekið. En þá voru aðstæður í stjórnmálum þær, eins og kunnugt er, að andstöðuflokkar Sjálfstfl. voru þá farnir að gefa hver öðrum hýrt auga, og það augnatillit endaði svo með því, eins og kunnugt er, að þessir flokkar gengu svo í hjónasæng að loknum kosningum 1956. Já, till. var mjög vel tekið, en þegar hún kom til n., sögðu talsmenn hinna flokkanna í n. sem svo: Auðvitað viljum við framkvæma þessa rannsókn, en við viljum ekki hafa neitt kák þar á, ekki tala um það að fela þetta sérfróðum mönnum, heldur viljum við breyta till. þannig, að þessa rannsókn á að framkvæma í samræmi við 39. gr. stjórnarskrárinnar og setja á fót rannsóknarnefnd með þeim mjög víðtæku heimildum, sem allar slíkar n. hafa til þess að fá upplýsingar um nærri því hvað sem er. Sjálfstæðismenn féllust á þetta í n., og þáltill. mun hafa verið samþykkt í einu hljóði og n. skipuð. Auðvitað urðu sjálfstæðismenn þar í minni hl. og þessi n., sem gera átti þannig úttekt á milliliðagróðanum, tók til starfa vorið eða sumarið 1956, og einhvers staðar sá ég það í blaði, að hún réð sér sérstakan starfsmann, það var Bergur Sigurbjörnsson viðskiptafræðingur, alkunnur dugnaðarmaður, eins og kunnugt er, og þar sem hann hefur tekið talsverðan virkan þátt í stjórnmálum, m. a. átt sæti á þingi, þá mun það einnig kunnugt, að hann er ekki með því hugarfari, að hann hafi haft sérstakar ástæður til þess að hylma yfir það misferli, sem fram kynni að koma hjá milliliðunum við slíka rannsókn. En ég spyr nú: Hefur nokkur hv. þm. séð niðurstöður og álit þessarar n.? Ég kannast ekki við það síðan yfirleitt að hafa nokkuð um hana heyrt. (**BJ**: Ég get upplýst, hvar þetta er niður komið.) Getur þú? (**BJ**: Já, það er hæstv. viðskmrh., sem stakk skýrslunni undir stól.) Hver var þá viðskmrh.? (**BJ**: Formaður n.) Formaður n., hver var það? (**BJ**: Gylfi Þ. Gíslason.) Nú, jæja, það eru upplýsingar, en ég hef ekki hingað til vitað það, að þessi skýrsla væri til, og mér kemur það mjög einkennilega fyrir sjónir, að starfsmaður n. og aðrir nm. skuli hafa sætt sig við það, að þeim mikilvægu upplýsingum, sem sjálfsagt er að finna í þessari ágætu skýrslu, hafi þannig verið algerlega stungið undir stól. En um það kann kannske að upplýsast síðar. (**BJ**: Það er upplýst.) Jæja, við sjáum til. En þá er aftur spurningin þessi, sem ég nefndi: Hvernig stendur á því, að nm. hafa sætt sig við slíka meðferð málsins?

En hvað sem þessu líður, vil ég sérstaklega vekja athygli á því, að tölur, sem birtar hafa verið, m. a. í nál. hv. 5. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar, í Nd. um hækkun hundraðs-

tölu álagningar, ber að taka með mikilli varúð. Það er að vísu rétt, að álagningarákvæðin voru allmikið rýmkuð snemma á árinu 1964, en hjá því varð ekki komizt vegna mjög hækkaðs tilkostnaðar í verzluninni, einkum eftir kjaradóm verzlunarfólks eftir áramótin 1964, er kaup þess hækkaði um allt að 40% eða meira. Það, sem hefur skeð í verzluninni síðan 1961, er það, að grunnur sá, sem álagningin er við miðuð, hefur lítið hækkað, en hins vegar hefur kostnaður sá, sem álagningin verður að bera uppi, jafnvel tvöfaldazt eða meira á þessu tímabili. Það var óhjákvæmilegt að taka tillit til þessa, og þær ráðstafanir, sem voru gerðar snemma á árinu 1964, voru í meginatriðum í því fólgnar, að álagningin, sem hafði verið lækkuð mjög hlutfallslega eftir gengislækkunina 1960, var færð í sama form og ákveðið hafði verið haustið 1958 af fulltrúum vinstri stjórnarinnar í verðlagsnefnd, sem þar réðu öllu, en auk þess voru nokkrir vöruflokkar gefnir frjálsir, einkum miður nauðsynleg vara svo og tízkuvarningur, sem sérstök áhætta þykir auðvitað að verzla með. Því miður get ég ekki gefið upplýsingar um það, enda liggur mér vitanlega ekki fyrir heildarrannsókn um það, hvað stór hluti vörunnar það er, sem er undir verðlagsákvæðum. Ég tel mig þó hafa nokkurn veginn áreiðanlegar upplýsingar um það, að í matvörunni eru það 75% af vörunni eða veltunni, sem háð er verðlagsákvæðum á einn eða annan hátt. Um aðalgreinar verzlunarinnar liggja því miður ekki fyrir slíkar upplýsingar, en vera má, að þessi hlutfallstala sé þar yfirleitt eitthvað lægri, þó að mjög sé það misjafnt í einstökum greinum verzlunarinnar.

Þá vil ég og benda á, að þegar farið er með slíkar tölur um hundraðstölu álagningar skiptir auðvitað það mestu máli, þegar meta á dreifingarkostnaðinn, hvað kaupmaðurinn raunverulega fær fyrir að dreifa vörunni, ekki hundraðshluti álagningarinnar, og vil ég í því sambandi benda á tvennt, sem þar skiptir máli: Í fyrsta lagi það, sem öllum hv. þdm. er kunnugt, að á margvíslegum varningi hafa tollar verið lækkaðir mjög verulega að undanförnu. Það var m. a. gert til þess að koma í veg fyrir smygl og af ýmsum öðrum ástæðum, sem kunnar eru. Þetta þýðir auðvitað það, að að óbreyttri prósentuálagningu fær kaupmaðurinn miklu minna en áður í krónum reiknað fyrir það að dreifa vörunni. Til þessa hefur verið tekið nokkurt tillit, sem að mínu áliti er ekki nema sjálfsagt og sanngjarnt, þegar ný ákvæði hafa verið sett á þessar vörur. Í öðru lagi ber þess að geta, sérstaklega miðað við þær aðstæður, sem nú eru, þegar búið er að gefa innflutninginn frjálsan, að það gefur ekki heldur rétta mynd af því, hvað kaupmaðurinn raunverulega fær fyrir að dreifa vörunni, þó að gerð sé athugun á því, hvað lagt er á svokallaðar kúrantvörur, eins og það er kallað á verzlunarmáli. Það tekst ef til vill að selja einhvern hluta af varningnum á þessu verði, en eins og við vitum öll, er það svo nú, þegar samkeppnin er orðin svo mikil í verzluninni sem raun er á, að svo og svo mikið af þessum varningi verða verzlanirnar síðar meir að setja á útsölur og selja þær þar kannske fyrir neðan innkaupsverð. Allt er þetta mál því miklu flóknara og vandasamara en kann að virðast í fljótu bragði, en ég dvel ekki lengur við þetta.

Þá kem ég að tölum þeim, sem hv. þm. las upp um þróun kaupmáttar launa. Þó að e. t. v. séu ekki sömu örðugleikar á því að rannsaka kaupmátt launa og álagningu, verður þó einnig í því efni um mörg álitamál að ræða, sem mjög verða mati háð. Ég get því miður ekki tímans vegna rætt þetta nema mjög stuttlega, en þar bætir það úr, að hálfbræður hv. þm. í anda, hv. framsóknarmenn, hafa nú lagt fram þáltill. um sérstaka rannsókn á þróun kaupmáttar launa og gefst þá tækifæri til að ræða þetta mál nánar, þótt það verði héðan af ekki fyrr en eftir þinghlé. En ég vil þó leyfa mér að benda á eftirfarandi atriði að gefnu tilefni vegna talna þeirra, sem hv. þm. fór með og ég vefengi út af fyrir sig ekki, svo langt sem þær ná.

Það er villandi að miða við árið 1959 í þessu sambandi, því að eins og ég áðan sagði, þegar ég minntist á hinn mikla gjaldeyrishalla á því ári, bar hann því vitni, að það ástand, sem þá var, gat ekki haldizt. Til langframa er aldrei hægt að halda uppi kaupmætti launa með stórfelldum lántökum erlendis, sem að verulegu leyti eru neyzlulán, og sízt af öllu miðað við þær kringumstæður, sem þá voru fyrir hendi, þegar engir gjaldeyrisvarasjóðir voru til.

Í öðru lagi vil ég leyfa mér að benda á, að vísitala framfærslukostnaðar er miklu réttari mælikvarði á þróun kjaranna en vísitala neyzluvöruverðs, en tölur þær, er hv. þm. fór með, munu byggjast á vísitölu neyzluvöruverðs, þó að mér skiljist, að eitthvert tillit sé að vísu tekið til nefskatta, því að ég hygg, að hv. 4. þm. Norðurl. v. hljóti að vera mér sammála um það, að ef kaup hækkaði t. d. um 10% og gæti hækkað svo mikið, án þess að verðlagið breyttist, en helmingur þeirrar kauphækkunar færi í útsvar og tekjuskatt, mundi það vera alveg rangt, sem samanburður við vísitölu neyzluvöruverðs mundi þá sýna, að kjörin hefðu batnað um 10%. Auðvitað hafa þau aðeins batnað um 5%, ef helmingur af þessum auknu tekjum er tekinn í útsvar og tekjuskatt. En í þeirri vísitölu framfærslukostnaðar, sem nú er notuð, er einnig tekið tillit til beinu skattanna, svo að auðvitað gefur hún réttari mynd af þróun kjaranna í heild.

Þá vil ég í þriðja og síðasta lagi varðandi þetta leyfa mér að benda á, að það er ekki rétt að bera saman aukningu kaupmáttar tímakaups og aukningu þjóðartekna. Þjóðartekjurnar hafa aukizt vegna yfirvinnunnar m. a., og því hafa þær aukizt meira en kaupmátturr tímakaups. Ef meta á því, hvort launþegar hafi bætt kjör sín í hlutfalli við þjóðartekj-

ur, er því auðvitað eðlilegra að miða við atvinnutekjur eða ráðstöfunartekjur, og sé það gert, kemur í ljós, að kaupmáttur atvinnutekna eða ráðstöfunartekna, hvort heldur er miðað við, á tímabilinu 1960—1965 hefur aukizt meira en þjóðartekjurnar. Skv. tölum Efnahagsstofnunarinnar hafa raunverulegar þjóðartekjur á þessu tímabili aukizt um 32.2% á mann, en atvinnutekjur verkamanna í Reykjavík hafa á sama tímabili aukizt um 46.2%, reiknað á föstu verðlagi, en ráðstöfunartekjur um 36%, *en hvor tveggja er hærri hlutfallstala* en raunverulegar þjóðartekjur hafa aukizt. Hitt er svo auðvitað rétt, að lífskjörin hafa ekki batnað sem þessu nemur, ef vinnutími hefur lengzt, þótt hitt sé annað mál, að það er erfitt að meta frádrátt vegna þess tölulega.

En úr því að ég hef gert ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. og þær tölulegu upplýsingar, sem fram komu í henni, svo mjög að umtalsefni, vil ég ekki ljúka svo máli mínu að minnast ekki þeirra jákvæðu viðhorfa, sem í henni komu fram, og þeirra ummæla hans, sem ég tel ástæðu til að fagna, því að þrátt fyrir allt kom hjá honum fram skilningur á því, að ef verkalýðurinn á að geta vænzt árangurs í kjarabaráttu sinni, má ekki hjakka sífellt í sama farinu, nota alltaf sömu vígorðin og baráttuaðferðirnar, heldur laga sig að breyttum þjóðfélagsaðstæðum og grípa þau tækifæri, sem hverju sinni bjóðast. En það er einmitt vöntun á slíkum skilningi frá íslenzkum verkalýðsforingjum, sem öðru fremur hefur valdið því, að árangurinn í kjarabaráttunni hefur löngum verið svo magur sem raun hefur verið á, og á það ekki sízt við tvo síðustu áratugina. Hvað það snertir að knýja fram hærra kaup í krónutölu, hafa íslenzkir verkamenn að vísu met, samanborið við önnur Vestur-Evrópulönd, en það sama á því miður ekki við, ef meta á kauphækkanirnar til raunhæfra kjarabóta. Í því efni má vitna til útreikninga, sem hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, hefur á undanförnum þingum látið útbýta með frv., *er hann hefur flutt, og bera þeir útreikningar einmitt þessu ömurlegt vitni.* Tveir áfangar í baráttunni gnæfa þó þar upp úr, samkomulagið, sem núverandi forseti ASÍ, hv. 5. þm. Vestf., beitti sér fyrir til lausnar jólaverkfallinu 1952 og sætti þá miklu aðkasti fyrir af hinum svokölluðu róttæku öflum verkalýðshreyfingarinnar, og svo aftur júnísamkomulagið 1964. Það var að vísu samið þá um minni beinar kauphækkanir en oftast endranær, og í fyrra tilvikinu raunar ekki um neinar, en þær kjarabætur, sem um var samið, héldust hins vegar óskertar. Berum nú þetta saman við árangurinn af því, þegar að vísu hefur í bili tekizt að knýja fram 10—15% almennar kauphækkanir eftir langa og dýra verkfallsbaráttu, en svo hefur allt runnið út í sandinn í hækkuðu verðlagi, *þannig að árangurinn* í bættum kjörum hefur verið orðinn enginn, löngu áður en búið hefur verið að vinna upp herkostnaðinn við verkfallið.

Það hefur verið íslenzkri verkalýðshreyfingu mikill fjötur um fót, að til þessa dags hafa þeir, sem þar hafa lengst af ráðið ferðinni, lifað og hrærzt í hinum steinrunnu kennisetningum Marxismans, sem telja sífellda verkfallsbaráttu fyrir hærra kaupi það eina, sem verkalýðnum dugi. Þessar kenningar gátu haft sitt sannleiksgildi fyrir 100 árum, þegar þær komu fyrst fram, miðað við þá þjóðfélagsháttu, sem þá voru, þegar t. d. atvinnurekendur fengust yfirleitt ekki til þess að virða verkamenn *og samtök þeirra viðtals. En jafnóraunhæfar* og beinlínis skaðlegar eru þessar kennisetningar sem tæki til lausnar þeim vandamálum, sem við blasa í dag.

Ég vil ljúka máli mínu með því að segja, að ekki einungis árangur þeirra efnahagsráðstafana, sem í þessu frv. felast, heldur einnig flestra annarra slíkra ráðstafana er undir því kominn, að hagsmunasamtökin og þá ekki sízt launþegasamtökin taki afstöðu til þeirra á þeim grundvelli að meta á raunsæjan hátt eigin hagsmuni. Hér ber að þeim brunni, sem raunar er nú ekki orðið neitt nýtt sjónarmið, að ríkisvaldið og stéttasamtökin verða að setja sér leikreglur um sambúð sína, sem hindra það, að til átaka komi, sem báðum verða óumflýjanlega til tjóns. Slíkt samstarf, ef því nafni á að kalla, þarf ekki að byggjast á pólitískum ástum milli þessara aðila. Í lýðræðisþjóðfélagi verður aldrei tryggt, að forusta mikilvægra stéttasamtaka hafi sama pólitíska lit *og ríkisstj., og vafasamt, hvort æskilegt* er að gera ráðstafanir til að tryggja það út af fyrir sig, heldur verður það að byggjast á raunsæi eða því, að báðir aðilar geri sér ljóst, að án þess að taka a. m. k. að vissu marki tillit til hins aðilans getur hvorugur komið áformum sínum fram.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Það er nú ljóst, að við sjáum nú þess ýmis merki, að kosningar nálgast óðum. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er eitt þeirra. Þetta frv. er í sjálfu sér ekki merkilegt, það er lítið annað en staðfesting eldri heimilda, en ef því væri hins vegar að treysta, að þessi frv.-flutningur bæri vott um sinnaskipti hjá hæstv. ríkisstj., þótt síðbúin séu, skal það ekki lastað af mér. Gildi heimildarlaga á borð við þau, sem hér er um að ræða, fer að sjálfsögðu fyrst og fremst eftir því, hvernig til tekst um beitingu þeirra og framkvæmd. Og núverandi ríkisstj. er ekki nýliði, hún er ekki að byrja sinn feril, hún hefur setið í 7 ár, og í ljósi þeirrar reynslu, sem fengizt hefur, verður ekki sagt, að henni hafi tekizt að skapa um sig það traust, að hún sé líkleg til að framkvæma heimildarlög af þessu tagi, um verðstöðvun, með farsællegum hætti.

Sú spurning hlýtur að vakna í þessu sambandi, hvers vegna hæstv. ríkisstj. hafi ekki *notað þær heimildir, sem hún hefur haft óum*deilanlega, til þess að framkvæma verðstöðvun, miklu fyrr, á meðan skaplegri verðlagsgrundvöllur var fyrir hendi til að festa. Sá

verðlagsgrundvöllur, sem nú er gert ráð fyrir að festa, er augljóslega ekki til frambúðar. Vélbátaútgerðarnefndin hefur sýnt fram á með skýrslu sinni, sem allir hv. alþm. þekkja, að fiskverðið sé of lágt til þess að byggja áframhaldandi útgerð á þorskveiðar á. Togaranefndin hefur lýst í sinni skýrslu, að útgerðarkostnaður hvers togara sé mörgum millj. kr. meiri á ári hverju en má, til þess að endar nái saman í þeim rekstri. Fundur í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna nú nýlega hefur lýst því yfir, að gjaldþrot fjölda frystihúsa standi fyrir dyrum að óbreyttum verðlagsgrundvelli. Niðurgreiðslur vöruverðs, sem teknar hafa verið upp til þess að létta kostnaðarþrýstingi af útflutningsatvinnuvegunum, nema nú hátt í milljarð eða a. m. k. 800 millj. kr. miðað við eitt ár, og eðlileg verðmyndun í landinu er skekkt og brengluð að sama skapi. Þetta ástand segist hæstv. ríkisstj. vilja festa fram yfir kosningar, til þess að forða frá öðru verra í bili. En það er alls ekki gæfulega að þessu verki staðið. Það er viðurkennt, að greiðsluhallalaus ríkisbúskapur, án þess að lagðir séu á nýir skattar, sé forsenda verðstöðvunar, en þau fjárlög, sem afgreidd voru hér á hv. Alþ. í vikunni, bera þess engin merki, að ríkisstj. sé verðstöðvun í huga. Tekjur eru áætlaðar nærri því heilum milljarði hærri en á fjárl. þessa árs var áætlað og þannig gert ráð fyrir áframhaldandi þenslu í innflutningnum. Samt munu þessar tekjur ekki nægja fyrir áætluðum gjöldum, og hafa útgjöld til nýákveðinna niðurgreiðslna verið felld niður úr gjaldaáætlun fjárl. fyrir seinustu tvo mánuði ársins til þess að láta endana ná saman á pappírnum. Stuðningur við útflutningsatvinnuvegina er áætlaður sá sami og verið hefur, þó að öllum sé það ljóst, að hann verður að aukast, ef útgerð á að verða nú strax á næstu vetrarvertíð. Þannig er í rauninni verulega mikill óskráður halli á fjárl., sem nú nýlega hafa verið afgreidd.

Það er víst ekki of djúpt tekið í árinni, þó að sagt sé, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki tekizt vel að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar undanfarin ár. Með þessu frv. á nú að láta líta svo út sem um nýja viðleitni og yfirbót sé að ræða. Hæstv. ríkisstj. hefur fengið harða dóma fyrir frammistöðu sína í þessum efnum, ekki bara hjá stjórnarandstæðingum, heldur einnig hjá mönnum langt inn í sínar eigin raðir. Hún hefur ekki náð tökum á vandamálum efnahagslífsins, einkum ekki á verðlagsþróuninni. Um það er í rauninni ekki deilt, að henni hafi ekki tekizt það, heldur öllu frekar er kannske um það deilt, af hverju henni hafi ekki tekizt það. Þjóðin vill tvímælalaust breytingu á þessu og þess vegna er þetta frv. flutt, til þess að láta líta svo út sem nú eigi að fara að breyta þessu og ýta um leið vandanum á undan sér fram yfir kosningar.

Það er haft eftir hæstv. forsrh. úr umr. um þetta mál í hv. Nd., að hann hafi talað um þetta frv. sem bráðabirgðaúrræði og jafnvel sem neyðarúrræði, og ég held, að hann hafi nefnt það einnig við 1. umr. þessa máls hér í þessari hv. d., — bráðabirgða — úrræði til þess að gefa mönnum tíma til að gera upp við sig, hvað gera skuli eftir kosningar. Frv. tekur þess vegna ekki á neinn hátt að rótum meinsins, það felur aðeins og í bezta falli frestar eitthvað afleiðingum af því, hvernig stefnt hefur verið.

Ég vænti þess, að ég sé ekki talinn vera farinn út fyrir efni málsins, þó að ég ræði hér lítið eitt um verðbólguvandamálið eða kannske réttara sagt nokkra þætti þess. Það vandamál er svo stórt og flókið, að því verða að sjálfsögðu ekki gerð nein fullnægjandi skil í einni ræðu eða jafnvel ekki í einum umr., en því aðeins gerum við okkur grein fyrir heillegri mynd af því vandamáli, að við tökum einstaka þætti þess nokkuð til meðferðar.

Verðbólguþróunin á undanförnum árum hefur verið geigvænleg og skapað margvísleg vandamál, eins og hér hefur verið nefnt af ýmsum ræðumönnum í þessum umr. og áður, og hún á að mínum dómi, hvað sem sagt verður um aflabrögð og afurðaverð, mestan þátt í þeim vanda, sem við nú stöndum frammi fyrir. Sveiflum í verðlagi, sem vissulega hljóta að koma á afurðum eins og okkar öðru hverju, hefðu atvinnuvegir okkar getað mætt, ef verðlagsgrundvöllur þeirra, verðlagsgrundvöllurinn í landinu, hefði verið þokkalegur, en verðbólgan er fyrir löngu búin að skaka og skekkja allan efnahagsgrundvöllinn í landinu og færa allt atvinnulífið fram á yztu nöf. Niðurgreiðslur og uppbætur, sem í eina tíð voru fordæmdar og ekki taldar samrýmast þeim fínu aðferðum, sem viðreisnarmenn tíðkuðu, hafa verið teknar upp á nýjan leik og rugla auðvitað, eins og þær gera alltaf, eðlilega verðmyndun í landinu, og þær eru nú meiri en nokkru sinni áður.

Rétt gengi var eitt af slagorðum viðreisnarinnar á sinni tíð. Auðvitað er það heldur ekkert nema slagorð, því að það er auðvitað ekki neitt til, sem heitir rétt gengi. Það er ekkert óhagganlegt, við hvað er miðað, þá er talað er um rétt gengi, og má miða með jafnmiklum rétti við mjög margvíslega hluti, og þess vegna var það auðvitað ljóst, að þarna var eins og fleira í boðskap viðreisnarinnar slagorð eitt á ferð. En hafi gengið 1960 verið nærri sanni fyrir ýmsa atvinnuvegi okkar og aðstæður, er verðlagsþróunin svo breytt nú, að tæplega verður með neinum sanni sagt, að það geti þá verið jafnrétt enn þá. Og af þeim sökum hafa niðurgreiðslur og uppbætur verið teknar upp í staðinn fyrir gengisleiðréttingar til þess að létta kostnaðarþrýstingi af útflutningsatvinnuvegunum. Þessar aðgerðir eru viðbrögð gegn verðbólguþróuninni.

En það, sem okkur er nauðsynlegt og að sjálfsögðu verður ekki gert nú, er að gera okkur fulla grein fyrir orsökum verðbólguþróunarinnar, skoða þann vanda niður í kjölinn, því að með öðrum hætti verður ekki fundin á

honum farsæl lausn. Ég get tekið undir það, sem hv. meiri hl. fjhn. segir í nál. sínu um þetta mál, að orsakir verðbólgunnar eru svo flóknar og margslungnar, að það er ekki auðvelt mál að meta hvern einstakan þátt þeirra, en eigi að síður er rétt og nauðsynlegt að gera þessa þætti öðru hverju að umræðuefni til þess að gera okkur ljós ýmis atriði, sem þetta snerta.

Fram til skamms tíma voru skýringar hv. talsmanna stjórnarflokkanna á verðbólguvandanum ákaflega einfaldar. Þeir sögðu, að rætur verðbólgunnar væri að finna í kaupgjaldshækkunum og verðhækkunum landbúnaðarafurða, verðbólgan ætti rætur sínar í óbilgirni launþega og bænda. Nú upp á síðkastið heyrist minna um þessar skýringar, því að nú lofa þessir sömu hv. talsmenn þá hófsamlegu samninga, sem gerðir hafa verið við verkalýðshreyfinguna og bændasamtökin. Nú eru kjarasamningar nefndir nöfnum eins og júnísamkomulag og þjóðhátíðarsamkomulag, og nú er lítið talað um óbilgirni, og þá þarf að leita annarra skýringa. Ein af þeim, sem nú er haldið á lofti, er að vísu gamalkunn, en hefur verið vakin upp á nýjan leik í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Hagráðs frá því í sumar sem leið, og hún er á þá leið, að mismunandi framleiðniaukning í hinum ýmsu atvinnugreinum leiði til þess, að kaup hækki í þeim atvinnugreinum, þar sem framleiðniaukningin er mest, það vilji síðan aðrir taka sér til fyrirmyndar og þeirra kaup sé hækkað að sama skapi, án þess að framleiðniaukning sé fyrir hendi í þeirra atvinnugreinum til þess að borga þessar kauphækkanir, og þannig fari þær út í verðlagið og skapi verðbólgu.

Um það verður tvímælalaust ekki deilt, að þessi skýring er rétt, svo langt sem hún nær. Þarna er að finna einn af fjöldamörgum þáttum í því, hvernig verðbólgan þróast áfram. En mér virðist samt nauðsynlegt að skoða þessar skýringar ellítið betur, vegna þess að ég á erfitt með að fallast á, að það sé eitthvert náttúrulögmál, að vandi eigi að skapast af þessum ástæðum.

Síldveiðarnar og sú mikla aflaaukning, sem þar hefur orðið, hafa oft verið teknar sem dæmi í þessu sambandi. Síldveiðimenn fá vinnu sína greidda sem aflahlut, og vinnulaun þeirra eða kaupgjald þeirra, tekjur þeirra hækka því í beinu hlutfalli við vinnuframleiðnina. Þeir njóta þannig allrar þeirrar aukningar vinnuframleiðni, sem verður í þeirra atvinnugrein, án tillits til þess, þó að einhver hluti þessarar aukningar stafi af aukinni fjárbindingu eða öðrum slíkum ástæðum. En ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekkert náttúrulögmál, sem óviðráðanlegt sé, að þetta hljóti að hafa þær afleiðingar, að verðbólga skapist í þjóðfélaginu. Það er nefnilega þannig, að til þess höfum við stjórn efnahagsmála í landinu, að leitazt sé við að skapa í landinu jafnvægi milli einstakra þátta atvinnu- og efnahagslífs og jafna út þróunarsveiflur. Þetta má að sjálfsögðu gera með ýmsum og margvíslegum hætti og misgóðum. Í þessu sambandi má benda á annað dæmi, sem er rétt að hafa í huga í sambandi við hugleiðingar af þessu tagi. Í landbúnaði hefur á undanförnum áratugum — allt síðan skömmu eftir stríðið — orðið mjög mikil aukning á vinnuframleiðninni. Sú aukning hefur að vísu, eins og í síldveiðunum, kostað talsvert fjármagn, og ef kaupgjald bændanna hefði þróazt í hlutfalli við vinnuframleiðnina með svipuðum hætti og síldveiðisjómanna, hefði kaupgjald þeirra hækkað í beinu hlutfalli við þessa framleiðniaukningu, en það hefur það ekki gert, heldur hefur það verið ákveðið í lögum allt frá því 1947, að ég held, að kaupgjald bænda skuli breytast í samræmi við kaupgjald annarra tiltekinna stétta í þjóðfélaginu. Þannig njóta bændur ekki þeirrar framleiðniaukningar, sem verður hjá þeim sjálfum, öðrum fremur, heldur njóta þeir góðs af meðalframleiðniaukningu í atvinnugreinum þjóðarbúsins öllum. Væri aukning þeirra undir meðaltalsframleiðniaukningu í þjóðarbúinu, fengju þeir hagsbætur á annarra kostnað. Væri aukning þeirra yfir meðaltalinu, nyti þjóðfélagið allt góðs af. Með þessum hætti er þarna jafnað út þessum verðbólguvaldi, sem Efnahagsstofnunin taldi mismunandi framleiðniaukningu í atvinnugreinunum vera.

Nú skal ég taka það skýrt fram, að ég held, að hvorug þessara aðferða sé sú æskilegasta, hvorki að láta atvinnustéttina njóta allrar vinnuframleiðniaukningar, sem í hennar grein verður, né heldur að láta hana ekki njóta neins af því umfram aðrar stéttir þjóðfélagsins, heldur beri hvort tveggja að koma nokkuð til: þær stéttir, sem auka vinnuframleiðni sína, eiga að njóta þess öðrum fremur, til þess að þarna sé hvatning, en hins vegar á auðvitað framleiðniaukning, þó að hún komi ekki jafnt niður á öllum atvinnugreinum, að verða þjóðfélaginu öllu til nokkurs hags. En ég drep á þetta vegna þess, að það er auðvitað ljóst, að hér eru ekki á ferðinni nein óviðráðanleg náttúrulögmál, sem stjórn efnahagsmála hefur engin tök á að skipta sér af. Þegar þessar aðstæður, sem þarna var lýst, hafa orðið verðbólguvaldur í þjóðfélaginu, er um það að sakast við þá, sem efnahagsmálum þjóðarinnar stjórna.

En um leið og drepið er á þetta atriði, get ég ekki látið hjá líða að drepa aðeins á aðra hlið þessa máls, því að með sama hætti eins og viðmiðunin, þegar um er að ræða tekjukröfur, verður gjarnan við þá, sem mestar hækkanir hljóta, eiga svipuð sjónarmið líka við, þegar metin er útgjaldaþörf ýmissa stétta og hópa þjóðfélagsins. Þeir, sem mest fé þurfa til framfæris, hljóta eðlilega að móta nokkuð þær kröfur, sem gerðar eru á hendur þjóðfélaginu. Og ýmsir aðrir, sem þurfa kannske ekki að standa undir sambærilegum útgjöldum, njóta þá góðs af þeim tekjuhækkunum. Þarna er um að ræða annan mismun, sem líka þarf að hafa augun opin fyrir. Dæmi um þetta eru augljóslega fyrir hendi, þar sem um er að ræða háan húsbyggingarkostnað. Við vitum

það allir, að sá mikli byggingarkostnaður og hái fjármagnskostnaður, sem er í sambandi við byggingarnar, skapar útgjöld, ekki síst hjá unga fólkinu, sem hlýtur að sjálfsögðu einnig að skapa þrýsting á tekjuþróunina eins og verðlagsþróunina. Og þetta á í rauninni ekki aðeins við um húsbyggingarkostnað, þetta á auðvitað við um allan stofnfjármagnskostnað, líka hjá atvinnuvegunum. Þeir, sem standa á gömlum merg og eiga afskrifuð atvinnutæki, þeirra aðstaða verður að sjálfsögðu allt önnur en hinna, sem eru að byggja sig upp á þessum tímum, eins og hér hafa verið undanfarin ár. En einnig ef litið er á þessa hlið málanna, sjáum við, hvaða úrslitum það ræður, hvort er í landinu stjórn á efnahagsmálunum, sem leitast við að jafna út þessar sveiflur allar, eða hvort kylfa er látin ráða kasti um öll þessi mál.

Ég gæti nú haldið lengi áfram með dæmum að sýna fram á, hversu ófullnægjandi efnahagsmálastjórnin hefur verið í landinu á undanförnum árum, en ég skal neita mér um það, þar sem hv. d. er nú tímabundin, eins og okkur er kunnugt. Ég hlýt þó að vekja athygli á því, að í rauninni er þetta viðurkennt af þeim, sem gerst mega vita, því að fyrir nokkrum vikum birti Morgunblaðið grein eftir dr. Jóhannes Nordal undir fyrirsögninni „Nauðsyn sterkari hagstjórnartækja", og hvað sem segja má um þær hugmyndir, sem þar komu fram, felst þó strax í fyrirsögninni og raunar í greininni allri viðurkenning á því, að stjórn efnahagsmálanna hefur verið ófullnægjandi. Hæstv. ríkisstj. hefur í rauninni ekki virzt þekkja aðrar leiðir til stjórnar efnahagsmála en það, sem kallað er stjórn peningamála. Vextir hafa verið hækkaðir, og sagt var, að það ætti að gera til þess að skapa jafnvægi í peningamálum, jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir peningum. En jafnvægisleysið hefur aldrei verið meira á þessum sviðum en nú á undanförnum árum, eins og okkur er öllum kunnugt um. Það var látið í veðri vaka á sínni tíð, að það væri sérstaklega verið að vaka yfir hagsmunum sparifjáreigenda með þessum háu vöxtum. Ég skal taka það skýrt fram, að ef ég héldi, að hár vaxtafótur væri fyrst og fremst hagsmunamál sparifjáreigenda, mundi ég leggja meira upp úr því en ég geri, vegna þess að mér er það fyllilega ljóst, að sparnaður og sparifjármyndun er grundvöllurinn fyrir því, að við getum komið málum okkar áleiðis með skynsamlegum hætti hér í þessu landi, eins og raunar alls staðar annars staðar. En sparifjáreigendur hafa engan hag af því, að það sé á pappírnum ákveðinn hár vaxtafótur, þegar verðbólgan geisar svo áfram, að hún hækkar meira en nemur vöxtunum á ári hverju og þannig missa þeir ekki aðeins það verðgildi, sem vöxtunum svarar, heldur nokkurn hluta höfuðstólsins líka. Þetta er ekki hagsmunamál sparifjáreigenda. Hagsmunamál sparifjáreigenda er það fyrst og fremst að vera viss um að fá aftur þá fjármuni, sem þeir hafa lagt fyrir, með a. m. k. sama gildi og þegar þeir voru fyrir lagðir. Verðtrygging sparifjár er þess vegna það hagsmunamál, sem sparifjáreigendur hafa fyrst og fremst. En það hefur ekki verið mikill skilningur á þessu hjá hæstv. ríkisstj. Hér í fyrra lá fyrir hv. Alþ. frv. um verðtryggingu fjárskuldbindinga, trúi ég, að það hafi heitið, og þar var gert ráð fyrir því að taka upp verðtryggingu á vissum tegundum af fjárskuldbindingum. Af hálfu okkar framsóknarmanna var þetta frv. talið ófullnægjandi, þó að það væri að vísu litið skref inn á þá braut, sem við töldum að ætti að fara, og við töldum, að það þyrfti að kanna það mál miklu betur en samþykkja það fljótfærnislega frv., sem fyrir lá. Frv. var m. a. sent bönkunum til umsagnar, og umsagnir bárust frá tveimur aðalbönkunum, Landsbankanum og Útvegsbankanum, sem báðir lögðu til, að málinu yrði frestað og sett í það mþn. eða n. sérfræðinga, til þess að búa það undir næsta þing, þar sem þeir töldu það mjög ófullnægjandi. En hæstv. ríkisstj. mátti ekki vera að því að bíða eftir því, að frv. yrði athugað betur í sumar. Svo mikið var þá talið, að lægi á að koma þessum hlutum í framkvæmd. Og frv. varð að lögum á síðasta Alþ. Síðan hefur ekkert um verðtryggingu heyrzt, ekki neitt, og það væri fróðlegt, ef hæstv. ráðh. vildu gera Alþ. grein fyrir því, af hverju þær heimildir, sem þarna voru samþ., hafa ekki verið notaðar. Þarna var um að ræða heimildarfrv. eins og hér, og heimildir þess hafa, að því er ég bezt veit, aldrei verið notaðar, þó að einhver ósköp lægi á að samþykkja þær og ekki hægt að fallast á till. Landsbankans og Útvegsbankans um að kanna málið litið eitt betur. En heimildirnar hafa ekki verið notaðar enn þá, og verður því ekki hægt að draga af því aðra ályktun en þá, að sú nauðsyn, sem útbásúnuð var hér á síðasta hv. Alþ. um það, að nauðsynlegt væri að gera frv. að lögum þá þegar, hafi verið hrein sýndarmennska og þetta verðtryggingarfrv.-ævintýri ríkisstj. hafi verið í tómu alvöruleysi.

Hinn þátturinn í stjórn peningamála er svo sparifjárfrystingin, sem sögð er gerð til þess að draga úr eftirspurn og skapa grundvöll fyrir gjaldeyrissjóði. Við framsóknarmenn höfum oft látið í ljós þá skoðun, að við teljum, að auka beri útlán til atvinnuveganna, einkum til þess að bæta framleiðni þeirra, en eins og ég gerði grein fyrir áðan, er það einmitt mjög nauðsynlegur þáttur í stjórn efnahagsmála að bæta og jafna framleiðni milli atvinnugreinanna. Slík útlán, sem væru að mestu notuð til kaupa á tækjum og til bættrar eða aukinnar hagræðingar í atvinnuvegunum, eru ekki eftirspurnaraukandi, þó að þau kunni að ganga nokkuð út yfir gjaldeyrissjóðinn í bili. En sannleikurinn er sá, að gjaldeyrissjóðurinn rýrnar hvort eð er. Ef látið er skeika að sköpuðu með atvinnuvegina og þeir látnir líða, þannig að sparifjármyndunin í landinu minnki eða hætti að aukast, eins og raunar ýmislegt bendir til að hafi verið að ske á síðari hluta þessa árs, þá minnkar gjaldeyrissjóðurinn af sjálfu sér. Við teljum skynsamlegra, að hæfilegur hluti

þess fjár, sem að baki hans stendur, sé notaður til þess að auka framleiðni atvinnuveganna til áframhaldandi gjaldeyrisöflunar og gjaldeyrissjóðsmyndunar.

Auðvitað er stjórn peningamála ævinlega þáttur í skynsamlegri stjórn efnahagsmála, en líka aðeins þáttur í því. Erlendis, jafnvel í Ameríku, telja menn fullkomlega úrelt að stjórna eingöngu með aðgerðum í peningamálum. Það þarf margt fleira að koma til og þá fyrst og fremst forusta og margvísleg áhrif frá ríkisvaldinu. En til þess að ríkisvaldið geti veitt slíka forustu, þarf stefnur. En það skortir hér hjá okkur — og það er kannske alvarlegasta vandamálið, sem íslenzkt þjóðfélag á við að búa í dag, — það skortir stefnur á næstum öllum sviðum okkar þjóðlífs. Það skortir stefnur í atvinnumálum. Það skortir stefnur í opinberum framkvæmdum. Það skortir stefnur í menningarmálum. Ríkisstj. lætur skeika að sköpuðu um það. Hún vill telja mönnum trú um, að hægt sé að stjórna efnahagsþróun þjóðfélagsins eingöngu með aðgerðum í peningamálum, og fyrst og fremst leitast hæstv. ríkisstj. við að telja fólki trú um, að með því að beita stjórn á sviði peningamála frekar en á öðrum sviðum sé betur tryggt frelsið, — frelsið sem ævinlega er verið að tala um og á að vera það töfraorð trúlega, sem á að fleyta hv. Sjálfstfl. lítið skömðuðum yfir næstu kosningar, þó að maður hljóti að verða að segja, að það frv., sem hér liggur fyrir, stingur óþægilega í stúf við allt þetta frelsishjal. Sannleikurinn er líka sá, að það er sífellt verið — sérstaklega af hálfu hv. Sjálfstfl. — að misnota þetta orð, misnota orðið „frelsi". Og misnotkun þessa hugtaks getur orðið þjóðinni dýr, áður en lýkur. Ég tók eftir því í umr., sem hér voru fyrir nokkrum dögum um iðnlánasjóð og skyldu eigenda skuldabréfa iðnlánasjóðs til þess að telja þær eignir sínar fram, að hæstv. fjmrh. notaði það orðalag, að hann talaði um „frelsi undan framtalsskyldu." Svo tamt er hv. sjálfstæðismönnum orðið þetta hugtakabrengl, að jafnvel svo grandvar og skýr maður sem hæstv. fjmrh. flokkar það undir frelsi að þurfa ekki að telja eignir sínar fram til skatts. Hæstv. fjmrh. flokkar það með frelsi.

Ég hef nú orðið nokkuð langorður um þennan þátt í máli mínu, sem snertir kannske ekki nema óbeint það mál, sem hér er til umr., en mér fannst hér um að ræða ýmis grundvallaratriði, sem rétt væri að leiða hugann að í þessu sambandi, og mér fannst rétt um leið að benda á, að þau lausatök á stjórn efnahagsmála, sem hér hafa verið að undanförnu, eiga verulegan og mestan þátt í því, hvernig komið er verðlagsþróuninni í landinu og þar með hvernig komið er fyrir útflutningsframleiðslunni. Það stendur í rauninni ekkert upp úr lengur annað en stóru síldarbátarnir og kannske síldarverksmiðjurnar. Ég minnti á það áðan, hvernig vélbátaútgerðarnefndin gerði grein fyrir því í skýrslu sinni, að til þess að tryggja áframhaldandi útgerð og þorskveiðar þurfi verðið að stórhækka. Ég minnti einnig á, hvernig skýrsla togaranefndar, sem nýlega hefur verið birt, bendir á, að það vanti milljón króna á hvern einasta togara á hverju ári, til þess að endar nái þar saman. Og það má einnig minna á, að nú fyrir nokkrum dögum ályktaði fundur í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna um þau mál, sem þau eiga nú við að fást, og sú ályktun var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Aukafundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, haldinn í Reykjavík 7.—8. des., leyfir sér að vekja athygli þjóðarinnar á því, að rekstrargrundvöllur fyrir hraðfrystiiðnaðinn er ekki lengur fyrir hendi. Stórhækkaður innlendur kostnaður, samdráttur í hráefnisöflun og lækkandi verð frystra sjávarafurða á erlendum mörkuðum hafa leitt til þess alvarlega ástands, sem við óbreyttar aðstæður mun innan tíðar leiða til gjaldþrots fjölda fyrirtækja. Fundurinn telur, að verði ekki gerðar róttækar ráðstafanir af hálfu hins opinbera til leiðréttingar á rekstrargrundvelli hraðfrystihúsanna, geti þau ekki hafið framleiðslu í byrjun næsta árs. Fundurinn felur stjórn SH að ræða við ríkisstj. um lausn þessara mála og boða til framhaldsaukafundar, telji stjórn SH þess þörf."

Þetta var ályktun hraðfrystihúsaeigenda. Þar er að vísu talað um verðfall og minnkandi afla. Ég skal í sjálfu sér ekki gera lítið úr því, að nokkur vandi kunni að steðja að af þessum sökum. Verðfallið er þó tæplega eins stór þáttur í vandanum og ýmsir vilja vera láta. Það hafa fyrr verið og verða sjálfsagt oftar sveiflur á verðlagi íslenzkra afurða erlendis. Um það, hver áhrif verðfallið hafi á framleiðsluverðmæti þessa árs, segir í skýrslu, sem Efnahagsstofnunin hefur nýlega afhent Hagráði: „Áætla má, að meðalverð útfluttra þorskafurða á árinu 1966 muni verða nálægt 10% hærra en meðalverð ársins 1965 og meðalverð skelfiskafurða um 5% hærra. Hins vegar má gera ráð fyrir, að meðalverð útfluttra síldar- og loðnuafurða verði um 12% lægra á árinu 1966 en á árinu 1965. Samkv. þessu verður framleiðsluverðmæti allra sjávarafurða á árinu 1966 um 2% lægra en það hefði orðið, ef sama verðlag hefði verið ríkjandi á árinu 1966 og á árinu 1965." Og nú er þess að geta, að þetta álit er samið um miðjan nóv., áður en síldarafurðirnar byrjuðu að hækka á nýjan leik, og í þessum útreikningum var gert ráð fyrir því, að síldarafurðaverðið yrði óbreytt út árið, og er því ljóst, að ástæða er til þess að ætla það, að útkoman verði nokkru hagstæðari en hér er gert ráð fyrir, og mun óhætt að gera ráð fyrir því, ef það, sem hér er sagt, er að öðru leyti rétt, að framleiðsluverðmæti allra sjávarafurða á árinu 1966 verði svipuð og þau hefðu orðið á verðlagi ársins 1965.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því, og höfum raunar vitað, hvað við vorum að gera, þegar við vorum að flytja verzlunarvið-

skipti okkar yfir á hina svokölluðu frjálsu markaði. Við megum þar búast við verðsveiflum og þurfum ekki að kippa okkur upp við það, þó að við verðum að horfa framan í þær öðru hverju.

Ég skal auðvitað engu spá um það, hver frekari framvinda þessa máls verður, en ég hef viljað láta það koma fram, sem ég hér hef sagt, til þess að gera grein fyrir því, sem ég sagði, að meira hefur verið gert úr þessu af ýmsum en mér virðast efni standa til. *Minnkandi afli er auðvitað vandamál*, sem við verðum að taka föstum tökum, en við verðum þá um leið að gera okkur það ljóst, að við höfum gersamlega vanrækt þorskfiskveiðarnar mörg undanfarin ár. Í þeim atvinnugreinum hefur engin veruleg framþróun orðið nú um langt árabil og mér er óhætt að segja allan valdatíma núv. ríkisstj. Þar hefur eins og á fleiri sviðum skort alla stefnu og ríkisstj. hefur látið kylfu ráða kasti og allir hafa flykkzt á síld, því að þar virtist mönnum mest að hafa. En þó að þessi tvö atriði séu nefnd í ályktun Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, er þó fyrsta atriðið kostnaðarhækkanirnar innanlands og fyrst nefndar í ályktuninni. Verðbólgan er fyrsta orsök vandans.

Hv. 1. þm. Norðurl. e., sem er orðhagur maður, eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, hefur líkt verðstöðvunarfyrirætlunum hæstv. ríkisstj. við það, að kvikmynd sé stöðvuð og við sjáum eina stillimynd, eina kyrra mynd. Og þetta, sem ég nú hef verið að lýsa, er sú kyrra mynd, sem við eigum að hafa fyrir augum næsta árið. Og það er víst óhætt að fullyrða, að íslenzkum útflutningsatvinnuvegum nægir það ekki, það umhverfi, sem þessi kyrra mynd sýnir, til þess að þeir geti haldið áfram starfsemi sinni með eðlilegum hætti. Það er alveg ljóst, að verðstöðvun er ónóg aðgerð fyrir þá til þess að tryggja áframhald, og þarf ég ekki að leiða frekari rök að því en þegar hefur verið gert með þeim tilvitnunum, sem ég hef verið með, og skal því ekki ræða það atriði frekar. Hins vegar er ástæða til þess að fara nokkrum orðum um það, hvaða líkur eru á því, að þessar verðstöðvunarfyrirætlanir takist, og hverjar muni verða afleiðingar þeirra, ef þær takast.

Það er viðurkennt af öllum, sem rætt hafa þessi mál af skilningi og þekkingu, að forsendur verðstöðvunar eru, að ekki séu lagðir á nýir skattar, því að þeir mundu að sjálfsögðu velta út í verðlagið, og að greiðslujöfnuður náist hjá ríkissjóði, til þess að greiðsluhalli úr þeirri átt skapi ekki eftirspurnaraukningu, sem yrði til þess að spilla öllu saman. Þessar tvær forsendur verðstöðvunarinnar gefa tilefni til þess, að kannað sé, hvaða líkur séu á því, að þessar forsendur geti haldið áfram að vera fyrir hendi. Nú er nýlega búið að afgreiða fjárlög frá hv. Alþ. Tekjuáætlun þeirra fjárlaga er augljóslega miðuð við áframhaldandi þenslu í innflutningnum. Af innflutningnum hefur ríkissjóður langmestan hluta sinna tekna, en þær tekjur er áætlað að verði á þessu ári, ekki í fjárl. ársins, heldur nú, eins og mönnum sýnist að þróunin hafi orðið, 4300—4400 millj. kr., eftir því sem ég bezt veit, en í fjárl. næsta árs er gert ráð fyrir, að þessi upphæð verði 4700 millj. eða 300—400 millj. kr. hærri. Ekki skal ég um það dæma, hvaða líkur eru á því, að þetta standist, en mér þykir rétt að vitna aftur í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Hagráðs til þess að gefa nokkra hugmynd um það, hvernig Efnahagsstofnunin metur viðhorfið, þar sem þessi skýrsla Efnahagsstofnunarinnar hefur ekki verið birt og þess vegna væntanlega ekki í höndum nema sumra þm., en hins vegar er hún ekki neitt leyndarmál. Í skýrslunni segir m. a., þar sem verið er að tala um þróun innflutningsins á þessu ári, þar segir, að hann hafi aukizt mikið, og segir:

„Á fyrsta ársfjórðungi var aukningin miðað við fyrra ár 31%, á fyrra helmingi ársins var hún 26.5% og yfir þrjá fjórðunga ársins var hún 22.2%. Sennileg áætlun um aukningu alls ársins frá fyrra ári er um 20%, þannig að upphæðin verði 5800 millj. kr. fob. Innflutningur skipa og flugvéla mun sennilega haldast lítið breyttur, um það bil 600 millj. kr. Hin mikla aukning innflutningsins á þessu ári, einkum fyrri hluta þess, skýrist að miklu leyti af því, hve seint hinar miklu síldartekjur féllu á fyrra ári, en raunverulegar greiðslur tekna og þá enn frekar notkun þeirra er jafnan nokkuð á eftir öfluninni. Samsetning innflutningsaukningarinnar virðist staðfesta, að aukningin muni hafa stafað að verulegu leyti af aukningu teknanna eða háu stigi þeirra. Af aukningu innflutnings án skipa og flugvéla í janúar—september í ár frá sama tíma í fyrra, er nam alls 830 millj. kr., nam aukning innflutnings bifreiða 186 millj., rafmagnsvéla, tækja og áhalda 109 millj. og annarra véla 184 millj., eða samtals 479 millj. kr. í þessum vöruflokkum. Aðrir vöruflokkar, sem verulegri aukningu taka, eru helzt mikið unnar vörur. Á hinn bóginn ætti innflutningur þessara vara að staðna samfara stöðnun tekna og dragast tiltölulega mikið saman við samdrátt tekna. Litlar breytingar frá fyrra ári," segir svo áfram, „eru áætlaðar á jöfnuði þjónustugreiðslna, þannig að viðskiptajöfnuðurinn í heild mun nokkurn veginn endurspegla breytingu viðskiptajafnaðarins og sennilega verða óhagstæður um 400—500 millj. kr., sem fyrr segir."

Þetta var úr áliti Efnahagsstofnunarinnar, og það, sem sérstaka athygli vekur í þessum setningum, sem ég las hér, er, að aukning innflutnings, sem á árinu hefur verið mjög mikil, var einkum á fyrri hluta ársins, en hefur farið síminnkandi, eftir því sem á árið leið, var 31% á fyrsta ársfjórðungi, 26% á fyrra helmingi ársins og 22% á fyrstu þremur ársfjórðungunum og er áætluð 20% á árinu öllu. Og annað atriði, sem athygli vekur í þessu sambandi, er það, að innflutningsaukningin hefur verið að yfirgnæfandi leyti í hátolluðum vörum, sem taldar eru upp þarna

og boðað, að slíkur innflutningur muni staðna samfara stöðnun tekna og dragast tiltölulega mikið saman við samdrátt tekna. Um horfurnar í viðskiptajöfnuðinum á næsta ári í þróun útflutnings og innflutnings, — það er nauðsynlegt að geta gert sér grein fyrir tekjuáætlunum ríkissjóðs, — segir í álitinu:

„Enda þótt mikil óvissa ríki um væntanlega þróun viðskiptajafnaðarins á árinu 1967, er hægt að gera sér nokkra grein fyrir horfunum. Ekki eru líkur til þess, að útflutningsframleiðslan aukist á næsta ári nema mjög lítið. Líklegt er, að útflutningsverðlag nái sér nokkuð upp aftur frá því, sem nú er," — þetta var um miðjan nóvember, — „en litlar líkur mega teljast á, að það nái meðalverðlagi ársins 1966. Útflutningstekjurnar virðast þá í bezta lagi geta verið óbreyttar, en munu sennilega minnka nokkuð. Ekki eru heldur horfur á neinni verulegri aukningu innflutningsins. Fremur mega þó teljast horfur á litils háttar aukningu en innflutningurinn standi með öllu í stað eða minnki. Að þessu samantöldu virðist viðskiptajöfnuðurinn ekki geta orðið hagstæðari á næsta ári en í ár. Miklu frekar virðast horfur á, að hallinn muni vaxa nokkuð. Að öðru óbreyttu hlyti af þeim sökum að halda áfram að ganga á gjaldeyrisstöðuna."

Í þessu, sem ég nú las, vekur það að sjálfsögðu mesta athygli, að gert er ráð fyrir því, að útflutningurinn geti ekki vaxið á næsta ári, og gert ráð fyrir því, að innflutningurinn muni ekki gera það heldur nema mjög lítið, og minnkar þá grundvöllurinn undir því, að hægt sé að áætla stórauknar tekjur ríkissjóðs. Og hitt, sem þarna vekur athygli, er það, að boðaður er meiri halli á viðskiptajöfnuðinum við útlönd á næsta ári en á þessu, og er hann þó núna 400—500 millj. kr. samkv. því, sem ég áðan las, svo að ekki er það nú björgulegt útlit.

Í þessari skýrslu, sem þó er að sjálfsögðu hóflega og kurteislega rituð, eins og Efnahagsstofnunarinnar er von og vísa, er samt beitt gagnrýni á fjármálastjórn hæstv. ríkisstj. Þar segir m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum árum hefur verið ljóst, að sú stefna," — þ. e. stefnan í fjármálum, — „hefði þurft að vera aðhaldssöm og vega að nokkru á móti þessum áhrifum frá ört vaxandi útflutningstekjum og mikilli fjárfestingarhneigð. Yfirleitt hefur þó ekki verið stefnt lengra en að því að ná greiðslujöfnuði í búskap ríkisins."

Þetta segir Efnahagsstofnunin. Það hefur ekki verið stefnt lengra en að því að ná greiðslujöfnuði, og öllum er okkur kunnugt um, hvernig það hefur tekizt, a. m. k. sum árin, í stjórnartíð hæstv. ríkisstj., þá ekki sízt kosningaár eða ár, þar sem afleiðingarnar af fjármálastefnu kosningaáranna skrást til bókar.

Þá kem ég að því að gera grein fyrir því, sem Efnahagsstofnunin segir, — og skal nú stytta mál mitt, — um líkurnar á því, hvernig afkoma ríkissjóðs verði á næsta ári. Um það segir m. a. þetta, fyrst um þetta ár: „Allar horfur eru á mjög bættri afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári." Síðan er gerð nokkur grein fyrir því. En síðan segir áfram: „Ekki horfir að sama skapi vel um greiðslujöfnuð ríkisins á næsta ári." Ég skal ekki rekja þessa umsögn lengra, vegna þess að ég vil ekki tefja tímann fyrir hv. d. Ég vil aðeins láta nægja að vekja athygli á því, að Efnahagsstofnunin lýsir því þarna yfir, að það horfi ekki vel um greiðslujöfnuð ríkisins á næsta ári. En ef hann ekki næst, er boðað, að verðstöðvuninni sé stefnt í tvísýnu, eins og raunar er augljóst. Fjárl. hafa nú nýlega verið afgreidd með 2 millj. kr. greiðsluafgangi, — fjárlög, sem hafa niðurstöðutölur upp á um það bil 5000 millj. kr., þar er afgangur upp á 2 millj. Og þó vantar inn á þessi fjárlög útgjöld í stórum stíl, þó að tekjurnar séu fram taldar sjálfsagt allar. Það vantar nýákveðnar niðurgreiðslur fyrir tvo seinustu mánuði ársins, þannig að tekjuárið er þar 12 mánuðir, en gjaldaárið bara 10. Og þar er ekki gert ráð fyrir meiri stuðningi við útgerðina en verið hefur, og allir vita, að aukinn stuðningur verður að koma til, þó að hæstv. ríkisstj. stingi höfðinu í sandinn og vilji ekki horfast í augu við það, a. m. k. ekki í bili. Og hvað tekur svo við? Í nóv. er þrotið það fé, sem er til ráðstöfunar til þess að halda verðlaginu niðri, og verður þá búið að ráðstafa tekjunum fyrir það tímabil, sem eftir er af árinu. Reykjavíkurbær boðar það í sinni fjárhagsáætlun, að hún muni tekin til endurskoðunar eftir kosningarnar á miðju ári, og allir geta sjálfsagt rennt grun í, hvað það þýðir. Það er því ljóst, að verðstöðvuninni verður hætt í nóv., vegna þess að þá er þrotið niðurgreiðslufé, og verður þá annaðhvort, ef þeim verður haldið áfram, að koma til greiðsluhalli eða nýir skattar, sem hvort tveggja eyðileggur verðstöðvunarstefnuna. Menn geta því fullkomlega gert sér ljóst, hvaða holskefla á að ríða yfir, þegar þar að kemur.

Hæstv. forsrh. sagði það hér í gær eða fyrradag, þegar hann var að ræða um byggingu verzlunarhúsa, að skýringuna á þeim væri að finna í því, að þegar höft væru afnumin, yrði nauðsynlegt að fullnægja þörfum, sem áður hefði ekki verið hægt að fullnægja, og þá riði holskefla yfir. Væntanlega hefur hæstv. forsrh. einnig íhugað það, hvaða holskefla muni ríða yfir, þegar niðurgreiðslur, sem hafa verið síauknar til þess að halda verðlaginu niðri, eru afnumdar. Ég hygg, að sjaldan hafi slík verðbólguholskefla verið boðuð svo örugglega og með svo löngum fyrirvara sem nú er gert.

Það væri freistandi að ræða hérna einnig um framkvæmd verðstöðvunarinnar, hvernig menn hyggjast framkvæma hana. Ég skal nú vera stuttorður um það, því að tíminn líður, og það er ekki ætlun mín að lengja umr. að þarflausu. Það er ekki gert ráð fyrir því í sambandi við þessi lög og framkvæmd þeirra, eftir því sem maður hefur frekast heyrt, að eftirlit með verðlagi verði sérstaklega aukið, og hæstv. forsrh. sagði hér við 1. umr. þessa

máls, að verðstöðvun yrði ekki, nema almenningur vildi, hann yrði að fylgjast með þessu, fólkið yrði að kæra. Hér er vissulega mikill vandi lagður á hendur hins almenna neytanda. Og mér er nú spurn, hvaða möguleika hinn almenni neytandi hafi yfirleitt til þess að vita með vissu, hvaða verðlag var á hverri einstakri vöru í hverri einstakri búð hinn 15. nóv. 1966. En auðvitað, og það skal ég fallast á með hæstv. forsrh., er það afar þýðingarmikið atriði í sambandi við alla verðlagsþróun, að hinn almenni neytandi sé fullkomlega vakandi fyrir því, sem er að gerast. Og ég held, að það sé satt bezt sagt, að íslenzkir neytendur hafa ekki verið nægilega vakandi í þessum efnum á undanförnum árum. Ég þykist vita, að það mundi vera margt öðruvísi í íslenzkum verðlagsmálum, ef neytendur hefðu almennt lagt sig meira fram um að fylgjast vel með þessum málum. En af hverju hafa þeir ekki gert það betur en raun ber vitni? Skýringarnar á því er sjálfsagt að finna í þeirri fjármálalegu lausung, sem fylgir óðaverðbólgunni. Og það bætist fleira við. Þegar verðlagseftirlit hefur verið til langframa, geri ég ráð fyrir, að fólki sé gjarnt að treysta nokkuð á það. Ég álít þess vegna, að núna, þegar á að gera sérstakar ráðstafanir til verðlagsstöðvunar, beri ríkisvaldinu að taka afleiðingunum af því, hvernig ástatt er í þessum málum, og það beri að herða verðlagseftirlitið til þess að tryggja framkvæmd þessarar stefnu. Það verður að taka afleiðingum af því, að það er búið að spilla heilbrigðum viðbrögðum hins almenna neytanda í þessum efnum með langvarandi verðbólguþróun og verðlagseftirliti, og þess vegna ber að auka verðlagseftirlitið, þegar á að framkvæma sérstök átök eins og þau, sem nú er látið í veðri vaka að eigi að framkvæma, en ekki treysta á neytendurna, þó að þetta sé vissulega mikið og eitt af þeirra mestu hagsmunamálum, og láta sér það síðar að kenningu verða að haga verðlagsmálum og fjármálum í þjóðfélaginu þannig, að heilbrigðu mati almennings á verðlagi og verðmætum sé ekki spillt.

Herra forseti. Alþýðusamtökin hafa varað sterklega við sýndarmennsku í verðlagsmálunum. Miðstjórn Alþýðusambandsins hefur skrifað hæstv. ríkisstj. bréf, þar sem gerð er grein fyrir ályktun miðstjórnar Alþýðusambandsins um kjaramál og viðhorfum verkalýðshreyfingarinnar til þessara mála. Ég skal ekki fara ýtarlega út í að rekja þetta bréf, sem er nokkuð langt, en leyfi mér að lesa niðurlag þess, þar sem segir:

„Síðast, en ekki sízt er í ályktuninni skýlaus yfirlýsing um stuðning verkalýðssamtakanna við sérhverjar raunhæfar aðgerðir, er varanlega geti dregið úr dýrtíð og verðbólgu, sem styrki grundvöll höfuðatvinnuveganna og tryggi launþegum réttláta hlutdeild í þjóðartekjum. Er þetta staðfesting á margyfirlýstri stefnu verkalýðssamtakanna í dýrtíðarmálum. En ekkert er fjær sanni en að verkalýðshreyfingin leggi með þessu blessun sína yfir sýndartilburði og yfirbreiðsluaðferðir, sem ekki grípa á sjálfu verðbólguvandamálinu, heldur miðast við það eitt að halda skráðri vísitölu í skefjum á yfirborði. Við slíkum vinnubrögðum í þessu erfiða þjóðfélagsvandamáli varar verkalýðshreyfingin alvarlega og tekur afstöðu gegn hvers konar haldlausum kákráðstöfunum. Verði reyndin sú um framkvæmd á frv. ríkisstj. til l. um heimild til verðstöðvunar og því fáist ekki breytt í raunhæfara horf með þeirri afleiðingu, að dýrtíðin verði ekki stöðvuð, lýsir verkalýðshreyfingin ábyrgðinni af því á hendur ríkisstj. einni saman."

Þetta var aðvörun miðstjórnar Alþýðusambandsins um það, að verkalýðsfélögin vöruðu við því, að beitt yrði haldlausum kákráðstöfunum og notaðir sýndartilburðir og yfirbreiðsluaðferðir í þessum efnum. Því miður bendir hins vegar margt til, að svo sé einmitt með þetta frv. Það veltur að vísu allt á framkvæmd þess, en afgreiðsla fjárl., feluleikurinn með nauðsynlegan stuðning við útflutningsatvinnuvegina og annað, sem fram hefur komið í sambandi við þetta mál, bendir til þess, að hæstv. ríkisstj. sé lítil alvara með varanlegar aðgerðir í þessum efnum. Það er því réttast, að stuðningsflokkar hennar beri einir ábyrgð á þessu máli. Við munum halda áfram, framsóknarmenn, að vinna að því, að vandamálin séu tekin raunhæfari tökum.

Stjórnleysið í þjóðfélaginu og ekki sízt í efnahagsmálum er alvarlegt vandamál, sem þjóðin á nú við að stríða. Það er táknrænt um þau vinnubrögð, sem segir í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar frá því í sumar, þar sem rætt er um nauðsynlegar, veigamiklar aðgerðir í íslenzkum atvinnumálum. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ekki hefur gefizt ráðrúm til að hrinda aðgerðum af þessu tagi í framkvæmd nema að litlu leyti. Bæði fyrirtækin og stjórnarvöld hafa verið of önnum kafin við að glíma við afleiðingar tekju- og verðlagsþróunarinnar, jafnharðan og þær hefur að höndum borið, til þess að geta látið verkefni af þessu tagi sitja í fyrirrúmi."

Þetta er óhrjáleg lýsing á því, hvernig kraftarnir fara til einskis í árangurslausri glímunni við þessi verðbólguvandamál. Við teljum á því mikla nauðsyn, að það sé tekið á rótum þessa meins í stað þess að hylma yfir afleiðingar þess. Og við álítum, að það sé svo alvarlegt ástand framundan, ef svo heldur áfram sem horfir, að nauðsynlegt sé að sameina viðleitni sem flestra pólitískra og stéttarlegra afla til þess að grípa að rótum þessara meina, sem tröllríða þjóðfélaginu. Það er ekki, eins og ég nefndi áðan, um það deilt, hvort ríkisstj. hafi tekizt eða ekki tekizt vel að ráða við þennan vanda. Það er um það deilt, af hverju henni hafi ekki tekizt það. Stjórnin leitar sífellt að afsökunum. Viðhorf hennar og hugsun mótast af þeirri leit. Og ég skal í rauninni ekki fortaka það, að andstæðingar stjórnarinnar leiti nokkuð að ádeilum á hana og þeirra

málflutningur mótist að einhverju leyti af því. En svo mikill vandi getur skapazt í þjóðfélaginu, að nauðsynlegt sé að sameina sem flesta krafta þjóðfélagsins til þess að ráðast gegn honum.

Ég ber ekki mikið traust til hæstv. ríkisstj. Ég orða það svo, af því að það er kurteislegra en að segja: Ég ber ekkert traust til hennar um framkvæmd þess máls, sem hér liggur fyrir, en á því veltur, hvers virði það er. En ég mun þó ekki og við framsóknarmenn setja fótinn fyrir það, að ríkisstj. fái staðfestar þær heimildir, — sem hún hefur nú flestar haft fram að þessu, — sem farið er fram á í frv. þessu, en við viljum enga ábyrgð bera á framkvæmd þess í hennar höndum.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég mun ekki nú við upphaf ræðu minnar gera mikið að umtalsefni framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn., þó að vissulega væri margt í þeirri ræðu, sem vert væri að athuga í góðu tómi og skoða niður í kjölinn. Ég mun koma inn á sum þau atriði, sem hann gerði að umræðuefni, síðar í minni ræðu, en vil nú til að byrja með aðeins taka nokkur atriði úr hans ræðu til meðferðar og þá fyrst þá miklu glímu, sem hann háði við þá fullyrðingu, sem hann sagði að ég hefði haft hér í frammi, að verkamenn hefðu fengið of litinn hluta af vexti þjóðartekna. Ég held, að hv. ræðumaður muni sannfærast um það af lestri minnar ræðu, að á þetta minntist ég ekki í ræðu minni. Þetta er að vísu mín skoðun, sem ég hygg að megi færa mikil rök að, ef allar tölur um þetta tiltækar eru teknar til athugunar, en það verður að viðurkennast, að þar skortir mörg gögn um, til þess að á þetta verði ótvíræður dómur lagður, og það gerði ég ekki heldur í minni ræðu. Hitt sagði ég, og því reyndi hv. ræðumaður ekki að mótmæla, að vinnulaun fyrir eðlilegan og hóflegan vinnudag, fyrir dagvinnu, mældu verkafólki ekkert af þeirri þjóðarteknaaukningu, sem hér hefði orðið síðustu árin. Það voru mín orð, og við þá fullyrðingu hefði hv. ræðumaður átt að glíma, ef hann vildi ræða málið málefnalega, eins og hans er yfirleitt vandi. En til þess treysti hann sér ekki og ekki heldur til að vefengja þær tölur, sem ég fór með um þetta efni. Og ég vil taka það fram varðandi þær tölur, sem ég hafði hér um þetta efni í minni ræðu við 1. umr. málsins, að þá skorti þó veigamikla skýringu, þá, að frá þessum tölum hefði raunverulega þurft að draga rúmlega 9%, til þess að það kæmi út, hver kaupmáttur dagvinnulaunanna væri nú, því að um rúmlega 9% af því kaupi, sem verkamenn nú hafa á tímann, er fengið með dagvinnustyttingunni, þannig að kaupmáttur dagvinnulaunanna, eins og þau eru núna, hefur stórlækkað frá 1959. Það eina, sem hv. ræðumaður sagði til þess að reyna að gera minna úr þessum tölum mínum, sem ég held að séu óyggjandi, a. m. k. getum við sagt svo langt sem þær ná, er það, að vísitalan væri miklu réttari núna. Ég verð að segja, að ég skil þetta ekki fullkomlega. Það má segja, að það sé einhver meinloka í mér, en hér er miðað við nákvæmlega sömu vísitöluna 1959 og nákvæmlega miðað við sömu vísitöluna að sjálfsögðu bæði árin. Það er að vísu rétt, að það er miðað við sömu neyzluvenjur 1952 og nú í dag, og það er rétt, að þær hafa breytzt. Ég mun koma inn á það atriði málsins síðar, sem ég tel hafa verulega þýðingu í sambandi við þetta mál, en hinu verður ekki fram hjá gengið, að þetta er sá eini mælikvarði, sem við höfum. Við verðum auðvitað að taka allar vísitölur með fyrirvara. Þær sýna aldrei nema í bezta falli meðaltöl, en innifela langt frá því allan sannleikann. Þær geta aldrei gert það. Og það vitum við, bæði ég og hv. frsm. meiri hl., jafnvel. En þegar þeir aðilar, sem um hlutina deila, hafa komið sér saman um ákveðna viðmiðun, ber að hafa hana í heiðri, og það hafa menn gert í þessu tilviki, og þá á ekki heldur að vera að vefengja það og gera lítið úr því, hvaða vísbending það er um þróun málanna.

Þá sagði hv. ræðumaður einnig, að þetta væri ekki að marka, vegna þess að 1959 hefði ríkisbúskapurinn út á við verið rekinn með gjaldeyrishalla. Ég veit ekki betur en hann sé rekinn með gjaldeyrishalla núna einnig. Ég veit ekki betur en allt útlit sé fyrir eða hafi verið til skamms tíma, að það verði stórkostlegur halli á greiðsluviðskiptunum við útlönd. Ég verð þá leiðréttur, ef það er ekki rétt, þannig að þar hallast ekkert á við samanburðinn milli þessara tveggja ára.

Þá ræddi hann nokkuð um þær tölur, sem ég hafði fært fram hér til stuðnings þeirri fullyrðingu minni, að hlutur verzlunarinnar hefði stóraukizt í þjóðarbúskap okkar. Ég mun koma nánar inn á það síðar. En samanburður sá, sem hann var hér með, t. d. við auðugasta land veraldarinnar, Bandaríkin, og okkur í þessu sambandi, hefur að mínu viti ekkert gildi og ekki heldur þó að hann leiti til Thailands til samanburðar í þessu sambandi. Það, sem auðvitað hefur þýðingu í þessu sambandi, er sú þróun, sem hefur hér orðið á stuttum tíma. Og hv. ræðumaður gat auðvitað ekki, vegna þess að það er sjálfsagt ekki mögulegt fyrir hann, a. m. k. hafði hann ekki þrátt fyrir mikla þekkingu tök á því að færa fram samanburðartölur, sem sönnuðu, að nokkur viðlíka þróun hefði átt sér stað í nokkru landi eins og hér, að 30—40% af virku, nýju vinnuafli þjóðarinnar hefði á örfáum árum horfið til þessarar einu tegundar þjónustustarfa, þ. e. a. s. verzlunar og viðskipta, því að það er vitanlega ekki nema ein grein þjónustustarfanna.

Ég verð að biðja hv. ræðumann afsökunar á því, að ég greip hér fram í fyrir honum varðandi eitt atriði, sem hann gerði að umtalsefni, svokallaða nefnd til að rannsaka milliliðagróðann, sem var samþ. hér að frumkvæði sjálfstæðismanna fyrir mörgum árum. En þrátt fyrir mikla þekkingu brast hv. þm. þekkingu á því máli, sem hann þar var að tala um. Ég

hef þar frá fyrstu hendi þær heimildir, að skýrslan var unnin af þeim hæfa starfsmanni, sem hann tilnefndi, og n. var starfandi og fylgdist með því verki hans í 1 eða 2 ár. Þessi skýrsla var fullgerð og var síðast, þegar til er vitað, í höndum formanns þessarar n., sem er núv. viðskmrh., en síðan hún komst í hans hendur, hefur aldrei til þessarar skýrslu spurzt. (**Gripið fram í:** Hvenær ætli hún hafi komizt þangað?) Hún komst þangað sama daginn sem Bergur Sigurbjörnsson hætti sem starfsmaður n. (**Gripið fram í:** Hvaða ár ætli það hafi verið?) Það mun hafa verið 1½ eða 2 ár, sem n. starfaði, en nákvæmum dagsetningum kann ég ekki frá að greina, en ég veit, að ég hef spurt starfsmann n., Berg Sigurbjörnsson, um þetta, og ég veit, að þarna getur ekkert farið á milli mála. Það var hætt að kalla n. saman, um það leyti sem skýrslan var fullbúin, hvaða ástæður sem til þess hafa legið. Og ég efast ekkert um það, vegna þess að ég þekki starfshæfni Bergs Sigurbjörnssonar, að þó að nm. hefðu kannske unnið lítið starf, hefur hann unnið fyrir kaupinu sínu í þau 1—2 ár, sem hann vann hjá n. Og það er áreiðanlegt, að í þeirri skýrslu, sem hann tók saman um þetta, er saman kominn mikill fróðleikur. Hann er kannske úreltur að meira eða minna leyti nú, en á þeim tíma hefði hann áreiðanlega verið gagnlegur, ef hann hefði birzt almenningi, og getað lýst það upp, hvaða áhrif milliliðirnir hafa í verðmyndunarkerfinu. En sannast að segja er ég ekkert hissa á því, þó að ýmsir áhrifamiklir aðilar í þjóðfélaginu hafi ekki kært sig mikið um það, að staðreyndirnar um þessi mál töluðu sínu máli, og þess vegna vafalaust verið heimtað og stutt að því, að þessari skýrslu var haldið leyndri og er haldið leyndri. (**ÓB:** En vinstri stjórnin var enn við völd, þegar þessari skýrslu var skilað.) Já, viðskmrh. núv. hæstv. var líka í vinstri stjórninni, og hann hefur kannske haft einhver áhrif á það. (Gripið fram í.) Hún hefði þá átt að koma í ljós, þegar skoðað var í skúffurnar, þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. En þetta upplýsist sjálfsagt, hvort núv. hæstv. ráðh. hefur borið hana burt úr stjórnarráðinu eða ekki.

Ég mun ekki gera fleiri atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl. að umtalsefni að svo stöddu. Ég mun koma að sumum þeim atriðum, sem hann ræddi um, síðar í minni ræðu, sem ég ætla mér að reyna að hafa ekki mjög langa, vegna þess að samkomulag hefur orðið um að reyna að ljúka þessari umr. núna um kl. 6.30. Enda stendur svo á, að ég hef lýst skoðun minni um þetta frv., um öll höfuðatriði þess, við 1. umr., og ég ætla ekki að endurtaka neitt af því, sem ég sagði þá, eða a. m. k. það minnsta, sem komizt verður af með. En ég held, að þær umr., sem hér hafa farið fram, sérstaklega við 1. umr. málsins, hafi sýnt alveg greinilega, hver höfuðágreiningurinn er, annars vegar milli okkar Alþb.-manna og hins vegar milli talsmanna hæstv. ríkisstj. varðandi verðlagsmálin. Það, sem við viljum gera í þeim málum, er, að það sé varanlega til staðar virkt verðhömlunarkerfi, að verðlagsákvæðum sé beitt, ég vil ekki segja í hverju einasta tilviki, en eins mikið og nokkur skynsemi er í, og til þess að hafa þessi mál alltaf undir eftirliti stjórnvalda. Skoðun núv. hæstv. ríkisstj. er hins vegar sú, að það beri aðeins að skoða verðlagshömlur sem tímabundin bráðabirgðaúrræði, og ég held, að ég fari rétt með það, að síðast var hæstv. forsrh. farinn að tala um þetta sem neyðaraðgerðir, sem aðeins eiga að standa örstuttan tíma. Og þessum neyðaraðgerðum á að meira eða minna leyti að stilla gegn kjarabótabaráttu verkalýðshreyfingarinnar, a. m. k. áróðurslega, eins og nú hefur verið gert, bæði í umr. hér á Alþ. og ekki sízt í blöðum hæstv. ríkisstj.

Það er að vísu rétt, að hæstv. forsrh. hafði þann fyrirvara á, að það gæti komið til, sem ekki var skilið öðruvísi en til greina gæti komið, að einhverjar kaupbreytingar yrðu til hækkunar og kjarabætur. Það ber að virða og viðurkenna. En hins vegar hefur aðalmálgagn hans tekið alveg tvímælalaust af skarið í hverjum leiðaranum á fætur öðrum undanfarna daga um það, að þær verðlagshömlur, sem ríkisstj. ætli sér nú að beita, séu algerlega háðar því, að engar kaupbreytingar verði til hækkunar. Ég hef hérna úrklippu úr einum þessara leiðara, þannig að það fer ekkert á milli mála. Ég vil spyrja: Ef það er meining hæstv. ráðh., að það geti vel komið til greina, að verkalýðshreyfingin fái fram nokkrar kjarabætur þrátt fyrir þessa verðstöðvun, hvers vegna lætur hann þá aðalmálgagn sitt túlka málin á þennan veg, sem gert er? En það er ekki að sjá, að hann hafi talið það ómaksins vert að leiðrétta skrif ritstjóra sinna í þessu efni, og hæstv. ríkisstj. virðist láta sér það vel líka, að málin verði túlkuð á þennan veg.

Okkar skoðun er hins vegar sú, að verðhömlunarkerfið eigi að vera einn þátturinn í því að bæta kjör fólksins, en ekki mál, sem á að stilla gegn kjarabótabaráttunni. Við teljum einmitt mesta þörf á því að beita verðhömlum, þegar kaupbreytingar hafa átt sér stað vegna reynslu okkar, — einmitt vegna reynslu okkar af því, hvernig kaupbreytingar hafa verið misnotaðar í sambandi við verðlagsmálin og notaðar sem skálkaskjól fyrir milliliðina og fyrir braskarana til þess að hækka verðlag á hvers konar vörum og þjónustu. En undir þessum kringumstæðum virðist hæstv. ríkisstj. alls ekki vilja hafa neinar hömlur. Það er aðeins, þegar þeim verður beitt, a. m. k. áróðurslega, gegn kjarabótabaráttu verkalýðssamtakanna, sem þær eiga að vera í gildi, og það á að stilla þessu sem andstæðum hlutum, verðstöðvunarstefnu og kjarabótum. Við hins vegar viljum stilla þessu saman sem hlutum, sem eiga fullkomlega samleið og þurfa að eiga samleið. Í þessu held ég, að sé fólginn meginskoðanamunur okkar Alþb.-manna og hæstv. ríkisstj. á verðlagsmálunum.

Það hefur hér verið rætt nokkuð mikið um

áhrif þeirrar frelsisstefnu, sem ríkt hefur í verðlagsmálunum á undanförnum árum. En ég held, að það fari ekki á milli mála, að reynsluna um þau megi taka saman í stuttu máli á þann veg, að í fyrsta lagi hafi verðlag á hvers konar vörum og þjónustu alltaf verið í toppi miðað við það, sem leyft hefur verið, og miðað við það, sem rýmkað hefur verið í hverju einstöku tilfelli. Það hefur verið notað til hins ýtrasta, í öðru lagi, að álagning hafi þess vegna alltaf hækkað, ef verðlagsákvæðin hafi verið rýmkuð að einhverju leyti, í þriðja lagi, að ef vara og þjónusta hefur verið gefin frjáls undan verðlagseftirliti, hafi hún farið hækkandi strax og síðan hækkandi ár frá ári smám saman, og í fjórða lagi, að aukið frelsi hafi mjög stutt að því, að kaupsýslumenn hafi haft meiri eða minni samtök um lágmarksálagningu, og þess vegna verið reynt í sífellt ríkari mæli að útiloka alla raunverulega samkeppni. (ÓB: En ætli Sambandið hafi verið aðili að þeirri samkeppni?) Ég kem aðeins seinna að því að ræða það mál, hvernig staða samvinnuhreyfingarinnar er í þessu, og læt það bíða, en ég skal minnast þess, áður en ég vík hér úr ræðustólnum.

Þessum staðreyndum um það, hvernig álagningarfrelsið hefur verið notað, held ég, að sé yfirleitt ekki neitað. Og ég hef ekki í þessum umr. heyrt nema eitt svar við þessu, hvernig frelsið hafi reynzt, að þó að álagningin hafi hækkað, sanni það ekkert um það, að varan hafi hækkað. Ég verð nú að segja, að mér finnst þetta svar vera nokkuð mikið út í hött, en það er auðvitað rétt, svo langt sem það nær, því að fleiri þættir eru auðvitað í verðmynduninni en álagningin. Þar getur auðvitað innkaupsverð og ýmislegt fleira, tollar og annað því um líkt ráðið nokkru um. En ég held, að hækkuð álagning hljóti alltaf að sanna eitt alveg óvefengjanlega, og það er um það, sem málið snýst. Það er, að verzlunin og milliliðirnir eru að taka til sín aukinn hlut. Það er kjarni málsins, og því held ég, að sé næsta erfitt að neita. Og ef hækkuð álagning þýðir þetta, sem ég held hiklaust fram, hlýtur það einnig að þýða það, að hinn aukni hlutur milliliðanna í verðmynduninni, um leið og hann stækkar og vex, er það auðvitað á kostnað annaðhvort annarra atvinnugreina, annarra aðila að efnahagslífi þjóðarinnar eða þá almennings eða hvort tveggja.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn. greip fram í fyrir mér og spurði um, hvað ég áliti um kaupfélögin í sambandi við þetta. Og hæstv. forsrh. hafði áður sagt eitthvað á þá leið, að hann drægi það í efa, að hagur verzlunarfyrirtækja yfirleitt væri slíkur, að yfir því þyrfti að sjá nokkrum ofsjónum. Ég held, að þetta sé nokkurn veginn rétt eftir haft. Og það er spurt í þessu sambandi: Eru kaupfélögin eða Samband ísl. samvinnufélaga rekin með gróða? Ég vil nú fyrst auk þeirra dæma, sem ég tók um þensluna í verzlunarbákninu, benda á það, að þegar t. d. eitt aumt bílaumboð getur byggt hús fyrir 100 millj. kr., er af einhverju að taka, þegar Hafliði kemur allur til. En aukin þensla í verzluninni, aukið fólkshald í verzluninni og aukin fjárfesting í verzluninni sannar auðvitað ekkert um það og segir ekkert til um það, hver gróðinn verður hjá einstökum fyrirtækjum, þrátt fyrir það, þó að þessi þensla reynist sífellt þyngri byrði á þjóðfélaginu. Ég skal þess vegna ekki fullyrða allt of mikið um þetta, en mörg sólarmerki þykja mér vera á lofti um það, að gróði margra verzlunarfyrirtækja, sérstaklega í innflutningi, sé gífurlegur. T. d. þetta dæmi, sem ég nefndi, og skattskrárnar tala sínu máli þrátt fyrir það, að það er a. m. k. á því sterkur grunur, að þar komi ekki öll kurl til grafar.

Ég fullyrði þess vegna, að fjöldi af verzlunarfyrirtækjum, sérstaklega í innflutningi, er rekinn með ofsalegum gróða. Það er augljósara en um þurfi að deila. Ég veit ekki betur en mörg kaupfélög hér í landinu þrífist ákaflega vel. Í minni heimabyggð, held ég, að kaupfélagið sé það fyrirtækið, sem skilar einna mestum efnahagslegum árangri og græðir mest á hverju ári. Um það vitna þess reikningar. Hitt er annað mál, að ég ætla ekki að taka neitt í forsvar, hvernig öll kaupfélög í landinu eru rekin eða Sambandið yfirleitt. Það kann að vera, að það sé háð mikilli gagnrýni, hvernig sá rekstur er. En þar er yfirleitt alls ekki um að ræða hrein verzlunarfyrirtæki eða hrein neytendafyrirtæki. Þar er um að ræða fyrirtæki, sem mörg hver standa í umfangsmiklum atvinnurekstri, eins og t. d. í útgerð og í frystiiðnaði, atvinnugreinum, sem hafa ekki alltaf verið reknar með miklum gróða á undanförnum árum og jafnvel við þau skilyrði, að um stórkostleg töp hafi verið að ræða. Þessi samtök veita margs konar þjónustu almenningi, sem kaupmannastéttin veitir ekki almennt, og koma þess vegna ekki til neins samanburðar í þessum efnum. Helzt væri hægt að segja, að Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis væri hér eitthvað til að miða við. En ég vil þá líka minna á það, hvernig að þeirri stofnun hefur verið búið. Hvað hefur Reykjavíkurborg t. d. úthlutað Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis mörgum lóðum í þeim nýju hverfum, sem hafa verið að skapast í Reykjavík á undanförnum árum og áratugum? Það hefur ekki fengið eina einustu lóð enn í dag hjá Reykjavíkurborg. Það hefur orðið að sæta afarkostum í sambandi við að koma upp húsnæði fyrir sína starfsemi. Og um tíma var þetta fyrirtæki rekið í fullum fjandskap samvinnuhreyfingarinnar í landinu og m. a. sett upp stórfyrirtæki hér í miðbænum af SÍS því til höfuðs. Þrátt fyrir þetta hygg ég, að það hafi sannazt, að rekstur Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis hafi verið góður undanfarin ár og sjaldan eða aldrei betri.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn. gerði lítið úr þeim tölum, sem ég fór hér með um aukna fjárfestingu í verzluninni, og hann gerði einnig lítið úr því, sem ég sagði um mannfjölda-

aukninguna. Ég tel, að þessar tölur hafi þó verið mjög athyglisverðar og verið bein sönnun um þá gífurlegu þenslu, sem þarna hefur verið um að ræða. Og ég vil spyrja enn og aftur, af því að hann er farinn að fara í samanburð við aðrar þjóðir: Hvar eru dæmi um þetta? Hvar eru dæmi um það, að fjárfestingaraukning í verzluninni hafi verið ferföld á við höfuðatvinnugreinarnar? Hvar eru dæmi um það, að 30—40% af virkri mannaflaaukningu þjóðarinnar hafi farið í þessa milliliðastarfsemi? En það er hægt að tína fram fleiri dæmi, ef menn óska eftir.

Ég hef gert mér það til gamans að athuga, hvernig álagningargrundvöllurinn einn hefur verið að breytast nú undanfarin ár, sá grundvöllur, sem verzlunin byggir álagninguna og þar með sinn hluta af þjóðartekjunum á. Þetta hefur breytzt þannig, að árið 1959 var vöruinnflutningurinn að viðbættum opinberum gjöldum 1870 millj., en á árinu 1965 var vöruinnflutningurinn að viðbættum opinberum gjöldum, þ. e. a. s. álagningargrunnur verzlunarinnar, orðinn 6926 millj. eða hafði hækkað um 269%, þ. e. a. s. nærri því ferfaldazt. Það hefði að vísu þurft að fara í 300% til þess að um ferföldun væri að ræða, en þarna skakkar ekki miklu. Ef við gæfum okkur það nú, að heildsöluálagning væri 10% að meðaltali og smásöluálagning 30%, — nú vil ég ekkert segja um, hvað þær tölur eru réttar, en ég skal nota þær í báðum tilvikum og ekki þannig, að það geti haft nein áhrif, hvort þær tölur eru út af fyrir sig réttar eða rangar, þegar meginniðurstaða mín af þessari athugun er skoðuð, — þá verður hlutur verzlunarinnar 1959 eftir þessari reikningsaðferð 804 millj. kr., en árið 1965 miðað við sömu reikningsaðferð 2978 millj., nærri 3 milljarðar. Og ef við athugum nú þessa þróun aftur í sambandi við aukningu þjóðartekna, fáum við það út úr dæminu, að álagningin hafi verið árið 1959 11.2% miðað við þjóðartekjur, en á árinu 1965 18.5%, þ. e. a. s. hækkunin miðað við vöxt þjóðartekna hefur orðið 65% á þessum árum. Ég veit ekki, hvað út úr því dæmi kæmi. Ég vil taka það fram, að þarna skiptir auðvitað engu máli, þegar þessar tölur eru athugaðar, þessi megin niðurstaða, hverri álagningarprósentu er gert ráð fyrir, því að það er sama, þó að ég gerði ráð fyrir, að hún væri 1% í báðum tilfellunum, kæmi það sama út í samanburðinum við þjóðartekjurnar, og það hygg ég, að menn skilji. En ef við bætum svo við allri þeirri auknu álagningu, sem verzlunin hefur áreiðanlega tekið í sinn hlut á þessum árum, hygg ég, að það muni ekki vera ákaflega fjarri, að það fari að nálgast það, að hlutur verzlunarinnar af innflutningi hafi aukizt um helming, um 100%, á þessu tímabili. Það er auðvitað aðeins fullyrðing, en 65.2% hækkun miðað við þjóðartekjur að óbreyttri álagningu segir vissulega sína sögu um, hvað hér hefur verið að gerast. Og það skulu menn svo hafa í huga, að hér er aðeins tekinn sá hlutur verzlunarinnar, sem hún nær í gegnum innflutninginn, og þá er eftir, ég veit ekki, hve mikið miðað við þetta, ég skal ekkert um það segja, en þá er auðvitað eftir gífurleg uppspretta til þess að hrifsa til sín úr þjóðarbúinu. Og svo þegar menn athuga þær tölur, verður það að skoðast furðulegt í meira lagi, þegar menn standa hér upp og segja, að álagningin skipti sama sem engu máli. Ef það er rétt, sem er ástæða til að ætla, að álagningin aðeins á innfluttar vörur sé á milli 2 og 3 milljarða, skiptir það vissulega miklu máli, hvernig á þeim málum er haldið, og kannske meira máli en nokkur gerir sér í hugarlund. Þar höfum við handa á milli fjárhæðir, þar sem tiltölulega litlar breytingar gætu leyst úr öllum þeim vanda, sem við stöndum nú frammi fyrir.

Hæstv. forsrh. sagði hér í sambandi við það, að ég hafði kvartað um, að okkar hagskýrslugerð væri að mörgu ábótavant og það þyrfti margt að rannsaka, sem hægt væri að rannsaka, ef í það væri lögð vinna og fé, að hann væri fús til þess að láta rannsaka alla þá hluti, sem sanngjarnlega væri farið fram á. Og ég hlýt að gleðjast yfir þessu. Og sömuleiðis tók ég fegins hendi þeirri yfirlýsingu hans, að það yrði ekki legið á neinum tiltækilegum gögnum fyrir okkur við afgreiðslu þessa máls. En ég hafði minnzt á það, að á s. l. vetri, þegar ég var ögn að reyna að kynna mér þessi mál og bar m. a. fram fsp. í sameinuðu Alþingi um þessi efni, var mér af verðlagsstjóra synjað um gögn, sem ég vissi að lágu fyrir, vegna þess að hann taldi það trúnaðarbrot af sinni hálfu, ef hann sýndi mér þau eða léti mér þau í té. Og það fór heldur ekkert á milli mála, þegar þetta mál var rætt í fjhn., að þessi gögn eru fyrir hendi, en einhverra hluta vegna gat hv. formaður n. ekki orðið við þeirri ósk minni, að þessi gögn væru lögð fram fyrir okkur. Að vísu er það svo, að tími hefði verið lítill til þess að rannsaka þessi gögn og kannske ekki komið að miklu haldi nú, en ég verð að láta þá ákveðnu von í ljós, að þetta gangi ekki svo til lengur og það verði yfirlýsing hæstv. forsrh., sem um þetta gildir, en ekki einhverjir aðrir hlutir. En ég verð að viðurkenna, að ég er ekki núna í stakkinn búinn til þess að koma með neinn ákveðinn ramma um það, hvernig slík rannsókn ætti að fara fram. Það er atriði, sem út af fyrir sig þarf talsverða þekkingu til að ákveða, og þarf áreiðanlega talsverðan undirbúning, áður en menn geta komið sér saman um það, hvernig slíkri rannsókn yrði háttað. En ég vildi t. d. mjög gjarnan fá þetta dæmi, sem ég var hér með, endurskoðað. Ég vildi mjög gjarnan fá það endurskoðað og alveg niður í kjölinn, og ég vildi láta bæta við það dæmi, hvernig álagningin hefur breytzt og hvaða áhrif hún hefur haft í þessu efni. Og það kemur auðvitað fleira til, sem ég ætla ekki hér að gera að umtalsefni, en nauðsynlegt er að athuga.

Ég held, að það fari ekkert á milli mála, að það er eitt af því allra nauðsynlegasta, sem þarf að gera í sambandi við okkar hagskýrslu-

gerð, að athuga, hver hlutur verzlunarinnar og milliliðanna er núna í þjóðarbúskapnum og í verðmynduninni, og það hefur aldrei verið nauðsynlegra en nú og þyrfti að gerast í sambandi við þær aðgerðir, sem nú eru fyrirhugaðar. Og það þarf að athuga, hvernig þessir hlutir hafa þróazt um eitthvert visst árabil, til þess að einhver mynd fáist af því, hvort þessi þróun er okkur hentug, hvort það beri að hindra hana eða ýta undir hana, hvort þarna er um slíkan hlut að ræða, að verulega fjármuni af því, sem verzlunin hefur tekið til sín í auknum hlut, megi færa aftur til annarra atvinnugreina í þjóðfélaginu og til almennings til þess að bæta kjör hans. Og ég fyrir mitt leyti er ekki í vafa um það, að þó að engin slík rannsókn fari fram, er það sannanlegt, að þetta er fyrir hendi, en í hve miklum mæli, það er spurning, sem sjálfsagt enginn okkar getur svarað nákvæmlega.

Það hefur verið mikið um það rætt í sambandi við þetta mál, að þessar aðgerðir, sem nú eru fyrirhugaðar, verðstöðvunin og ýmislegt annað, séu að vísu óæskilegar og óvenjulegar, en það sé eðlilegt að grípa til þess í því neyðarástandi, sem nú hafi skapazt. Þegar málið kom fyrst fyrir hv. Nd., var sagt, að þetta væri fyrst og fremst vegna síldarafurðanna, og hæstv. viðskmrh. kom með mikla útreikninga, sem sýndu, hve gífurlegum upphæðum þjóðarbúið tapaði vegna þess, hve verðfallið hefði þar orðið geigvænlegt. Nú er hins vegar snúið við blaðinu og sagt, að hér sé svo til eingöngu um þær ástæður að ræða, sem valda því, að frystiiðnaðurinn í landinu kemst ekki eins vel af og áður. Ég ætla ekki að fara að teygja lopann um þessi verðlagsmál eða það, hvað það eru mörg einstök atriði, en ég vil aðeins segja það, að verðlagið, eins og það nú er, er ekki neitt vandamál fyrir okkur. Það er hærra verð í svo að segja öllum greinum útflutningsins en við höfum nokkurn tíma búið við, og það er hærra verð í flestum greinum en við getum yfirleitt búizt við. Við getum ekki gert ráð fyrir því, og það er auðvitað svo óskynsamlegt, sem tali tekur, að við gerum ráð fyrir því sem varanlegri þróun, að verðlag á okkar útflutningsafurðum geti hækkað um 10—14% á ári, eins og verið hefur undanfarin ár, á meðan útflutningsvörur annarra þjóða standa svo að segja algerlega í stað. Það væri hrein fásinna að byggja nokkurt efnahagskerfi eða afkomu heillar þjóðar á slíku, á hugmyndum um slíkt. Það verður því engu um kennt, nema því efnahagskerfi, sem við búum við, að við getum ekki komizt vel af og bætt okkar hag með því verðlagi, sem nú er á okkar afurðum, og jafnvel þó að það færi lækkandi frá því, sem nú er, a. m. k. á meðan verðlag á okkar innflutningi breytist lítið, eins og það hefur gert á undanförnum árum. Það er alrangt, að hér hafi skapazt nokkurt neyðarástand að þessu leyti, og ef allt væri með felldu með okkar efnahagskerfi, gætu slíkar smávægilegar verðsveiflur, vil ég segja, sem orðið hafa, ekki gefið neitt tilefni til neins konar vandræðaaðgerða.

Það er athyglisvert í þessu sambandi, og það er kannske eitt hið alvarlegasta við þróunina í okkar efnahagsmálum, hvernig okkar þjóðartekjuaukning hefur orðið til, hvernig okkar mikla þjóðartekjuaukning hefur orðið til á undanförnum árum, að hún hefur fyrst og fremst orðið til fyrir sérstaka aflasæld á síldarmiðunum, sem á sér fá dæmi annars vegar, og hins vegar fyrir alveg óeðlilegar verðhækkanir á okkar útflutningsvörum, sem við getum með engu skynsamlegu móti gert ráð fyrir að haldist. Á sama tíma hafa aðrar þjóðir hækkað sínar þjóðartekjur alveg eins mikið og við Íslendingar, fullkomlega eins mikið og við Íslendingar, án þess að hafa fengið nokkrar hækkanir á sínum útflutningsvörum. Þetta hafa þær gert með því að beita vísindum og tækni og skipulagningu bæði í sínum þjóðarbúskap og í rekstri fyrirtækjanna. Hér hefur ekkert af þessu gerzt eða a. m. k. mjög lítið. Framleiðniaukning hjá einstöku fyrirtækjum er í algeru lágmarki og ekki í neinum samjöfnuði við það, sem gerist meðal annarra þjóða, sem hafa náð sinni þjóðartekjuaukningu fyrst og fremst í gegnum þetta. Ég tel þetta jafnvel alveg eins mikið vandamál fyrir okkur og sjálfa verðbólguna, en það má kannske segja, að skylt sé skeggið hökunni og snerti hvert annað verulega. Með öðrum þjóðum hafa yfirleitt fyrirtækin eða atvinnuvegirnir ekki getað lifað á verðbólgubraski, þær hafa orðið að búa við nokkurn veginn stöðugt verðlag síns útflutnings, og allur ávinningurinn, bæði sem þau hafa haft og verkafólkið, allur almenningur hefur haft í þessum löndum, hefur verið aukinn með aukinni framleiðni, aukinni beitingu hvers konar tækni og endurskipulagningar í rekstri. Hér hefur þetta ekki gerzt nema að örlitlu leyti í sambandi við síldveiðarnar, en í öllum öðrum atvinnugreinum rekur allt á sama reiðanum og áður. Ég held þess vegna, að það sé hið allra nauðsynlegasta í sambandi við okkar efnahagsaðgerðir, sem ætti að verða til einhvers varanlegs gagns, það sé að beina fjárfestingunni í gífurlega auknum mæli að því verkefni að endurskipuleggja bæði okkar þjóðarbúskap og eins rekstur fyrirtækjanna, því að þau eru auðvitað undirstaðan, sem byggja verður á, hvort heldur þau eru í einkarekstri eða í opinberum rekstri. En efnahagsstefnan á undanförnum árum hefur ekki gert þetta mögulegt. Hún hefur ekki, eins og tíðkast víðast hvar í Vestur-Evrópu, getað tryggt hverju því fyrirtæki, sem getur sannað, að það geti endurskipulagt sinn rekstur með góðum árangri, nægilegt lánsfé. Þetta er yfirleitt hægt að gera og þannig hægt að breyta afkomu fyrirtækjanna og gera þau hæfari til að skapa sínu fólki viðunandi lífsskilyrði. Hér er þetta ekki hægt, vegna þess að fjárfestingin er skipulagslaus og fer í allt aðra hluti, og menn verða árum og áratugum saman, þeir sem bera hitann og þungann af rekstri

fyrirtækjanna, að búa við svo að segja óbreyttan vélakost og geta ekki endurskipulagt sín fyrirtæki, eins og tímarnir krefjast. Á þessu þarf að verða gífurleg breyting, og ég held, að hér sé um að ræða slíkt höfuðatriði í okkar efnahagslífi, að það mætti láta mjög margt sitja á hakanum fyrir því, og um atriði, sem hlýtur að skera úr um það að verulegu leyti, hvort eðlilegar lífskjarabætur geta náðst fram hér á landi eða ekki, því að við getum ekki lengur byggt á slembilukkunni, eins og við höfum gert á undanförnum árum.

Það verður ekki af minni hálfu skilizt svo við þetta mál hér í hv. d. og þær ráðstafanir, sem því eru samferða, þ. e. a. s. stórkostlega aukningu uppbóta- og niðurgreiðslukerfisins, að ég gangi að öllu leyti fram hjá því atriði, að aðgerðunum er fyrst og fremst beint að því að halda vísitölunni í skefjum, þeirri vísitölu, sem kaupgjald er nú miðað við, enda er það hinn yfirlýsti tilgangur, sem út af fyrir sig ekki er vítaverður, að halda niðri tilkostnaði fyrirtækjanna. En þetta er gert og á að gera með því að halda niðri vísitölunni, og það er gert m. a. og að mestu leyti í gegnum stórkostlega aukið uppbóta- og niðurgreiðslukerfi. Í því sambandi vil ég segja það, að sú vísitala, sem nú er almennt miðað við, er fengin með neyzlurannsóknum, sem fóru fram á árinu 1952 eða 1953, að mig minnir, og neyzluvenjur þjóðarinnar í heild og alls almennings hafa auðvitað breytzt afar mikið á þessu tímabili. Og ef við eigum í okkar viðmiðun um hagfræðileg efni að hafa eitthvað verulega raunhæft til að styðjast við, verðum við auðvitað að taka tillit til þeirra breytinga, sem hafa orðið á neyzluvenjunum á þessu tímabili. Ég er ekki endilega að tala um kaupgreiðsluvísitölu í þessu sambandi, ég tel hana vera og þurfa að vera samningsatriði milli verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda og e. t. v. einnig stjórnarvalda og hún þurfi ekki endilega undir öllum kringumstæðum að miðast við vísitölu í samræmi við neyzluvenjur þjóðarinnar. En ef við eigum að hafa eitthvað raunhæft til að miða þróunina við, verðum við auðvitað að taka tillit til þeirra staðreynda, sem fyrir hendi eru í þessu efni, og ég hefði talið það alveg nauðsynlegt í sambandi við þær aðgerðir, sem nú er verið að fara út í, þ. e. a. s. stórkostlegar niðurgreiðslur á vöruverði, að þá hefði verið breytt til og tekin upp í öllum viðmiðunum sú neyzluvísitala, sem nú hefur verið undirbúin fullkomlega af Hagstofunni og hægt er að hefja útreikning á hvenær sem er. Og ég hefði talið eðlilegt, miðað við það, að niðurgreiðslurnar taka stórkostlegum breytingum frá 1. ágúst, að þá hefði þessi vísitala verið sett 100, annaðhvort í júlímánuði eða ágústmánuði. Þá hefðum við haft á það nokkuð öruggan mælikvarða, hvernig niðurgreiðslurnar koma út fyrir almenning og hver áhrif þetta uppbótakerfi hefur á hag fólksins. Ég er ekki endilega að segja, eins og ég sagði áðan, að kaupgreiðsluvísitalan þyrfti að fylgja þessu nákvæmlega eftir, en þessa viðmiðun þyrftum við að sjálfsögðu að hafa, ef við ættum að geta lagt réttan dóm á það, hver þróunin verður, frá því að þessar aðgerðir eru hafnar og miðað við einhvern síðari tíma. Ég held þess vegna, að eitt af því, sem hefði átt að vera í þessu frv. núna, hefði verið að lögbinda þessa vísitölu, ekki sem kaupgreiðsluvísitölu, það hefði verið tekið upp sem samningamál, en sem viðmiðunarvísitölu af hálfu hagstofnananna í landinu, því að það er augljóst, að svo mjög sem neyzluvenjurnar hafa breytzt á þessum síðustu árum, eru fullkomnir möguleikar til þess núna að hefja gamla leikinn, sem við þekktum hér frá árum áður, þegar verðinu á t. d. saltfiski og kartöflum var sveiflað til í stórum sveiflum frá mánuði til mánaðar til þess að falsa þá vísitölu, sem kaupið var greitt eftir. Þetta lék hver ríkisstj. eftir aðra, og þessir möguleikar eru fyrir hendi núna, að hæstv. ríkisstj. fari að beita þessum brögðum, og það er meira að segja ekki örgrannt um, að það sé þegar farið að bóla á þessu. Hækkun fjölskyldubótanna er í raun og veru ekkert annað en niðurborgun með alveg nákvæmlega sama tilgangi og valin eingöngu af ríkisstj., vegna þess að hún kostar minna, helmingi minna en að greiða niður t. d. landbúnaðarvörur. Það var aðeins til að spara fé á kostnað almennings og skekkja raunverulega alla viðmiðun um þessi efni, sem ríkisstj. valdi þessa leið. Þar fyrir verð ég að viðurkenna, að ég tel, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki, nema í þessu eina tilfelli, svo að orð sé á gerandi, misbeitt valdi sínu í þessum efnum, en hún hefur fullkomna möguleika til að gera það, og a. m. k. væri það ákaflega fróðlegt fyrir okkur að sjá það, bæði núna og svo næstu mánuðina, hvernig nýja vísitalan, sem gefur nokkurn veginn réttar hugmyndir um almennar neyzluvenjur, mælir þróunina, og ég hefði talið það alveg nauðsynlegt, þegar við erum að sigla fullum seglum inn í nýtt og stórfellt niðurgreiðslukerfi. Með þeim hætti að taka þessa nýju vísitölu í notkun tel ég, að allar viðmiðunarreglur í sambandi við kaupmátt og annað slíkt ættu að geta fallið að miklu leyti niður, ekki sízt vegna þess, að aðalaðilarnir á vinnumarkaðinum hafa komið sér saman um það, hvernig þessar viðmiðunarreglur skuli vera, en þeir hins vegar viðurkenna þá annmarka, sem eru á gömlu vísitölunni í þessum efnum, og bíða eftir því, að sú nýja komist í gildi, til þess að geta sjálfir komið sér saman um það á hverjum tíma, hver þróunin hafi raunverulega verið. Grundvöllur fyrir þessu hefur verið lagður af kjararannsóknarnefnd og með milligöngu, sem hún hefur haft um samninga um þessi efni, og þarna vantar nú ekki lengur annað á en nýja vísitalan komi í gildi, og ég held, að það ætti að vera öllum til góðs, að henni sé þannig fyrir komið, að deilur um það, sem ættu að vera staðreyndir, gætu fallið niður, og menn gætu þá frekar deilt um það, hvernig snúast ætti við staðreyndum, en að deila um þær sjálfar, því að það hefur vissulega ekki verið

neitt skemmtiverk fyrir einn eða neinn að standa í þeim styr, sem bæði ég og aðrir hafa staðið í um fjölda ára, um það, sem ætti að vera augljósar staðreyndir fyrir mönnum í þessum efnum.

Ég skal nú fara að stytta mál mitt, en áður en ég lýk því, vildi ég aðeins víkja að því, sem ég spurðist fyrir um undir meðferð málsins í n. og bað hv. formann n. að hafa milligöngu um að spyrja hæstv. ríkisstj. um, hvort áframhald ætti á því að verða við þessi breyttu skilyrði, sem nú eru að skapast í verðlagsmálum, að Alþb. yrði útilokað frá því að hafa menn í verðlagsnefnd, eins og það á rétt til eftir öllum lýðræðislegum venjum. Ég spurðist fyrir um þetta ekki síst vegna þess, að á síðasta Alþ., fyrir um það bil ári, lýsti hæstv. viðskmrh. því yfir, að þetta væri alveg sjálfsagt, að Alþb. yrði veitt aðild að þessari n., eins og venjan hefði verið um flestar slíkar nefndir nú upp á síðkastið, og það yrði gerð breyt. á l. þannig, að fjölgað yrði í n., þannig að Alþb. fengi þar sinn mann. Ég tel það vissulega nokkurs virði, að við Alþb.-menn og um leið verkalýðshreyfingin hafi aðgang að verðlagsnefndinni og geti fylgzt með störfum hennar og fengið þá aðstöðu til að fylgjast með þróun verðlagsmálanna, sem aðeins verður fengin, að því er virðist, með því að viðkomandi eigi sæti í n., því að upplýsingar í þeirri stofnun virðast ekki liggja á lausu fyrir aðra. Þess vegna taldi ég, þar sem ár var liðið frá þessari yfirlýsingu hæstv. viðskmrh., að það væri kannske kominn tími til þess, að við þetta yrði staðið. En því miður komu aftur þau svör til baka, að þetta væri aðeins mál, sem að vísu væri sjálfsagt að athuga, en hins vegar ekkert fullyrt um, hvort úr þessu yrði, og verð ég þá að segja, að yfirlýsingar hæstv. ráðh. fara ekki að hafa ýkjamikið gildi, ef svo langur og mikill dráttur á að vera á því, að það fari þannig um hlutina, eins og þeir segja, eins og hér hefur átt sér stað. Hitt vil ég svo segja, að við Alþb.-menn munum auðvitað ekki gera það að neinu samningamáli eða kaupa það einu eða neinu að eiga fulltrúa í þessari n., en vafalaust gæti það orðið til þess að draga úr tortryggni okkar gagnvart þessari stofnun, ef við hefðum þar okkar fulltrúa og gætum fylgzt með störfum hennar.

Ég hef vikið að því hér, hve hæpið er að telja, að hér sé á ferðinni með þessu frv. einhver allsherjarverðstöðvun, enda má ef til vill segja, að bókstafleg verðstöðvun í öllum greinum sé í rauninni illframkvæmanleg, og jafnvel má færa að því rök, að slík bókstafleg verðstöðvun sé ekki æskileg.

Í lok síðari ræðu sinnar hér við 1. umr. málsins sagði hæstv. forsrh., að auðvitað kæmi til álita að leggja á nýja skatta. Það er hugsanlegt, að síðar neyðist menn til að leggja á einhverja skatta til að standa í móti, ef verður að hækka uppbætur frá því, sem nú er, þó að þeir, sem nú eru, dugi til að mæta þeim, sem þegar eru komnar. Eitthvað á þessa leið var það, sem hæstv. forsrh. fórust orð. Nú er það svo, eins og hv. 6. þm. Sunnl. sagði hér, að þótt tekjuáætlun fjárlaga hafi verið þanin til hins ýtrasta, dugir fjárlagafé ekki til að mæta niðurgreiðslum nema til 31. okt. n. k. og fjárlög eru því raunverulega afgreidd með greiðsluhalla. Til greina getur að sjálfsögðu komið að mæta auknum uppbótum til útvegsins og niðurgreiðslum síðasta hluta ársins með tekjuafgangi, sem verða kynni á þessu ári, þó að ég viti ekki um, hve mikill hann verður, en það mun vera talið, að hann verði mjög mikill. En þær leiðir virðist ekki eiga að fara, heldur gömlu leiðirnar að leggja á nýja skatta. Óðruvísi er varla hægt að skilja orð hæstv. forsrh. Og ég vil vissulega taka undir með hv. síðasta ræðumanni um það að spyrja: Hvernig er verðstöðvun hugsanleg, ef það kemur á daginn, sem virðist vera augljóst, að það þurfi að leggja á nýja skatta þegar á því þingi, sem nú situr? Því þá ekki að viðurkenna afleiðingarnar af þessu líka, þ. e. a. s. þær afleiðingar, að ríkisstj. treysti sér ekki til og geti sennilega ekki að óbreyttu efnahagskerfi sínu framkvæmt neitt, sem kennt yrði við verðstöðvun, eða neitt, sem réttmætt væri að kalla verðstöðvun, heldur er hér að mjög verulegu leyti, — mjög verulegu leyti, vil ég segja, ég vil ekki segja að öllu leyti, það væri fullyrðing, sem kynni að reynast röng, en að mjög verulegu leyti um það að ræða, að verið er að reyna að dylja skipbrot þeirrar efnahagsstefnu, sem fylgt hefur verið undanfarin ár, fram yfir næstu alþingiskosningar, og það má vissulega segja, að hæstv. ríkisstj. sé nokkur vorkunn í þeim efnum. Það er vissulega hart, bæði fyrir hæstv. ríkisstj. og aðra, að þurfa að viðurkenna það, að höfuðatvinnuvegirnir séu svo staddir eftir 7—8 ára stjórn hennar og einstök góðæri á öllum sviðum, að það þurfi að taka þá á ómagaframfæri hjá ríkissjóði. Það er vissulega bágt að þurfa að viðurkenna það, en staðreynd er það, og það er auðvitað staðreynd, sem við Alþb.-menn getum ekki átt neinn hlut í að leyna fyrir þjóðinni. En það dylst ekki af gerð frv., nafni þess og þó sérstaklega af þeim áróðri, sem rekinn er af stjórnarliðinu í sambandi við það út á við, að það er einn höfuðtilgangurinn með þessu frv.

Við Alþb.-menn teljum nú á því vera meiri nauðsyn en oftast áður, að verðlagsmálin og verðmyndunarkerfið allt sé tekið til rækilegrar endurskoðunar og að í kjölfar þeirrar endurskoðunar sé tekið upp, eins og ég hef margtekið fram, virkt verðlagseftirlit og verðlagsyfirvöldum sé lagt á herðar að ákveða hámarksverð á vörum og þjónustu, að álagningarfrelsið, sem nú ríkir, sé afnumið vegna þess, hve illa það hefur gefizt, sem sagt, að það sé tekin upp varanleg verðhömlunarstefna í stað þeirra bráðabirgðaráðstafana, sem hér getur í bezta falli verið um að ræða. Við álítum, að samhliða slíkum aðgerðum sé vel framkvæmanlegt og nauðsynlegt t. d., að stórfelld vaxtalækkun yrði ákveðin, bæði vegna hagsmuna höfuðatvinnuveganna og almennings,

ekki sízt í sambandi við húsnæðismálin, því að þeir vextir, sem nú eru í gildi, eru auðvitað orðnir hrein fásinna og hafa við engin minnstu rök að styðjast. Ef hér ætti að framkvæma eitthvað, sem heitir verðstöðvun, þá yrði þeim ekki jafnað við annað en eindæma okur. Það má færa ýmis rök fyrir því, að vextir þurfi að vera háir í miklu verðbólguástandi, en ef hér á að verða verðstöðvun, eru auðvitað þeir vextir, sem hér eru nú, tíðkast mest allt að 10%, algjört einsdæmi og algjör fásinna, og við teljum, að það verði að beita verðhömlunaraðgerðum sérstaklega að því að lækka tilkostnað atvinnuveganna, t. d. útgerðarinnar og um leið í fiskiðnaði og öðrum tilkostnaði undirstöðuatvinnugreinanna, og einnig verði þannig og með öðrum hætti létt af þeim beinum og óbeinum gjöldum. En það er nú svo, að rösklega helmingurinn t. d. af tilkostnaði við útgerð á einum fiskibát, það eru ekki viðskipti við verkafólk eða sjómenn, það eru viðskipti við margs konar milliliði, rösklega helmingurinn af því, þannig að þar kemur vissulega til hlutur milliliðanna ekkert síður en í viðskiptunum við almenning, og þá hluti þyrfti vissulega að skoða niður í kjölinn ekki síður en annað. En þetta frv. boðar engar slíkar aðgerðir, sem mundu allar stefna í átt til — segi ég — varanlegrar lausnar á þeim vandamálum, sem nú blasa við. Á hinn bóginn er sjálfsagt að útiloka ekki þann möguleika, að framkvæmd þessara fyrirhuguðu laga verði með þeim hætti, að þau verði ekki beinlínis til þess að auka á vandann og erfiðleikana. En svo óvíst sem er um alla framkvæmd, teljum við Alþb.-menn — eða ég a. m. k. — ekki rétt, hvorki að styðja það né leggja heldur steina í götu þess, að ríkisstj. fái þær heimildir, sem hún biður Alþ. um með þessu frv. En hins vegar get ég ekki af þeim ástæðum, sem ég hef rakið, veitt því stuðning og mun því sitja hjá við frekari atkvgr. um málið.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Fáein orð vil ég segja um þetta frv., en ég mun vegna þess tímahraks, sem fundurinn er kominn í, sleppa allri talnafræði, enda hafa frsm. minni hl. gert frv. skil á þeim grundvelli.

Það er sérkennilegt, þetta frv., að því leyti, að það er bæði stórt mál og lítið mál eftir því, hvernig á það er litið. Málið er stórt, ef það er skoðað sem dæmi um það eða sönnun þess, hve illa og ógæfusamlega núverandi stjórnarflokkum hefur því miður, — ég segi því miður, — tekizt að fara með yfirstjórn efnahags- og peningamála þjóðarinnar á þeim tveim kjörtímabilum, sem þeir hafa haft þá stjórn á hendi sameiginlega. Fram að þessu hafa forustumenn stjórnarflokkanna ekki viljað viðurkenna, að þeim hafi mistekizt í stórum stíl það, sem þeir lýstu yfir 1960 í bók sinni Viðreisn, að væri megintilgangur stjórnarstefnunnar, að skapa framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna varanlegri og heilbrigðari grundvöll. Fyrrv. forsrh. játaði að vísu í áramótaútvarpi, þegar liðið var á fyrra kjörtímabilið, þá staðreynd, að verðbólgan héldi áfram að vaxa, og bætti við, að ef ekki tækist að vinna bug á henni, væri allt annað unnið fyrir gýg. En hingað til hefur ekki borið neinn árangur að minna framámenn í liði hæstv. ríkisstj., hvað þá hana sjálfa, á þessi hreinskilnislegu varnaðarorð hins látna foringja. Þeir hafa fullyrt, að vel gengi, af því að vel aflaðist, nóg vinna væri fyrir alla og enginn liði skort og svo væri síaukið frelsi í verzlun og viðskiptum. Hver mætti í efnahagslífinu lifa og láta sem hann vildi, nema ef hann væri félítill og gæti ekki borgað háa vexti eða komizt inn undir hjá bönkum, en þá skiptir minna máli um hann. Hæstv. ríkisstj. hefur sem sé verið hin ánægðasta á yfirborðinu a. m. k., enda hreint og beint ornað sér við verðbólgueldinn í stað þess að reyna að slökkva hann, og á meðan hafa tapazt tækifæri þau, sem tekjuöflunargóðærin hafa boðið fram til að skapa framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna þann varanlega og heilbrigða grundvöll, sem bókin Viðreisn lýsti yfir, að væri stefnumið stjórnarinnar. Ég efast ekki um, að meiningin hefur verið að skapa þann grundvöll, þótt svona hafi til tekizt.

Ef hæstv. ríkisstj. hefði verið óheppin með árferði og aflabrögð og erlenda markaði fyrir aðalútflutningsvörur landsmanna, væri ekki við hana að sakast. En það er nú öðru nær en svo hafi verið, eins og allir vita. Þar hefur farið fram úr áætlun ár frá ári, metafli gefizt ofan á metafla og söluverð hækkað, þangað til í ár, að verðmæti útflutningsins hefur lítils háttar minnkað vegna verðlækkunar. Og hvað gerist þá? Allt riðar strax til falls: útgerðin, fiskvinnnslustöðvarnar og atvinnulífið í landinu. Það hefur gleymzt á góðu árunum að skapa þann heilbrigða grundvöll, sem skapa átti. Góðærin hafa a. m. k. ekki verið notuð til þess. Það er þetta, sem er loksins viðurkennt með stjfrv. um verðstöðvun, og frá því sjónarmiði er málið stórt í íslenzkum stjórnmálum.

Það á ekki að þurfa að vefjast fyrir mönnum í kosningunum til Alþ. næsta vor, að þeim flokkum, sem farið hafa með stjórn landsins síðustu tvö kjörtímabil, sem kalla má frá náttúrunnar hendi góðæristímabil, hefur mistekizt hrapallega. Þetta frv. er játning um það. Og ég met það mikils við hæstv. forsrh., sem kann jafnan mjög vel að haga orðum, að hann viðurkenndi við 1. umr. málsins hér í þessari hv. d., að frv. mætti kalla „eins konar neyðarráðstöfun". Hugsið ykkur, hv. þm., að strax og örlítið hallast eftir langstætt, samfellt eindæma tekjuöflunargóðæri er talið þurfa að grípa til neyðarráðstafana. Þarf frekari vitna við um, hvernig haldið hefur verið á málum? Þurfa íslenzkir kjósendur skýrari upplýsingar?

Ég minnist í þessu sambandi, að hæstv. fyrrv. fjmrh. talaði um drauma Faraós um mögru kýrnar, sem átu feitu kýrnar, og nauðsyn þess að safna í kornhlöður á góðum árum til þess að geta staðizt hörðu árin, eins og Egypta-

landskonungurinn Faraó gerði eftir ráðleggingum þess, er drauma hans réð. Og um leið tilkynnti sá hæstv. fjmrh., að hann hefði farið að sígildu dæmi Faraós og lagt 100 millj. kr. í varasjóð. Og þetta var þá allmikið básúnað sem einn liður í framúrskarandi fyrirhyggju núv. hæstv. ríkisstj. og í samræmi við búhyggindastefnu hennar. Ég hef leitað að slíkum varasjóði í síðustu skýrslum um sjóðseignir ríkisins, en ég hef ekki fundið hann. Ég hef ekki einu sinni fundið þar umræddar 100 millj. En þetta frv., sem nú er flutt sem eins konar neyðarráðstöfun, áður en hægt er með sanni að segja, að teljandi harðni í ári, sannar óumdeilanlega, að hæstv. ríkisstj. hefur látið feitu kýrnar éta sig sjálfar og á ekkert handa mögrum kúm. Búmannlegt er það ekki, og konunglegt er það ekki heldur. En ágætt er það fyrir þjóðina að fá það upplýst, áður en hún gengur til kosninga í vor, að því leyti er þetta mál þýðingarmikið.

Ég sagði í upphafi, að þetta væri bæði stórt og lítið mál eftir því, hvernig á það væri litið. Ég hef gert nokkra grein fyrir því, að hverju leyti það er stórt. Hins vegar er það lítið, af því að það felur í sér svo ófullnægjandi lausn á þeim stórkostlega vanda, sem það er viðurkenning á, að þjóðin sé stödd í. Það gefur ríkisstj. heimildir til áhrifa á verðlagsþróunina í landinu, — heimildir, sem hún að miklu leyti hefur áður haft, en ekki notað. Hvers vegna hefur hún ekki notað þær? Sá hún ekki, að hverju fór? Dettur henni kannske sú fávizka í hug, sem sumir hafa uppi getsakir um, að kjósendur kunni að halda, að hún sé að endurfæðast sem önnur stjórn með þessu frv. og henni kunni að takast að halda þeim í þeirri trú fram yfir næstu kosningar? Það væri sannarlega vanmat á skilningi meiri hluta kjósenda. Hvað er verðstöðvun? Er hún það sama og verðlagseftirlit? Nei, enda eiga lögin ekki að gilda nema til bráðabirgða. Þau eiga að gilda stundarkorn á þessu ári og 10 mánuði af næsta ári. Það er eftirtektarvert, að hæstv. ríkisstj. virðist orðin svo andstutt, að hún þorir ekki að miða erfiði sitt við næsta ár sem 12 mánaða ár, heldur aðeins 10 mánaða ár. Það gerir hún ekki aðeins hvað þetta frv. snertir, heldur líka þann lið á fjárl., sem á að standa straum af niðurgreiðslunum. Hins vegar miðar hún tekjuöflun við 12 mánuði. Þar er líka um annað erfiði að ræða. Ekki hefur áður heyrzt um ríkisstj. svo ráðsnjalla að stytta gjaldárið um 1/5 part. Uppgjöfin nú lýsir sér með ýmsu móti. Verðstöðvun má líkja við það að ætla að stífla vatnsfall án þess að finna því annan farveg, hvað þá að stemma það að ósi. Verðbólguflóðið er ekki stemmt að ósi með slíkri löggjöf sem þessari, og því er ekki heldur fundinn annar farvegur. Mér er sem ég sjái hæstv. ríkisstj. við stíflugarðinn. Hví ætti ég að greiða atkv. á móti því, að hún fái heimild til þess að spreyta sig við þá stíflugerð sem eins konar neyðarráðstöfun á sjálfri sér?

Ein ný heimild, það er heimild, sem ríkisstj. hefur ekki áður haft, er í frv. Það er heimildin í 3. gr. til að banna sveitarfélögum að nota hærri álagningarstiga útsvara og aðstöðugjalda 1967 en þau notuðu 1966. Með þessu er mjög nærri gengið sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna, og af því, hve dýrtíðin hefur vaxið síðan sveitarfélögin reiknuðu út álagningarþörf sína 1966, má telja víst, að þeim verði, a. m. k. mjög mörgum, álagningarstigarnir 1966 alls ónógir 1967. Eru því líkur til þess, að ös verði hjá ríkisstj. af sendimönnum frá sveitarfélögum til að biðja um undanþágur til hækkunar, áður en sveitarfélögin ganga frá áætlunum sínum fyrir 1967. Með þessum ákvæðum í garð sveitarfélaganna eru tekin upp áður óheyrð höft. Ég spurðist fyrir um það hjá hv. fjhn. Nd., hvort ríkisstj. hefði rætt um þessi atriði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, og fékk þar þær upplýsingar, að það hefði hún ekki gert. Það tel ég illa farið og tel mér skylt sem sveitarstjórnarmanni að víta þetta. Ég tel, að ekki megi minna vera en við undirbúning löggjafar, sem gengur svo freklega sem þessi inn á hefðbundið og löglegt sjálfsstjórnarsvið sveitarfélaganna, sé rætt við stjórn sambands þeirra. Úr þessu var ekki talið hægt að bæta vegna tímaleysisins, eftir að málið kom til hv. fjhn. Ed. Var það út af fyrir sig rétt, en er engin afsökun fyrir þá, sem ábyrgð bera á málinu.

Hæstv. ríkisstj. hefur fram undir þetta mikið státað af því frelsi, sem hún hafi eflt í hvívetna í viðskiptum öllum. Sérstaklega er það Sjálfstfl., sem hefur um það barið bumbur. Hann hefur talað um höft með fyrirlitningu og viljað tileinka öðrum flokkum vilja til haftastefnu og talið slíkt hugarfar fordæmanlegt og jafnvel svívirðilegt. Nú má um það deila, hvað frelsið getur þrifizt án takmarkana. Skyldur og réttindi þurfa nefnilega að haldast í hendur. En um hitt verður ekki deilt, að verðstöðvunarfrv. það, sem hér liggur fyrir og hæstv. ríkisstj. ber fram, er hið ferlegasta haftafrv. Það er sótsvart haftafrv. Hugtakið „höft“ mun eiga rætur sínar að rekja til þess, að höft voru notuð til að hindra rásgjarnar skepnur. Áður en girðingar komu almennt til sögunnar, heftu menn hesta sína á framfótum, til þess að þeir hefðu minni yfirferð í haga. Þetta þurfti ekki að fara illa með hestana. Þeir lærðu að hreyfa sig í haftinu og þrifust vel þrátt fyrir það. En til er sú sögn um einn þjóðkunnan mann, Leirulækjar-Fúsa, að hann hefti hest sinn bæði á framfótum og afturfótum, og þá fór nú verr með blessaða skepnuna, eins og gefur að skilja. Var þvílík hefting síðan kölluð Fúsa-hefting. Frv. hæstv. ríkisstj. um verðstöðvun er með einkennum tilburða til slíkrar heftingar, auðvitað sem eins konar neyðarráðstöfun. Svona aðþrengda telur nú hæstv. ríkisstj. sig og fátt um fína kosti. Ég er þess samt fullviss, að ef stjórnarandstaðan hefði nú á þessum skammdegisdögum borið fram vantraust á ríkisstj., mundi hún

og lið hennar hafa fellt það einróma. En frv. um verðstöðvunina og allt, sem við það hanger, er í eðli sínu vantraust á stjórnina stefnu, sem hún hefur talið sig fylgja segja, að frv. eigi að vera kosningagrur auðvitað léleg kosningabrella. En þó að það eigi að vera kosningabrella, er það efnislega vantraust. Það er efnislega vantraust, sem stjórnin hefur borið fram á sjálfa sig, og ég hef á vissan hátt gaman af að sjá hana og lið hennar samþykkja það vantraust einróma. Það er fyrir þessa menn kaldhæðnisskopleikur örlaganna, en verðskuldaður er hann að mínu áliti eftir atvikum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í hinni löngu ræðu hv. 6. þm. Sunnl. heyrði ég í raun og veru ekki annað, sem ég þyrfti að svara, en hann spurði um það, hvernig stæði á því, að ekki væri búið að setja verðtryggingu samkv. verðtryggingarfrv., sem hér var samþ. í fyrra og voru heimildarlög. Það var alltaf ráðgert, að undirbúningur þess máls hlyti að taka töluverðan tíma. Það mál hefur verið til athugunar hjá réttum aðilum, og um það verða teknar ákvarðanir, jafnskjótt og þeim athugunum er lokið. Að öðru leyti ræddi þessi hv. þm. mörg mál, sem eru þaulrædd og verða rædd á næstu mánuðum, og skal ég ekki tefja þingheim nú á því að rekja þá sögu.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. hélt hér að mörgu leyti eftirtektarverða ræðu, þar sem ýmis atriði komu fram, sem íhugunarverð eru. Ég vil segja út af því, sem hann sagði um ofvöxt í verzluninni, að þetta er auðvitað umdeilanlegt mál eins og margt fleira í þjóðfélaginu. En það er eitt atriði, sem hann gáir ekki að í sínum fullyrðingum og útreikningum öllum, og það er, hversu raunverulegar þjóðartekjur hafa aukizt á þessu síðasta tímabili. Það má segja, að samkv. skýrslum Hagráðs hafa raunverulegar þjóðartekjur á tímabilinu frá 1960—1965 aukizt um 44%, það er óhætt að segja frá 1958 þangað til núna alltaf vafalaust í kringum 50% í raunverulegum verðmætum. Það er rétt, sem hv. þm. sagði og kom inn á í öðru sambandi, að þetta er aukning, sem fengizt hefur, án þess að verulega mannaflaaukningu hafi þurft til þessara miklu tekna. Annars vegar skiptir þar mestu stóraukinn afli og hins vegar hækkað verðlag. Nú er það gefinn hlutur, að þessi mikla tekjuaukning kemur fram í aukinni eftirspurn eftir vörum, sem verzlunarstéttin og viðskiptaaðilar verða að annast. Þess vegna liggur í augum uppi, að þegar af þeirri ástæðu er eðlilegt, að hlutfallsleg aukning hafi orðið í þeirri stétt og fjármagnsaukning með ýmsu móti. Þetta er eitt þeirra atriða, sem tillit verður að taka til, en hv. þm. gersamlega sleppti í sínum athugunum.

Hann var hér með útreikninga varðandi tekjuaukningu stéttarinnar og sýndi fram á, að vegna aukningar á innflutningi hlyti hún að vera mjög mikil. En hv. þm. hafði sjálfur sanngirni til þess að segja, að þeir útreikningar þyrftu endurskoðunar við, það væri eðlilegt, að þeir væru endurskoðaðir, og taldi einmitt sérstaka nauðsyn til þess, að rannsókn á þessum efnum færi fram, til þess að hægt væri að endurskoða þá grg., sem hann las hér upp, og hann sjálfur auðvitað játaði þar með að er meira og minna byggð á ágizkunum og þess vegna hans hugmynd, sem getur verið meira eða minna rétt, en styðst ekki nema að litlu leyti við staðreyndir. En ég tek fyllilega undir það með hv. þm., að það er höfuðnauðsyn varðandi meðferð allra þessara mála, að menn hafi ákveðnar staðreyndir, ákveðin gögn, sem hægt sé að treysta, til þess að ekki þurfi ætíð að vera deila um það, sem á að vera í augum uppi og á verður að byggja. Það er alveg nóg að deila um, hvernig á að skipta þjóðartekjum, hvaða ráð séu vænlegust til þess að auka þjóðartekjur og annað slíkt, þó að gögn séu fyrir hendi, þau sem hann var hér að óska eftir og mjög hefur miðað í áttina á seinni árum að afla, m. a. fyrir atbeina þessa hv. þm., fyrir samstarf hans við ríkisvaldið og ýmissa fleiri aðila, sem gera sér þetta ljóst. Þetta er auðvitað höfuðnauðsyn, að menn átti sig á þessu og að þessu sé stefnt. Um þetta erum við sammála.

Hv. þm. sagði hins vegar annað, sem ekki er rétt, og það er, að þegar þetta frv. var borið fram, hafi fyrst og fremst verið byggt á lækkun síldarafurðanna. Ég tók þvert á móti skýrt fram við 1. umr. málsins í Nd. og ítrekaði síðan aftur, að það er fyrst og fremst staða hraðfrystihúsanna og verðið á afurðum þeirra, sem hér skiptir máli. Örðugleikinn í stjórn efnahagsmála Íslendinga sést hins vegar glögglega á þessu, að þegar við erum að tala um málið við 1. umr., er verð á síldarlýsi milli 50 og 53 pund. Síðan, þegar málið er til 3. umr. í Nd., er það 65 pund. Og jafnglöggur, — og ég treysti því, að hv. þm. skoði það ekki eins og skop, — áreiðanlegur þm. eins og hv. 5. þm. Austf. sagði þá, að það væri líklegt, að síldarlýsið mundi hækka enn þá meira en í 65 pund. Nú er það að fróðra manna sögn komið niður í 56 pund aftur á örfáum dögum. Slíkar sveiflur eru erfiðar og skapa öllum mikil vandræði.

Einkanlega var það þó eitt atriði, sem er nauðsynlegt að upplýsa vegna þess, sem hv. þm. sagði, og það var varðandi nýjan vísitölugrundvöll, sem miðaður væri við nútíma neyzluvenjur. Hann sagði alveg réttilega, að það væri nauðsynlegt, að slíkur grundvöllur væri samningsmál milli vinnuveitenda, verkalýðs og eftir atvikum ríkisvaldsins. Ég er því sammála, að það væri fásinna af ríkisvaldinu að ætla að lögbjóða nýjan grundvöll í þessu eða nýja mælistiku, hvað sem við viljum það kalla, án samþykkis réttra aðila, og einmitt miðað við það var það, sem við snemma á þessu ári, eftir að nýr grundvöllur hafði verið reiknaður út, leituðum til aðila, bæði verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda, og fórum þess á leit, að upp væri tekinn nýr grundvöllur miðaður við nútíma neyzluvenjur. Það hefur ekki enn fengizt svar, — ég hygg frá

hvorugum þessara aðila, — a. m. k. ekki frá verkalýðshreyfingunni um það, hvort hún teldi þennan nýja grundvöll vera aðgengilegan. Ég tel það mjög eðlilegt, að þetta þurfi athugunar við og rannsóknar hjá verkalýðshreyfingunni og hennar fulltrúum, en það verður að liggja alveg ljóst fyrir, að hér hefur fyrst og fremst staðið á þessum aðilum, en ekki ríkisstj. eða hennar umboðsmönnum. Við hefðum þvert á móti óskað eftir því, að hér væri nýr háttur upp tekinn.

Það eru svo fleiri atriði, sem ég mundi vikja að, ef nægur tími væri til, í ræðu hv. þm., en ég skal láta það vera nú, enda tekur því ekki að vera að ítreka stöðugt það, sem áður hefur verið sagt. Okkar meginsjónarmið liggja ljóst fyrir, og það skýrir málin ekkert, þó að menn séu að karpa um það, sem vitað er um að við höfum ólíkar skoðanir á.

Um ræðu míns ágæta vinar og velunnara, hv. 1. þm. Norðurl. e., þá var hún, eins og vænta mátti, vel samin hjá þeim orðhaga manni. Ég veit ekki, hvort honum hefur tekizt svo til að þessu sinni, — það mun reynslan sýna, — að hann þurfi að eyða mörgum árum til þess að eyða áhrifunum af sínum högu orðum. En það hefur komið fyrir áður. Látum það eiga sig, það kemur kannske í ljós, áður en yfir lýkur.

Það er auðvitað rétt, að hér er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, eins konar neyðarráðstöfun, það er rétt, vegna þess sérstaka ástands, sem skapazt hefur af þeim ástæðum, sem ég hef áður greint og skal ekki fara að rekja hér, en það er svo í öllum þjóðfélögum, að ef þau atvik væru fyrir hendi varðandi efnivöruöflun og verðfall á afurðum, sem hér eru, þá mundi það þykja alvarlegt ástand og efni til sérstakra ráðstafana. Hitt er svo einnig óumdeilt, að verðþenslan, verðbólgan hefur skapað og skapar vandamál, sem hins vegar hafa þó, sem betur fer, ekki hindrað, að íslenzkir atvinnuvegir standa nú á tryggara grundvelli en nokkru sinni áður, almenningur er betur efnum búinn, hefur meiri tekjum að eyða en nokkru sinni fyrr, hér hefur orðið örari og stöðugri framþróun á undanförnum árum en nokkru sinni fyrr. Þegar nokkurn voða ber að höndum, sem einnig getur hent þá, sem bezt eru stæðir, er það hygginna manna háttur að fara varlega að, á meðan svo stendur, stöðva framganginn, þensluna, hvernig menn vilja orða það, þangað til voðinn er hjá liðinn. Ég veit, að jafnlífsreyndur, orðspakur og hygginn maður eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. áttar sig á þessu, þegar hann skoðar það betur.

Ég skil það út af fyrir sig, að hann sem sveitarstjórnarmaður óski eftir því, að samráð hefðu verið höfð við samtök sveitarfélaganna um þetta mál. Það má vel vera, að þar hafi misgáningur átt sér stað. Ég skal þá fúslega taka þá sök á mig og ekki vera að velta henni yfir á aðra. Hitt er annað mál, að hér er um alveg ljóst ákvörðunaratriði að ræða. Þess var ekki að vænta, að sveitarfélögin féllust út af fyrir sig á eða yrðu því meðmælt, að ráðin yrðu af þeim tekin. Það lá alveg í augum uppi, að aukið eftirlit hlýtur að sæta litilli [illegible] af þeirra hálfu. Hins vegar er það engum blandið, að nú stendur að mínu viti sérstaklega á vegna þess ástands, sem er í efnahagsmálum af þeim sökum, sem ég hef greint, — mínir andstæðingar hafa á því aðrar skoðanir og skýringar, það vitum við, — en hér bætist það við, að með hinum miklu niðurgreiðslum er ríkið nú að taka á sig mikil útgjöld, sem ella hefðu að verulegu leyti lent á sveitarfélögunum. Með niðurgreiðslunum og verðstöðvuninni er unnið að því að létta stórri byrði af sveitarfélögunum, og það er eðlilegt, að ríkið segi: Ef ég á að taka þessa byrði á mig, er eðlilegt, að ég vilji fylgjast með því, að aðrir aðilar geri ekki að engu það, sem verið er að reyna að gera, — við skulum tala varlega.

Ég vil aðeins skjóta því inn í hér, að það er ekki svo, að ég hafi lýst því yfir, að nýir skattar yrðu á lagðir, það er misskilningur. Ég hef sagt, að nýir skattar þyrftu ekki að verða vegna þeirra ákvarðana, sem þegar hafa verið teknar, en með því vil ég ekki binda mig varðandi áhrif af nýjum ákvörðunum. Hitt er einnig misskilningur, að ríkið sjái ekki fyrir útgjöldum seinni hluta ársins næsta, þessi lög eiga ekki að gilda nema til 31. okt., en ef það þykir eðlilegt að halda sams konar niðurgreiðslum til ársloka, hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir, að fé verði lagt til hliðar af tekjuafgangi þessa árs, þannig að fjármagn til að standa undir því sé fyrir höndum.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði, að það þyrfti að stemma á að ósi, en verðbólgustraumnum yrði ekki eytt með þeim aðferðum, sem við höfum hér. Í versta tilfelli, skulum við segja, eins og orðheppinn maður sagði við mig, að það sé verið að veita straumnum í hina leiðina, þannig að hún verði atvinnulífinu ekki til tjóns. Látum það eiga sig. En að lokum vil ég lýsa mikilli undrun minni yfir því, ef hv. 1. þm. Norðurl. e. og hans flokksbræður telja þetta frv. vera vantraust á ríkisstj. Af hverju ætla þeir þá ekki að greiða atkv. með vantraustinu?

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Það er aðeins örstutt aths. Ég ætla mér ekki að hindra það, að hér sé hægt að hafa þingfrestunarfund eftir nokkrar mínútur, en ég sé mig tilneyddan að leiðrétta mjög bagalegan misskilning, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. varðandi þær tölur, sem ég fór hér með varðandi aukinn hlut verzlunarinnar. Það er víst rétt, að ég sagði, að ég teldi, að þetta dæmi, sem ég setti upp, þyrfti endurskoðunar við, en viss atriði þurfa að mínu viti engrar endurskoðunar við. Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að álagningargrundvöllur verzlunarinnar hefur nærri ferfaldazt síðan 1959, vaxið um 269%. Það geta menn gengið úr skugga um með því að lesa Hagtíðindin. Og það er líka alrangt, að ég hafi ekki miðað

við þjóðartekjurnar, aukningu þeirra, því að ég tók það einmitt skýrt fram og miðaði mína útreikninga við það, að hlutur verzlunarinnar miðað við aukningu þjóðartekna annars vegar 1959 og hins vegar 1965 hefði vaxið um 65%. Þetta eru staðreyndir, sem ekki verður haggað og að mínu viti þurfa ekki neinnar endurskoðunar við. Hitt er svo aftur rétt, að mínar tölur varðandi, hvað álagningarupphæðin af innflutningnum væri mikil, það eru hreinar ágizkunartölur og þær þurfa fullkomlega endurskoðunar við. Þær geta verið 3 milljarðar, eins og ég hélt fram, þær geta verið eitthvað minna, en þær geta líka verið meira.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 188).

---

12. Samkomudagur reglulegs Alþingis.

Á 13. fundi í Sþ., 2. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis [83. mál] (stjfrv., A. 111).

Á 22. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt og kemur fram í grg. frv., hefur það nú um langt árabil verið föst regla, að þing kæmi saman fyrri hlutann í október, og miðað við þjóðhætti nú á dögum mundi það vera frágangssök að láta reglulegt þing koma saman í byrjun febrúar eða um miðjan febrúar, eins og áður var ætlazt til, og ljúka samningu fjárl. þannig að vori til. Þetta á ekki lengur við, reynslan hefur alveg skorið úr um það. Enn þá stendur hins vegar hinn gamli tími í stjórnarskránni, sem hefur orðið til þess, að á hverju ári hefur þurft að bera fram frv. um breytingu við þetta. Þetta hefur í raun og veru tekið stuttan tíma, verið formlegt mál, en þó er ástæðulaust að vera með slíka lagasetningu á hverju ári. Ég sé engin rök mæla með því. Hitt játa ég, að þetta er ekki mikilsvert mál, en vinnusparnaður, það sem það nær.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn., til þess að menn geti þar athugað það. Venjan er sú, að þessi frv., sem hafa verið miðuð við eitt ár í senn, hafa gengið nefndarlaust gegnum þingið oftast nær, en þar sem hér er ætlazt til, að breytt sé til frambúðar, þykir mér rétt, að frv. fari til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 111, n. 209).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og segir í aths. við lagafrv. þetta, segir í 35. gr. stjórnarskrárinnar, að reglulegt Alþ. skuli koma saman ár hvert 15. febr. eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti lýðveldisins ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu, og þessu megi þó breyta með lögum. Ríkisstj. hefur lagt til, að reglulegt Alþ. skuli koma saman ár hvert 10. okt. eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti Íslands ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu. Og eins og fram kemur um samkomudag reglulegs Alþ., hefur sú hefð skapazt, að Alþ. hefur komið saman í októberbyrjun og nú í seinni tíð 10. okt., og telur allshn. eðlilegt, að þessi breyting verði gerð, og leggur einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., 13. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þm. eru vanir því nú í mörg ár, að um þetta leyti ársins er flýtt í gegnum þingið frv. um

að breyta samkomudegi þingsins það ár, færa hann frá 15. febr. fram til októberbyrjunar. Þetta varð til þess, að í haust ákvað ríkisstj. að breyta til, að bera fram till. um að breyta því ákvæði stjskr., sem heimilt er að breyta með lögum, að samkomudagurinn skuli vera 15. febr., ef ekki verður öðruvísi ákveðið, og færa það aftur til 10. okt.

Málið hefur því miður tafizt nokkuð í hv. Nd., en þar voru allir sammála um afgreiðslu þess, — einungis fyrir vangá, að því var ekki hraðað meir. Þess vegna kemur þessi till. nú, ef svo má segja, á síðustu stundu fyrir þessa hv. d. Ég hygg, að að athuguðu máli geti enginn haft á móti því, að það sé betra að spara sér þessa árlegu löggjöf, og því sé skynsamlegra að fallast á frv. í því formi, sem það er nú, heldur en að hafa það með þeim hætti, sem undanfarið hefur verið og hefur leitt til þess, að þessa breyt. hefur þurft að gera á hverju einasta ári um langan tíma.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta. Um málið var enginn ágreiningur í Nd., þó að það hafi tafizt, en það þarf í síðasta lagi að afgreiðast frá þessari hv. d. á morgun. Hvort hún vill skipa í það nefnd og þá með það fyrir augum, að hún ljúki störfum í dag, eða afgreiða það nefndarlaust, það læt ég út af fyrir sig afskiptalaust. Í Nd. var það hv. allshn., sem hafði um málið að fjalla, og ef málið yrði sent hér til nefndar, þá væri eðlilegt, að það væri sent til hinnar sömu nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 111, n. 219).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd., og er efni þess það, að reglulegt Alþ. skuli koma saman ár hvert 10. okt. eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti Íslands ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu. Í 35. gr. stjórnarskrárinnar er sagt, að reglulegt Alþ. skuli koma saman ár hvert 15. febr. eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti lýðveldisins ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu, en þessu megi þó breyta með lögum. Hins vegar hefur um allmörg undanfarin ár samkomudagur Alþ. verið ákveðinn með sérstökum lögum fyrir eitt ár í senn, oftast 10. okt., en frv. gerir ráð fyrir, að sá dagur verði lögfestur til frambúðar, enda þykir reynslan hafa sýnt, að sá samkomutími sé heppilegur.

Allshn. hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ., en einn nm. var fjarstaddur, þegar n. afgreiddi málið, hv. 1. þm. Vestf., Hermann Jónasson.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 226).

---

13. Vernd barna og ungmenna.

Á 8. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna [40. mál] (stjfrv., A. 42).

Á 9. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Síðasta Alþ. samþykkti ný lög um vernd barna og ungmenna. Samkv. þeim l. bar að skipa nýtt barnaverndarráð. Formaður þess hefur verið undanfarin 18 ár Sveinbjörn Jónsson hrl. Þegar ég ætlaði að endurskipa hann samkv. hinum nýsamþykktu l., var mér bent á, að samkv. orðalagi l. væri það ekki heimilt, vegna þess að sú breyting hafði verið gerð frá fyrri l., að formaður barnaverndarráðsins skyldi vera embættisgengur lögfræðingur, en í löggjöfinni áður hafði aðeins staðið, að formaður barnaverndarráðs skyldi vera lögfræðingur. En svo vildi til, að Sveinbjörn Jónsson var einmitt nýorðinn sjötugur eða 71 árs og gat því ekki talizt embættisgengur lögfræðingur lengur. Í mínum huga var það alltaf tilætlunin að fara þess á leit við þann ágæta lögmann að gegna áfram þessu starfi, og tjáði hann sig reiðubúinn til þess.

Ég held, að engum hafi hugkvæmzt það eða dottið það í hug, þegar þessi smávægilega breyting var gerð á fyrri barnaverndarlögum, að lögfræðingur skyldi vera embættisgengur, að það mundi hafa í för með sér, að ráðh. yrði ekki unnt að endurskipa þann mann, sem með miklum sóma hefur gegnt formennsku í barnaverndarráði um hvorki meira né minna en 18 ára skeið. Þess vegna voru þau brbl., sem hér eru nú lögð fyrir hv. d., gefin út, en efni þeirra er það, að felld er niður sú krafa, að lögfræðingur skuli vera embættisgengur, og greinin orðuð eins og hún áður var í gömlu barnaverndarlögunum, að

formaðurinn skuli vera lögfræðingur. Vona ég, að hv. d. fallist á þessi rök mín fyrir þessum brbl.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, n. 103).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þegar frv. til l. um breyt. á l. um vernd barna og ungmenna var lagt hér fram á Alþingi fyrir nokkrum missirum, voru í því till. um að setja mjög ströng aldurstakmörk fyrir þá, sem sitja mega í barnaverndarnefndum og í barnaverndarráði. Við meðferðina á þessu máli hér á þingi voru þessar takmarkanir felldar burt. Hins vegar var látið standa það ákvæði, að formaður barnaverndarráðs skuli vera embættisgengur lögfræðingur. Það þótti sjálfsagt að tryggja, að í barnaverndarráði væri lögfræðingur, þar sem ráðið hefur að ýmsu leyti völd, sem eru sambærileg við dómstóla um líf og örlög einstaklinga í landinu. En þetta ákvæði, „embættisgengur lögfræðingur", felur í sér aldurstakmark, og þegar það kom á daginn, að þarna hafði orðið eftir aldurstakmark, á sama tíma sem þingið hafði fellt slík aldurstakmörk burt úr frv., voru gefin út brbl. þau, sem hér eru til staðfestingar. Lögin eru því aðeins um það að tryggja samræmi í öllum barnaverndarlögunum á þá lund, að ekki séu sett aldurstakmörk, enda var það niðurstaða hér, að rétt væri á þessu sviði að hafa opna möguleika til þess að nýta starfskrafta manna fram yfir þau takmörk, sem eru talin eðlilegri við fullkomin embættisverk.

Menntmn. hefur fjallað um frv. þetta og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 23. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar með shlj. atkv. að einróma meðmælum hv. menntmn. deildarinnar.

Efni málsins er einfalt. Þegar ný löggjöf um vernd barna og ungmenna var undirbúin fyrir 2—3 árum, gerði sú n., sem frv. undirbjó, ráð fyrir því, að tekið væri í lögin ákvæði um hámarksaldur þeirra manna, sem gætu setið í barnaverndarráði og barnaverndarnefndum. Þessi ákvæði frumvarps undirbúningsnefndarinnar voru felld niður í hv. Nd., en eitt ákvæði hélzt þó, að ég hygg að sé óhætt að segja fyrir misgáning hreinan. Ákvæði fyrr í lögunum hafði verið um það, að formaður barnaverndarráðs skyldi vera lögfræðingur, en undirbúningsnefndin hafði breytt þessu ákvæði þannig, að hún sagði: „Formaður barnaverndarráðs skal vera embættisgengur lögfræðingur." En krafan um embættisgengi táknar þarna það, að formaður ráðsins má ekki vera eldri en 70 ára. Ég hygg sannast að segja, að menn hafi bara ekki athugað, um leið og menn felldu almennu ákvæðin um hámarksaldur meðlima barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar niður, að ákvæði um hámarksaldur fólst í kröfunni um það, að formaður barnaverndarráðs skyldi vera embættisgengur lögfræðingur. Mér var a. m. k. ekki ljóst, hvað þetta þýddi, því að þegar ég ætlaði að fara að skipa formann ráðsins og endurskipa þann mann, sem gegnt hefur því starfi í 17 ár, Sveinbjörn Jónsson hrl., var mér af embættismönnum bent á, að ég mætti ekki skipa hann, því að hann væri nýorðinn sjötugur. En hann var tilbúinn að gegna þessu starfi áfram, enda hefur hann gegnt því með miklum sóma um langt skeið, og þegar yfirlýsing hans um það lá fyrir, var það ráð tekið að gefa þessi brbl. út, sem hér er nú leitað staðfestingar á. Í þeim felst ekkert annað en það, að ákvæðin um formann barnaverndarráðs eru eins og þau hafa verið undanfarna áratugi, að hann skuli vera lögfræðingur, en þurfi ekki að vera embættisgengur, eins og komst inn í frv., þegar það var afgreitt á sínum tíma. Þetta er efni málsins.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, n. 225).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út á s. l. sumri. Þegar afgreidd voru á síðasta þingi lög um vernd barna og ungmenna, höfðu verið felld niður ákvæðin um hámarksaldur í ýmsum tilvikum, sem verið höfðu í frv., þegar það var

lagt fyrir þingið. Í niðurlagi 1. mgr. 12. gr. l. segir, að formaður barnaverndarráðs skuli vera embættisgengur lögfræðingur, en í því felst að sjálfsögðu m. a. aldurshámark. Breyting sú, sem hér er lagt til að gerð verði á l., er einfaldlega sú, að niður falli orðið „embættisgengur", sem segja má að sé til samræmingar við það, sem ég áður rifjaði upp, afnám aldurshámarksákvæða í meðförum þingsins á l. um vernd barna og ungmenna.

Menntmn. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. Tveir nm., þeir 1. þm. Norðurl. e. og 5. þm. Reykn., voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 248).

14. Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Á 15. fundi í Ed., 15. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97 18. des. 1961 [62. mál] (stjfrv., A. 69).

Á 16. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er ekki mikið að vöxtum, eins og hv. alþm. er ef til vill þegar kunnugt af lestri þess. Sú eina breyt. er fólgin í þessu frv. frá gildandi l. um verðlagsráð sjávarútvegsins, að með samþykkt þessa frv. yrði tekinn inn liður, sem hefur valdið ákaflega miklum erfiðleikum í sambandi við verðlagningu á sjávarafurðum undanfarin ár, en það er úrgangshlutinn, sem hefur verið nánast utan starfssviðs verðlagsráðs, fiskúrgangur, og hefur orðið að semja um hann eftir ýmsum óákveðnum og tilviljunarkenndum leiðum á undanförnum árum, en með þessu frv. er hugsað að bæta úr á þann veg, að verðlagsráð skuli einnig ákveða verð á fiskúrgangi jafnframt öðrum ákvörðunum, sem það skal taka skv. gildandi lögum.

Í sambandi við umr. um verðlagsráð sjávarútvegsins að undanförnu hefur gætt æðimikils misskilnings, sem ég tel rétt að nota hér tækifærið til að leiðrétta, og vildi í því sambandi taka fram eftirfarandi:

1) Frá því lögin um verðlagsráð sjávarútvegsins komu til framkvæmda í ársbyrjun 1962 og þar til í árslok 1964, er lagabreytingin gekk í gildi, tók yfirnefnd 11 verðákvarðanir, 7 voru gerðar með atkv. oddamanns og fulltrúa kaupenda gegn atkv. annars eða beggja fulltrúa seljenda, 3 voru gerðar með atkv. oddamanns og fulltrúa seljenda gegn atkv. kaupenda eða með hjásetu þeirra og 1 var gerð með úrskurði oddamanns eins.

2) Frá því að breytingin á verðlagsráðstöfunum gekk í gildi, frá ársbyrjun 1965, hefur yfirnefnd tekið 21 verðákvörðun, þar af hafa 3 verið teknar með almennu samkomulagi, 5 hafa verið teknar með atkv. oddamanns og fulltrúa fiskkaupenda gegn atkv. fiskseljenda, en 13 hafa verið teknar með atkv. oddamanns og fulltrúa fiskseljenda gegn atkv. kaupenda.

3) Þetta yfirlit sýnir ljóslega, að breyting laganna á árinu 1964 hefur leitt til mun hagkvæmari niðurstöðu fyrir seljendur en áður var. Sú breyt. fól tvennt í sér: a) að settur var fastur oddamaður, forstjóri Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans; b) að mælt var svo fyrir, að taka skyldi tillit til kostnaðar bæði við vinnsluna og við öflun hráefnis.

Það getur verið nokkurt álitamál, hversu margar verðlagningar skulu teljast, þegar margar ákvarðanir hafa verið teknar í einu og eru oft felldar inn í einu og sömu verðlagninguna. Í yfirlitinu hefur þeirri reglu verið fylgt, að telja verðlagningu á síld til bræðslu, frystingar og söltunar sérstaka verðlagningu, enda þótt ákvarðanir hafi verið teknar um þau atriði í einu lagi. Þetta atriði tel ég vegna opinberra umræðna um störf verðlagsráðs vera nauðsynlegt að kæmi hér fram.

Um frv. sjálft vil ég að öðru leyti vísa til þeirrar grg., sem því fylgir, og upphafsorða minna hér, þar sem ég tel ekki frekari skýringa þörf á framgangi málsins.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 234, 235).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Sú breyt. á l. um verðlagsráð sjávarútvegsins, sem með frv. þessu er lagt til að gerð verði á verðlagsráðslögunum, er í því fólgin, að verðlagsráðið ákveði verð á fiskúrgangi, en allt til þessa má segja, að síldar- og fiskimjölsverksmiðjurnar hafi sjálfar verðlagt þetta hráefni og metið, hversu hátt verð þær gætu greitt fyrir fiskúrganginn hverju sinni. Út af þessu hefur komið í ljós óánægja hjá þeim aðilum, sem hráefnið selja, og hafa krafizt þess, að verðlagsráð taki málið í sínar hendur og verðleggi fisk-

úrganginn, eins og nú á sér stað um aðrar greinar sjávarútvegsframleiðslunnar yfirleitt.

Frá Félagi síldar- og fiskimjölsverksmiðja á Suður- og Vesturlandi barst nefndinni erindi, þar sem þess er óskað, að deild sú í verðlagsráði sjávarútvegsins, sem kemur til með að fjalla um verðlagningu á fiskúrgangi til mjölvinnslu samkv. frv. þessu, verði einnig látin ákveða verð á úrgangsfiski til mjölvinnslu. N. er sammála um að verða við umræddri ósk félagsins og hefur í samræmi við það leyft sér að bera fram brtt. á sérstöku þskj., en að öðru leyti mælir n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 235 (ný 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 258).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 45. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 46. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 258, n. 279).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 258, er komið til þessarar hv. d. frá Ed., þar sem það var samþ. með shlj. atkv. og gerð á því aðeins ein minni háttar breyting. Frv. er fram borið vegna þess að það hefur sýnt sig við ákvörðun fiskverðs á undanförnum árum, að það muni vera nauðsynlegt, að verðlagsráð sjávarútvegsins fjalli um verð á fiskúrgangi og úrgangsfiski, jafnframt því sem það fjallar um verð á ferskfiski. En þegar l. um verðlagsráð sjávarútvegsins voru upphaflega sett, voru þau eingöngu miðuð við það, að ráðið fjallaði um verð á ferskfiski. Fiskúrgangur er það mikill hluti af fiskinum, að það hefur mikil áhrif á sjálft fiskverðið, hvernig fer um sölu á fiskúrganginum og úrgangsfiski. Þess vegna er nú lagt til í þessu frv., að verðlagsráðið fjalli einnig um verð á þeim afurðum. Eins og frv. ber með sér, er gert ráð fyrir, að tekin verði upp hliðstæð skipun verðlagsráðs, þegar það fjallar um verð á þessum afurðum, úrgangsfiski og fiskúrgangi, eins og á því er, þegar það fjallar um aðrar afurðir, og sé ég ekki ástæðu til að rekja það nánar. Það kemur fram í 2. gr. frv., hvaða aðilar eiga að tilnefna fulltrúa í verðlagsráð, þegar það fjallar um þetta.

Sjútvn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir frá hv. Ed.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 303).

---

15. Varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma.

Á 20. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra** [95. mál] (stjfrv., A. 190).

Á 35. fundi í Sþ., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Eins og sjá má í grg. þessa frv., hefði mátt ætla, að það hefði verið flutt fyrr inn í hv. Alþ. En þannig var nú ástatt, að frv. barst til rn. undir þinglok 1966 og gafst því ekki tími þá til þess að bera það fram. Enda þótt n., sem samdi frv., hefði skilað því af sér 16. febr. 1966, þá féll málið einhvern veginn þannig á milli, að það kom ekki fram í rn. fyrr en undir þinglok. Þetta ætti ekki að koma að sök, ef frv. yrði að lögum á þessu þingi. En frv. þetta er samið að tilhlutan landbrn.

Með bréfi landbrh. 28. jan. 1965 var sauðfjársjúkdómanefnd falið að taka til endurskoðunar lög um sauðfjárveikivarnir og gera till. um breyt. á þeim í samráði við Guðmund Gíslason lækni og Pál A. Pálsson yfirdýralækni, og komið höfðu fram till. frá Guðmundi Gíslasyni, sem voru látnar fylgja bréfinu.

Eins og sjá má í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að lögin nái hér eftir til fleiri sjúkdóma en áður, og orðið mæðiveiki er fellt niður,

vegna þess að mæðiveiki er nú talið að hafi verið útrýmt, og vonandi sækir sá vágestur okkur ekki heim á ný.

Þá er í 2. gr. gert ráð fyrir að fella niður síðustu orðin, þ. e. fjárskiptum innanlands. Er litið svo á, að sú aðferð geti naumast hér eftir verið aðalatriði í hindrun á útbreiðslu og útrýmingu sauðfjársjúkdóma.

Í 3. gr. frv., þ. e. II. kafla, 5. gr., eru lagðar til nokkrar breytingar á verkefni sauðfjársjúkdómanefndar. Eru þær fólgnar í því, að n. stuðli að heilbrigðiseftirliti og auknum rannsóknum á sauðfjársjúkdómum, einnig að hún geri viðeigandi varúðarráðstafanir, ef grunur kemur upp um aukna sýkingarhættu og ef sóttvarnarreglur eru brotnar eða vanræktar.

Þá er lagt til samkv. 4. gr., að kaflinn heiti: „Um sauðfjárvarnarsvæði og varnir" í stað „Um varnarlínur og varnir". Er þetta aðeins orðalagsbreyting, sem segja má, að skipti ekki miklu máli, en virðist þó fara betur.

Þá er gert ráð fyrir, að 9. gr. l. verði breytt, þar sem gengið er út frá því, að varnarlínum verði haldið við minnst 9 ár, eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum. Í till. er lagt til, að 9 ára tímabilinu sé sleppt, en í staðinn komi, að varnarlínunni sé haldið við, þar til fullvíst þykir, að búfjársjúkdómar geti ekki leynzt öðrum megin línunnar.

Í 7. gr., breyt. við 13. gr. l., er gert ráð fyrir verulegri efnisbreytingu. Eins og gr. er nú, er algert bann við því að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur nema vegna fjárskipta. Reynslan hefur sýnt, að þetta ákvæði torveldar mjög kynbætur á sauðfé í landinu, og hafa nú síðari árin færzt mjög í aukana kröfur um, að hér verði breyting gerð á. Er því lagt til, að sauðfjársjúkdómanefnd fái heimild til að leyfa flutning á kynbótafé yfir varnarlínur með mjög ströngum skilyrðum. Er gert ráð fyrir, að sett verði sérstök reglugerð um slíka flutninga auk þeirra ákvæða, sem nú eru í lagagr. þessari.

Þá er breyting við 14. gr. l. og bætt við heimild fyrir sauðfjársjúkdómanefnd til að banna fjárflutninga innan sauðfjárvarnarsvæða. Er þá einkum átt við það, að ef varnarlína er lögð niður, sé eins fyrir því hægt að banna t. d. flutning á heilum fjárbúum yfir línuna.

Við 15. gr. l. er sú breyting, að sauðfjársjúkdómanefnd geti fyrirskipað, að slátrun á fullorðnu fé verði sameinuð í lok sláturtíðar eða þegar hentugt þykir, einnig að sláturleyfishafar annist söfnun, merkingu og geymslu líffæra. Þessi ákvæði eru hugsuð til þess að auðvelda nauðsynlegar líffærarannsóknir.

Þá eru nokkrar fleiri smávegis breytingar, sem ekki skipta neinu verulegu máli. En n., sem samdi frv., þeir Guðmundur Gíslason, Páll A. Pálsson, Sæmundur Friðriksson, segja hér sem lokaorð, að allar þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á l., séu í samræmi við reynslu þá, sem fengizt hefur við framkvæmd þeirra þann tæpa áratug, sem liðinn er, síðan þeim var síðast breytt, engan þurfi að undra, þótt þörf sé á að breyta löggjöf eftir svo langan tíma um starfsemi eins og þá, sem hér um ræðir. Þessar breytingar eiga ekki að hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, heldur er hér aðeins um breytingar á framkvæmd l. að ræða, gera lagaákvæðin skýrari og einfaldari en þau nú eru og byggja á því, sem nú er nauðsynlegt að hafa í gildi miðað við framkvæmdir, en aftur sleppt því, sem sýnist vera orðið úrelt og tilheyrir fortíðinni.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 190, n. 246).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar og meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 frá 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra. Eins og segir í aths. við þetta frv., sem er stjfrv., eru þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir á þessum l., gerðar í samræmi við þá reynslu, sem orðin er á framkvæmd þessara l. á undanförnum árum, enda má segja, að þessar breytingar snerti nær einvörðungu framkvæmd l., miði að því að gera ákvæði þeirra skýrari og öllu einfaldari.

Landbn. leggur einróma til, að frv. verði samþ., en leggur til, að á því verði gerðar smávægilegar breytingar, og eru brtt. n. prentaðar á þskj. 246. Í frv. kemur tvisvar sinnum fyrir orðið búferlaflutningur. Það kemur fyrir í 1. gr. og það kemur fyrir í 8. gr., og í 8. gr. frv. segir svo: „Til viðbótar við 14. gr. komi: Einnig er n. heimilt að banna búferlaflutninga innan sauðfjárvarnasvæðis" o. s. frv. En í aths. segir svo aftur, að það sé lagt til, að n. verði heimilað að banna búfjárflutninga innan sauðfjárvarnasvæða. Við í landbn. gátum ekki fallizt á það, að það fælist það sama í þessum tveimur orðum: búferlaflutningur og búfjárflutningur. Það er allmiklu viðtækara, sem felst í orðinu búferlaflutningur, og við gátum sem sagt ekki mælt með því, að sauðfjársjúkdómanefnd væri gefið vald til þess að banna búferlaflutninga. Þess vegna leggjum við til, að í stað orðsins „búferlaflutningur" komi „búfjárflutningur" á þessum tveimur stöðum í frv. Að vísu mun það ekki hafa vakað fyrir þeim, sem sömdu frv., að sauðfjársjúkdómanefnd fengi þetta vald í hendur, en þeir áttu við það, að nefndinni væri gefin heimild til, ef svo vildi verkast, að banna flutning heilla fjárbúa eða kúabúa frá einum stað til annars innan þeirra svæða, þar sem veiki hefur verið.

Við flytjum brtt. við 7. gr., en þar er gert ráð fyrir, að sauðfjársjúkdómanefnd geti leyft flutning á kynbótafé yfir varnarlínur. Við lítum svo á í n. og vorum sammála um það, að

við allar slíkar leyfisveitingar og allar slíkar undanþágur yrði að gæta fyllstu varúðar, og við leggjum því til, að slík leyfi verði ekki veitt, nema til komi samþykki yfirdýralæknis. Að vísu má segja, að þetta ákvæði sé í frv., en við viljum bæta þessum orðum við á eftir orðinu „sauðfjársjúkdómanefnd" í 7. gr. til þess að taka af öll tvímæli um þetta.

B-liðurinn í brtt. okkar við 7. gr. er einvörðungu leiðrétting á máli, og aðrar brtt. flytur n. ekki, en eins og ég sagði, leggur hún einróma til, að frv. verði samþ. með þessum smávægilegu breytingum, sem ég hef nú gert grein fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 246,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 246,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 246,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
9.—15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 260).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 44. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Nd. Það var samið af sauðfjársjúkdómanefnd í samvinnu og samráði við Guðmund Gíslason lækni og Pál A. Pálsson yfirdýralækni, og fylgir frv. grg.

Það er ekki gert ráð fyrir, að þessar breytingar, ef að l. verða, hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Grg. sú, sem fylgir frv., segir í rauninni allt um það, hvað í frv. felst. Frv. miðast við það, að mæðiveikin gamla, sem lengi hefur herjað hér, er talin vera útlæg orðin, og breytingar eru þess vegna gerðar um það, að l. nái ekki aðeins til mæðiveikinnar, heldur og til fleiri sauðfjársjúkdóma, ef upp kynnu að koma. Þá eru nokkur ný ákvæði um varnarlínur, viðhald girðinga o. s. frv. Þá er einnig ákvæði um það, að heimilt skuli vera að flytja fé á milli ýmissa héraða, þar sem sjúkdómar hafa ekki herjað áður, en það hefur verið algerlega bannað fram að þessu og hefur m. a. átt þátt í því að hindra kynbætur í ýmsum landshlutum.

Hv. Nd. samþ. frv. með lítils háttar breytingum, sem eru ekki neinar meiningar-, heldur aðeins orðalagsbreytingar.

Ég tel, herra forseti, að þar sem skýringar eru svo nákvæmar með frv. sem sjá má, sé ekki ástæða til þess að hafa þessi orð fleiri, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 260, n. 324).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Lagabálkur þessi um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma fjallar einkum um svonefnda þurramæði og garnaveiki í sauðfé, en getur þó einnig náð til fleiri næmra sjúkdóma í búfé. Lög um þetta efni voru sett fyrst, þegar hafizt var handa um útrýmingu mæðiveikinnar eða hinna alræmdu karakúlsjúkdóma, sem bárust hingað til lands um 1934, að ég ætla, og komu fyrst upp í Borgarfirði og Þingeyjarsýslu. Í fyrstu var tilgangur laganna að stöðva útbreiðslu pestanna með miklum varnarlínum, girðingum og fjárskiptum, þ. e. a. s. förgun á sýktu fé og grunuðu, og taka fyrir svæði og svæði og girða þau af og hafa fjárlaus eitt til tvö ár í byrjun, flytja síðan inn nýtt, ósýkt fé. Þetta hefur tekizt þannig, að fjárpestir þessar hafa ekki valdið mjög miklu tjóni nú í seinni tíð, og haldið er, að tekizt hafi að útrýma einni tegund þessara fjárpesta, mæðiveiki. Aftur á móti er svonefnd þurramæði enn að skjóta upp kollinum á stöku stað, og garnaveiki er landlæg í stórum landshlutum og er haldið í skefjum með bólusetningu og ýmiss konar varnarráðstöfunum, varnarlínum, þar sem fé er varnað að fara yfir tilteknar línur, til að forða því frá að ganga innan um hið sýkta fé.

En af langri reynslu hafa þeir menn lært nokkuð, sem við þessi mál hafa fengizt, og telja nú þörf á að breyta ýmsum ákvæðum laga þessara með hliðsjón af reynslunni og breyttum tímum. Guðmundur Gíslason læknir hefur allra manna mest unnið að því að stemma stigu við útbreiðslu þessara sjúkdóma og er aðalhöfundur að þeim breytingum, sem hér er lagt til að gera á eldri lögum, sem munu vera í þeirri mynd, sem þau nú eru, frá 1956. Með honum hafa unnið að samningu þessara breytinga sauðfjársjúkdómanefnd og yfirdýralæknirinn, Páll A. Pálsson, að frumkvæði landbrh. Gerð er nú einhver breyting á 15 greinum l. frá 10. marz 1956, nr. 23, og miða breytingar að því, að fyrirbyggja sem mest, að sjúkt og heilbrigt fé nái að hittast, og auka frá því, sem verið hefur, rannsóknir og leit að sjúkdómum, þar sem þeir kynnu að leynast. Þá er í smærri atriðum breytt nokkrum ákvæðum varðandi varnarlínur og viðhald þeirra. Enn er sú breyting gerð á lögunum, eða er ætlað að gera á lögunum, að nú er ekki gert ráð fyrir fjárskiptum í stórum

stíl, sem upphaflega var tilgangur laganna um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Af reynslu þykir nú mega ráða, að komast megi hjá svo stórfelldum og kostnaðarsömum aðgerðum, ef allrar varúðar er gætt, sem í frv. er gert ráð fyrir.

Þess ber að geta, að ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði, þó að þetta frv. verði samþykkt, við varnir þessar og ekki heldur að draga úr bótum til bænda, sem verða fyrir stórfelldu tjóni af völdum sauðfjársjúkóma.

Landbn. hefur leitazt við að fara vandlega yfir þetta frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Tveir hv. landbúnaðarnefndarmenn gátu ekki mætt á þeim fundi, þar sem málið var afgreitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 366).

---

16. Námslán og námsstyrkir.

Á 4. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um námslán og námsstyrki [22. mál] (stjfrv., A. 22).

Á 5. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. er gert ráð fyrir mjög gagngerðri breytingu á núgildandi skipan opinberra námslána og námsstyrkja til stúdenta við Háskóla Íslands og íslenzkra námsmanna erlendis.

Núgildandi lög um þessi efni eru frá árinu 1961. Í þeirri lagasetningu fólst á sínum tíma mikil endurbót frá því, sem áður hafði verið. Fastari skipan var þá komið á lánveitingar og styrkveitingar, og í kjölfar þessarar lagasetningar varð veruleg aukning á bæði lánum og styrkjum til íslenzkra námsmanna. Engu að síður hefur það skipulag, sem þá var upp tekið, ekki reynzt eins æskilegt og þá var vonað, og enn er þörf verulegrar aukningar og stuðnings við íslenzka námsmenn bæði heima og erlendis. Af þessum sökum skipaði ég í júní 1964 nefnd til að endurskoða þessi lög, og skilaði hún áliti í sept. s. l. Í nefndinni áttu sæti Árni Gunnarsson fulltrúi í menntmrn., Baldvin Tryggvason framkvstj. og fulltrúi í menntamálaráði, Gunnar Vagnsson deildarstjóri, ritari lánasjóðs stúdenta, Hörður Einarsson, sem þá var stud. jur. og fulltrúi í stúdentaráði, Jón Steffensen prófessor, sem þá átti sæti í háskólaráði, Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri í fjmrn. og Þórir Bergsson cand. act., ráðnautur Sambands ísl. námsmanna erlendis. Í nefndinni áttu þannig sæti fulltrúar bæði menntmrn. og fjmrn., menntamálaráðs, sem ráðstafað hefur lánum og styrkjum til íslenzkra námsmanna erlendis, háskólaráðs og íslenzkra stúdenta við Háskóla Íslands og erlendis. Þessi nefnd varð sammála um tillögugerð, og er þetta frv. samhljóða því frv., sem þessi nefnd samdi, að einu atriði frátöldu, sem ég mun víkja að síðar.

Ég skal nú rekja helztu breytingarnar, sem samþykkt þessa frv. mundi hafa í för með sér á núgildandi skipan þessara mála.

Samkvæmt gildandi lögum er stuðningur ríkisins við námsmenn tvenns konar: námslán, sem ekki þarf að hefja endurgreiðslu á fyrr en 3 árum eftir að námi lýkur og eru þá til 15 ára með 3½% vöxtum, og námsstyrkir, sem ekki þarf að endurgreiða.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að aðstoð hins opinbera við námsmenn sé áfram fólgin sumpart í hagstæðum lánum og sumpart í styrkjum. Sú breyting er þó gerð varðandi námslánin, að gert er ráð fyrir því, að endurgreiðsla hefjist ekki fyrr en 5 árum eftir að námi lýkur og endurgreiðist lánið þá með jöfnum afborgunum á 15 árum, en vextirnir verði hins vegar 5%. Breytingin yfir í árgreiðslu eða annuitetsgreiðslu veldur auðvitað því, að afborganirnar verða lægri fyrstu árin en verið hefur, en hins vegar hærri síðari árin.

Skv. núgildandi lögum skiptist lánasjóðurinn í tvær deildir: lánadeild námsmanna erlendis og lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands. Sérstök stjórn er yfir sjóðnum í heild, og hefur henni verið ætlað að skipta ráðstöfunarfé sjóðsins milli hinna tveggja deilda. Hvor deildin um sig hefur síðan sína eigin stjórn eða sinn eiginn úthlutunaraðila, sem skipt hefur því fé, sem deildirnar hafa fengið, milli umsækjenda. Námslánum til stúdenta við Háskóla Íslands hefur verið úthlutað af sérstakri nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar kjörnir af háskólaráði og stúdentaráði ásamt formanni tilnefndum af menntmrh. Námslánum og námsstyrkjum til íslenzkra námsmanna erlendis hefur verið úthlutað af menntamálaráði. Reynslan hefur sýnt, að þessi deildaskipting er ekki heppileg. Hún var ekki tekin upp með lagasetningunni 1961. Áður hafði verið um að ræða sérstaka fjárveitingu til Lánasjóðs ísl. stúdenta við Háskóla Íslands, sem eingöngu veitti námslán, en enga styrki, og fjárveitingu til námslána og námsstyrkja til íslenzkra námsmanna erlendis. Það, sem m. a. var gert með lagasetningunni 1961, var að stofna allsherjar lánasjóð íslenzkra námsmanna, sem fengi fjárveitingar í fjárlögum og gæti tekið lán í bönk-

um, eins og sjóðurinn hefur gert síðan 1961. Þá var hins vegar ekki unnt að ná samkomulagi um það, að einn aðili úthlutaði námslánum og námsstyrkjum. Þess vegna gerðu lögin ráð fyrir því, að sömu aðilar og áður önnuðust sjálfa úthlutunina, en sjóðurinn fékk hins vegar heildarstjórn, sem tók ákvarðanir um lántökurnar og átti að skipta heildarfénu milli deildanna. Nú eru hins vegar allir aðilar, sem hlut eiga að máli, sammála um, að rétt sé að fella þessa deildarskiptingu niður, að lánasjóðurinn verði í raun og veru ein heild og einn aðili úthluti öllum námslánum og námsstyrkjum, bæði til stúdenta við Háskóla Íslands og til námsmanna erlendis.

Í stjórn sjóðsins eiga skv. þessu frv. að vera einn aðili samkv. tilnefningu háskólaráðs, einn samkv. tilnefningu Sambands ísl. stúdenta erlendis, einn skv. tilnefningu stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn skv. tilnefningu fjmrh. og 2 skipaðir af menntmrh. án tilnefningar, og skal annar vera formaður stjórnarinnar, en hinn valinn með hliðsjón af kunnugleika á námi og högum þeirra námsmanna, sem ekki eru stúdentar. Er þannig gert ráð fyrir því, að allir, sem hagsmuna eiga að gæta í sambandi við úthlutun námslána og námsstyrkja, eigi fulltrúa í stjórn lánasjóðsins.

Í gildandi lögum um lánasjóðinn er ekki gert ráð fyrir því, að hliðsjón sé höfð af efnahag námsmanna við ákvörðun námslána. Í þessu frv. er heimilað, að ákvörðun um lán til einstakra námsmanna verði byggð á mati á efnahag þeirra. Ljóst er, að erfitt getur verið að framkvæma slíkt mat af hlutlægni og réttlæti, en ef það tekst, ætti það að tryggja réttlátari skiptingu heildarfjárins, sem lánað er.

Í gildandi lögum er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli leggja sjóðnum tiltekið lágmarksframlag á fjárlögum, þ. e. a. s. 4 millj. 650 þús. kr. Þetta ákvæði hefur verið þýðingarlaust, því að þegar á næsta ári eftir samþykkt laganna var framlagið ákveðið næstum 1 millj. kr. hærra og er á fjárlögum þessa árs meir en tvöfalt lágmarkið, eða 10.9 millj. kr. Þess vegna gerir þetta frv. ekki ráð fyrir neinu ákveðnu lágmarksframlagi. Í 2. gr. frv. er í stað þess mörkuð sú stefna, að opinber aðstoð við námsmenn nægi þeim til þess að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu þeirra til fjáröflunar. Láta mun nærri, að opinber aðstoð við námsmenn nú, þ. e. a. s. samanlögð upphæð lána og styrkja, svari til um það bil helmings þess fjár, sem þeir þurfa á að halda sér til framfærslu, þegar tekið hefur verið eðlilegt tillit til aðstöðu þeirra til fjáröflunar. Núgildandi reglur hafa verið þær, að stúdentar við Háskóla Íslands hafa aðeins fengið námslán, en enga styrki, og námslán hafa þeir ekki fengið fyrr en á síðari hluta 2. námsárs. Námsmenn erlendis hafa eingöngu fengið námslán á fyrstu tveim námsárunum, en úr því bæði lán og styrki. Námslánin hafa yfirleitt verið jafnhá öll árin, bæði til stúdenta við Háskóla Íslands og námsmanna erlendis. Ef þetta frv. nær fram að ganga, er ætlunin að gera þá grundvallarbreytingu á úthlutun námslána, að lánin verði vaxandi hluti af umframfjárþörf námsmannsins, eftir því sem lengra líður á námstímann. Er gert ráð fyrir því, að 1. námsárið nemi lánveitingarnar 30% af umframfjárþörfinni, 2. árið 40%, 3. árið 50%, 4. árið 60%, 5. árið 70%, 6. árið 80% og 7. árið 90% af fjárþörfinni, fengju þá námsmenn mismunandi hundraðshluta af heildarumframfjárþörf sinni frá lánasjóðnum eftir því, hversu langt námið væri. Miðað við 3 ára nám fengju menn úr lánasjóðnum 40% umframfjárþarfarinnar, miðað við 4 ára nám 45%, miðað við 5 ára nám 50%, miðað við 6 ára nám 55% og miðað við 7 ára nám 60% umframfjárþarfarinnar. Til viðbótar þessu kæmu síðan styrkirnir, en þeim er framvegis ætlað að verða til þess að jafna aðstöðumun námsmannanna. Mundu þá styrkirnir einkum vera veittir þeim, sem þurfa að greiða verulegan ferðakostnað og há skólagjöld, og þeim, sem hafa erfiða aðstöðu til tekjuöflunar. Tel ég, að stefna sú, sem hér er mörkuð, sé miklu skynsamlegri og réttlátari en sú, sem hingað til hefur verið fylgt. Bæði hækkar nú heildarhlutfallið, sem námsmenn fá frá hinu opinbera til að greiða umframfjárþörf sína, en einkum dreifist þó aðstoðin réttmætar en verið hefur, þannig að hún verður hlutfallslega mun hærri en nú er til þeirra, sem langt nám stunda.

Þá er það eitt mikilvægasta nýmæli þessa frv., að gert er ráð fyrir, að teknir verði upp námsstyrkir til kandídata, þ. e. a. s. til þeirra, sem leggja stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi. Fram að þessu hefur verið mikill skortur á skilyrðum til að styrkja kandídata til framhaldsnáms. Meðan menn hafa verið við háskólanám, hafa menn átt kost á aðstoð, og þegar menn hafa verið orðnir færir til vísindaiðkana eftir talsvert framhaldsnám, hafa menn einnig átt völ á styrkjum úr Vísindasjóði, sem hefur um 4—5 millj. kr. árlega til ráðstöfunar. Þeir, sem að loknu háskólanámi hafa viljað búa sig undir það að verða vísindamenn eða búa sig undir að gegna tilteknum störfum, hafa hins vegar ekki átt neinna fastra styrkja völ. Frv. gerir ráð fyrir, að úr þessu verði bætt. Stjórn lánasjóðsins skal hafa heimild til þess að veita árlega slíka kandídatastyrki. Í þeirri fjárveitingu, sem gert er ráð fyrir árið 1967 til lánasjóðsins, er gert ráð fyrir 1 millj. kr. til slíkra kandídatastyrkja, og er tilætlunin, að þar verði um að ræða 20 styrki að fjárhæð 50 þús. kr. hver.

Önnur mikilvæg breyting, sem gert er ráð fyrir að sigla mundi í kjölfar þessa frv., er sú, að stúdentar við Háskóla Íslands fái framvegis námslán þegar á 1. ári, svo sem verið hefur um námsmenn erlendis, en til þessa hafa stúdentar við háskólann hér ekki fengið námslán fyrr en á síðari hluta 2. námsárs.

Rétt er að gera nokkurn samanburð á raun-

verulegri námsaðstoð, eins og hún er í ár og hvernig hún mundi verða á næsta ári að óbreyttum lögum og óbreyttu úthlutunarkerfi og hvernig hún verður á næsta ári, ef þetta frv. nær fram að ganga og þær reglur settar skv. því, sem gert er ráð fyrir.

Á þessu ári fá stúdentar við Háskóla Íslands námslán að upphæð 7.4 millj. kr., en námsmenn erlendis námslán að upphæð 10.1 millj. og námsstyrki að upphæð 2.6 millj., eða samtals námsmenn erlendis 12.7 millj. kr. Samanlögð aðstoðin til stúdenta við háskólann hér og námsmenn erlendis nemur því í ár 20.1 millj. kr. Vegna aukins námslánafjölda og hækkandi verðlags mundu lán og styrkir þurfa að vaxa nokkuð á næsta ári, þótt lögin yrðu óbreytt og úthlutunarreglur óbreyttar. Námsaðstoð við stúdenta við Háskóla Íslands mundi á næsta ári að óbreyttum lögum og reglum þurfa að verða 8.8 millj. og lán til námsmanna erlendis 12.3 millj. og styrkir til þeirra 3 millj., eða samtals til námsmanna erlendis 15.3 millj. og þannig samtals til námsmanna yfirleitt 24.1 millj. Námsaðstoðin þyrfti því að hækka á næsta ári, þó að lögum og reglum yrði ekki breytt, um u. þ. b. 4 millj. kr. frá því, sem á sér stað nú í ár.

Ef þetta frv. nær fram að ganga og þær reglur, sem gert er ráð fyrir að settar verði samkvæmt því, munu lánin til stúdenta við Háskóla Íslands hækka upp í 12.1 millj. kr. úr 7.4 millj. Þau munu aukast um 63%, lánin til stúdenta við Háskóla Íslands, frá því sem nú er. Lán til námsmanna erlendis munu verða 13.2 millj., aukast úr 10.1 millj. eða um 31%. Styrkir munu verða 3,5 millj., hækka úr 2,6 millj. eða 35%. Samkvæmt þessu frv. og reglunum, sem gert er ráð fyrir að setja samkvæmt því, mun heildaraðstoðin við íslenzka námsmenn á næsta ári verða 29.8 millj. kr. miðað við 20.1 millj. á þessu ári, og þannig aukast um 48%.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1967 er fjárveitingin til lánasjóðsins miðuð við, að heildarnámsaðstoðin geti orðið þessi, 29.8 millj. kr. Ríkisframlagið er í fjárlagafrv. ákveðið 21.6 millj. kr., en auk þess hefur sjóðurinn eigin tekjur að upphæð 3.4 millj., og gert er ráð fyrir 4.8 millj. kr. lántöku frá bankakerfinu samkvæmt samningum, sem gerðir hafa verið við bankana þar að lútandi, en sjóðurinn mun framvegis geta staðið undir þeim lánum af tekjum sínum.

Eina breytingin, sem gerð var á frv. frá till. n., sem samdi það, snerti einmitt bankalánin. Nefndin hafði gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiddi vexti af bankalánunum, en talið var við nánari athugun, að sjóðurinn gæti staðið undir þeim lánum sjálfur.

Að síðustu er rétt að gera grein fyrir því, hver orðið hefur þróun opinberrar aðstoðar við námsmenn á undanförnum 10 árum. 1956 nam aðstoð til námsmanna erlendis 1 millj. 275 þús., þar af 875 þús. í styrki, en stúdentar við Háskóla Íslands fengu í sinn lánasjóð 650 þús. kr. Samtals var því heildaraðstoðin 1956 1 millj. 925 þús. kr. 1957 og 1958 voru þessar upphæðir óbreyttar. 1959 varð aukningin á lánum til námsmanna erlendis 1 millj. 350 þús. kr., þar af styrkir 875 þús., en upphæð í lánasjóð stúdenta við Háskóla Íslands óbreytt, 650 þús. kr. Heildaraðstoðin var 2 millj. kr. 1960 verður veruleg aukning. Heildaraðstoðin til námsmanna erlendis var þá aukin upp í 4 millj. 245 þús., þar af styrkir 1 millj. 395 þús., í lánasjóð stúdenta við Háskóla Íslands 2 millj. 350 þús., samtals heildaraðstoð 6 millj. 595 þús. 1961 kemur mesta aukningin í framhaldi af lögunum, sem þá voru sett. Aðstoð við námsmenn erlendis var þá aukin upp í 8 millj. 777 þús., þar af styrkir 2 millj. 320 þús., í lánasjóð stúdenta við Háskóla Íslands 2 millj. 311 þús. Samtals 11 millj. 88 þús. 1962 er aðstoð við námsmenn erlendis 9 millj. 549 þús., þar af styrkir 2 millj. 480 þús., og í lánasjóð stúdenta við Háskóla Íslands 3 millj. 657 þús. Samtals heildaraðstoð 13 millj. 206 þús. 1963 var aðstoðin við námsmenn erlendis 9 millj. 789 þús., þar af styrkir 2 millj. 560 þús., í lánasjóð stúdenta við Háskóla Íslands 4 millj. 409 þús. Heildaraðstoð 14 millj. 198 þús. 1964: til námsmanna erlendis 10 millj. 167 þús., þar af styrkir 2 millj. 104 þús., til stúdenta við Háskóla Íslands 5 millj. 458 þús. Heildaraðstoð 15 millj. 634 þús. 1965: til námsmanna erlendis 11 millj. 730 þús., þar af styrkir 2 millj. 304 þús., til stúdenta við Háskóla Íslands 6 millj. 27 þús. Heildaraðstoð 17 millj. 757 þús. Og nú í ár til námsmanna erlendis 13 millj. 61 þús., þar af styrkir 2 millj. 861 þús., til stúdenta við Háskóla Íslands 7 millj. 600 þús. Heildaraðstoð 20 millj. 661 þús.

Á þessu 10 ára tímabili hefur heildaraðstoðin við námsmenn heima og erlendis m. ö. o. rúmlega tífaldazt, aukizt úr 1 millj. 925 þús. í 20 millj. 661 þús. Hér er að sjálfsögðu ekki um sambærilegar tölur að ræða milli ára, því að verðgildi peninganna hefur breytzt mjög á þessu 10 ára tímabili. Ef tölurnar um heildaraðstoðina við námsmenn eru umreiknaðar skv. þeirri breytingu, sem orðið hefur á meðalvísitölu framfærslukostnaðar á þessu árabili og miðað við verðlagið 1956, þá verður talan á þessu ári 9 millj. 739 þús., og er það rúmlega fimmföldun í raunverulegum verðmætum, þ. e. a. s. óbreyttu verðlagi. En einnig þarf að taka tillit til þess, að námsmönnum hefur að sjálfsögðu fjölgað á þessu tímabili, þannig að þessar tölur sýna ekki aukningu raunverulegrar námsaðstoðar við hvern einstakan námsmann, heldur við námsmennina í heild. Ef tekið er tillit til aukningar námsmannafjöldans, þannig að athugað sé, hver aukningin hefur orðið á hvern einstakan námsmann, þrátt fyrir mikla fjölgun, þá kemur í ljós, að aðstoðin í ár er rúmlega þreföld miðað við það, sem hún var 1956. Vísitala raunverulegs framlags á námsmann er 313.3 á árinu 1966 miðað við 100 á árinu 1956. Það er mjög ánægjulegt, að aðstoðin við íslenzka náms-

menn, bæði þá, sem stunda nám við Háskóla Íslands og erlendis, skuli hafa aukizt jafnmikið á undanförnum árum og þessar tölur bera vott um.

Enn mun þessi aðstoð aukast verulega, ef þetta frv. nær fram að ganga. Á hitt vildi ég þó ekki síður leggja áherzlu, að ég tel, að aðstoðin mundi dreifast miklu skynsamlegar og réttlátar en verið hefur, og það af fjórum ástæðum. Í fyrsta lagi mundi aðstoðin vaxa hlutfallslega, eftir því sem námið er lengra. Í öðru lagi yrðu stúdentar við Háskóla Íslands nú í fyrsta sinn settir algjörlega jafnfætis íslenzkum námsmönnum erlendis. Í þriðja lagi yrðu styrkirnir fyrst og fremst notaðir til að jafna aðstöðumun. Og í fjórða lagi ættu kandídatar nú í fyrsta sinn aðgang að föstu lánakerfi.

Í n., sem samdi þetta frv., var ekki aðeins samstaða um efni þess, heldur einnig mikill áhugi á því, að það næði fram að ganga. Ríkisstjórnin ákvað að flytja frv., þótt það hefði í för með sér mjög auknar fjárveitingar úr ríkissjóði til lána og styrkja, og er gert ráð fyrir þeim auknu fjárveitingum á fjárlagafrv. næsta árs. Ég vona, að samstaða verði einnig um þetta mál hér á hinu háa Alþingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ríkisstj. hefur lagt hér fram frv. til laga um námslán og námsstyrki, og hæstv. ráðh. hefur nú gert grein fyrir meginefni þessa frv. Enda þótt ég hljóti að viðurkenna og virða þá viðleitni, sem hér er sýnd til að koma nokkru lagi á þessi mál, þá hlýt ég þó að undirstrika, að niðurstaðan, sem hér er komizt að, er alls ekki þess eðlis, að stúdentar geti sætt sig við hana, hvað þá að hún geti talizt fullnægjandi. Ég held við megum ekki gleyma því, nú, þegar við virðum fyrir okkur þær breytingar til batnaðar, sem hér er gerð tillaga um, að ástandið í þessum málum er og hefur verið nánast hneykslí. Lánin hafa verið mjög ófullnægjandi, að ekki sé meira sagt. Svo að ég nefni dæmi, þá hafa menn getað verið 3 missiri í Háskóla Íslands, án þess að eiga nokkurn tíma kost á því að fá námslán á þessum tíma.

Hæstv. ráðh. hefur hér bent á helztu kosti, sem fylgja þessu nýja kerfi, sem nú á að innleiða. Ég held, að þá sé ekki úr vegi, að einhver annar verði til þess að benda á ýmsa augljósa vankanta, sem enn eru og munu verða á fyrirkomulagi opinberrar aðstoðar við námsmenn, ef frv. þetta verður samþ. óbreytt.

Ég mun ræða hér fyrst og fremst um 5 meginatriði. Í fyrsta lagi vil ég benda á, að þó að framlag ríkisins hækki nú töluvert, þá hækka mjög óverulega lán til þeirra stúdenta, sem hafa fengið lán hingað til og hafa verið taldir þurfa mest á þeim að halda. Aðeins 1.7 millj. kr. af þessari hækkun mun renna til þessara manna. Hin hækkunin stafar fyrst og fremst af fjölgun stúdenta, af dýrtíðarþróuninni í landinu og af allmikilli útvíkkun námsmannakerfisins, en hið síðast nefnda er út af fyrir sig ágætur áfangi. Í öðru lagi vil ég benda á, að þótt nýir stúdentahópar fái nú í fyrsta sinn lán, þá hækka lánin ekki nema um 8% að meðaltali í hlutfalli við umframfjárþörf stúdenta, og samkvæmt frv. kemur í ljós, að þá verður aðeins fullnægt 46% af umframfjárþörf stúdenta. Í frv. er hins vegar talað um, að stefnt skuli að því, að lánað verði fyrir allri umframfjárþörfinni. Þetta kemur fram í 2. gr. Samt er hvergi á það minnzt í frv., hvenær þessu marki skuli náð. Þetta tel ég vera mjög alvarlegan ókost á frv. Í þriðja lagi eru vextir af lánum hækkaðir verulega, og það tel ég fráleita ráðstöfun. Í fjórða lagi er ekkert tillit tekið til þess, að mjög margir námsmenn hafa fyrir fjölskyldum að sjá. Og í fimmta lagi er ekkert litið til þarfa nemenda í menntaskólum, kennaraskólum og öðrum hliðstæðum stofnunum.

Ég vil nú víkja að þessum fimm atriðum, sem ég hef hér nefnt. Það hefur lengi verið ljóst, að núgildandi lánareglur væru algjörlega ófullnægjandi. Stúdentar hafa hins vegar verið þolinmóðir, vegna þess að þeir hafa vitað, að lög um lánasjóð stúdenta hafa verið í endurskoðun, og þeir hafa verið sannfærðir um, að niðurstaðan yrði veruleg hækkun til stúdenta almennt. En niðurstaðan, sem hér liggur fyrir, hlýtur óhjákvæmilega að vekja nokkur vonbrigði. Eins og ég hef tekið fram, þá er hér um sáralitla hækkun að ræða til þeirra, sem hafa fengið lán hingað til og hafa mesta þörf fyrir lán, og þessi breyting táknar meira að segja lækkun lána til fjölmargra. Eins og kemur fram í grg. frv., þá er hér um að ræða 9.7 millj. kr. aukningu námslána. Langmestur hluti þessa fjár eða 4 millj. stafa af fjölgun námsmanna almennt og vegna dýrtíðarinnar í landinu, — 4 millj. af þessum 9.7. 1 millj. af þessum 9.7 er til kandídata, en þeir hafa hingað til ekki fengið neitt, og er það góðra gjalda vert. Í þriðja lagi munu 3 millj. fara til nýstúdenta við Háskóla Íslands, sem hingað til hafa ekkert fengið. En hækkunin til þeirra, sem hafa verið við nám og fengið hafa lán, nemur aðeins 1.7 millj. Ég held, að ég þurfi ekki að hafa mörg orð um það, að þessi hækkun er aðeins dropi í hafið. Þessi mikla lífskjarabót, sem básúnuð hefur verið út um leið og þetta frv. hefur verið kynnt í blöðum, er heldur lítilfjörleg. Ég er hræddur um, að verulegur hluti stúdenta, sem hafa fengið lán áður, muni ekki taka eftir þessari breytingu, enda verður væntanlega um lækkun til margra þeirra að ræða. Breytingin er sem sagt fyrst og fremst í því fólgin, að lánþegum er fjölgað. Það er út af fyrir sig ágætt og löngu orðið nauðsynlegt, en þeir, sem áður voru taldir hafa mesta þörf fyrir lánin, fá litla úrbót nú.

Í 2. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Stefnt skal að því, að opinber aðstoð við námsmenn skv. lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið

tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar.“ Að sjálfsögðu hafa flestir stúdentar möguleika til að vinna a. m. k. 3½ mánuð á ári hverju. Hér er um það að ræða, að þessir tekjumöguleikar stúdenta eru dregnir frá þeim námskostnaði, sem áætlaður er á hvern stúdent, og þá fáum við út það hugtak, sem nefnist hér „umframfjárþörf“. Stefnan í frv. er sú að veita stúdentum lán, sem nemur allri umframfjárþörfinni. En hvað erum við komin nálægt þessu marki, ef fyrirhuguð breyting nær fram að ganga? Er þessi breyting stórt stökk áleiðis að þessu marki? Það er rétt að athuga það svolítið nánar.

Á bls. 13 í frv. kemur fram, að gamla kerfið fullnægði 38% af umframfjárþörf stúdenta við Háskóla Íslands og námsmanna erlendis, sem notið hafa lána. En nýja kerfið mun væntanlega aðeins fullnægja 46% af umframfjárþörf sömu námsmannahópa. Við þessa breytingu færumst við aðeins 8% nær markinu, og það er því augljóst, að markið er býsna fjarlægt með ekki meira áframhaldi en þessu. Í þessu sama fskj. kemur einnig fram, að eftir að nýja kerfið verður komið á, muni stúdentar við Háskóla Íslands aðeins fá lán fyrir 36% af umframfjárþörfinni. En hvar eiga þeir að fá þau 64%, sem þá vantar upp á? Ekki fá þeir þetta fé með vinnu sinni, því að eins og áður segir, hafa hugsanleg vinnulaun fyrir sumarvinnu þegar verið dregin frá í þessum útreikningi. Hvar eiga þeir að fá 64% af umframfjárþörfinni? Ég spyr og vona, að einhver annar geti svarað. Vissulega er það góðra gjalda vert, að því skuli vera lofað í frv., að einhvern tíma í framtíðinni muni stúdentar fá möguleika til að fá lán fyrir allri umframfjárþörf sinni. En ég spyr: Hvers virði er slíkt loforð? Hvenær á að efna það? Á að efna þetta loforð eftir 5 ár, á að efna það eftir 10 ár eða á að efna það eftir 100 ár? Þess er alls ekki getið í frv., á hve löngum tíma þessu marki skuli náð.

Íslendingar eru sagðir fjórða tekjuhæsta þjóð í heimi. Hér er þó ekki um það að ræða, eins og allir vita, að þjóðfélagið ætli að gefa stúdentum sínum stórfé. Það ætlar aðeins að lána þeim peninga, svo að þeir geti lokið námi og greitt skuld sína, annars vegar í peningum og hins vegar með þeirri andlegu endurgreiðslu, sem allir viðurkenna nú, að er ómetanlegt verðmæti fyrir þjóðina, þ. e. a. s. með þekkingu sinni og þjálfuðum hæfileikum. Þjóðfélagið ætlar sem sagt að lána þessum mönnum það fé, sem þeir þurfa og geta ekki unnið sér inn á námstímanum, til þess að koma í veg fyrir, að hundruð stúdenta gefist hreinlega upp við nám og flæmist frá námi vegna fjárhagsörðugleika og vinnuálags. Ef við Íslendingar, fjórða tekjuhæsta þjóð í heimi, höfum ekki efni á því að lána þetta fé í dag, hvenær höfum við þá efni á því? Ef það væri svo, að hér væri um einhver stórkostleg verðmæti að ræða, liti málið kannske öðruvísi út. En mér virðist, að ríkið þurfi ekki að leggja þessum sjóði til nema um það bil 20—25 millj. kr. á ári til viðbótar því, sem nú er ráðgert að sjóðurinn fái, til þess að unnt væri að lána stúdentum fyrir allri umframfjárþörf þeirra, — aðeins 20—25 milljónir, en þá reikna ég að sjálfsögðu með, að sjóðurinn taki að láni á hverju ári einar 10 millj. Hann tekur núna tæpar 5 millj. að láni, að ég hygg. Hér er sem sagt um svo litlar fjárhæðir að tefla, miðað við það málefni, sem í húfi er, að mér finnst ekkert áhorfsmál, að stíga beri þetta skref til fulls þegar á þessu hausti.

Í þessu frv. á að slá því föstu, að stúdentar geti fengið lán fyrir allri svokallaðri umframfjárþörf. Nú væri að vísu hægt að hugsa sér að þessu marki yrði náð í nokkrum áföngum, t. d. á 3 árum eða 5 árum. Ríkið gæti sett sér það mark að komast yfir þennan stórkostlega þröskuld á 3—5 árum. Ég er þó ekki að leggja það til hér, því að ég sé ekki, hvaða ástæða ætti að vera til þess að fresta því, að markinu yrði náð nú þegar. Þjóðfélagið getur í dag tekið á sig þessa lítilfjörlegu lánabyrði að fullu, og ég held því, að hvers konar frestun sé út í hött.

En þeim mun furðulegra er, úr því að þessi leið er ekki farin, að í frv. skuli ekki vera minnzt á það, hvenær markinu skuli náð. Þar segir aðeins, að stefnt skuli að því, að lánveitingar nægi hverjum námsmanni til að greiða námskostnað hans, þegar fjáröflunarmöguleikar hans séu frádregnir. En það er ekkert sagt um það, hvort markinu skuli náð, eigum við að segja, eftir 100 ár? Nei, ég held, að ef ríkisstj. treystir sér ekki til að setja neitt tímatakmark í þessum efnum, þá sé sennilegast, að hún örvænti um, að hún komist yfir þennan þröskuld í fyrirsjáanlegri framtíð.

Í þriðja lagi vil ég víkja að því, að í frv. er gert ráð fyrir, að ársvextir af lánum verði hækkaðir úr 3½% í 5%. Eins og kunnugt er, hafa lánin verið vaxtalaus, á meðan á námi stendur, og það er ekki ætlunin, að á því verði nein breyting. Nú vil ég taka það fram, að ég teldi eðlilegast og sjálfsagðast, að aðstoð hins opinbera við námsmenn væri fyrst og fremst námslaun og aðeins að litlu leyti námslán. Þessi gamla hugsun, að þjóðfélagið sé að gera námsmönnum einhvern stórkostlegan greiða með því að lofa þeim að læra og mennta sig, ég held, að þessi hugsun sé löngu orðin úrelt og hafi raunar verið fráleit frá upphafi. Hitt er sönnu nær, að sérhver þjóðfélagsþegn, sem menntar sig og eykur þekkingu sína, er fyrst og fremst að gera þjóðfélaginu stórkostlegan greiða. Félagsfræðingar, hagfræðingar og stjórnmálamenn um heim allan eru að skilja, að með engum hætti er unnt að ávaxta fjármuni betur en með því að leggja þá í aukna menntun þjóðfélagsþegnanna. Krafan um það, að námsmenn séu launaðir af þjóðfélaginu, er einnig um leið krafa um aukið jafnrétti til menntunar, sígild og sjálfsögð réttlætiskrafa. En því miður er því ekki að heilsa, að krafan um námslaun hljóti skilning meðal ráðandi manna. Ég get líka viður-

kennt, að lánakerfið er ekki með öllu óviðunandi, á meðan við búum við hina stöðugu dýrtíðarþróun í landinu. En lánin ættu hins vegar tvímælalaust að vera vaxtalaus með öllu.

Hitt er svo auðvitað fjarri öllu lagi, að ætla að fara að hækka vextina upp í 5%. Mér virðist, að hér gægist fram það „bisness"-sjónarmið, sem nú virðist vera að gagnsýra þjóðfélagið í æ ríkari mæli. Menn virðast ímynda sér, að námsmaðurinn geti ávaxtað lánsfé á sama hátt og fyrirtæki, sem tekur lán í rekstrinn, fyrirtæki, sem getur skilað láninu aftur með hæfilegri ágóðaþóknun, með vöxtum. En námsmaðurinn eyðir láninu jafnóðum til brýnustu lífsnauðsynja, og hann getur ekki skilað því aftur með vöxtum. Það eru ekki nema fáir háskólamenntaðir menn, sem fá hærri laun að loknu námi vegna þess, að þeir hafa setið áratug í menntaskóla og háskóla. Þeir, sem sigla um loftin blá eða stýra skipum, múra hús eða vinna í braskinu, þeir hafa flestir langtum hærri laun en t. d. náttúrufræðingar, íslenzkufræðingar, sagnfræðingar og vísindamenn í þjónustu ríkisins. Hins vegar er augljóst, að þjóðfélagið hefur gífurlegan hagnað af menntun þessara manna. Ef þjóðfélagið tekur ekki á sig að greiða námslaun, en lætur sér nægja að veita lán, er hitt þó sjálfsagt mál, að það greiði vextina. Það er því sannarlega stórfurðulegt, að nú skuli vera lagt til að hækka þessa vexti, sem auðvitað hefði átt að afnema með öllu. Ég efast um, að það þekkist í nálægum löndum, að námsmenn greiði 5% vexti af námslánum frá ríkinu. Ég hef að vísu engar öruggar upplýsingar um þetta atriði á reiðum höndum. En það má vera, að hæstv. ráðherra hafi einhverjar upplýsingar um þetta atriði og geti þá leiðrétt þessa fullyrðingu mína.

Samkv. skýrslu um könnun á námskostnaði, sem Þórir Bergsson hefur gert og dreift hefur verið til þingmanna, er gert ráð fyrir, að um þriðjungur allra námsmanna, sem lánakerfið nær til, sé í hjónabandi. Eins og ég tók fram í formálsorðum, tel ég það mjög illa farið, að ekkert tillit skuli tekið til þess við úthlutun lána, ef námsmaðurinn hefur fjölskyldu á framfæri sínu. Sá námsmaður, sem er svo heppinn eða óheppinn að ganga í hjónaband og eignast börn, á ekki margra kosta völ í þessu þjóðfélagi. Hér er ekki völ á stúdentagörðum hjóna, eins og á hinum Norðurlöndunum. Hins vegar býðst hverjum kvæntum stúdent sá kostur að taka á leigu húsnæði með okurkjörum, svo svimandi háum, að hann þarf sennilega að vinna a. m. k. 6 tíma í verkamannavinnu á hverjum degi allan ársins hring til þess bara að geta borgað húsaleiguna.

Margoft hefur verið bent á það, hve ótrúlega stór hluti stúdenta lýkur ekki námi í háskólanum, heldur hrökklast í önnur störf, áður en kemur að prófi. Ég man nú ekki í svipinn þessa tölu, sem oft hefur heyrzt nefnd, m. a. fyrir 1—2 árum af rektor háskólans. En ég veit, að þessi tala er mjög há. Mér þykir ekki ósennilegt, að hæstv. menntmrh. geti líka frætt okkur um þetta atriði, og kannske gerir hann það hér á eftir. Sumir halda nú kannske, að þessi stórfelldu afföll, sem verða í stúdentahópnum, áður en námi lýkur, stafi af leti og áhugaleysi stúdenta við námið. Ég ætla ekki að fara að rökræða þetta atriði út af fyrir sig. Ég held, að mönnum hljóti að vera það ljóst, að mjög margir stúdentar hrökklast beinlínis frá námi gegn vilja sínum af eintómum fjárskorti. Aðrir missa áhugann, þegar þeir neyðast til að vinna árið um kring í fastri vinnu með námi og sjá, að vinnufélagar þeirra hafa álíka há laun, ef ekki hærri, þótt þeir hafi aldrei lagt á sig þetta langa nám. Enn aðrir þola ekki það stórkostlega vinnuálag, sem fylgir því að ætla sér að vinna með námi, og gefast þess vegna upp eða missa áhugann. Þjóðfélagið ber fulla ábyrgð á því, að þetta fólk neyðist til að hætta námi. Ég hef nefnt hér húsnæðisvandræði stúdenta og húsaleiguokrið, sem enginn getur vist neitað, að ríkisstj. ber höfuðábyrgð á, og líklega vita allir, hvernig ástandið er í barnagæzlumálunum. Þar er trassaskapur ríkisvaldsins óheyrilegur, eins og allir vita. Ég sagði ríkisvaldsins, því að enginn átti von á því, að einkaframtakið hefði áhuga á slíkum málum. En þessi trassaskapur ríkisvaldsins kemur einmitt mjög þungt niður á stúdentum. Margar eiginkonur stúdenta geta ekki unnið úti og aflað heimilinu tekna, vegna þess að börnin komast ekki að á dagheimilum eða leikskólum eða vöggustofum. Ofan á þetta allt saman neitar ríkisvaldið að taka tillit til erfiðleika fjölskyldumanna við nám og ætlar að skammta þeim 30—50% af því, sem einhleypur stúdent þarfnast umfram sumartekjur sínar.

Ég hef nefnt hér ýmis atriði, sem ég vonast til, að verði lagfærð við meðferð frv. í n. Eins og ég hef þegar tekið fram, álít ég, að lánasjóður íslenzkra námsmanna eigi að lána fleirum en þeim, sem eru við nám í Háskóla Íslands, erlendum háskólum, tækniskólum eða hliðstæðum erlendum kennslustofnunum, eins og segir í 1. gr. frv. Mjög margir nemendur í menntaskólum, kennaraskólum og öðrum hliðstæðum skólum hafa einnig mikla þörf á námslánum, að ég tali ekki hreinlega um námslaun. Hins vegar virðist mér, að meðan opinber aðstoð við háskólastúdenta er enn svo skammt á veg komin sem raun ber vitni, sé tæplega raunhæft að leggja mjög mikla áherzlu á rétt nemenda í framhaldsskólum. En ég vil undirstrika, að þessir nemendur eiga rétt til aðstoðar og þeir munu öðlast þennan rétt fyrr eða síðar, þegar þröngsýnin og íhaldssemin hafa verið sigraðar.

Ég held, að ég láti þessar aths. nægja að þessu sinni. Ég vil vænta þess fastlega, að n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi gaumgæfilega, hvort íslenzka þjóðin hefur ekki efni á því að gera betur við íslenzka námsmenn en fyrirhugað er með þessu frv.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég sakna þess nú, að hæstv. ráðh. er ekki við, en hann kem-

ur kannske. — Ég vil segja sem mína skoðun, að ég tel ástæðu til að fagna þessu frv., þó að ég hefði kosið, að efni þess væri miklum mun víðtækara en raun ber vitni. Því ber ekki að neita, að þetta frv. er á ýmsa lund framför frá gildandi lögum um þetta efni. En því er aftur ekki að leyna, að frv. nær of skammt og getur aldrei orðið annað en stuttur áfangi á þeirri leið að endurskipuleggja námsaðstoðarkerfið, en til þess ber mjög brýna nauðsyn. Og ég fyrir mitt leyti hef viljað leggja áherzlu á þá nauðsyn, ásamt tveimur öðrum þm. hér, með því að flytja á tveimur þingum till. til þál. um kosningu n., sem hefði það verkefni að gera frambúðartill. um fyrirkomulag víðtæks námskostnaðarkerfis, sem næði ekki einungis til svokallaðra langskólamanna, heldur einnig til nemenda í öðrum skólum og á öðrum námsstigum. Í grg. fyrir þeirri till. til þál., sem ég var að nefna, er bent á, að stefna þurfi að því, að allir, sem stunda langskólanám og annað nám heima og erlendis, þurfi að eiga þess kost að fá svo ríflega námsaðstoð í formi launa og lána, að hún nægi fyrir eðlilegum námskostnaði, þannig að námstíminn megi styttast og nýtast miklu betur en nú er. Nú sýnist mér að nokkru tekið undir þessa stefnu í 2. gr. þessa frv., sem hér er til umr., og ég vil þá sérstaklega fagna því, að það hefur verið gert. En þó væri æskilegt, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, að það kæmi skýrar fram í frvgr., hvernig framkvæmd þessarar stefnu er hugsuð, hvort ætlunin er að gera það nú þegar eða hvort það verður gert smám saman á nokkrum árum. A. m. k. má það ekki henda, að sú stefnuboðun, sem felst í þessari gr., verði nafnið tómt. Hana verður að framkvæma með eðlilegum hraða og alveg markvisst. Það er einmitt þessi gr., sem einkum getur talizt til nýmæla í frv., og hennar vegna er það fyrst og fremst, að frv. má teljast athyglisvert.

Ég sagði áðan, að frv. næði of skammt, til þess að það gæti talizt verulegur áfangi í sambandi við heildarendurskoðun námsaðstoðarkerfisins. Þrátt fyrir þetta frv. nær námsaðstoð til allt of fárra námsmanna. Frv. er ekki annað en frekari útfærsla á þeirri stefnu, sem gilt hefur nú um alllangt skeið, að styrkja beri háskólastúdenta og tækninemendur með opinberum fjárframlögum. Og þetta er gott, svo langt sem það nær. En málið er hins vegar talsvert umfangsmeira. Þrátt fyrir þá vinnu, sem lögð hefur verið í þetta frv., og þá stefnu, sem mótuð er í 2. gr. þess, er mikið verk óunnið í sambandi við aðstoð við aðra skólanemendur, svo sem menntaskólanema, kennaraskólanema, nemendur í verzlunarskólum, sjómannaskólum og fleiri slíkum skólum. Það er í mörgum tilfellum eðlileg og réttlát krafa, að nemendur í þessum skólum njóti opinbers stuðnings á námsferli sínum, e. t. v. ekki með sama hætti og háskólastúdentar, en eigi að síður stuðnings. Alveg sérstaklega ber að hafa í huga í þessu sambandi þá nemendur, sem verða að vista sig til langdvalar utan heimila sinna til þess að geta stundað skólanám. Og þetta á við alla skólanemendur úr sveitum og raunar miklu víðar. Eins og öllum má vera ljóst, er höfuðmunur á því að geta dvalizt heima hjá sér, meðan á skólanámi stendur, og hinu að þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimili sínu og það oft í öðrum landsfjórðungi. Einn þáttur í því að jafna námsaðstöðu í landinu er því sá, að hið opinbera létti undir námskostnaðarbyrði þeirra, sem verða að vista sig utan heimilis til skóladvalar. Slíkt mætti gerast með ýmsum hætti, t. d. með því, að hið opinbera sjái nemendum fyrir fríum ferðum milli heimilis og skólastaðar og með því að taka þátt í greiðslu óhjákvæmilegs skólakostnaðar. Þessi mál þarf að athuga nánar og lögfesta síðar reglur um þetta efni að athugun lokinni.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að á Norðurlöndum hefur námsstyrkjakerfið verið tekið til rækilegrar endurskoðunar og umr. á undanförnum árum. Þannig hafa Svíar nú í nær 2 ár verið að framkvæma ný lög um þetta efni, en samkv. þeim fá allir skólanemendur, hvort sem þeir eru í gagnfræðaskóla eða háskóla eða öðrum skólum, einhvers konar námsaðstoð í formi beinna launa eða námslána. Háskólastúdentar njóta þó beztu kjara hvað þetta snertir, þannig að þeir fá í beinum launum og lánum samanlagt fullkomlega það, sem svarar eðlilegum námskostnaði. Kvæntir stúdentar fá svo öflugri aðstoð en hinir einhleypu. En það, sem er þó athyglisverðast, er, að nemendur á lægri skólastigum njóta einnig nokkurrar námsaðstoðar.

Um Noreg er það að segja, að ekki alls fyrir löngu lagði stjórnskipuð nefnd til, að námsstyrkjakerfið yrði aukið stig af stigi á 10 árum. Það er eins konar 10 ára áætlun um framkvæmd fullkomins námsaðstoðarkerfis. Þetta er að vísu enn þá aðeins á umræðustigi, en n. leggur til, að stefnt skuli að því að létta námskostnaðarbyrði nemenda á nær öllum skólastigum, m. a. með greiðslu ferðakostnaðar og aukaútgjalda vegna námsdvalar utan heimila. Hér er vissulega um athyglisverð fordæmi fyrir okkur að ræða.

Ég sé ekki, að við Íslendingar komumst hjá því fremur en næstu nágrannar okkar, sem eru á sama menningar- og efnahagsstigi, að taka allt okkar námsstyrkjakerfi til nýrrar og víðtækrar endurskoðunar. Þessi mál þarf að athuga og endurskoða ásamt öllu öðru, sem lýtur að nýskipan skóla- og menntamála.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er til bóta, svo langt sem það nær. En jafnframt vil ég leggja áherzlu á, að það svarar ekki að fullu nauðsynlegum kröfum um námsaðstoð, raunar ekki einvörðungu á þann hátt, sem ég hef einkum gert að umtalsefni, heldur sýnist mér óhjákvæmilegt, að n. sú, sem kemur til með að fjalla um málið hér í hv. d., taki sérstaklega til athugunar viss atriði í frv., t. d. ákvæðin um vexti af námslánum og lántökur námslánasjóðs og greiðslu vaxtamunar.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé vægast sagt vandræðalausn og geti aldrei orðið nema til bráðabirgða, ef byggja á tekjugrundvöll sjóðsins að verulegu leyti upp með lántökum. Ofnotkun lánaheimildarinnar getur reynzt hermdargjöf að mínum dómi.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta núna, hæstv. forseti. Þetta mál fer væntanlega til menntmn., þar sem ég á sæti, og verður þar væntanlega rækilega rætt, og þá gefst nánar tækifæri til þess að lýsa afstöðu til þessa máls.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er rétt, sem fram hefur komið í ræðu hæstv. menntmrh. og þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar, að þetta frv. er framför og það allmikil frá því, sem verið hefur. En spurningin, sem fyrir okkur liggur, er sú: Nálgast þetta frv. það, sem þarf að gera, eins og horfurnar eru í þessum málum? Við stöndum frammi fyrir í veröldinni sem heild meiri breytingum í menntamálum, í öllu því, sem snertir að afla mönnunum þekkingar og hagnýta þá þekkingu fyrir þjóðfélagið, heldur en nokkru sinni fyrr hafa farið fram. Við stöndum frammi fyrir því, að áður en margir áratugir, kannske áður en 2—3 áratugir líða, verður meiri hl. af öllum vinnandi mönnum orðinn með sérþekkingu, sem á að vera háskólamenntun. Ef við ætlum að vera áfram eins og við höfum verið stundum, framarlega í öllum þessum málum í heiminum, verðum við að taka okkur alvarlega til. Við erum að dragast aftur úr í þessum málum. Þróunin er svo hröð, að við áttum okkur ekkert á, hvað kröfurnar til þess að afla mönnum þekkingar eru gífurlega miklar og nauðsynlegar. Það er um hreina byltingu að ræða í þessum efnum. Fjárfesting í þekkingu manna er að verða þýðingarmesta fjárfestingin af allri fjárfestingu þjóðfélagsins, vegna þess að það að hafa nægilega mikið af mönnum, sem þekkja og vita hlutina, er að verða dýrmætara en flest annað, og meiri hl. af öllum ríkjum í Evrópu hefur þegar tekið upp námslaunakerfi, þar sem nokkurn veginn er tryggt, að nemendur í þeim skólum, t. d. háskólum, hafi námslaun, sem a. m. k. nægja sem lágmark til framfærslu. Við Íslendingar, sem erum að reyna að básúna það út á grundvelli meira eða minna vitlauss gengisútreiknings, að við séum fjórða tekjuhæsta þjóð veraldarinnar, stöndum einna aftast af öllum þjóðum Evrópu hvað snertir námslaun. Meiri hl. af öllum þjóðum Evrópu hefur þegar komið námslaunum á í háskólum. Og ég vonast til þess, þegar þetta mál kemur til menntmn., að við fáum upplýsingar um það, hvernig þessir hlutir standa og hve aftarlega Ísland stendur hvað þetta snertir. Ég tek fram, að ég tala um námslaun.

Það, sem mig langaði sérstaklega til þess að fá upplýst í sambandi við þetta mál, er, hverjar eru óskir hæstv. menntmrh. í þessum efnum. Ég efast ekki um hans góða vilja á þessu sviði til þess að stíga stór spor fram á við. En ég þykist líka vita, að hann hafi máske átt við nokkuð ramman reip að draga, og ég álít, að það þurfi að koma fram hér á Alþ., hverjar eru óskir hæstv. menntmrh. og hvort meiri hl. er til hér á Alþ. fyrir þeim óskum í þessum efnum, eða hvort t. d. stærri stjórnarflokkurinn, Sjálfstfl., ætlar að standa í veginum fyrir því, að stigið sé eins stórt spor og nauðsynlegt er fyrir Ísland í þessum málum núna, hvort það strandar á fjandskap Sjálfstfl. við námslaun til handa stúdentum, bæði við Háskóla Íslands og erlendis. Þetta langar mig til þess að fá upplýst alveg hreinlega. Ég vil fá að vita, hvort þeir menn, sem stjórna fjárfestingunni á Íslandi núna og setja eins mikla fjárfestingu í brask og vitleysu og sóun og gert er, hvort þeir vilja hindra þá fjárfestingu í þekkingu, sem við þurfum að fá. Þetta þarf að koma greinilega fram, þegar þetta mál verður afgreitt.

Það, sem nauðsynlegt er fyrir okkur Íslendinga að skapa í þessum efnum, er efnahagslegt jafnrétti til menntunar. Það eiga ekki að vera einkaréttindi fyrir heildsala hér í Reykjavík að geta kostað börn sín til menntunar. Og ég vonast til þess, að áður en langt um líður liggi það fyrir, hvernig stéttaskiptingin er viðvíkjandi útskrifun stúdenta og viðvíkjandi kandídötum. Og ég er hræddur um, að það gefi ekki neitt góða mynd af efnahagslegu jafnrétti á Íslandi. En þetta efnahagslega jafnrétti verður að tryggja. Það er skömm fyrir okkur, sem höfum fulla ástæðu til þess að vera stoltir af þeirri alþýðumenntun, sem hér hefur verið til, ef við, þegar um æðri menntun fer að verða að ræða, tryggjum ekki fullkomlega efnahagslegt jafnrétti í þessum hlutum. Og efnahagslegt jafnrétti verður ekki í þessum efnum tryggt með öðru en að námslaun séu þarna miklu, miklu þýðingarmeiri og miklu meiri hlutfallslega heldur en gert er ráð fyrir.

Ég veit, að það er gott út af fyrir sig, að námslán séu aukin. En hafa menn gert sér ljóst, hvað námslánin t. d. hér við Háskóla Íslands eru hraksmánarleg? Hafa menn hugsað út í það? Við skulum taka stúdent hér við háskólann, sem ætlar t. d. að læra læknisfræði eða slíkt og er giftur og á fyrir fjölskyldu að sjá og þarf að fá leigt. Hvað fær hann núna? Fær hann kannske 8—9 þús. kr. á ári? Og hvað þarf hann að borga í mánaðarhúsaleigu? Við skulum segja, að hann þurfi ekki að borga, eins og Vísir var að upplýsa, 11 þús. kr. á mánuði, að menn þyrftu að borga, viss maður, og 30 þús. kr. í lykilgjald og ár fyrir fram, en við skulum segja, að hann þurfi ekki að borga nema 7—8 þús. kr. á mánuði. Námslánið, sem hann á að borga til baka seinna meir með vöxtum, nægir fyrir eins mánaðar húsaleigu handa stúdent við Háskóla Íslands, sem er að læra kannske læknisfræði eða eitthvað annað slíkt. Er það svona, sem þjóðfélagið á að gera við stúdenta, á

meðan það veitir bröskurum í þjóðfélaginu sérréttindi til þess að stela af almenningi og svíkja skatta á eftir? Er það svona, sem á að fara að? Ég tók þetta seinna fram vegna þess, að það eru nægir peningar til í þjóðfélaginu. Það er ekki það, sem vantar. Spurningin er, hvernig eigi að skipta þeim og til hvers eigi að fjárfesta þá. Og það er ákaflega gott, og ég tek undir það með hæstv. menntmrh. og þeim, sem hér hafa talað um þetta frv., að það er gott, að þessi lán hækki, að það verði ekki lengur eins mánaðar húsaleiga, sem stúdent við Háskóla Íslands fær að láni, heldur að hann fái kannske tveggja mánaða húsaleigu. Vissulega er það framför. Það er vissulega framför, sérstaklega frá hálfu ríkis, sem hefur séð um það að hleypa braski í alla húsaleigu og fæst ekki til þess að setja húsaleigulög, en hefur afnumið þau húsaleigulög, sem voru til þess að halda þessu niðri. Ég skal undirstrika það, það er framför, ef námslánin eru tvöfölduð, þannig að í staðinn fyrir að fá lánaða eins mánaðar húsaleigu hjá ríkinu fáist t. d. lánuð tveggja mánaða húsaleigu hjá ríkinu og eigi að borga þetta til baka með vöxtum. En er það bara þetta? Er þetta nægilegt? Telur Alþ., að þetta sé nóg að gert? Það er þetta, sem ég álít, að við þurfum að fá að vita, þegar þetta mál verður afgreitt. Ég álít þetta of lítið.

Það kom nokkuð til umr. hérna í fyrra eða hittiðfyrra einn sérstakur þáttur, hvað snertir námslaunin, og ég vil minnast á hann aftur, vegna þess að ég mun fyrir mitt leyti freista þess, eins og ég hef gert áður, þegar verið var að ræða læknaskipunina, hvort það væri ekki hægt á einu sviði að fá það fram, að það væri byrjað í ríkari mæli með námslaun heldur en hér er lagt til, og það er viðvíkjandi læknum. Hvernig er ástandið hvað læknaskipan snertir í dag? Hvernig sér þjóðfélagið fyrir því, að þessi fjórða tekjuhæsta þjóð heimsins hafi aðgang að læknaþjónustu? Ég vil vonast til þess, að hv. Alþ. skoði það sem skyldu sína að reyna að sjá til þess, að það séu til læknar á Íslandi til þess að veita mönnum þá læknaþjónustu, sem þarf. Undanfarin ár hefur hér mikið verið kvartað yfir læknaþjónustunni hvað dreifbýlið snertir. Ég fyrir mitt leyti hef tekið undir það, en ég hef undirstrikað, að læknaþjónustan í Reykjavík, hvað almenna sjúkrasamlagslækna snertir, væri líka mjög slæm. Og þetta hefur hvort tveggja hríðversnað síðan. Það fækkar venjulegum sjúkrasamlagslæknum þannig í Reykjavík, að það er yfirleitt ekki að verða um svo að segja neitt að velja. Það fer bráðum að verða náð að fá sjúkrasamlagslækni. Helzt þurfa menn eftir þeirri gömlu góðu reglu íslenzku, fyrir kunningsskap, að fá einhvern kunningja sinn til þess að taka að sér að verða heimilislæknir. Og það eru oft menn, sem eru yfirhlaðnir fyrir. Hvernig stendur þjóðfélagið sig með að sjá um, að læknar verði útskrifaðir og það nægilega mikið af læknum til þess að þjóna almenningi, til þess að sjá um þessa þjónustustarfsemi? Ég held, að þjóðfélagið standi sig illa í þessu, mjög illa. Ég hef áður lagt hér til, og það hefur verið fellt, en ég mun gera eina tilraun með það enn þá að reyna að tryggja, að það verði séð um, að það verði útskrifað eins mikið af læknum og hægt er að fá menn til þess að leggja á sig læknanám, m. ö. o.: það verði sagt við alla þá, sem vilja taka að sér að verða læknar: Þið skuluð fá laun allan tímann, — en semja um leið við þá um það, að þeir haldi áfram að starfa fyrir ríkið a. m. k. ákveðið tímabil á eftir. Og ég vil vekja athygli á því, að það eru tugir stúdenta, sem vilja verða læknar, sem verða að hætta af fjárhagslegum ástæðum núna, sumir reknir burt frá háskólanum fyrir þröngsýni yfirvaldanna í læknadeild, þannig að mér hefur stundum komið í hug, hvort við ættum ekki að fara að leggja meiri áherzlu á að útskrifa lækna erlendis, ef við getum komizt að í einhverju ríki til þess að útskrifa þá. Mér virðist það helzt vera þannig hér, að það séu eins og gildrur, sem menn eigi að komast í gegnum til þess að komast í gegnum læknaskólann hérna. Ég held, að það sé nauðsyn, að þarna séu gerðar algerar breytingar á. Við ræddum þetta fyrir 1—2 árum hérna, og mig minnir meira að segja, að þá hafi verið uppi nokkur loforð um það, að mönnum yrði ekki gert erfiðara fyrir en áður hefði verið, og þó er ég hræddur um, að eftir að þær umr. fóru fram, hafi enn verið þrengt að hvað háskólann snertir, að menn yrðu að taka sín próf á skemmri tíma. En nú er það svo, að allir stúdentar verða að vinna með háskólanum, og þá er skömm að því að útiloka stúdenta fyrir það, að þeir verða að vera kannske 3—4 ár og fá ekki rétt til prófs, ef þeir þurfa að vinna allan tímann um leið fyrir sér. Það þýðir að segja: Ef þú átt ríkan heildsala að, sem getur kostað þig algerlega til náms, getur þú fengið að taka próf við Háskóla Íslands, en ef þú átt fátækt fólk að, skaltu ekki fá rétt til að taka próf, af því að þú getur ekki komizt yfir það, þegar þú átt að vinna sjálfur um leið, að taka próf á svo skömmum tíma.

Háskóli Íslands hefur átt að vera þjóðskóli frá upphafi, en ekki sérréttindaskóli fyrir neina yfirstétt. Þarna verða að verða breytingar á. Þetta er til skammar, eins og það er núna. Það þarf að endurskoða háskólann hvað þetta snertir, en það þarf þó alveg sérstaklega, a. m. k. meðan menn ráða ekki við það, hvernig reglurnar eru settar þar, að sjá til þess af hálfu þessarar stofnunar, af hálfu Alþ., að efnahagur standi mönnum ekki í vegi fyrir því að geta fengið að læra þetta, sem þjóðfélaginu er þó brýn nauðsyn. Og ég vil alvarlega skora á hv. þm. undir síðari umr. þessa máls að vera reiðubúnir að taka afstöðu um það, hvort þetta þjóðfélag vill opna mönnum t. d. leið til þess að verða læknar eða það vill hjálpa til að loka þeim leiðum. Ég kalla það að loka þeim, ef þjóðfélagið er ekki til í það að veita þeim, sem þess þurfa, nægileg námslaun, t. d. í læknadeildinni til að byrja

með, til þess að þeir verði ekki í efnahagslegum vandræðum með að ljúka þeim prófum. Og þetta tíðkast nú sem stendur í meiri hl. allra landa Evrópu. Ég held þess vegna, að það væri ákaflega heppilegt, að hæstv. menntmrh. tjái Alþ. sínar óskir í þessum efnum og sjái til, hvort Alþ. er ekki reiðubúið að verða við þeim óskum.

Ég tók eftir því, að hæstv. menntmrh. sýndi fram á það með rökum, hve miklar framfarir fælust í þessu frv. miðað við það, sem verið hefur undanfarinn áratug. Ég vil um leið leyfa mér að minna á, hvað snertir námsstyrkina og þá aðeins námsstyrkina til stúdenta erlendis, hvernig afstaðan er miðað við t. d. þá gömlu tíma, sem ég kynntist sem stúdent. Árið 1922 er námsstyrkur til íslenzkra stúdenta í erlendum skólum 23 þús. kr. Það mun líklega samsvara 23 þús. vinnustundum, ef við eigum að miða það við eitthvað þannig, kringum krónu þá tímakaupið. Mér skilst, að námsstyrkurinn, sem nú er fyrirhugaður, 3 millj. 100 þús., — er það ekki rétt? — samsvari núna 62 þús. klst. Stúdentar eða a. m. k. við, sem útskrifuðumst árið 1921 frá þeim eina menntaskóla, sem þá var á Íslandi, vorum eitthvað 20. Og ég gæti trúað, að þeir stúdentar, sem almennt útskrifast nú, — eru það ekki a. m. k. 200, ef ekki hátt á 3. hundrað? — maður er nærri hættur að fylgjast með því. Það fjölgar ört menntaskólum hjá okkur nú, og a. m. k. er það tíföld *tala stúdenta, sem útskrifast nú.* Og hlutfallið, hvað stúdentar þurfa að stúdera erlendis nú og hve mikið við þurfum að sækja af þekkingu þangað, er þannig, að námsstyrkur er raunverulega, miðað við stúdenta og miðað við þörf, miklu minni hjá því ríka Íslandi, Íslandi, sem er fjórða tekjuhæsta land heimsins, heldur en var hjá því bláfátæka Íslandi 1922. Ég held, að 1922 hafi meira að segja í þeim *fátæklegu fjárl., sem* þá voru samþ., — ætli það hafi ekki verið eitthvað um 12 millj., man það ekki nákvæmlega? — ég held, að það samsvari nokkurn veginn 1.6‰, styrkurinn til stúdenta erlendis þá, og í okkar ríku fjárl. með 4600 millj. eða hvað sem það nú kann að verða að lokum, býst ég við, að þessi styrkur verði 0.6‰. Hvað þennan námsstyrk snertir, hefur okkur farið aftur, ekki núna upp á síðkastið, það er vafalaust, — þessi 3.1 millj. er mikil framför, eins og hæstv. menntmrh. sýndi réttilega fram á, miðað við það, sem áður var. En okkur hefur bara alltaf verið að fara aftur þarna. Ég veit ekki, hvaða andi það er, sem hefur gagnsýrt okkur þarna, en það er a. m. k. ekki góður andi, ef eitt ríki fer að hugsa þannig gagnvart þeim mönnum, sem það ætlar að styrkja til náms, að það skuli fyrst og fremst hugsa um að fara að gera „bisness" við þá, það skuli lána þeim peninga og láta þá borga vexti, en hverfa burt af þeirri leið að segja við þessa menn, eins og sagt var við okkur, sem vorum ungir stúdentar 1922, við skulum styrkja ykkur, þannig að þið fáið a. m. k. þó nokkurn styrk til þess að geta greitt ykkar nám, — og styrk, sem er hlutfallslega meiri bæði miðað við fjárlögin þá og miðað við þörf stúdentaheildarinnar, heldur en er í dag í því ríka Íslandi. Ég þykist vita, að hæstv. menntmrh. muni ekki skorta vilja til þess að breyta þessum hlutföllum, hann muni vilja láta setja menntirnar og þeirra þörf og menntamannanna þarna hærra. En ég þykist vita, að hann eigi í harðri baráttu við þann fésýsluflokk, sem hugsar einvörðungu frá fésýslunnar sjónarmiði, vill fyrst og fremst lána peninga og taka helzt háa vexti, en skeytir ekkert um, hvort nægilegt er til af mönnum í þjóðfélaginu með nægilega þekkingu til þess t. d. að stunda heilbrigðisþjónustu fyrir almenning.

Þessi andi, að gera þetta allt saman að „bisness", gera þetta allt saman að spursmálum um lán, gróða og vexti og slíkt, allt saman að fésýslu, það er slæmur andi, sem þarf að þurrka sem mest út og útrýma, þegar um þekkingu og menntun er að ræða. Það þurfum við einmitt að geta sagt við þá menn, sem hafa áhuga og vilja vinna af fullum krafti í þessu: Þið skuluð fá þau laun, sem þið þurfið til að öðlast þá þekkingu, sem þjóðfélagið þarf á að halda, enda séuð þið í þjónustu þjóðfélagsins á eftir, til þess að þjóðfélagið njóti þessarar þekkingar, sem við hjálpum ykkur til að afla ykkur.

Ég vildi segja þetta, áður en þetta mál færi til nefndar, til þess, ef hægt væri, að við reyndum að knýja fram nokkra stefnubreytingu í þessum efnum á þessu þingi, nokkru róttækari stefnubreytingu en felst nú þegar í þessu frv. Okkur er brýn þörf á því, og mín reynsla er sú, að verði ekki almennilegur hlutur gerður á síðasta þingi fyrir kosningar, þá er lítill möguleiki til að gera hann á næstu þingum eftir kosningar. Helzt hafa menn vilja nú til þess að *sýna* það t. d., að menn vilji, að það séu sjúkrasamlagslæknar í Reykjavík eða læknar í dreifbýlinu. Á fyrstu þingum eftir kosningar skeyta menn tiltölulega lítt um slíkt, koma kannske með einhverjar þáltill. og þar með búið. Það reynir á þessa hluti núna, hvort menn vilja fara að taka upp námslaun í ríkari mæli, hvort menn vilja byrja á því t. d. í sambandi við læknaskólann, og ef íslenzki læknaskólinn *vegna einhverrar þröngsýni* reynist ekki fær um að útskrifa nægjanlega lækna handa Íslendingum, fjórðu tekjuhæstu þjóð veraldarinnar, þá verðum við að reyna að sjá um, að það sé sent meira af læknastúdentum út til að nema við aðra háskóla, ef þeir fá að komast inn þar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langar til að segja örfá orð í tilefni af ummælum hv. þm. Ragnars Arnalds í ræðu hans hér áðan. Hann gagnrýndi þá hækkun vaxta, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, úr 3.5% í 5%. Ég vil benda á, að þessi breyting á lánskjörum hefur verið gerð með samþykki fulltrúa stúdenta við Háskóla Íslands og námsmanna er-

lendis í þeirri nefnd, sem frv. samdi. Þeir komust eins og aðrir nm. að raun um, að það væri til bóta fyrir sjóðinn að gera þá breytingu, annars vegar að lengja tímann, sem hvorki afborganir né vextir yrðu greiddir, úr 3 árum í 5 ár og breyta endurgreiðsluforminu í annuitetslán, en á móti því kæmi hins vegar hækkun vaxtanna úr 3.5% í 5%, þetta mundi vera sjóðnum til bóta og þar af leiðandi koma námsmönnum nú og framvegis til góða. Það er alger misskilningur, að námsmennirnir séu að greiða einhverjum óviðkomandi aðilum þessa vexti. Þeir eru að greiða sjóðnum vextina. Sjóðurinn er eign námsmannanna. Í raun og veru eru námsmennirnir að bæta hag sinnar eigin lánsstofnunar, þeir eru að greiða sjálfum sér vexti, réttara sagt: þeir, sem fengið hafa lánin og eru komnir væntanlega í góða stöðu 5 árum eftir sitt nám, þeir eru að bæta skilyrði þeirra, sem á eftir koma, til þess að geta fengið hagkvæm lán úr sinni eigin lánastofnun. Ég veit ekki betur en alls staðar annars staðar séu greiddir nokkrir vextir af námslánum, þau séu hvergi, að ég bezt veit, algjörlega vaxtalaus. Reglan er sú, að vextir af námslánunum eru hafðir mun lægri en almennir markaðsvextir, og svo verður enn hér, jafnvel eftir að vextirnir eru komnir upp í 5%.

Þá sagði hv. þm. Ragnar Arnalds, að svo gæti farið, að lán til einhverra námsmanna beinlínis lækkuðu, ef þetta frv. næði fram að ganga. Ég þykist vita, að þarna á hann við þá breytingu, sem gert er ráð fyrir að gera á upphæð námslánanna, að á fyrstu 3 árunum verði lánin hlutfallslega nokkru lægri en þau hafa verið, en hins vegar þeim mun hlutfallslega hærri á seinni árunum. Auðvitað mun væntanleg stjórn lánasjóðsins taka ákvörðun um þessi efni. Þó geri ég ráð fyrir, án þess þó að vilja binda hendur hennar að nokkru leyti, að hún muni halda óbreyttum hætti gagnvart þeim, sem hafið hafa nám sitt, og hinar nýju reglur komi til framkvæmda gagnvart þeim, sem byrja nám, eftir að þetta frv. hefur náð fram að ganga.

Annars þótti mér vænt um að heyra, að þeir 3 hv. þm. stjórnarandstöðunnar, sem talað hafa, hafa allir talið þetta frv. vera til mikilla bóta. Hitt kom mér í sjálfu sér ekki á óvart, að þeir vildu, að meira yrði að gert og meira að segja margir hverjir miklu meira að gert. Sérstaklega tók hv. þm. Ragnar Arnalds djúpt í árinni hvað þetta snertir. Í því sambandi vildi ég minna hann og hv. þm. Framsfl., sem talaði, sem báðir eru tiltölulega nýkomnir á þing, á það, að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem málefni námsmanna og aðstoð við þá er á döfinni á Alþingi, og þetta er ekki í fyrsta skipti, sem ég fjalla um þau mál bæði hér á Alþingi og í ríkisstjórn. Ég hef farið með menntamálin síðan 1956 og fyrstu 2—3 árin einmitt í samvinnu við þá flokka, sem þessir hv. þm., sem talað hafa, eru fulltrúar fyrir. Áhugi minn á því að efla hag námsmanna bæði heima og erlendis hefur verið hinn sami öll þessi ár, sem ég hef haft með þessi mál að gera. En árangurinn af viðleitni minni, árangurinn af áhuga mínum hefur verið mjög misjafnlega mikill á þessu tímabili. Ég hef hér fyrir framan mig vísitölu eða töflu um vísitölu yfir raunverulegt framlag á námsmann á þessum undanförnum 10 árum. Með raunverulegu framlagi á ég þá við heildaraðstoðina, sem hið opinbera veitir námsmönnum, eftir að tillit hefur verið tekið til breytinga á verðlagi og breytinga á tölu námsmanna, þ. e. a. s. fjölda námsmanna. Ef aðstoð við námsmann er talin vera 100 árið 1956, varð hún 90.3 1957 og 82.6 1958. M. ö. o.: á þeim tveimur eða þremur árum, sem stjórn Hermanns Jónassonar var að völdum og Alþfl. átti samstarf við Alþb. og Framsfl., fór aðstoð við námsmenn minnkandi á hvern námsmann um 17%. Það er ekki fyrr en síðar, rétt þarna á eftir, það er raunverulega ekki fyrr en núverandi stjórnarflokkar taka upp sitt samstarf, sem veruleg breyting verður hér á. Þessi vísitala er á þessu ári 313. Frá árinu 1958 hefur því vísitala raunverulegs framlags hins opinbera á námsmann ferfaldazt. Aðstoðin hefur ferfaldazt í raunverulegum verðmætum á hvern námsmann, sem aðstoðar nýtur, síðan 1958. Með hliðsjón af þessu finnst mér það hafa verið ómaklega mælt hjá hv. 3. þm. Reykv., þegar hann gerði því skóna, að um sérstakan fjandskap af hálfu Sjálfstfl. væri að ræða að því er snertir aðstoð við námsmenn.

Þm. spurði, hverjar mínar óskir væru í þessum efnum. Mínar óskir eru þær, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Og ég tel hér vera um stórmikið framfaraspor að ræða, stærsta framfarasporið, sem stigið hefur verið í einu um langt skeið, ég mundi halda allt frá því að hið opinbera hóf aðstoð við íslenzka námsmenn.

Hv. 3. þm. Reykv. Einar Olgeirsson benti alveg réttilega á, að námslán til stúdenta við Háskóla Íslands hafa verið allt of lág. Einmitt þess vegna er meginbreytingin, sem þetta frv. mundi hafa í för með sér, sú, að sú aðstoð verður stóraukin. Framlag úr lánasjóði stúdenta við Háskóla Íslands vex úr 7.4 millj. í 12.1 millj., það vex um 63%, samtímis því sem heildaraðstoðin vex um 48%. En það hefur aldrei gerzt í einu lagi áður, að eitt stökk hafi verið tekið, sem hafi aukið aðstoðina við íslenzka námsmenn, bæði heima og erlendis, að meðaltali um næstum helming eða um næstum 50%. Þetta, sem sagt, gefur ekki tilefni til frekari aths.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 14. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 22, n. 213, 214).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað allýtarlega um frv. um námslán og námsstyrki og ýmist fengið á sinn fund eða aflað sér álitsgerða frá höfundum frv. og samtökum stúdenta heima og erlendis.

N. er sammála öllum þessum aðilum um það, að þetta frv. sé þýðingarmikið spor í rétta átt, ef það verður að lögum, enda sé brýnt nauðsynjamál fyrir þjóðina að búa svo að námsfólki, að efnilegt æskufólk geti aflað sér þeirrar menntunar innanlands eða utan, sem hugur þess hneigist til, enda mun þjóðinni fátt eins mikilvægt á komandi árum og það að eiga vel menntaða kynslóð til að taka við landinu.

Menntmn. gerir á þskj. 214 nokkrar brtt. við frv., en rétt er að taka það fram, að þær snerta ekki þær meginbreytingar, sem gerðar eru á námslána- og námsstyrkjakerfinu með frv., eða það meginsamkomulag, sem hefur orðið á milli þeirra, sem áður hafa um málið fjallað, bæði varðandi fjárhagshlið þess og varðandi stjórn á lánasjóðnum. Skal ég nú gera stutta grein fyrir þessum brtt., sem n. flytur, en einstakir nm. áskilja sér allan rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt.

Í 1. gr. frv. er þessi mgr.: „Lán skulu að jafnaði því aðeins veitt til náms erlendis, að eigi sé unnt að leggja stund á það hér á landi.“ Um þetta munu ekki hafa verið ákvæði í lögum fyrr, en að jafnaði höfð nokkur hliðsjón af því, þegar veittir hafa verið styrkir til náms erlendis, hvort unnt væri að stunda það nám hér. Menntmn. virðist ekki vera ráðlegt að festa slíka reglu í lögum, enda þótt sjálfsagt sé, að í framkvæmdinni verði nokkuð á þessi atriði litið til þess að forðast, að gengið sé út í neins konar öfgar, og er rétt að hafa í huga, að stjórn lánasjóðs mun að jafnaði hafa framkvæmdina í sínum höndum. Fljótt á litið mætti ætla, að það væri óhyggilegt að veita nokkra styrki til þess að nema þau fræði erlendis, sem unnt er að nema hér á landi. En rétt er að minnast þess, að flestallar fræðigreinar eru háðar mismunandi skoðunum á veigamiklum atriðum, mismunandi stefnum og kenningum, og þar sem háskóli okkar er og hlýtur um langt árabil að verða talinn lítill háskóli, miðað við aðra háskóla, er óhjákvæmilegt, að þar verði tiltölulega fáir menn við kennslu á mörgum greinum. Því getur vel farið svo, að þar séu ágætismenn, jafnvel miklir menn á sínum sviðum, sem samt sem áður halli sér að sérstökum stefnum eða sérstökum skoðunum. Og þótt æskilegt sé, að flest okkar fólk, sem næmi slíkar greinar, væri við Háskóla Íslands, er ekki rétt að loka fyrir það, að eitthvert námsfólk gæti farið annað og kynnzt öðrum sjónarmiðum. Tel ég, að það horfi til víðsýni að hafa þá möguleika, að það sé hægt að senda nemendur til annarra skóla og annarra manna, og það muni, þegar fram í sækir, verða til þess að auðga þær greinar hér á landi. Þá er á það bent, að slíkt lagaákvæði mundi torvelda mjög námsmannaskipti, sem nú færast óðum í vöxt. Þó að ekki yrði haft lögbann við því að veita styrki til náms erlendis í greinum, sem hugsanlegt er að nema hér á landi, hygg ég, að það muni ekki á nokkurn hátt draga frá Háskóla Íslands. Það verður ávallt hagstæðara að nema hér heima og ódýrara, þannig að gera verður ráð fyrir, að allur þorri stúdenta muni gera það, ef þess er kostur, ef ekki eru sérstakar ástæður til þess, að þeir vilji leita út fyrir landssteinana.

Við 2. gr. er gerð sú brtt. um stjórn lánasjóðsins, að fulltrúar stúdenta, bæði þeirra, sem heima eru, og þeirra, sem erlendis eru, verði skipaðir til 2 ára, en aðrir stjórnarmeðlimir til 4 ára. Er augljóst, að námsmenn eiga erfitt með að sitja 4 ár í stjórn slíks sjóðs, þar sem gera má ráð fyrir, að þeir geti lokið námi á því tímabili og horfið úr röðum stúdenta, og að stúdentar muni þá ekki telja þá eins góða fulltrúa fyrir sig eins og þá, sem enn þá eru við nám. Um þetta atriði hefur óskir bæði frá stúdentaráði háskólans og samtökum stúdenta erlendis, og hefur n. farið eftir þeim óskum.

Brtt. við 4. gr. er nánast leiðrétting og augljós.

Við 5. gr. eru þrjár brtt. Sú fyrsta stafar af því, að nm. þótti betur fara að fella niður nokkur orð, en efni breytist ekki. 2. brtt. er á þá lund, að það skuli ekki ákveðið í þessu frv., að setja skuli tryggingu fyrir lánum, heldur telur n. rétt, að stjórn lánssjóðsins hafi það í hendi sinni að ákveða, hvenær, hvort og hvernig trygginga skuli krafizt af stúdentum fyrir þeim lánum, sem þeir fá. Þessi breyt. stafar eingöngu af því, að menntmn. vill forðast, að það geti komið til mála, að þetta ákvæði verði fátækum námsmönnum til trafala.

Loks er sú brtt. við 5. gr. að bæta þar við ákvæði þess efnis, „að látist námsmaður eða verði öryrki, verði lán hans óafturkræf“. Þessari reglu hefur verið fylgt, og er því aðeins verið að lögfesta hana hér, og þykir n. það sjálfsagt.

Brtt. við 8. gr. er efnislega hin sama og við 1. gr.

Loks er brtt. við 9. gr. Í þeirri grein er talað um styrki til framhaldsnáms, og þarf þá að ákveða, hvenær telja má, að framhaldsnám hefjist. Eru í frv. ákvæði um, að það skuli að jafnaði vera lokið 5 ára námi, áður en til þess gæti komið, en er lagt til hér að breyta því í 4 ára nám. Barst um þetta ábending m. a. frá stúdentaráði háskólans. Vitað er, að uppi er mikill áhugi á því að reyna að stytta háskólanám, þar sem það þykir í mörgum greinum vera óþægilega langt, og nú þegar eru uppi ýmsar hugmyndir, t. d. þær að lengja skólaárið og geta þannig stytt heildartíma námsins, og einnig munu a. m. k. í einni deild Háskóla Íslands vera á döfinni breytingar, sem stytta það nám niður í 4 ár.

Virðist því eðlilegra, að framhaldsstyrkur geti komið til eftir a. m. k. 4 ára nám frekar en 5 ára.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að þessar breytingar snerta í engu meginatriði þessa frv. og raska í engu því samkomulagi, sem náðist um fjárhagshlið þeirra breytinga, sem gera á, eða um stjórn væntanlegs lánasjóðs eða önnur meginatriði, og að frv. með þeim meginbreyt. fyrst og fremst er mikið skref í rétta átt, þótt augljóst sé, að þess er ekki kostur á þessu stigi að stíga svo stórt skref sem margir mundu vilja óska eða þannig, að hægt væri að uppfylla svo til allar þarfir námsmanna á lánsfé eða styrkjum, fram yfir það, sem gera má ráð fyrir að þeir hafi að meðaltali annars staðar að.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðslu þessa frv., og læt í ljós ánægju yfir því, að hún skuli einróma mæla með samþykkt þess í öllum meginatriðum.

Þetta frv. var lagt fram snemma á þessu þingi, svo að segja við upphaf þingsins, og var það upphaflega ætlun mín og ríkisstj., að það yrði afgreitt fyrir nýár. En svo tókst þó til vegna sérstakra anna þingsins í desembermánuði, að af því varð ekki. En venjan hefur verið sú að úthluta námslánum og námsstyrkjum einhvern tíma á fyrstu þrem mánuðum ársins, venjulega í febr. eða marzmánuði. Þegar mér þess vegna varð ljóst, að ekki yrðu tök á því að afgreiða þetta frv. fyrr en í fyrsta lagi einhvern tíma í þessum mánuði, í febrúarmánuði, en frv. gerir hins vegar ráð fyrir mikilli breyt. á aðstoð hins opinbera við námsmenn, þótti mér sýnt, að hætta kynni að vera á því, að óheppilegur dráttur yrði á úthlutun námslána og námsstyrkja nú á þessu ári. Taldi ég því rétt að gera sérstakar ráðstafanir í því sambandi, sérstaklega vegna þess, að við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir því, að þetta frv. yrði að l., kæmi til framkvæmda nú á árinu 1967.

Í kjölfar samþykktar þessa frv. kemur veruleg hækkun á opinbera aðstoð við námsmenn, bæði hér við Háskóla Íslands og erlendis, og eru gildandi fjárlög miðuð við þá hækkun opinberrar aðstoðar. Á s. l. ári fengu stúdentar við Háskóla Íslands í námslán 7.4 millj. kr., en skv. reglum þessa frv. og skv. þeim fjárveitingum, sem eru í gildandi fjárlögum, munu lán til stúdenta við Háskóla Íslands aukast upp í 12.1 millj. kr. Í fyrra námu lán til íslenzkra námsmanna erlendis 10.1 millj. og styrkur þeim til handa 2.6 millj. kr. Opinber aðstoð við íslenzka námsmenn erlendis var þannig í fyrra 12.7 millj. kr. Skv. reglum þessa frv. munu lán til íslenzkra stúdenta erlendis nema 13.2 millj., styrkir til þeirra munu nema 3.5 millj., og auk þess er gert ráð fyrir 1 millj. kr. í styrki til kandídata. Heildaraðstoðin við íslenzka námsmenn erlendis, sem var í fyrra 12.7 millj., mun á þessu ári verða 17.7 millj. kr. Heildaraðstoð hins opinbera við íslenzka námsmenn nam í fyrra 20.1 millj. kr., en mun skv. þessu frv. verða 29.8 millj. kr., þ. e. a. s. aukast um 9.7 millj. kr. Langmestur hluti aukningarinnar er bein aukning á ríkisframlagi. Það eykst um 8 millj. kr., en eigin tekjur sjóðsins aukast um 1.7 millj. kr., þannig að heildaraukningin verður 9.7 millj. kr. Gildandi fjárlög gera sem sagt ráð fyrir þessari aukningu á opinberri aðstoð við íslenzka námsmenn. Nú var um tvennt að velja að láta styrkveitingar og lánveitingar bíða, þangað til þetta frv. væri orðið að lögum, og mátti þá búast við því, að nokkur dráttur yrði á úthlutuninni, miðað við það, sem áður hefur verið, eða þá að fela þeim aðilum, sem skv. gildandi l. annast úthlutun námslána og námsstyrkja, að annast úthlutunina einnig í ár og úthluta því fé, sem fjárlög gera ráð fyrir, og reyna að haga úthlutuninni í sem nánustu samræmi við þær reglur, sem í þessu frv. felast.

Að höfðu nánu samráði við stúdentaráð Háskóla Íslands og samtök íslenzkra stúdenta erlendis var sá kostur tekinn nú fyrir skömmu að fela þeim aðilum, sem annast úthlutun námslána og námsstyrkja til námsmanna við Háskóla Íslands og erlendis skv. gildandi lögum, að úthluta því fé, sem veitt er í gildandi fjárlögum, og reyna við þá úthlutun að hafa sem nánasta hliðsjón af þeim reglum, sem þetta frv. byggist á. Þetta var eindregin ósk beggja aðilanna, bæði stúdentaráðs Háskóla Íslands og stjórnar samtaka íslenzkra stúdenta erlendis. Er því nú verið að vinna að úthlutun námslána og námsstyrkja, úthlutun á því fé, sem í gildandi fjárlögum er, og í meginatriðum verður fylgt þeim reglum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Má því segja, að í ár komi meginreglur frv. til framkvæmda, þó þannig, að ekki er skipaður nýr úthlutunaraðili, eins og frv. gerir ráð fyrir, heldur fara þeir aðilar, sem með þetta verkefni fara að gildandi lögum, með úthlutunina enn einu sinni á þessu ári, væntanlega í síðasta sinn, ef þetta frv. nær fram að ganga, sem ég vona fastlega.

Þessu taldi ég rétt að skýra hv. d. frá og vona, að hv. alþm. hafi ekki við það að athuga, að þessi aðferð sé við höfð. Þó er rétt að geta þess, að ein tegund styrkja í frv. er algert nýmæli, þ. e. a. s. kandídatastyrkirnir. Ég hef talið rétt að láta úthlutun þeirra styrkja bíða þess nýja úthlutunaraðila, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, enda má segja, að engin töf megi teljast í því sambandi, þar sem þeir styrkir eru algerlega nýir. Það er einungis nemendunum við háskólann hér og nemendunum, sem nám stunda úti, sem við vildum forða frá því að þurfa að bíða lengur eftir sinni aðstoð en þeir hafa þurft að gera á undanförnum árum, og það á að takast með þeim hætti, sem ég hef nú skýrt hinu háa Alþingi frá.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að taka það fram, að ég er samþykkur því frv., sem hér liggur fyrir, og tel, að þær brtt., sem lagðar eru fram, skipti ekki

meginmáli, en á þeim eru að mínu viti formlegir gallar og að nokkru leyti efnislegir, svo að ég tel, að athuga þurfi þetta mál nánar.

Ástæðan til þess, að ég fór að íhuga þetta, er sú, að mig minnti, að það væri í lögum enn ákvæði um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta, og svo er a. m. k. enn talið í lagasafninu frá 1965. Hvort það hefur verið fellt niður síðan, hef ég ekki flett upp, en ég minnist þess ekki. Það verður þá leiðrétt. En upphaf 1. gr. þeirra laga hljóðar svo: „Eftir að Háskóli Íslands er tekinn til starfa, hafa þeir einir rétt til embætta hér á landi, er tekið hafa embættispróf við háskólann. Þó á þetta aðeins við þær fræðigreinar, sem þar eru kenndar og próf er haldið í". Meðan þetta ákvæði er í lögum og ef það er í lögum, er mjög umhendis að ginna menn með opinberum styrkjum til þess að fara til náms erlendis og þeir hafa síðan ekki embættisrétt hér á landi. Ég held því, að þeir, sem vilja auka frjálsræði stúdenta í þessum efnum, þurfi fyrst og fremst að athuga þessi lög og láta hitt eiga sig, þangað til búið er að breyta þeim, ef mönnum kemur þá saman um þá breyt. Auk þess vil ég benda á, að vegna rökfærslunnar er a. m. k. engin ástæða til þess að breyta ákvæði 1. gr. frv., vegna þess að þar segir: „Lán skulu að jafnaði því aðeins veitt til náms erlendis, að eigi sé unnt að leggja stund á það á Íslandi." Hér er einungis um almenna reglu að ræða. Og eftir grg. n. og grg. stúdentanna, sem nema erlendis, ætlast þeir ekki til, að öðru sé fylgt en þarna er sagt, að það sé aðeins í undantekningartilfellum veitt lán, ef menn geta stundað sams konar nám hér á landi. Þar við bætist svo um þau tilfelli, sem þeir minnast á, eins og sérstaklega sagnfræði og málanám, að fullkomið háskólanám erlendis er auðvitað allt annað en þau kennarapróf, sem hægt er að taka a. m. k. í málum hér á landi, og þar er því fjallað um allt annað atriði en 1. gr. og raunar 8. gr. einnig segir til um. Ég vil álíta, að hvað sem líður ákvæðinu frá 1911, sé ekki ástæða til þess að jafnaði að lána mönnum fé eða styrkja þá til þess að nema það, sem við höldum uppi fullkominni kennslu í hér á landi. Ef sérstök atvik eru fyrir hendi, er skv. 1. gr. heimilt að veita lán í þessu skyni. Ákvæðið er fortakslausara í 8. gr., og ég játa, að þegar litið er hjá ákvæðinu frá 1911, væri ástæða til að endurskoða ákvæðið í 8. gr. og gera það linara en nú er og veita þar heimild til undantekninga. Þetta vildi ég benda hv. n. á og spyrja hv. frsm., hvort hann teldi ekki ástæðu til þess að skoða þetta mál nokkru nánar.

Eins held ég, að ef samþ. yrði brtt. hv. n. við 5. gr., mundi koma allt annað út úr þeirri samþykkt heldur en fyrir hv. n. vakir. Mér skilst, að það vaki fyrir hv. n., að stjórn sjóðsins eigi að geta kveðið á um, hvort veita eigi tryggingu eða ekki. Ég þori að fullyrða, að samkv. venjulegum lagaskýringareglum mundi samþykkt till. n. verða skilin þannig, að það væri ekki heimild fyrir sjóðsstjórnina til þess að krefjast tryggingar. Ég sé ekki, að það sé annars staðar í frv. heimild til þess að krefjast tryggingar heldur en í þessu niðurlagi 5. gr., og ef það niðurlag er skilyrðislaust fellt niður, vantar heimild í l. til þess að krefjast tryggingar. Þá er einungis heimilt að krefjast skuldabréfs, sem er sjálfsagt. En úr því að búið er að fella niður ákvæðið um tryggingu, skortir heimild til þess, að sú krafa sé gerð. En þetta vakir ekki fyrir n., og því þá að setja ákvæði, sem a. m. k. má skilja á þann veg? Ég mundi þvert á móti telja, að eins og ákvæðið er núna samræmist það algerlega fyrirætlun n. Ákvæðið hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir lánum þessum skulu lántakar gefa út skuldabréf og setja tryggingu samkv. ákvörðun stjórnar sjóðsins." Ég mundi skilja þetta þannig, að ef stjórn sjóðsins telur ekki þörf á eða ástæðu til að krefjast tryggingar, hafi hún heimild til þess að taka ákvörðun um, að svo skuli ekki gert. Ef ekki á að skilja ákvæðið á þennan veg, er þetta orðalag meiningarlaust að mínu viti. Nú mætti þetta vera e. t. v. eitthvað skýrara, þannig að það væri alveg ótvírætt, að stjórnin hefði þetta alveg í sinni hendi. En ef menn ætlast til þess, að það sé heimilt að krefjast tryggingar, og það segir n. að sé hennar meining, að sé aðalreglan, dugir ekki að fella ákvæðið niður skilorðslaust, eins og n. leggur til.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Frv. til l. um námslán og námsstyrki er komið frá n. Hún hefur gert á því ýmsar breytingar, og verð ég að segja, að ég tel þær allar til bóta, enda þótt kannske megi della um einstök smáatriði, sem betur mættu fara. Sérstaklega fagna ég því, að gerð hefur verið sú efnisbreyting, að lán námsmanna, sem látast eða verða öryrkjar, verða óáfturkræf. Hins vegar hafa ekki verið gerðar ýmsar aðrar breytingar til bóta á frv., sem nauðsynlegt hefði verið að gera og bent var á við 1. umr. málsins. Ég tók það fram við 1. umr., að frv. væri ótvírætt spor fram á við, en þörfin á þessu sviði væri svo brýn, að frv. væri eftir sem áður ófullnægjandi á ýmsan hátt. Ég fagnaði því sérstaklega við 1. umr. málsins, að í frv. er það tekið fram í 2. gr., að stefnt skuli að því, að námsmenn fái alla umframfjárþörf greidda með aðstoð hins opinbera, þ. e. a. s. þeir skuli fá aðstoð, sem nægi til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar tekið hefur verið eðlilegt tillit til aðstöðu þeirra til fjáröflunar. En ég harmaði það, að ekki skyldi koma fram í frv., hvenær þessu marki skyldi náð. Einnig taldi ég mjög óeðlilegt, að ekki væri tekið tillit til erfiðleika þeirra námsmanna, sem hafa fjölskyldu á framfæri sínu, því að vitað er, að þriðjungur þeirra námsmanna, sem lánakerfið nær til, er í hjónabandi.

Í grg., sem fylgir frv., kemur fram, að lánakerfið eins og það var í fyrravetur, fullnægði aðeins 38% af umframfjárþörf stúdenta við Háskóla Íslands og þeirra námsmanna erlend-

is, sem notið hafa lána. En nýja kerfið mun ekki fullnægja nema 46% af umframfjárþörf sömu *námsmannahópa, og þar af munu* stúdentar við Háskóla Íslands aðeins fá lán fyrir 36% af umframfjárþörf sinni. Ég benti einnig á, að sumir stúdentahópar við Háskóla Íslands munu alls ekki fá hærri lán, enda þótt þetta frv. verði að lögum. Allstórir námsmannahópar munu jafnvel fá lægri lán en þeir hafa hingað til fengið. Ég held því, að það muni öllum vera ljóst, að þó að þetta frv. verði að teljast spor fram á við, er þó skammt stigið. Það verður langt í land að því marki, sem lögin setja sér. Vegna þess að n. hefur ekki séð sér fært að hagga við þessu ákvæði, höfum við ákveðið, tveir þm. Alþb., 3. þm. Reykv. og ég, að flytja hér brtt. við 2. gr. frv., og vil ég leyfa mér að lesa hana hér upp, með leyfi hæstv. forseta. Við leggjum til, að 2. gr. orðist svo:

„Stefnt skal að því í jöfnum áföngum á 4 árum, að opinber aðstoð við námsmenn samkv. lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. Við útreikning á námskostnaði ber jafnframt að taka tillit til þess, ef námsmaður hefur fjölskyldu á framfæri sínu.“

Eins og þeir munu sjá, sem bera saman brtt. við frvgr., eins og hún liggur fyrir, er hér lagt til, að takmarkinu verði náð á 4 árum og verði stefnt að því að ná því með jöfnum áföngum. Í öðru lagi er hér sérstaklega tekið fram, að taka skuli tillit til þess, ef námsmaður hefur fjölskyldu á framfæri sínu.

Eins og kunnugt er, hefur ríkisstj., sem leggur þetta frv. fram, látið semja það á grundvelli álits, sem 7 manna n. skipuð af ráðh. hefur skilað. Menntmrh. hefur fylgt till. n. að öllu leyti nema að því einu, að fellt hefur verið úr 12. gr. það ákvæði, að ríkissjóður greiði vexti af lánum, sem lánasjóðurinn tekur. Eins og kunnugt er, er aðstoð ríkisins enn sem komið er nær eingöngu lán. Ég held, að það sé því ekki óeðlilegt, ef svo ber undir eins og segir í 12. gr., að ríkissjóður leggur ekki fram nægilegt fjármagn til þess að mæta fjárþörf sjóðsins og stjórn sjóðsins neyðist til þess að taka lán, að ríkissjóður greiði þá vexti af þessum lánum. Ég vil undirstrika það, að sú n., sem samdi þetta frv., samþykkti einróma, að þessi tilhögun skyldi viðhöfð. En það var í meðförum menntmrh. og ríkisstj., sem þetta ákvæði var fellt úr, eins og skýrt kemur fram í grg. fyrir frv.

Með 2. brtt., sem við leyfum okkur að flytja hér, er lagt til, að 12. frvgr. verði breytt í það horf, sem hún var í, þegar n. skilaði till. sínum til ríkisstj. 12. gr. mundi þá orðast svo, ef þessi brtt. okkar næði fram að ganga:

„Nú nægir það ríkisframlag eigi, sem ákveðið hefur verið, til þess að mæta fjárþörf sjóðsins á því fjárhagsári og er þá stjórn sjóðsins heimilt að fengnu samþykki menntmrn. og fjmrn. að taka innanlands lán í bönkum eða öðrum lánastofnunum með tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins til þess að endurlána námsmönnum. Lánasjóður íslenzkra námsmanna stendur straum af afborgunum af lánum þessum, en ríkissjóður greiðir af þeim vexti. Eigi má sjóðsstjórnin lána meira fé úr sjóðnum en svo, að sjóðurinn geti staðið straum af afborgunum af lánum þeim, sem tekin verða samkv. lögum þessum, svo og af þeim lánum, sem þegar hafa verið tekin til starfsemi hans.“

Eins og ég tók fram, er sú ein breyting fólgin í 12. gr., að þar er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði vexti af þeim lánum, sem sjóðurinn tekur.

Ég vil leggja þessar skriflegu brtt. fram og óska eftir því, að forseti leiti afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 228) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Út af brtt. þeim, sem hv. síðasti ræðumaður flutti, vil ég skýra frá því, að efni það, sem í þeim felst, var í öllum þrem tilvikum rætt í menntmn. Það komu fram till. frá samtökum stúdenta um það, að lögfest yrði, að takmarki því, sem fram kemur í 2. gr. frv. um að sjá námsmönnum fyrir allri þeirri umframfjárþörf, sem reynist vera hjá þeim, — till. frá þeim kom um að ná þessu marki á ákveðnu árabili. En menntmn. treysti sér ekki til að leggja það til, hreinlega af fjárhagsástæðum. Frv., eins og það liggur fyrir, gerir ráð fyrir stóru skrefi, þar sem heildarfjárveitingar fara t. d. á einu ári úr 20.1 í 29.8 millj., og við sáum ekki fram á, að það mundi vera hægt að ná samkomulagi við þá aðila, sem mundu þurfa að sjá fyrir fjármunum, um það að ganga lengra. Þess vegna treystum við okkur ekki í n. til þess að taka upp till. um að ná þessu marki á ákveðnu árabili.

Í sambandi við það að taka sérstakt tillit til stúdenta, sem eru orðnir fjölskyldumenn á námsárum sínum, lít ég þannig á, að það geti falizt í frv. eins og það er. Í 4. gr. er stjórn sjóðsins falið það m. a. að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á opinberri aðstoð, og samtök stúdentanna lögðu mjög mikið upp úr þessu atriði, vildu raunar hafa sterkara orðalag. En n. taldi, að þetta mundi duga, og lít ég þannig á, að fjölskyldur stúdenta, þar sem þriðjungur þeirra er nú fjölskyldumenn, og sá kostnaður, sem er í sambandi við það, hljóti að ganga inn í útreikninga n. varðandi fjárþörf og að síðan yrði tekið tillit til svo mikilsverðs atriðis í framkvæmd laganna.

Loks er atriðið um það, að ríkið greiði vexti af lánum, sem sjóðurinn tekur, fram yfir það, sem hann getur sjálfur. Þar er sömu sögu að segja og um 2. gr. Það reyndist ekki vera unnt að fá samkomulag við þá, sem bera ábyrgð á því að afla fjár til þessara þarfa eins

og annarra, að ganga lengra að sinni, og n. treysti sér því ekki til þess að leggja þetta atriði til.

Hæstv. forsrh. benti á lög um forgangsrétt kandídata til embætta í sambandi við brtt. við 1. og 8. gr. Mér virðist ekki, að það sé óhjákvæmilegt, að það sé samband á milli þessara tveggja laga og það sé ekki hægt að breyta öðrum án þess að breyta hinum. Ef það er nauðsynlegt vegna laga um forgangsrétt kandídata til embætta að taka það fram í l., að ekki megi styrkja menn til náms erlendis, ef hægt er að ljúka því hér á landi, hefði átt að setja þetta í lög fyrr, því að lögin um forgangsréttinn til embætta eru gömul, en það er núna fyrst, sem lagt er til, að þetta þrönga ákvæði sé sett í lög. Hér er nú raunar ekki um efniságreining að ræða milli n. og hæstv. ráðh., heldur aðeins um áherzlu. Annars vegar hefur ekkert staðið um það í l., að það sé bannað að styrkja fólk til náms erlendis, sem hægt er að stunda hér. Hins vegar hefur í framkvæmdinni verið höfð hliðsjón af því, hvort hægt væri að stunda nám hér, og reynt að tryggja það, að ekki væri gengið þarna út í neinar öfgar. Hins vegar er nú talað um að lögfesta, að ekki megi veita slíka styrki að jafnaði, þannig að segja má, að hvort kerfið sem er er sveigjanlegt, og ég hygg, að aðalatriði málsins sé, að þetta verði framkvæmt á mannlegan og sveigjanlegan hátt, þannig að tekið verði tillit til aðstæðna hverju sinni. Það má taka fram, að áður fyrr var háskólanám og embætti talið vera nátengt hvort öðru og menn, sem luku prófum við háskóla, mundu flestir fara í opinber embætti. En sú tíð er löngu liðin. Mikill hluti af því unga fólki, sem lýkur háskólanámi í ýmsum fögum, fer alls ekki eða hugsar sér alls ekki að fara til starfa hjá hinu opinbera, heldur hjá ýmsum greinum atvinnuvega eða hálfopinberra eða einkastofnana, þannig að þessi ákvæði mundu ekki verða takmarkandi nema á tiltölulega fáa, og er þá þess að gæta, að einmitt þær námsgreinar, sem eðlilegast er að stunda, ef menn ætla sér að komast til opinberra embætta eða alls þorra þeirra, eru þær háskólagreinar, sem við veitum fullkomnasta og víðtækasta kennslu í, og er því ekki verulega ástæða til að ætla, að þarna þurfi að verða árekstur. Þar að auki má benda á, að undanfarin ár hefur, að ég bezt veit, ekki oft komið til kasta þessara laga. Í stórum greinum, eins og t. d. læknisfræðinni, eru allir þeir útskrifaðir læknar, sem vilja vinna hér á landi, teknir til starfa, og kemur sjaldan til þess, að um forgangsrétt þarf að fjalla. Svo er raunar um mörg svið, t. d. í kennslu, nema þá helzt í einstaka fræðigreinum við háskólann. Annars er sjálfsagt, að n. líti nánar á þetta og ég geri ráð fyrir því, að henni gefist tækifæri til þess á milli 2. og 3. umr. málsins.

Í sambandi við 5. gr. kann það að vera rétt, að ef till. n. er samþ., sé ekki lengur heimild í l. fyrir stjórn lánasjóðsins til þess að krefjast tryggingar. Ég er nú ekki löglærður maður, en er ekki viss um, að það sé nauðsyn til þess, að það sé beinlínis lagaheimild til þess, að aðili, sem hefur vald til þess að veita lán, geti, ef honum sýnist nauðsynlegt, krafizt einhvers konar tryggingar. Hitt var hugur n., að láta koma greinilega fram í nál., hvað hún átti við með þessari breytingu, og mátti heyra á orðum hæstv. ráðh., að hann hafði tekið eftir því. Og er þá bezt að leita álits þeirra, sem sérfróðir eru í slíkum lagahlutum, hvort orðalagið þarf að vera eins og það var eða getur verið eins og n. vill hafa það, því að ekki er að heyra neinn ágreining um efni málsins. Er sjálfsagt, að n. geti litið á þetta einnig á milli 2. og 3. umr.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég ræddi þetta frv. nokkuð við 1. umr. þess og lýsti þá yfir þeim skilningi mínum, að frumvarpið væri til bóta, svo langt sem það næði, og auk þess hef ég átt sæti í menntmn., og þar hefur þetta frv. verið til umr. nokkrum sinnum. Hins vegar hittist nú svo á, að ég var ekki á þeim fundi, þegar þetta mál var tekið til lokaafgreiðslu, og kom mér satt að segja dálítið á óvart, að það skyldi vera sá hraði á, sem viðhafður var, því að ég hygg, að menntmn. hefði getað athugað marga þætti frv. og margt í kringum það betur en orðið hefur. Hins vegar skil ég það öðrum þræði, að nauðsyn hafi borið til að hraða afgreiðslu frv., einkum ef tekið er tillit til þess, að það eigi að framkvæma ákvæði þess nú á þessu ári. Nú hefur hæstv. menntmrh. talað hér og hann hefur lýst yfir því, að hann muni láta frv. koma til framkvæmda, eða reglur þess, jafnvel þó að frv. sjálft verði ekki samþ. Ég tel því, að það hafi ekki verið svo brýn þörf fyrir að hraða þessu frv. eins og gert hefur verið, þar sem hæstv. menntmrh. hefur fundið leið til þess að framkvæma ákvæði þess í höfuðdráttum, án þess að það yrði að lögum. Ég álít, að þetta mál sé það viðamikið og margslungið, að Alþ. þurfi að gefa því alveg sérstakar gætur.

Þetta frv. er vissulega til bóta, og það er spor fram á við. En eigi að síður er grundvöllurinn undir námsaðstoðarkerfinu sá sami og verið hefur. Hann er sá, að námsaðstoðin nær fyrst og fremst til langskólamanna og hún nær til tæknimanna, sem nema erlendis. Hins vegar eigum við alveg eftir að athuga fleiri þætti þessa máls, og einkum eigum við eftir að athuga það, hvort námsaðstoðarkerfið á ekki að ná til fleiri en þeirra aðila, sem venja hefur verið á undanförnum árum og áfram er ætlað að verði. Ég tel og hef m. a. viljað leggja áherzlu á þann skilning minn með því að flytja þáltill. oftar en einu sinni um það efni, að það þurfi að taka þetta mál til rækilegrar endurskoðunar og láta námsaðstoðarkerfið ná til miklu fleiri aðila, til fólks á fleiri skólastigum heldur en nú er. Og ég tel einnig, að það sé hin mesta nauðsyn fyrir okkur að fylgjast með því, hvað er að gerast í öðrum löndum í þessu efni. Ég hef haft nokkrar spurnir af

því, þó að ég geti játað, að ég hafi ekki athugað það svo gaumgæfilega, þá hef ég haft af því spurnir, að þessi mál hafa verið til verulegrar endurskoðunar á Norðurlöndum, einkum í Noregi og Svíþjóð, og í Svíþjóð er beinlínis búið að gerbylta námsaðstoðarkerfinu með nýrri lagasetningu eða þriggja ára gamalli lagasetningu, sem nú er farið að framkvæma. Þar er um mjög víðtækt námsaðstoðarkerfi að ræða, og þó að ég geri varla ráð fyrir því, að við getum tekið það upp í einu og öllu, hefði mér þó fundizt rétt, að menntmn. þessarar hv. d. hefði kynnt sér þetta atriði rækilegar en reyndin varð. Og jafnframt er þess að geta, að í Noregi hafa þessi mál verið til umr. að undanförnu og þar hefur stjórnskipuð nefnd unnið að þessum málum og skilað áliti fyrir einum 2—3 árum, en mér er ekki kunnugt um, hvort ríkisstj. þar hefur tekið undir þær till. Hins vegar er það augljóst, af áliti þessarar n., að Norðmenn telja það mjög brýnt að auka námsaðstoðina og láta hana ná yfir miklu víðtækara svið heldur en verið hefur og heldur en gert er ráð fyrir t. d. með því frv., sem hér er til umr. hjá okkur í hv. Nd. í dag. Ég vil því, jafnframt því sem ég lýsi yfir stuðningi mínum við frv. eins og það er, lýsa yfir, að það er ekki hægt að láta staðar numið. Við verðum að gera meira í þessu máli. Við verðum að auka okkar námsaðstoð mjög verulega, bæði við langskólamennina og einnig við menn á öðrum skólastigum, jafnvel við fólk í barnaskóla og á hinum lægstu framhaldsskólastigum. Það getur verið mjög eðlilegur hlutur. Það er nefnilega þannig, að námsaðstaða í landinu er ákaflega ójöfn. Hún er svo ójöfn, að margt fólk verður að senda börn sín í skóla í aðra landsfjórðunga. Og það er mjög dýrt að þurfa að gera þetta, og þeir, sem eiga mörg börn og þurfa kannske að senda allmörg börn sín í gagnfræðaskóla, kannske í aðra landsfjórðunga, en mjög oft í önnur sveitarfélög, þá er þetta mjög mikill baggi á heimilunum og kostar stórkostleg útgjöld. Ég get ímyndað mér, að það kosti t. d. námsmann á Akureyri, við menntaskólann, það kosti hann 60—65 þús. kr. á ári. Og þannig mun það einnig vera með héraðsskólana. Ég veit ekki um tölur þar eða hve mikið það kostar, en það kostar tugi þús. kr. að vista sig til námsdvalar á slíkum skólum. Og oft er hér um að ræða námsfólk, sem ekki hefur aðstæður til þess að vinna fyrir öllum þessum kostnaði, og það hlýtur því að koma í hlut foreldranna að greiða þennan kostnað, ef ekki að öllu leyti, þá að mjög verulegu leyti. Ég tel, að þarna sé m. a. eitt atriði, sem við þurfum að leiða hugann að, og sé ekki síður sanngirnis- og réttlætismál heldur en hitt, að greiða fyrir háskólastúdentum með námsaðstoð. Sem sagt: ég vil leggja áherzlu á það, að jafnvel þó að þetta frv. verði að lögum, tel ég að það sé engu endanlegu marki náð og að mjög fljótlega þurfum við að endurskoða þessi lög og fleira, sem þessi mál varðar.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Frsm. menntmn., hv. 5. þm. Vesturl. (BGr), kom hér fram með þá skoðun, að í raun og veru fælist í 2. gr. frv., að tekið yrði tillit til aðstöðu og fjárþarfar þeirra stúdenta, sem eiga fyrir fjölskyldum að sjá. Mér þykja þetta mjög athyglisverðar upplýsingar. Nú hafa þeir báðir, hæstv. menntmrh. og hv. frsm. menntmn., upplýst hér í umr., að tekjur sjóðsins muni hækka úr 20.1 millj. í 29.8 millj., og mér hefur skilizt, að þær úthlutunarreglur, sem þessir útreikningar byggjast á, geri ekki ráð fyrir því, að stúdentar fái aukna aðstoð, sem nemur fjárþörf þeirra, vegna framfærslu á fjölskyldum. Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hann er að vísu ekki nálægur hér nú, en hann getur þá svarað því við 3. umr. málsins, — ég vil spyrja, hvort það sé raunverulega svo, að í þessum útreikningum sé gert ráð fyrir því, að tekið verði tillit til fjölskyldumanna. Umframfjárþörf fjölskyldumanna hefur einnig verið athuguð, og liggja fyrir tölur um það atriði einnig. Þessar tölur, þ. e. 20.1 millj., sem hækka í 29.8 millj., eru ekki tölur, sem teknar eru út í bláinn, heldur tölur, sem eru byggðar á nákvæmum útreikningum um það, hversu langt sé ætlunin að ganga. Mér hefur skilizt, að ekki sé tekið tillit til fjölskyldumanna í þessari áætlun, en þetta kann að vera misskilningur. Ég vildi þá gjarnan fá það fram, hvort þetta er misskilningur hjá mér eða hvort þessi orð hv. 5. þm. Vesturl. voru aðeins óskhyggja. Mér er það ekki fyllilega ljóst. En ef svo er, hljóta menn að sjá, að þær till., sem við höfum flutt hér, hv. 3. þm. Reykv. og ég, eru ekki fluttar að ástæðulausu.

ATKVGR.
Brtt. 214 og 228 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
10.—15. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Nd., 20. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 22, 214, 228).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Við 2. umr. um frv. þetta komu bæði fram nokkrar brtt. umfram þær, sem menntmn. flutti, og nokkrar aths., sem beint var til n. að athuga á milli umr.
Brtt. eru frá þeim hv. 5. landsk. og 3. þm. Reykv. Þær eru um efni, sem rætt var við meðferð málsins í n. og ganga lengra en frv. Þær ganga í þá átt, að við getum kallað þær óskhyggju okkar allra, en því miður er ekki hægt að ná almennu samkomulagi um að

samþykkja slíkar till. Er þá rétt að minnast þess, að með þessu frv. er stigið stórt skref í framfaraátt, og samkv. því aukast þeir fjármunir, sem ríkið veitir til styrkja og lána fyrir stúdenta, um margar millj. kr. Er því miður ekki raunhæft að fara fram á samþykkt þessara till. og gæti raunar stofnað í hættu því samkomulagi, sem þegar er um frv., og þar með þeim endurbótum, sem stúdentar fá með frv. Get ég því aðeins sagt um þær till., að ég vona, að þau þing, sem á eftir okkur koma, geti bætt eins mikið um fyrir stúdentum hvað námslán og námsstyrki snertir eins og þetta þing gerir, ef það samþykkir þetta frv. Þá mun innan skamms koma að því, að till. þeirra tvímenninga verði að veruleika.

Nokkrar aths. voru gerðar við þær brtt., sem menntmn. flytur sameiginlega. Hefur n. komið saman á milli umr. og orðið sammála um að flytja tvær brtt. við fyrri brtt. Ef menn vilja hafa þann hátt, má einnig líta á þetta sem brtt., sem kæmu í stað hinna, og n. tæki þá fyrri till. aftur.

Gerð var aths. við brtt. n. við 5. gr. frv., till. 4.b á þskj. 214. Þar er lagt til að taka út orðin „og setja tryggingu samkv. ákvörðun stjórnar sjóðsins“ í lok 3. mgr. Það kom greinilega fram í grg., svo og við umr., að tilgangur menntmn. er sá að girða með öllu fyrir það, að ákvæði um, að taka megi tryggingu af stúdentum fyrir lánum, sem þeim eru veitt, verði til þess, að stúdentar missi af lánum. Vel er hægt að hugsa sér, að einhverjum stúdentum gæti gengið erfiðlega að útvega viðunandi tryggingar fyrir allmiklum lánum. Hins vegar var það dregið í efa, að stjórn lánasjóðs mundi hafa lagalega heimild til að setja nokkrar tryggingar, ef þessi till. væri samþ. og ákvæðið fellt úr lögum. Um þetta atriði er, að því er ég fæ bezt séð, enginn efnislegur ágreiningur, en til þess að forðast allan misskilning hefur menntmn. viljað flytja brtt. við brtt. sína og mundi sú till. orðast þannig: „Í stað orðanna í 5. gr. „og setja tryggingu samkv. ákvörðun stjórnar sjóðsins“ komi: og ákveður stjórn sjóðsins eftir aðstæðum umsækjenda, hvort eða hverra trygginga skuli krafizt.“

Menn veltu fyrir sér hugmyndum, sem ýmsir höfðu áhuga á, hvort taka ætti fram, að ekki mætti krefjast trygginga af efnalitlum stúdentum. Þar á móti kom það sjónarmið, að við megum helzt ekki flokka íslenzka borgara í lögunum eftir efnum þeirra, og þess vegna var fundið þetta orðalag, að það skyldi fara eftir aðstæðum umsækjenda, hvort eða hvernig sjóðsstjórnin krefðist trygginga. Er þá tryggt með öllu, að stjórn sjóðsins hefur lagalega heimild til að krefjast trygginga. En það sjónarmið kemur hér fram svo ljóst, að aldrei má um það verða nokkur efi, að vilji Alþ. er sá, að krafa um tryggingu verði ekki til þess að hindra það, að nokkur maður fái lán. Ef um annaðhvort efnalitla stúdenta er að ræða eða stúdenta, sem af einhverjum öðrum ástæðum eiga erfitt með að koma með venjulegar tryggingar fyrir lánum, má það ekki verða til þess að hindra það, að þeir geti haldið áfram námi, og vona ég, að þessi viðbótartill. frá menntmn. leysi þetta mál.

Önnur viðbótartill., sem menntmn. hefur orðið sammála um að flytja, er við 8. gr. Var við 2. umr. nokkuð um það rætt, hvort það ætti að banna með öllu, eins og frv. gerir upphaflega ráð fyrir, að veita lán eða styrk til þess að nema utanlands þær greinar, sem hægt er að stunda hér heima. Menntmn. telur varhugavert að festa slíkt ákvæði nú í lögum og lagði þess vegna til, að ákvæði um það í 1. og 8. gr. féllu niður. Hins vegar kom fram í n. till. um, að í 8. gr., sem fjallar um námsstyrki, verði orðin „í þeim greinum, sem eigi verður lögð stund á hérlendis“ ekki aðeins felld niður, heldur komi þar í staðinn þetta: „og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir, sem nema greinar, er eigi verður lögð stund á hérlendis“. Mundi með því orðalagi verða tryggt, að að jafnaði skuli þeir menn ganga fyrir um styrki, sem eru neyddir til þess að fara til annarra landa til þess að stunda nám sitt. Virðist mér, að um þetta hljóti að verða samkomulag, enda sé eðlilegt, að þeir, sem ekki eiga þess nokkurn kost að stunda nám hér heima, skuli að jafnaði ganga fyrir, enda þótt aðrir séu ekki útilokaðir, ef fjármunir eru fyrir hendi, sem við vonum að verði eftir fá ár.

Þessar tvær till. flytur menntmn. til viðbótar, og hafa þær verið settar hér fram sem brtt. við fyrri brtt. Vil ég biðja hæstv. forseta um að leita afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 250) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. um það frv. til l. um námslán og námsstyrki, sem nú er hér til 3. umr. Það er nánast fsp. til n. Ég vil nú biðja afsökunar á því, hvað þetta kemur seint fram, en það stafar af því, að ég hafði ekki kynnt mér málið nægilega vel, en í 1. gr. þessa frv. segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.“

Sú spurning, sem ég hef verið að velta fyrir mér í þessu sambandi, er, hvort þeir menn, sem nema við innlendan tækniskóla eða innlenda tækniskóla, séu samkv. þessu frv. útilokaðir frá námslánum eða námsstyrkjum. Ég teldi illa farið, ef svo væri, og hefði viljað mælast til þess við hv. n., að hún athugaði þetta orðalag, ef það er meiningin með þessu frv., að íslenzkir námsmenn, sem nema tæknifræði við íslenzka tækniskóla, eiga að njóta góðs af þessum lögum. Eins og hv. alþm. allir vita, er nú nýbúið að setja lög um íslenzkan tækniskóla, og þeir námsmenn, sem þar stunda

nám, geta nú lokið fyrri hluta námsefnisins hér heima, en hafa orðið að sækja síðari hlutann til útlanda. Mér er kunnugt um, að það er mikil hreyfing fyrir því meðal þessara manna, að þeim séu sköpuð skilyrði til þess að ljúka námi sínu hér heima, og fyrir hv. Alþ. mun nú liggja þáltill., sem gengur í þá átt. Ég verð því að álíta, að það sé á næsta leiti a. m. k., að íslenzkir tæknimenn geti lokið námi sínu að öllu leyti hér heima, enda er það sannast sagna mikið nauðsynjamál, og ég vildi af því tilefni leyfa mér að benda á þetta hér við þessa umr., hvort ekki væri ástæða til að breyta orðalagi 1. gr. á þann veg, að það gæti einnig náð til tækninema, sem stunduðu nám við íslenzkan skóla.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þetta atriði hefur því miður ekki komið til umr. á þeim mörgu fundum, sem menntmn. hefur um málið haldið, en ef flett er upp á bls. 15 og litið á fskj. II með frv., er þar talað um till. að samræmingu núgildandi úthlutunarreglna, og segir þar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Gildandi úthlutunarreglur eru samdar af þeim tveimur aðilum, sem annazt hafa úthlutunina. Ef upp verður tekin sú skipan, sem lagt er til í frv. þessu, að úthlutun námslána verði framvegis á einni hendi, þ. e. stjórnar sjóðsins, leiðir af því, að það verður hún, sem semur úthlutunarreglur og fær þær staðfestar. Úthlutunarreglur verða því nánast reglugerð sett af ráðh., sem gildir til óákveðins og væntanlega skamms tíma í senn."

Síðan er fjallað um þetta áfram, og á bls. 19 í sama fskj. er talað um undirbúning að úthlutun og úthlutunarreglur, og þar segir: „Varðandi úthlutunina sjálfa verður eftirfarandi verkefni úthlutunaraðila: 1. Að ákveða, hverjir eigi rétt á láni samkv. 1. gr. laganna. Sjóðsstjórnin verður að meta, hvort erlend kennslustofnun er hliðstæð háskóla eða tækniskóla." Þarna virðist vera um orðalag að ræða, sem bendir til þess, að þeir, sem frv. sömdu, litu á innlendu aðilana sem háskóla eða tækniskóla, þar sem talað er um erlenda aðila, sem séu hugsanlega hliðstæðir. En ég mundi líta þannig á, eins og þarna segir, að þetta atriði verði í höndum sjóðsstjórnarinnar, og er raunar rétt að átta sig á því, að í þessum lögum eru aðeins mjög almenn ákvæði um þessi atriði, en það verður á valdi sjóðsstjórnarinnar að setja nánari úthlutunarreglur. — Frekari svör við fsp. hv. þm. get ég því miður ekki gefið, en sjálfsagt væri að athuga þetta mál nánar, t. d. áður en málið fer út úr þinginu.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil þakka 5. þm. Vesturl. fyrir þau svör, sem hann gaf við því máli, sem ég hreyfði hér áðan. Með því að þetta frv. hefur verið nokkuð lengi til meðferðar og er nú komið á lokastig hér í hv. d., mun ég ekki bera fram brtt. við 1. gr. af tilefni þeirra aths., sem ég hafði fram við þetta að færa áðan, en ég tel, að þær upplýsingar, sem hv. formaður n. gaf hér áðan, gefi vísbendingu um það, að löggjafinn ætlist til þess, að þeir nemar, sem nema tækninám við innlendan skóla, geti einnig komið til greina við námslaun og námsstyrki, og sá skilningur fullnægir mér. Ef síðar kynni að verða vafamál um þetta í meðferð Alþ., er sá möguleiki, að hv. n. í Ed. taki þetta til athugunar, og þess vegna mun ég ekki að svo stöddu gera neina till. í málinu.

ATKVGR.
Brtt. 214,1 samþ. með 26:5 atkv.
— 228,1 felld með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, GeirG, SP, IG, JSk, LJós, RA, SE, ÞÞ, ÁÞ.
nei: DÓ, EmJ, GuðlG, GunnG, JóhH, JP, JR, MÁM, ÓL, PS, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, SB.
HÁ, HS, JK greiddu ekki atkv.
9 þm. (BFB, BP, EðS, EÁ, EystJ, GíslG, GÞG, IngJ, MB) fjarstaddir.
Brtt. 214,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 214,3 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 214,4.a samþ. með 29 shlj. atkv.
— 250,1 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 214,4.b kom ekki til atkv.
— 250,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 214,5 kom ekki til atkv.
— 214,6 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 228,2 felld með 16:10 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., 21. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 251).

Á 43. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar með samhljóða atkv., eftir að hv. menntmn. hafði gert till. um smávægilegar breyt., sem í engu raska höfuðefni frv.

Gildandi lög um námslán og námsstyrki eru frá árinu 1961. Í þeirri lagasetningu fólst á sínum tíma mikil endurbót á því skipulagi, sem áður hafði verið í gildi um þessi efni. Það var komið fastari skipan á lánveitingar og styrkveitingar til námsmanna hér við háskólann og erlendis, og í kjölfar þessarar lagasetningar varð veruleg aukning bæði á lánum og styrkjum til íslenzkra námsmanna. Það skipulag, sem þá var komið upp, var í stórum dráttum þannig, að komið var á fót einni yfirstjórn varðandi ráðstöfun á opinberu fé til styrktar námsmönnum heima og erlendis. Þessi yfirstjórn skyldi fá til ráðstöfunar það heildarfé, sem Alþ. veitti hverju sinni, og það fjármagn, sem aflað væri sem lánsfjár frá lánastofnunum. Síðan skyldi yfirstjórn lánasjóðsins skipta fénu í tvo hluta, annars vegar því, sem ætlað væri til námslána og styrkja til

námsmanna erlendis, og hins vegar því, sem varið skyldi til námslána til stúdenta við Háskóla Íslands. Gert var ráð fyrir því, að sömu aðilar, sem áður hefðu haft með höndum úthlutun lána og styrkja til námsmanna erlendis, þ. e. menntamálaráð, og sá aðili, sem áður hafði haft með höndum úthlutun námslána til stúdenta við Háskóla Íslands, þ. e. sérstök úthlutunarnefnd, skyldu annast þessi verkefni. Það hefur því til þessa verið hlutverk yfirstjórnar sjóðsins að skipta heildaraflafénu milli tveggja undirsjóða, ef svo mætti segja, og síðan hefur menntamálaráð úthlutað lánum og styrkjum til námsmanna erlendis, en sérstök úthlutunarnefnd, skipuð fulltrúum frá háskóla, stúdentaráði og menntmrn., úthlutað styrkjum til námsmanna við Háskóla Íslands.

Reynslan hefur þótt sýna, að nauðsynlegt væri að koma einfaldari skipun á þessi mál, þ. e. að fela einum úthlutunaraðila að úthluta öllu ráðstöfunarfé, sem fyrir hendi er til styrktar námsmönnum bæði heima og erlendis. Þess vegna skipaði ég nefnd á sínum tíma, í júní 1964, til þess að endurskoða þessi lög, og skilaði hún áliti í septembermánuði s. l. Í nefndinni áttu sæti Árni Gunnarsson fulltrúi í menntmrn., Baldvin Tryggvason framkvæmdastjóri og meðlimur í menntamálaráði, Gunnar Vagnsson deildarstjóri, sem var ritari lánasjóðs stúdenta, Hörður Einarsson, sem þá var nemandi í háskólanum, fulltrúi í stúdentaráði, og Jón Steffensen prófessor, sem þá átti sæti í háskólaráði, Sigtryggur Klemenzson, fulltrúi fjmrn., ráðuneytisstjóri þáverandi, og Þórir Bergsson, sem var og er ráðunautur Sambands íslenzkra námsmanna erlendis. Í nefndinni áttu þannig sæti fulltrúar allra þeirra aðila, sem segja má að hagsmuna eigi að gæta í sambandi við skipulag þessara mála.

Nefndin var á einu máli og samdi frv. það, sem flutt var í hv. Nd. á s. l. hausti og hefur nú svo að segja óbreytt hlotið samþykki þeirrar hv. d.

Í frv. felst það fyrst og fremst, að gerð er sú skipulagsbreyting á yfirstjórn þessara mála, að gert er ráð fyrir því, að einn úthlutunaraðili úthluti öllum lánum og öllum styrkjum til námsmanna bæði heima og erlendis. Tilgangur þess er sá að tryggja, að sem samræmdastar reglur gildi um opinbera aðstoð við námsmenn heima og erlendis. Þá er og gert ráð fyrir því, að veruleg breyt. verði á fjárhagsaðstöðu lánasjóðs stúdenta, og eru fjárveitingar í gildandi fjárl. við það miðaðar, að veruleg aukning geti orðið bæði á lánum og styrkjum til stúdenta erlendis og hér við háskólann.

Þeirri reglu hefur verið fylgt að því er snertir aðstoð við stúdenta við háskólann, að stúdentar hafa ekki fengið lán fyrr en á þriðja námsári. Hins vegar hafa stúdentar erlendis og aðrir námsmenn fengið lán þegar á fyrsta námsári. Fjárveitingar í fjárl. nú eru við það miðaðar, að stúdentar við Háskóla Íslands geti fengið námslán þegar á öðru námsári.

Nú fengu stúdentar við Háskóla Íslands námslán að upphæð 7.4 millj. kr. á s. l. ári, en námsmenn erlendis námslán að upphæð 10.1 millj. kr. og námsstyrki að upphæð 2.6 millj. kr., þannig að námsmenn erlendis hafa fengið í heildaraðstoð 12.7 millj., en námsmenn við háskólann, eins og ég sagði, 7.4 millj. Samanlögð aðstoð við stúdenta hér og erlendis nam því á s. l. ári 20.1 millj. kr.

Þótt lögin hefðu staðið óbreytt og óbreyttar úthlutunarreglur hefðu verið í gildi, hefðu lán og styrkir þurft að vaxa nokkuð á næsta ári vegna aukins námslánafjölda og hækkandi verðlags bæði hér heima og erlendis. Að óbreyttum reglum hefði námsaðstoð við stúdenta við Háskóla Íslands á næsta ári þurft að verða 8.8 millj. og lán til námsmanna erlendis 12.3 millj. og styrkir til þeirra 3 millj., eða samtals til námsmanna erlendis 15.3 millj. og heildaraðstoðin þannig aukast upp í 24.1 millj. úr 20.1 millj. Þótt engin breyt. hefði verið gerð á lögum og úthlutunarreglum, hefði heildaraðstoðin þurft að aukast vegna hækkandi verðlags og aukins starfsmannafjölda um um það bil 4 millj. kr. frá því, sem átti sér stað á s. l. ári. Í kjölfar þessa frv. mundi hins vegar sigla mun meiri aukning bæði á lánum og styrkjum en siglt hefði eingöngu í kjölfar aukins nemendafjölda og hækkaðs verðlags.

Ef þetta frv. nær fram að ganga, sem ég fastlega vona að verði, mundu lán til stúdenta við Háskóla Íslands hækka upp í 12.1 millj. úr 7.4 millj. Þau mundu aukast um 63% frá því, sem var á s. l. ári. Lán til námsmanna erlendis munu verða samkv. frv. 13.2 millj. kr., aukast úr 10.1 millj. í 13.2 millj., eða um 31%. Styrkir mundu verða samkv. frv. 3.5 millj., hækka úr 2.6 millj. eða um 35%. Samkv. þessu frv. og reglunum, sem gert er ráð fyrir að settar yrðu samkvæmt því, mundi heildaraðstoð við íslenzka námsmenn á þessu ári, árið 1967, verða 29.8 millj. kr., miðað við 20.1 millj. á árinu 1966, og þannig aukast um 48%. Fjárveiting í gildandi fjárl. er miðuð við það, að þetta frv. nái fram að ganga.

Þá vil ég enn fremur geta einnar breyt., sem gert er ráð fyrir í þessu frv., en hún er sú, að framvegis verði teknar upp styrkveitingar til kandídata, en skortur hefur verið á því, að kandídatar, sem nýlokið hafa námi, eigi kost á opinberri aðstoð til framhaldsnáms. Segja má, að mjög sómasamlega hafi verið séð og einkum verði séð fyrir þörfum stúdenta bæði hér heima og erlendis, ef þetta frv. nær fram að ganga. Það hefur einnig verið séð, að því er telja má, mjög sómasamlega fyrir aðstoð við vísindamenn, við kandídata, sem farnir eru að iðka vísindastörf, með stofnun vísindasjóðs, sem nú veitir milli 4 og 5 millj. kr. á ári í vísindastyrki. Hins vegar hafa nýbakaðir kandídatar, sem stundað hafa framhaldsnám annaðhvort hér heima eða erlendis, en ekki eru komnir á það stig í námi sínu, að segja megi, að þeir helgi sig vísindastörfum, átt í nokkrum erfiðleikum. Þeir hafa ekki átt völ á neinum sérstökum styrkjum sér til

handa. Þess vegna er í frv. þessu gert ráð fyrir því, að teknir séu upp sérstakir styrkir til kandídata. Í gildandi fjárl. er í þessu skyni ætluð 1 millj. kr., og hefur verið ætlunin að verja henni þannig, að á ári hverju væru veittir 25 40 þús. kr. kandídatastyrkir, en að sjálfsögðu er það vandi þeirrar nýju úthlutunarnefndar eða nýju stjórnar lánasjóðsins, sem skipuð yrði, ef frv. nær fram að ganga, að taka ákvörðun um upphæð og tölu þeirra styrkja og hverjir þá skuli hljóta.

Með þessum orðum vona ég, að ég hafi gert nægilega grein fyrir efni þessa frv. Það hefur verið samhljóða álit allra, sem málið hafa rætt í hv. Nd., og samróma álit hv. menntmn. Nd., að í frv. þessu felist veruleg breyting til bóta frá því, sem verið hefur, verulegt spor í framfaraátt í opinberum stuðningi við íslenzka námsmenn, bæði stúdenta, aðra námsmenn og kandídata. Og ég vona, að sama verði upp á teningnum í þessari hv. d., að dm. verði sammála um það, að hér sé um framför að ræða, og frv. hljóti því skjóta og góða afgreiðslu í hv. deild.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., 14. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 251, n. 322, 307).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þegar frv. þetta var til 1. umr. hér í hv. þd., fylgdi hæstv. menntmrh. því úr hlaði, og enn fremur fylgir frv. ýtarleg grg. ásamt ýmsum fskj. Frv. er samið af n., sem menntmrh. skipaði á miðju ári 1964 til þess m. a. að endurskoða lög um lánasjóð íslenzkra námsmanna frá 1961 og gera till. um samræmingu á gildandi úthlutunarreglum og endurskoða þær. Frv. er síðan lagt fram í þeirri mynd, sem n. gekk frá því, með einni breytingu þó, sem gerð er grein fyrir í aths.

Ég skal ekki vera margorð um efni frv., en vil aðeins drepa á það, að það er í nokkrum veigamiklum atriðum frábrugðið núgildandi lögum frá 1961, og eru þau frávik einkum þessi:

Það er í fyrsta lagi, að sú aðgreining, sem nú er viðhöfð milli annars vegar námsmanna erlendis og hins vegar stúdenta við háskólann hér, er niður felld í frv. Sú aðgreining hefur ekki verið virk að öðru leyti en því, að úthlutun námslána hefur verið í höndum tveggja aðila, menntamálaráð hefur annazt úthlutun til námsmanna erlendis og hins vegar stjórn lánadeildar stúdenta úthlutun til stúdenta hér við háskóla, og hafa þessir tveir úthlutunaraðilar hvor um sig sett sér úthlutunarreglur, sem sjóðsstjórnin hefur samkv. lögum engin bein áhrif á. Hlutverk sjóðsstjórnar í sambandi við úthlutun er samkv. núgildandi lögum í rauninni það eitt að skipta heildarfjárhæð hvers árs á milli hinna tveggja deilda, og er sú skipting raunar orðin óraunhæf, eins og gerð er grein fyrir í aths. við frv. Það hafa komið fram ýmsir annmarkar á þessu fyrirkomulagi, þessari aðgreiningu á milli námsmanna hér heima og erlendis, og fyrirkomulagið hefur beinlínis verið til þess fallið að ýta undir togstreitu milli þessara tveggja hópa, sem að sjálfsögðu verður að telja mjög óheppilegt. Með frv. er lagt til, að öll úthlutun lána og styrkja fari fram samkv. reglum, sem menntmrh. setur að fengnum till. sjóðsstjórnar. Þegar slíkar heildarúthlutunarreglur hafa verið settar, gefur auga leið, að það er eðlilegast að einn aðili annist úthlutunina, og yrði þá eflaust talið heppilegt, að það yrði sjóðsstjórnin, sem hefði hana með höndum.

Í öðru lagi er þess að geta, sem kemur nú reyndar ekki beinlínis fram í frv., að það er gert ráð fyrir því, að stúdentar við Háskóla Íslands eigi kost á námslánum þegar á fyrsta námsári, en nú eiga þeir þess fyrst kost á síðari hluta annars námsárs. Kemur þetta fram í þeim till., sem frá greinir í grg. með frv. varðandi úthlutunarreglur, sem þar eru settar fram.

Þá er í þriðja lagi lagt til, að upp verði teknir framhaldsstyrkir. N., sem undirbjó frv., bárust um þetta eindregin tilmæli frá Háskóla Íslands, og hefur verið á það bent, að kandídatar, sem lokið hafa háskólanámi, væru mjög illa settir hvað snertir möguleika til þess að fá styrki til framhaldsnáms.

Þá er það lagt til, að almennir námsstyrkir verði notaðir til þess að vega upp á móti kostnaðarauka þeirra, sem þurfa að fara utan til náms. En undanfarið mun við úthlutun námsstyrkja hafa verið hafður sá háttur á, að styrkveitingar hafa verið í beinum tengslum við úthlutun lána, þannig að hluti af heildarveitingu til hvers einstaks námsmanns væri styrkur, þegar á námstímann líður, að ég ætla eftir vissum hlutföllum.

Þá er lagt til, að heimilt verði að ákveða lán til einstakra námsmanna með hliðsjón af efnahag þeirra, en í núgildandi lögum er ekki gert ráð fyrir slíku mati.

Þá er lagt til, að vextir af lánum verði 5% og afborganir hefjist fyrst að 5 árum liðnum frá námslokum. Samkv. núgildandi lögum frá 1961 eru vextirnir 3½% og afborganir hefjast þrem árum eftir námslok. Einnig er í frv. gert ráð fyrir því, að lánin séu endurgreidd með jöfnum ársgreiðslum, annuitetsgreiðslum, á allt að 15 árum.

Þá skal ég loks víkja að því, að í núgildandi lögum er kveðið svo á, að ríkissjóður leggi lánasjóðnum til árlegt framlag, eigi lægra en 4 millj. 650 þús. Þessi upphæð er löngu orðin gersamlega óraunhæf, enda lágmarksupphæð, miðuð við framlag ríkissjóðs í lánasjóðinn

fyrsta árið, og eins og fram kemur í aths. um frv., hefur þessi upphæð farið síhækkandi með hverju ári síðan. Á s. l. ári var hún 10 millj. 140 þús., í fjárl. yfirstandandi árs 15 millj. 690 þús. Með frv. er ráð fyrir því gert, að framlag ríkissjóðs verði ekki lögbundið, en í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að í 2. gr. er lagt til, að stefnt verði að því, að opinber aðstoð við námsmenn nægi þeim fyrir almennum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hafi verið tekið til aðstöðu þeirra til fjáröflunar. Það gefur auga leið, að eftir því sem lengra miðar í þessa átt, hlýtur framlag ríkissjóðs að þurfa að aukast umfram það, sem þegar er og verður við eðlilega fjölgun námsmanna.

Þetta frv. tók nokkrum minni háttar breytingum í hv. Nd. Þar voru samþ. nokkrar brtt. frá menntmn. d., sem m. a. gengu sumar til móts við óskir stúdentaráðs Háskóla Íslands og Sambands ísl. námsmanna erlendis, en álitsgerðir þessara aðila eru birtar sem fskj. með nál. menntmn. Nd. Aðrar brtt. menntmn. voru ýmist leiðréttingar eða staðfesting á því, sem tíðkazt hefur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að víkja að einstökum gr. frv., en vil þó láta þess getið, að við athugun menntmn. þessarar hv. þd. á málinu bar nokkuð á góma 1. mgr. 9. gr. frv., sem er nýmæli og fjallar um kandídatastyrkina, þ. e. a. s. styrki til handa þeim, sem leggja stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi, sem sé lokapróf, er krefst að öðru jöfnu fjögurra ára náms hið skemmsta. Því var hreyft í n., að þetta fjögurra ára skilyrði kynni af einhverjum að vera túlkað á þann veg, að námsmaður yrði fortakslaust að hafa stundað námið í 4 ár til þess að koma til greina við kandídatsstyrkveitingu. N. taldi þó, að orðalag gr., þar sem segir orðrétt: „Lokapróf, er krefst að öðru jöfnu 4 ára náms hið skemmsta", þetta orðalag útilokaði ekki þá kandídata, sem hafa afrekað það að ljúka prófi á skemmri tíma en 4 árum, en við töldum rétt, að þetta kæmi hér fram í framsögu.

Nm. í menntmn. voru á einu máli um það, að frv. stefndi til bóta í lána- og styrkjamálum íslenzkra námsmanna, og eins og fram kemur í nál. á þskj. 322, leggur menntmn. til, að frv. verði samþ., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt. við frv. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma, og er reyndar þegar komin fram brtt. frá einum nm. Hv. 4. landsk. þm. var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Frsm. menntmn. hefur þegar gert rækilega grein fyrir efni þessa frv., og skal ég ekki fara almennt út í það að rekja það. Ég lít þannig á, eins og nál. ber með sér, að þetta frv. sé í meginatriðum til verulegra bóta frá því, sem nú er, þó að ég telji hins vegar, að nokkuð skorti á, til þess að maður geti verið ánægður með frv. eins og það er. Og eru það þó einkum tvö atriði, sem ég tel að þurfi að vera á annan veg en frá er gengið í þessu frv. Hið fyrra atriði og það, sem skiptir að mínu viti mjög miklu máli, er það, að ákveðið verði, hversu langan tíma það skuli taka að ná því lofsverða takmarki, sem stefnt skal að samkv. ákvæðum 2. gr., en þar segir með leyfi hæstv. forseta:

„Stefnt skal að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkv. 1. þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar."

Þetta er vissulega eðlilegt takmark og lofsvert, að setja það í lög, en það er hætt við, að á því geti orðið nokkur bið, að þetta takmark náist, ef löggjafinn ákveður ekki einhver tímatakmörk, þannig að þetta náist í áföngum á fáeinum árum.

Hitt atriðið, sem ég tel, að þyrfti að koma inn í þetta frv., er það, að þeir námsmenn, sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá, það sé skýrt tekið fram í lögunum, að tillit skuli tekið til þeirra aðstöðu og þeirra sérstöku þarfa. Það er kunnugt, að þeim hefur á síðari árum farið mjög fjölgandi, námsmönnum til að mynda við háskólanám og tækninám, sem eru kvæntir og eiga orðið börn. Námsmenn eru orðnir allfullorðnir, þegar háskólanámi eða tækninámi lýkur, gjarnan komnir hátt á þrítugsaldur, og það er viðbúið, að það fari enn fjölgandi þeim, sem þá eru jafnvel fyrir nokkuð löngu orðnir heimilisfeður.

Það eru þessi tvö atriði, sem námsmenn og talsmenn þeirra hafa lagt alveg sérstaka áherzlu á, að tekið verði tillit til í þessari nýju og að ýmsu leyti góðu löggjöf um námsstyrki og námslán.

Því er ekki að leyna, að hér er um nokkurt fjármagn að ræða, sem til þess þarf að ná því takmarki, sem sett er þarna í 2. gr., en þó ekki svo mikið, að mönnum þurfi að blöskra það. Á fjárl. nú eru samtals ætlaðar til lána og styrkja íslenzkum námsmönnum heima og erlendis rúmar 19 millj. kr. Þar við bætist eigið fé lánasjóðs, þ. e. a. s. það fé, sem innheimtist af gömlum lánum á hverju ári. Það mun nú vera um 3 millj. á ári, en fer allmikið vaxandi með hverju ári og ætti einkum að gera það nú eftir 4—5 ár, þegar farið verður að borga af hinum nýrri og hærri lánum. Enn fremur hefur verið í lögum um þessi efni heimild fyrir stjórn lánasjóðs að taka að láni hjá lánastofnunum nokkra fjárupphæð nú árlega um takmarkað áraskeið, meðan lánasjóðurinn er að eflast, og þessi fjárupphæð mun að líkindum á þessu ári, lántaka lánasjóðs, nema 2—3 millj., þannig að heildarfjárveitingin til námsmanna, þ. e. a. s. ríkissjóðsframlagið, eigið fé lánasjóðs og heimiluð lántaka, mun nema um 25 millj. kr. Þar af fara, að ég hygg, á þessu ári um það bil 15 millj. til námsmanna erlendis og um það bil 10 millj. til stúdenta við Háskóla Íslands.

Á síðustu tveimur árum, 1965—1966 fór fram mjög ýtarleg og umfangsmikil könnun á því, hversu mikil væri raunveruleg fjárþörf ís-

lenzkra námsmanna, sem stunda nám erlendis. Það var athugað í fyrsta lagi, hver dvalar- og námskostnaður er raunverulega í hverju landi, og jafnframt var reynt að kanna eftir föngum, hver aðstaða námsmanna er til þess að afla sér einhverra tekna með námi. Það kom í ljós, eins og við var að búast, að þörf námsmanna fyrir stuðning í formi lána eða styrkja er mjög misjöfn. Kostnaður í hinum ýmsu löndum er misjafn, og aðstaða til tekjuöflunar er það einnig. Í stórum dráttum má segja, að í ljós hafi komið, að stuðningur hins opinbera, eins og hann mundi vera í ár, miðað við það fé, sem til ráðstöfunar er eða verður, um 25 millj., það láti nærri, að þessi stuðningur nægi til þess að standa undir allt frá 75% af hinni raunverulegu þörf námsmanna í einstökum tilfellum og allt niður í það að vera aðeins 30% af hinni raunverulegu þörf. Meðaltalið, hygg ég, að sé mjög nálægt 50%. Í gegnum þetta lána- og styrkjakerfi fá námsmenn að meðaltali um það bil helming þess, sem á vantar, til þess að eigið aflafé nægi til að standa undir náms- og dvalarkostnaði. Þetta á við námsmennina erlendis, en mér er ekki um það kunnugt, að hliðstæð könnun hafi farið fram að því er snertir stúdenta við Háskóla Íslands.

Nú liggur það ljóst fyrir, eins og ég áðan sagði, að árlegar tekjur lánasjóðs fara allmjög vaxandi á næstu árum. Lánasjóðurinn er nú þegar að verða allmyndarleg stofnun. Ég hygg, að nú eigi hann útistandandi í lánum eitthvað milli 30 og 40 millj. kr., og þetta fé vex ört með hverju ári. Og það, sem innheimtist, — innheimta hefur yfirleitt gengið mjög vel, — og það, sem innheimtist, kemur síðan til úthlutunar jafnóðum og inn kemur. Nú má að vísu fastlega gera ráð fyrir því, að námskostnaður fari smám saman vaxandi víðs vegar um lönd. Þróunin er sú, að maður tali nú ekki um kostnaðinn hér innanlands. En ég tel, að það ætti að mega vænta þess, að tekjur lánasjóðs gætu a. m. k. að því er varðar kostnaðinn erlendis, vaxandi tekjur lánasjóðsins af eigin fé gætu mætt þeirri dýrtíðaraukningu nokkuð eða kannske alveg þeirri dýrtíðaraukningu, sem má búast við að verði á næstu árum. Til þess að ná því marki, sem sett er í 2. gr. frv., sýnist mér, að það láti nærri, að það þurfi að tvöfalda tekjuöflunina til sjóðsins eða a. m. k. framlag hins opinbera, það megi gera ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs þurfi að hækka úr 19 millj. kr. í 38 millj.

Með brtt. þeirri, sem ég flyt við frv., er gert ráð fyrir, að því marki, sem um er rætt almennum orðum í 2. gr. frv., skuli náð á 4 árum með nokkuð jöfnu átaki. Þetta sýnist mér, að þýði þá um það bil 5 millj. kr. hækkun á hinu opinbera framlagi á ári. Þá miða ég að vísu ekki við þá væntanlegu fjölgun, sem vafalaust verður á námsmönnum, og nauðsynlegu fjölgun, heldur miða ég við þann fjölda, sem er nú í dag. Verði tekið tillit til fjölskyldumanna og þeim ætlaður nokkru meiri hlutur með hliðsjón af því, að þeir hafi fyrir fjölskyldu að sjá, yrði þetta að vísu nokkru meira, en þó hygg ég, að ég hafi sýnt fram á, að hér er ekki um neinar gífurlegar upphæðir að ræða.

Á það vil ég leggja áherzlu, að margt mundi vinnast við það, að þessu ágæta takmarki, sem sett er í 2. gr., verði náð á sem allra skemmstum tíma. Í fyrsta lagi mundi það vinnast, að þá væri það ekki lengur efnahagur foreldra eða annarra vandamanna, sem réði því að einu eða neinu leyti, hvort menn geta stundað framhaldsnám eða ekki. Þá mundi það úr sögunni, að menn, sem eru af takmörkuðum efnum að brjótast í löngu og erfiðu framhaldsnámi, þyrftu að gera hlé á námi sínu til þess að vinna fyrir sér, en þess eru allmörg dæmi, að menn hafa tafizt og tefjast enn í dag frá námi af þessum sökum. Þá mundi það einnig úr sögunni, að menn kæmu heim að námi loknu með þunga bagga lausaskulda á bakinu. Þá mundi fyrst og fremst vera þar um að ræða samningsbundin lán með hagkvæmum vaxta- og greiðsluskilmálum. Þess eru dæmi, að námsmenn, sem hafa orðið að hleypa sér í stórskuldir fyrir utan þær skuldir, sem stafa af lánum úr lánasjóði, — lausaskuldir, sem gjarnan þurfa að greiðast á skömmum tíma og oft með háum vöxtum, — þeir menn, sem hafa orðið að sæta slíku, hafa, þegar þeir hafa lokið námi erlendis, tekið tilboðum um há laun í viðkomandi landi til þess að reyna að losa sig sem allra fyrst við lausaskuldirnar. Í sumum tilfellum veit ég, að þetta hefur orðið til þess, að menn, sem vissulega ætluðu sér að koma heim að loknu námi og hefðu gjarnan viljað gera það, þeir hafa tekið að sér betur launuð störf erlendis og jafnvel festst í þeim störfum, ef svo mætti segja, ytra og ekki komið heim fyrir bragðið.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál. Ég vil aðeins endurtaka það, að frv. þetta í heild, að því er fyrirkomulag snertir og að því er snertir það stefnumið, sem um ræðir í 2. gr., þá er þetta frv. til mikilla bóta að mínum dómi frá því, sem verið hefur. En á það vil ég að lokum leggja áherzlu, að hér skortir aðeins nokkuð á, til þess að þetta frv. megi teljast gott og koma að því gagni, sem það þyrfti að gera, að trygging væri fyrir því, að takmarkið, sem 2. gr. setur réttilega, náist á sem skemmstum tíma. Ég er þess fullviss, að hv. alþm. gera sér þess ljósa grein, að á þessu sviði er ekki skynsamlegt að spara allt of mikið, því að það vitum við, að stuðningur við námsmenn, stuðningur við menn til þess að stunda háskóla- og tækninám, er einhver allra bezta og öruggasta fjárfesting, sem um er að ræða í nútíma þjóðfélagi.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykn. hefur nú gert grein fyrir brtt., sem hann flytur á þskj. 307. Hann nefndi ýmsar tölur í því sambandi, hvað fjárveitingar þyrftu

að hækka mikið í heild til námsmanna til þess að ná einmitt því marki, sem samkv. 2. gr. frv. er lagt til að stefnt verði að. Hann nefndi, ef ég tók rétt eftir, að á mundi skorta 35 millj. kr., til þess að mætt yrði umframfjárþörfinni, eins og hún er í dag, eða ég tók svo eftir. Þessi tala kemur einnig fram í álitsgerð Sambands íslenzkra stúdenta erlendis, sem prentuð er sem fylgiskjal með nál. menntmn. Nd. En þar er einnig vikið að því, hvað fjárveitingin þyrfti að fara hátt, ef taka ætti tillit til þess, að námsmaður hefur fjölskyldu á framfæri sínu, þegar reiknaður er út námskostnaður, og kemst stjórn Sambands íslenzkra stúdenta erlendis að þeirri niðurstöðu, að til þess þurfi hún að hækka upp í 80 millj. kr., og hefur þá verið tekið tillit bæði til útvíkkunar lánakerfisins, eins og frv. gerir ráð fyrir, og verðlagshækkana, en álitsgerðin er frá því í janúar nú á þessu ári. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessari tölu, sem þarna er sett fram, einmitt vegna þess, að brtt. hv. þm. felur það í sér, að tekið sé tillit til þess, ef námsmaður hefur fjölskyldu á framfæri.

Alveg samhljóða brtt. þessari var flutt í hv. Nd. Alþingis, en náði þar ekki samþykki. Hún var flutt þar af einstökum þm., nefndin í heild treysti sér ekki til þess að standa að slíkri brtt., og þessari brtt. var einnig hreyft í menntmn. þessarar hv. þd. við umr. þar um málið, en hér var niðurstaðan sú sama og í Nd., að nefndin treysti sér ekki til að standa að brtt. og það því síður, eðlilega, þegar búið var að fella slíka brtt. í hinni þd.

Hitt er annað mál, að það er mjög æskilegt, að hægt yrði að ná þessum áfanga á fjórum árum, og ég mundi álíta, að það væri ekkert ósennilegt, að það gæti tekizt. En eins og nú standa sakir, er verið með þessu frv. að ná mjög góðum áfanga í þessum málefnum námsmanna, bæði með mikilli útvíkkun á kerfinu sjálfu og endurbótum á skipulagi öllu, sem horfa mjög í rétta átt, og þeirri hækkun á framlögum, sem þegar þarf að koma vegna frv., og þá held ég, að við verðum nú að svo stöddu að staldra við.

Hin mikilvæga stefnuyfirlýsing í 2. gr. frv. hlýtur hins vegar að vera á hverju þingi hv. þm. hvatning að ná markinu sem fyrst, og tel ég, að það sé hægt við það að una. Hitt er ofureðlilegt, að samtök námsmanna beri fram óskir um, að því verði slegið föstu, á hve löngum tíma þessu marki skuli ná, og að sjálfsögðu mundu þeir kjósa helzt, að það yrði gert nú þegar, og láir sjálfsagt enginn samtökum námsmanna, þó að þau setji fram ýtrustu kröfur, ella mundu fyrirsvarsmenn þeirra sjálfsagt vera taldir standa sig illa fyrir sína hagsmunahópa.

Ég vil sem sé endurtaka það, að þótt æskilegt væri að stefna að markinu strax og lögbinda það, á hvað löngum tíma það skuli vera gert, þá mun ég, eins og háttar, ekki geta stutt brtt. hv. þm. og ætla, að ég mæli þar fyrir munn a. m. k. sumra af meðnefndarmönnum mínum í menntmn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 307 felld með 8:5 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 377).

---

17. Tekjustofnar sveitarfélaga (stjfrv.).

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 21. maí 1965, um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga [20. mál] (A. 20).

Á 5. fundi í Sþ., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér að leita staðfestingar Alþ. á brbl., sem gefin voru út fyrr á þessu ári, þess efnis, að við álagningu útsvara skyldu frádrættir taka breytingum eftir skattvísitölu þeirri, sem ákveðin yrði samkv. l. um tekju- og eignarskatt. Í gildandi útsvarslögum var ekkert ákvæði um þetta efni hliðstætt ákvæðinu í l. um tekju- og eignarskatt. Það þótti hins vegar sýnt við athugun málsins, að það væri engu síður ástæða til þess, að frádrættir samkv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga breyttust í samræmi við verðlagsbreytingar, og því þótti einsýnt að setja þessi brbl.

Ég skal fúslega á það fallast, að það mætti gagnrýna það, að ekki skyldi hafa verið undirbúin í tæka tíð slík lagasetning, áður en Alþ. lauk störfum síðast. Við því er ekkert að segja annað en að það hafði ekki verið athugað til hlítar, að þetta ákvæði mundi þar skorta varðandi útsvarsákvarðanir. En það þótti sýnt, miðað við þær undirtektir, sem það á sínum tíma fékk hér á hinu háa Alþ., að tekjuskattur eða frádráttarliðir við ákvörðun tekjuskatts breyttust í samræmi við skattvísitölu, að ekki væri líklegt annað en hliðstætt fylgi væri fyrir því, að útsvör eða frádráttarliðir í sambandi við álagningu útsvara breyttust með sama hætti.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að lokinni þessari umr., að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 48).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar það frv., sem hér er til umr. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um efni þess, vísa um það til fskj. með frv. og ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins. En hér er um að ræða staðfestingu á brbl., sem út voru gefin í maí s. l.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 48, leggur n. til, að frv. verði samþ. Tveir nm., þeir hv. 2. landsk. og hv. 4. þm. Vestf., voru fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 12. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 15. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í skattal., sem samþ. voru á næstsíðasta Alþ., var sú breyting gerð, að ákveðið var, að hér eftir skyldi árlega breyta frádráttarliðum til skattálagningar í samræmi við vísitölu, svokallaða skattvísitölu, sem ákveðin skyldi af fjmrh. fyrir hvert ár. Áður hafði það verið venja, að skattal. var breytt þing eftir þing með það í huga að endurskoða skattstiga og frádráttarreglur með hliðsjón af verðlagsþróuninni. Þetta þótti að vonum óeðlilegur háttur, og því var þessi nýskipan mála tekin upp.

Það kom hins vegar í ljós, þegar kom til skattálagningar á s. l. vori, að ekki hafði verið gerð hliðstæð breyting á l. um tekjustofna sveitarfélaga, þannig að ef ekki hefðu verið gerðar sérstakar ráðstafanir, hefði ekki verið unnt að taka tillit til verðlagshækkana við álagningu útsvara á s. l. vori. Því miður var þetta ekki ljóst fyrr en eftir að störfum Alþ. lauk, og þótti því nauðsynlegt að gefa út brbl. þess efnis, að sama regla skyldi gilda einnig varðandi útsvör, og með hliðsjón af því, að þetta ákvæði mun á sínum tíma hafa hlotið einróma stuðning hér á hinu háa Alþ. Í sambandi við álagningu skatta til ríkisins, þótti nokkurn veginn víst, að þetta mundi hljóta sama fylgi varðandi útsvör.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um staðfestingu á umræddum brbl. Málið er í eðli sínu svo einfalt, að ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um það. Hin sama skattvísitala var notuð til viðmiðunar við álagningu útsvara og við álagningu tekjuskatts á s. l. vori.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ekki kvatt mér hljóðs til að gera neinar aths. við það frv., sem hér liggur fyrir. Eins og hæstv. ráðh. gat um, var fyrir skömmu gerð sú breyting á skattal., að það var tekin upp gamla umreikningsreglan svokallaða, sem lengi hafði verið í gildi, en var felld niður, ég held eftir að núv. ríkisstj. kom til valda, en hún hefur verið tekin upp aftur, og það er gott.

En þótt ég hafi ekkert við þetta að athuga, vil ég í sambandi við málið benda á, að það er brýn þörf að gera fleiri breytingar á l. um tekjustofna sveitarfélaga. Síðustu árin hafa mörg sveitarfélög lagt svonefnd aðstöðugjöld á atvinnurekstur til tekjuöflunar fyrir sig samkv. heimild í l. um tekjustofna sveitarfélaga. Sá galli er á álagningu aðstöðugjaldanna, eins og hún hefur verið framkvæmd, að þau koma mjög misjafnlega þungt á gjaldendur eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu, og þetta veldur miklu ranglæti. Til skýringar á málinu skulu hér nefnd dæmi um álagningu aðstöðugjalda á iðnaðar- og verzlunarfyrirtæki árið 1965. Í Reykjavík var álagningin 0.9% á iðnað ótalinn annars staðar, eins og það heitir á tolla- og skattamáli. Í 4 öðrum kaupstöðum og 13 hreppum var álagningin á iðnaðinn 1.5% eða um 67% hærri en í Reykjavík. Í einum kaupstað og einum hreppi var álagið 1.25% og í 6 kaupstöðum og 13 hreppum 1% eða 11% hærra en í Reykjavík. Þegar athuguð er álagning aðstöðugjalda á verzlanir, kemur fram, að þar er munurinn enn meiri. Árið 1965 voru aðstöðugjöld á nýlenduvöruverzlunum í Reykjavík 0.5% og á verzlunum ótöldum annars staðar 0.7%. En þá var álagningin á verzlanir í 7 öðrum kaupstöðum og kauptúnum 2%. Í 3 kauptúnum voru aðstöðugjöldin 1.7% og í 18 kaupstöðum og kauptúnum voru aðstöðugjöldin á verzlunum 1.5%. Á nokkrum stöðum var álagningin 1.1—1.35% og í 18 kaupstöðum og kauptúnum var álagning aðstöðugjalda á verzlanir 1%. Hér kemur fram, að aðstöðugjöld á verzlunum á mörgum stöðum á landinu hafa verið 200—300% hærri en í Reykjavík og víða 100% hærri. Nokkur hækkun varð á aðstöðugjöld-

um í Reykjavík 1966, en eigi að síður eru þau langtum hærri í mörgum kaupstöðum og kauptúnum annars staðar á landinu.

Oft er um það rætt og viðurkennt af mörgum, að nauðsynlegt sé að vinna að eflingu atvinnurekstrar og stofnun nýrra atvinnufyrirtækja sem víðast á landinu, t. d. á iðnaðarsviðinu, m. a. til þess að koma í veg fyrir, að fólk haldi áfram að flytjast á eitt takmarkað landssvæði, en byggileg héruð leggist í auðn. Og nefndir hafa verið settar niður til þess að athuga um atvinnuuppbyggingu í einstökum landshlutum og eru að störfum. En því aðeins verður mögulegt að auka atvinnu og byggð í fámennari kaupstöðum og kauptúnum, að ekki sé haldið áfram að íþyngja fyrirtækjum þar með miklu hærri opinberum gjöldum en hliðstæður atvinnurekstur í höfuðborginni þarf að bera. Fréttir hafa borizt af því, að nágrannaþjóðir okkar styrki stofnun iðnaðarfyrirtækja í fámennari byggðarlögum til þess að stuðla að jafnvægi. En hér er farið öfugt að. Með því að leggja langtum hærri opinber gjöld á fyrirtæki utan höfuðstaðarins heldur en þau, sem þar eru rekin, er verið að vinna á móti því, að t. d. iðnaður geti þrifizt annars staðar en í Reykjavík.

Ég hef hér skýrt frá því, að verzlanir í mörgum kaupstöðum og kauptúnum þurfa að borga langtum hærri aðstöðugjöld en hliðstæð fyrirtæki í höfuðborginni, í nokkrum tilfellum 200—300% hærri. Þetta gerir samkeppnisaðstöðu þeirra verzlunarfyrirtækja, sem starfa víða úti um landið, mjög örðuga, og ranglætið í þessu efni bitnar á fólkinu, sem býr á þeim landssvæðum, þar sem háu aðstöðugjöldin eru. Háu gjöldin verða til þess að gera viðskiptin óhagstæðari fyrir það fólk heldur en aðra. Fengin reynsla af álagningu aðstöðugjaldanna sýnir, að það er óhjákvæmilegt að breyta lagaákvæðunum um það efni. Sömu reglur eiga að gilda um álagningu gjaldanna hjá öllum sveitarfélögum, sem nota þau sem tekjustofn.

Annað atriði í þessum l. vil ég einnig gera að umtalsefni. Í V. kafla l. um útsvör segir svo í 34. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú kemur í ljós, að útsvör samkv. 32.—33. gr. l. þessara reynast hærri eða lægri en fjárhagsáætlunin segir til um, og skal þá lækka eða hækka hvert útsvar að réttri tiltölu, unz hinni áætluðu upphæð að viðbættum 5—10% er náð. Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 20%."

Þannig segir nú í lagagr.

Á árinu 1965 þurftu nokkrir kaupstaðir og hreppar að nota heimild nefndrar lagagr. til þess að hækka útsvörin frá þeim gjaldstiga, sem ákveðinn er í 32. gr. l., og á nokkrum stöðum var hækkunin á útsvörunum 20%, eins og mest er leyfilegt að hækka þau. Telja verður, að hér sé of langt gengið í því að leggja aukaskatt á íbúa þeirra sveitarfélaga, sem af ýmsum ástæðum eiga við fjárhagsörðugleika að búa og fá ekki nægar tekjur af álagningu útsvara, sem lögákveðin eru. Hins vegar má segja, að rétt sé, að áður en sveitarfélag fær aukaframlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga samkv. d-lið 15. gr. l., þurfi íbúar þess að taka á sig nokkra hækkun á útsvörum, en þarna finnst mér allt of langt gengið. Og vel mætti hugsa sér þetta þannig, að ef til þess þyrfti að koma að leggja þannig aukagjöld á fyrirtæki og einstaka gjaldendur, yrði leyfð hlutfallslega jafnmikil hækkun á aðstöðugjöldum og útsvörum á þeim stöðum. Við því má búast, að allt að 20% aukaálag á útsvör verði til þess, eins og sérstaklega há aðstöðugjöld, að fæla menn frá búsetu í vissum sveitarfélögum og stuðla að óheppilegum fólksflutningum milli landshluta. Því er brýn þörf að létta hvort tveggja útsvarsbyrðarnar og aðstöðugjöldin á þeim, sem nú bera hæstu skattana til sveitarfélaga. Það á að vera hlutverk jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að styðja þau sveitarfélög, sem fá ekki fullnægt tekjuþörfum sínum með álagningu gjalda eftir almennum reglum.

Ég hef, herra forseti, viljað vekja athygli á þessu máli nú þegar við 1. umr. um þetta frv., og ég vil mjög ákveðið skora á hv. þn., sem fær málið til athugunar, að taka þetta til athugunar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur gert hér að umtalsefni tvö atriði í sambandi við tekjustofnamál sveitarfélaga, sem hann telur mjög mikils virði að séu tekin til endurskoðunar og lagfæringar. Ég hef ekkert við þessar skoðanir hans að athuga, en vil aðeins í því sambandi vikja að örfáum staðreyndum þessa máls.

Í fyrsta lagi vil ég minna hv. þdm. á, að það er skammt síðan tókst að koma í nokkurn veginn heillegt kerfi tekjustofnamálum sveitarfélaga, þ. e. a. s. álagningu útsvara. Til skamms tíma var það meginregla, að útsvör til sveitarfélaga voru á lögð eftir efnum og ástæðum, og þá voru útsvarsstigar mjög mismunandi um landið, þannig að það var talið, að þeir væru kannske 50—60 og voru sjaldan sömu stigar notaðir nema í 2—3 sveitarfélögum, heldur var allt tilviljun háð, hvernig að var farið, og útsvarsálagningin miðuð við þá meginstefnu að ná með einhverjum hætti þeim peningum, sem sveitarsjóðurinn þurfti á að halda til sinna framkvæmda. Þetta var að sjálfsögðu mikið öryggisleysi fyrir fólkið, og niðurstaðan varð sú, að eftir mikið þref, — ég endurtek það: eftir mikið þref, vegna þess að það mætti mikilli andstöðu frá ýmsum sveitarstjórnarmönnum, komu menn sér niður á það að fækka þessum útsvarsstigum mjög. Í sambandi við síðustu breytingu útsvarsl. var svo horfið að því að fækka þessum stigum enn meira, þannig að nú er útsvarsálagningin yfir allt landið byggð á sömu útsvarsstigum. Meginreglan er því alls staðar hin sama. Það þótti hins vegar óumflýjanlegt, og á það var lögð hin ríkasta áherzla af sveitarstjórnarmönnum, að það yrði að vera eitthvert svigrúm til þess, að sveitarfélögin gætu aflað sér

tekna eftir sínum þörfum, ef útsvarsstigarnir nægðu ekki til, og þá var á sett þessi regla, sem hv. þm. vitnaði til, að sveitarstjórnum er heimilað annaðhvort að veita afslátt eða þá að hækka álagningu samkv. þeim útsvarsstigum, sem gildandi eru í l. um tekjustofna sveitarfélaga. Þetta vitanlega skapar visst misrétti, þannig að útsvörin eru ekki hin sömu um allt landið, og þarna munar verulega. Hér kemur einnig það til við hin miklu hlunnindi, sem mörg sveitarfélög hafa með tilkomu jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þar sem úthlutað er til sveitarfélaganna eftir föstum og ákveðnum reglum, að þá verður munurinn enn þá meiri, þannig að þess munu dæmi, að það er veittur jafnvel upp í 60% afsláttur frá hinum löggilta útsvarsstiga. En annars vegar er það svo, eins og hv. þm. sagði, að í einstaka tilfellum hefur orðið að fara upp í 20% álag á útsvarsstigann, en það er það hámark, sem leyft er. Og það er jafnframt rétt, að til þess að geta notið aðstoðar úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga er skylt að nota hámarksálagninguna, ef ekki tekst með öðrum hætti að ná saman endum. Og nú síðustu tvö árin hafa sum sveitarfélög, fyrst og fremst og ég hygg eingöngu á Norðurlandi, neyðzt til þess vegna atvinnuörðugleika, sem þar hafa verið, og litilla tekna hjá bæði fyrirtækjum og einstaklingum að leita til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og orðið þá um leið að fylgja þessari reglu um hámark álags á útsvörin. Þetta er auðvitað mjög hættulegt, um það er ég hv. þm. alveg sammála. Ekki sizt er það hættulegt einmitt í sveitarfélögum, sem ár eftir ár búa við atvinnuörðugleika og fyrirtækin þar þess vegna sérstaklega illa sett. Hv. þm. benti í þessu sambandi einkum á aðstöðugjöldin. Það er vitanlega alveg rétt, að ef fyrirtæki búa til langframa við miklu lakari kjör í einu sveitarfélagi en öðru, er hætt við, að þau gefist upp og flytji burt sína starfsemi. Þetta á auðvitað ekki eingöngu við atvinnufyrirtækin, og ég veit ekki, hvort er ástæða til að gera hér meira úr aðstöðugjöldum fyrirtækjanna heldur en álagningu á borgarana sjálfa. Þetta t. d. er mjög hættulegt varðandi ýmsa einstaklinga, sem hafa háar tekjur og eru kannske ekki meira en svo bundnir með það, hvort þeir búa í þessu sveitarfélagi eða öðru, og á ég þar t. d. við sjómenn, einkum síldveiðisjómenn, þar sem þetta hefur orðið sérstaklega áberandi í hinum ýmsu sveitarfélögum, sem hafa orðið að nota þessa aukaálagningu, að það hefur vofað yfir, að þessir menn, sem eru beztu gjaldendurnir, teldu sig knúða til þess að flytja burt til annarra staða, þannig að þetta á auðvitað bæði við fyrirtækin og einstaklingana.

En ég vek hins vegar athygli á því, að hér er um mjög veigamikið vandamál að ræða og alls ekki svo einfalt, að það sé hægt fyrir þingnefnd að fara að breyta þessu ákvæði, annars vegar um aðstöðugjöldin og hins vegar um heimildir til að leggja á aukaútsvör. Hér stöndum við andspænis miklu viðtækara vandamáli. Sveitarfélögin verða með einhverjum hætti að fá peninga til þess að standa undir sínum óhjákvæmilegu útgjöldum. Mikill hluti þeirra útgjalda er lögbundinn, og verður ekki komizt undan að greiða þau, og ef við ætlum að lagfæra þennan vanda, verður auðvitað að taka kerfið í heild til athugunar, og það verður aldrei gert með skyndiathugun hér á Alþ. Þetta hefur verið rætt við sveitarstjórnarmenn, og þeir gera sér fulla grein fyrir þessum vanda, en málið er ákaflega flókið. Það getur vel verið, að það finnist einhvern tíma hljómgrunnur fyrir því að taka upp jöfnunarútsvör um allt land og hafa síðan jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem deili þessu niður milli sveitarfélaganna aftur eftir einhverjum ákveðnum reglum. En ég er ákaflega hræddur um, að það eigi nokkurt vatn eftir að renna til sjávar, áður en menn sameinast um þá lausn og áður en þau sveitarfélög, sem þá yrðu verr úti og hafa getað búið betur að sínum gjaldendum en önnur, mundu fallast á slíka skipan mála, þannig að allt þarf þetta mjög vandlega athugun og er ekki til þess fallið, að það sé hægt að gera það með skyndibreytingu og allra sízt í sambandi við það frv., sem hér er um að ræða.

Ég sem sagt persónulega hef ekkert að athuga við þessar skoðanir hv. þm., tel, að þær eigi fullan rétt á sér og þetta sé mál, sem hljóti að koma til athugunar. En ég vara mjög við því að fara að gera á þessu einhverjar breytingar hér í þingi í sambandi við þá breytingu, sem hér er verið að ræða um á tekjustofnamálum sveitarfélaga, þar sem ég hygg, að allir hv. þm. munu komast að raun um, að það er rétt, sem ég hef sagt, að hér er um miklu flóknara vandamál að ræða en það sé hægt að taka þeim tökum. Ég get hins vegar skýrt frá því hér, að þetta mál allt hlýtur að koma til heildarathugunar nú einmitt um þessar mundir. Það er unnið að því að athuga möguleika á að koma hér á staðgreiðslukerfi skatta, og það kemur í ljós í því sambandi, að okkar skattalög, bæði varðandi skattgreiðslu til ríkis og sveitarfélaga, eru ákaflega óhentug og flókin og margbrotin miðað við möguleikana á því að innleiða þetta kerfi, og það þarf áreiðanlega að gera mjög viðtækar breytingar á gildandi skattalögum okkar nú, bæði til sveitarfélaga og ríkis, ef á að vera með góðu móti hægt að innleiða þetta kerfi. Og það er ekki hvað sízt sérstakt vandamál í sambandi við kerfið, hversu misjafnir útsvarsstigar eru gildandi í hinum einstöku sveitarfélögum, þannig að það kann vel að vera, að ef á að beita þessu kerfi við útsvörin, verði óumflýjanlegt að taka upp sama útsvarsstiga um land allt, bæði varðandi tekjuútsvör og aðstöðugjöld, og finna þá einhver þau úrræði að jafna hér á milli sveitarfélaga með öðrum hætti, t. d. á þann hátt, eins og ég áðan sagði, að útsvörin rynnu þá öll í einn sjóð og hér yrðu tekin upp jöfnunarútsvör um land allt. Hvort menn fallast á þá skipan, það skal ég engu um spá. Fulltrúar sveitarfélaganna hafa verið kvaddir til samráðs um einmitt athugun

á þessu vandamáli, hvernig eigi við því að snúast, og á næstu vikum og mánuðum má gera ráð fyrir því, að það verði einmitt til sérstakrar meðferðar. Og allavega hlýtur það að koma á dagskrá á nýjan leik, þegar það mál verður lagt fyrir Alþ. á sínum tíma.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að meðan þau ákvæði voru í gildi, að leggja skyldi á útsvör eftir efnum og ástæðum, voru gjaldstigarnir margir, mjög margir. En ég vil benda á það, að þeir eru enn margir, þó að búið sé að setja þennan lagaramma, sem settur var fyrir fáum árum hér á Alþ., og sérstaklega eru þeir margir að því er varðar aðstöðugjöldin, enn fleiri en þó að því er snertir útsvörin. Hann bendir á það réttilega, að útsvörin séu langt frá því að vera þau sömu um allt land. Það er mikill munur á því. Víða hefur verið veittur æðimikill afsláttur frá þeim lögákveðna útsvarsstiga og einkum í sveitahreppum. En þetta er ekkert undarlegt, því að á það er að líta, að það er ákaflega mismunandi þjónusta, sem sveitarfélögin veita sínum íbúum, ákaflega mismunandi, og víða er hún og sérstaklega í sveitahreppum langtum minni, sú sameiginlega þjónusta, sem þeir njóta hjá sínu sveitarfélagi, heldur en kaupstaðarbúar, svo að það er eðlilegt, að útsvörin séu þar lægri, mjög eðlilegt.

Hæstv. ráðh. talaði nú aðallega um útsvörin, en ég vil leggja áherzlu á það, eins og ég gerði reyndar í minni fyrri ræðu, að mismunurinn á aðstöðugjöldunum er langtum meiri en á útsvörunum, langtum meiri og því enn brýnni þörf að laga þau heldur en útsvörin.

Annars þótti mér gott að heyra, að það kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að hann féllst á það sjónarmið, sem kom fram hjá mér, að það væri hættulegt að hafa þetta eins og það er. Það þykir mér vænt um að heyra. Hann segir, að sveitarfélögin þurfi peninga, og það er alveg rétt. En jöfnunarsjóður sveitarfélaga á einmitt að vera til þess að hlaupa undir bagga með þeim, sem lakar eru settir, til þess að ekki þurfi að íþyngja atvinnurekstri þar og einstaklingum um of, því að við vitum og sjáum það í hendi okkar, hvert það leiðir í þjóðfélaginu, ef þessu verður haldið áfram. Það er þegar fengin nokkur reynsla af þessu. Hún er ekki margra ára að vísu, en reynslan hefur þegar sýnt, að það er óviðunandi að hafa þetta eins og það er, og ég held nú, að það sé minni vandi að kippa þessu í lag heldur en mér virtist koma fram hjá hæstv. ráðh., að hann teldi þetta vera. Þetta er auðvitað mál, sem þarf að skoða. En aðalatriðið er, að sem fyrst verði horfið að því að gera þarna nauðsynlegar lagfæringar. Það er aðalatriðið.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að lengja þessar umr. En það er aðeins eitt, sem ég vil leggja áherzlu á hér, og það er, að ég tel alveg brýna nauðsyn, að um allar breytingar á tekjustofnamálum sveitarfélaga sé höfð samvinna við samtök sveitarfélaganna, og ég hefði a. m. k. viljað fylgja þeirri reglu og mun fylgja henni, á meðan ég hef með þessi mál að gera, og tel það eitt geta þjónað skynsamlegum og heppilegum tilgangi, að það sé gert. Og ég hygg, að hv. þm. viti gerla, að þó að það kunni á pappírnum að sýnast einfalt mál að ákveða, að þeir, sem þurfa að leggja á aukaálögur í sambandi við aðstöðugjöld og hækka útsvarsstiga, það sé ósköp einfalt að afgreiða það mál með því að greiða þeim aukaframlög úr jöfnunarsjóði, þá er það mál ekkert einfalt, vegna þess að frá sveitarfélaganna hálfu hefur það mætt verulegri andstöðu að taka allt of mikið af jöfnunarsjóðnum til óskiptra þarfa, ef svo má segja, á þennan hátt, þannig að það hefur þótt nauðsynlegt að setja á það allstrangar hömlur, að hve miklu leyti sveitarfélög gætu fengið rétt til sérstakrar úthlutunar úr þessum sjóði. Það hefur verið lögð á það mjög rík áherzla, að sveitarfélögin fengju almennt að njóta hans eftir ákveðnum hlutföllum. Það hefur hins vegar komið í ljós, að þau njóta hans mjög misjafnlega að því leyti til, og sum njóta hans í það ríkum mæli og einmitt ýmsir sveitahreppar, að það gefur þeim möguleika til þess að gefa mjög mikinn afslátt frá hinum gildandi útsvarsstiga. Og ég efast mjög um það, eins og sakir standa í dag, að þá séu fleiri skalar gildandi varðandi aðstöðugjöld heldur en varðandi útsvarsálagninguna sjálfa.

Til þess aðeins að gera sér grein fyrir því, hverjar líkur séu til þess, að þetta sé hægt að gera með einföldum hætti, verðum við að gera okkur það ljóst, að sérhver skerðing jöfnunarsjóðsins að þessu leyti, þ. e. a. s. að skerða þann hluta hans, sem kemur til úthlutunar til einstakra sveitarfélaga, hlýtur auðvitað að rýra hluta annarra og neyða þau til þess að nota þá útsvarsskalann í ríkara mæli en gert er til þessa. Ég er ekki að segja, að þetta sé neitt slæmt, en ég hygg, að við munum komast að raun um, að það er ekki einfalt mál að fá um þetta fullkomið samkomulag. Og ég hygg a. m. k., að ef við ætlum að útfæra það að því marki, sem ég áðan gat um og er eina leiðin til þess að tryggja það, að sömu útsvör séu greidd, hvar sem menn búa á landinu, að útsvarsskalinn sé alls staðar gerður sá sami og hafður síðan sameiginlegur sjóður, sem úr verði hlutað til sveitarfélaganna eftir vissum reglum, þá mundi það m. a. leiða til þess, að í þessum sveitahreppum, sem gefa nú svo geysilegan afslátt sem raun ber vitni, yrðu menn að borga útsvör alveg á sama hátt og í kaupstöðunum, sem ekki geta gefið neinn afslátt frá útsvörum.

Ég er ekki viss um, að menn yrðu svo ákaflega hrifnir af að taka upp almennt þessa reglu. En ég tek það fram, ég er ekki með því að segja, að ég sé á móti því. Það getur vel verið, eins og ég áðan sagði, að þetta sé skynsamlegasta úrræðið og þróunin leiði í þá átt, en það, sem ég aðeins vildi leggja áherzlu

á í minu máli, var það, að málið er flókið, það er margþætt og það er þess vegna ekki hægt að hugsa sér, að við getum leyst það með því að fara að taka út úr einstök atriði, sem öll eru þáttur í heilu kerfi, og ætla sér að breyta þeim án þess að taka kerfið sjálft til heildarendurskoðunar.

Skúli Guðmundsson: Ég er sammála hæstv. ráðh. um, að það sé sjálfsagt að hafa samráð um þetta við Samband ísl. sveitarfélaga og leita álits þess sambands um þær breytingar, sem þarf að gera. Það er alveg sjálfsagt. Um það er enginn ágreiningur við hann. En hins vegar er það náttúrlega Alþingi, sem á að ráða þessu, þegar til kemur. Ég hef ekki heldur haldið því fram, að það væri neitt óeðlilegt, að einstök sveitarfélög hefðu heimild til þess að gefa afslátt á útsvörum, eins og nú er gert, meðan sú þjónusta, sem sveitarfélögin veita íbúunum, er svo ákaflega mismunandi sem hún nú er. En ég hef hins vegar fundið að því, að það er veitt heimild til þess að leggja of mikil aukaálög á útsvörin í þeim kaupstöðum einkum, þar sem um fjárhagsvandræði er að ræða og þeir þurfa því á þessu að halda. Ég hef haldið því fram, að það væri of langt gengið í að íþyngja gjaldendum í einstökum sveitarfélögum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 242, 80).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það til l., sem hér liggur fyrir um breytingu á tekjustofnalögum sveitarfélaganna, en frv. er fram borið til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 13. maí 1966. Við 1. umr. kom fram brtt. frá tveimur hv. þm., þeim Skúla Guðmundssyni, 1. þm. Norðurl. v., og Sigurði Ágústssyni, 2. þm. Vesturl. Hljóðar brtt. þeirra svo með leyfi forseta:

„Við frv. bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði: Fyrir reglulegt Alþ. 1967 skal ríkisstj. undirbúa þær breytingar á lögum, að aðstöðugjöld samkv. III. kafla verði lögð á eftir sama gjaldstiga í öllum sveitarfélögum og að heimild til hækkunar á útsvörum verði takmörkuð verulega frá því, sem er í 2. mgr. 34. gr."

Frv. ásamt fram kominni brtt. var sent til umsagnar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og hefur umsögn þess nýlega borizt og er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Á fundi sínum hinn 23. þ. m. tók stjórnin erindi yðar til fullnaðarafgreiðslu og gerði um það svofellda bókun:

Lagt fram að nýju bréf heilbr.- og félmn. Nd. Alþ., dags. 29. nóv. s. l., þar sem stjórnin er beðin að veita umsögn um frv. til l. nr. 67 21. maí 1965, um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofnalögin. Frv. er til staðfestingar brbl. Stjórnin er meðmælt frv. Enn fremur er óskað umsagnar um brtt. við frv. frá Skúla Guðmundssyni og Sigurði Ágústssyni á þskj. 80 um samræmingu aðstöðugjalda o. fl. Stjórnin telur ekki ástæðu til að skerða það frelsi, sem sveitarfélögin hafa að lögum í þessum efnum, og getur því ekki mælt með brtt. þm."

Heilbr.- og félmn. varð sammála um að mæla með frv., en hins vegar ekki með fram kominni brtt., en einstakir nm. áskildu sér þó rétt til þess að fylgja fram kominni brtt. og þeim brtt. öðrum, sem kynnu fram að koma.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að leggja fram við það frv., sem hér liggur fyrir, svo hljóðandi brtt., að við frv. bætist ný gr., sem verði 2. gr. frv. og mundi hljóða á þessa leið:

„2. mgr. 33. gr. l. orðist svo:

Bætur almannatrygginga skulu undanþegnar útsvarsálagningu, og heimilt er að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára."

Sá háttur mun vera orðinn á hjá allmörgum sveitarfélögum að leggja ekki útsvör á bætur almannatrygginga, og eru mörg rök, sem mæla með því, sem ég hygg að hv. þm. séu kunn, svo að það sé ástæðulaust að rekja þau nánar að þessu sinni. Ég hygg, að það væri heppilegt, að það skapaðist alveg föst regla um þetta, og það verður ekki gert á annan hátt eðlilegri en þann, að þetta væri bundið í l. Vel má vera, vegna þess að hér eru um sinn viðstaddir tiltölulega fáir þm., að það væri æskilegt að fresta atkvgr. um þessa till. til 3. umr., en mér finnst samt rétt að leggja hana fram hér að þessu sinni, til þess að hún væri þá þm. kunn, þegar 3. umr. fer fram.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 256) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég tel rétt, að heilbr.- og félmn. fái þessa till. til athugunar, og mun það verða gert á milli umr. og þá að sjálfsögðu leitað álits Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta atriði.

Það mun vera svo, að í flestum eða mjög mörgum sveitarfélögum er það orðin nokkuð viðtekin regla, að á nokkurn hluta af bótum almannatrygginga er ekki lagt lengur útsvar, en hins vegar hefur hver sveitarstjórn talið eðlilegt, að hún hefði aðstöðu til þess að meta það, að hve miklu leyti bætur almannatrygginga skyldu gerðar útsvarsskyldar.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Eins og ég hef raunar áður tekið fram, fellst ég alveg á það að taka till. til baka til 3. umr., og ég er mjög þakklátur orðum frsm. n. um það, að hún muni taka þessa till. til sérstakrar athugunar, áður en sú umr. fer fram.

ATKVGR.
Brtt. 256 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 80 felld með 18:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 45., 46. og 47. fundi í Nd., 23., 27. og 28. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 2. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 20, 256).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég gat þess, þegar frv. þetta var hér til umr. við 2. umr. þess, að heilbr.- og félmn. mundi taka til athugunar þá till., sem þá kom fram frá hv. 5. þm. Reykv., Þórarni Þórarinssyni, og er prentuð á þskj. 256. N. tók till. til meðferðar á fundi hjá sér, sendi hana til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga og einnig til ráðuneytisstjórans í félmrn., Hjálmars Vilhjálmssonar, sem mjög þekkir allar aðstæður við niðurjöfnun útsvara hér á landi. Ég vil leyfa mér að kynna hv. Alþ. umsagnir þessara aðila. Þær koma báðar fram í bréfi frá Sambandi ísl sveitarfélaga, sem dags. er 1. marz og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með bréfi, dags. 23. f. m., sendið þér f. h. heilbr.- og félmn. Nd. til umsagnar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 1965, um breyt. á l. nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga. Síðan bréf yðar barst, hefur ekki verið haldinn fundur í stjórn sambandsins, en áður hafði heilbr.- og félmn. Ed. leitað umsagnar stjórnarinnar á frv. því, er Alfreð Gíslason flytur, og taldi sig ekki geta mælt með því frv., þar eð það skerti rétt einstakra sveitarstjórna. Ég hef haft símasamband við meiri hl. stjórnarmanna sambandsins og eru þeir sömu skoðunar varðandi téða brtt., er þér senduð til umsagnar, enda er efni hennar sama eðlis, en gengur enn lengra í skerðingarátt.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

Magnús E. Guðjónsson".

Umsögn ráðuneytisstjóra félmrn. hljóðar þannig:

„Sem svar við bréfi hv. heilbr.- og félmn. Nd. Alþ., dags. 23. febr. 1967, þar sem óskað er umsagnar um brtt. við frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, skal eftirfarandi tekið fram:

Brtt. þessi er í því fólgin, að bætur almannatrygginga skuli vera undanþegnar útsvarsálagningu, en samkv. gildandi l. er aðeins heimilt að undanþiggja bætur þessar útsvarsálagningu. Sumar bótategundir eru þó nú þegar undanþegnar álagningu útsvars og tekjuskatts. Svo er t. d. um slysadagpeninga og sjúkradagpeninga, sbr. lög nr. 90 1965, 13. gr. F. Sama gildir um sumar aðrar slysa- og sjúkrabætur. Sveitarfélög hafa notað undanþáguheimildina meira og minna og með ýmsum hætti. Það er því út af fyrir sig ekki fráleit hugmynd að undanþiggja allar bætur almannatrygginga álagningu útsvars. Rökrétt væri þá að undanþiggja bæturnar líka álagningu tekjuskatts. Þó ber að íhuga það, að síðan efnahagsviðmiðun var numin úr lögum í sambandi við bótagreiðslur almannatrygginga, eru fjárhagslegar ástæður bótaþega mjög misjafnar, svo að nauðsyn undanþágunnar getur verið afar misjöfn gagnvart einstökum bótaþegum. Brtt. mundi vera mjög hagstæð fyrir bótaþega, sem hafa háar tekjur, en mundi litlu eða engu máli skipta fyrir þá bótaþega, sem ekki hafa verulegar tekjur auk bótanna. Þá verður einnig að hafa í huga, að þau sveitarfélög, sem hafa lagt útsvör á bætur almannatrygginga, munu verða fyrir töluverðum tekjumissi, ef brtt. verður samþ. Í þessu efni er fróðlegt að vita það, að á árinu 1965 námu bætur þessar samtals ca. 860 millj. kr. Útsvarsbyrði sveitarfélaga er mjög misjöfn, allt frá 85% afslætti frá útsvarsstiga upp í 20% álag á stigann. Þau sveitarfélög, sem lægst útsvör hafa, þola breytinguna vel, en önnur sveitarfélög miður. Nauðsynlegt virðist, að gagnger rannsókn fari fram á afkomu ýmissa sveitarfélaga, áður en brtt. þessi verður samþykkt.

Virðingarfyllst,

Hjálmar Vilhjálmsson."

Umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga er alveg neikvæð, og má segja um niðurstöðu í umsögn ráðuneytisstjórans, að hún sé einnig neikvæð að því leyti, að hann telur, að gagnger rannsókn þurfi að fara fram á afkomu ýmissa sveitarfélaga, áður en brtt. yrði samþ.

Um þetta mál vil ég að öðru leyti segja það, að það mun liggja nokkuð ljóst fyrir í þeim gögnum, sem fyrir hendi eru í félmrn., að mjög mörg sveitarfélög, sérstaklega munu það vera kaupstaðirnir, hafa um verulegt bil undanfarin ár undanskilið vissan hluta af bótum almannatrygginga niðurjöfnun útsvara. Er þar um að ræða fyrst og fremst elli- og örorkulaun, sjúkrabætur og barnalífeyri til einstakra mæðra. Þetta mun vera orðin mjög algeng regla hjá öllum hinum stærri sveitarfélögum, að haga því þannig til við niðurjöfnun útsvara að undanþiggja þennan hluta bóta almannatrygginganna. Hins vegar mun það vera mjög fátítt, að fjölskyldubætur hafi verið undanþegnar útsvarsálagningu. Mér er þó tjáð, að þetta muni hafa verið gert í einum kaupstað s. l. ár, Kópavogskaupstað, og er það eini kaupstaðurinn, sem ég veit til, að þetta hafi gert.

Eins og fram kemur í bréfi ráðuneytisstjórans, getur það verið tvíeggjað að undanþiggja bætur almannatryggingunna, — hann ræðir þar um elli- og örorkulífeyrinn, — þar sem hann bendir á, að það komi fyrst og fremst til hagræðis fyrir þá, sem háar tekjur hafa, en síður fyrir þá, sem lægri tekjur hafa, og liggur þetta að sjálfsögðu alveg í augum uppi, þar sem stór hluti þeirra aðila, sem elli- og örorkulaun fá, verður hvorki útsvars- né skattskyldur, nær ekki því lágmarki, sem gert er

ráð fyrir að lagt sé á, hvort heldur er til útsvars eða tekjuskatts. Þetta kemur enn frekar fram í sambandi við fjölskyldubætur, og hygg ég, að það, sem hefur komið sveitarstjórnum undanfarið til að undanskilja þær ekki við útsvarsálagningu, er, að það liggur alveg ljóst fyrir, að það mundi geta í mörgum tilfellum verkað þannig, að það yrði eingöngu til hagræðis fyrir þá, sem hærri tekjurnar hafa, og kæmi þar af leiðandi að vissu leyti niður á þeim, sem lægri tekjur hafa.

Ég tel rétt, að álit þessara aðila, sem til var leitað í sambandi við þá till., sem hér liggur fyrir, sé kynnt hv. Alþ., og n. ræddi þetta mál á fundi í dag, gerði ekki um það neina sérstaka ályktun, en fram kom þar, að meiri hl. n. treystir sér ekki til þess að mæla með samþykkt tillögunnar.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég gerði ekki sérstaka grein fyrir þessari till. við 2. umr., heldur gat þess þá, að hún yrði aðeins lögð fram við þá umr. í von um, að hún fengi nánari athugun fyrir 3. umr., eins og nú hefur orðið, þó að ég hins vegar sé ekki ánægður með þá niðurstöðu, sem fyrir liggur frá meiri hl. n., og telji hana að verulegu leyti vera byggða á misskilningi, eins og ég mun koma nánar að.

Eins og þm. mun vera kunnugt, er nú heimild til þess í 33. gr. l. um tekjustofna sveitarfélaga að undanþiggja allar bætur almannatrygginga að meira eða minna leyti útsvarsálagningu. Þessi heimild er að sjálfsögðu veitt með tilliti til þess, að hún sé notuð að minnsta kosti, þegar sveitarfélögin eru fjársterk. Nú hefur sá háttur verið á hafður hjá mörgum sveitarfélögum, sérstaklega í kaupstöðum, eins og hv. síðasti ræðumaður minntist á, að undanþiggja bæði örorku- og slysabætur og ellilaun útsvarsálagningu. Þetta er ákaflega eðlilegt og sjálfsagt, eins og þessar bætur eru til orðnar, að það sé gert, og fyrst þetta er nú nokkurn veginn viðtekin regla í öllum fjölmennustu sveitarfélögum landsins, er ekki nema eðlilegt, að það sé látið gilda um landið allt. Og ég hygg, að menn hljóti að vera sammála um það við nánari íhugun þessa máls.

Ég kem þá að fjölskyldubótunum. Menn kunna að álíta, að það gegni einhverju sérstöku máli um þær, m. a. komi þar til greina sú ástæða, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að það muni sérstaklega vera til hags fyrir þá efnameiri, ef fjölskyldubætur séu undanþegnar útsvarsálagningu. Ég hef kynnt mér það lauslega, hvernig þessu muni vera háttað, t. d. hér í bænum. Ég held, að það sé nokkurn veginn óhætt að fullyrða það, að langflestir verkamenn hér í bænum, sem vinna að ráði einhverja eftirvinnu og aukavinnu, komist í það hámark með sínar tekjur, að af toppnum fari 30% í útsvar, og þess vegna gildir það um þá í langsamlega flestum tilfellum, að 30% af þeim fjölskyldubótum, sem þeim eru greiddar, fari í útsvarsgreiðslur. Þetta þýðir m. ö. o. það, að t. d. fjölskyldufaðir, sem hefur þrjú börn á sínu framfæri, verður raunverulega að greiða í útsvar bæturnar, sem hann fær fyrir þriðja barnið. Ef þessi regla næði fram að ganga, sem felst í minni till., þá mundi það í reyndinni þýða það, að útsvar á þessum verkamanni, sem hefur 3 börn á sínu framfæri, mundi lækka um 4 þús. kr., en það munu fjölskyldubæturnar vera nú á barn. Það er þess vegna mjög mikill misskilningur, sem hefur gætt í þeim bréfum, sem hér hafa verið lesin upp, og gætti hjá síðasta ræðumanni, að það að undanþiggja fjölskyldubætur útsvarsálagningu sé aðeins til hags fyrir þá, sem efnameiri eru, því að reyndin er sú núna, að þeir, sem eru efnaminni, og þar með langflestir verkamenn, verða að greiða 30% af fjölskyldubótunum í útsvar. Til viðbótar þessu, að þetta kemur þeim tekjuminni að fullu gagni, kemur það einnig til greina, sem er vert að athuga í þessu sambandi, að hér hefur verið komið á svokallaðri verðstöðvun, og það er ætlazt til þess, að það verði litið um kauphækkanir á þeim tíma, stjórnarvöldin æskja þess. En til þess að það verði orðið við þeim tilmælum stjórnarvaldanna eða ríkisstj., er ekki óeðlilegt, að það sé í einhverju reynt að koma til móts við almenning og létta af honum álögum til þess að gera honum fært að búa við þetta ástand. Ef svo færi, að það héldist t. d. á þessu ári að verulegu leyti verðstöðvun og launastöðvun, yrði niðurstaðan sú, að kaupið, sem menn fengju á þessu ári, yrði nokkuð svipað og var á síðasta ári, en hins vegar er fyrirsjáanlegt, þrátt fyrir skattvísitöluna, að útsvör — ekki sízt útsvör — og tekjuskattur munu verða verulega hærri í ár í krónutölu en þau voru í fyrra, vegna þess að tekjur ársins 1966, sem nú er lagt á, eru yfirleitt talsvert hærri en tekjur ársins 1965, og þrátt fyrir skattvísitöluna verkar þetta þannig, að útsvör og tekjuskattur á almenningi eða skattþegnum munu yfirleitt hækka í ár, miðað við það, sem var í fyrra, a. m. k. í krónutölu. Hins vegar ef gert er ráð fyrir því, að launin haldist að miklu leyti óbreytt, þá liggur það í augum uppi, að hér verða lagðar raunverulega auknar byrðar á almenning, miðað við það, sem áður var, og því er ekki óeðlilegt, að það sé að einhverju leyti komið til móts við menn í þessum efnum og þá alveg sérstaklega þá, sem hafa mestu fjölskyldubyrðarnar, eins og þeir, sem fá fjölskyldubætur, og það sé þá m. a. gert með því að undanþiggja fjölskyldubæturnar útsvari. En eins og ég sagði áðan, þýðir það fyrirkomulag, sem er núna á þessum málum, að skattleggja fjölskyldubæturnar, það í reynd, að 30% af þeim renna í útsvarsgreiðslur. Ef till. mín yrði samþ., mundi þetta falla niður og þeir, sem fá fjölskyldubæturnar, njóta þeirra alveg fullkomlega. Ég held, að það sé ekki til of mikils ætlazt undir þeim

kringumstæðum, sem nú eru, að þá sé því hætt, að fjölskyldufaðir eða fjölskylda, sem sér fyrir þremur börnum, — þá sé því fyrirkomulagi hætt, að bæturnar með þriðja barninu renni í útsvar, renni til sveitarfélaganna, eins og nú á sér stað.

Það munu einhverjir segja, eins og kom líka fram í þeim bréfum, sem hér voru lesin upp, að tekjustofnar sveitarfélaganna séu ekki of ríflegir. Það má vel vera, að svo sé. Ég vil í því sambandi minna á það, að við framsóknarmenn höfum hvað eftir annað flutt hér á Alþ. till. um það, að þessi málefni sveitarfélaganna, tekjuöflun þeirra, verði tekin til sérstakrar athugunar og athugað um nýja tekjustofna fyrir þau, því að það liggur í augum uppi, að ef þau eiga að halda uppi verulegum rekstri og framkvæmdum, nægja útsvörin ekki ein í þeim efnum, heldur verður að leita eftir nýjum tekjustofnum fyrir þau. Ef það er ekki gert, verður að fara hina leiðina, sem væri þá sú að létta af sveitarfélögunum einhverju af þeim útgjöldum, sem þau standa undir nú. Annars sýnist mér á því frv., sem nú var verið að leggja fram hér í þinginu, að hæstv. ríkisstj. áliti tekjustofna sveitarfélaganna ekki ónóga, því að í því frv. er lagt til að lækka framlag ríkisins til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna um 20 millj. frá síðasta ári. Ég held, að það væri miklu nær að láta sveitarfélögin halda þeim tekjustofni, einmitt þau sveitarfélögin, sem mest þurfa á því að halda, en samþ. hins vegar þá brtt., sem hér liggur fyrir.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að hefja hér almennar umr. um tekjustofnamál sveitarfélaga, þó að vissulega mætti margt um þau segja, en vildi aðeins segja nokkur orð í tilefni af þessari brtt., sem hér er flutt af hv. 5. þm. Reykv.

Það eru áreiðanlega ýmis rök, sem mæla með því að undanþiggja bætur almannatrygginga útsvarsálagningu og jafnframt að lækka að einhverju leyti útsvör gjaldenda, sem náð hafa vissum aldri og hafa ekki fulla starfsgetu til vinnu. Þetta sjónarmið er þegar viðurkennt í tekjustofnalögunum. En það, sem er efni málsins hér, er að ganga lengra og að lögbjóða það, að viss hlunnindi skuli veitt í þessu efni. Ég hygg, að mótrökin gegn því komi mjög glöggt fram í þeirri grg., sem var hér flutt af hálfu frsm. n., hv. 3. þm. Sunnl., þannig að ég þurfi ekki að fara um það mörgum orðum, að málið þurfi að athugast allmiklu betur, áður en að því ráði væri horfið að lögfesta það sem skilyrðislausa reglu, að í öllum tilfellum skuli bætur almannatrygginga undanþegnar útsvarsálagningu. Það kunna áreiðanlega að koma upp ýmis sjónarmið um það, að það kunni eitthvað annað ekki síður að þurfa að taka til greina varðandi breyt. á útsvarsálagningu en þetta eitt.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um staðfestingu á brbl., sem fjalla um eitt tiltekið efni útsvarslaganna eða tekjustofnamála sveitarfélaga, en það er, að skattvísitala verði látin gilda varðandi ákvörðun útsvarsstiga á sama hátt og gildir um skattstiga og frádrætti í l. um tekju- og eignarskatt. Mér er fullkomlega ljóst, að það eru mörg önnur atriði, sem þörf væri á að athuga í sambandi við tekjustofnamál sveitarfélaga, bæði tekjukerfi þeirra í heild, hvort því mætti koma fyrir betur með öðrum hætti, og margt annað, sem þar kemur til álita. Ég tel hins vegar mjög óráðlegt að fara í skyndingu, án heildarathugunar á þessu vandamáli, að gera á tekjustofnalögunum neinar sérstakar breyt. á þessu stigi. Þetta mál í heild kemur mjög til athugunar í sambandi við þá rannsókn, sem nú fer fram á, hvort taka skuli hér upp staðgreiðslukerfi skatta, m. a. vegna þess, að það liggur ljóst fyrir, að til þess að það sé auðið, þarf að gera mjög víðtækar breyt. á þeim reglum, sem nú gilda varðandi ekki hvað síst tekjustofna sveitarfélaga, og m. a. kemur einnig greinilega fram, að það mun verða nauðsynlegt að ákveða, ekki aðeins með heimildum, heldur ákveða með lögum, hvaða frádráttarreglur skuli gilda almennt í sveitarfélögunum, þannig að það kann að vera, að það sjónarmið, þegar það kemur fram, falli nokkuð saman við það, sem hv. flm. brtt. hér hefur í huga, þegar hann vill lögfesta skyldu til að draga frá bætur almannatrygginga. Ég hef áður skýrt frá því, að niðurstöður þessarar n. verði lagðar í einhverju formi fyrir yfirstandandi Alþingi. Það er unnið af kappi að því að ljúka grg. um málið, sem er mjög ýtarleg og yfirgripsmikil. Hvort Alþingi þyki henta að lögfesta staðgreiðslukerfið, skal ég ekkert um spá á þessu stigi, en aðeins taka það fram, að ég tel einmitt með hliðsjón af því, að fram undan hljóta þá að vera víðtækar breytingar og athugun á tekjustofnamálunum, þá væri það mjög óráðlegt að fara að gera á þeim neina grundvallarbreytingu nú, og ég tel það einnig mjög varhugavert í öllum tilfellum, að Alþingi ákveði breyt. á tekjustofnamálum sveitarfélaga, án þess að það sé gert að undangenginni rækilegri athugun og í nánu samráði við samtök sveitarfélaganna.

Ég vildi því leyfa mér að vænta þess, enda þykist ég vita, að það eru ýmsir þm., sem hafa í huga ýmsar breyt. á útsvarslögum án þess að hafa flutt þær hér, að það muni fást fram sá skilningur hér á málinu í heild, að menn setji ekki inn í þetta frv. þær hugmyndir, sem þeir kynnu að hafa um einstakar breyt. á tekjustofnalögum, sem eru, eins og ég áðan sagði, vafalaust margar, sem koma til greina, heldur að menn fallist á þessu stigi á að samþ. frv. eins og það liggur fyrir hér óbreytt varðandi þetta einstaka atriði um skattvísitöluna, en láti þá bíða, þar til málið kemur hér fyrir í einhverju formi til umr. í sambandi við staðgreiðslukerfið, að ræða um þær breyt., sem æskilegt væri að gera á tekjustofnalögunum að öðru leyti.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. hefur hreyft mjög athyglisverðu máli með brtt. þeirri, sem hér hefur verið til umr. Þó er á þessari till. og hugmyndum hans sá augljósi galli, sem skrifstofustjóri félmrn. benti á, og held ég, að varla verði dregið í efa, að hann viti býsna vel, hvað hann talar um þessa hluti.

Gallinn er sá, að þessi breyt. mundi koma efnuðu fólki að miklu meira leyti til góða en efnalitlu fólki. Tökum tvenn gömul hjón. Önnur hjónin hafa allmiklar tekjur til viðbótar við ellilaunin. Hin hjónin hafa sama og engar tekjur til viðbótar við ellilaun. Efnuðu hjónin mundu græða á þessu, sennilega á milli 15 og 20 þús. kr., efnalitlu gömlu hjónin mundu ekki græða eyri.

Í þessu sambandi er rétt að hafa það í huga, að þegar tekjur manna voru teknar úr sambandi við það, hvort þeir skyldu fá ellilífeyri eða örorkulífeyri eða ekki, var fyrir því sú höfuðröksemd, að mismunandi efni mundu jafnast, vegna þess að skattar væru af þessu greiddir. Mér finnst, að ef einhver slík breyt. er gerð, verðum við að finna leið til þess að tryggja það, að þessi breyt. komi fyrst og fremst að gagni þeim, sem við getum kallað efnaminni, en að við förum ekki að gera slíka breyt. á tryggingalögunum til þess fyrst og fremst að rétta þeim allmikið fé, sem hafa tiltölulega góð efni.

Ég vil því leyfa mér að flytja hér brtt. við brtt. hv. 5. þm. Reykv., á þessa leið, að í stað orðanna „bætur almannatrygginga skulu" í till. hans komi: „ellilífeyrir og örorkubætur almannatrygginga skulu, þegar bótagreiðslur þessar nema 50% af nettótekjum bótaþega eða meira" — og svo heldur till. áfram. Þarna er dregin sú lína, að ef bætur tryggginganna eru þetta verulegur hluti af þeim tekjum, sem fólkið hefur, sé sjálfsagt að veita því slík hlunnindi, en reyna að skilja frá þá, sem hafa aðrar tekjur verulegar við hliðina á þessum bótum, og vera ekki að veita þeim ný hlunnindi.

Herra forseti. Ég legg þessa till. fram, en ég vil jafnframt óska eftir því, að málinu verði ekki lokið við umr. í dag, þannig að tími gefist til að prenta þessa till. og menn geti athugað hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 292) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í tilefni af því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, tek ég alveg undir það, að það sé mikil nauðsyn að endurskoða löggjöfina um tekjustofna sveitarfélaga. En þó að slík heildarendurskoðun sé nauðsynleg og þyrfti að gerast sem fyrst, þarf það ekki að standa í vegi þess, að vissar leiðréttingar, sem réttmætar eru, verði gerðar á þessum l., á meðan verið er að bíða eftir þessari heildarendurskoðun. Og þetta frv., sem hér liggur fyrir og mun vera lagt fram af hæstv. ráðh., gerir einmitt ráð fyrir einni slíkri endurbót, og þess vegna er það alveg í samræmi við það, að sú till. komi hér fram, sem ég flyt.

Ég vil árétta það, sem ég sagði hér áðan, að ég tel það misskilning, að þessi brtt., sem ég er flm. að, komi fyrst og fremst þeim til hags, sem efnaðri eru. Eins og ég sýndi fram á, kemur hún að sömu notum fyrir þá, sem efnaminni eru, þar sem t. d. hér í bænum verða langsamlega flestir þeirra, sem má telja lágtekjumenn, eins og verkamenn, að greiða í útsvar 30% af toppnum af sínum tekjum, og þess vegna verða þeir yfirleitt að greiða 30% af þeim fjölskyldubótum, sem þeir fá, í útsvar. Og þó að þetta að vísu sé jafn ávinningur fyrir alla, er hann þó tiltölulega mestur fyrir þá efnaminni, vegna þess að þá munar meira um slíka leiðréttingu en þá, sem efnameiri eru. Það hefur t. d. sitt að segja fyrir verkamannafjölskyldu, sem hefur fyrir 3 börnum að sjá, að útsvarið á henni lækki um 4 þús. kr., en það mundi það gera skv. þessari tillögu.

Í tilefni af því, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði, vil ég aðeins segja það, að ég held, að ég muni það rétt, að það sé á stefnuskrá Alþfl. að undanþiggja bæði sjúkrabætur, örorkubætur og ellilaun sköttum, og alveg án tillits til þess, hvort um efnaða eða efnaminni skattgreiðendur er að ræða. Og ég veit ekki betur en fulltrúar Alþfl. í bæjarstjórnum hafi fylgt þeirri till. fram. Hins vegar finnst mér sjálfsagt, að þessi till., sem hann flytur, verði tekin til nánari athugunar, og ef hann t. d. vildi fallast á það, að fjölskyldubætur væru teknar þarna inn líka og það sama yrði látið gilda um þær og hinar bæturnar, getur það vel komið til mála, að við getum orðið sammála um þá breyt. En mér finnst, að það sé ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að ef hann fylgir þeirri stefnu, að undanþiggja eigi efnaminni ellilauna- og örorkubótaþega skatti af bótum, eigi það að ná til annarra efnaminni skattgreiðenda einnig, ef því er hægt að koma fyrir. Ég vil þess vegna taka undir þau tilmæli hans, að málið verði ekki afgreitt núna á þessum fundi, heldur verði því frestað, og ég vil enn fremur bera þau tilmæli fram til hæstv. forseta, að hann slíti ekki umr. nú, þó að enginn sé á mælendaskrá, því að menn kunna að vilja ræða nánar um þetta mál, þegar búið er að athuga till. hv. 5. þm. Vesturl.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég tel, að afstaða hv. 5. þm. Reykv. í sambandi við að undanþiggja fjölskyldubætur við álagningu útsvars stafi af nokkrum misskilningi og kannske af ókunnugleika á málinu í heild. Hann lét að því liggja, að slíkt mundi hafa í för með sér lækkun, svo og svo mikla, á hvern einstakling, og tilnefndi þar verkamenn í Reykjavík sem einn, að mér skildist, tekjuhærri flokk manna. Ég verð að segja, að mér kemur það mjög undarlega fyrir, að verkamenn í Reykjavík skuli allt í einu vera orðnir

í hæstu tekjuflokkum, og er það nokkuð annað en við áður höfum heyrt hér á hv. Alþ.

En þetta útsvarsmál er miklu flóknara í heild en menn almennt, held ég, gera sér grein fyrir. Það kemur þannig út, að ef einn hluti tekna manna, hver svo sem hann er, er undanþeginn við álagningu útsvars, hlýtur það að koma einhvers staðar niður hjá öðrum. Bæjarstjórnir og sveitarstjórnir ákveða heildarupphæð útsvara venjulega í ársbyrjun, og framtalsnefndir eru í hverju tilfelli bundnar af þeirri ákvörðun sveitarstjórnanna. Því meira sem kann að verða undanþegið við álagningu útsvaranna, því minni afsláttur verður af útsvarsstiganum eða því meira þarf að hækka hann. Þetta liggur alveg augljóst fyrir hjá þeim sveitarstjórnarmönnum, sem með þessi mál hafa haft að gera. Það verður ekki með nokkru móti dregið út úr tekjustofnum sveitarfélaganna til álags við niðurjöfnun útsvara, nema það komi niður annars staðar. Þetta er sú staðreynd, sem sveitarstjórnarmenn þekkja og menn verða að gera sér ljósa. Ég hygg því, að í reyndinni sé það svo, og tel, að það liggi í raun og veru alveg ljóst fyrir, að þar sé misskilningur, sem kom hér fram hjá hv. 5. þm. Reykv., að það sé hægt að segja, að það sé beint til hagræðis einum tekjuflokki manna, ef það yrði gert, sem hann hér leggur til, að undanþiggja þessar tekjur, sem hann tilgreinir í till. sinni. Þær koma aftur til baka á þessa sömu aðila og á aðra aðila einnig, sem eru kannske jafnvel tekjuminni, í hækkuðum útsvarsstiga. Þetta er það, sem er grundvallaratriði við álagningu útsvara og menn verða að hafa í huga, þegar þeir eru með hugmyndir um að undanþiggja ákveðnar tekjur við niðurjöfnun útsvaranna, að það verður ekki gert með öðru móti en því, að það kemur fram í annarri mynd og þá oft og tíðum að ég vil segja óréttmætt á þeim, sem sízt skyldi.

Um það, sem hér hefur verið sagt um að undanþiggja elli- og örorkulaun og sjúkrabætur, þá verkar það allt öðruvísi, vegna þess að það liggur alveg ljóst fyrir og sveitarstjórnarmönnum hefur verið það ljóst, að þar eiga í langflestum tilfellum hlut að máli aðilar, sem mjög lítið og kannske ekkert útsvar greiða. Þess vegna skiptir það sveitarfélögin miklu minna máli, þó að þær tekjur séu dregnar út, og hefur engin áhrif á heildarniðurjöfnunina.

Ég skal ekki um það segja, hvort till. hv. 5. þm. Vesturl. fær staðizt eða hvort hún mundi verka eins og hann ætlast til. Ég tel, að það þurfi nánari athugunar við, en vil undirstrika það grundvallaratriði, sem ég þekki eftir langt starf í sveitarstjórn, að slíkar tilfærslur verða ekki gerðar, nema þeim verði velt yfir á herðar annarra, sem þá kannske hafa ekkert betri aðstöðu til að bera það en þeir, sem verið er að létta gjöldunum af.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 9. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 20, 256, 292).

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Við umr. þessa máls síðast gerði hv. 5. þm. Vesturl. grein fyrir brtt., sem hann flytur við brtt. á þskj. 256, frá hv. 5. þm. Reykv. Þessi brtt. er þess efnis, eins og hann gerði grein fyrir, að frádráttarrétturinn samkv. till. hv. 5. þm. Reykv. er takmarkaður við það, að til viðmiðunar skuli koma, hver er heildartekjuupphæð viðkomandi aðila. Þetta er vitanlega til verulegra bóta frá hinni upphaflegu brtt. og gerir minna það misrétti, sem fram kynni að koma milli þeirra aðila, sem njóta tryggingabóta, og annarra, sem hafa jafnvel mun minni heildartekjur. En engu að síður er þó málið þess eðlis, að ég teldi það mjög óheppilegt, að þessi breyting væri gerð. Má í því efni benda á, að með þessari brtt. hv. 5. þm. Vesturl. mundi vera í rauninni skertur réttur þessara sömu aðila í sveitarfélögum, þar sem veitt er jafnvel í dag meiri frádráttarheimild en hér er gert ráð fyrir, þannig að við sjáum á þessu, að þetta mál er alls ekki eins einfalt og það kann að líta út á blaði.

Sannleikurinn er sá, eins og ég gerði grein fyrir í minni ræðu þá, að þessi útsvarsmál og raunar bæði útsvars- og skattamál eru margslungin og flókin og að ætla að fara að taka út úr því einstök atriði er ákaflega varasamt og getur raskað öðrum þáttum málsins og þarf ekki að leiða til þess, að um sérstakt réttlæti verði að ræða. Hitt er annað mál, eins og ég skýrði frá í ræðu minni þá, að það er vissulega réttlætiskrafa í mörgum tilfellum, að þessar bætur séu undanþegnar útsvarsálagningu, og það má vel vera, að það ætti að gera það að skyldu í vissum tilfellum, en ekki aðeins heimild eins og nú er. En ég tel aðeins, að það þurfi að athuga þetta í sambandi við ýmis önnur atriði tekjustofnalaganna um frádráttarrétt í ýmsum öðrum tilfellum, sem kann að vera alveg eins mikið réttlætismál að sé aukinn eins og í því tilfelli, sem þessi brtt. fjallar um.

Ég skýrði frá því þá, að þetta mál allt, tekjustofnamál sveitarfélaga, mundi hljóta að koma til heildarathugunar í sambandi við staðgreiðslukerfið, ef það ætti að takast upp, og þá yrðu í flestum greinum að koma skylduákvarðanir um frádrátt í staðinn fyrir heimildir, vegna þess að það má ekki vera munur á frádráttaraðferðum frá einu sveitarfélagi til annars, ef slíkt kerfi ætti að takast upp. Og þegar kemur að því að ræða það mál hér efnislega, er að sjálfsögðu hægt að taka þetta til athugunar. Ég teldi því vera óheppilegt, ef þessar brtt., hvor sem væri, væru samþ. við þetta frv. nú, sem er um algerlega afmarkað atriði í tekjustofnalögunum. Ég tel hins vegar sjálfsagt og vil mjög fyrir mitt leyti ganga til móts við óskir þessara hv. þm. um það að láta taka þetta mál til endurskoðunar,

hvað sem annarri endurskoðun líður, þannig að þetta verði tekið til athugunar nú milli þinga og skoðaðar þær röksemdir, sem fram hafa komið frá báðum hv. flm. varðandi málið. Ég vonast til, að hv. flm. till. þessara geti á grundvelli þessarar yfirlýsingar minnar fallizt á, að þessar till. þeirra nú komi ekki til samþykktar varðandi frv. eins og það nú liggur fyrir, vegna þess m. a., að það er alveg ljóst, að í hugum ýmissa hv. þm., bæði hér í þessari hv. d. og í Ed., en þar var engin breyting gerð á málinu, þar eru uppi ýmsar óskir um það, að breytingar verði gerðar á tekjustofnal., en þeir hafa fallið frá að gera einmitt með hliðsjón af þeirri ósk minni, að það væri ekki verið að blanda inn í málið fleiri atriðum, en aðeins takmarka sig við ákvörðun þá á skattvísitölunni, sem frv. fjallar um.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs, er fyrst og fremst till. frá hv. 5. þm. Vesturl. á þskj. 292. En í sambandi við málið í heild vil ég segja það út af till. hv. 5. þm. Reykv., Þórarins Þórarinssonar, að ég er fylgjandi því, að það sé yfirleitt ekki lagt á bætur almannatrygginga, sérstaklega finnst mér fráleitt að leggja á ellilaun og örorkulífeyri og sömuleiðis á fjölskyldubætur, a. m. k. eftir að börnunum fjölgar. Ég hef hins vegar haft þá skoðun persónulega, að ekki væri ástæða til, að fjölskyldubætur væru greiddar með fyrstu tveim börnunum, þar sem það væri lágmarksskylda heilbrigðra foreldra að endurnýja sjálf sig, og þeir, sem hefðu eðlilegar tekjur, ættu að geta séð fyrir þeim börnum án fjölskyldubóta. En hér er reyndar annað mál á ferðinni í sambandi við fjölskyldubætur hér á landi, vegna þess að þær eru notaðar sem liður í niðurgreiðslu og til þess að halda vöruverði í landinu í skefjum og ekki framkvæmdar eins og venjulegar fjölskyldubætur nú síðustu árin. En út af till. hv. 5. þm. Vesturl. vil ég segja það, að ef hún yrði að l., væri felld niður sú heimild, sem sveitarstjórnir hafa nú, eins og hæstv. fjmrh. kom að hér áðan, til þess að undanþiggja bætur almannatrygginga, nema að þeirri takmörkun, sem hann gerir ráð fyrir. Eftir það væri öllum sveitarfélögum skylt að leggja á allar fjölskyldubætur og að leggja á örorku- og ellilífeyri, þegar kæmi yfir það mark, sem hv. 5. þm. Vesturl. leggur til.

Við nánari athugun á því sýnist mér svo, að ef þetta hefði verið í lögum s. l. ár, 1966, hefði framkvæmdin orðið þannig, að þetta hefði aðeins náð til þeirra manna einhleypra, sem voru útsvarslausir hvort sem var. Upphæðin, sem hér um ræðir, hefði verið 27400 kr., en samkv. útsvarsstiga hefði einhleypur maður, sem hefði haft 54800 kr. í tekjur, sem hefði verið tvöföldun á þessari upphæð, átt að greiða 1500 kr. í útsvar, það er svo lækkað hér um 5%. Það þýðir, að maður er samkv. lögum útsvarslaus. Þess vegna mundi þessi till. ekki bæta mikið úr fyrir þessum gjaldanda. Þetta er ekki alveg eins fráleitt, þegar um fjölskyldu er að ræða. Þegar um hjón er að ræða, sem bæði fá ellilaun, þá hefði þetta orðið lækkun á þeirra útsvari. En aðalatriðið er það, að öll frekari tilslökun vegna tryggingabótanna er felld úr gildi með þessari till., ef samþykkt yrði. Þess vegna vil ég undirstrika það og leggja ríkt á við hv. þm., að þeir snúist gegn þessari till., þegar hún kemur hér til atkv., vegna þess að hún mun í flestum tilfellum verða til þess að gera þeim óhægra, sem tryggingabóta njóta, heldur en er nú í gildandi lögum. Ég tek undir það með hæstv. fjmrh., að það er nauðsyn að endurskoða þetta ákvæði, og verði horfið að því ráði að taka upp staðgreiðslu hér á sköttum, verður að gera það, en það mun hins vegar taka einhvern tíma, en þangað til þarf að endurskoða þetta, og eðlilegast finnst mér, að flestar tegundir tryggginganna verði útsvars- og skattfrjálsar. Það mun sýna sig, að það er heppilegra að haga þessum bótum þannig, að svo sé, og eðlilegt, að þannig verði. En till. hv. 5. þm. Vesturl. mundi verða til þess, ef samþykkt yrði, að skattskylda megnið af þessum bótum.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í tilefni af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, vil ég aðeins endurtaka það, sem ég hef áður sagt um þessa till., að ég sé enga ástæðu til þess að fresta henni, þó að heildarathugun kunni að vera fram undan á löggjöfinni um tekjustofna sveitarfélaganna. Ég tel, að það sé mikil ástæða til að gera þá breytingu, sem í þessari till. felst, og hún sé þannig löguð, að það sé engin ástæða til þess að láta hana bíða eftir þessari heildarathugun, sem enginn veit með vissu, hvenær verður.

Ég lít þannig á vegna þeirra fjármálaaðgerða, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert og hafa það í för með sér, ef þær ná fram að ganga, að laun munu ekki hækka að ráði á næstunni, en hins vegar munu bæði útsvör og tekjuskattar hækka í krónutölu frá því, sem var á síðasta ári, og þessar byrðar þess vegna verða tiltölulega þyngri nú en þær voru á síðasta ári, þá sé einmitt sérstök ástæða til þess að samþykkja þá brtt., sem ég er flm. að, vegna þess að hún dregur nokkuð úr skattaálögum hjá þeim, sem eiga erfiðast með að standa undir þungum skattálögum, en það er gamalt fólk, öryrkjar og stórar fjölskyldur. Ég get þess vegna ekki orðið við þeim tilmælum ráðh. að draga þessa till. til baka.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er nú þarflaust út af fyrir sig að vera að efna til mikilla umr. um þetta mál. Það liggur tiltölulega einfalt fyrir. Ég harma það, að hv. 5. þm. Reykv. getur ekki fallizt á að draga till. sína aftur, og hlýt af þeirri ástæðu að leggja áherzlu á, að hv. þd. felli hana, ekki vegna þess að hún eigi ekki að mörgu leyti við rök að styðjast, en hún á ekki við nægileg rök að styðjast til þess að verða samþ., vegna þess, eins og hér hefur verið bent á af ýmsum, að þá er ekkert sérstakt réttlæti í því að slá

því föstu sem afdráttarlausri reglu, að allar bætur almannatrygginga og einnig fjölskyldubætur séu undanþegnar gjaldaálaginu. Það er ótvírætt mál og augljóst öllum, að í mörgum tilfellum getur verið um fólk að ræða, sem hefur minni tekjur. Það væri þá raunverulega aukinn gjaldþungi á því fólki, sem hlýtur að koma til, því að sveitarfélögin verða að sjálfsögðu að ná sínum tekjum, og eins og þau hafa sjálf bent á í sinni umsögn, telja þau varhugavert að gera slíka breytingu, án þess að málið sé athugað nánar, og það er í þeim anda, sem ég lagði til, að að þessu máli yrði unnið.

Til þess að forðast allan misskilning varðandi yfirlýsingu mína áðan, átti ég ekki við það, að þetta yrði látið bíða heildarendurskoðunar á tekjustofnamálum sveitarfélaga, heldur fól yfirlýsing mín í sér, að það yrði hlutazt til um, að þetta mál sérstaklega yrði athugað fyrir næsta þing. Og varðandi það að ætla t. d. að fara að gera nú veigamiklar breytingar á tekjustofnal., þá er vert að benda hv. þm. á, að samkv. verðstöðvunarlögum mega sveitarstjórnir ekki hækka álagningarstiga útsvara, þannig að ef kemur til nú veruleg breyting á hlutföllum varðandi tekjur manna eða það verða undanþegnar verulegar fjárhæðir frá því, sem áður var, hlýtur það að leiða til mikilla vandræða fyrir ýmis sveitarfélög.

Það eru því margar ástæður, sem valda því, að það er nauðsynlegt að skoða þetta mál nánar, og ég vænti þess, að hv. þd. geti því fallizt á, úr því að hv. flm. vill ekki ganga til móts við mínar óskir í þessu efni á þann veg, að málið verði tekið til sérstakrar meðferðar milli þinga, að fella þá þessa till. eins og hún liggur fyrir.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Í þessum umr. hefur það komið fram, að ýmsir telja, að fjölskyldubætur eigi alls ekki að fella undan skatti. Þó að þeir geti fallizt á, að ellilaun og örorkubætur og aðrar bætur almannatrygginga séu skattfrjálsar, hafa þeir látið í ljós sumir hverjir, að fjölskyldubætur eigi að hlíta einhverjum öðrum lögmálum og þær eigi ekki að falla undir slíkt. Ég skil illa þessa afstöðu, því að ég lít svo á aftur á móti, að fjölskyldubætur eigi að vera í fyrstu röð, sem ekki eigi að leggja á skatta.

Hæstv. fjmrh. var að enda við að benda mönnum á, að það gæti valdið misræmi, ef nú væri farið að veita undanþágur í þessum efnum, og jafnvel valdið skattahækkunum hjá einhverjum öðrum. En heimildin til þess að undanþiggja ellilaun og bætur almannatrygginga er í lögum, og sveitarfélög geta notað þá heimild, svo að það er ekkert fyrir það girt, þó að þessi till. yrði ekki samþ. Ef það er eitthvert ranglæti í því að fella tryggingabætur, þ. e. a. s. ellilaun, örorkubætur og aðrar slíkar bætur, undan sköttum eða undan útsvari, kemur sama ranglætið fram fyrir það og það rekst þá alveg jafnmikið á löggjöfina um verðstöðvunina, meðan heimildin er í gildi. Ef menn ætla að fara að tryggja það, að ekkert slíkt geti skeð, verður að afnema þessa heimild. En ég býst við, að það sé enginn á því máli nema hv. 5. þm. Vesturl., sem flytur um það till., að hún skuli afnumin.

Ég held, að mönnum ætti að vera ljóst, að það fólk í landinu, sem á erfiðasta aðstöðu, eru fjölskyldumenn. Það eru hjón með mörg börn. Launatekjur manna, ef þeir vinna ekki nema dagvinnu, eru ekki meiri en það, að það er lítt skiljanlegt, hvernig barnmargar fjölskyldur geta komizt af, og reglan mun vera sú, að þær komast alls ekki af nema með mikilli eftirvinnu eða næturvinnu og öðru þess háttar, enda sjáum við það á skýrslum hagstofunnar um útgjöld, sem reiknað er með og miðuð eru við fjögurra manna fjölskyldu. Hvað skal þá um fjölskyldurnar, þar sem eru 8 manns í heimili eða jafnvel meira? Það er rétt, að það geta vel stæðir menn og tekjuháir menn notið góðs af því, að ellilaun séu felld undan útsvari. Ég er ekki að mótmæla því. En ég hef skilið þá, sem hér hafa tekið til máls, á þá leið, að þeir vilji hafa þetta sem viðurkenningu fyrir mikið og langt starf í þágu þjóðfélagsins, að þeir þurfi ekki að greiða þessa skatta. En ætli fjölskyldurnar með mörgu börnin eigi þá ekki líka skilið að fá viðurkenningu, fjölskyldur, sem geta ekki komizt af nema vinna geysilega yfirvinnu?

Mig furðar á því, að því skuli haldið hér fram á Alþ., að fjölskyldubætur skuli skattleggja. Það er einmitt þetta fólk, fjölskyldufólkið, sem hefur lökustu afkomuna, miklu lakari en einhleypir menn eða barnlaus hjón. Þetta fólk býr í lakasta húsnæðinu, hefur yfirleitt lökustu kjörin efnahagslega á allan hátt. Samt skal skattleggja fjölskyldubæturnar. Þessum hugsunarhætti vil ég mótmæla algerlega, og það eru einmitt þessar bætur, sem eiga að koma í fyrstu röð ásamt örorkubótum og ellilaunum, sem ætti að undanþiggja öllum sköttum.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vildi mjög undirstrika það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér, að allar breytingar á tekjustofnalögunum eru miklu flóknara mál en þm. almennt, sem ekki annast sveitarstjórnarmál og ekki eru þeim mjög kunnugir, geta gert sér grein fyrir. Þetta er einfalt í sambandi við álagningu tekjuskatts, þar sem frádrátturinn kemur viðkomandi aðila beint til góða og lækkar skatta hans. Í sambandi við útsvörin er allt öðru máli að gegna. Þar er um millifærslu milli manna að ræða, en ekki kannske beina lækkun hjá viðkomandi aðilum. Sveitarstjórnir eru bundnar af ákveðinni heildartölu, sem þær verða að jafna út, eftir því sem bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hafa ákveðið. Ef dregið er úr tekjum til útsvars hjá einstökum flokkum manna, hlýtur það að verka til hækkunar á öðrum, og jafnhliða verkar það einnig

til hækkunar á þessum aðila, sem á að lækka hjá, í minnkuðum frádrætti eða hækkuðum viðbótum við gildandi útsvarsstiga. Ég tel því mjög æskilegt, að þeir aðilar, sem hér hafa flutt brtt. við lögin, vildu draga þær breytingar til baka gegn þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. fjmrh. hefur gefið hér, að þetta mál yrði tekið til athugunar, því að það er miklu flóknara, eins og hér hefur komið fram, heldur en menn geta gert sér grein fyrir.

Ég er t. d. alveg sannfærður um það, að hv. 5. þm. Reykv., þegar hann flytur sína till., heldur hann, að þetta komi láglaunafólki til góða. Hans framsöguræða um till. var í þeim anda. Nú liggur fyrir umsögn frá ráðuneytisstjóra félmrn., sem ég fullyrði alveg að er manna fróðastur um þessi mál hér á landi. Hann fær árlega skýrslur frá hverju einasta sveitarfélagi um álagninguna hjá viðkomandi aðilum og um þá stiga, sem notaðir eru, og um þann frádrátt, sem veittur er, þannig að ég fullyrði alveg af þeirri reynslu, sem ég hef af þessum málum, að hann er sá maður, sem er langsamlega kunnugastur þessum málum og hvernig allar breytingar á tekjustofnal. verka. Í umsögn sinni til heilbr.- og félmn., sem hér var lesin upp, þegar málið kom til 2. umr., segir hann m. a.: „Brtt. mundi vera mjög hagstæð fyrir bótaþega, sem hafa háar tekjur.“ Brtt., sem þar um ræðir, er till. hv. 5. þm. Reykv. Það er umsögn ráðuneytisstjórans, að till. mundi verða mjög hagstæð fyrir bótaþega, sem hafa háar tekjur, en mundi litlu eða engu máli skipta fyrir bótaþega, sem hafa ekki verulegar tekjur auk bótanna. Ég hygg, að þetta álit stangist alveg á við tilgang hv. 5. þm. Reykv. með flutningi á þeirri till., sem hann hér hefur lagt fram. Og ég mundi telja illa farið, ef Alþ. samþykkti till. í þá átt að skerða rétt þeirra, sem lægri tekjurnar hafa, en yrði, eins og ráðuneytisstjórinn segir, til hagsbóta fyrir þá, sem hærri tekjurnar hafa.

Út af því, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði hér í sambandi við fjölskyldubæturnar, ber einnig að hafa það í huga, að þeir, sem ómaga hafa á framfæri sínu, fá viðurkenningu fyrir það. Það er í tekjustofnalögunum ætlaður, að ég hygg, 12 þús. kr. frádráttur fyrir hvern ómaga, fyrir hvert barn, sem er á framfæri viðkomandi aðila. Ég tel, að það væri miklu eðlilegra að hækka jafnvel barnafrádráttinn heldur en að fella niður álagningu útsvars á fjölskyldubæturnar. Það mundi koma ekki síður til nota fyrir barnafjölskyldur en þó að það yrði gert að lögum að gera fjölskyldubæturnar útsvarsfrjálsar. En eins og ég segi, vegna aðstöðu framtalsnefnda, sem verða að jafna niður ákveðinni upphæð, er tekjustofnamálið miklu flóknara en svo, að það sé eðlilegt, að því sé breytt nema að undangenginni mjög nákvæmri athugun hjá þeim aðilum, sem bezt þekkja málið, en það eru að sjálfsögðu það ráðuneyti, sem hefur með það að gera, og Samband ísl. sveitarfélaga, en báðir þessir aðilar leggja á móti því, að þær till., sem hér hafa verið bornar fram, verði samþ.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil taka undir það, sem sagt hefur verið hér, að þetta mál er miklu flóknara en svo, að eðlilegt sé að fara að gera þær brtt., sem hér eru lagðar til við tekjustofnalögin, eins og fram kemur í umsögn stjórnar sambands sveitarstjórnanna, sem leggst eindregið þar á móti, og ég vil leyfa mér að halda því fram, að tillöguflutningurinn sé annaðhvort byggður á misskilningi eða þá vísvitandi tilraun til að telja fólki trú um, að hægt sé að undanþiggja tiltekna tekjuliði gjaldenda, án þess að í stað þess komi hækkaðar álögur á aðra tekjuliði þeirra. Sveitarfélögin verða að fá sitt, það þekkja allir, sem að sveitarstjórnarmálum vinna, og hvort það er réttlætanlegra að undanþiggja fjölskyldubæturnar og hækka álögur á öðrum tekjuliðum þar á móti, er ákaflega mikið álitamál og er áreiðanlega ekki á færi þeirra, sem þessa till. flytja, að færa fullgild rök fyrir því. Það er eðlilegt, að sveitarstjórnarmenn vilji hafa um þetta nokkuð óbundnar hendur innan tiltekins ramma. Sveitarstjórnarmenn þekkja öðrum fremur, hvað þarf að gera og hvað gjaldendur ætlast til að framkvæmt sé í viðkomandi sveitarfélögum, og sveitarstjórnarmennirnir bera á þessu höfuðábyrgð. Og við skulum ekki gleyma hinni pólitísku hlið málsins líka, þeir eru þar fyllilega ábyrgir.

Það var fyrr í þessum umr. vitnað til eins sveitarfélags, sem hefði framkvæmt það, sem till. fer hér fram á, það er Kópavogskaupstaður á s. l. ári. Jú, það er rétt. En ég vil aðeins koma þeirri skýringu fram, að það var valið á milli, hvort heldur hægt væri að undanþiggja fjölskyldubæturnar útsvarsálagningu eða gefa 5% afslátt, eins og gert var í nágrannasveitarfélögum Kópavogs. Það var um þetta að velja, og meiri hl. bæjarstjórnar Kópavogs tók þann kostinn að nota sér það valfrelsi, sem er í tekjustofnalögunum, og í þetta skiptið undanþiggja fjölskyldubæturnar í stað þess að gefa 5% afslátt til einstaklinga. Ég dreg mjög í efa, að við álagningu útsvara í Kópavogi á s. l. ári hefði verið farið inn á þá braut að undanþiggja fjölskyldubæturnar, ef það hefði þýtt, að samsvarandi upphæð þyrfti að bæta á gjaldendur að öðru leyti, þ. e. a. s. bæta ofan á útsvarsstigann. Eins og fram hefur komið hér hjá fjmrh., væri það óheimilt núna, þannig að sú skerðing, sem yrði gerð á tekjumöguleikum sveitarfélaganna með samþykkt þessarar till., mundi þýða það, að líklega yrðu sveitarfélögin að taka sínar fjárhagsáætlanir til endurskoðunar og lækka þær sem því næmi, því að þá væri ekki um það að ræða, að þau mættu hækka útsvarsstigann frá því, sem var. En ég endurtek: Ég tel ólíklegt, að í því sveitarfélagi, sem hér hefur verið vitnað í, hefði verið farið inn á þá braut að undanþiggja fjölskyldubæturnar útsvarsálagningu, ef það hefði þá þýtt, að það þyrfti að jafna niður þeirri upphæð, sem sparaðist hjá þeim gjaldendum, ofan á útsvarsstigann.

Nei, þetta er miklu flóknara mál en svo, að

það sé hægt að leysa það með tillöguflutningi sem þessum, og umfram allt ber að forðast að blekkja gjaldendur með því, að unnt sé að létta álögum á einhvern tiltekinn tekjulið, án þess að það bætist ofan á aðra. Það er augljóst mál.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta kappræður um þetta mál, en ég harma mjög, að hv. 5. þm. Vesturl., sem flutti hina ágætu till., skuli ekki vera viðstaddur þessar umr., og skil eiginlega ekki, hvernig stendur á, að svo kappsfullur maður sem hann skuli ekki vera viðstaddur það mál, sem hann ber fram.

En út af því, sem fram hefur komið í ræðum tveggja hv. síðustu ræðumanna, verð ég nú að segja, að einhvern tíma hafa hv. þm. orðið að fást við mál, sem verra hefur nú verið að fást við og erfiðara viðfangs en þetta. Í nokkur ár er heimildin um þetta atriði búin að vera í lögum. Nokkur hluti a. m. k. af sveitarfélögum landsins hefur notað þessa heimild, og okkur er öllum ljóst, að það hefur verið að mati þeirra sveitarstjórnarmannanna, sem hana hafa notað, eins og það er mat okkar, hvort ætti heldur að fara þessa leið eða aðra til þess að ná þeim tekjum, sem sveitarfélögin þurfa. Þess vegna var sett heimildarákvæði í lögin, vegna þess að hv. þm. fannst það liggja nær, að fella elli- og örorkulífeyri en annað undan útsvars- og skattaálagningu, annars hefði það ekki verið sett inn sem heimild. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að hv. þm. hafa áður ákveðið, að það liggi nær að fella þetta undan skatta- og útsvarsálagningu en annað, sem á er lagt, þess vegna er þetta sett inn sem heimild í lögin.

Við skulum líka muna það, að þegar verið var að setja þessi lög, þótti miklu skipta, að sem flestir færu sömu leið að þessu marki og hefðu ekki mjög marga útsvarsstiga eftir að fara. Nú hefur það hins vegar sýnt sig, eins og ljóst var, að það eru margir útsvarsstigar í landinu. Á s. l. ári munu þeir hafa verið um 37 í framkvæmdinni, en ekki 3, og þetta er auðvitað til að fækka þeim, og það verður gert út um þetta mál, eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh., og málið er ekki svo flókið, að þess vegna getum við ekki afgreitt það. Hitt er alveg rétt, að sveitarfélögin í landinu vilja fá meiri endurskoðun á þessum lögum. Þess vegna vilja þau ekki sleppa því atriðinu út úr l., sem augljósast er, að leiðrétta þarf.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal sannarlega liðsinna hæstv. forseta, það er mér kært, ég skal vera stuttorður.

Hv. þm. Axel Jónsson talaði hér áðan og mælti mjög á móti því, að fjölskyldubæturnar yrðu nú undanþegnar útsvari, það gæti bara orðið til þess, að það yrði að hækka á einhverjum öðrum, og hann segir frá því, sem mér þótti vænt um, að bæjarstjórn Kópavogs hefur undanþegið fjölskyldubætur, m. ö. o., það er bæjarstjórn Kópavogs, sem er sammála mér um, að það eigi að undanþiggja fjölskyldubætur. Þetta hafði ég gaman af að heyra. Hann mun eiga sæti í bæjarstjórn Kópavogs, náttúrlega hefur hann ekki samþ. þessa ráðstöfun, en þetta kalla ég til fyrirmyndar hjá þeim í Kópavogi. (Gripið fram í.) Já, það getur átt sér stað, ef fjölskyldubætur eru undanþegnar útsvari, að það hækki á einhverjum öðrum. (Gripið fram í.) Það er alveg voðalegt, að barnamaðurinn skuli kannske fá eitthvað ofurlítið lækkað útsvarið sitt, en hækki á einhverjum öðrum. Það er von, að þeir leggi áherzlu á að koma í veg fyrir þetta, þeir sem hér hafa talað. — Nei, ég teldi það til sóma hverjum sem gerði þetta. Þó að það kynni að hækka hjá einhverjum öðrum, þá eru þessir menn fyrst og fremst verðugir þess, að það séu lækkuð á þeim útsvörin.

Þá talaði hér hv. 3. þm. Sunnl. og sagði, að það sé 12 þús. kr. frádráttur fyrir hvert barn. Ég hélt, að ég vissi það rétt, að það væru ekki neinar 12 þús. kr. Ég veit ekki betur en frádrátturinn til útsvars á hvert barn sé 5 þús. kr. plús 12½% s. l. ár. Það er til skatts, sem þessi 12 þús. kr. frádráttur er, en ekki til útsvars. Við erum ekkert að ræða hérna um tekjuskatt, heldur um útsvarsálagningu. Ég er nú eiginlega alveg hissa, að fyrrverandi bæjarstjóri skuli fara með svona vitleysu.

Umr. frestað.

Á 52. og 53. fundi í Nd., 10. og 13. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 14. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Við 2. umr. um þetta frv. var bætt inn í málið nýju atriði í sambandi við það, hvort bætur almannatrygginga skuli vera skattfrjálsar við útsvarsálagningu eða ekki. Till. um þetta var flutt af hv. 5. þm. Reykv. Tók ég til máls og lýsti þeirri skoðun, að þarna væri hreyft mjög athyglisverðu máli, en þóttist hins vegar sjá alvarlega galla á till., eins og hún lá fyrir, af því að mér fannst, að hún mundi beinlínis verða til fjárhagslegs styrks fyrir þá, sem mega kallast sæmilega eða vel efnaðir, en mundi til engrar hjálpar verða þeim, sem hafa minnst efnin.

Í sambandi við þetta varpaði ég fram till., sem byggð var á hugmynd, sem hafði verið nokkuð rædd með Alþfl.-mönnum í leit að úrræði til að komast fram hjá þessum galla á till. hv. 5. þm. Reykv. Hins vegar verð ég að játa, að við nánari íhugun á till. þeirri, sem ég flutti, sem var tilraun til að varpa fram nýrri hugmynd til lausnar á málinu, á þeirri till. eru líka augsýnilegir gallar, m. a. í sambandi við það, sem fellur niður, ef önnur hvor þessara brtt. væri samþ., m. ö. o. heimild sveitarfélaganna til að veita enn meiri hlunnindi en hér er um að ræða. Mundi þá minnka

réttur hjá sumum aðilum, en það var ekki hugmynd mín.

Hins vegar hefur það gerzt við umr. um þessi mál, að hæstv. fjmrh. hefur samkv. samkomulagi við Alþfl.-ráðh. gefið ákveðna yfirlýsingu um það, að hann muni láta rannsaka þetta mál vandlega og komast að niðurstöðu í því, sem verður vonandi sú bezta, sem við getum fundið, með því að bæði till. hv. 5. þm. Reykv. og mín till. hafa augljósa galla. Finnst mér, að þetta væri, úr því sem komið er, eðlilegasta leiðin til að vinna heiðarlega að góðri lausn á þessu máli. Ég mun því taka mína till. aftur og treysta því, að sú athugun, sem hæstv. ráðh. hefur lofað, verði til þess, að fundin verði af sérfróðum mönnum góð lausn á þessu máli, sem ekki felur í sér galla eða misrétti.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það liggur hér fyrir brtt. við þetta frv. á þskj. 256 frá hv. 5. þm. Reykv. um, að bætur almannatrygginga skuli undanþegnar útsvarsálagningu. Nú hefur það gerzt, að hæstv. fjmrh. hefur andmælt þessari till. og talið óráðlegt að samþykkja hana. Mér sýnast því allar horfur á, að hún muni ekki ná fram að ganga, því að það er nú venjan hér á hinu háa Alþ., að þegar einhver af forsöngvurunum, þ. e. a. s. einhver af hæstv. ráðh., hefur upp sína raust og byrjar lagið, þá tekur allt liðið undir. Og ég geri ráð fyrir, að eins mundi verða hér.

Nú kom hv. 5. þm. Vesturl. með brtt. við þessa till. hv. 5. þm. Reykv., og mátti líta á hana sem tilraun til málamiðlunar. En hann hefur nú tekið hana aftur, enda var það mála sannast, að hún var þannig gölluð, að það var ekki hægt að samþykkja hana, vegna þess að hefði hún verið samþ., hefði það verið þannig, að hjá þeim, sem bæturnar frá almannatryggingum námu 50% af heildartekjunum, áttu þær allar að falla undan útsvarsálagningu, en hefðu þær hins vegar ekki verið nema 49% af heildartekjunum, átti ekkert af þeim að falla undan útsvarsálagningu. Þarna kom stór stallur, og það gerði það að verkum, að það var ekki hægt að fallast á hans till. En um hana þarf nú ekki að ræða meira, því að hún hefur verið tekin aftur.

Hins vegar hefur mér komið í hug að leggja fram aðra till., sem eins og till. hv. 5. þm. Vesturl. ætti að geta orðið hér til málamiðlunar, og hún er þannig gerð, að þar myndast ekki þessi stóri stallur eða þrep eins og í hans till. Og ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa þessa till. mína, en hún er skrifleg, og ég þarf að biðja hann að leita eftir afbrigðum. Hún er um það, að á eftir 1. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi:

„Við 33. gr. l. nr. 51 1964 bætist ný mgr., svo hljóðandi." — Menn athugi það, að ég geri ekki hér brtt. við brtt. hv. 5. þm. Reykv., heldur vil setja þarna inn nýja mgr., og þar af leiðandi verður ekkert haggað við þeirri heimild, sem nú er í l. til þess að undanþiggja bætur almannatrygginga útsvarsálagningu. En sú mgr., sem ég legg til að hér verði bætt við gr., hljóðar svo: „Nú eru bætur frá almannatryggingum yfir 40% af hreinum tekjum gjaldþegns, og skal þá við ákvörðun útsvarsskyldra tekna draga frá bótunum 10% fyrir hvern heilan hundraðshluta, sem bæturnar eru umfram 40% af hreinum tekjum, þannig að þegar bæturnar hafa náð 50% af tekjum, skulu þær allar undanþegnar útsvarsálagningu."

Þarna er sem sagt lagt til, að frádráttur bóta frá útsvarsskyldum tekjum hefjist, þegar þær hafa náð 40% af heildartekjunum eða þar yfir, og þessi frádráttur fari stighækkandi og eftir að komið er upp í 50%, þ. e. a. s. bæturnar eru orðnar 50% af heildartekjunum, falli alveg niður að leggja á þær útsvör. Þarna er komizt hjá því að hafa þetta þrep, sem hefði myndazt, ef till. hv. 5. þm. Vesturl. hefði verið samþ.

Ég vænti þess, að hv. þdm. sé ljóst, hvað hér er á ferð, án þess að ég skýri það frekar, og vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt. mína.

Ég tel, að þetta sé tilraun til málamiðlunar í málinu, og vænti, að hv. þm. geti á hana fallizt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 351) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Það hefur komið hér greinilega fram í umr. um þetta mál, bæði hjá mér í framsögu með nál., hæstv. fjmrh. og fleiri ræðumönnum, að það er orðið mjög almennt hjá sveitarfélögunum, a. m. k. á meðal hinna stærri sveitarfélaga, að viss hluti af almannatryggingagreiðslum, þ. e. elli- og örorkulaun, sjúkrabætur o. fl., hefur á undanförnum árum verið dreginn frá tekjum, áður en útsvar hefur verið lagt á. Þetta hefur verið nokkuð föst og almenn regla hjá öllum hinum stærri sveitarfélögum, þannig að það liggur ljóst fyrir, að þannig er þetta orðið í framkvæmd, að heimild, sem um þetta er í lögum, hefur almennt verið notuð hjá sveitarfélögunum, a. m. k. í kaupstöðunum.

Þegar hv. 5. þm. Reykv. bar fram till. sína, lýsti ég því yfir sem formaður heilbr.- og félmn., að till. mundi verða tekin til athugunar hjá n. og þá leitað um hana umsagnar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Fyrir þetta þakkaði flm. till. mér og lýsti ánægju sinni yfir því, og ég satt að segja stóð í þeirri meiningu, að hann mundi eitthvert tillit taka til þeirrar niðurstöðu, sem kæmi úr þeirri athugun, sem ég hafði boðað að mundi verða látin fram fara. Till. var send til umsagnar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga og einnig til félmrn. eða ráðuneytisstjórans þar. Báðir þessir aðilar leggjast gegn því eða mæla ekki með því, að till. verði samþ. Ég ætla ekki að fara að ræða það neitt nánar. Ég las hér upp umsögn þeirra beggja, sem báðar voru nei-

kvæðar. Ég benti á það sérstaklega, sem ráðuneytisstjóri félmrn. sagði, að þetta mundi verka þannig, að það kæmi fyrst og fremst þeim til hagræðis, sem hærri tekjurnar hefðu, en skipti engu eða minna máli hjá þeim, sem með lægri tekjur væru. Þetta er líka reynsla sveitarstjórnarmanna, að mjög mikill hluti af þeim bótum, sem ég gat hér um, er hjá aðilum, sem bera hvorki útsvar né tekjuskatt, þannig að þetta skiptir ekki sveitarfélögin að því leyti neinu máli, sem heitir.

Ég verð að viðurkenna, að mér er ekki almennilega ljóst enn þá um þá till., sem hér hefur verið flutt af hv. 1. þm. Norðurl. v., hvort þar er ekki alveg sama þrepið, sem hann var að tala um að væri í till. hv. 5. þm. Vesturl. Hvað skeður, ef bæturnar ná ekki nema 39%? Kemur þá ekki alveg sama þrepið. Þá sýnist mér fljótt á litið, að þær komi ekki til greina að verða undanþegnar, en ef þær ná 40%, koma þær til með að verða að vissu marki undanþegnar og að öllu leyti, ef þær ná 50%.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér síðast, þegar málið var rætt hér í þessari hv. d., að þetta er miklu flóknara mál en svo, að það sé gerlegt fyrir einstaka þm. að ætlast til þess að breyta þessum l., nema að undangenginni mjög nákvæmri athugun hjá þeim aðilum, sem þessi mál þekkja bezt, en það er Samband ísl. sveitarfélaga og félmrn. Og þegar það liggur alveg ljóst fyrir, að báðir þessir aðilar óska eftir því, að till., sem hér var borin fram, verði ekki samþ., og Samband ísl. sveitarfélaga óskar mjög eindregið eftir því, að sá réttur, sem sveitarstjórnir hafa til þess að framkvæma tekjustofnalögin, eins og þau eru nú, verði ekki skertur, þá a. m. k. get ég ekki mælt með því, að þær till., sem hér liggja fyrir um þetta atriði, verði samþ., og ég mun greiða atkv. gegn þeim. Ég vil ítreka og undirstrika, að þetta er orðið í framkvæmd hjá sveitarfélögunum. Það, sem hér er verið að fara fram á, er að miklu leyti þegar komið í framkvæmd og hefur verið það í nokkur ár.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 27. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 20, 256, 292, 351).

ATKVGR.

Brtt. 292 tekin aftur.

— 256 felld með 19:15 atkv.

— 351 felld með 20:14 atkv.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 384).

18. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Á 46. fundi í Ed., 2. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins [147. mál] (stjfrv., A. 290).

Á 47. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins heimilar, ef samþ. verður, ríkisstj. að gera ýmsar nauðsynlegar ráðstafanir og þá einkum með verðuppbótum til hinna ýmsu greina í veiði og vinnslu sjávarafla, þ. e. bátaútvegsins annars vegar og hraðfrystiiðnaðarins í landinu hins vegar. Mun ég hér eftir föngum gera grein fyrir fyrirhuguðum ráðstöfunum og víkja nánar að hverjum þætti þeirra fyrir sig, sem ég tel einkum fólgna í fimm eftirfarandi atriðum:

1. Afkoma bátaflotans og uppbætur á fiskveiðar til sjómanna og útgerðarmanna.
2. Afkoma frystiiðnaðarins og hugsanleg trygging gegn verðfalli.
3. Aðgerðir til endurskipulagningar, endurbóta og uppbyggingar á frystiiðnaðinum í landinu.
4. Saltfisks- og skreiðarverkun.
5. Nauðsynlegar athuganir til að standa undir þeim fjárhagslega nauðsynlegu ráðstöfunum, sem frv. þetta heimilar.

Til að lengja ekki að óþörfu framsögu fyrir frv. mun ég fyrst og fremst reyna að ræða þau atriði í undirstöðu og aðdraganda frv., sem ekki er gerð sérstök grein fyrir í grg. þess og sérstökum aths. ásamt fskj. Bæði hefur grg. frv. nú verið gerð opinber í dagblöðum og því almenningi ljós og hv. alþm. hafa haft allgóða aðstöðu til að kynna sér efni frv. og grg. þess ásamt fskj.

Síðan á miðju þessu ári hefur það verið ljóst, að ný og alvarleg viðhorf væru að skapast í sjávarútveginum og þar með í öllu efnahagslífi landsins, þótt í einstökum atriðum hafi ekki fengizt í þeim endanleg niðurstaða, fyrr en verulega leið á árið. Á undanförnum árum hafði verðlag á útflutningsafurðum landsins farið síhækkandi, og varð þessi hækkun sérstaklega mikil á árinu 1965. Áhrifa af nýrri tækni á vaxandi fiskstofna gætti mjög í stórauknum síldveiðum fyrst og fremst. Jafnframt höfðu orðið verulegar tæknilegar framkvæmdir í fiskvinnslu, ekki síst í hraðfrystiiðnaðinum. Þessi hagstæða þróun lagði raunhæfan grundvöll að miklum og almennum launahækkunum og meiri aukningu almennrar velmegunar en á flestum öðrum þróunarskeiðum íslenzks efnahagslífs. Á sama tíma skapaði hún hins vegar einnig erfiðleika hjá þeim greinum atvinnulífsins, þar sem ekki var um

mikilsverðar tæknilegar breytingar að ræða, eins og í þorskveiðum báta og togara.

Þegar kom fram á árið 1966, varð hins vegar fljótlega ljóst, að verðlag á útflutningsafurðum landsmanna mundi ekki halda áfram að hækka, og síðari hluta ársins tók við mikið verðfall á mjöli og lýsi og frystum fiski. Þessi nýju viðhorf í efnahagsmálum gerðu það nauðsynlegt, að komizt væri hjá frekari hækkun á verðlagi og framleiðslukostnaði innanlands. Beitti ríkisstj. sér fyrir þessu með setningu laga um verðstöðvunina í nóvembermánuði s. l. Var að því stefnt með þessum l., eins og þá var frá greint hér, að verðlag héldist um eins árs skeið a. m. k. óbreytt frá því, sem það hafði verið í ágústmánuði s. l.

Þegar þessi lög voru sett var það hins vegar ljóst, að hversu þýðingarmikil sem setning þeirra væri fyrir sjávarútveginn, mundi frekari ráðstafana vera þörf til þess að tryggja eðlilegan rekstur hans á þessu ári. Nauðsyn bar til þess, að tekjur sjómanna á þorskveiðum hækkuðu til jafns við þá hækkun, sem aðrar starfsgreinar í landi höfðu notið vegna hækkunar kaupgreiðsluvísitölu, frá því að fiskverðið var síðast ákveðið í ársbyrjun 1966. Á hinn bóginn töldu fiskvinnslustöðvarnar sér um megn að taka á sig frekari hækkun á fiskverði og fyrirsjáanlegt, að þær mundu ekki af eigin rammleik geta staðizt afleiðingar verðfallsins.

Miðað við óbreytt aflabrögð og fiskverð jókst rekstrarkostnaður báta lítið eitt á árinu 1966, þótt kaupgjaldshækkanir yrðu nokkrar, en kaupgjald er tiltölulega lítill liður í rekstrarkostnaði báta. Landssamband ísl. útvegsmanna hefur gert samanburð á rekstrarkostnaði á vetrarvertíð miðað við aðstæður í nóvembermánuði 1965 annars vegar og í nóvembermánuði 1966 hins vegar og komizt að þeirri niðurstöðu, að rekstrarkostnaður fyrir utan fyrningar og vexti af höfuðstól hafi hækkað um tæp 4%. Þær upplýsingar, sem fyrir liggja um afkomu báta af stærðinni 50—100 tonn á vetrarvertíð, benda til þess, að afkoma þeirra hafi verið tiltölulega góð á árinu 1965, farið enn batnandi, nokkuð batnandi á árinu 1966 vegna hækkaðs fiskverðs í upphafi ársins, en þá varð sem kunnugt er 17% hækkun fiskverðs. Áætlanir um rekstur línu- og netabáta á vetrarvertíð sýna litlar breytingar á afkomu milli vertíða 1964 og 1965, en hins vegar mjög bætta afkomu á árinu 1966, sem að mestu mun haldast óbreytt fram eftir ári 1967, miðað við óbreytt fiskverð, afla og sömu veiðiaðferðir. Þessar niðurstöður eru byggðar á reikningum báta, sem reikningaskrifstofa sjávarútvegsins hefur unnið úr, svo og upplýsingum, sem Landssamband ísl. útvegsmanna og Fiskifélag Íslands hafa unnið. Á hinn bóginn miðast þessar athuganir við vetrarvertíðarúthaldið, en ekki úthald bátanna yfir allt árið. Rökstuddar líkur benda til, að afkoma bátanna sé mun lakari miðað við allt árið en á vetrarvertíð einni saman. Verksvið þessara báta á undanförnum árum hefur þrengzt vegna breyttrar aðferðar við síldveiðar norðanlands og austan. Síldarleysið suðvestanlands hefur einnig komið hart niður á þessari stærð báta. Tekjuþróun síldarsjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna í landinu hefur verið miklu hagstæðari en sjómanna við þorskveiðar, sem aftur hefur skapað erfiðleika við að manna bátana og einkum þá minni. Þannig fækkaði bátum, sem stunduðu þorskveiðar með öðrum veiðarfærum en nót, úr 371 í 337 eða um 9% á milli vertíðanna 1965 og 1966. Fjöldi báta, sem stunduðu veiðar með nót ásamt eða án annarra veiðarfæra, lækkaði úr 148 í 121 eða um 18%. Aftur á móti fjölgaði úthaldsdögum, sjóferðum, og aflinn á bát á úthaldsdag jókst á vetrarvertíð 1966 frá vetrarvertíð 1965. Minni afli á vertíðinni 1966 en á vertíðinni 1965 stafar því eingöngu af minni þátttöku þessara báta í veiðunum.

Til að styrkja rekstrargrundvöll útgerðarinnar og til þess að jafna þann mismun, sem orðið hafði á kjörum sjómanna á þorskveiðum og annarra starfshópa, tilkynnti ríkisstj. yfirnefnd verðlagsráðsins, áður en til ákvörðunar fiskverðs kom um áramótin, að hún væri reiðubúin til að beita sér fyrir því, að á árinu 1967 yrði greidd 8% viðbót á verð landaðs afla, annars en síldar og loðnu. Með tilliti til þessarar yfirlýsingar ákvað yfirnefndin, að fiskverð skyldi standa óbreytt frá því, sem verið hafði árið 1966. Með 5. gr. frv. þess, sem hér er lagt fram, er þessari yfirlýsingu ríkisstj. fylgt eftir. Sú viðbót, er þannig skal greiða á fiskverð, skiptist á þann hátt, að 5% greiðist mánuðina marz og apríl, en 11% aðra mánuði ársins. Auk þessarar uppbótar á fiskverð hefur verið ákveðið, að eins og á tveimur undanförnum árum verði varið 20 millj. kr. til verðbóta á línu- og handfærafisk. Það er gert ráð fyrir þessum verðbótum í 3. gr. frv. Eins og Alþ. er kunnugt, hafa einnig ýmsar aðrar ráðstafanir verið gerðar í samræmi við till. vélbátaútgerðarnefndar til að bæta hag þessarar útgerðar, t. d. með lengingu lána, frestun afborgana á lánum o. fl. Í samræmi við þessa till. n. var gert ráð fyrir að greiða viðbótaruppbætur á línufisk á s. l. hausti, og veitir 4. gr. frv. heimild til þeirra greiðslna. Þar sem till. n. og ráðstafanir samkv. þeim hafa ýtarlega verið ræddar nú nýlega á Alþ., er óþarft að endurtaka það hér. Þó er rétt að benda sérstaklega á það, að megintill. í nál., sem afhent var í júlímánuði s. l., var um hækkun fiskverðsins.

Þær ráðstafanir til styrktar fiskveiðum, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, hafa mikla óbeina þýðingu fyrir fiskvinnsluna. Eigi að síður var það ljóst í byrjun ársins, að verðfallið erlendis var svo mikið, að vinnslustöðvunum hlaut að vera um megn að bera byrðar þess án sérstaks stuðnings. Athuganir, sem Efnahagsstofnunin hefur gert á afkomu frystihúsanna, benda til þess, að hún hafi farið batnandi á árunum 1960—1965 og verið góð á árunum 1964—1965. Jafnframt bentu athuganir til, að afkoman hafi versnað verulega á árinu

1966. Kemur hér til hækkun fiskverðs í byrjun ársins og þess hluta, sem hraðfrystihúsin þá tóku á sig af þeirri hækkun, minnkun hráefnis og hækkandi rekstrarkostnaður á árinu. Hér hefði þó ekki verið um það vandamál að ræða, sem iðnaðinum sjálfum hefði ekki verið viðráðanlegt, ef hið mikla erlenda verðfall hefði ekki komið til sögunnar. Verðlag á frystum fiski erlendis hefur hækkað jafnt og þétt á undanförnum árum. Á árunum 1961—1964 nam þessi hækkun um 6% á ári til jafnaðar. Á árinu 1965 varð síðan mjög mikil hækkun á verði fiskblokka í Bandaríkjunum. Verðhækkun hélt áfram fyrri hluta ársins 1966, þar sem verðhækkun sú, sem orðið hafði í Bandaríkjunum á árinu 1965, orsakaði hækkun freðfiskverðsins til Sovétríkjanna. Á miðju s. l. ári fór markaðsverð í Bandaríkjunum hins vegar að lækka, og á s. l. hausti varð mikið verðfall á fiskblokkum. Verðfalls þessa tók ekki að gæta fyrr en seint á árinu 1966. Þó má gera ráð fyrir, að meðalverð ársins 1966 reynist allmiklu hærra en meðalverð ársins 1965. Hefur sú hækkun verið áætluð tæplega 7% eða milli 6½% og 7%. Verðlækkunin í Bandaríkjunum orsakaði, að í samningum um sölu til Sovétríkjanna, er gerðir voru á síðustu dögum desembermánaðar s. l., náðist ekki jafnhátt verð og áður. Nam verðlækkunin í þeim samningum um 7% frá því verði, sem í gildi hafði verið í fyrri samningum. Samkv. upplýsingum um verðlag um áramótin 1966 og 1967 og áætlunum um magn seldra afurða, sem útflytjendur hafa lagt fram, má gera ráð fyrir, að verð um áramótin s. l. hafi verið um 11% lægra en meðalverð ársins 1966.

Um s. l. áramót var verðfalls á freðfiski í neytendaumbúðum lítið farið að gæta á Bandaríkjamarkaði. Þó gerðu freðfisksframleiðendur ráð fyrir því, að verðfallið mundi breiðast út til þessara afurða, jafnvel svo, að þær lækkuðu um 25—30% frá því, sem var á árinu 1966. Hins vegar gerðu framleiðendur ekki ráð fyrir því, að frekara verðfall yrði á blokkum frá því, sem var um áramótin. Reynslan hefur hins vegar orðið sú, að það verðfall hefur haldið áfram fram að þessu, því miður. Verðið á fiski í neytendaumbúðum hefur einnig haldið áfram að lækka, enda þótt sú lækkun sé enn sem komið er a. m. k. minni en framleiðendur gerðu ráð fyrir. Nær verðlækkunin þó einnig til ýsu, en ýsa hafði þá um langt bil verið stöðugasta tegundin, sem á þeim markaði var. Ef sú verðþróun, sem framleiðendur gera ráð fyrir í söluáætlun sinni, reynist raunhæf, mundi meðalverðlækkunin á freðfiski frá árinu 1966 til 1967 reynast um 20%.

Um allmargra ára skeið hefur neyzla í Bandaríkjunum á fiskstautum svonefndum og fiskréttum aukizt mjög ört. Hefur því eftirspurn eftir fiskblokkum til framleiðslu þessarar vöru aukizt jafnt og þétt. Á hinn bóginn fóru þorskveiðar í Norður-Atlantshafi talsvert minnkandi á árunum 1960—1964, og var ekki búizt við, að á því yrði veruleg breyting. Þegar kom fram á árið 1965 fór að gæta skorts á fiskblokkum í Bandaríkjunum. Leiddi það til verðhækkunar og spákaupmennsku vegna ótta við enn frekari hækkanir. Um áramótin 1965—1966, þegar verðið var í hámarki, voru íslenzkir útflytjendur vongóðir um, að hið háa verðlag mundi haldast, þar sem þeir bjuggust ekki við auknu framboði á fiskblokkum á Bandaríkjamarkaði. En hér fór einnig öðruvísi en ætlað var. Hið háa verðlag í Bandaríkjunum virðist hafa leitt til aukins framboðs frá ýmsum löndum á þeim markaði. Komu nú mörg ný lönd til sögunnar. Fjölgaði þeim löndum, er flytja frystar fiskafurðir á Bandaríkjamarkað, úr 6 í 17 á einu ári. Birgðir af frystum fiskafurðum í Bandaríkjunum jukust þegar mikið síðari hluta ársins 1965. Á fyrri hluta árs 1966 voru þær orðnar miklu meiri en eðlilegt getur talizt. Á hinn bóginn virðist svo, að aukin neyzla fiskstauta og fiskrétta hafi nú stöðvazt, a. m. k. í bili. Allt þetta gerir það að verkum, að telja verður horfur á Bandaríkjamarkaði mjög óvissar á yfirstandandi ári.

Í þessu sambandi er vert að hafa það í huga, að það er verðlagsþróunin á Bandaríkjamarkaði, sem ræður úrslitum um útflutningsverð íslenzkra frystiafurða. Freðfiskur er nú ekki seldur í teljandi magni til annarra landa en Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. En verðið í Sovétríkjunum hefur reynzt á undanförnum árum fylgja verðinu á Bandaríkjamarkaði í stórum dráttum, þótt sveiflur séu á þeim markaði mun minni en á Bandaríkjamarkaði. Sölusamtökin hafa að mestu hætt sölum á brezkum markaði vegna mikilla tollaívilnana, sem nú eru innan landa Fríverzlunarbandalagsins, og hinir háu tollar Efnahagsbandalags Evrópu komu að mestu í veg fyrir freðfisksölu til aðildarríkja þess.

Undireins og fiskverð hafði verið ákveðið, tók ríkisstj. upp viðræður við fulltrúa frystihúsaeigenda um aðgerðir til stuðnings frystihúsunum vegna verðfallsins. Tilnefndir voru fulltrúar frá báðum aðilum, er kanna skyldu allar aðstæður í þessu efni. Voru það þeir Bjarni V. Magnússon framkvstj. fyrir hraðfrystihús á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson framkvstj. fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og Jónas H. Haralz forstjóri fyrir hönd ríkisstj. Taldi ríkisstj. frá upphafi, að leita ætti úrlausnar á vandamálum frystihúsanna annars vegar í bættri uppbyggingu iðnaðarins og fjárhagslegri endurskipulagningu hans, en hins vegar í því að létta byrðinni af verðfallinu. Um þessi tvö atriði hafa viðræður fulltrúa ríkisstj. og frystihúsanna snúizt að undanförnu, og hefur í þeim viðræðum náðst samkomulag um þær aðgerðir, sem þetta frv. felur í sér. Þetta samkomulag hefur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og hraðfrystihúsin á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga staðfest, þótt þau telji í þeim efnum, að ríkisstj. gangi allt of skammt til móts við óskir þeirra um fjárhagslegan stuðn-

ing við þennan iðnað. En samkomulagið er fólgið í eftirfarandi:

1. Ríkisstj. gefur kost á 55—75% verðtryggingu á árinu 1967 miðað við endanlegt verðlag ársins 1966 á þeim frystum afurðum, sem undanfarandi hagræðingarfjárgreiðslur hafa náð til. Verðtryggingin miðast við meginflokka fisktegunda og greiðist frystihúsunum jafnóðum og sölusamtökin greiða fiskandvirðið.

2. Afurðalán verði óbreytt í krónutölu frá því, sem var á árinu 1966.

3. 75% hagræðingarfjár verði greidd við veðsetningu afurða, sem er nýmæli. Hagræðingarfé verði óbreytt frá árinu 1966.

Í samræmi við samkomulag þetta er svo ákvæði 6., 7. og 8. gr. frv. Er gert ráð fyrir því í frv., að stofnaður verði sérstakur sjóður í því skyni að bæta frystihúsunum verðfallið að hluta. Sjóður þessi fengi 130 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1966 til ráðstöfunar, og gæti hann orðið vísir að almennum verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, eins og nánar verður vikið að hér á eftir. Er gert ráð fyrir, að bætur vegna verðfalls nái til frystra fiskafurða annarra en síldarafurða. Aftur á móti ná bæturnar ekki til annarra frystra afurða en fiskafurða, þ. á m. ekki til frysts humars og rækju. Almenna reglan er sú, að sjóðurinn greiði 55% af verðfalli því, er verða kann á árunum 1966 og 1967. Sé verðfallið meira en 5%, hækka verðbæturnar um 2% fyrir hvert 1%, sem verðið lækkar umfram 5%. Þannig greiðist 65% við 10% verðfall, 75% við 15% verðfall. Ekki er gert ráð fyrir, að frekari hækkun verðbóta eigi sér stað, þannig að 75% greiðist, hversu mikið sem verðið fellur umfram 15%. Verðbæturnar skulu reiknast eftir meginflokkum fisktegunda hverrar fyrir sig.

Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir hagræðingarfé, 50 millj. kr., á sama hátt og greitt var á síðasta ári. Er Seðlabanka Íslands í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands falin úthlutun þessa fjár.

Eins og sjá má af því, sem hér hefur verið rakið, hafa sveiflur á verðlagi erlendis á undanförnum árum valdið fiskiðnaðinum og þjóðarbúinu í heild ýmsum erfiðleikum, svo sem Íslendingar hafa oft áður orðið að horfast í augu við. Miklar og örar verðhækkanir hafa ýtt undir hækkanir á kaupgjaldi og hráefnisverði, svo sem reynslan sannar, en þessir liðir lækka ekki aftur nema að litlu leyti, þótt verðlækkanir eigi sér stað erlendis. Jöfnun þessara verðsveiflna er því mikið hagsmunamál fyrir fiskiðnaðinn. Jafnframt er nú mikil nauðsyn á endurskipulagningu á allri uppbyggingu frystiiðnaðarins.

Með þessu frv. er ekki lagt til, að endanleg ákvörðun verði tekin um stofnun jöfnunarsjóðs. Hins vegar er gert ráð fyrir, að sá sjóður, sem settur verði á laggirnar vegna verðfalls á frystum afurðum, geti orðið vísir að slíkum sjóði og undirstaða hans, ef ákveðið yrði að stofna hann að undangenginni nákvæmari athugun, og persónulega sýnist mér, að öll þróun bendi til, að brýn nauðsyn sé á stofnun slíks sjóðs. Það ætti þessi síðasta reynsla okkar að sanna okkur.

Meginmarkmið slíks verðjöfnunarsjóðs yrði að jafna þær sveiflur, sem verða á verðlagi afurðaflokka milli framleiðsluára. Við mat á verðbreytingum yrði að miða við meðaltalsverð sömu afurða á árunum næst á undan. Sé verð á ákveðnum tíma hærra en þetta meðallag, skal greitt í sjóðinn, en úr honum, sé það lægra. Slík verðjöfnun yrði aðeins hluti verðsveiflnanna, e. t. v. ekki nema helmingur þeirra. Fyrir fiskiðnaðinn yrðu verðlagsbreytingar þar með mun minni. Slíkur verðjöfnunarsjóður gæti, ef vel reyndist, einnig náð til annarra framleiðslugreina sjávarútvegsins. Er það og hagsmunamál allra greina sjávarútvegsins, að dregið sé svo sem kostur er úr hinum miklu verðsveiflum. Er augljóst, að skipulag og starfsreglur slíks verðjöfnunarsjóðs verða ekki ákveðnar nema eftir rækilega athugun og rannsókn, svo sem lagt er til í fskj. með frv. og birt er með því. Yrði þar að kanna eðli þess vandamáls, sem hér er við að etja, og þá reynslu, er fengizt hefur af sams konar starfsemi annars staðar í heiminum. Þar sem svo greinilega er gerð grein fyrir þessum hugmyndum í fskj. með frv., sem ber fyrirsögnina: „Aðgerðir til endurskipulagningar hraðfrystiiðnaðarins", tel ég ekki þörf á því að lengja mína framsöguræðu með tilvitnunum í það, sem öllum hv. alþm. hefur gefizt kostur á að kynna sér. Skal hér áréttað, að æskilegt væri þó, að þessari athugun yrði lokið fyrir haustið, þannig að fyrir næsta Alþ. mætti leggja frv. til l. um verðjöfnunarsjóð, ef sú athugun þætti leiða nauðsyn þess í ljós, og eins og ég áðan sagði, er persónuleg skoðun mín, að svo sé. Athuganir Efnahagsstofnunarinnar benda til, að afkoma saltfisks- og skreiðarverkunar á árunum 1964 og 1965 hafi verið tiltölulega góð, þar sem verðlag á þessum afurðum hefur enn hækkað á árinu 1966 og ekki er vitað um verðlækkanir nú nema á smáfiski. Má gera ráð fyrir, að afkoman breytist lítið á árunum 1966 og 1967 miðað við árið 1965. A. m. k. er ekki nú vitað um neitt, er bendi til alvarlegra verðlækkana á þessum tegundum útflutningsins.

Í l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, er samþ. voru á síðasta Alþ. og reyndar árið þar áður einnig, 1965 og 1966, var heimilað að greiða 10 millj. kr. til verðuppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu. Vegna hins hagstæða verðlags á skreið á þessu ári, þykir ekki ástæða til þess nú að ráðstafa fyrir fram þessari fjárhæð til uppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að sérstök vandamál muni skapast vegna útflutnings annarra afurða, og er þá mikilvægt, að fé sé fyrir hendi til lausnar slíkum vanda. Það er fyrir því séð í 9. gr. þessa frv. Gert er ráð fyrir þessari fjárhæð, þeim 80 millj. kr., sem ætlaðar eru til aðstoðar við sjávarútveginn, samkv. 16. gr. B. 15, og áætlað er, að þessi fjárhæð sé notuð til ótiltekinna verðbóta á útfluttar

sjávarafurðir af öðrum fiski en síld og loðnu eftir reglum, sem sjútvmrh. setur. Sennilega munu þær ráðstafanir, sem hér um ræðir og hefur verið gerð grein fyrir, hafa í för með sér um 310—320 millj. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð. Það eru 100 millj. kr. vegna 8% viðbótar við fiskverðið, 140 millj. kr. vegna framlags til verðjöfnunar frystra fiskafurða og 80 millj. kr. vegna annarra ráðstafana. Í 16. gr. B. 15 í fjárl. fyrir árið 1967 er gert ráð fyrir 80 millj. kr. til aðstoðar við sjávarútveginn. Vegna þess að væntanlega verður stofnaður varanlegur sjóður, þ. e. verðjöfnunarsjóður, telur ríkisstj. nú rétt, að framlagið til verðjöfnunar verði greitt af tekjuafgangi ársins 1966.

Á fjárl. ársins 1967 er ekki gert ráð fyrir fjárframlagi til þeirra 8% verðuppbóta á fiskverð, sem frv. heimilar, ef samþ. verður, enda þá ekki séð fyrir um þá nauðsynlegu hækkun fiskverðs, sem raun varð á, eftir að fjárl. höfðu verið samþ., og ekki heldur um niðurstöður á verðlagi útflutnings á mikilvægum mörkuðum eins og í Sovétríkjunum, en sá samningur var gerður allra síðustu dagana í des. s. l., eins og áður er getið. Vegna verðstöðvunarstefnu ríkisstj. kemur skattahækkun ekki hér til greina. Verður því að lækka útgjöld, sem þessum greiðslum svarar. Í 2. gr. frv. er leitað eftir heimild Alþ. til að lækka um 10% greiðslu á fjárl. 1967 til verklegra framkvæmda og framlög til verklegra framkvæmda annarra aðila. Þá er óskað eftir heimild til að lækka greiðslu til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1966 um 20 millj. kr. frá því, sem ákveðið er í lögum. Vegna áðurnefndra lækkana á greiðslum og framlögum til verklegra framkvæmda er áætlað, að útgjöld ríkissjóðs lækki um 65 millj. kr. Í fjárl. ársins 1966 var ætlað, að greiðslur til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna á árinu 1967 mundu nema 162.8 millj. kr., en vegna aukins vöruinnflutnings og viðskipta er nú gert ráð fyrir, að þessi upphæð verði því sem næst 186 millj. kr. 20 millj. kr. af þeim 23 millj., sem tekjur jöfnunarsjóðs reynast hærri en áætlað var, munu því ganga til greiðslu uppbótar við fiskverðið. Áætlað er, að framlag til ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1967 reynist 15 millj. kr. lægra en gert var ráð fyrir í 20. gr. fjárl. árið 1967. Samtals lækka því útgjöld ríkissjóðs um 100 millj. kr. vegna þessara aðgerða.

Það er þegar ljóst af ályktunum, að hlutaðeigandi samtök, annars vegar útgerðarmenn og sjómenn og hins vegar samtök hraðfrystiiðnaðarins, sölusamtök hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga, — og með framangreindum ráðstöfunum er verið að rétta hönd að því er ætla verður í tímabundnum erfiðleikum, — þau telja þessar ráðstafanir ganga mun skemmra til aðstoðar en nauðsynlegt var að þeirra dómi talið að gera nú. Af hálfu þessara aðila verður ríkisstj. því vart sökuð um að hafa verið um of laus á fjármuni þess opinbera þessum grundvallaratvinnuvegi til stuðnings. Þeir aðilar í þjóðfélaginu, sem telja, að lengra hefði átt að ganga í þessum efnum, hljóta því óhjákvæmilega að taka á sig þær skyldur að benda á aðrar leiðir til tekjuöflunar, sem meira fé hefðu gefið án nýrrar skattaálagningar á almenning. Ríkisstj. hafði heitið því undir umr. um fjárlög og frv. til verðstöðvunar á s. l. hausti, að forðazt yrði að grípa til almennra skattahækkana, og við það hefur verið staðið þrátt fyrir þá erfiðleika, sem útflutningsatvinnuvegirnir eiga nú við að etja og innlend stjórnvöld verða vart með rökum sökuð um. Ef okkur greinir ekki á um það atriði, að ríkisstj. hafi ekki reynzt of eftirgefanleg, eins og stundum hefur verið sagt, er að vísu eftir hin hlið málsins, þ. e. eftir hvaða leiðum fjárins er aflað samkv. frv. þessu. Þeir, sem kynnu að hafa aðrar skoðanir, munu væntanlega benda á þær leiðir, og koma þær þá að sjálfsögðu til umr. og athugunar.

Frv. þetta er till. ríkisstj. til lausnar aðsteðjandi vanda í grundvallaratvinnuvegi landsmanna nú að vel yfirveguðu máli, eftir að skipzt hefur verið á skoðunum við hlutaðeigandi aðila og mikla vinnu, sem af mörkum hefur verið lögð af færustu fulltrúum beggja aðila til að finna lausn vandans.

Ég vil í lok máls míns nú flytja öllum þeim, sem hafa lagt fram ómetanleg störf í ýtarlegum rannsóknum og viðræðum, þakkir fyrir störf þeirra að þeirri tillögugerð, er í frv. þessu felst.

Herra forseti. Að lokinni þessari 1. umr. málsins óska ég, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þar sem mál þetta er að sjálfsögðu tvíþætt, eins og hæstv. sjútvmrh. hefur þegar gert ráð fyrir, annars vegar sú mikilvæga aðstoð og kostnaðarsama, sem gert er ráð fyrir að veita útgerðinni og frystihúsum, og hins vegar ráðstafanir til þess að afla þess fjár, sem öll þessi aðstoð kostar, þykir mér rétt að segja þegar nokkur orð af minni hálfu varðandi þá hlið málsins, er snertir tekjuöflunina. Það þótti eðlilegt, að það færi saman í þessu sama frv., og hæstv. sjútvmrh. hefur í stórum dráttum gert grein fyrir því, hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til þess að afla þessa fjár, en mér þykir rétt af minni hálfu að láta koma fram nokkrar frekari skýringar á því, vegna hvers þessar leiðir eru valdar og hvaða áhrif þær hafa hver um sig.

Þegar fjárlög ársins 1967 voru hér til meðferðar, var að því vikið af ýmsum, að það mundi vera ófullnægjandi fjárveiting, sem þar væri ætluð til aðstoðar sjávarútveginum, en í fjárl. voru ákveðnar 80 millj. kr. í þessu skyni, og var þá við það miðað, að sams konar aðstoð yrði veitt útveginum eins og var á árinu 1966. Enda þótt athuganir lægju ekki þá fyrir um hag útgerðarinnar, þótti augljóst, að ekki yrði hjá því komizt að veita sambærilega aðstoð og veitt var á því ári. Hins vegar voru þeir útreikningar eða viðræður um fiskverð annars vegar og hins vegar aðstoð, sem

þyrfti að veita annaðhvort útgerðinni eða frystihúsum í sambandi við þá ákvörðun, ekki komin það langt, að það var útilokað að tilgreina nokkra ákveðna upphæð í fjárl. í þessu skyni. Það liggur því fyrir við meðferð þessa máls hér, að aðeins eru til 80 millj. kr. til að mæta þeim ráðstöfunum, sem lagt er hér til að gera til aðstoðar útgerð og frystihúsum. Viðbótarfjárins, samtals 230 millj. kr., verður að afla með nýjum aðgerðum.

Hv. þdm. munu vafalaust gera sér grein fyrir því, að ráðstafanir þessar eru tvíþættar. Annars vegar er aðstoðin við útgerðina, sem er fólgin í hækkun á bótum til hennar, þar eð frystihúsin hafa ekki getað tekið á sig hærra fiskverð. Þessar bætur eru með sambærilegum hætti og sú aðstoð, sem veitt hefur verið útgerðinni nú síðustu árin, og er aðeins breyting að því er varðar upphæð, 180 millj. í stað 80 millj. á s. l. ári. Þetta eru því raunverulega venjuleg rekstrarútgjöld, sem verður að afla fjár til með sambærilegum hætti og til annarra útgjalda ríkissjóðs á ári hverju, og hér er um endanlegar greiðslur að ræða, sem undir öllum kringumstæðum eða flestum kringumstæðum a. m. k. koma til útborgunar að fullu. Ég tel því alveg óumflýjanlegt, að til að standa straum af þessari aðstoð við útgerðina séu gerðar sérstakar ráðstafanir, annaðhvort með öflun nýs fjár í sköttum eða með þeim aðgerðum að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Síðari leiðin var valin af þeirri ástæðu, að nýir skattar mundu tvímælalaust hafa verkað í öfuga átt við verðstöðvunarstefnu ríkistj. og því leitt til jafnvel aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð til þess að halda niðri vöruverði. Það er því gripið til þeirra aðgerða, sem gerð er grein fyrir í frv.: annars vegar að skera niður um 10% framlög til verklegra framkvæmda ríkisins og hins vegar að skera niður um 10% framlög til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem er nokkuð sambærileg ráðstöfun hvað varðar sveitarfélögin. Þriðji liðurinn er svo sparnaðarliður, sem ég mun koma að síðar.

Ég hef séð því haldið fram, sem auðvitað mátti alltaf gera ráð fyrir, í blöðum, að hér sé um að ræða óhæfilegan niðurskurð verklegra framkvæmda, og því er jafnvel haldið fram, að það sé samtals um að ræða allt að 30% niðurskurð, þar sem á s. l. tveimur árum hafi verkleg framlög verið skorin niður um 20% hvort árið og nú komi 10% hér í ofanálag. Hér er um mikinn misskilning að ræða. Við getum látið liggja á milli hluta árin 1965 og 1966, því að enda þótt það sé staðreynd, að samtals varð niðurskurður verklegra framkvæmda þá allmjög fjarri því að verða 20%, einkum árið 1966, en ef við skoðum árið 1967, sem skiptir meginmáli í þessu sambandi, verður ljóst, að þar er ekki um að ræða nokkra minnstu lækkun verklegra framkvæmda frá árinu 1966, vegna þess að fjárveitingar til verklegra framkvæmda voru í fjárl. yfirstandandi árs hækkaðar um 65—70 millj. kr. frá fjárl. ársins 1966. Það eina, sem hér gerist því og má auðvitað segja, að sé ekki gott, er, að þessi fjárhæð er tekin til baka, sem í rauninni er eðlilegt að gera, því að það er tvímælalaust, að hefði það legið fyrir við ákvörðun fjárl., að þessi hækkun þyrfti að vera á framlögum til sjávarútvegsins, hefði ekki verið gripið til þeirrar hækkunar á framlögum til verklegra framkvæmda, sem gerð var, heldur hefðu átt að standa óbreytt frá árinu áður. Þegar svo þess er jafnframt gætt, að hér er ekki aðeins um það að ræða, að krónulega er ekki skert að neinu leyti sú fjárveiting til verklegra framkvæmda, sem veitt var í fjárl. ársins 1966, heldur einnig tekið tillit til verðstöðvunarinnar og áhrifa hennar, verður ljóst, að í rauninni mun verða notadrýgra það fé í ár, einmitt vegna verðstöðvunarinnar, sem varið er til verklegra framkvæmda, en var á s. l. ári, þar eð ekki koma nú til þær verðhækkanir, kostnaðarhækkanir, sem urðu við opinberar framkvæmdir á s. l. ári, þær koma ekki til með að rýra á sama hátt þessi framlög ársins í ár, þannig að það má fullyrða tvímælalaust, að það verður a. m. k. ekki um að ræða neina skerðingu á heildarframlögum ríkisins til verklegra framkvæmda á árinu 1967 miðað við árið 1966.

Því hefur verið haldið fram af ýmsum okkar efnahagssérfræðingum og vafalaust með réttu, að miðað við það ástand, sem hefur verið í þjóðfélaginu síðustu árin, og þá þenslu, sem oft er talað um, hafi verið rétt ekki aðeins að draga úr verklegum framkvæmdum ríkissjóðs, heldur einnig sveitarfélaga, og verklegar framkvæmdir þeirra síðustu árin hafi í rauninni verið of miklar og ekki átt sér stað þar neinn samdráttur miðað við það, sem þó hefur verið smávægilegur á vegum ríkisins. Það er nú engu að síður svo, að það er erfiðara að draga úr verklegum framkvæmdum sveitarfélaganna en ríkissjóðs af ýmsum ástæðum, sem ég skal hér ekki út í fara, en öllum hv. þdm. mun vera kunnugt um, og þess vegna hefur ekki þótt fært að framkvæma neina heildarskerðingu að þessu leyti umfram það, sem hefur leitt af því, að sveitarfélög hafa orðið að halda sínum útgjöldum innan eðlilegra marka vegna tekjuöflunar sinnar, og nú í ár verður það að gerast með hliðsjón af því, að sveitarfélögunum er í lögum um verðstöðvun settur sá hemill, að þau mega ekki auka álögur sínar á borgarana frá því, sem var á s. l. ári.

Á árinu 1966 var um að ræða stórfellda tekjuaukningu hjá ríkissjóði, og það er þessi tekjuaukning, sem hefur valdið því, að unnt var að grípa til verðstöðvunarinnar og stuðla að því að spyrna fótum við dýrtíðarþróuninni þrátt fyrir þær ráðstafanir, sem nú þarf að gera í auknum framlögum til aðstoðar atvinnuvegunum. Engu að síður hefur tekizt að koma þessu öllu fram án nýrra skattahækkana. Það verður að teljast með hliðsjón af þeim mikilvægu hagsmunum, sem sveitarfélögin hafa af því, að þessi verðstöðvun takist, að það sé á engan hátt óeðlilegt, að verulegan

hluta af þeim aukatekjum, sem sveitarfélögin fengu í sinn hlut á árinu 1966, af sömu ástæðu og ríkistekjurnar fóru svo langt fram úr áætlun sem ég get um og öllum hv. þdm. er kunnugt, leggi sveitarfélögin af mörkum til verðstöðvunarinnar eða þeirra aðgerða, sem ríkið þarf að standa straum af með nýjum útgjöldum til þess að tryggja það, að hún verði að veruleika. Af þessum sökum þótti ekki ósanngjarnt að taka 20 millj. eða sem svarar 10% af þeim tekjum, sem jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru áætlaðar á þessu ári, af þeim umframtekjum, sem renna til jöfnunarsjóðsins vegna hækkunar á þeim tekjustofnum ríkissjóðs, verðtolli og söluskatti, sem renna að hluta í jöfnunarsjóð, á s. l. ári. Þetta eru 20 millj. kr., sem er áætlað, að muni nema um 1% af heildartekjum sveitarfélaganna miðað við árið í ár, þannig að menn sjá, að hér er nú ekki um stóra fjárhæð að ræða. Þetta eru tekjur, sem sveitarfélögin hafa ekki gert ráð fyrir eða gátu ekki gert ráð fyrir í fjárhagsáætlunum sínum fyrir árið 1966, og þykir af ýmsum ástæðum eðlilegra að taka það af þeim lið, þessum umframtekjum, en láta það heita skerðingu á framlaginu í ár, m. a. til þess að leggja áherzlu á það, að hér er um að ræða sérstakar aðstæður í sambandi við þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera og má með engu móti líta á sem fordæmi um það, að megi vega í þann knérunn að takmarka eða skerða þennan hlut sveitarfélaganna almennt í framtíðinni. Þetta legg ég ríka áherzlu á, og þess vegna er einmitt þessi aðferð valin, að taka þetta af umframtekjunum á s. l. ári, en ekki að skerða tekjur þær, sem áætlað er, að renni í hlut sveitarfélaganna eða jöfnunarsjóðsins á þessu ári. Þetta legg ég áherzlu á, því að það er mín skoðun, að það megi ekki almennt séð skerða tekjur sveitarfélaganna af þessum tekjustofni, nema þá heildarbreyting verði gerð á skipulagi tekjuöflunarmála ríkis og sveitarfélaga, en það er stærra mál og víðtækara og er ekki verkefni þessara umr. að ræða það.

Enda þótt á það megi auðvitað fallast, að það sé ekkert æskilegt að grípa til þessara ráðstafana, hvorki 10% niðurskurðar á framlögum ríkissjóðs í ár til verklegra framkvæmda né þessarar skerðingar á tekjum sveitarfélaganna, álít ég engu að síður, að miðað við allar aðstæður sé þetta sú leið, sem hafi verið eðlilegust og sársaukaminnst að fara, þar sem ég geri naumast ráð fyrir, að neinn hv. þdm. sé þeirrar skoðunar, að heldur hefði átt að stefna að því að taka þessar auknu tekjur með nýjum sköttum.

Á s. l. ári batnaði enn hagur ríkisábyrgðasjóðs, því að eftir að ný lög um ríkisábyrgðir tóku gildi, hefur hagur ríkisábyrgðasjóðs batnað ár frá ári vegna þess, hve heilbrigð áhrif þessi nýja löggjöf hefur haft, og útkoman á s. l. ári varð sú, að 15 millj. af áætluðu framlagi til ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1966 þurfti ríkisábyrgðasjóður ekki að nota til þess að geta staðið undir sínum skuldbindingum. Þessar 15 millj. voru engu að síður greiddar sjóðnum af tekjum ársins 1966, og þess vegna þykir vera raunhæft að gera ráð fyrir því, að ríkisábyrgðasjóður muni ekki þurfa á að halda sem svarar þessari fjárhæð af áætluðu framlagi til sjóðsins á árinu 1967, en það er jafnhátt því framlagi, sem veitt var á árinu 1966.

Í sambandi við aðstoðina við frystihúsin er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram stofnframlag til verðtryggingasjóðs. Það er að vísu ekki nein ákvörðun um það tekin enn, hvort sá sjóður verður stofnaður til frambúðar, enda þótt það sé skoðun ríkisstj., og ég hygg nú við nánari athugun, að það hljóti að vera skoðun allra, að það væri mjög æskilegt og nauðsynlegt, að til slíkrar frambúðarsjóðsmyndunar komi, sem taki af óeðlilegar sveiflur í verðlagi sjávarafurða. En þrátt fyrir það, þó að um það hafi ekki endanleg ákvörðun verið tekin, er hér um að ræða framlag, sem er annars eðlis en rekstrarstyrksframlag, ef svo má segja, til útgerðarinnar, sem ég hef þegar rætt um. Af þessum sökum þykir ekki óeðlilegt né brjóta í bága við neinar eðlilegar grundvallarreglur, að þessar 130 millj. verði lagðar fram af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1966. Þetta framlag mun, ef úr sjóðsstofnuninni verður, verða stofnframlag ríkissjóðs til þessa sjóðs. Að vísu verður það eign sjóðsins, en eins og sakir standa er þarna fyrst og fremst um að ræða tryggingu gegn verðfalli, þannig að verði ekki um það verðfall að ræða, sem menn þykjast nú sjá fram á, að séu horfur á á þessu ári, mundi ekki koma til greiðslu þessa fjár, nema því aðeins að umræddur verðjöfnunarsjóður yrði stofnaður. Hagur ríkissjóðs á árinu 1966 mun gera kleift að leggja þetta fé fram.

Ég er ekki reiðubúinn á þessari stundu hér til þess að gera endanlega grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1966, en þinginu mun verða gerð grein fyrir þeim niðurstöðum nú innan mjög skamms tíma. Það skiptir í rauninni ekki heldur máli varðandi þetta mál, vegna þess að það kemur vitanlega ekki til álita, jafnvel þó að það hefði verið auðið, sem raunar ekki er auðið, — að taka þær fjárhæðir aðrar, þær 100 millj., sem eiga að fara til útgerðarinnar, af greiðsluafgangi. Slíkt væri brot á öllum eðlilegum fjármálalögmálum og hlyti að leiða til mjög óeðlilegrar og óheppilegrar þróunar, enda, eins og ég sagði, er þegar búið að ráðstafa það miklu af greiðsluafgangi nú þegar og hefur að sumu leyti verið gerð grein fyrir því, m. a. með ráðstöfun á 30 millj. til hagræðingarsjóðs landbúnaðarins, og fleiri ráðstafanir, sem mun þurfa að grípa til í sambandi við greiðsluafganginn, auk þess sem að sjálfsögðu verður að greiða þær yfirdráttarskuldir, sem eru við Seðlabankann og myndazt hafa vegna hallarekstrar á undanförnum árum, að ekki er neitt slíkt fé upp á að hlaupa, þó að mönnum kynni að detta í hug, að grípa mætti til jafnóeðlilegrar aðferðar varðandi aðstoðina við sjávarútveginn.

Því verður vafalaust haldið fram, eins og þegar hefur sézt víða, að það hefði þurft að gera miklu meira fyrir útgerðina, og án efa veitir henni ekkert af því að fá meira fé í sinn hlut, og það er vafalaust eins naumt skorið og unnt er varðandi þá aðstoð, sem frystihúsunum er veitt, enda þótt hér sé um veigamikla aðstoð að ræða, og ég tel ekki síður mikilvæga þá aðstoð, sem boðuð er varðandi skipulag frystiiðnaðarins í heild. En menn verða að gera sér grein fyrir því, að varðandi alla slíka kröfugerð, hlýtur hún að kosta fé og hún verður að greiðast af almenningi að verulegu leyti, og það hlýtur því að verða skylda ríkisstj. og Alþingis hverju sinni, jafnhliða því, sem reynt er að tryggja það, að atvinnuvegir geti gengið með eðlilegum hætti, að ganga þó ekki lengra til aðstoðar við þá með beinum fjárframlögum frá ríkissjóði en óumflýjanlegt er, því að sé lengra gengið, hlýtur það, eins og ég sagði, að leiða til þess, að fara verður lengra ofan í vasa borgaranna, með þeim afleiðingum, sem það hefur í för með sér. Það kann vel að vera, að í ýmsum tilfellum sé hægt að benda á, að það sé efnahagslega og fjármálalega séð æskilegt að taka meira af borgurunum, en ég hygg samt, að menn séu sammála um það, að eðlilegt og sjálfsagt sé að hafa þar eins mikið hóf á og frekast er auðið, og ég tel, að með þeim ráðstöfunum, sem hér eru gerðar, sé annars vegar stuðlað að því á viðhlítandi hátt að standa við bakið á þessum grundvallaratvinnuvegi landsmanna, sjávarútveginum, bæði bátaútvegi og frystihúsum, og hins vegar reynt að gera þetta án þess að tefla verðstöðvunarstefnu ríkisstj. í beina hættu og án þess að leggja nokkrar þær óeðlilegu kvaðir á borgarana, sem hægt sé að finna að.

Helgi Bergs: Herra forseti. Þessar staðreyndir blasa nú við í sjávarútveginum:

1) Bátarnir, sem stunda þorskveiðar, eiga við sívaxandi erfiðleika að stríða, og þeim fer fækkandi ár frá ári. Allar varanlegar úrbætur eru dregnar á langinn, og nær ekkert hefur verið framkvæmt af tillögum vélbátaútgerðarinnar.

2) Ekkert er gert til þess að efla útgerð á djúpmið og fjarlæg mið með endurnýjun togaraflotans, og stefnir nú beint að því, að útlendingar verða einir um togaramiðin.

3) Ríkisstj. leggur nú enn einu sinni fram frv. um bráðabirgðaráðstafanir til þess að halda útgerðinni gangandi næstu mánuði, en er algerlega stefnulaus í framtíðarmálum sjávarútvegsins.

4) Ríkisstj., sem kallað hefur allar tillögur um skipulega uppbyggingu ófrelsi og höft og hefur horft upp á það, að fé opinberra sjóða og bankakerfisins er varið til að byggja upp ný frystihús, þar sem mest og bezt frystihús eru ónotuð fyrir, vill nú gera áætlun um lokun og niðurrif frystihúsa.

Þrátt fyrir miklar umframtekjur ríkissjóðs á s. l. ári er nú til þess að afla fjár til stuðnings bátaútgerðinni höggvið enn í sama knérunn og áður og enn dregið stórlega úr fjárveitingum til skóla, hafna og annarra ríkisframkvæmda, sem greiða skal eða styrkja af ríkisfé. Klipnar eru 20 millj. kr. af því, sem sveitarfélögin eiga skv. lögum að fá í sinn hlut af verðtollum og söluskatti síðasta árs, með þeim rökum, að þau fái nóg samt, og þetta er gert þrátt fyrir þá staðreynd, að þessir tekjustofnar einir hafa á s. l. ári gefið ríkissjóði hátt á 4. hundrað millj. umfram áætlun.

Það, sem nú þarf að gera í þessum málum, er að taka upp ný vinnubrögð — markviss vinnubrögð og markvissa stefnu.

1) Gera verður ákveðnar ráðstafanir til eflingar bátaútgerð á þorskveiðar jafnframt skipulögðum aðgerðum til nýtingar miðanna og verndar stofnunum. Heildarskipulag sóknarinnar á miðin ásamt bættum tæknibúnaði við þorskveiðarnar er brýn nauðsyn.

2) Halda verður áfram sókn Íslendinga á djúpmið og fjarlæg mið, og í því skyni verður að vinda bráðan bug að undirbúningi að endurnýjun togaraflotans.

3) Auka verður hagræðingu í fiskiðnaðinum, m. a. með tilliti til þess að bæta móttöku- og geymsluskilyrði hráefnisins til að jafna vinnu milli daga og komast hjá næturvinnu, og til þess þarf að tryggja þessari atvinnugrein næg og hagkvæm lán.

4) Hætta verður óeðlilegum álögum á þessar atvinnugreinar, lækka vextina, lækka útflutningsgjöldin, rafmagnsverðið, hafnargjöldin o. fl., veita skattaívilnanir, hætta að skattleggja tapið og auka afurðalánin til þess að gera þessum fyrirtækjum kleift að stunda starfsemi sína með eðlilegum hætti.

5) Endurskoða verður reglur um aflatryggingasjóð í því skyni, að vélbátaflotinn á þorskveiðum haldi sínu, og reglur um iðgjaldasjóð með aukna hagkvæmni í tryggingunum fyrir augum. Það verður að kryfja vandamál þessa atvinnuvegar til mergjar, eins og raunar annarra, marka stefnu framtíðarinnar og hefja markvissar aðgerðir. Sífelldir árlegir „viðreisnaraukar" leysa engan vanda, þótt þeir kunni að geta komið í veg fyrir algera stöðvun í bili.

Ég skal svo snúa mér að frv., sem fyrir liggur og einstökum atriðum þess.

Það var einu sinni önnur tíð. Einu sinni var fé tekið úr ríkissjóði til þess að senda inn á hvert heimili landsins pésa, sem var kallaður „Viðreisn". Af alveg einstöku yfirlæti, sem vonandi heldur áfram að verða einstakt í íslenzkri stjórnmálasögu, boðuðu þeir þar kenningar sínar, sem öll ráð þóttust kunna Þar stóð m. a. þetta: „Ríkisstj. telur, að með þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem tillögur hennar fela í sér, muni nýtt viðhorf skapast. Útflytjendur verða framvegis að sæta ríkjandi gengi og geta ekki fengið aukinn launakostnað endurgreiddan í hækkuðum útflutningsbótum." Og þar stóð meira. Í upp-

hafi þessa ritverks stóð m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er ekki um að ræða ráðstafanir sama eðlis og þær efnahagsráðstafanir, sem tíðkazt hafa svo að segja árlega nú um skeið og snert hafa fyrst og fremst breytingar á bótakerfi útflutningsins og nauðsynlega fjáröflun í því sambandi, heldur algera kerfisbreytingu."

Svo liðu fáein ár. Fyrirheitin, sem fólust í þessari ritsmíð og hér verða ekki rakin fleiri af þessu tilefni, — það gefast kannske til þess önnur, — voru svikin eitt af öðru. Innan fárra ára fóru að birtast þessir viðreisnaraukar, og mér telst til, að sá, sem hér liggur fyrir, sé sá fjórði í röðinni og væntanlega sá síðasti, því að nú dylst varla neinum, að viðreisnin hafi gengið sér endanlega til húðar. Beinar uppbætur til þorskfiskiðnaðarins og þeirrar útgerðar, sem aflar honum hráefnis, eru skv. þessu frv. komnar yfir 300 millj. kr., og auk þess eru svo niðurgreiðslur á verðlagi innanlands, sem miða að því sama marki, að brúa bilið milli innlends tilkostnaðar og erlends afurðaverðs, og þær nema nú nokkuð mikið á 8. hundrað millj. kr. Nei, það er ekki um að ræða hjá þessari hæstv. ríkisstj. ráðstafanir sama eðlis og þær efnahagsráðstafanir, sem tíðkuðust árlega hér áður fyrr, „til þess að gera breytingar á bótakerfi útflutningsins og nauðsynlega fjáröflun í því sambandi". Þessar greiðslur, sem ég nefndi, sem miða að því að brúa bilið milli framleiðslukostnaðar innanlands og afurðaverðs á erlendum markaði, nema nú alls nokkuð yfir þúsund millj. kr. eða langdrægt jafnmikilli upphæð og fæst fyrir allar hraðfrystar fiskafurðir landsmanna. Það er látið að því liggja, að 11% verðfall, sem orðið hafi á s. l. ári í kjölfar 50—60% verðhækkana næstu ára þar á undan, sé orsök þeirra erfiðleika, sem við er að etja. Það eru orðnir aðþrengdir menn með röksemdafærslur, sem ætla sér að bera þetta á borð. Eins og ég mun koma að síðar, mun meðalverðið á árinu 1966 ekki hafa verið lakara en neitt ár þar á undan. Orsökin er fyrst og fremst óðadýrtíðin, sem er fylgifiskur stefnu eða öllu heldur stefnuleysis viðreisnartímans. Hún hefur grafið grundvöllinn undan öllum atvinnuvegum landsmanna. Það eru afleiðingar hennar, sem verið er að fást við með þessum árlegu viðreisnaraukum.

Þetta frv. felur í sér breytingar á bótakerfi útvegsins. Bátarnir á þorskveiðunum fá 8% hækkun á fiskverðinu, 5% í tvo mán., marz og apríl, og 11% hækkun á öðrum tímum árs, og gert er ráð fyrir, að þetta muni jafna sig upp með 8%. Þetta var ákveðið og tilkynnt með tilkynningu frá verðlagsráði sjávarútvegsins og ríkisstj. 9. jan. s. l. Jan. og febr. eru báðir liðnir, en eins og fram kom nýlega í umr. í hv. sameinuðu þingi, þá er sjútvmrh. hinn rólegasti, það er verið að reikna, það liggur ekkert á að borga. En útvegsmenn, sem búa nú við erfiðari skilyrði en nokkru sinni áður um langa hríð, vantar þetta fé. Þróunin í málefnum þessarar útgerðar er alkunn, og hún sýnir, hvernig búið er að útgerðinni. Tala skráðra fiskiskipa undir 100 smálestum, en það eru fyrst og fremst þau, sem afla hráefnisins fyrir hraðfrystihúsin, hefur breytzt þannig, að 1954 voru þau 523, samtals 16732 brúttólestir, 1958 voru þau orðin 614, samtals 21213 brúttósmálestir, 1964 648, samtals 21670 smálestir, en 1967 komin niður í 577, samtals 19014 smálestir. Þessi þróun á síðustu árum talar sínu máli. Í árslok 1965 skipaði hæstv. sjútvmrh. nefnd, sem gengið hefur undir nafninu vélabátaútgerðarnefnd, og hún skilaði ýtarlegu áliti í júnímánuði 1966. En hæstv. sjútvmrh. er rólegheitamaður, og það kom í ljós í umr. í Sþ., sem ég gat um áðan, að nær ekkert af till. n. hefur komizt í framkvæmd.

Í fyrsta lagi gerði n. tillögu um 10% hækkun fiskverðs á árinu 1966. Þeirri tillögu var ekki anzað.

Í öðru lagi gerði n. till. um hækkun sumar- og haustuppbótar á línu- og færafisk um 50 aura á kg. Nú er lagt til í því frv., sem hér liggur fyrir, að þær 20 millj., sem áætlaðar voru til þessa á s. l. ári, skuli klárað ar með því að bæta við uppbótina á seinustu mánuðum ársins. Fróðlegt væri að fá upplýsingar um það frá hæstv. sjútvmrh., hvað hann gerir ráð fyrir, að þessi viðbót verði margir aurar á kg.

Í þriðja lagi lagði n. til, að sérstök athugun færi fram á erfiðleikum þeirra minni báta, sem aflað hafa sér síldveiðibúnaðar, sem er, eins og kunnugt er, mjög dýr, en þau eru of smá til að nota, og var lagt til, að sérstök n. yrði látin athuga þetta mál. Um árangur af því eða hver viðbrögð ráðh. við þessu hafa verið hefur ekki frétzt. Hafi verið skýrt frá því, hefur það farið fram hjá mér, og þá er það að sjálfsögðu mér að kenna, og þætti mér þá vænt um að fá þær upplýsingar frá hæstv. ráðh.

Þá var lagt til, að lenging svokallaðra tækjalána færi fram úr þremur árum í sex ár. Jú, og viti menn: Þau voru lengd í fimm ár.

Þá var lagt til, að þessum bátum yrðu veittir gjaldfrestir á lánum úr fiskveiðasjóði með þeim hætti, að lánin yrði lengd og afborganir felldar niður sem þeirri lengingu svaraði. Um það er enn verið að tala og ekkert raunhæft komið fram.

Þá var lagt til, að lækkaðir yrðu dráttarvextir, en um það hefur ekkert heldur heyrzt.

Þá var lagt til, að gerðar yrðu breyt. á aflatryggingasjóði og iðgjaldasjóði, svo að þessir bátar stæðu ekki undir greiðslum til togaranna. Það hefur ekki farið fram hjá mér, að hæstv. ráðh. hefur við ýmis tækifæri haldið því fram, að svo væri heldur alls ekki. En í skýrslum bátaútgerðarnefndar, sem ég hef hér fyrir framan mig, er öðru haldið fram, og hæstv. ráðh. ætti þá að leggja fram skýrslur, sem það afsönnuðu. Þar segir m. a.:

„Þær upplýsingar, sem n. hefur fengið hjá aflatryggingasjóði sjávarútvegsins og frá tryggingarsjóðum, benda til þess, að með því skipulagi, sem nú er á þessum sjóðum, hvíli

allveruleg greiðslubyrði á vélbátum vegna togaranna.“

Með þeirri hækkun uppbóta, sem hér er gert ráð fyrir, er vissulega tjaldað til einnar nætur. Það er að því stefnt að fleyta baslinu áfram í nokkra mánuði og herða þann hnút, sem málefni þessa atvinnuvegar eru komin í. Útvegsmenn hafa talið og birt um það ályktanir víða að, að hér sé um ófullnægjandi úrlausn að ræða. Og svo mikið er víst, að þessar ráðstafanir laga ekki þann hráefnisskort, sem fiskiðnaðurinn á við að etja, sem vinnur úr afla þessara báta.

Annar þáttur hráefnisöflunarinnar fyrir frystihúsin eru togararnir. Þar hefur engin endurnýjun átt sér stað um árabil, og togaraútgerðin á nú, eins og öllum er kunnugt, við mjög mikla erfiðleika að stríða. Athugun á tölu togaranna, sem hér eru skráðir, sýnir þessa þróun að nokkru, þó ekki að fullu, en það kemur í ljós, að árið 1954 voru togararnir 51, 31600 brúttólestir, 1958 voru þeir 44, samt. 29 þús. brúttólestir, 1964 voru þeir 39, samt. 27 þús. brúttólestir og 1967 eru þeir 32, samt. 23 þús. brúttólestir. En raunverulega eru þeir togarar, sem út eru gerðir, innan við 20 og sjálfsagt ekki nema 14 eða 15 þús. brúttólestir. Bjargráðið, sem sumir héldu á lofti hér fyrir skömmu, var að hleypa þessum togurum inn á mið bátanna og hætta að sækja á þau djúpmið, sem eru hin eðlilegu mið togaranna, og láta útlendinga eina um þau. Hæstv. sjútvmrh. lýsti því nýlega yfir, að hætt væri við fyrirætlanir af því tagi, og fyrir það vil ég þakka. Það er ljóst og viðurkennt, að sú aflaaukning, sem með því hefði getað fengizt fyrir togarana, hefði verið ónóg til þess að bæta neitt verulega þeirra hag fyrir utan allt það tjón, sem það hefði valdið öðrum, ef þetta ráð hefði verið upp tekið.

Orsakir þeirrar hnignunar, sem átt hefur sér stað í togaraútgerðinni, eru vissulega aðrar en þær, að þeir hafi misst nokkur mið, sem þeir höfðu fyrir breytinguna á fiskveiðilandhelginni. Um það vitna greinilega ýmsar umræður, sem fram hafa farið nú upp á síðkastið af hinum kunnugustu mönnum, og mig langar, með leyfi hæstv. forseta, til þess að leiða hér nokkur vitni að því.

Fyrir nokkrum dögum var í einu dagblaði bæjarins viðtal við einn ungan togaraskipstjóra, sem er skipstjóri á einu af okkar myndarlegustu skipum og mjög aflasæll, og ræddi hann um málefni togaraútgerðarinnar. Það er Halldór Halldórsson skipstjóri á Maí. Þar segir hann m. a.:

„Ég er jafnbjartsýnn á togaraútgerð og þegar ég byrjaði til sjós og allt gekk vel fyrir togurunum. Það er nóg af fiski í sjónum, og við þurfum ekki að hætta við togarana vegna þess, að ekki aflist. En við verðum að fylgjast með öllum nýjungum og megum ekki dragast aftur úr, eins og við höfum gert að undanförnu. Við erum ekki einungis að dragast aftur úr með útbúnað skipanna, heldur er líka sú hætta fyrir hendi, að við stöndum uppi vankunnandi í öllum vinnubrögðum um borð í nýtízkutogara. Okkur er lífsnauðsyn að búa betur að togaraútgerðinni á öllum sviðum. Má t. d. benda á, að óhæfa er, að hver togari þurfi í rauninni að vera leitarskip í hverjum túr. Á þessu sviði er ekkert gert fyrir togarana, þótt reynsla sé fyrir því, að í þau fáu skipti, sem skip hafa verið gerð út gagngert til leitar, hefur árangur ekki brugðizt. Þannig fundust Jónsmið, Fylkismið og Nýfundnalandsmið. Með þýzka togaraflotanum eru 4 fullkomin rannsóknar-, viðgerðar- og sjúkraskip, og fylgja þau flotanum stöðugt eftir til leiðbeiningar og hjálpar. Sárt er að vita til þess, að það skyldi þurfa Þjóðverja til að finna hin auðugu Anton Dorrn-mið hér rétt við túnfótinn hjá okkur. Ég tel útilokað fyrir okkur Íslendinga að byggja þetta þjóðfélag á öðru en sjávarútvegi sem undirstöðuatvinnuvegi, við erum svo lánsamir að búa hér við auðugustu fiskimið í heimi, við Ísland og Grænland, og þennan auð sækjum við ekki nema með útgerð togara.“

Annar kunnur togaraskipstjóri hefur nýlega látið í ljós skoðanir sínar í 8.—9. tölublaði af sjómannablaðinu Víkingi, sem kom út á s. l. hausti, og þar kemur fram sitthvað, sem ástæða er til að taka eftir. Þar segir hann m. a., — það er Auðunn Auðunsson, kunnur togaraskipstjóri:

„Ég tel fráleitt að gefa úthafið og bolfiskveiðin fyrir norðan og austan og reyndar í kringum allt landið algerlega í hendur útlendinga, sem veiða þar með allgóðum árangri djúpt og grunnt.“ Enn fremur segir hann: „Við verðum að fá okkur ný skip og þá af skuttogaragerð með mikilli sjálfvirkni. Við þurfum tvenns konar togara, eina gerð 500 tonna til þess að veiða sérstaklega á heimamiðum við Norður- og Austurland og aðra gerð 1500—2000 tonna fyrir fjarlægari mið og djúpmið.“ Hann ræðir ýmislegt um þann útbúnað, sem togararnir hafa, og segir m. a.: „Út af fyrir sig má segja, að löndunaraðstæður í Reykjavík og Hafnarfirði eigi mikinn þátt í því, hvernig komið er fyrir togaraútgerðinni, því að það tekur 3—5 daga að fá afgreiðslu á 350 tonna afla, 3 daga í löndun og 1 dag að ísa aftur er algengt. Tæknina vantar gjörsamlega í löndunarstarfsemina, og þar er um algera kyrrstöðu að ræða. Ég tel mig hafa tapað minnst einum túr á sumri fyrir lélega löndunarmöguleika.“ Blaðamaður, sem ræðir við þennan togaraskipstjóra, beinir talinu aftur að úthafsveiðunum, þá segir Auðunn: „Við megum alls ekki leggja þær niður. Ísland liggur svo miðsvæðis við fiskimiðum norðurhvels, að við ættum að eiga mesta möguleika af öllum þjóðum til þess að láta veiðarnar bera sig, en við komumst ekki hjá að endurnýja skipaflotann, til þess að stunda þær veiðar.“ Hann telur enn fremur, að hinir stærri togarar a. m. k. þurfi að hafa aðstöðu til frystingar um borð og geta lagt upp heilfrystan fisk hjá

frystihúsunum, og segir um þetta: „Útlendingar stunda þessar veiðar allt árið með góðum árangri. Þetta verðum við líka að gera og fara með aflann beint til frystihúsanna, sem vantar tilfinnanlega hráefni. Fiskurinn kæmi þá heilfrystur til húsanna.“ Hann er enn fremur spurður um, hvað hann segi um togarana, sem nú eru hér fyrir, og svarar þá: „Það er óhugsandi að gera þá út. Skipin eru of mannfrek og dýr í rekstri og henta auk þess alls ekki veiðum á fjarlægum miðum. Þó tel ég nýjustu dísiltogarana vera rekstrarhæfa.“

Hér hef ég leyft mér að rekja lítið eitt skoðanir þeirra, sem kunnugast ætti að vera um ástæður fyrir því, að togaraútgerðin gengur svo erfiðlega sem raun ber vitni. Menn hafa beðið þess lengi að heyra frá hæstv. sjútvmrh., hverjum ráðstöfunum hann hyggist beita sér fyrir í þessu efni. Auðvitað kann sitt að sýnast hverjum um það, hvernig þau skip ættu að vera, hvað stór og hvernig búin, sem togaraflotinn yrði endurnýjaður með, en það er auðvitað alls ekki nauðsynlegt að komast að einhverri einni niðurstöðu í því efni. Það er engin ástæða til þess að leggja þar allt á eitt spil. Það er ekki út af fyrir sig æskilegt, að rokið yrði í að kaupa 20—40 togara, sem ættu að leysa allan vanda, af því að einhverjir teldu þá hentuga. En nokkur smáskip til veiða við Norður- og Vesturland á þeim miðum, sem Englendingar stunda mest þar, og nokkrir stórir togarar fyrir fjarlæg mið, í þessu eru ýmsir möguleikar, sem þarf að kanna með hinum kunnugustu og færustu mönnum. En einu verðum við að slá föstu, að við megum ekki hætta að stunda veiðar að einhverju leyti á djúpmiðum, og það verður að hefjast handa um endurnýjun togaraflotans í því skyni. Það er ekki bara togaraútgerðin, sem er þar í hættu, heldur einnig frystihúsin. Þau verða að vísu aðallega að byggjast á bátunum, sem stunda veiðar í kringum landið. Sérstaða okkar sem fiskveiðiþjóðar er vissulegu fyrst og fremst fólgin í hinum nálægu miðum hér allt í kringum land. En eigi að síður hefur það sýnt sig, að togararnir geta þjónað fiskiðnaðinum hér mjög vel með því að auka þar hráefnismagn og gera aðstreymið jafnara og þar með skapað betri rekstrargrundvöll fyrir fiskiðjuverin og þá, um leið og þau eru efld, bætta aðstöðu fyrir bátaflotann.

Verðbólgan og stefnuleysi ríkisstj. hafa sorfið fast að hraðfrystiiðnaðinum. Á s. l. hausti ályktaði aðalfundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, að rekstrargrundvöllur fyrir frystihúsin væri ekki lengur fyrir hendi, og taldi ástæðurnar til þess vera 1) aukinn tilkostnað innanlands, 2) minnkandi hráefni vegna erfiðleika bátanna og togaranna, og 3) verðfall á erlendum mörkuðum. Hér var sýnilega aðgerða þörf, og ef ekki vildi betur til, þá a. m. k. eins viðreisnarauka. Viðræður hófust þá milli hæstv. ríkisstj. og fulltrúa hraðfrystiiðnaðarins um leiðir til þess, að frystihúsin gætu haldið áfram. Árangurinn af þeim birtist alþm. í fréttatilkynningu frá S. H. sem birtist í dagblöðunum 28. febr. s. l. og síðar í þessu frv., sem lagt var hér fram 2. marz. Samkv. þessu frv. á, eins og gerð hefur verið grein fyrir, að leggja 130 millj. kr. eða allt að því í sjóð til að tryggja hraðfrystihúsunum 55—75% af því verðfalli, sem verða kann, miðað við meðalverðið á árinu 1966, en það ár var meðalverðið á afurðunum hærra en nokkurt annað ár, þrátt fyrir verðfallið, sem varð á síðari hluta ársins. Í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Hagráðs segir á bls. 3, þeirri sem gefin var í nóvembermánuði s. l.: „Áætla má, að meðalverð útfluttra þorskafurða á árinu 1966 muni verða nálægt 10% hærra en meðalverð ársins 1965 og meðalverð skelfiskafurða um 5% hærra.“ Það sýnir bezt, hvernig komið er hag frystihúsanna, að þrátt fyrir þessi hagstæðu skilyrði á árinu 1966 voru frystihúsin yfirleitt rekin með verulegu tapi á því ári, eftir nokkur, a. m. k. 2, jafnvel 3 þokkaleg ár þar á undan, og þessi staðreynd sýnir einnig bezt, hversu fráleitt það er að kenna verðlækkun á erlendum mörkuðum fyrst og fremst um þann vanda, sem við stöndum frammi fyrir, því að þessi staðreynd sýnir það greinilega, að þar eru aðrar orsakir, sem eiga meiri þátt í. Svo alvarlegt var ástand frystihúsanna orðið, að í samþykki sínu fyrir því samkomulagi, sem þetta frv. byggist á og hæstv. ríkisstj. gerði við samtök frystihúsanna, sáu þau sig knúin til þess, samkv. því, sem segir í fréttatilkynningu frá S. H., að samþ. þetta í trausti þess, að ekki verði gripið til innheimtuaðgerða gegn hraðfrystihúsunum, meðan athugun á fjárhag þeirra fer fram.

Nú skal ég láta í ljós þá skoðun mína, að sú hugmynd um verðtryggingarsjóð, sem gerð er grein fyrir í grg. þessa frv. og í framsöguræðu hæstv. sjútvmrh., sé skynsamleg og ástæða til að fagna henni, hvað sem verður um framkvæmd, því að auðvitað skipta framkvæmdaatriðin í þessu sambandi mjög miklu máli og eru að sjálfsögðu óljós. Annar þáttur þeirra aðgerða vegna frystihúsanna, sem þetta frv. fjallar um og fyrst og fremst er fjallað um í 10. gr., er óneitanlega allmiklu óljósari. Það er talað um skipulagsbreytingar á hraðfrystiiðnaðinum, og það er sérstaklega talað um það í fskj., sem kallað er sameining frystihúsanna. Ég geri ráð fyrir, að það kunni að vefjast fyrir einhverjum fleirum en mér að gera sér grein fyrir því, hvernig farið er að því að sameina frystihús. Fyrir mér er málið þannig, að það hljóti að vera gert með þeim hætti að leggja eitt niður og efla annað. M. ö. o.: það þarf að loka sumum. Það er að vísu hægt að sameina þau að nokkru, það er hægt að rífa úr þeim vélar og tæki og nota kannske að einhverju leyti í öðru frystihúsi, en það er ljóst, að í þessu felst, að sumum yrði lokað, þau rifin og flutt úr þeim eitthvað.

Þessar hugmyndir eru athyglisverðar að því leyti, að þær kunna í einstökum tilfellum að geta leitt til aðgerða, sem kunna að verða til

bóta, en það er meiri vandi að gera það en segja það. Vandinn er m. a. fólginn í því, hvernig hráefnisöfluninni er háttað. Aflinn er tímabundinn. Tvö frystihús á sama stað líða kannske við það að hafa hráefni mjög stuttan tíma bæði, en það er hætt við því, að þau hafi sitt hráefni á sama tíma bæði og takmarkaður ávinningur sé því að því að slá þeim saman. Aflinn er líka staðbundinn, og það bjargar ekki vanda frystihúsa á Vesturlandi, að lagt sé niður frystihús á Austurlandi. Þetta segi ég ekki út af fyrir sig til þess að andmæla þeirri hugmynd, sem þarna er fram sett, heldur til þess að vekja athygli á, að það er ekki alveg eins einfalt og að segja það, og eins á hinu, að það er hráefnisöflunin, þ. e. skipulagning sjálfrar hráefnisöflunarinnar, sem hér skiptir mestu máli, eins og fram kemur raunar í ályktunum, sem hraðfrystihúsaeigendur hafa gert um þessi efni.

Það er sagt, að það sé betra seint en aldrei, þó að hitt sé líka sagt, að það sé of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið í hann. Oft hefur hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmönnum verið á það bent, að nauðsynlegt væri að hafa skipulag á uppbyggingu atvinnuveganna, vinna að uppbyggingu þeirra skv. áætlun. Þeir hafa þá haft svör sín á reiðum höndum og hrópað, að þeir, sem þannig tala, vilji höft og ófrelsi. Þeir hafa ekki mátt heyra talað um skipulag í framkvæmdamálum eða áætlanir um uppbyggingu atvinnuveganna. En nú á að fara að skipuleggja, — og hvað er það þá, sem á að fara að skipuleggja? Er það framtíðin? Er það uppbyggingin á næstu árum? Nei, það er lokun fyrirtækjanna, sem á að fara að skipuleggja. Ég held, að það væri ástæða til þess, að þessar fyrirætlanir væru skoðaðar mjög nákvæmlega í n. Þó að æskilegt hefði verið, að menn hefðu áttað sig fyrr á þessum hlutum, sé ég ekki ástæðu til þess að taka á þessu stigi málsins neikvætt í þessar hugmyndir, en þær þurfa vissulega að kannast miklu nánar.

Í þessari 10. gr. er einnig gert ráð fyrir því, að ríkisábyrgðasjóður gefi eftir skuldir, enda gefi aðrir eftir skuldir líka, en ljóst er, að það er fyrst og fremst ríkisábyrgðasjóður, sem þarna er hugsað um, og það er hann, sem hafi forustuna um að gefa eftir skuldir, eða þannig skil ég þessa gr., þótt hún sé að vissu leyti nokkuð óljós og væri vissulega ástæða til þess að fá hana skýrða nánar. Eitthvert fé þarf ríkisábyrgðasjóður til þess að gefa eftir miklar skuldir, og það er athyglisvert, að um leið og honum er ætlað þetta hlutverk, eru klipnar 15 millj. af því fé, sem honum er ætlað á fjárl. En af hverju ríkisábyrgðasjóður? Ríkisábyrgðasjóður er í rauninni ekki lánastofnun í venjulegum skilningi. Hann er miklu frekar eins konar tryggingastofnun. Hann á að tryggja lánveitendur. En nú á hann að fara að gefa eftir skuldir, sem safnazt hafa hjá honum. Af hverju hafa þessar skuldir safnazt? Ef ríkissjóður væri starfræktur með eðlilegum hætti, söfnuðust ekki hjá honum stórfelldar skuldir. En á undanförnum árum höfum við horft upp á næsta einkennilega þróun í ríkisábyrgðasjóði. Við framsóknarmenn beittum okkur fyrir því hér fyrir nokkrum árum, að fram kæmu árlega upplýsingar um skuldunauta ríkisábyrgðasjóðs, og nú seinustu árin hefur hæstv. fjmrh. ótilkvaddur látið gera slíkar skýrslur, og þar kemur í ljós, að sumir aðilar eru í sívaxandi skuldum við ríkisábyrgðasjóð, sem hækka ár frá ári, aðrir, sem líka eiga tvímælalaust í miklum fjárhagslegum erfiðleikum, komast ekki upp með að skulda þar fé. Ég er hræddur um, að ef nú á að fara að láta ríkisábyrgðasjóð gefa eftir skuldir í stórum stíl, væri líka tímabært að athuga, hvernig og hjá hverjum og við hvaða aðstæður þær skuldir hafa myndazt og af hverju þær hafa þá ekki myndazt hjá öðrum aðilum.

Það er gert ráð fyrir í þessu frv. að veita nú enn hagræðingarfé til frystihúsanna að upphæð 50 millj. kr., og er í sjálfu sér ekki mikið um það að segja. En það er þó eitt atriði, sem ég sé ástæðu til að nefna í því sambandi. Það kemur fram hér í frv. og hefur komið fram áður, að þessu fé er úthlutað eftir reglum, sem hæstv. sjútvmrh. setur. Ég minnist þess ekki, að það hafi komið fram, hvernig þær reglur eru, og væri ástæða til þess að fara fram á það, að hæstv. sjútvmrh. gæfi um það upplýsingar, annaðhvort hér í umr. eða þá a. m. k. í þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar, sem ég vænti, að verði sjútvn. eins og lagt var til.

Fyrir nokkrum árum var þannig komið þrátt fyrir allar viðreisnarálögurnar, að ríkissjóður var rekinn með bullandi halla. Úrræðin voru þó ekki þá að draga úr eyðslunni, heldur voru þau að takmarka stórlega framkvæmdir ríkisins og stórauka álögurnar. Með þessu og stórauknum innflutningi skapaðist verulegur greiðsluafgangur á s. l. ári. Ríkissjóður lagði á þegnana mun meira en hann þurfti á að halda þrátt fyrir allt. Maður skyldi því ætla, að hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. væri ekki í miklum vandræðum með þá nauðsynlegu fjáröflun, sem samkv. viðreisnarpésanum fylgir ráðstöfunum til þess að auka uppbætur til útflutningsatvinnuveganna, en það kemur annað í ljós. Ríkisstj. er söm við sig. Aðeins þær 130 millj. kr., sem mynda eiga varanlegan sjóð, eru teknar af greiðsluafgangi ríkisins, en önnur útgjöld í sambandi við þetta frv., sem mér telst til að muni nema 180 millj. kr., eru tekin með þeim hætti m. a., að höggvið er enn í sama knérunn. Opinberar verklegar framkvæmdir eru skornar niður um 10%.

Ég geri ráð fyrir, að það hafi farið fyrir fleirum eins og mér að eiga nokkuð erfitt með að átta sig á þeirri röksemdafærslu, sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan, þegar hann tók sér það fyrir hendur að sýna fram á, að þó að fjárframlög til verklegra framkvæmda á árinu 1967 væru skorin niður í sömu upphæð og þau voru á árinu 1966, muni þau nýtast

betur en áður. Það hefur þó ekki farið fram hjá neinum, að á árinu 1966 urðu mjög verulegar verðhækkanir og framkvæmdakostnaður tvímælalaust meiri nú en hann hefur nokkru sinni áður verið, þ. á m. á árinu 1966. Það verður lítið úr því fé, sem á að fara til skóla, sem á að fara til hafna og til annarra framkvæmda í landinu, þegar sífellt er krukkað í það til þess að henda í verðbólguhítina. sífellt meira af aflafé góðæranna er þannig tekið frá þeim verkefnum, sem framkvæmast ættu á góðærinu, og hent í dýrtíðarginið. Þannig er þetta mikla góðæristímabil gert að tímabili glataðra tækifæra fyrir framþróun íslenzku þjóðarinnar. Og það eru enn fremur klipnar 20 millj. kr. af því, sem sveitarfélögin eiga lögum samkv. að fá, og rökin eru þau, að þau fái sitt fyrir því, vegna þess að þeirra hlutur af þessum tekjustofnum, verðtollinum og söluskattinum, hafi farið 23 millj. kr. fram úr áætlun. En hafi þeirra hlutur farið 23 millj. fram úr áætlun, hefur hlutur ríkissjóðs farið a. m. k. 350 millj. kr. fram úr áætlun og trúlega heldur meir. Samt þarf að klípa 20 millj. af sveitarfélögunum í þessu sambandi. Það munar ekki um það, sagði hæstv. fjmrh., því að þetta er bara 1% af tekjum þeirra. Þessi upphæð er bara 1% af tekjum þeirra. En þessi upphæð er innan við ½% af tekjum ríkissjóðs. En það þurfti samt að næla sér í lamb fátæka mannsins.

Eftir þær upplýsingar, sem fyrir liggja um afkomu ríkissjóðs og möguleika hans og álögurnar á s. l. ári, sé ég ekki ástæðu til þess að samþykkja 2. gr. þessa frv., þó að sjálfsagt sé nauðsynlegt að veita bátaútgerðinni og frystihúsunum þann stuðning, sem hér er ráðgerður. Í þessum viðreisnarauka, sem hér er til umr., er raunar eins og í viðreisninni sjálfri tjaldað aðeins til einnar nætur, og það er ekki gripið að rótum neins vanda. Það er reynt að ýta vandanum á undan sér í nokkra mánuði í viðbót. Útvegsmenn hafa látið í ljós þá skoðun og gert um það margar ályktanir, að uppbætur til bátanna séu of litlar. Út af fyrir sig er það slæmt, ef svo er og ef útvegsmönnum finnst það, en það er ekki verst. Verst er, að ekkert varanlegt er gert, engar varanlegar úrbætur og engin stefna mörkuð.

Hraðfrystihúsaeigendur hafa látið frá sér fara ályktanir og tilkynningar um það, eins og sjá má í blöðum hinn 28. febr. s. l., að sú fyrirgreiðsla, sem hraðfrystiiðnaðurinn fær með þessu frv., sé ófullnægjandi. Út af fyrir sig er það slæmt, en það er ekki verst. Verst er, að engin varanleg úrræði koma fram í hráefnisvandamálinu, sem er stórfellt vandamál hraðfrystiiðnaðarins, né í dýrtíðarvandanum, nema velta með auknum uppbótum á undan sér verðhækkununum fram á haustið. Á rótum verðbólguvandans, sem er meginrót að þessum erfiðleikum, sem hér eru til umr., er hvergi tekið. Ríkisstj., sem í upphafi þóttist öll ráð kunna, reynist ekki kunna önnur ráð en vaxtaokur og lánahöft, sem reynzt hafa árangurslaus í viðureigninni við verðbólguna, en hafa valdið atvinnuvegunum stórfelldu tjóni. Mörg þýðingarmestu og veigamestu framleiðslutæki, ekki sízt í þeim greinum, sem hér er um að ræða, hafa ekki getað haft eðlilegan rekstur í rekstrarfjársveltinu. Framkvæmdastjórar þeirra eyða tíma sínum í biðstofum bankanna og reyna að bjarga jafnvel fyrirtækjum, sem í eðli sínu eru auðug fyrirtæki, undan hamrinum. Hvers konar rekstrartruflanir og frávik frá eðlilegum og rökréttum ráðstöfunum eiga sér stað vegna fjárskortsins og eru daglegt brauð. Það er ekkert að undra, þó að frystihúsin fari fram á það að vera umliðin um skuldirnar um sinn, eins og fram kemur í samþykkt þeirra við samkomulaginu við hæstv. ríkisstj., en þar kemur fram, eins og ég drap á áðan, að frystihúsin telja, að með þessum ráðstöfunum sé hvergi nærri nógu langt gengið til lausnar aðsteðjandi rekstrarvandræðum hraðfrystiiðnaðarins, en fallast „eftir atvikum á þessa skipan mála í trausti þess, að ekki verði gripið til innheimtuaðgerða gegn hraðfrystihúsunum, meðan athugun á fjárhag þeirra fer fram.“ Það er ljóst, að samþykki hraðfrystihúsanna við þeim ráðstöfunum, sem hér er gert ráð fyrir að gera, er gert í trausti þessa, með þessu skilyrði. Og hvað hyggst hæstv. ríkisstj. gera í þessu? Um þetta er ekkert í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Eða á kannske ekki að sinna neitt þessum fyrirvara frystihúsanna? Um það væri fróðlegt að fá upplýsingar.

Herra forseti. Ég skal nú ljúka máli mínu fljótlega. Ráðstafanirnar, sem felast í þessum viðreisnarauka, geta e. t. v. komið í veg fyrir stöðvun næstu mánuðina, en þar er hvergi gripið á þeim grundvallarvandamálum, sem þessar atvinnugreinar eiga við að stríða. Nú þarf ný vinnubrögð í þessum málum. Það þarf ráðstafanir, sem ég gerði grein fyrir í upphafi míns máls og skal ekki endurtaka, og það þarf fyrst og fremst algerlega ný vinnubrögð, markviss vinnubrögð og markvissa stefnu í málefnum þessara atvinnuvega eins og raunar annarra. Það verður að kryfja vandamál þessara atvinnugreina til mergjar og marka stefnu framtíðarinnar og hefja markvissar aðgerðir, því að sífelldar bráðabirgðaúrlausnir frá ári til árs og jafnvel mánuði til mánaðar leysa engan vanda, þótt þær kunni að geta komið í veg fyrir stöðvun atvinnurekstrarins í bili.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Tveir hæstv. ráðh. hafa nú gert grein fyrir þeim bjargráðum, sem gripið skal til í því skyni að halda sjávarútveginum gangandi. Enda þótt ég eigi sæti í þeirri n., sem kemur til með að fjalla um þetta frv., þykir mér ástæða til að ræða nokkuð um ástandið í sjávarútvegsmálum almennt við 1. umr. þessa máls.

Þetta frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins hefur, eins og hæstv. sjútvmrh. rakti, að geyma ákvæði um uppbætur og styrki, sem nema samtals nokkuð yfir 300 millj. kr. Á fjárl. þessa árs er 80 millj. kr. fjárveiting til

stuðnings sjávarútveginum. Þetta frv. kveður á um skiptingu þess fjár, og eru þar farnar hinar troðnu slóðir undanfarinna ára. Það er gert ráð fyrir 50 millj. kr. fjárveitingu til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Þannig er þetta orðað í frv., og þannig mun það hafa verið orðað í lögum um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem samþ. hafa verið undanfarin ár.

Ég vil vekja athygli á því, að fram hefur komið gagnrýni á þessu orðalagi, hér er, að því er maður bezt veit, um hreint rangnefni að ræða. Í framkvæmdinni er þetta í raun inni fyrst og fremst rekstrarstyrkur eða í raun inni styrkur til hráefnakaupa. Mér vitanlega hafa ekki verið settar um úthlutun þessa fjár aðrar reglur en þær, að úthlutun fjárins miðast við magn þess hráefnis eða verð þess hráefnis, sem frystihúsin kaupa. Mér vitanlega eru engar reglur til um þetta efni, sem tryggi raunverulega, að þetta fé fari til framleiðniaukningar fyrst og fremst, eins og lög undanfarinna ára um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins hafa þó mælt fyrir um. Ég tel, að það sé ekki viðkunnanlegt að vera með þetta orðalag, sem í rauninni felast í blekkingar í þessu efni. Þessi stuðningur á vitanlega að heita réttu nafni, ef ekki er um það að ræða, að þetta sé raunverulega fé til framleiðniaukningar.

Þá eru í þessu frv. ákvæði, að 20 millj. kr. af fénu á fjárlögum sé varið til uppbóta á handfæra- og línufisk og 10 millj. til verðuppbóta á skreið og fleiri sjávarafurðir. Þetta er svipað og áður. Enn fremur er svo fyrir mælt í þessu frv. eða ráð fyrir því gert, að togararnir fái eins og áður rekstrarstyrk úr aflatryggingasjóði. En síðan koma nýju pinklarnir. Þar er í fyrsta lagi um að ræða 100 millj. kr. vegna 8% viðbótar við fiskverð, sem ákveðið var um s. l. áramót, sem kunnugt er. Til þess að mæta þessum útgjöldum, sem ætlazt er til að greiðist úr ríkissjóði, er nú lagt til, að verklegar framkvæmdir yfirstandandi árs verði skornar niður um 10% eða alls 65 millj. kr. Enn fremur er lagður til niðurskurður á greiðslum til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, af tekjum sjóðsins árið 1966, 20 millj. kr. verði teknar af þessu fé til sveitarfélaganna. Loks er ákveðið í þessu frv., að greiða skuli eigendum frystihúsa minnst 55 og allt upp í 75% af verðfalli frystra fiskafurða í ár miðað við meðalverðlag ársins 1966. Til þessara greiðslna skal varið allt að 130 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1966. Það er vitanlega ekki vitað nú, hversu háar þessar greiðslur verða, það fer eftir verðlagi á erlendum mörkuðum í ár. Þó er talið, að hér sé um skuldbindingar að ræða, sem geta numið allmiklu hærri upphæð en þessum 130 millj. eða allt að 170—180 millj., ef til þess þarf að grípa að nota þetta ákvæði að fullu, um allt að 75% af verðfallinu.

Þetta eru í stuttu máli þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hyggst nú gera seint og síðar meir, þegar komið er fram í miðja vertíð, til þess að halda útveginum gangandi. Og þegar liggur fyrir dómur þeirra, sem við sjávarútveginn starfa, um það, hversu þessar ráðstafanir hrökkva til til þess að mæta þeim vanda, sem þar er við að etja. Og dómurinn er nokkuð einróma á þá leið, að í rauninni séu þessar ráðstafanir allsendis ófullnægjandi og viðhlítandi rekstur sé með þeim engan veginn örugglega tryggður. Sjómenn og útgerðarmenn fiskibáta hafa gagnrýnt fiskverðið, þeir telja það allt of lágt, þegar miðað er við hinn gífurlega tilkostnað og við almennt verðlag og kaupgjald í landinu. Hraðfrystihúsin telja, að rekstrargrundvöllur þeirra, þrátt fyrir þessi ákvæði í frv., sé mjög hæpinn og raunar tæplega fyrir hendi, þessar ráðstafanir dugi ekki eða tæplega til þess að tryggja rekstrargrundvöllinn. Afleiðingin getur því orðið sú, að útvegurinn verði rekinn með hálfum afköstum eða engan veginn með fullum afköstum. Þannig er þá komið fyrir þróttmesta atvinnuvegi okkar, þeim atvinnuvegi, sem hefur átt sterkastan þátt í því að byggja upp íslenzkt efnahagskerfi, sem hefur átt mestan þátt í því að standa undir þeim framförum og þeim bættu lífskjörum, sem orðið hafa hér á landi á undanförnum áratugum, — þannig er þá komið fyrir þeim atvinnuvegi, sem hefur lagt mest í þjóðarbúið, sem hefur framleitt 95—97% allra útflutningsafurða landsins um langt árabil.

Er það þá raunverulega svo, að sjávarútvegur, annar en þá síldveiðar, á meðan uppgripaafli helzt við þær veiðar, sé orðinn eða þurfi að vera eins konar ómagi á framfæri annarra, eins og styrkja- og uppbótakerfið kynni að benda til og ýmsir hafa jafnvel orð á, að þessar greinar sjávarútvegsins séu? Nei, ég held, að það sé síður en svo, að þannig sé komið þrátt fyrir vissa erfiðleika. En hvers vegna þarf að grípa til slíkra ráðstafana sem þessara, ráðstafana, sem þó eru taldir af þeim, sem þeirra eiga að njóta, meira eða minna kák, sem tryggir engan veginn full og eðlileg og nauðsynleg afköst þessarar mikilvægu atvinnugreinar? Ástæðan er vissulega ekki sú, að við séum hér að ræða um atvinnuveg, sem sé einhver vandræðaatvinnuvegur í sjálfu sér, ef svo mætti að orði kveða. Það er þvert á móti. Það hefur margsinnis verið sýnt fram á, að í sjávarútveginum hér á landi hefur verið um að ræða meiri afköst, meira afla á skip en yfirleitt þekkist annars staðar, meiri meðalafla á mann en um er að ræða nokkurs staðar annars staðar, þar sem við höfum spurnir af. En eitthvað hefur gerzt, og það er í stuttu máli þetta: Ríkjandi stefna, sú stefna, sem alllengi hefur ríkt í atvinnu- og fjármálum, hefur nú leitt til þess, að helzti útflutningsatvinnuvegur okkar eða verulega þýðingarmiklar greinar hans eru mjög illa farnar og jafnvel að þrotum komnar eftir 7 ára svokallaða viðreisn. Þar stendur nú í rauninni

ekkert upp úr nema síldveiðarnar, á meðan það varir, að síld veiðist í líkum mæli og hún hefur gert 3—4 undanfarin ár.

Það skorti svo sem ekki, að stór orð og nokkuð digurbarkaleg voru viðhöfð, þegar viðreisnarfleytunni var ýtt úr vör á sínum tíma, þetta hefur verið rifjað upp nokkuð oft og er kannske farið að verða dálítið leiðigjarnt, en ég get ekki látið hjá líða af tilefni þessa frv. að minna á það einu sinni enn. Fyrirheitin, sem þá voru gefin, voru vissulega ekki slorleg. Viðreisnin átti, ef ég man rétt, að tryggja atvinnuvegunum varanlegan og traustan grundvöll. Þetta var eitt meginatriði viðreisnarstefnunnar, að því er sagt var, og ég man svo langt, að gamla bátagjaldeyriskerfið var mjög harðlega fordæmt, þegar viðreisnin var að hlaupa af stokkunum, þ. e. a. s. það kerfi, þær tilfærslur, sem á þeim tíma tíðkuðust, til þess að flytja yfir til sjávarútvegsins hluta af þeim verðmætum, sem þessi atvinnuvegur lagði í þjóðarbúið. Að vísu mátti tala um tvöfalt gengi í þessu sambandi, og þetta millifærslukerfi var svo sem engan veginn gallalaust, það skal fúslega viðurkennt. En þó tókst á þeim tíma fyrir viðreisn að halda útgerðinni gangandi, að halda sjávarútveginum í sókn, og það var gert við margfalt erfiðari þjóðfélagsaðstæður en hafa verið fyrir hendi nú nokkur síðustu árin. Þá voru hin mikilvægustu framleiðslutæki sjávarútvegsins svo að segja fullnýtt, útvegurinn starfaði að heita mátti með hámarksafköstum. Síðan hafa nú í nokkur ár orðið stórfelldar verðhækkanir sjávarafurða á erlendum mörkuðum ár fram af ári. Þessar verðhækkanir sjávarafurða á erlendum mörkuðum hafa átt sinn mikla þátt í því að fleyta útveginum án verulegra skakkafalla yfir erfiðleika, þær hafa forðað honum frá því að komast í strand vegna hinnar mjög svo óhagstæðu verðlagsþróunar innanlands, sem orðið hefur, en jafnskjótt sem verðlag sjávarafurða á erlendum mörkuðum hættir að hækka, jafnskjótt og það lækkar nokkuð, lækkar frá hæsta toppverði, er allt að komast í strand, og þá er til þess gripið að bæta einni uppbótinni á aðra ofan, og virðist þó hvergi nærri hrökkva til.

Það er vissulega helzt til ömurlegt tímanna tákn og þungur áfellisdómur yfir þeirri stjórnarstefnu, sem hér hefur ríkt, hvernig komið er í dag fyrir mikilvægum þáttum sjávarútvegs, hvernig komið er í dag fyrir þeim þáttum sjávarútvegsins flestum, sem báru uppi íslenzkt atvinnu- og efnahagskerfi fyrir nokkrum árum, á meðan síldveiðarnar voru í lágmarki. Íslenzk togaraútgerð má nú heita í kaldakoli. Í stað 40—50 togara, sem gerðir voru út héðan fyrir viðreisn, er verið að basla við það núna að halda úti 14—16 skipum, og öll eru þau rekin með bullandi tapi. Í stað þess, að fyrir viðreisn lögðu togararnir tugi þús. lesta upp til vinnslu í hraðfrystihús, telst það nú til algerra undantekninga, ef uggi af togarafiski kemur hér á land. Þau fáu skip, sem útgerðarmenn togara eru enn að reyna að basla við að gera út, leifarnar af þessum áður svo glæsilega flota, þessi fáu skip sigla með aflann beint á erlendan markað, og þeim er það vissulega vorkunnarmál, slíkur er verðmunurinn, þau munu fá um 4 kr. á kg hér heima, en hafa að undanförnu fengið 12—14 kr. á kg á enskum og þýzkum markaði. Enginn nýr togari hefur bætzt í íslenzka togaraflotann s. l. 8—9 ár, og flestir eru togarar okkar 18—20 ára gamlir. Á sama tíma, sem orðið hefur gjörbylting í togarasmíð og togaraútgerð hjá flestum öðrum fiskveiðiþjóðum, stöndum við ekki aðeins í stað, okkur stórhrakar í þessum efnum.

Því er haldið fram af sumum, að þetta mikla hrun togaraútgerðar og þessi stórfellda fækkun togara stafi að verulegu leyti af því, að þeir hafi ekki á undanförnum árum getað hagnýtt fiskimið, sem þeir áður höfðu, þ. e. a. s. fiskimið, sem eru innan hinnar nýju 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Ég neita því ekki, að þetta hefur haft nokkur áhrif, en þó er það alveg augljóst, að það hefur engan veginn ráðið neinum úrslitum og liggur ekki við, að svo hafi verið, og þó að segja megi og það með fullum rétti, að togarar okkar, hinir elztu af þeim, sem eftir eru, séu nú orðnir úreltir, er staðreyndin samt sú, að yngstu, stærstu og beztu skipin í þessum flota eru í dag einhver fengsælustu aflaskip, sem yfirleitt þekkjast, og það sannar e. t. v. ekkert eins vel, hvernig aðstaða til útgerðar á Íslandi er orðin í dag eftir alla viðreisnina, heldur en það, að uppgripaafli og sala þess afla, þótt jafnvel heimsmet sé, virðist ekki lengur hrökkva til, það er ekki hægt að gera hér út samt, þó að hvort tveggja fari saman, metafli og metsala. Það er tap á útgerðinni samt, segja menn, og þeir, sem eiga metaflaskipið í íslenzka flotanum í dag, munu vera í óða önn — eða forráðamenn þeirra — að reyna að selja þetta skip fyrir svipað verð og einn nýr síldarbátur kostar í dag. Og hvernig hafa svo þessi viðreisnarár leikið bátaflota landsmanna, þ. e. a. s. þann hluta flotans, þann mikilvæga hluta hans, vil ég segja, sem ekki hentar til þess að stunda síldveiðar á djúpmiðum? Þetta er sá hluti flotans, sem staðið hefur að mjög verulegu leyti undir hraðfrystiiðnaði okkar, undir saltfisks- og skreiðarverkun í landinu, þetta eru skipin, sem sjávarþorp og kaupstaðir víðs vegar um land hafa að verulegu leyti byggt afkomu sína á. Í aðalmálgagni viðreisnarinnar, Morgunblaðinu, var á þetta drepið lauslega í forustugrein í gær. Tæplega vænir neinn Morgunblaðið um að bera viðreisninni lakar söguna en efni standa til. Ég ætla því að leiða Morgunblaðið í gær sem vitni. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitt er alvarlegra, hversu sá floti, sem bolfiskveiðar stundar, hefur dregizt saman. Á árunum 1963—1966 hafa 87 bátar, samt. 4713 rúmlestir, verið strikaðir út af skipaskrá. Á sama árabili hafa verið skráð 37 ný fiskiskip undir 120 rúmlestum. Þar af voru á s. l. ári aðeins tvö ný skip, samt. 109 rúmlestir. Ljóst er,

að hér er um alvarlega þróun að ræða, þar sem þessi skipafloti ásamt togurunum hefur aflað þess hráefnis, sem rekstur frystihúsanna byggist á og þar með atvinna í fjölmennum byggðarlögum um land allt.“

Þetta segir nú Morgunblaðið. Hér á það vissulega við, „að bragð er að, þá barnið finnur“. Svo gersamlega er nú fyrir það tekið, að nokkur endurnýjun eigi sér stað í þessari grein skipaflotans, að á s. l. ári bættust skv. þessum upplýsingum Morgunblaðsins einungis 2 nýir bátar í þennan hóp, samt. 109 rúmlestir að stærð. Til viðhalds eingöngu, til þess rétt að halda í horfinu, virðist mér, að þurft hefðu að bætast í flotann 22 bátar eða þar um bil á s. l. ári og þeir hefðu þurft að vera um 1200 rúmlestir samt. til þess rétt að halda í horfinu. Þeir urðu tveir, 109 tonn.

Hér er þó engan veginn öll sagan sögð. Rekstur þeirra fiskibáta, sem til eru í landinu undir 120 tonnum, er langt frá því að vera með eðlilegum og æskilegum hætti. Ástæðan er sú, að rekstrargrundvöllurinn er ekki til staðar. Víða hefur gengið erfiðlega að fá mannskap á þessa fiskibáta. Tekjuvonin þar er nú ekki meiri en svo, að menn kjósa flest önnur störf fremur, og þó að útgerðarmönnum takist að fá menn á bátana, t. d. frændur okkar Færeyinga, á vetrarvertíð, eru fjárhagsörðugleikar útgerðarinnar víða svo miklir, að mörgum útgerðarmanni reynist illkleift að yfirstíga þá. Þess vegna liggur meiri eða minni hluti þessa bátaflota aðgerðarlaus verulegan hluta ársins, nema þá rétt á hávertíðinni, og nú er jafnvel svo komið, að ýmsir sæmilegir og jafnvel góðir fiskibátar hreyfa sig ekki, þótt vertíð standi sem hæst. Þetta hefur síðan algerlega lamandi áhrif á frystihúsin, þau eru mörg hver rekin með lágmarksafköstum vegna hráefnisskortsins, þau frystihúsin, sem ekki hafa beinlínis neyðzt til þess að loka algerlega, þar sem þau fá ekki hráefni.

Af fiskiðnaðinum er þá sögu að segja í stuttu máli, að þar sem aðstaða hefur á undanförnum árum verið sæmileg til þess að afla hráefnisins, má telja, að a. m. k. á árunum 1964 og 1965 hafi afkoma frystihúsanna verið heldur góð. Hækkandi afurðaverð á erlendum mörkuðum átti að sjálfsögðu mjög mikinn hlut að því, jafnvel drýgstan hlut, að frystihúsin gátu lengi vel mætt auknum rekstrarkostnaði. En jafnskjótt og þessi þróun stöðvaðist, jafnskjótt og fiskafurðirnar erlendis hættu að hækka, þegar fiskverðið erlendis lækkar nokkuð, telur frystihúsaiðnaðurinn og það vafalaust alveg réttilega, að enginn rekstrargrundvöllur sé lengur fyrir hendi.

En hér kemur einnig fleira til, sem ég vil aðeins benda á og fara um örfáum orðum, þótt það sé raunar stórt mál, sem vert hefði verið að ræða ýtarlega. Jafnframt því sem bátum og togurum hefur verið að fækka á undanförnum árum, hefur einnig átt sér stað sú þróun, að fjölmargar litlar fiskverkunarstöðvar hafa risið upp. Þær hafa þotið upp undanfarin ár, svo að tugum skiptir, mörgum tugum. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann á mikið eftir af ræðu sinni?) Ég mundi geta lokið henni á svona kortéri. (**Forseti:** Já, þá verð ég að fresta umr.) [Frh.]

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Ed., 7. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Gils Guðmundsson [frh.]: Herra forseti. Ég tek þar til sem frá var horfið í gær, þegar umr. um þetta mál var frestað. Þar var komið mínu máli, að ég taldi mig hafa sýnt fram á það, að stærsta vandamál frystiiðnaðarins og það vandamálið, sem enn er að mestu leyti óleyst, er skorturinn á hráefni, skortur á fiski til vinnslu. Ég sýndi fram á, að það hefði á undanförnum árum gætt furðulegs og stórháskalegs tómlætis um endurnýjun togara- og bátaflotans. Ég sýndi fram á, að rekstrargrundvöllur fiskibáta væri nú svo bágborinn, að enginn trygging væri fyrir því, að þeir væru gerðir út eða allur þorri þeirra yrði gerður út, ekki einu sinni á hávertíðinni. En það er fleira en þetta, sem veldur hráefnisskorti hraðfrystihúsa. Það er fleira en þessar staðreyndir, sem ég rakti nokkuð ýtarlega í máli mínu í gær, svo alvarlegar sem þær þó eru og svo mikil áhrif sem þær vitanlega hafa. Jafnframt því sem þeim skipum, sem leggja fisk á land til vinnslu, stórfækkar, þá á sér stað eða hefur átt sér stað önnur þróun, sem einnig er mjög uggvænleg fyrir hraðfrystiiðnaðinn. Litlar verkunarstöðvar, ýmsar smáfiskverkunarstöðvar hafa risið upp tugum saman, oft til þess að verka fisk af einum báti eða tveim. Nú er jafnvel svo komið, að finnast munu þeir útgerðarstaðir þar sem fiskverkunarstöðvar, stórar og smáar, allt frá fullkomnum og afkastamiklum hraðfrystihúsum til lítilla og ófullkominna söltunarskúra, — þessar fiskverkunarstöðvar eru sums staðar orðnar jafnmargar eða jafnvel fleiri en bátarnir, sem gerðir eru út til þorskveiða frá þessum stöðum.

Stjórnarvöld og lánastofnanir hafa ekki aðeins horft aðgerðalaus á þessa þróun, sem verið hefur að gerast núna undanfarin ár og missiri, heldur hafa þessir aðilar beinlínis stuðlað að því, að þetta gerðist. Þeir hafa stuðlað að því, bæði beint og óbeint, og það er ekki fyrr en nú seint og um síðir, eftir að allt er komið í öngþveiti í þessu efni, að farið er af hálfu stjórnarvalda að ræða um nauðsynina á því að koma einhverri skipan, koma einhverju sæmilegu skipulagi á þessa hluti. Þetta er óneitanlega mjög seint, sem ráðamenn vakna upp í sambandi við þróun þessara mála, og hömluleysið, afskiptaleysið, skipulagsleysið á þessu sviði hefur þegar kostað þjóðina mikið fé og það hefur valdið hraðfrystiiðnaðinum verulegu tjóni. Nú má segja að vísu, að betra sé seint en aldrei, ef ráðandi aðilar ætla nú í alvöru að fara að gefa þessum málum gaum. En það er ljóst, að þessi mikla fjölgun lítilla fiskvinnslustöðva hefur þegar reynzt hraðfrystiiðnaðinum mjög þung í skauti. Fyrir

bragðið standa mörg hinna stóru og vel búnu hraðfrystihúsa nú auð eða því sem næst auð, og þegar svo er komið, má nærri geta, hver útkoman á rekstri þeirra verður.

Tvennt er það, sem ég held að eigi mestan þátt í því, að þróunin hefur orðið á þessa leið, — þessi þróun, sem ég hef nú lýst stuttlega og ég er ekki í neinum vafa um að er mjög óhagkvæm séð frá þjóðhagslegu sjónarmiði, enda þótt hún kunni í bili að vera hagstæð fyrir einstaka útgerðarmenn. En það, sem veldur þessari þróun, er annars vegar hið óeðlilega lága, ég vil segja heimskulega lága verð, sem hér hefur verið undanfarin ár á fiski upp úr sjó. Ráðamenn hafa með fullu atfylgi frystihúsaeigenda verið að rembast við það að halda hráefnisverðinu á fiskinum sem allra lægstu og með þeim afleiðingum, sem áður greinir, að sjómenn hafa borið óeðlilega lítið frá borði, og útgerðarmenn hafa reynt að bæta sér upp þetta óeðlilega lága hráefnisverð með því að koma sér upp með einhverju móti aðstöðu til þess að verka sinn fisk sjálfir. En hér kemur einnig til hið algera skipulagsleysi í fjárfestingarmálum. Hér kemur hið marglofaða frelsi, sem er venjulega kallað því fallega nafni af stjórnarherrunum. Bankar og lánastofnanir virðast ekki hafa látið sig það miklu skipta á undanförnum árum, hvort í því var nokkur vitglóra frá þjóðhagslegu sjónarmiði að lána til aukinnar fjárfestingar, t. d. í sambandi við fiskverkunarstöðvar á þessum staðnum eða hinum. Það er jafnvel enn í dag verið að reisa nýjar fiskverkunarstöðvar rétt svo að segja við hliðina á stórum og ágætlega búnum hraðfrystihúsum, sem hafa hreinlega orðið að loka vegna hráefnaskorts.

Þessi þróun, sem ég hef nú lýst stuttlega, hefur verið að gerast á undanförnum veltiárum, án þess að stjórnarvöld hreyfðu svo að segja hönd né fót. En nú er loks að því komið, að augu ráðamanna virðast vera farin að opnast fyrir því, að hér er vissulega vandi á ferðum. Þess gætir í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir. Þar koma fram ýmsar bollaleggingar um nauðsyn skipulagsbreytingar, nauðsyn skipulagningar í sambandi við fiskiðnaðinn, og ekki skal ég mæla á móti því, að þar er vissulega breyttra vinnubragða þörf. Þar er vissulega þörf skipulagningar, og hefði verið nauðsynlegt, eins og ég tel mig hafa sýnt fram á, að móta þar skynsamlega heildarstefnu, áður en allt var komið í öngþveiti, allt var að komast í þrot.

Nú tala margir um það, og það örlar á því í grg. fyrir þessu frv., að nú verði að fara að fækka frystihúsum, jafnvel stórfækka þeim, en stækka þau, sem eftir verða, og auka hagræðingu í sambandi við rekstur þeirra. Að vissu marki kann að vera réttmætt að stefna að þessu, en ekki nema að vissu marki, og á það vil ég leggja áherzlu, að úr því sem komið er gæti sú villan orðið jafnvel verri hinni fyrri að knýja fram á skömmum tíma mjög róttækar breytingar í þessu efni. Það er engan veginn alls staðar, sem hægt er að koma við stórrekstri í þessari atvinnugrein. Hitt er tvímælalaust brýnasta verkefnið, eins og ég leitaðist við að sýna fram á í gær, að auka hráefnisöflunina, að byggja upp skipaflotann og koma honum á rekstrarhæfan grundvöll. Þetta er frumskilyrði þess, að fiskiðnaður okkar geti orðið sá undirstöðuatvinnuvegur, geti verið það framvegis og orðið það á ný, — sá undirstöðuatvinnuvegur, sem hann hefur vissulega verið og hefur í rauninni öll skilyrði til að verða á komandi tímum, ef rétt er á málunum haldið. Hinu er svo ekki ástæða til að gleyma, þegar rætt er um skipulagsleysið í sambandi við uppbyggingu fiskiðnaðarins, þegar rætt er um óhóflega fjárfestingu, sem þar hefur átt sér stað á sumum sviðum undanfarin ár, að miklu víðar þyrfti að taka til hendi, ef við ætlum nú á annað borð að fara að byggja dálítið meira en verið hefur um sinn á skynsamlegri áætlunargerð, en ekki á skipulagsleysi, sem svo leiðir af sér í flestum tilfellum óþarfa fjársóun og stundum algert bruðl.

Ég skal í sambandi við þessi efni halda mér við sjávarútveginn og þann rekstur, sem hefur bein áhrif á afkomu hans. Ég skal ekki fara út fyrir þann ramma í þetta skipti, þó að freistandi væri að nefna skipulagsleysið í mörgum öðrum atvinnugreinum, og ég ætla að láta nægja að benda á þrjú dæmi af mörgum.

Hér á landi starfar fyrirtæki, sem heitir Kassagerð Reykjavíkur. Þetta er stórt fyrirtæki á íslenzkan mælikvarða. Það er búið ágætum húsa- og vélakosti, það er vel skipulagt, og það er að allra dómi vel rekið fyrirtæki. Afkastageta þess er slík, að það leikur sér að því að framleiða nægar umbúðir undir allan hraðfrystan fisk, sem hér er framleiddur og sennilegt er að verði framleiddur hér á næstu árum. Þetta fyrirtæki hefur verið samkeppnisfært við erlendar kassaverksmiðjur bæði um verð og gæði, það hygg ég, að sé ómótmælanlegt. Þá hættu, sem kynni að stafa af einokunaraðstöðu þess fyrirtækis, sem þannig væri eitt um hituna hér á landi, að því er varðar þessa framleiðslu, þá hættu má hæglega fjarlægja og gera að engu með því að flytja inn umbúðir, ef eða þegar nauðsyn kynni að bera til, þegar fyrirtækið framleiddi ekki samkeppnishæfa vöru bæði um verð og gæði. En nú er það öllum hv. alþm. kunnugt, að fyrirtæki hraðfrystihúsanna, fyrirtæki þessara ágætu húsa, sem segja og segja það vafalaust réttilega, að þar sé tæplega um nokkurn rekstrargrundvöll að ræða eins og er, fyrirtæki þeirra, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, er nú í óða önn að koma sér hér upp nýrri kassagerð, nýju tugmilljóna fyrirtæki, þó að það sé margsannað og liggi fyrir, að hér er lafhægt að framleiða með þeim véla- og húsakosti, sem fyrir er í landinu, allar þær umbúðir, sem nokkur markaður er fyrir hér á landi. Afleiðingin hlýtur svo að verða tvöföld fjárfesting miðað við það, sem þörf er á, miðað við það, sem þjóðhagslegt vit er í, auk þess sem allt eins líklegt verður

að teljast, að annað tveggja gerist: hér verði þá innan skamms rekin tvö fyrirtæki, sem framleiða hina sömu hluti, og hvorugt fái almennilega þrifizt, ellegar þá hitt, að þessi fyrirtæki bindast samtökum sín á milli, samtökum um nógu háa álagningu, til þess að bæði geti hagnazt og þá verður útkoman vitanlega þessi, tvöföld fjárfesting, hækkað verð á umbúðum, þjóðfélagslegt tap á þessu öllu saman.

En er það ekki einmitt þetta, sem hefur gerzt á öðru sviði, — sviði, sem er sjávarútveginum engan veginn óviðkomandi? Ég á þar við innflutning, dreifingu og sölu á olíum, þrefalt kerfi, þrjú olíufélög, sem keppast við að fjárfesta hóflaust og skipulagslaust, en þegar svo kemur til verðlagningar og til ýmissar — ég vil segja margvíslegrar takmörkunar á þjónustu við þá, sem kaupa olíur, virðist vera sami rassinn undir þessum fyrirtækjum öllum, þá er þetta einn harðvítugur einokunarhringur.

Og loks er það tryggingastarfsemin. Þar er svipaða sögu að segja, og ég held, að það megi furðu gegna, ef ekki er hægt að koma tryggingamálunum betur og haganlegar fyrir en gert er nú í dag til ávinnings fyrir sjávarútveginn og landsmenn alla.

Ég hef nefnt þessi þrjú dæmi. Dæmið um umbúðaframleiðslu, um olíuverzlun og tryggingastarfsemi, rétt til þess að minna á, að svo framarlega sem ætlunin er að fara að hverfa frá þeirri happa- og glappaaðferð skipulagslausrar fjárfestingar, sem ríkt hefur hér á undanförnum árum, er að mörgu að hyggja og nokkuð víða ástæða til að bera niður. Skipulagsleysið í fiskiðnaðinum er eitt af mörgu, sem kippa ætti ögn í lag, en það er hvergi nærri það eina, sem máli skiptir, ekki einu sinni þó að aðeins sé litið til sjávarútvegsins, hvað þá heldur annarra greina.

Þær ráðstafanir, sem ætlunin er að gera með því frv., sem hér er til umr., til að koma í veg fyrir algera stöðvun í sjávarútvegi og fiskiðnaði hrökkva því miður helzt til skammt og koma að takmörkuðum notum. Þar er um að ræða hrein bráðabirgðaúrræði, en enga frambúðarlausn þess vanda, sem okkur er hér vissulega á höndum. Við Alþb.-menn munum að sjálfsögðu taka það til athugunar, hvort þessar ráðstafanir mega teljast óhjákvæmilegar í bili, úr því sem komið er, til að forða útveginum frá algeru hruni. Við munum einnig við frekari meðferð málsins taka afstöðu til þeirra fjáröflunarleiða, sem lagt er til að fara skv. þessu frv. Þar er enn beitt sömu aðferðum og þessi hæstv. ríkisstj. hefur verið nokkuð gjörn á að grípa til, að skera niður verklegar framkvæmdir hjá ríki og bæjum. Ég fæ raunar ekki séð, hvernig það verður réttlætt, á meðan öll fjárfesting einkaaðila er algerlega frjáls, algerlega skefjalaus.

Það er ömurlegt og í rauninni gegnir það mikilli furðu, að þannig skuli að sjávarútvegi og fiskiðnaði búið í dag eins og raun ber vitni og hér hefur allýtarlega verið rakið. Maður heyrir jafnvel nú þessa dagana Pétur og Pál, menn, sem til að mynda eru að fást við verzlun eða þjónustustörf, tala um sjávarútveginn eða a. m. k. þann hluta hans, sem hér hefur verið til umr., eins og hvern annan annars eða þriðja flokks atvinnuveg, eins og einhvern ómaga á þjóðarbúinu, sem lifi vesældarlífi á ríkisframfæri, og það væri jafnvel í samræmi við þessar raddir, að fram kæmu kröfur um það að leggja þennan vandræðaatvinnuveg að meira eða minna leyti niður. Þannig er sem sagt búið að þjarma að þessum atvinnurekstri, þannig er hann leikinn í okkar íslenzka verðbólgu- og viðreisnarþjóðfélagi. Það ætti þó tæplega að þurfa að segja neinum hugsandi manni, að sjávarútvegur hefur á mörgum undanförnum áratugum verið þróttmesti og gjöfulasti atvinnuvegur okkar. Það er hann, sem hefur að verulegu leyti staðið undir þeim efnahagslegu framförum og þeim bættu lífskjörum, sem hér hafa orðið, og þrátt fyrir öll áföll gegnir sjávarútvegurinn þessu hlutverki enn í dag og mun gera á komandi tímum, ef sæmilega verður á málunum haldið. En bresti þessi burðarás, bresti sjávarútvegurinn, er vá fyrir dyrum. Þá er hætt við, að efnahagskerfi okkar hrynji eins og spilaborg. Víst er það ánægjulegt að geta flutt inn bifreiðar fyrir þús. millj. á einu ári, eins og gert var s. l. ár, og óneitanlega er enginn kotungsbragur á því að kaupa sjónvarpstæki á einu ári fyrir 200—300 millj. Og þannig mætti halda áfram að telja ýmis þau gæði og lífsþægindi, sem margir hafa getað veitt sér nú að undanförnu. Það er út af fyrir sig ágætt. En það er hætt við, að fljótt segi til sín í breyttum og versnandi lífskjörum, ef varanlegur samdráttur verður í sjávarútveginum. Við hljótum að gera okkur það ljóst — verðum að gera það, á hverju velmegunin byggist. Við verðum að kosta kapps um að treysta þann atvinnurekstur, sem undir henni stendur. Þetta hefur því miður verið vanrækt. Með skipulegum og samstilltum þjóðfélagslegum aðgerðum ber því að tryggja, að sjávarútvegurinn geti leyst af hendi það mjög svo mikilvæga hlutverk, sem enginn annar íslenzkur atvinnurekstur er fær um að taka að sér í náinni framtíð í neitt svipuðum mæli eins og sjávarútvegur.

Ég vil svo leggja áherzlu á þessi atriði að lokum: Við Alþb.-menn lýsum þeirri sök á hendur núverandi stjórnarfl. og stjórnarstefnu, að eftir eitthvert mesta góðæri, sem yfir þjóðina hefur komið, skuli mikilvægar greinar höfuðatvinnuvegar okkar, sjávarútvegsins, vera eins á vegi staddar og þær eru í dag. Við lýsum þeirri sök á hendur stjórnarstefnunni, að um leið og yfirbygging þjóðfélagsins hefur stöðugt verið að hækka og útna út, skuli undirstöðurnar vera að brotna niður og fúna. Eigi okkur Íslendingum að lánast að forða frá hruni, verður að taka upp gagngera nýja stefnu að því er varðar undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar og þá alveg sérstaklega sjávarútveginn. Við þurfum að hagnýta fjármagn okk-

ar stórum betur en nú er gert í þágu framleiðslunnar, og við megum ekki hika við að skipuleggja hlutina. Með skipulegu átaki verðum við að endurnýja fiskiskipaflotann, við verðum að tryggja honum og fiskiðnaðinum viðhlítandi rekstraraðstöðu, svo að þessar atvinnugreinar geti haldið hér uppi góðum og batnandi lífskjörum. Þetta er hægt, það er vissulega hægt, ef fullur vilji og skilningur er fyrir hendi, skilningur á því, að hér er það undirstaðan, hér er grunnurinn, sem afkoma okkar byggist að mjög verulegu leyti á. Markviss framleiðslustefna verður því að taka við, eftir að hin svokallaða viðreisn, happa- og glappastefnan, hefur gengið sér svo rækilega til húðar sem raun ber vitni.

Þetta frv. markar því miður enga stefnubreytingu. Það er einungis lítil bót á gamalt og slitið fat. Meðan ekki er um það að ræða að losna með öllu við aflóa viðreisnarflíkur, er bótin trúlega skárri en ekki neitt.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal reyna að forðast að gefa tilefni til frekari umr. um þetta mál en þegar er orðið í gær og í dag og tel, að fátt nýtt hafi komið fram í þessum umr. nú hér í hv. þd. umfram það, sem kom fram í umr. í sama máli í Sþ. nú fyrir skömmu, og flest það sama tínt upp aftur og þar var gert. Ég verð þó að segja, að hefði ríkisstj. verið opin fyrir því, sem ég tel, að hún sé, að þessir hv. stjórnarandstæðingar gerðu grein fyrir till. sínum, sem miðuðu í aðra átt en þær till., sem í frv. felast, hefði verið eðlilegt og sjálfsagt að taka til þeirra tillit. Nú virðist svo af framsöguræðum þeirra beggja flokka, að þeirra till. í meginefni málsins fari nokkuð í sitt hvora átt. Annar telur, eins og ég held ég hafi rétt eftir hv. 6. þm. Sunnl., hann telur það mjög varhugaverða leið, svo að ekki sé meira sagt, að ríkisstj. geri nú till. um það, að fækka verði einhverjum frystihúsum. Hann sagði að vísu síðar í sinni ræðu, að hann vildi sjá útfærslu þessara till. nánar, þegar fram í sækti, og skyldi þess vegna ekki mótmæla því á þessu stigi málsins, en taldi mörg og mikil vandkvæði á því, að þetta yrði gert. Báðum aðilum bar þó saman um, að fiskverð í landinu sé allt of lágt, bæði til sjómanna og útgerðarmanna. Skyldi nú ekki sá hinn mikli fjöldi frystihúsa með svo mjög lítla nýtingu sem raun ber vitni um, að fjöldi frystihúsa hefur, hafa nokkur áhrif á fiskverð í landinu? Ég hygg, að það fari ekki á milli mála, að hin mjög svo lélega nýting fjöldamargra frystihúsa í landinu hefur þarna hin mikilvægustu og örlagaríkustu áhrif á fiskverðið, þ. e. a. s. þegar verið er að reikna út fiskverðið á hverju hausti, er tekið — eða hefur verið gert um mörg undanfarin ár — meðaltal af rekstrarafkomu hinna einstöku frystihúsa og fiskverð ákveðið samkv. því.

Það hefur ekki verið gert í þessum umr. hér nú, en oft áður vitnað til þess, hve fiskverð Norðmanna á hinum ýmsu fisktegundum væri mun hærra en hér. Þeir hafa haft á því mjög strangt eftirlit, að frystihús yrði ekki sett niður á þessum eða hinum staðnum, nema það hefði afkastagetu yfir ákveðnu lágmarki, auk þess sem þeir styrkja og styðja með opinberum aðgerðum, eins og er lagt til í þessu frv. nú, mjög mikið fiskvinnslustöðvarnar til að greiða hærra fiskverð. Þetta hef ég frá fyrstu hendi frá sjútvmrh. Norðmanna, sem ég átti allýtarlegar viðræður við um þessi atriði á s. l. hausti. Þetta er ákaflega flókið kerfi hjá Norðmönnum og jafnvel svo, að ríkisstyrkurinn er meiri til fiskverðsins á ákveðnum stöðum í landinu, þar sem við atvinnuleysi er að etja og kannske ekki tilefni til að skýra frá því í einstökum atriðum hér, en ríkisstyrkir Norðmanna til fiskvinnslustöðva og útgerðar í landinu eru geysilega miklir, svo að skiptir mörgum hundruðum millj. norskra króna. Það sama erum við raunar að gera hér með þeim styrkjum, sem hér er farið fram á. Og þessir styrkir Norðmanna hafa á undanförnum árum verið mismunandi eftir því, hvernig fiskafurðir þeirra hafa selzt á erlendum mörkuðum, rétt eins og það, að við eigum nú við að etja ákveðna erfiðleika vegna lækkandi fiskverðs á okkar aðalmörkuðum, í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.

Enginn skyldi fagna því meira en ég, og ég vil ekki væna hv. þdm., þótt í stjórnarandstöðu séu nú, um það, að þeir mundu ekki fagna því eins og ég og aðrir, sem eru í stjórnarflokkunum nú, ef þetta breyttist á yfirstandandi ári. Það skyldi enginn fagna því meira og innilegar en ég, hafandi það starf, sem ég nú hef á hendi, ef fiskverð tæki að hækka á ný, og ýmsar fregnir bera þess vott, að um algjörlega óeðlilegt ástand sé á þessum mörkuðum að ræða, og við skulum vona, að svo sé og fljótlega greiðist úr þessu, þannig að sá vandi verði ekki eins erfiður og við blasir nú. Þetta vildi ég segja um ræður þessara hv. þm. beggja almennt, og í öðru lagi vil ég minna á örfá atriði, sem þeir gátu um í sínum ræðum.

Hv. 6. þm. Sunnl. talaði um, m. a. til að draga úr útgerðarkostnaði, að lækka útflutningsgjöldin. Hvað eru útflutningsgjöldin í dag? Hvert renna þessi gjöld? Þau renna til útgerðarinnar sjálfrar, þannig að það yrði af útgerðinni dregið og yrði þá að færast yfir á ríkissjóð, ef þessi gjöld yrðu lækkuð. Hvað þm. sagði hér í gær — og ég kallaði fram í hans ræðu — sem dæmi um það, að rn. hefði ekki sinnt till. vélbátaútgerðarnefndar, þá nefndi hann eitt atriði af mörgum, sem er ekki þörf á að rifja upp hér. Því var svarað í umr. um fsp. í hliðstæðu máli í Sþ. fyrir örskömmum tíma, að rn. hefði ekkert gert varðandi það að bæta mönnum það tjón, sem þeir hefðu orðið fyrir, vegna þess að síldveiði hér sunnan- og suðvestanlands hefði að mestu fallið niður, og taldi, að rn. hefði algjörlega vanrækt þessa till. vélbátaútgerðarnefndar. Það er rangt, eins og ég kallaði fram í í gær. Fiskifélaginu hefur verið falið að gera till. um, með hvaða

hætti bezt verði fyrir þessu séð og bezt að því staðið, og L.Í.Ú. hefur verið beðið einnig um till. um sama efni. Fyrr en till. þessar liggja fyrir, vita menn ekki, hvað dæmið er stórt eða hve miklar fjárhæðir yrði hér um að ræða, og verður að meta það, þegar þeirri rannsókn er lokið. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Að öðru leyti, til að lengja ekki umr. hér, vísa ég til þess svars, sem ég gaf í Sþ. varðandi það, hvað rn. hefði gert til þess að leysa úr till. vélbátaútgerðarn., og er óþarft að rekja það aftur hér.

Það var minnzt á það af hv. 5. þm. Reykn., að bátagjaldeyriskerfinu á sínum tíma hefði verið mjög hallmælt og það talið innleiða hvers konar spillingu, sem hann taldi að hefði nú sízt minnkað og jafnvel ætti að auka hana með þessu frv., sem hér lægi fyrir. Ég held, að ég fari ekki með rangt mál, og ég skal þá taka þá fullyrðingu mína aftur, ef hún reynist röng, en mig minnir, að sú ágæta og margnefnda vinstri stjórn hafi afnumið þetta bátagjaldeyriskerfi, áður en hún lét af völdum, og tekið upp annað kerfi til styrktar útgerðinni með sínum síðustu till. um bjargráð, áður en hún lét af störfum, þannig að jafnvel henni sjálfri var ljóst, að það kerfi var ekki nógu haldgott til að tryggja, að útgerð yrði hér áfram rekin.

Þá hefur einnig almennt verið talað um það, bæði með ljósum og óljósum fullyrðingum hv. beggja stjórnarandstæðinga, að þessi vandamál útgerðarinnar nú væru algjörlega óvenjuleg, og nánast látið í það skína, að íslenzk útgerð hefði aldrei átt við slíka erfiðleika að etja eins og hún hefur átt við nú. Ég er sjálfur fæddur og uppalinn við sjó og hef átt lífsafkomu mína lengst af ævinni undir því komna, hvernig þar hefur gengið til, og það þýðir þess vegna ekki að segja mér slíkar fullyrðingar sem þessar. Ég hef oft orðið ásjáandi þess, bæði á síðari árum og unglingsárum, að sveiflukenndir hlutir hafa átt sér stað í íslenzka sjávarútveginum. Og þessum hv. þm. er alveg eins fullkunnugt um það og mér, þó að kunningsskapur þeirra af þessum hlutum kunni að vera æðimisjafn áður, að sá atvinnuvegur í landinu, sem á allt undir því komið, hvernig verðlag á erlendum mörkuðum sveiflast til frá ári til árs, hann hlýtur að taka á sig mikla áhættu, hlýtur að taka á sig þá áhættu að geta orðið fyrir þungum áföllum af og til. Og það sama er að ske hér eins og oft hefur skeð áður. Ég minnist þess í ráðherratíð flokksmanna þessara ágætu stjórnarandstæðinga, að til stöðvana kom í íslenzkum sjávarútvegi út af sams konar erfiðleikum og nú er við að etja, þannig að það er bæði villandi og rangt að reyna að draga upp þá mynd, að nú sé í fyrsta skipti eða nánast í eina skiptið í sögu íslenzkrar útgerðar eða fiskvinnslu í landinu við einhverja erfiðleika að etja. Ég skal taka undir það með þeim hv. þm. báðum, að íslenzkur sjávarútvegur hlýtur að verða enn um ókomin ár burðarás íslenzks atvinnulífs og erfiðleikum hans verður þjóðin að mæta öll vegna þess, hve mikill grundvallaratvinnuvegur hann er, og leysa hans tímabundna vanda á hverjum tíma, eftir því sem kostur er á og viðunandi getur talizt að þeirra dómi, sem þar stýra málum.

Helgi Bergs: Herra forseti. Hæstv. sjútvmrh. lofaði því í upphafi ræðu sinnar að haga orðum sínum þannig að gefa ekki tilefni til þess að lengja þessar umr. mjög mikið, og hann stóð við það á þann hátt, að ég hefði ekki séð ástæðu til þess að kveðja mér hljóðs að nýju, ef ekki hefði það komið til, að hæstv. ráðh. fór rangt með eitt veigamikið atriði úr ræðu minni í gær, sem ég sé mig knúinn til að leiðrétta.

Hæstv. sjútvmrh. taldi, að ég hefði sagt það í gær, að þær hugmyndir, sem uppi væru í þessu frv. um það að gera veigamiklar skipulagsbreytingar á hraðfrystiiðnaðinum, væru varhugaverðar. Þetta orð mun ég ekki hafa notað um það, heldur þvert á móti mun ég hafa harmað það, að hæstv. sjútvmrh. og hæstv. ríkisstj. skyldu ekki fyrr beita sér fyrir skipulagi í þessum efnum, meðan á uppbyggingu stóð, heldur en að grípa nú til skipulags um að loka og rífa niður. Hitt er svo annað mál, að ég benti á, að margvíslegir erfiðleikar hljóta að verða á framkvæmd þessarar hugmyndar, og ég gerði það ekki síst til þess að vekja athygli á því grundvallaratriði þessa máls, sem ég tel vera, sem er hráefnisöflunin, erfiðleikarnir í sambandi við hráefnisöflunina, hve tímabundin hún er, hve staðbundin hún er. Það er á því sviði, sem lagfæringar er fyrst og fremst þörf til þess að bæta úr hráefnisskorti þessa iðnaðar. En úr því að ég er hér kominn í ræðustólinn til þess að gera þessa leiðréttingu, sem ég nú hef gert, þykir mér rétt að drepa á örfá atriði til áréttingar því, sem áður hefur komið fram.

Þegar hæstv. sjútvmrh. ræddi um lágt fiskverð, þá taldi hann, að hin slæma nýting frystihúsanna væri einmitt ein ástæðan, veigamesta ástæðan til þess, hvað fiskverðið þarf að vera lágt. Hér er auðvitað snúið við orsök og afleiðingum. Ef fiskverðið í landinu væri eðlilegt, þá væri hráefnisöflunin eðlilegri, uppbygging bátanna, viðhald og endurnýjun togaraflotans með eðlilegri hætti en verið hefur. Það er þýðingarmikið að gera sér grein fyrir, hvað eru orsakir og hvað eru afleiðingar í þessum efnum. Og taldi ég, að ég hefði vikið að því í ræðu minni hér í gær, og raunar gerði hv. 5. þm. Reykn. það mjög rækilega hér áðan, ef það skyldi hafa farið fram hjá mönnum, að ég hafi einnig gert það í gær.

Ég gerði í ræðu minni í gær grein fyrir margvíslegum till., sem ég taldi að þyrfti að framkvæma til úrbóta fyrir sjávarútveginn, og rakti þær í mörgum töluliðum. Aðeins eitt atriði af því gerði hæstv. sjútvmrh. hér að umtalsefni, og það var, að ég hefði lagt til, að útflutningsgjöld yrðu lækkuð, og þótt-

ist hann strax sýna fram á óheilindi í þeirri till. með því að vekja athygli á, að það færi allt til útgerðarinnar aftur. Ég vil í því sambandi vekja athygli á tvennu: Annars vegar því, að tryggingar útgerðarinnar verður að gera hagkvæmari en þær hafa verið um skeið. Og það var raunar ein af þeim till., sem ég gerði í ræðu minni hér í gær. Enn fremur álít ég, að það sé óeðlileg leið til þess að afla atvinnuvegum lánsfjár, og hef oft gert grein fyrir því í ýmsu sambandi, að skattleggja þá sjálfa. Ég tel því enga mótsögn vera í því að leggja til að lækka útflutningsgjöldin, vegna þess að þau renna að verulegu leyti til hluta, sem þarf ekki að leggja svo mikið fé í með þeim hætti, sem þar er gert.

Mig langar aðeins að nefna eitt atriði enn, vegna þess að mér þótti það ákaflega leitt í ræðu minni í gær, þá greip hæstv. sjútvmrh. fram í fyrir mér og sagði mig fara með rangt mál, þegar ég hafði sagt, að ekkert raunhæft hefði verið gert í sambandi við till. til stuðnings minni bátum, sem hefðu aflað sér dýrs síldveiðiútbúnaðar, sem þeir gætu ekki notað. Ráðh. greip fram í, sagði, að það væri rangt, og ég hlýt að harma það, ef það hendir að hafa hæstv. ráðh. fyrir rangri sök. Hans hlutur er ekki of stór í þessum málum, eins og sakir standa. Þegar svo hæstv. ráðh. kemur í ræðustólinn og fer að gera grein fyrir því, hvað hann hefur gert í þessu máli, þá kemur í ljós, að hann hefur beðið Fiskifélag Íslands og L.Í.Ú. um tillögur, en þær tillögur eru ekki komnar. Þegar þannig stendur á, tel ég, að það sé ekki hægt að segja, að það sé rangt, sem ég hélt fram, að ekkert raunhæft hefði verið gert í þessum málum.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það var aðeins út af síðasta atriði í ræðu hv. þm. og svo einu atriði, sem hann spurði mig sérstaklega um í gær, sem mér láðist að svara hér áðan, sem ég skal reyna að gera örlitla grein fyrir nú.

Ég tel, að rn. hafi gert það eitt í þessu máli, sem var rétt. Það, sem vélbátaútgerðarnefnd fór fram á í sambandi við þessi umræddu veiðarfæri, var, að komið yrði til móts með einhverjum hætti við það tjón, sem útgerðarmenn þessara báta hefðu af þessum völdum orðið fyrir. Til þess að vita, hvað þetta tjón er, þarf að afla upplýsinga um það. Þær upplýsingar lágu ekki fyrir í nál., þannig að það, sem gert hefur verið, var það eina, sem löglegt var að gera á þessu stigi málsins.

Annað atriði, sem mér — (Gripið fram í.) Það get ég ekki sagt hér um, það veltur á þessum samtökum. Ég þekki þessi samtök að góðu einu í starfi, og ekki sízt þegar um er að ræða jafnbrýna hagsmuni og nefndin taldi, að þessir aðilar ættu við að etja, þá efast ég ekki um að þarna verður vel að unnið. Ég þekki þessi samtök að því einu að gera sína hluti vel, enda um þeirra eigin skjólstæðinga að ræða, og það er rangt að vera með getsakir í þeirra garð á þessu stigi málsins.

Hv. þm. spurði mig sérstaklega um í gær og vildi, að ég tæki hér enn einu sinni fram, þó að ég telji, að hann hafi tvisvar sinnum verið áheyrandi að því áður, að ég hafi fært fyrir því ákveðin rök, hvort bátaflotinn í landinu bæri uppi útflutningsgjaldasjóð, bæri uppi svo og svo mikil útgjöld hans vegna. Frá þessu skýrði ég í ræðu, sem birt var í öllum dagblöðum bæjarins, held ég, og mjög ýtarlega í flokksblaði hv. 6. þm. Sunnl. Það skal viðurkennt, að á fundi L.Í.Ú. í haust varð niðurstaða þeirra aðila, sem gerst til þekkja, sú, að vélbátarnir undir 120 tn. og togaraflotinn leggja þessum sjóði minna til en þeir fá úr honum. Vélbátarnir yfir 120 tn. bera sem sagt uppi sjóðinn að öðru leyti. Þetta liggur í hlutarins eðli, þegar horft er til veiðiskiptingarinnar á hinum ýmsu veiðitegundum undanfarin ár. Það er síldveiðiflotinn okkar, það er stærri hluti vélbátaflotans, sem leggur þessu kerfi meira til en hann fær úr því, en hinir aðilarnir, vélbátarnir undir 120 tn., og togaraflotinn þiggja meira þaðan, þannig að í þessu tilfelli er ekki hægt að tala um vélbátaflotann í heild, hann skiptist þarna í tvo flokka, svo sem aflaskýrslur bera með sér undanfarin ár um skiptingu hinna ýmsu veiðitegunda. Þetta ætla ég að vona, að skýri nokkuð það atriði, sem spurt var sérstaklega um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 290, n. 312, 315 og 319, 316).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. á þskj. 316. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar og rætt efni þess á fundi sínum. Það kom fljótlega í ljós, að innan n. var ekki samstaða um afgreiðslu málsins, enda hefur það leitt til þess, að fram eru komin þrjú nál. um málið.

Segja má, að frv. þetta um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins sé niðurstaða þess samkomulags, sem náðst hefur varðandi rekstur og fjárhagslegan grundvöll sjávarútvegsins á árinu 1967. Eins og fram kemur í frv., eru þær ráðstafanir, sem lagt er til að gerðar verði, að þessu sinni eins og stundum áður tvíþættar: annars vegar varðandi fiskverðið til þess að skapa fiskibátunum viðunandi grundvöll til rekstrarins og hins vegar fjárhagslegur styrkur til fiskvinnslustöðvanna. Að þessu sinni er það hraðfrystiiðnaðurinn, sem á við mikla erfiðleika að etja vegna þess mikla verðfalls, sem átt hefur sér stað á hraðfrysta fiskinum, og ekki er enn séð fyrir, hve mikil verðlækkunin kann að verða. En samkv. þeim upplýsingum, sem lágu fyrir um síðustu áramót, var talið, að meðaltalsverðlækkun á frysta fiskinum, miðað við meðalverð 1966, væri þá þegar orðið

um 10.8%, og í sumum tilfellum hefur þessi verðlagsþróun haldið áfram, og er að sjálfsögðu mjög erfitt að segja fyrir um það í dag, hvað jafnaðarverð ársins 1967 muni reynast. Það er því augljóst mál, að hér var við óvenjumikið vandamál að etja.

Það er viðurkennt, að á undanförnum árum hafi átt sér stað allmikil verðhækkun á afurðum frystihúsanna. Hafði sú hagstæða þróun hjálpað þessum atvinnuvegi til þess að standa undir þeim aukna framleiðslukostnaði, sem jafnhliða hafði átt sér stað, bæði hvað snertir stórhækkuð vinnulaun og einnig hækkaði fiskverð til sjómanna og útgerðarmanna á þessu tímabili. Það, sem réð úrslitum varðandi ákvörðun verðlagsráðs um fiskverðið 1967, eru niðurstöður þeirra athugana, sem Efnahagsstofnunin hafði gert um afkomu bátanna, og einnig þær staðreyndir, að kjör þeirra sjómanna, sem bolfiskveiðar stunda, höfðu raunverulega versnað miðað við launakjör annarra sambærilegra starfsgreina, þar sem sjómennirnir höfðu ekki hlotið verðlagsuppbót á laun sín. Það var því talið óhjákvæmilegt, að fiskverðið hækkaði nokkuð með hliðsjón af þessu og einnig vegna útgerðarinnar, sem á árinu hafði orðið að taka á sig aukinn útgerðarkostnað.

Með hliðsjón af því, sem ég hef áður sagt um afkomu frystihúsanna, var augljóst, að þau gátu ekki staðið undir óbreyttu fiskverði án viðbótaraðstoðar, hvað þá hækkuðu fiskverði. Er því lagt til samkv. frv. þessu, að þau 8%, sem samkomulag náðist um, að fiskverðið skyldi hækkað, verði greidd úr ríkissjóði og þeim auknu útgjöldum mætt með þeim ráðstöfunum, sem felast í 2. gr. frv., auk þeirra skýringa, sem er að finna í aths. við einstakar greinar frv. Samtals er þá gert ráð fyrir, að heildarupphæðin vegna fiskverðshækkunarinnar nemi um 100 millj. kr.

Í fjárl. yfirstandandi árs er fjárveiting að upphæð 80 millj. kr. á 16. gr. B, og skal upphæðinni verja til aðstoðar við sjávarútveginn. Er hér um að ræða sömu upphæð og varið var í þessu skyni á s. l. ári. Samkv. þessu frv. er einnig gert ráð fyrir, að upphæðinni verði í ár varið að mestu leyti á sama hátt og gert var 1966, þó er um nokkra orðalagsbreytingu að ræða varðandi skreiðarframleiðsluna, og hefur meiri hl. n. talið rétt að orða þá grein um að nokkru leyti og flytur um það sérstaka brtt. Það hefur komið í ljós, að vegna minnkandi línuveiða hefur sú upphæð, sem ætluð er til stuðnings þeirri útgerð, 20 millj. kr., ekki notazt að fullu miðað við 25 aura uppbótina, eins og upphaflega var ákveðið. Hæstv. sjútvmrh. beitti sér fyrir því á s. l. hausti, að línustyrkurinn var aukinn síðustu mánuði ársins þannig að öll upphæðin kemur til styrktar línuútgerðinni. Er víst um það, að þessi ráðstöfun var vel séð af útvegsmönnum og sjómönnum og ýtti verulega undir það, að línuútgerð varð allmiklu meiri á s. l. hausti en sum undanfarin ár. Að þessu sinni er hins vegar ákveðið, að uppbótin á línufisk verði 30 aurar pr. kg. Það er álit margra — og ég er einn þeirra, að þessi styrkur, sem línuútgerðinni er veittur, sé sízt of mikill. Hér er að vísu um veiðiskap að ræða, sem hefur orðið undir í samkeppninni, en það er að sjálfsögðu m. a. vegna þess, að hér hafa orðið hvað minnstar tækniframfarir enn sem komið er. Hitt er svo staðreynd, að þessi útgerð veitir hvað bezt og fjölbreyttast hráefni, sem völ er á, og á sinn stóra þátt í því að afla íslenzka fiskinum góðs álits á erlendum markaði.

Af þeim 80 millj. kr., sem ætlaðar eru í fjárl. til aðstoðar við sjávarútveginn, verður svo sem á s. l. ári varið 50 millj. kr. til framleiðniaukningar frystihúsanna og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Er hér um sama orðalag að ræða og var í samnefndu frv. 1966. Sú breyting er nú tekin upp að ósk framleiðenda, að fé þetta verður nú að verulegu leyti greitt framleiðendum, jafnóðum og framleiðslan fellur til, í stað þess, sem áður var, að hagræðingarfé var greitt verulega eftir á og þá í stærri slumpum. Vegna þess nýja viðhorfs, sem skapazt hefur í sambandi við það mikla verðfall, sem átt hefur sér stað á afurðum frystihúsanna, er hér um nýtt vandamál að ræða, vandamál, sem ekki er búið til hér heima. Það er því ekki óeðlilegt, að við þessum vanda sé snúizt að sumu leyti með öðrum hætti en ef þar hefði verið um að ræða, að allir erfiðleikarnir stöfuðu af innanlands, heimatilbúnum áhrifum vegna verðbólgu, kauphækkana eða annars verðlags, sem áhrifa gætir í þessari framleiðslu.

Það er viðurkennt í aths. með þessu lagafrv., að það verðfall, sem þekkt var um s. l. áramót, væri þegar orðið um 11%. Síðan er vitað, að enn hefur til komið eitthvert meira verðfall. Hvort þessi þróun heldur áfram í sömu átt, verður ekki sagt um eða hvort verðhækkun getur átt sér stað, þegar lengra kemur fram á árið. Það verður því að telja, að sú ákvörðun, sem ríkisstj. hefur tekið til að firra þjóðina þeim vandræðum, sem við blasa, ef ekkert væri að gert, sé spor í rétta átt, og ber að fagna því samkomulagi, sem náðst hefur við frystihúsaeigendur og byggt er á þeim ráðstöfunum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Oft hefur verið um það rætt, hvað sveiflur á íslenzkum sjávarútvegi geti haft alvarleg áhrif á lífsafkomu þjóðarinnar. Af þeirri reynslu höfum við byggt upp sjóð, sem á að tryggja útgerðina fyrir mestu áföllum, þegar óvenjulegan aflabrest ber að höndum. Í aflatryggingasjóð leggjum við nokkuð af mörkum af tekjum betri áranna, og vegna þess að þjóðin öll á hér mikið í húfi, hefur hið opinbera einnig talið rétt að styrkja þessa líftryggingu með nokkru fjármagni árlega. Ég held, að öll íslenzka þjóðin sé sammála um, að hér var mikið gæfuspor stigið, þegar aflatryggingasjóðurinn á sínum tíma var stofnaður.

Hinn þátturinn hefur einnig oft verið ræddur, en minna orðið úr framkvæmdum, þ. e. að

byggja upp sjóð, sem verði þennan áhættusama atvinnuveg fyrir þeim áföllum, sem þessu frv. er öðrum þræði ætlað að forða frá. Sú verðtrygging, sem hér er lagt til að stofnuð verði með sjóðsmyndun samkv. 6. gr. frv., er að vísu fyrst og fremst miðuð við ráðstafanir fyrir yfirstandandi ár. En ef betur tekst til en á horfist, kann svo að fara, að nokkur upphæð verði afgangs, sem verður þá til ráðstöfunar í því skyni, að stofnaður verði verðjöfnunarsjóður fyrir framtíðina, ef um það næst samkomulag milli þeirra aðila, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta.

10. gr. þessa frv. kveður á um það, að í samráði við samtök framleiðenda og þær lánastofnanir, er sérstaklega starfa fyrir sjávarútveginn, er gert ráð fyrir, að ríkisstj. láti fara fram athugun á rekstraraðstæðum og fjárhagslegri uppbyggingu frystiiðnaðarins. Á grundvelli þeirrar athugunar er síðan gert ráð fyrir, að gerðar verði till., er miði að því að bæta uppbyggingu iðnaðarins, m. a. með aukinni hráefnaöflun og fjárhagslegri endurskipulagningu. Hér er um stórmál að ræða og athugun, sem óhjákvæmilega tekur nokkurn tíma að framkvæma. Þá eru einnig í 10. gr. frv. ákvæði um heimildir til handa ríkisábyrgðasjóði til þess að gefa eftir kröfur á einstök frystihús, ef slíkt verður talið óhjákvæmilegt til þess að koma þeim á viðunandi grundvöll, enda gegni sama máli um aðra kröfuhafa, eftir því sem eðlilegt þykir.

Þá hefur hæstv. sjútvmrh. upplýst um þær ráðstafanir, sem gerðar verða í lánamálum vélbátaflotans eða minni bátanna, sem viðurkennt er, að eiga við óvenjumikla örðugleika að etja. Á þeirra málum verður þannig tekið, að þeim gefst kostur á að semja um sín vanskil á þeim grundvelli, að lán þeirra verði framlengd í 3 og 5 ára lán eftir því, hvort um er að ræða lán vegna tækjakaupa eða stofnlán. Um þessi mál hefur verið samið við Landssamband ísl. útvegsmanna, og hafa þeir sætt sig við þau tilboð, sem fyrir liggja í þessum efnum.

Eins og fram kemur í nál. frá meiri hl. sjútvn., mælir hann með því, að frv. verði samþ. með tveimur breyt.

Önnur breyt. er við 6. gr. frv., en þar leggjum við til, að upphæð sú, sem ríkissjóður leggur til verðtryggingarsjóðsins, hækki um 10 millj. og verði 140 millj. kr. Það þótti rétt með tilliti til þeirrar áhættu, sem sjóður þessi hefur, að hafa upphæðina ekki lægri, og er það í samræmi við það, sem fram kom hjá hæstv. sjútvmrh. í framsögu fyrir málinu.

Hin brtt. er við 9. gr., sem er nánast orðalagsbreyting. Það er vitað, að sú grein sjávarútvegsframleiðslunnar, sem hefur haft hvað veikastan grundvöll á að byggja, er skreiðarframleiðslan. En þrátt fyrir þá hækkun, sem átt hefur sér stað á verðlagi skreiðarinnar, sem þó er fyrst og fremst vegna þeirrar sölu, sem tekizt hefur nú hin síðari ár til Ítalíu, er það álit okkar, að ekki sé rétt að fella skreiðina út úr þessari gr. frv., og leggjum því til, að gr. orðist eins og þar segir.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið, en legg til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem meiri hl. n. leggur til, og því verði síðan að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Það var nú hálfgerð fljótaskrift á meðferð þessa frv. í sjútvn. 1. umr. lauk á þriðjudag. Á miðvikudagsmorgun var málið tekið fyrir á fundi sjútvn. og þá ákveðið, að 2. umr. skyldi fara fram í gær. Hv. 3. þm. Norðurl. e. og ég höfðum skilað nál. okkar, þegar ákveðið var að fresta umr. um einn dag, og kann að vera, að við hefðum gengið eitthvað öðruvísi frá nál. okkar, ef meiri tími hefði verið til ráðstöfunar, en um það skal ekki sakazt.

Við 1. umr. þessa máls hafði ég tækifæri til þess að ræða almennt um þau efni, sem frv. snertir, og þó að varla verði sagt, að þau efni hafi þá orðið útrædd, skal ég nú láta að mestu við það sitja og snúa mér að einstökum gr. frv. og þeim brtt., sem við flytjum, eins og þingsköp gera ráð fyrir að gert sé við 2. umr. mála. Ég vil þó fyrst aðeins til áréttingar því, sem áður hefur verið sagt, minna á þær grundvallarástæður, sem til þess liggja, að þessar atvinnugreinar, sem hér um fjallar, eru í þeim erfiðleikum sem þær eru.

Það er ljóst og vitað, að árið 1966 var mjög erfitt frystihúsarekstrinum í landinu. Á því ári mun verulegur hluti frystihúsanna hafa verið rekinn með talsvert miklum halla, flest með talsvert miklum halla eftir þokkalega afkomu næstu árin á undan. Orsaka þessara breytinga er ekki að leita í verðfalli á erlendum mörkuðum, því að það kom ekki til fyrr en seinni hluta ársins og vó ekki upp þær verðhækkanir, sem höfðu orðið á fyrri hluta þess. Meðalverð ársins 1966 var þess vegna hagstæðara en nokkurs árs á undan. Þetta segi ég út af fyrir sig ekki til þess að gera lítið úr þeim erfiðleikum, sem verðfall á erlendum mörkuðum kann að valda þessum atvinnuvegum. En ég segi það til þess að vekja athygli á þeirri staðreynd, að mjög erfið aðstaða þessara atvinnuvega er til komin, áður en verðfallið byrjaði. Og af því er það fullljóst, að þar er ekki að leita hinna eiginlegu orsaka. Orsakirnar eru fyrst og fremst tvær, annars vegar stórfelldar hækkanir tilkostnaðar innanlands af völdum verðbólgunnar og hins vegar minnkandi hráefnismagn vegna hnignunar vélbáta- og togaraútgerðarinnar. Stuðningurinn, sem þetta frv. gerir ráð fyrir til útgerðarinnar og frystihúsanna, er sjálfsagt óhjákvæmilegur til þess að koma í veg fyrir stöðvun þessara undirstöðuatvinnugreina á næstu mánuðum, en hann leysir engan vanda til frambúðar. Það er hvergi í þessu frv. komið að þeim kjarna málanna, sem þarf að taka á til þess að leysa þann vanda. Það þarf núna, eins og ég hef áður tekið fram, ný og markviss vinnubrögð

og markvissa stefnu til þess að lagfæra þá hluti. Það verður að kryfja vandamál þessa atvinnuvegar til mergjar, eins og raunar annarra atvinnuvega, og marka stefnuna í framtíðinni og hefja markvissar aðgerðir. Bráðabirgðaráðstafanir af því tagi, sem hér er um að ræða, geta í bezta falli komið í veg fyrir stöðvun um stundarkorn.

Ég gerði við 1. umr. grein fyrir ýmsum atriðum, sem ég taldi nauðsyn að leiðrétta í þessum efnum og þyrftu að vera grundvallarsjónarmið í sambandi við þá stefnumörkun, sem fram þarf að fara, og ég skal ekki endurtaka það hér. Við framsóknarmenn höfum tekið upp ýmis af þessum atriðum í frv. og till., sem við höfum flutt hér á hv. Alþ., og við sjáum eftir atvikum ekki ástæðu til þess að taka það upp að nýju í þessu sambandi sem brtt. við þetta frv. Það hefur sýnt sig, að frv. af þessu tagi eru afgreidd með það miklum hraða, að till. af því tagi, sem við hefðum löngun til að flytja, fá ekki neina eðlilega meðferð eða afgreiðslu og okkur hefur því þótt hentugra, að þau kæmu fram sem sérstök mál.

Ég skal þá snúa mér að einstökum atriðum þessa frv. og einstökum greinum þess og gera um leið grein fyrir brtt. okkar.

Um 1. gr. er það að segja, að hún og það sama má raunar segja um 3. gr. — er hluti af samkomulagi, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert við þá aðila, sem hlut eiga að máli. Með þeim stuðningi, sem þar er gert ráð fyrir, er sjálfsagt sízt of langt gengið, og við þá samninga er því eðlilegt, að staðið sé, og ég geri ekki aths. við þessar greinar.

Við 2. gr. flytjum við hins vegar brtt., sem gerir ráð fyrir því, að í stað þess að skera verklegar framkvæmdir ríkisins og aðrar framkvæmdir, sem ríkið veitir fé til, niður um 65 millj. og taka 20 millj. af því fé, sem jöfnunarsjóður sveitarfélaga á að fá af verðtolli og söluskatti, — í stað þessara 85 millj. sé veitt heimild til þess að greiða þessar 85 millj. af greiðsluafgangi ársins sem leið. Það hefur komið í ljós á undanförnum mánuðum, að ríkissjóður hefur þegar tekið það fé, sem til þess þarf, og miklu meira til af landsmönnum. Á s. l. ári fóru tekjur ríkissjóðs stórlega fram úr áætlun, munu hafa numið 800—900 millj. kr. meira en fjárlög gerðu ráð fyrir, og þrátt fyrir miklar umframgreiðslur til margvíslegustu eyðslu er talið, að greiðsluafgangur ársins 1966 muni skipta mörgum hundruðum millj. kr., og við teljum því einsýnt, að af því fé beri að taka það, sem þarf til að bæta upp þær 85 millj., sem við leggjum til að falli niður.

Mér þykir líka rétt að benda á í þessu sambandi, að mikið af þeim opinberu framkvæmdum, sem fé er veitt til á fjárl., eru hlutir, sem þegar er búið að gera og eftir er að borga. Með því að skera niður framkvæmdafé verður árangurinn sá í þessum tilfellum, að þeir aðilar, sem um framkvæmdirnar eiga að sjá, sitja eftir með skuldirnar. Hér er ekki um að ræða stærri upphæð en svo, að það verður vart séð, að þessi ákvæði geti beinlínis stefnt að því að ná þeim peningum, sem til þessara ráðstafana þarf. Það hlýtur hins vegar að rifjast upp fyrir manni í þessu sambandi, að hæstv. ríkisstj. hefur við ýmis tækifæri látið uppi þá skoðun sína, að framkvæmdir þyrftu að dragast saman. Það rifjast upp í þessu sambandi, að í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París, sem seinast kom hingað til lands í haust, var vakin á því sérstök athygli, að mikla nauðsyn bæri nú til þess að rýma til á framkvæmdamarkaðinum hér innanlands, til þess að hægt væri að koma álverksmiðjunni áfram. Það er erfitt að verjast þeirri hugsun, þegar um svona litla upphæð er að ræða í samanburði við þær fúlgur, sem ganga í gegnum ríkissjóðinn, að það sé í rauninni ekki tekjuöflunarspursmál, sem hér er á ferð, og kannske hefur hitt ekki síður vakað fyrir hæstv. ríkisstj., að koma nú í framkvæmd þeirri ósk sinni að draga eitthvað úr framkvæmdum í landinu. En skoðun mín og okkar framsóknarmanna hefur jafnan verið sú, að innlendar nauðsynjarframkvæmdir eigi ekki að rýma fyrir framkvæmdum á borð við álverksmiðjuna.

Í sambandi við þetta þykir mér líka rétt að vekja athygli á því, hvaða áhrif sýnilegt er að hljóti að verða af því, ef framlög til jöfnunarsjóðs verða skorin niður um 20 millj. Eins og hv. þm. er öllum kunnugt, ákvað borgarstjórn Reykjavíkur, þegar hún lagði á útsvörin síðast, að taka þau til endurskoðunar á miðju sumri. Og allmörg sveitarfélög og ýmis stór bæjarfélög munu hafa farið að dæmi Reykjavíkurborgar í þessu efni. Mér virðist, að það hljóti að liggja æðibeint við, að ef framlög til jöfnunarsjóðs verða skorin niður um 20 millj., muni það leiða til þess eins, að útsvörin verði annaðhvort í sumar eða þá næst hækkuð um þessar 20 millj. Hæstv. fjmrh. hefur ekki kært sig um það að verða staðinn að því að hækka skattana og hefur þess vegna viljað láta sveitarfélögin hafa fyrir því að hækka útsvörin um þessar 20 millj., þegar þar að kæmi.

Í þessu sambandi þykir mér líka rétt að minna á það, að á síðasta þingi voru sett lög um lánasjóð sveitarfélaganna, og þar birtist í enn einu formi sú kenning hæstv. ríkisstj., að menn eigi að leggja fram fé til að lána sjálfum sér. Í 5. gr. þeirra laga er ákveðið, að jöfnunarsjóður sveitarfélaga skuli leggja fram 15 millj. á ári til lánasjóðsins, í fyrsta sinn árið 1967. Um leið og þessi baggi er lagður á jöfnunarsjóðinn, er svo talið hæfilegt að draga 20 millj. frá honum með þeim hætti, sem ég var að lýsa. Af þessum ástæðum, sem ég nú hef rakið, teljum við, að þær ráðstafanir, sem 2. gr. gerir ráð fyrir, séu óeðlilegar og það sé sjálfsagt og eðlilegt að greiða það, sem þarna þarf, af hinum mikla greiðsluafgangi ársins 1966.

Í sambandi við 4. gr., sem felur í sér efndir sjútvmrh. á tillögu bátanefndar um 10% fiskverðshækkun á árinu 1966 og 50 aura viðbót á kg af línu- og handfærafiski, hef ég

í sjálfu sér ekkert að athuga annað en það, að hæstv. sjútvmrh. svaraði ekki þeirri fsp. minni við 1. umr. þessa máls, hvað gera mætti ráð fyrir að þeir peningar, sem eftir er að nota af þessum 20 millj., muni gera marga aura á kg af þeim línu- og handfærafiski, sem lagður var upp á þessu tímabili, sem 4. gr. ræðir um, frá 1. okt. til 31. des.

Ég er þá kominn að 5. gr., sem er algjörlega í samræmi við venju, sem hefur skapazt á undanförnum árum og gefur ekki tilefni til athugasemda. Það gerir 6. gr. raunar ekki heldur. Ég hef þegar lýst yfir stuðningi mínum við þær verðjöfnunarhugmyndir, sem hér hafa komið fram, í grundvallaratriðum, hvernig sem fer um framkvæmd þeirra, og nú sé ég, að meiri hl. hv. sjútvn. hefur flutt brtt. við þessa gr. um, að í staðinn fyrir 130 millj. komi 140 millj. og um það hef ég raunar ekki annað að segja en það, að það er eðlilegt, að þessi upphæð sé í samræmi við það, sem þeir, sem bezt til þekkja, telja, að hún þurfi að vera, til þess að gagni megi koma. Og ég geri ráð fyrir að hv. meiri hl. sjútvn. flytji ekki þessa till. að tilefnislausu, og er þá ekki um það meira að segja.

Ég kem þá að því að ræða um 7. gr. frv., sem felur í sér reglur um það, hvernig verðbætur skuli greiddar á árinu 1967. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir öðru við 1. umr. þessa máls en að þessar reglur væru eðlilegar, og ekkert kom fram við meðferð málsins í sjútvn., sem gaf tilefni til þess að fara nánar að skoða þær. En við nánari yfirlestur þessarar gr. hef ég fengið tilefni til þess að gera aths., sem mér þætti vænt um að mega ræða um við hæstv. sjútvmrh. Gr. hljóðar svona, — sá málsl. hennar, sem fjallar um verðbæturnar: „Verðbætur þessar skulu nema 55% af verðlækkun, er verða kann miðað við verðlag, er fékkst fyrir sömu framleiðslu á árinu 1966. Verði verðfall á árinu 1967, er nemi meiru en 5% miðað við verðlag á árinu 1966, skulu verðbæturnar hækka til viðbótar um 2% af heildarverðlækkuninni fyrir hvert 1%, sem verðlag lækkar umfram 5%.“ Við lestur þessarar gr. vekur það athygli, að það er gert ráð fyrir því, að verði verðfallið einhvers staðar á bilinu milli 5 og 15%, skuli verðuppbæturnar hækka mjög ört, og þetta gaf mér tilefni til þess að kanna, hvernig þetta mundi koma út í reynd. Ef við athugum, hvaða áhrif verðuppbæturnar hafa á verðið til frystihúsanna, verðið, sem frystihúsin fá, þ. e. a. s. söluverð og uppbætur samanlagt við mismunandi mikið verðfall, og ef við tökum sem reikningslega einingu það magn, sem fékkst 100 kr. fyrir á árinu 1966, kemur eftirfarandi í ljós:

Ef verðfallið reyndist 1%, yrði söluverð þessa magns 99 kr. og sjóðurinn mundi borga 55% af þeirri 1 kr., sem á vantaði, eða 55 aura, verðið til frystihúsanna yrði 99.55 kr.

Ef verðfall yrði 5%, yrði söluverð þessarar einingar 95 kr. Sjóðurinn mundi borga 55% af 5 kr., sem á vantaði, og verðið til frystihúsanna yrði 97.75 kr. Af þessu 5 kr. verðfalli borgaði sjóðurinn þá 2.75 kr., en frystihúsin sjálf 2.25 kr. Ég geri ráð fyrir, að hugmyndin með þessu sé sú, þar sem sjóðurinn borgar ekki verðfallið allt, að það sé talið eðlilegt, að frystihúsin beri einhvern hluta af verðfallinu, m. a. kannske til þess að skapa hjá þeim áhuga á því, að verðið sé sem allra hæst, þó að í sjálfu sér þurfi ekki að vefengja áhuga þeirra á því.

En verði nú verðfallið 10% í staðinn fyrir 5%, verður söluverðið 90 kr., en þá yrði uppbótin ekki lengur 55% af þessum 10 kr., sem á vantar, heldur 65%, þannig að sjóðurinn borgar 6.50 og verðið til frystihúsanna verður 96.50 kr. Af þessu 5 kr. verðfalli frá 95 og niður í 90 hefur sjóðurinn þá borgað 3.75 kr., en frystihúsin 1.25 kr. Þarna er skiptingin á tjóninu orðin töluvert mikið önnur, eins og við sjáum.

En ef nú verðfallið yrði 14%, yrði söluverðið 86 kr., en uppbæturnar komnar upp í 73% af 14 kr., sem eru 10.22 kr., og þá yrði verðið til frystihúsanna 96.22 kr. Á þessu 4 kr. bili borga frystihúsin þá aðeins 28 aura, en sjóðurinn borgar 3.72 kr. Það munar sem sagt frystihúsin nær engu, 28 aurum af 100 kr., hvort verðfallið er 10% eða 14%, og það munar frystihúsin einum eyri, einum einasta eyri af 100 kr., hvort það er 13% eða 14%. Mér finnst, að þetta séu óeðlilegar reglur. Mér virðist, að ef sjóðurinn ætlar ekki að bæta tjónið allt, sé það óeðlilegt, að sjóðurinn geti þurft að borga 3.72 kr. á verðfallssviði, sem kostar frystihúsin aðeins 28 aura á hverjar 100 kr.

Það kastar nú fyrst tólfunum, ef verðfallið yrði 15%, því að þá fá frystihúsin meira fé en ef verðfallið yrði 14% eða 13%. Uppbæturnar á þessu bili hækka meira en verðfallinu nemur. Fyrir krónu verðfall á bilinu frá 86—85 eða frá 14—15% verðfalls borgar sjóðurinn meira en krónu. Hann borgar á aðra kr. Það er samkv. þessum reglum, sem hér liggja fyrir, óvefengjanlegt, að það er fjárhagslega hagkvæmara fyrir frystihúsin, að verðfallið yrði 15% heldur en það yrði 14% eða 13%. Þetta munar ekki miklu í fé, ég skal viðurkenna það, en það munar fé samt, og mér virðist það í alla staði óeðlilegt. Mér virðist það í alla staði óeðlilegt, að frystihúsin gætu beinlínis hagnazt á því, þó að mér detti ekki í hug að gera því skóna, að þau geri það viljandi, að verðfallið yrði frekar 15% en 13%.

Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á þessu og eins hinu, að mér virðist það algerlega óeðlilegt, hvað munurinn er orðinn lítill þarna á stóru sviði. Það munar aðeins 25 aurum af hverjum 100 kr. fyrir frystihúsin, hvort verðfallið verður 10% eða 15%. Þessar reglur virðast mér ekki vera eðlilegar, og ég tel Alþ. tæpast geta samþ. svona reglur.

Nú vil ég gjarnan beina því til hæstv. sjútvmrh., þar sem hefur verið samið um þessar reglur við frystihúsin, hvort þetta er haft svona að kröfu hæstv. sjútvmrh. eða kröfu frystihúsanna eða hvort þetta er svona kannske

bara af vangá. En svo mikið er víst, að svona uppbótarreglur á ekki að semja að mínum dómi, og Alþ. á ekki að láta svona nokkuð frá sér fara. Og þá er eðlilegt, að menn spyrji, af hverju ég hafi ekki flutt við þetta brtt. Ég var að tala við hæstv. sjútvmrh. Það má spyrja, af hverju ég flytji þá ekki brtt. um þetta, og því er til að svara, að þó að ég telji, að þessu þurfi nauðsynlega að breyta, sé eðlilegra, að hæstv. sjútvmrh. beiti sér fyrir því, að samkomulagið við frystihúsin sé endurskoðað að þessu leyti núna, meðan Alþ. hefur frv. til meðferðar, heldur en verið sé að fleygja fram brtt., sem kannske væru ekki í samræmi við óskir aðila. Og ég vil þess vegna beina þeim tilmælum til hæstv. sjútvmrh., að hann geri ráðstafanir til þess, að þessir vankantar, sem ég nú hef verið að lýsa og mér finnst ótækir, séu leiðréttir. (**Félmrh.**: Fæ ég kannske ræðuna?) Að sjálfsögðu.

Þá kem ég að 8. gr. Við hana flytjum við brtt., hv. 3. þm. Norðurl. v. og ég, 1. minni hl. sjútvn. Sú brtt. byggist á þeirri hugsun, að það er nú komið fram í þessu máli, að hinu svokallaða framleiðniaukningarfé eða hagræðingarfé er varið þannig, að því er úthlutað í beinu hlutfalli við framleiðsluverðmæti hvers frystihúss um sig án nokkurs tillits til þess, hvort verið er að vinna að sérstökum aðgerðum til framleiðniaukningar eða ekki. Við teljum, að við höfum mjög einlægan áhuga á allri viðleitni til framleiðniaukningar og hagræðingar, en teljum það ekki til framdráttar, heldur þvert á móti til skaða allri slíkri viðleitni, að verið sé að kalla það hagræðingarfé, sem samkv. því, sem hv. formaður sjútvn. upplýsti á fundi hennar, er úthlutað sem hreinum verðbótum á freðfisk. Þess vegna leggjum við til orðalagsbreytingu á þessari gr., það er ekki í henni fólgin nein efnisbreyting af neinu tagi, heldur aðeins orðalagsbreyting, þar sem sneitt er hjá því að kenna slíkar verðbætur við framleiðni eða hagræðingu.

Um 9. gr. hef ég ekki neitt að segja. Ég sé, að það er komin fram við hana brtt. frá hv. meiri hl. Mér finnst sú brtt. eðlileg. Þessar 10 millj., sem um ræðir í þessari gr., hafa áður verið veittar til skreiðarframleiðenda, en nú á að gefa hæstv. sjútvmrh. frjálsar hendur um að nota þær til annarra þarfa. En kannske þykir það óeðlilegt, að skreiðarframleiðslan skuli ekki nefnd í því sambandi í gr., og að því lýtur brtt. hv. meiri hl., sem ég get vel fellt mig við.

Ég kem þá að 10. gr. Ég ræddi nokkuð um efni hennar við 1. umr. þessa máls, og ég sé raunar, að blöð Sjálfstfl. hafa tekið sér þar tilefni til þess að snúa duglega út úr því, sem ég hafði um hana að segja, og láta að því liggja, að ég hafi sagt um hana allt aðra hluti en ég raunverulega sagði, og um það þýðir ekki að sakast. Ég legg það ekki í vana minn að svara blöðunum úr ræðustól Alþ. En af því tilefni þykir mér þó rétt að taka fram, ef einhverjir fleiri skyldu hafa viljað misskilja mig, að ég hef ekki út af fyrir sig neitt við það að athuga, að reynd sé framkvæmd þeirra hugmynda, sem lýst er í grg. og í aths. við hana og fskj. Ég vakti hins vegar athygli á því, að það eru í þessum efnum ýmsir hlutir, sem er hægara um að tala en í að komast, og það hefði verið skynsamlegra fyrir hæstv. ríkisstj. að hugsa um skipulegar aðgerðir í þessum efnum, meðan var verið að byggja upp, en ekki nú, þegar á að fara að loka. En þó að ég sé efnislega samþykkur þeim hugmyndum, að framkvæmd þeirra sé reynd, sem á bak við þessa gr. liggja, hlýt ég samt að gera við hana aths., enda höfum við í 1. minni hl. sjútvn. flutt við hana brtt. Mér virðist ástæða til þess að skilja gr., eins og hún er orðuð, þannig, að ríkisábyrgðasjóður skuli hafa frumkvæðið um það að gefa eftir kröfur til einstakra frystihúsa, ef það yrði talið óhjákvæmilegt til þess að koma þeim á viðunandi grundvöll. Að vísu er gert ráð fyrir því, að aðrir kröfuhafar fallist einnig á eftirgjafir, en fyrsta skrefið virðist þó samkv. þessu vera það, að ríkisábyrgðasjóður geri það. Og sú spurning hlýtur þá að vakna, hverrar fyrirgreiðslu þau frystihús megi vænta í þessu sambandi, sem ekki skulda ríkisábyrgðasjóði neitt. Er það kannske hugsunin að láta þau fyrst komast í vanskil við aðra, þannig að þau yrðu skuldug ríkisábyrgðasjóði? Má vera. En þá verð ég að segja, að mér finnst það næsta ógeðfelld aðferð, ef á að þvinga þá, sem hafa lagt mikið á sig til þess að standa í skilum, til þess að fara í vanskil, áður en þeir gætu fengið hjálp á borð við vanskilamenn.

Ég ætla ekki núna að fara að rekja það, hvernig ríkisábyrgðasjóður hefur á undanförnum árum verið stórlega misnotaður sem lánasjóður fyrir einstaka aðila. Um það höfum við á undanförnum árum fengið skýrslur hér á hv. Alþ., sem tala sínu máli, og ég skal láta það liggja á milli hluta að þessu sinni, nema sérstakt tilefni gefist til. En ég vil ítreka, að það hlýtur í hæsta máta að vera óeðlilegt, að það sé forsenda fyrir því, að frystihúsin geti fengið þá aðstoð, sem hér er gert ráð fyrir, að þau séu skuldug ríkisábyrgðasjóði. E. t. v. er það ekki meiningin, en eins og gr. er orðuð virðist mér, að hún hljóti að verða skilin þannig. Og til þess að koma í veg fyrir það, höfum við flutt brtt., sem gerir þetta skýrara á þann hátt, að í staðinn fyrir, að ríkisábyrgðasjóður einn er nefndur, leggjum við til, að einnig sé nefndur Fiskveiðasjóður Íslands, Framkvæmdasjóður Íslands og aðrir opinberir lánasjóðir ásamt ríkisábyrgðasjóði. Við þessari till. eða við þessari hugmynd hef ég heyrt tvenns konar andmæli: annars vegar á þann veg, að það séu fyrir hendi lagaheimildir til þess, að fiskveiðasjóður, framkvæmdasjóður og fleiri sjóðir geti gefið eftir og þurfi þess vegna ekki frekari lagafyrirmæli hér, en ef það er svo, er útlátalaust að taka þetta með, til þess að gr. verði þá ekki misskilin. Önnur mótbára, sem ég hef heyrt um þetta, er sú, að einhver verði að hafa forustu um þessar aðgerðir, hún sé hugsuð og ætluð ríkisábyrgða-

sjóði og því sé hann þarna nefndur. En það er að sjálfsögðu hægt að fela ríkisábyrgðasjóði alla forustu í þessu máli, þó að ljóst sé, að heimildir séu um leið hjá öðrum lánastofnunum til þess að veita þær eftirgjafir, sem nauðsynlegar kunna að reynast í þessu sambandi.

Ég skal svo ekki taka meiri tíma að sinni, en við leggjum til, að brtt. okkar þrjár verði samþ. og frv. verði samþ. svo breytt.

Frsm. 2. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls fjallaði ég nokkuð um ástandið í sjávarútveginum almennt og hraðfrystiiðnaðinum, og ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég þá sagði, en vil aðeins undirstrika nokkur atriði, sem eru meginatriði þessa máls, sem hér er um að ræða. Ég vil undirstrika, að þau úrræði, sem lögð eru til með því frv., sem hér um ræðir, eru í allan máta hrein bráðabirgðaúrræði og leysa engan vanda til frambúðar. Hitt mun rétt vera, og á það ber ég engar brigður, að í dag er hag útgerðarinnar, bæði fiskibáta og hraðfrystihúsa, þannig komið, að þessara bráðabirgðaúrræða er vafalaust þörf. Það blandast engum hugur um, að nauðsyn var að gera þær ráðstafanir, sem gerðar voru um síðustu áramót, til þess að hækka fiskverðið lítillega, og voru þær ráðstafanir þó svo naumar, að það er hæpið, að þær nái tilgangi sínum. Fiskverðið er tvímælalaust of lágt til þess að tryggja útgerð fiskibáta, svo að vel sé. Og það er einnig vafalaust rétt, og að því hafa verið færð rök, að hraðfrystihúsin þurfa á þeim stuðningi að halda, sem lagt er til með þessu frv., þau þurfa, eins og nú er komið, að fá nokkra tryggingu í sambandi við hugsanlegt áframhaldandi verðfall á erlendum mörkuðum, og það er meira að segja vafasamt, að sú trygging, sem hér er um að ræða, dugi þeim til þess að tryggja sæmilegan rekstur þeirra og skaplega afkomu á yfirstandandi ári. Og svo mikið er víst, að þessi trygging, enda þótt hún kosti allmikla fjármuni, er engin varanleg lausn á vanda hraðfrystiiðnaðarins í landinu. Þar þarf vissulega annað og meira að koma til. Á þetta hefur verið margsinnis bent og um það flutt frv. og till., enda þótt árangurinn hafi orðið næsta lítill, vegna þess að meðal ráðamanna virðist skilningur ekki hafa verið fyrir hendi á því, að úrbóta og stefnubreytinga væri þörf.

Það, sem nú er vafalaust stærsta málið og skiptir öllu fyrir hraðfrystiiðnaðinn í landinu, er, að nú þegar sé hafizt handa um að gera róttækar ráðstafanir fyrir forgöngu ríkisvaldsins eða a. m. k. með öflugum stuðningi þess og stuðningi lánastofnana til þess að tryggja mjög svo aukna hráefnisöflun fyrir hraðfrystiiðnaðinn og fyrir aðrar fiskvinnslustöðvar. Þetta er sú mesta og nauðsynlegasta trygging, sem hraðfrystihúsin geta fengið fyrir því, að þeim verði kleift að starfa með sæmilegum árangri á komandi tímum. En hér þurfa að koma til margar og samræmdar aðgerðir, ef á að tryggja þessa hráefnisöflun svo, að sæmilega eða vel sé. Í fyrsta lagi þarf að gera miklu ákveðnari og meiri ráðstafanir en gert hefur verið og gert er með þessu frv. til þess að tryggja rekstrargrundvöll þess fiskibátaflota, sem til er nú í landinu, en er ekki gerður út nema að mjög takmörkuðu leyti, í hæsta lagi um hávertíð og jafnvel tæplega það. Hér er um það að ræða að nýta þann flota, sem nú er þó tiltækur, nýta hann á þann hátt, að hann færi björg í bú. Þetta mikilvæga atriði snertir að sjálfsögðu það, sem ég ræddi um hér áðan, að fiskverðið, hráefnisverðið, hefur lengi og er enn óeðlilega lágt, á því þarf vissulega að verða breyting.

Í öðru lagi ber brýna nauðsyn til að endurnýja bátaflotann, þann hluta flotans, sem stundar þorskveiðar og aðrar veiðar bolfisks. Endurnýjun þess hluta flotans þarf vissulega að halda áfram, þar á má ekkert hlé verða, eins og verið hefur undanfarin ár, þegar þeir bátar eru stórum færri, sem komið hafa í flotann, en hinir, sem hafa verið teknir út af skipaskrá. Ríkisvaldið þarf að stuðla hér að á raunhæfari hátt en gert hefur verið, og það þarf einnig og alveg sérstaklega að stuðla að því, að hér verði reynd ýmis ný tækni, sem farið er að hagnýta erlendis hjá öðrum fiskveiðiþjóðum, tækni, sem miðast bæði við það að spara mannafla og ekki síður við hitt að tryggja stórbætta meðferð á fiski, þannig að hægt sé að vinna úr fiskinum, sem á land kemur, gæðavöru, en það verði ekki annars eða þriðja flokks vara. Hér skortir afar mikið á, að þessum málum hafi verið sinnt eins og skyldi. Það hefur, eins og kunnugt er, verið þannig á undanförnum árum, að magnið hefur skipt mestu, en gæðin miklu minna máli. Þessu þarf að snúa við, því þarf að verða öfugt farið. Ef það er rétt, sem ýmsir óttast, að um ofveiði sé eða geti verið að ræða á fiskimiðum okkar og yfirleitt á fiskimiðum í norðurhöfum, hlýtur takmarkið, sem að skal stefna, að vera það að auka verðmætið án þess að þurfa að auka magnið. Hér hefur lengi viðgengizt, að það hefur verið gerður óeðlilega og ég vil segja háskalega lítill verðmunur á fiski eftir því, hvort hann er gæðavara eða kannske léleg vara. Þetta þarf að breytast, og það gerist tæplega með öðrum hætti en þeim, að afskipti ríkisvaldsins komi til með ýmsum hætti.

Við 1. umr. þessa máls vék ég stuttlega að því, hvernig komið er fyrir togaraflotanum. Þar hefur orðið átakanleg öfugþróun nú á undanförnum árum. En þegar rætt er um erfiðleika hraðfrystihúsanna og nauðsyn þess að gera umbætur í sambandi við rekstur þeirra, kemur það mjög til tals og hefur veruleg áhrif á allt það dæmi, að togararnir eru nú svo að segja algerlega hættir að leggja upp fisk til vinnnslu hér. Það stafar í fyrsta lagi af því, að togaraútgerðin má nú heita að fara í rúst hér hjá okkur, og svo er verðmunurinn gífurlegur eftir því, hvort lagt er upp til

vinnslu hér heima eða ísaður fiskur seldur á erlendum markaði. En það vil ég leggja áherzlu á og undirstrika alveg sérstaklega, að ég er sannfærður um, að hraðfrystiiðnaður í stórum stíl og með vinnslu allt árið verður ekki rekinn hér á landi, án þess að togaraafli komi til. Þetta er staðreynd, sem menn verða að gera sér ljósa. Bátaflotinn er þess ekki umkominn og verður þess ekki umkominn á nálægum tímum a. m. k. að afla hinum stórvirku hraðfrystihúsum nægilegs fisks, til þess að rekstur þeirra geti verið tryggur og eðlilegur meginhluta ársins eða helzt allt árið, eins og nauðsynlegt væri. Hitt er einnig ljóst, að verði togaraútgerðin algerlega afvelta, verði hún lögð niður, erum við þess ekki umkomnir lengur að nýta fiskimiðin við strendur landsins og því síður að nýta að einu eða neinu leyti fjarlæg fiskimið. Menn virðast ekki hafa á því nægilegan skilning vegna þess, hve erfiðlega hefur gengið fyrir togaraútgerðinni nú um sinn, að botnvarpan er stórvirkasta veiðitæki, sem enn hefur verið fundið upp, og hún er að flestra dómi, sem til þekkja, skaðminna veiðitæki, að því er stofnana varðar og að því er sjálfan fiskinn og meðferð hans varðar, heldur en netaveiði og nótaveiði, og togarar eru, eins og ég hef oft bent á, einu veiðiskipin, sem enn þekkjast og geta veitt svo að segja á hvaða fiskimiðum sem er, geta veitt allan ársins hring og næstum því hvernig sem viðrar, nema í hreinum aftökum. Bátar eru hins vegar að verulegu leyti bundnir við hin grynnri mið. Þeir eru bundnir við vertíðarveiðar, þeir eru bundnir við það, þegar fiskur gengur á grunnmið, og þeirra veiðar takmarkast allmikið af veðráttu. Togaraútgerð hefur hvað eftir annað á undanförnum 60 árum eða þar um bil verið einhver þróttmesta útgerðin, sem við höfum stundað. Togaraútgerðin hefur hvað eftir annað átt sinn þátt í því að bjarga þjóðinni að verulegu leyti eða sjávarþorpum og útgerðarstöðum.

Nú hefur, eins og alkunnugt er, á síðustu árum orðið bylting að því er snertir gerð togara. Til hafa komið nýir togarar, sem venjulega eru kallaðir „skuttogarar", þó að það sé aðeins ein af þeim stórbreytingum, sem orðið hafa, að því er snertir smíði og gerð hinna nýjustu togara, og allar fiskveiðiþjóðir svo að segja nema Íslendingar eru þegar byrjaðar að hagnýta þessar nýju gerðir togara, og þær hafa, er mér óhætt að segja, sýnt yfirburði sína fram yfir hina gömlu togara með margvíslegu móti. Fréttir um það, að aðrar fiskveiðiþjóðir séu að breyta frá gömlum skipum og til nýtízku skuttogara, berast hvaðanæva að. Nú síðast fréttist um það, að fyrir lægi stórfelld uppbygging flota Nýfundnalandsmanna á þann veg, að þar komi skuttogarar til, og nánustu frændur okkar, Færeyingar, eru með áætlanir um að koma sér upp allmyndarlegum flota skuttogara.

Því miður er það nú af í bili, sem áður var, þegar við Íslendingar vorum forustuþjóð, að því er snerti togaraútgerð. Við höfum átt oftar en einu sinni einna bezt búinn og myndarlegastan togaraflota, sem um hefur verið að ræða. En nú um nokkuð langt skeið hefur í þessu efni sigið á ógæfuhlið, og hefur það með öðru haft sín áhrif að því er varðar frystiiðnaðinn í þessu landi. Ég vil því leggja á það ríka áherzlu, að einhver mesta umbótin fyrir hraðfrystiiðnaðinn í landinu til frambúðar er í því fólgin að byggja hér upp að nýju myndarlegan og nýtízkulegan togaraútveg. Og sú uppbygging togaraflotans, undirbúningur að henni, verður að hefjast strax, ef ekki á illa að fara. Og hér á ríkisvaldið að hafa forgöngu. Það verður að beita sér fyrir því á svipaðan hátt og það gerði eftir síðari heimsstyrjöld að láta smíða til reynslu nokkra togara og fá þannig þá nauðsynlegu reynslu, sem fyllri endurnýjun togaraflotans verður að sjálfsögðu að byggjast á.

Í sambandi við rekstur hraðfrystiiðnaðarins má gera ráð fyrir, að það séu einkum tvær gerðir togara, sem til mála kemur að reka hér við land og væri brýn nauðsyn, að hingað yrðu keyptir, til þess að hægt yrði að prófa rekstrarhæfni og rekstrarmöguleika þeirra. Þar er annars vegar um að ræða togara, sem sennilega yrðu af stærðinni 500 tonn eða þar um bil, togara, sem ísi fisk og leggi hann upp í hraðfrystihús, og séu þeir við það miðaðir að mestu eða öllu leyti. Með þeirri tækni, sem nú er nýjust að því er varðar slíka litla skuttogara, að því er varðar útbúnað lesta og að því er varðar losun afla o. fl., er hægt með slíkum skipum sem þessum að tryggja það, að fiskurinn helzt óskemmdur og verður fyrsta flokks hráefni, ég vil segja nokkurn veginn eða algerlega jafngott hráefni og línu- og færafiskur eða sá bezti fiskur, sem um getur verið að ræða. Í annan stað þyrfti hið allra fyrsta að gera hér tilraun eða tilraunir með stærri skuttogara, sennilega 1000—1400 tonna skip, skip, sem bæði gætu stundað veiðar á fjarlægum miðum, þegar um það væri að ræða, og hagnýtt hin dýpri mið hér við land. Þessir stóru togarar, það væri við það miðað, að þeir heilfrysti fiskinn og landi honum þannig í hraðfrystihús. Með þeim hætti er einnig hægt að koma með ágæta vöru til vinnslu, og nú er búið að leysa þann vanda, sem áður var allmikill, að það er hægt að þíða upp þennan heilfrysta fisk og vinna hann síðan í hraðfrystihúsum á sama hátt og um algerlega nýjan fisk væri að ræða, og í rauninni væri þetta nýr fiskur á þann veg, að gæði hans væru hin sömu eða svipuð og um nýjan fisk væri að ræða.

Þetta held ég hljóti að vera framtíðin að því er varðar a. m. k. rekstur hinna stærri hraðfrystihúsa. Með þessum hætti, með útgerð slíkra togara sem þessara gætu hraðfrystihús komið sér upp hráefnisbirgðum, sem geymdust óskemmdar vikum saman og væri hægt að taka til vinnslu jöfnum höndum eða smám saman, eftir því sem þörf er á og mannafli er fyrir hendi. Þetta gæti gjörbreytt rekstr-

armöguleikum hraðfrystihúsanna. Nú er það oft þannig, að þegar fiskur berst einhver að ráði, þarf við hraðfrystihúsin að vinna e. t. v. nótt og dag í 1, 2 eða 3 sólarhringa, síðan er oft margra daga hlé, þangað til kemur ný skorpa. Með hinni breyttu tækni, sem ég hef vikið hér að og byggist á hráefnisöflun togara, sem gætu heilfryst fiskinn, mundi aðstaða hraðfrystiiðnaðarins gjörbreytast, vinnslutilhögunin mundi gjörbreytast. Þá mætti segja, að hlutunum væri þannig fyrir komið, að hraðfrystiiðnaðurinn gæti orðið í líkingu við hverja aðra verksmiðjuvinnu, þar gæti komizt á nokkuð fastur vinnutími og tiltölulega stöðug vinnsla. Ég vil segja, að það er með öllu óafsakanlegt, að ekki skuli hafizt handa fyrir frumkvæði ríkisvaldsins að gera tilraunir í þessu skyni, — tilraunir, sem síðan mætti byggja á frekari framkvæmdir í þessum efnum.

Að því er snertir það frv., sem hér er um að ræða, og einstakar greinar þess, vil ég aðeins segja til viðbótar við það, sem ég mælti hér við 1. umr., að að því er varðar tekjuöflunarleiðir þessa frv. lít ég þannig á, að fráleitt sé að skerða hið nauma ríkisframlag til verklegra framkvæmda hins opinbera og skerða framlagið til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það er staðreynd, sem ekki hefur verið á móti mælt og hæstv. fjmrh. viðurkenndi fyllilega við 1. umr. þessa máls, að hlutur opinberra aðila í heildarfjárfestingunni hefur farið hlutfallslega minnkandi á undanförnum árum og það verulega minnkandi. Aukin fjárfesting í landinu hefur fyrst og fremst verið á vegum einkaaðila, og á það vil ég leggja áherzlu, að á meðan slík fjárfesting er algerlega ótakmörkuð, algerlega skipulagslaus, er ekkert, sem réttlætir það, að bráðnauðsynlegar opinberar framkvæmdir, hvort heldur á vegum ríkisins eða bæjar- og sveitarfélaga, séu látnar sitja á hakanum og dregnar saman. Þegar það er á hinn bóginn upplýst, að ríkistekjurnar árið 1966 hafa farið a. m. k. 800 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. og þegar það er upplýst eða a. m. k. ómótmælt, að greiðsluafgangur er eitthvað á milli 400 og 500 millj., virðist í alla staði eðlilegt, að þeim útgjaldaliðum, sem leiðir af samþykkt þessa frv., sé mætt með því að greiða þær fjárhæðir af greiðsluafgangi ársins 1966 í stað þess að fara hina leiðina, sem lagt er til í þessu frv., að skera niður verklegar framkvæmdir. Í samræmi við þessa skoðun hef ég lagt fram eina brtt. við þetta frv. á þá lund, að í stað niðurskurðar verklegra framkvæmda ríkisins um 65 millj. og í stað 20 millj. kr. skerðingar á framlagi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði þetta fé tekið af greiðsluafgangi ríkissjóðs s. l. ár.

Um þetta mál í heild vil ég svo að lokum aðeins segja þetta: Frv. það, sem hér er á ferðinni, markar því miður enga stefnubreytingu að því er varðar afstöðu ríkisvalds og Alþ. til sjávarútvegsins og hraðfrystiiðnaðarins. En eigi okkur að takast að halda hér uppi góðum lífskjörum, eigi okkur að takast að búa við atvinnuöryggi á komandi árum, verður að mínu viti að taka upp algerlega nýja stefnu gagnvart undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar og þá alveg sérstaklega sjávarútvegi og fiskiðnaði. Með skipulegu átaki verður að endurnýja fiskiskipaflotann. Stóraukin hráefnisöflun er eina varanlega lausnin á vanda hraðfrystiiðnaðarins. En á meðan engu öðru og haldbetra er til að tjalda en þeim ráðstöfunum, sem lagt er til, að gerðar verði með þessu frv., tel ég ekki rétt að standa gegn því, að þær séu gerðar sem alger og nauðsynleg bráðabirgðaúrræði. En ég legg á það áherzlu, að þetta eru einungis bráðabirgðaúrræði og þau hrökkva því miður ákaflega skammt.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. sjútvn. fyrir mjög fljóta og góða afgreiðslu á þessu frv. í n., sem lýsti sér í því, hve nál. komu fljótt fram og n. vann sín störf rösklega.

Aðaltilefni þess, að ég stend hér nú upp núna, er ekki, að komið hafi ný atriði fram í umr. umfram tvær spurningar, sem sérstaklega var til mín beint, og svo eitt atriði almenns eðlis, sem ég mun víkja að síðar, sem minnzt hefur verið á í umr. til þessa.

Í fyrsta lagi spurði hv. 6. þm. Sunnl. (HB) að því, hver hefði orðið niðurstaðan af dreifingu þess afgangs, sem sýnilegt var, að yrði af 25 aura uppbótinni á síðari hluta s. l. árs. Samkv. upplýsingum, sem ég fékk frá Fiskifélaginu nú rétt áðan, nam þessi viðbótargreiðsla á þessari tegund fisks 35 aurum á línu- og handfærafisk veiddan síðari helming ársins sem leið, þannig að heildaruppbótin á þennan fisk á þeim tíma hefur verið um 65 aurar á kg.

Annað atriðið, sem hv. þm. spurði um, var viðvíkjandi útreikningi þeirra uppbóta eða þess styrks, sem gert er ráð fyrir í frv., að ríkissjóður eða ríkisstj. aðstoði við greiðslu á eða sjái um greiðslu á. Taldi hann, að eitt þrepið í þessari greiðsluaðferð væri æðivafasamt, þar sem þá væri nánast hagnaður fyrir frystihúsin, að verðfallið yrði sem næmi 15%, þó að tap væri, vegna þess, hve uppbótin til þeirra væri á því stigi óeðlileg. Ég hef ekki aðstöðu til þess að fara eins nákvæmlega ofan í þann útreikning og skyldi, en mér sýnist, að þó að þetta stæði, sem ég skal ekki á þessu stigi málsins rengja, sé báðum megin við uppbótina með þeim hætti, bæði í 14% og 16% með þeim hætti, að ekki sé þarna um verulega röskun að ræða. En það er sjálfsagt, að þetta verði endurskoðað undir meðferð málsins hér á hv. Alþ., og ef þarna er um eitthvað óeðlilegt að ræða umfram það, sem samið hefur verið um, verði það endurskoðað. En ég lít svo á, meðan annað er ekki upplýst, að öll þau atriði, sem í frv. eru, séu beint og óbeint liður í því samkomulagi, sem gert var við hlutaðeigandi aðila. Ég mun því ekki flytja brtt. við frv. Það verður þá að koma frá þeim, sem gagnrýna það. Það er

sjálfsagt, að þetta verði athugað, þó að ég telji, að í þessu geti varla falizt mikil hætta. Þar sem um er að ræða meðaltalsverðfall á 20—30 mörkuðum, þó að tveir aðalmarkaðir beri þetta uppi, getur varla orðið mikil tilhneiging hjá hraðfrystihúsunum til þess að spyrna við eða stöðva verðfallið endanlega á 15%. Þetta er meðaltalsverðfall á öllum þeim mörkuðum, sem við verzlum við, sem við verður miðað. Það er sem sagt rétt og eðlilegt, að það verði skoðað betur meðan málið er til meðferðar hér á hv. Alþ. En ef það reynist svo, eins og ég sagði áðan, að þarna sé um óeðlilega reikningsaðferð að ræða og ekki hafi verið gert ráð fyrir því í þessu samkomulagi, þá er eðlilegt, að það verði endurskoðað. En ég vil aðeins upplýsa það í sambandi við þessa fsp. hv. þm., að það er ekki krafa sjútvmrn., að þessi útreikningsaðferð skyldi viðhöfð, og eins og ég áðan sagði liður í samkomulagi, sem fulltrúar ríkisstj. gerðu með samþykki ríkisstj. við þessa aðila, sem þarna áttu hlut að máli.

Nú hefur oft verið á það minnzt og var reyndar gert af mér sjálfum í framsöguræðu minni, hve alvarleg þróun hefði átt sér stað í togveiðiskipaflotanum og hve hrörnun hans hefði orðið ör á skömmum tíma, og er óþarft að rekja það nánar. Þær tölur blasa við öllum og eru öllum opinberar, hvaða þróun þar hefur átt sér stað. Það eru allir sammála um, að við henni verði með einhverjum hætti að spyrna. Sannleikurinn er sá, að rekstur þeirra skipa, sem fyrir eru í landinu, hefur gengið það illa, að fáir, svo að ég segi sárafáir aðilar hafa bókstaflega leitt hugann að því að fá slík skip til rekstrar, ef ekki ættu sér stað stórfelldar breytingar á útgerðarkostnaði togveiðiskipa frá því, sem nú er í landinu, og hv. 5. þm. Reykn. gerði þetta að sérstöku umræðuefni í framsöguræðu sinni fyrir nál. sínu hér áðan, og get ég að sjálfsögðu undir flest tekið af því. — Það ástand, sem í þessum málum ríkir, er alls ekki æskilegt. En mér þykir rétt að nota þetta tækifæri, sem hér gefst, til þess að lýsa því yfir, að til athugunar er nú hjá ríkisstj., með hvaða hætti verði bezt greitt fyrir kaupum á 3—4 togveiðiskipum af skuttogaragerð. Áætlað er, að skip þessi verði af mismunandi gerðum eða stærðum, þannig að sem raunhæfastur grundvöllur fáist undir framtíðarskipan þessara mála varðandi endurnýjun togaraflotans. Þetta taldi ég rétt, að kæmi fram nú við þessar umr. hér, þar sem þetta atriði málsins hefur verið inn í umr. tekið.

Ég ítreka svo þakklæti mitt til sjútvn. fyrir mjög góða og skjóta afgreiðslu málsins í nefnd.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Það var aðeins ein setning í ræðu hæstv. sjútvmrh., sem gefur mér tilefni til aths. Hæstv. sjútvmrh. sagði eitthvað á þá leið, að hann gæti ekki séð, að það væri mikil hætta af þessum vankanti á bótaskalanum, sem ég var að benda á, — það væri ekki mikil hætta á því, að framleiðendur leituðu eftir, að verðfall yrði á ákveðnu stigi, eins og ég held, að hann hafi orðað það. Þetta gefur mér tilefni til þess að láta í ljós vonbrigði yfir því, að hæstv. sjútvmrh. skuli sjá ástæðu til þess að beita þeim málflutningi í þessu sambandi, að ég hafi verið sérstaklega hræddur við það, að frystihúsin eða sölusamtök þeirra færu að nota sér þetta á einhvern hátt. Mér finnst það ekki vera í samræmi við þann drengilega málflutning, sem ég veit, að hæstv. sjútvmrh. vill gjarnan temja sér, að vera að gefa í skyn, að það hafi verið það, sem fyrir mér vakti. Ég tók einmitt þvert á móti fram, að hér væri um svo litla fjármuni að ræða, að það skipti í sjálfu sér ekki miklu máli, og bætti einnig því við, að sízt sæi ég ástæðu til þess að gera ráð fyrir því, að menn færu að misnota þetta. En það, sem ég lagði áherzlu á, var það, að það er óeðlilegt — mér liggur við að segja ósæmilegt — að hafa verðuppbótarreglur með þessum hætti, jafnvel þótt maður geri sízt ráð fyrir því, að neinir færu að gera sér leik að því að misnota þetta.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að fara að stuðla að löngum framhaldsumr. um þetta mál. Það hefur verið rætt hér hófsamlega og þess vegna ekki ástæða til þess að fara að hleypa í það neinum ofsa. En það eru þó viss atriði, sem gera það að verkum, að það er óumflýjanlegt fyrir mig að standa hér upp og segja nokkur orð.

Það kom auðvitað hvorki mér né öðrum neitt á óvart, þótt hv. stjórnarandstæðingar segðu, að það væri mjög auðvelt að mæta öllum vanda með því að láta ríkissjóð borga, því að þótt það heiti að taka af greiðsluafgangi, er það að sjálfsögðu aðeins ein aðferð til þess að láta ríkissjóðinn greiða þetta fé. Nú má út af fyrir sig segja, að það væri ekkert við það að athuga undir venjulegum kringumstæðum, ef greiðsluafgangur væri fyrir hendi til þess að standa undir slíkum greiðslum í eitt skipti, eins og líka er gert ráð fyrir, að sé með verðjöfnunarsjóðinn. En þannig standa sakir, eins og ég upplýsti við 1. umr. málsins, að það er ekki til staðar neinn greiðsluafgangur til þess að greiða þetta fé nema með því móti að greiða ekki skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann, sem eru lausaskuldir, yfirdráttarskuldir og með algerlega óeðlilegum hætti og myndast á erfiðleikaárum, — greiðsluafgangur er ekki til staðar til þess að greiða upp í þessi framlög, ef þær skuldir eiga að greiðast. Og það er vitanlega, þegar vel árar, eins og gert hefur s. l. ár, sjálfsögð regla og skylt að fylgja því meginsjónarmiði að nota þá greiðsluafgang, ef verður, til þess að jafna upp yfirdrátt á fyrri árum. Annað er ekki verjanlegt. Og ef menn vilja fylgja ábyrgri fjármálastjórn, sem ég efa ekki, að hv. stjórnarandstæðingar vilji í hjarta sínu fylgja, þó að till. þeirra séu nokkuð á annan veg æðioft,

efast ég ekkert um, að þeim er það jafnljóst og mér, að það væri algerlega í öfuga átt og sýndi fullkomið ábyrgðarleysi að fara að ausa út greiðsluafgangi á pappírnum, sem hefur orðið á s. l. ári, í stað þess að greiða yfirdráttarskuldir við Seðlabankann. Þá er í rauninni aðeins verið að lána út fé Seðlabankans, og væri þá vissulega meiri ástæða til þess að taka upp þann hátt, sem stjórnarandstaðan í Finnlandi hafði nýlega á. Þegar ríkisstj. þar ákvað að taka 200 millj. marka lán í ríkisbankanum upp í þarfir ríkisins, gagnrýndi stjórnarandstaðan það harðlega, vegna þess að þetta sýndi ábyrgðarlausa fjármálastjórn og stuðlaði beinlínis að verðbólguþróun í þjóðfélaginu, sem þessi ráðstöfun mundi einnig að sjálfsögðu gera nákvæmlega eins, því að hún er ekki annað en þá ný lántaka hjá Seðlabankanum. En engu að síður, eins og ég áðan sagði, kom hvorki mér né öðrum á óvart, að á þetta yrði bent, að það væri ósköp einfalt til þess að losna við óvinsæla ráðstöfun, að skera niður um 10% verklegar framkvæmdir, þá mætti láta taka þetta af greiðsluafgangi og sleppa þá að greiða þær lausaskuldir, sem myndazt hafa undanfarin ár.

En það var ekki þetta, sem ég vildi ræða um, heldur annað, sem ég kemst ekki hjá því að gera aths. við og mótmæla mjög harðlega. En það var sú staðhæfing hv. 6. þm. Sunnl., að ríkisábyrgðasjóður hefði verið stórlega misnotaður sem lánasjóður fyrir ákveðna aðila. Þetta er vissulega mjög þung ásökun, sem ekki er hægt undir að liggja. Hv. þm. gerði að vísu enga tilraun til þess að færa þeim orðum sínum stað, til rökstuðnings jafnóhæfilegri ásökun, sem er að sjálfsögðu í senn bæði ásökun á fjmrn. sem yfirstjórnanda þessa sjóðs og einnig Seðlabankann, sem nú annast um allan rekstur sjóðsins og innheimtu til hans. Rn. hefur ekki, eftir að ríkisábyrgðasjóður tók til starfa, haft nein afskipti af innheimtustarfsemi sjóðsins. Og Seðlabankinn hefur, að því er ég veit, lagt á það ríka áherzlu að innheimta, eftir því sem kostur hefur verið á, allt það, sem auðið hefur verið að innheimta. Hinu er ekki að leyna, að ríkisábyrgðir eru, ekki sízt frá gamalli tíð, meðan þær voru veittar með þeim hætti, sem þá var gert, vægast sagt ekki allar upp á marga fiska, þ. e. a. s. tryggingarnar fyrir þeim, og þetta hefur leitt til þess, að það hefur tapazt mjög verulegt fé. Hins vegar liggur það ljóst fyrir, og það vita hv. þdm. af grg., sem lagðar hafa verið fyrir þingið undanfarin ár, að nú síðustu árin hefur orðið verulegur samdráttur í beinum útgjöldum ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðasjóðs, af því að hinar nýju reglur um ríkisábyrgðir hafa gerbreytt andrúmsloftinu varðandi vanskil og hvað á sjóðinn fellur.

Það má vafalaust á það benda, og ég efast ekkert um, að hv. 6. þm. Sunnl. getur á það bent, að það séu ýmsir, sem skuldi, og aðrir hliðstæðir aðilar hafi greitt. Það vill nú einu sinni verða svo. En það merkir ekki endilega, að það hafi verið þarna um einhverja misbeitingu valds að ræða. Aðstaðan til að greiða getur verið mjög mismunandi, og mér er ekki kunnugt um nokkurt dæmi þess, að það hafi verið með óeðlilegum hætti staðið að innheimtuaðgerðum hjá ríkisábyrgðasjóði eða einn beittur þar einhverjum fantatökum, sem svo hafi verið látið hjá líða að beita annan. Og ég veit, að hv. þdm. skilja það, að hér er um svo alvarlega ásökun að ræða um misnotkun aðstöðu, að það verður ekki hjá því komizt að gera sér grein fyrir því, hvað hér er á ferðinni og hvað menn meina, þegar um svona lagað er að ræða.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að það þarf ekki að vera neitt réttlæti eða réttsýni í því, að ríkisábyrgðasjóður fari að gefa eftir kröfur þessum aðila, en ekki öðrum, vegna þess að hann hefur staðið í skilum, og vissulega er það stundum svo, — og ekki aðeins stundum, það er auðvitað misjafnt, það er auðvitað æðioft svo, að menn leggja sig misjafnlega fram að borga þessa skuld eins og aðrar í viðskiptalífinu. Það fer ákaflega mikið eftir samvizkusemi manna, og verður ekki alltaf komið við viðhlítandi ráðum því til varnar. En ég held, að hjá því verði þó ekki komizt, að enda þótt þetta sé í ýmsum tilfellum ranglátt, að sumir hafi greitt skuldir, þótt aðrir hafi ekki greitt þær, þá er þó staðreynd málsins sú, að yfirleitt eru þó þeir aðilar verr settir, sem eiga skuldir sínar ógreiddar, og því eðlilegt, að það sé tekið til meðferðar þeirra mál. Mál hinna verða ekki tekin til meðferðar með þessum hætti, heldur þá með einhverjum öðrum, með lánafyrirgreiðslum og á annan hátt, sem auðvitað sjálfsagt er að gera, en ekki fellur undir þetta ákvæði. Ég held líka, að það sé misskilningur hjá hv. þm., að meiningin með þessari gr. í frv. varðandi breytingu lána og jafnvel eftirgjöf sé sú, að ríkisábyrgðasjóður gangi á undan með því að taka á sig einhverjar kvaðir. Það verður einhver aðili að hafa forgöngu um þessi mál, og það er eðlilegt, að ríkisábyrgðasjóður komi þar mikið við sögu, vegna þess að það eru auðvitað ekki aðeins vanskilin við ríkisábyrgðasjóð, sem hér koma til greina, heldur hitt, að ríkisábyrgðasjóður er í ábyrgð fyrir miklu af þeim kröfum, sem aðrir sjóðir eiga á hendur þessum aðilum, og þeir mega ekki gefa eftir af þeim skuldum, nema því aðeins að ábyrgðaraðilinn sé þá með í ráðum og að hve miklu leyti hann taki á sig þá eftirgjöf eða lánveitandinn sjálfur, það er auðvitað samningsatriði. Og ég tek alveg undir með hv. þm., að ég tel auðvitað ekkert eðlilegt við það, að allur þunginn af þessu falli á ríkisábyrgðasjóð, því að það er ekki annað en fella þetta á hinn almenna skattgreiðanda, þannig að það þarf ekkert að vera eðlilegt við það, og ég tek það þess vegna skýrt fram, að ég lít alls ekki svo á þetta ákvæði, að það eigi að fela í sér, að ríkisábyrgðasjóður eigi að ganga á undan í þessu efni. Hins vegar er þarna bent á aðferð, sem áður hefur verið og menn voru sammála um, þegar ríkisábyrgðasjóður var settur

á laggirnar, að þá væri farið yfir þessar kröfur og það yrði háð samþykki fjvn. Alþ., hvað endanlega yrði eftir gefið. Það var þá gert í stórum stíl, þegar hreinsað var til og reynt að koma þessum málum í það horf, að það væri nokkurn veginn öruggt að skuldararnir gætu þá staðið í skilum og það væri skárra að gefa eitthvað eftir heldur en hafa á pappírnum háar kröfur á hendur þessum eða hinum, sem hafa svo aldrei verið greiddar. Ég held, að reynslan af þeim vinnubrögðum, sem þá voru viðhöfð, hafi verið góð, og það náðist um það alger samstaða hér í þingi og við rn. á sínum tíma, hvernig með þau mál væri farið, og ég veit ekki, að um það hafi komið fram neinar kvartanir frá einum né neinum.

Ég skal ekki orðlengja um þetta frekar, en ég harma það mjög, að það skuli vera uppi sú kenning, að hér sé um að ræða misferli í sambandi við ríkisábyrgðasjóð og mismunun einstakra aðila, og ég teldi það mjög miklu varða, að þeim málum yrði komið á hreint og það yrði þá komið fram með þau rök og sannanir fyrir því, að þarna hafi átt sér stað einhver óhæfileg vinnubrögð af hálfu þeirra aðila, sem eiga að stjórna þessum sjóði.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Mér þykir út af fyrir sig vænt um það, að hæstv. fjmrh. skyldi hafa tekið eftir ummælum mínum um ríkisábyrgðasjóð, en það fór ekkert á milli mála, að hann hafði gert það, og til þess var líka minn leikur gerður. Ég held, að það geri ekkert til, þó að hæstv. fjmrh. tæki sig til og kynnti sér svolítið nánar þau mál. Við höfðum skýrslur um stöðu ríkisábyrgðasjóðs og skuldara hans á undanförnum árum. Ég hef kynnt mér þessar skýrslur, og ég veit ósköp vel, hvað ég er að segja. Ríkisábyrgðasjóður er, eins og við vitum, ekki lánastofnun í eðli sínu, heldur stofnun til þess að tryggja innheimtu fyrir aðrar lánastofnanir, og eðli málsins samkvæmt er ekki eðlilegt, að stofnað sé til langtíma samningsskulda við ríkisábyrgðasjóð, og þaðan af síður er það eðlilegt, að hann gefi einstökum aðilum eftir stórfé, án þess að að þeim sé gengið. Ég hef hér fyrir framan mig skýrslur um það, að á árabilinu frá 1962 til ársins 1965 mun ríkisábyrgðasjóður hafa breytt skuldum, sem stofnað hefur verið til við hann, í skuldabréf, gefið þær eftir eða afskrifað þær, að upphæð talsvert yfir 200 millj. kr. Það er enginn smápeningur, sem er um að ræða. Ég hef líka skýrslur um það, hverjir þeir aðilar eru, sem samið hefur verið um að gera skuldir þeirra við ríkisábyrgðasjóð að langtímaskuldum og gefið eftir og afskrifað hjá, og það væri svo sem hægt að rekja það, en ég held, að ég láti það hjá líða að sinni. Það gefast væntanlega til þess önnur tilefni innan skamms.

Mér þótti út af fyrir sig líka vænt um það, að hæstv. fjmrh. skyldi segja, að það væri misskilningur hjá mér sá skilningur minn á 10. gr., að ríkisábyrgðasjóður skyldi hafa forustu um skuldaeftirgjafir með þeim hætti, að það væru fyrst og fremst skuldir við hann, sem hann gæfi eftir. Mér var að vísu ljóst, að það er gert ráð fyrir því, að einnig aðrir gefi eftir skuldir, en það er gert ráð fyrir algerri forustu ríkisábyrgðasjóðs um slíkt, og til þess að hann geti gefið eftir skuldir, þurfa menn væntanlega að skulda honum eitthvað. Mér þykir vænt um það, að hæstv. fjmrh. skuli lýsa því yfir, að þessi skilningur minn sé ekki réttur, en þá álít ég líka, að orðalag gr. sé óþarflega óljóst.

Það kom einnig fram hjá hæstv. fjmrh., að hann taldi, að þetta væri eðlilegt, að ríkisábyrgðasjóður hefði þarna forustu, þar sem aðrir kröfuhafar hefðu í mörgum tilfellum tryggingu í ríkisábyrgðasjóði og gætu þess vegna ekki gefið eftir skuldir nema í samráði við ríkisábyrgðasjóð. Mér sýnist þetta nú hafa nokkurn svip af því, sem ég taldi heldur óviðfelldið, ef sú leið yrði farin að láta skilamenn, sem þyrfti að aðstoða í þessu sambandi, fyrst fara í vanskil, svo að ríkisábyrgðasjóðurinn verði kröfuhafinn, áður en hægt væri að greiða fyrir þeim.

Mér finnst þess vegna, að á þessu öllu saman sé sá svipur, sem ég á erfitt með að fella mig við. Ég álít, að það sé útlátalaust fyrir hv. þm., ef þeir hafa sama skilning á þessu og ég hef og mér virtist, að hæstv. fjmrh. hefði líka, þá sé útlátalaust að gera þessi ákvæði skýrari með því að samþykkja síðustu brtt. okkar í 1. minni hl.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér þótti vænt um að fá fram það, sem hv. 6. þm. Sunnl. hér áðan sagði um ríkisábyrgðasjóð og efni þeirra röksemda, sem mér skilst, að hafi staðið að baki þeirri fullyrðingu hans í fyrri ræðu, að hér væri um mjög alvarlega mismunun að ræða. Mér skildist á orðum hans nú, að þetta byggðist á því, að hann hefði fyrir sér skýrslu um margvíslegar eftirgjafir hjá ríkisábyrgðasjóði og að skuldum hefði verið breytt í langtímalán á undanförnum árum eða allt frá því að sjóðurinn tók til starfa og til ársins 1965. (Gripið fram í.) Já, 1962—1965, ég held, að hann hafi tekið til starfa þá.

Þetta kemur mér ekki nokkurn hlut á óvart, vegna þess að þetta átti sér stað í stórum stíl, og hitt kæmi mér mjög á óvart, ef þetta hefði gerzt með nokkuð óvenjulegum hætti. Eins og menn muna eftir og ég sagði frá í ræðu minni, var svo ákveðið, að þegar lög um ríkisábyrgðasjóð voru sett, að það skyldi farið í gegnum allar kröfur, sem þá voru í vanskilum við ríkið vegna ríkisábyrgða, og ákveðið með sérstökum hætti, hvað af þeim kröfum yrði gefið eftir og hverju af þeim yrði breytt í langtímalán, og þetta hefur verið að gerast á töluverðu árabili, og hér var um mjög verulegar fjárhæðir að ræða í senn, sem voru eftir gefnar, og hins vegar, sem var breytt í langtímalán. Mér kemur ekkert á óvart, þó að það kunni að vera 200 millj. En að það hafi verið gert með óeðlilegum hætti og einhverju baktjaldamakki,

án þess að réttir aðilar kæmu þar við sögu, það var það, sem ég átti við, að ég kynni illa við í staðhæfingum hv. þm. í hans fyrri ræðu, því að það var ómögulegt annað en skilja hans orð þá svo, að hér hefði átt sér stað mjög alvarlegt misferli og rangindi, því að ég lít svo á, að ef menn eru beittir misjöfnum tökum, sé það ófært, og ég er hv. þm. algerlega sammála um það. Þess vegna tók ég nokkuð nærri mér þá fullyrðingu að bera ábyrgð á því að hafa stjórn sjóðs, sem þannig aðferðum beitti. Það eru til síðar samningar um lán, eftir að þessar ákvarðanir voru gerðar í upphafi, sem byggðar voru á l. um ríkisábyrgðasjóð, þá eru til nokkrir samningar, að breytt hafi verið vanskilum í langtímalán. En það hefur alltaf verið gert að mjög vandlegu mati Seðlabankans og ríkisábyrgðasjóðs og eingöngu í því skyni gert að tryggja hag sjóðsins og sjá til þess, að þetta grynntist, m. a. með þeim hætti að taka nýjar ábyrgðir og tryggingar, og í sumum tilfellum hefur með þessum hætti hreinlega tekizt að bjarga tugmilljónum kr., sem voru í algerri óvissu vegna ríkisábyrgða, sem teknar höfðu verið á sínum tíma. Ég er ekkert að saka neinn, sem að því stóð. Það var við allt aðrar aðstæður, en síðar kom í ljós, að það voru stórkostlegar áhættuábyrgðir.

Við skulum taka t. d. togarana, þar sem eingöngu voru tryggingar teknar á sínum tíma í togurunum og auðvitað raunverulegt verðgildi þeirra ekkert í námunda við það, einkanlega nýju togaranna, sem nemur ríkisábyrgðunum. Í ýmsum svona tilfellum hefur verið samið, en í öllum tilfellum að vel yfirveguðu ráði og með eindregnum meðmælum Seðlabankans og mati hans á því, að hér væri verið að tryggja hagsmuni ríkissjóðs, en ekki það gagnstæða.

Hitt er svo allt annað mál, sem hv. þm. sagði og er ákaflega oft í mannlegu lífi raunalegt, ekki aðeins varðandi ríkisábyrgðasjóð, heldur í öllu viðskiptalífi, að það eru sumir, sem leggja sig meira fram um að standa í skilum en aðrir. Þetta er alveg hárrétt. Og það verður ekki alltaf komið við viðurlögum í þessu efni. Það hefur verið reynt að nota allar aðferðir, halda eftir ýmiss konar fé, sem ríkið hefur átt að greiða til vanskilaaðila, og eitt og annað gert í þessu efni. En vitanlega hefur þetta oft og tíðum farið svo, að sumir aðilarnir borga skilvíslega, leggja sig fram um það, aðrir leggja sig ekki eins fram um það. Og það getur vel verið, að menn hafi út úr þessu nokkurn hag, þegar til uppgjörs kemur, eins og hér er rætt um, sem enginn er glaður yfir, en er ákaflega erfitt að tryggja sig gegn.

Ég vildi mega vænta þess, að þær athuganir, sem hv. 6. þm. Sunnl. gerir á þessum málum varðandi ríkisábyrgðasjóð, sannfæri hann um það, að hér hafi ekki verið tilefni til að halda fram, að neinum rangindum hafi verið beitt. Og ég fullvissa hann um það, þó að það sé auðvitað ekki tími til þess hér, eins og hann sagði, að fara út í einstök atriði í þessu efni, að ég er ákaflega vel reiðubúinn til þess að ræða við hann og aðra hv. þm., hvort sem er hér í þingi eða persónulega, ef það eru einhver atriði, sem þeir telja, að þarna hafi ekki verið með þeim hætti, sem þau hefðu átt að vera, og er jafnfús til þess að beita mér í því efni að lagfæra það, ef mér er sýnt fram á með rökum, að það hafi ekki verið rétt á málum haldið.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að blanda mér í þessar umr. og skal ekki lengja þær mjög mikið. En þau orð, sem hæstv. fjmrh. lét falla í fyrri ræðu sinni varðandi greiðsluafgang, þóttu mér svo merkileg, að ég get ekki alveg látið þau fram hjá mér fara án þess að vekja á þeim athygli. Hæstv. fjmrh. viðurkenndi, að um greiðsluafgang væri að ræða. Hann var að vísu ekki við því búinn að upplýsa nákvæmlega, hverju hann hefði numið á s. l. ári. Aðrir ráðh. hafa þó látið frá sér fara, að ég hygg, nokkrar tölur, að vísu ekki sérlega nákvæmar, í því efni. Þó að ekki sé gerð krafa til þess, að hæstv. fjmrh. sé við því búinn nú að gefa upplýsingar um það, hverju greiðsluafgangurinn hafi numið upp á við skulum segja millj., þá fer ekki á milli mála, að hæstv. fjmrh. hefur nokkuð glöggar hugmyndir um það, hverju greiðsluafgangurinn muni nema. Og hann viðurkenndi það sem sagt, að greiðsluafgangur hefði orðið verulegur. Hann viðurkenndi, að sá greiðsluafgangur hefði út af fyrir sig leyft það, að mér skildist, að af honum hefðu verið greiddar þessar 85 millj., eða hvað það nú er, sem hér er um að ræða, en greiðsluafgangurinn væri að vísu ekki lengur til nema á pappírnum. Nú er mér ekki alveg ljóst, hvað hæstv. fjmrh. á við með slíku orðalagi. Ég veit það í mínum barnaskap, að greiðsluafgangur ríkissjóðs er ekki geymdur í kassa hjá ríkisféhirði. Ég geri ráð fyrir því og hef alltaf gert ráð fyrir því, að hann væri geymdur eins og annað fé ríkissjóðs í Seðlabankanum. En ég held, að það sé ekki hægt að segja, að sá greiðsluafgangur, sem þannig er geymdur, sé aðeins til á pappírnum sem greiðsluafgangur. Mér er ekki kunnugt um, að greiðsluafgangi þessum, sem orðið hefur, hafi verið ráðstafað af Alþ. til þessa. Ég verð þess vegna að álíta, að sá greiðsluafgangur, sem orðið hefur, sé enn til ráðstöfunar.

En það, sem alveg sérstaklega vakti athygli mína, var það, að ráðh. tók í sjálfu sér undir það, að það gæti verið réttlætanlegt að verja af greiðsluafgangi fé í þessu skyni, sem hér er gert ráð fyrir. En hann sagði aðeins, að það væri ekki hægt nú og eins og á stæði, nema það yrði verðbólguaukandi. Ég held, að ég hafi skilið hans orð rétt á þessa lund. En hvað er þá hæstv. ráðh. að segja með þessu? Hann er að segja það, að það mundi vera verðbólguaukandi, ef staðið yrði við nýlega samþ. fjárlög á Alþ. og fjárveitingar til verklegra framkvæmda ekki skornar niður um 10%, því að það er það, sem hér er um að ræða, og jöfnunarsjóður látinn fá sitt. Ég fæ ekki betur séð en með þessu komi alveg nýtt sjónarmið fram í þessu máli varðandi þessa ráðstöfun, sem hér

er um að ræða, og það séu þá komin ný rök af hálfu ríkisstj. fram fyrir þeim niðurskurði verklegra framkvæmda, sem hér er ráðgerður, sem sé, hann sé frá þeirra sjónarmiði nauðsynlegur til þess að hamla á móti verðbólguþróun. Ég verð að segja það, að þetta eru nokkuð nýjar upplýsingar fyrir mér, og mér finnst þær svo merkilegar, að ég vildi ekki láta hjá líða að vekja á þeim athygli. En ég býst við því, að það fari fleirum eins og mér, að þeim þyki það nokkuð furðulegur málflutningur, að það skuli nú boðað, að það sé verðbólguaukandi, ef staðið er við þær fjárveitingar, sem samþykktar hafa verið í fjárl. Það er það, sem hæstv. fjmrh. er í raun og veru að segja með þeim orðum, sem hann sagði hér áðan, enda þótt hann orðaði það á aðra leið og ræddi um það, hvaða afleiðingar það hefði, ef einhverjum hluta af greiðsluafganginum væri varið í þessu skyni.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ræða hv. 3. þm. Norðurl. v. kom mér nánast sagt nokkuð á óvart, vegna þess að öllum hv. þdm. er það kunnugt, að hann yfirvegar sitt mál vel og gerir sér grein fyrir staðreyndum mála, oftast nær a. m. k., þegar ekki er nauðsynlegt af flokkspólitískum ástæðum að taka málin öðrum tökum, en sleppum því. Ég var af þessum ástæðum mjög hissa að hlusta á ræðu hans og hvernig hann lagði út orð mín hér áðan. Hann lagði á það sérstaka áherzlu, að það væri einkennilegt orðalag og fráleitt að tala um greiðsluafgang á pappírnum, eins og ég hefði orðað það. En ég mun hafa sagt í ræðu minni áðan, án þess að ég muni það nákvæmlega orðrétt, að það mætti auðvitað segja, að á pappírnum væri greiðsluafgangur til þess að mæta þessum útgjöldum, sem hér er um að ræða. Þegar ég notaði þetta orðalag, átti ég við, að ég kalla það greiðsluafgang á pappírnum, ef maður vanrækir að greiða algerlega óumsamdar yfirdráttarskuldir, þegar vel árar. Það er nákvæmlega eins og ef menn yfirdraga bankareikning sinn raunverulega í heimildarleysi eða út úr neyð, eins og gert var hjá ríkissjóði á árunum 1964—1965 og síðan. Ef vel árar og menn fara aftur að hafa einhvern hagnað, hygg ég, að það sé almennt og sjálfsagt viðskiptalögmál og enginn banki mundi una því, að menn héldu áfram að yfirdraga reikning sinn og ráðstöfuðu öllu því fé, sem þeim þá hefur áskotnazt, á annan veg eða til nýrrar eyðslu, í stað þess að greiða þessar yfirdráttarskuldir. Og það hefur, held ég, af öllum fjmrh. verið álitin grundvallarregla og það ekki síður af hv. núv. formanni Framsfl., sem ég man eftir í sinni tíð, að við höfðum mikið saman að sælda um fjármál, og hann var ákveðið þeirrar skoðunar og ég tel það hárrétt, að það væri auðvitað alls ekki verjandi, ef ríkinu áskotnaðist greiðsluafgangur, að greiða þá ekki upp lausaskuldir. Og þetta er það, sem ég meina nákvæmlega með það, að greiðsluafgangur sé á pappírnum, þegar ég tala um, að það megi að vísu segja, að greiðsluafgangur á árinu 1966 hafi bókhaldslega orðið svona og svona mikill, en hins vegar, ef taka á tillit til þess, hvað yfirdreginn hefur verið reikningur ríkissjóðs í Seðlabankanum með alveg óeðlilegum hætti, sé ekki verjandi að ráðstafa þessu fé og raunverulega sé maður þá ekki að ráðstafa greiðsluafgangi, heldur peningum Seðlabankans. Þetta held ég, að öllum hv. þdm. hljóti að vera ljóst, að er rétt.

Ég vil einnig leggja áherzlu á það, að það fólst ekki í mínum orðum, enda tók ég það skýrt fram við 1. umr. þessa máls, að það væri, jafnvel þótt greiðsluafgangur væri, réttlætanlegt að greiða þetta fé af greiðsluafgangi, vegna þess að það hefur aldrei verið talið eðlilegt að nota greiðsluafgang til þess að greiða með venjuleg rekstrarútgjöld ársins. Ég lít svo á, að þessi stuðningur við bátaútveginn sé venjuleg rekstarútgjöld ríkissjóðs á sama hátt og styrkur á fjárl. undanfarin ár, en það megi mun fremur verja það, þó að megi segja, að það sé álitamál, að taka af greiðsluafgangi fé, sem gert er ráð fyrir, að sé stofnfé í tiltekinn sjóð, enda kunni svo að fara, ef vel gengur, að svo og svo mikið af því renni til ríkissjóðs aftur eða þurfi ekki á því að halda. Það er allt annað mál og miklu eðlilegra að beita þá þeirri aðferð.

Varðandi síðustu ummæli hv. þm. fæ ég ekki heldur skilið, að jafnglöggur maður skuli ekki átta sig á því til fullnustu, og trúi ekki annað en hann í rauninni geri það, að með þeim ráðstöfunum, sem hér er verið að gera um skerðingu á framkvæmdafé ríkisins, sem veitt er í fjárl. þessa árs, er vitanlega ekki verið að draga úr útgjöldum ríkissjóðs frá því, sem var, þegar fjárlög voru sett, og með því, eins og hv. þm. segir, að viðurkenna það, að raunverulega hafi fjárl. verið verðbólgumyndandi. Hitt liggur í augum uppi, að það er hér verið að tala um að leggja á ríkissjóð 85 millj. kr. ný útgjöld, og það er verðbólgumyndandi að leggja slík útgjöld á með þeim hætti að nota til þess fé, sem raunverulega er alls ekki til staðar. Það var það, sem ég átti við í minni ræðu, að nota fé, sem eingöngu er fengið með þeim hætti að greiða ekki upp lausaskuldir ríkissjóðs og valda með því algerlega óeðlilegum fjárráðstöfunum eða útgreiðslum úr Seðlabankanum, sem hefur undir öllum kringumstæðum þau áhrif á viðskiptalífið og peningaveltuna í landinu, að það yrði þá, ef ekki ættu að verða verðbólguáhrif af þessu, að draga úr útlánum lánastofnana að sama marki. Þetta er grundvallarlögmál.

Það er of langt mál að fara út í það hér, en lánastofnanir á síðasta ári, eins og hv. þdm. er kunnugt, juku útlán sín um rúmlega eða kringum að ég hygg 500—600 millj. kr. umfram það, sem sparifjáraukningunni nam. Þetta hefði verið útilokað að gera nema með stórkostlega alvarlegum afleiðingum fyrir efnahagskerfið, ef staða ríkissjóðs hefði ekki bætt þetta upp. En hún hefur látið nærri á

s. l. ári að bæta þetta upp. Sú rýrnandi staða ríkissjóðs, sem mun verða á þessu ári, sem því miður er full ástæða til að óttast, að verði slæm, hlýtur að hafa þær afleiðingar, ef ekki á að verða verðbólguaukandi, ef ekki eiga að vera verðbólguáhrif varðandi efnahagskerfið og lánastarfsemina í landinu í heild, þá þrengist hagur lánastofnananna að þessu marki. Það er þá ekki hægt að jafna umframútlán þeirra upp með þessari batnandi stöðu ríkissjóðs. Og við sjáum það í hendi okkar, að ef við ætlum þess vegna að fara að ráðstafa að verulegu leyti peningum af greiðsluafgangi, sem þarf til þess að greiða yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum, hlýtur það að segja til sín með þeim hætti, að annaðhvort verði aukin verðbólga eða þá verði að þrengja að útlánastarfseminni í þjóðfélaginu á öðrum sviðum. Og það geri ég ekki ráð fyrir, miðað við það, sem við allir vitum, hversu þröngt er á lánamarkaði, að nokkur maður telji æskilegt, að sú leið yrði farin.

Þetta vænti ég, að hv. þm. geri sér grein fyrir, og veit raunar, að hann gerir það og það þurfi ekki að fara á milli mála, að við skiljum hvor annan, hvað við meinum í þessu efni.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég er hissa á því, að jafnglöggur maður og hæstv. fjmrh. skyldi ekki skilja orð mín betur en hann vildi vera láta, og sérstaklega er ég hissa á því, þegar hann hefur verið í læri hjá hv. form. Framsfl., fyrrv. fjmrh., eins og hann gat um hér áðan.

Mér er það að sjálfsögðu ljóst, að það má verja greiðsluafgangi til þess að greiða skuldir eins og til ýmissa annarra hluta. En staðreyndin er bara sú, að það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um það enn, svo að mér sé kunnugt, að greiðsluafgangi ársins 1966 skuli varið til þeirra hluta. Hann er því fyrir hendi enn óráðstafaður, og honum má því verja til þessa, sem hér er lagt til, ef menn vilja það.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri ekkert dregið úr fjárveitingum til verklegra framkvæmda frá því, sem þær hefðu verið, þegar fjárlög voru sett. Það, sem um er að ræða, er það, að það er dregið úr fjárveitingum til verklegra framkvæmda eins og þær voru áætlaðar og ákveðnar í desember 1966 og Alþ. þá gekk frá þeim. Og þá var það ekki álit Alþ., að það væri verðbólguaukandi að verja þessu fé, sem þá var samþ., til verklegra framkvæmda. Nú er því aftur á móti haldið fram af hæstv. fjmrh., að það sé verðbólguaukandi, ef ekki sé skorið niður sem þessari upphæð nemur eða 10% af verklegum framkvæmdum. Þetta er kjarni málsins, og um það þarf í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð.

Hugleiðingar hæstv. fjmrh. um önnur atriði, sem að nokkru leyti voru óskyld þessu afmarkaða efni, sem ég talaði hér um, er ekki ástæða til þess að fjölyrða hér um. Þetta stendur sem sagt algerlega, að hæstv. ráðh. hefur játað, að það hafi verið til greiðsluafgangur til þess að mæta þessu, en til þess greiðsluafgangs væri ekki hægt að grípa og láta fjárveitingar til verklegra framkvæmda standa ólækkaðar, af því að slíkt mundi leiða til verðbólguþróunar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 312,1 felld með 11:6 atkv.
— 316 kom ekki til atkv.
2. gr. samþ. með 11:5 atkv.
3.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 319,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 312,2 felld með 11:6 atkv.
8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 319,2 (ný 9. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 312,3 felld með 11:6 atkv.
10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 332).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég get varla trúað því, að það sé óhagganlegur ásetningur hæstv. ríkisstj. og flokka hennar að seilast til fjármuna sveitarfélaganna, eins og gert er í 2. gr. þessa frv. Vitanlega eiga sveitarfélögin eða jöfnunarsjóður þeirra þá hækkun, sem varð frá áætlun fjárl. frá 1966 á lögákveðnum hluta þeirra úr aðflutningsgjöldum og söluskatti. Það er mjög klunnaleg framkoma, að mér finnst, af ríkisvaldinu að ætla að hrifsa þessa hækkun til sín í sínar þarfir, og til þess hefur það að mínu áliti alls engan siðferðislegan rétt. Með því eru brotin lög á sveitarfélögunum, þótt það sé að vísu gert með lögum í krafti löggjafarvalds Alþingis.

Mér skilst, að tekjur ríkissjóðs hafi farið mikið fram úr áætlun 1966, og hef ég skilið það af orðum hæstv. fjmrh., sem er svo mikill búmaður, að hann mundi barma sér, ef hann teldi ástæðu til. Að sjálfsögðu hafa gjöld ríkissjóðsins einnig farið fram úr áætlun vegna verðbólguþróunarinnar, en þó mun hafa orðið allmikill tekjuafgangur. En hvernig ætli þetta hafi orðið hjá sveitarfélögunum? Það er auðvitað mál, að tekjur þeirra hafa ekki farið fram úr áætlun 1966. Þær eru teknar af stofnum, sem eru fastir í viðmiðun. Jöfnunarsjóðstillagið er nálega það eina, sem getur farið fram úr áætlun hjá þeim, og nú á að taka þann ávinning af þeim. Hins vegar vaxa margir útgjaldaliðir sveitarfélaganna vegna verðbólgunnar og fara langt fram úr áætlun, og skapar þetta mjög erfiðar niðurstöður hjá þeim. Sveitarfélögunum er með löggjöf sniðinn mjög þröngur stakkur til fjáröflunar, en margar skyldur á herðar þeirra lagðar til útgjalda,

sem þau verða að bera, hvernig sem árar. Ríkisstj. getur með nýrri löggjöf aflað ríkissjóði tekna, en sveitarstjórn hefur ekki slíkt sjálfsvald. Og nú ætlar hæstv. ríkisstj. samkv. 2. gr. þessa frv. að svipta sveitarfélögin umframtekjunum af eina liðnum — eða svo að segja eina liðnum, sem hefur getað orðið þeim í vil árið 1966.

Í gær var tilkynnt, að lögð væri fram á lestrarsal ályktun frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Enginn hefur minnzt á þetta erindi, og þó er talið, að sveitarfélögin eigi að vera aðilar, sem hlusta eigi á, hvað hafa að segja, þegar um lög, er þau snertir, er að ræða. Erindi þetta er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga mótmælir harðlega því ákvæði í frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem nú liggur fyrir Alþ., að greiðslur til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði lækkaðar um 20 millj. kr.“ Grg.: „Lagt hefur verið fram á Alþ. frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Í frv. þessu er gert ráð fyrir að lækka greiðslur til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1966 frá því, sem ákveðið er í tekjustofnal., um 20 millj. kr. Í grg. frv. er upplýst, að tekjur jöfnunarsjóðs 1966 muni fara um 23 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. fyrir árið 1966, og ráðgerð lækkun rökstudd með því, að sveitarfélögin njóti góðs af árangri verðstöðvunarinnar og því sé sanngjarnt, að þau taki nokkurn þátt í ráðstöfun til að tryggja framgang hennar.

Það hafði verið baráttumál sveitarfélaganna árum saman að fá nýjan tekjustofn, hlutdeild í söluskattstekjum ríkissjóðs. Með samþykkt söluskattsl. nr. 10 1960 og l. um jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 19 1960 kom ríkisvaldið til móts við þessa ósk sveitarfélaganna og sýndi með því skilning á aðstöðu þeirra og á því mikilsverða hlutverki, sem þau gegna í þjóðfélaginu. Lögfesting þessa fyrirkomulags markaði tímamót í samskiptum ríkisvaldsins og sveitarfélaganna. Þetta hafa sveitarfélögin þakkað og metið. Því ber að harma það, að með ákvæðum frv. skuli nú stefnt að skerðingu þessara þýðingarmiklu réttinda sveitarfélaganna.

Sveitarfélögunum er það vissulega hagsmunamál, að verðstöðvunin nái tilgangi sínum, enda hafa þau þegar tekið á sig þær byrðar, sem af henni leiðir, þar sem tekjustofnar þeirra voru bundnir með verðstöðvunarl. en ýmsar útgjaldahækkanir höfðu orðið á árinu 1966, m. a. kaupgjaldshækkanir allt að 15%, eftir að fjárhagsáætlunin hafði verið samþ. Þessar hækkanir haldast á þessu ári, en tekjustofnar sveitarfélaganna eru bundnir. Því hefur orðið að draga úr frjálsu ráðstöfunarfé sveitarfélaganna. Það eru minnkuð framlög til verklegra framkvæmda, svo sem gatnagerðar og skólabygginga. Með þessum hætti hafa sveitarfélögin þegar lagt fram sinn skerf til að tryggja árangur verðstöðvunarinnar.

Sveitarfélögin telja því mjög ranglátt, að til viðbótar eigi að koma hvort tveggja, skerðing á framlagi til jöfnunarsjóðs og lækkun á framlagi ríkisins til sameiginlegra framkvæmda þess og sveitarfélaganna, svo sem gert er ráð fyrir í frv. Stjórnin telur þess vegna eðlilegra, að byrðum vegna þeirra ráðstafana, er í frv. greinir, verði deilt á aðrar stofnanir í þjóðfélaginu.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga vill vekja athygli á því, að sveitarfélögin, a. m. k. þau stærstu, hafa þegar afgreitt fjárhagsáætlun sína fyrir árið 1967, svo sem lögboðið er, og að sjálfsögðu reiknað með framlagi úr jöfnunarsjóði samkv. gildandi lögum, þ. á m. samþ. fjárl. fyrir árið 1967. Samþykki Alþ. téð ákvæði frv., verða sveitarfélögin að taka fjárhagsáætlunina til endurskoðunar. Aðrir tekjustofnar þeirra eru bundnir með verðstöðvunarl., og eigi er unnt að lækka lögboðin útgjöld. Sveitarfélögin verða því neydd til að draga enn meira úr framlögum til verklegra framkvæmda, sem víðast hvar eru knýjandi nauðsyn.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga treystir því, að hv. Alþ. leysi þetta mál á farsælan hátt fyrir sveitarfélög landsins, þannig að þeim verði ekki torveldað að gegna þeim þýðingarmiklu verkefnum, sem löggjafinn hefur falið þeim.

Reykjavík, 8. marz 1967.
Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga.
Gunnlaugur Pétursson, Hermann Eyjólfsson,
Hjálmar Ólafsson, Vigfús Jónsson,
Magnús E. Guðjónsson.“

Þetta er þá erindi stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, sem lagt var fram í gær á Alþ. og ég hef nú lesið upp. Ég trúi því ekki, fyrr en reynt er til þrautar, að hæstv. ríkisstj. sé óhagganleg í þessu efni eða allir liðsmenn hennar. Þess vegna leyfi ég mér að leggja fram skrifl. brtt. um, að ríkissjóður taki á sig þær 20 millj. kr., sem um er að tefla, og greiði þær af umframtekjum sínum af aðflutningsgjöldum og söluskatti 1966. Þar er áreiðanlega af meiru að taka og ólíkt frjálsari hendi tekið. Till., sem ég ber fram, er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 2. gr. Í stað seinni efnisliðar gr. (þ. e.: „Þó er ríkisstj. heimilt“ o. s. frv.) komi: Einnig er ríkisstj. til sömu þarfa heimilt að greiða af greiðsluafgangi ríkissjóðs á árinu 1966 20 millj. kr.“

Þessa till. vil ég biðja hæstv. forseta fyrir til venjulegrar fyrirgreiðslu.

Nú hefur hæstv. fjmrh. lýst því, að tekjuafgangur sé í raun og veru enginn til frá 1966 nema á pappírnum, honum sé ráðstafað af sjálfu sér upp í yfirdráttarskuld við Seðlabankann. En af því að ég veit, að hann er ráðdeildarsamur, þykist ég viss um það, að honum verði auðvelt að færa þetta þannig til, að þessar 20 millj., sem þarna er um að ræða, þurfi ekki að takast af fátækt sveitarfélaganna.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 335) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 335 felld með 11:6 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., 13. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og var þar endanlega samþ. með örlitlum breyt., sem nánast eru leiðréttingar. Um málið hafa á undanförnum vikum orðið allmiklar umr. á opinberum vettvangi og því sjálfsagt óþarft að endurtaka margt af því, sem þar hefur verið sagt, ásamt því, sem fram kom í umr. í hv. Ed., og skal ég því eftir föngum reyna að stytta mál mitt hér, sem kostur er. Og til að lengja ekki að óþörfu framsögu fyrir frv. mun ég fyrst og fremst reyna að halda mig við þau atriði í undirstöðu og aðdraganda frv., sem ekki er gerð sérstök grein fyrir í grg. þess og sérstökum aths. ásamt fskj. Bæði grg. og frv. hefur nú verið gerð opinber í dagblöðum og því almenningi ljós, og hafa hv. alþm. haft allgóða aðstöðu til að kynna sér efni frv. og grg. þess, frá því að það var lagt fram.

Síðan á miðju s. l. ári hefur það verið ljóst, að ný og alvarleg viðhorf voru að skapast í sjávarútveginum og þar með í öllu efnahagslífi landsins, þótt í einstökum atriðum hafi ekki fengizt í þeim endanleg niðurstaða, fyrr en verulega leið á árið, svo sem nánar mun gerð grein fyrir síðar. Á undanförnum árum hafði verðlag á útflutningsafurðum landsins farið síhækkandi og varð þessi hækkun sérstaklega mikil á árinu 1965. Áhrifa af nýrri tækni og vaxandi gengd fiskistofna og einkum síldveiða gætti mjög á undanförnum árum eða á sama tímabili. Jafnframt höfðu orðið verulegar tæknilegar framkvæmdir í fiskvinnslu, ekki sízt í hraðfrystiiðnaðinum. Þessi hagstæða þróun lagði raunhæfan grundvöll að miklum og almennum launahækkunum, meiri aukningu almennrar velmegunar en á flestum öðrum þróunarskeiðum íslenzks efnahagslífs. Á sama tíma skapaði hún hins vegar einnig erfiðleika hjá þeim greinum atvinnulífsins, þar sem ekki var um jafnmikilsverðar tæknilegar breytingar að ræða eins og t. d. í þorskveiðum báta og togara. Þegar kom fram á árið 1966, varð hins vegar fljótlega ljóst, að verðlag á útflutningsafurðum landsmanna mundi ekki halda áfram að hækka, og síðari hluta ársins tók við mikið verðfall á mjöli og lýsi og frystum fiski.

Þessi nýju viðhorf í efnahagsmálum gerðu það nauðsynlegt, að komizt væri hjá frekari hækkunum á verðlagi og framleiðslukostnaði innanlands. Beitti ríkisstj. sér fyrir þessu með setningu laga um verðstöðvun í nóvembermánuði s. l. Var að því stefnt með þessum lögum, eins og þá var frá greint, að verðlag héldist um eins árs skeið a. m. k. óbreytt frá því, sem það hafði verið í ágústmánuði s. l. Þegar þessi lög voru sett, var það hins vegar ljóst, að hversu þýðingarmikil sem setning þeirra væri fyrir sjávarútveginn, mundi frekari ráðstafana vera þörf til þess að tryggja eðlilegan rekstur hans á þessu ári. Nauðsyn bar til þess, að tekjur sjómanna á þorskveiðum hækkuðu til jafns við þá hækkun, sem aðrar starfsgreinar í landi höfðu notið vegna hækkunar á kaupgreiðsluvísitölu, frá því að fiskverðið var síðast ákveðið í ársbyrjun 1966. Á hinn bóginn töldu fiskvinnslustöðvarnar sér um megn að taka á sig nokkra frekari hækkun á fiskverði og fyrirsjáanlegt, að þær mundu ekki af eigin rammleik geta staðizt afleiðingar verðfallsins.

Miðað við óbreytt aflabrögð og fiskverð jókst rekstrarkostnaður báta lítið eitt á árinu 1966, þótt kaupgjaldshækkanir yrðu nokkrar. Það kaupgjald er þó tiltölulega lítill liður í rekstrarkostnaði bátanna. Til að styrkja rekstrargrundvöll útgerðarinnar, til þess að jafna þann mismun, sem orðið hafði á kjörum sjómanna á þorskveiðum og annarra starfshópa, tilkynnti ríkisstj. yfirnefnd verðlagsráðsins, áður en til ákvörðunar fiskverðs kom upp úr s. l. áramótum, að hún væri reiðubúin til að beita sér fyrir því, að á árinu 1967 yrði greidd 5% viðbót á verð landaðs afla, annars en síldar og loðnu. Með tilliti til þessarar yfirlýsingar ákvað yfirnefndin, að fiskverð skyldi standa óbreytt frá því, sem verið hafði árið 1966. Með 5. gr. frv. þess, sem hér er nú lagt fram, er þessari yfirlýsingu ríkisstj. fylgt eftir. Sú viðbót, er þannig skal greiða á fiskverð, skiptist á þann hátt, að 5% greiðist mánuðina marz—apríl, en 11% aðra mánuði ársins. Auk þessarar uppbótar á fiskverð hefur verið ákveðið, að eins og á tveimur undanförnum árum verði varið 20 millj. kr. til verðbóta á línu- og handfærafisk. Það er gert ráð fyrir þessum verðbótum í 3. gr. frv.

Eins og Alþ. er kunnugt, hafa einnig ýmsar aðrar ráðstafanir verið gerðar í samráði við till. bátaútgerðarnefndar til að bæta hag þessarar útgerðar, t. d. með lengingu lána, frestun afborgana af lánum o. fl. Í samræmi við þessar till. n. er einnig gert ráð fyrir að greiða viðbótaruppbætur á línufisk á s. l. hausti, og veitir 4. gr. frv. heimild til þeirra greiðslna. Þeim greiðslum fer nú senn að ljúka, og eru líkur til, að 35 aura verðuppbætur komi til viðbótar þeim 25 aurum, sem áður höfðu verið áætlaðir til greiðslu á hvert kg þessa fisks.

Þar sem till. n. og ráðstafanir samkv. þeim hafa ýtarlega verið ræddar hér nú fyrir skömmu á hv. Alþ., er óþarft að endurtaka það, sem þá var sagt hér. Það er rétt að benda sérstaklega á það, að megintilgangur nál., sem afhent var í júlímánuði s. l., var um hækkun fiskverðsins.

Þær ráðstafanir til styrktar fiskveiðum, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, hafa mikla beina og óbeina þýðingu fyrir sjálfa fiskvinnsluna einnig. Eigi að síður var það ljóst í byrj-

un ársins, að verðfallið erlendis var svo mikið, að vinnslustöðvunum hlaut að vera um megn að bera byrðar þess án sérstaks stuðnings. Athuganir, sem Efnahagsstofnunin hefur gert á afkomu frystihúsanna, benda til þess, að hún hafi farið batnandi á árunum 1960—1965 og verið góð, en versnað 1966 vegna minnkaðs hráefnis og hækkandi rekstrarkostnaðar á árinu. Hér hefði þó ekki verið um það vandamál að ræða, sem fiskiðnaðinum sjálfum hefði ekki verið viðráðanlegt, ef hið mikla erlenda verðfall hefði ekki komið til sögunnar. Verðlag á frystum fiski erlendis hefur hækkað jafnt og þétt á undanförnum árum. Á árunum 1961—1964 nam þessi hækkun um 6% á ári til jafnaðar. Á árinu 1965 varð síðan mjög mikil hækkun á verði fiskblokka í Bandaríkjunum. Verðhækkunin hélt áfram fyrri hluta ársins 1966, þ. e. a. s. verðhækkun sú, sem orðið hafði í Bandaríkjunum á árinu 1965, orsakaði hækkun freðfisksverðsins til Sovétríkjanna einnig. Á miðju s. l. ári fór markaðsverð í Bandaríkjunum hins vegar að lækka, og á s. l. hausti varð mikið verðfall á fiskblokkum. Verðfalls þessa tók ekki að gæta fyrr en seint á árinu 1966. Þó má gera ráð fyrir, að meðalútflutningsverð ársins 1966 reynist allmiklu hærra en meðalverð ársins 1965. Hefur sú hækkun verið áætluð tæplega 7% eða milli 6½ og 7%. Verðlækkunin í Bandaríkjunum orsakaði, að í samningunum um sölu til Sovétríkjanna, er gerðir voru á síðustu dögum desembermánaðar s. l., náðist ekki jafnhátt verð og áður. Nam verðhækkunin í þeim samningum um 7% frá því verði, sem í gildi hafði verið í fyrri samningum, og samkv. upplýsingum um verðlag um áramótin 1966—1967 og áætlun um magn seldra afurða, sem útflytjendur hafa lagt fram, má gera ráð fyrir, að verð um áramótin s. l. hafi verið um 11% lægra en meðalverð ársins 1966. Um s. l. áramót var verðfalls á freðfiski í neytendaumbúðum lítið farið að gæta á Bandaríkjamarkaði. Þó gerðu freðfiskframleiðendur ráð fyrir því, að verðfallið mundi breiðast út til þessara afurða, jafnvel svo, að þær lækkuðu um 15—30% frá því, sem var á árinu 1966. Hins vegar gerðu framleiðendur ekki ráð fyrir því, að frekara verðfall yrði á blokkum frá því, sem var um áramótin. Reynslan hefur hins vegar orðið sú, að það verðfall hefur haldið áfram fram að þessu, því miður. Verð á fiski í neytendaumbúðum hefur einnig haldið áfram að lækka, enda þótt sú lækkun enn sem komið er sé a. m. k. minni en framleiðendur gerðu ráð fyrir. Nær verðlækkunin þó einnig til ýsu, en ýsa hafði um langt árabil verið einna verðstöðugasta fisktegundin, sem á þeim markaði var. Ef sú verðþróun, sem framleiðendur gera ráð fyrir í söluáætlun sinni, reynist raunhæf, mundi meðalverðlækkunin á freðfiski á árunum 1966—1967 reynast um 20%.

Um allmargra ára skeið hefur neyzla í Bandaríkjunum á fiskstautum svonefndum og fiskréttum aukizt mjög ört. Hefur því eftirspurn eftir fiskblokkum til framleiðslu þessarar vöru aukizt jafnt og þétt. Á hinn bóginn fóru þorskveiðar í Norður-Atlantshafi talsvert minnkandi á árunum 1960—1964, og var ekki búizt við, að á því yrði veruleg breyting. Þegar kom fram á árið 1965, fór að gæta skorts á fiskblokkum í Bandaríkjunum. Leiddi það til verðhækkunar, spákaupmennsku vegna ótta við enn frekari hækkanir. Um áramótin 1965—1966, þegar verðið var í hámarki, voru íslenzkir útflytjendur vongóðir um, að hið háa verðlag mundi haldast, þar sem þeir bjuggust ekki við auknu framboði á fiskblokkum á Bandaríkjamarkaði. En hér fór einnig öðruvísi en ætlað var. Hið háa verðlag í Bandaríkjunum virðist hafa leitt til aukins framboðs frá ýmsum löndum á þeim markaði. Komu nú mörg ný lönd til sögunnar. Fjölgaði þeim löndum, er flytja frystar fiskafurðir á Bandaríkjamarkað, úr 6 í 17 á einu ári. Birgðir af frystum fiskafurðum í Bandaríkjunum jukust þegar mikið síðari hluta ársins 1965. Á fyrri hluta ársins 1966 voru þær orðnar miklu meiri en eðlilegt getur talizt. Á hinn bóginn virðist svo, að aukin neyzla fiskstauta og fiskrétta hafi stöðvazt, a. m. k. í bili. Allt þetta gerir það að verkum, að telja verður horfur á Bandaríkjamarkaði mjög óvissar á yfirstandandi ári, svo að ekki sé dýpra í árinni tekið.

Í þessu sambandi er vert að hafa það í huga, að það er verðlagsþróunin á Bandaríkjamarkaði, sem ræður úrslitum um útflutningsverð íslenzkra frystiafurða. Freðfiskurinn er nú ekki seldur í teljandi magni til annarra landa en Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. En verðið í Sovétríkjunum hefur reynzt á undanförnum árum fylgja verðinu á Bandaríkjamarkaði í stórum dráttum, þótt sveiflur séu á þeim markaði, þ. e. Sovétmarkaðinum, mun minni en á Bandaríkjamarkaði. Sölusamtökin hafa að mestu hætt sölu á brezkum markaði vegna mikilla tollaívilnana, sem nú eru innan landa Fríverzlunarbandalagsins, og hinir háu tollar Efnahagsbandalags Evrópu koma að mestu í veg fyrir freðfisksölu til aðildarríkja þess, a. m. k. svo að nokkru nemi.

Undireins og fiskverð hafði verið ákveðið upp úr áramótunum s. l., tók ríkisstj. upp viðræður við fulltrúa frystihúsaeigenda um aðgerðir til stuðnings frystihúsunum vegna verðfallsins. Tilnefndir voru fulltrúar frá báðum aðilum, er kanna skyldu allar aðstæður í þessu efni. Voru þeir Bjarni V. Magnússon framkvstj. fyrir hraðfrystihús á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson framkvstj. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og Jónas H. Haralz forstjóri fyrir hönd ríkisstj. tilnefndir í þessa n. Taldi ríkisstj. frá upphafi, að leita ætti úrlausnar í vandamálum frystihúsanna annars vegar í bættri uppbyggingu iðnaðarins og fjárhagslegri endurskipulagningu hans, en hins vegar í því að létta byrðinni af verðfallinu. Um þessi tvö atriði hafa viðræður fulltrúa ríkisstj. og frystihúsanna snúizt að undanförnu, og hefur í þeim viðræðum náðst samkomulag um þær aðgerðir, sem þetta frv. fel-

ur í sér. Þetta samkomulag hafa Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og hraðfrystihús á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga staðfest, þótt þau telji í þeim efnum, að ríkisstj. gangi allt of skammt til móts við óskir þeirra um fjárhagslegan stuðning við þennan iðnað. En samkomulagið er fólgið í eftirfarandi:

Ríkisstj. gefur kost á 55—75% verðtryggingu á árinu 1967, miðað við endanlegt verðlag ársins 1966, á þeim frystum afurðum, sem undanfarandi hagræðingarfjárgreiðslur hafa náð til. Verðtryggingin miðast við flokka fisktegunda og greiðist frystihúsunum jafnóðum og sölusamtökin greiða fiskandvirðið. Í öðru lagi: Afurðalán verði óbreytt í krónutölu frá því, sem var á árinu 1966. Í þriðja lagi: 75% hagræðingarfjár verði greitt við veðsetningu afurða, og er það nýmæli. Hagræðingarfé verði óbreytt frá árinu 1966.

Í samræmi við samkomulag þetta er svo ákveðið í 6., 7. og 8. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir því, að stofnaður verði sérstakur sjóður í því skyni að bæta frystihúsunum verðfallið að hluta. Sjóður þessi fengi 140 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1966 til ráðstöfunar og gæti hann orðið vísir að almennum verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, eins og nánar verður vikið að hér á eftir. Er gert ráð fyrir, að bætur verði greiddar vegna verðfalls á frystum fiskafurðum, öðrum en síldarafurðum. Aftur á móti ná bæturnar ekki til annarra frystra afurða en fiskafurða, þ. á m. ekki til frysts humars og rækju.

Almenna reglan er sú, að sjóðurinn greiði 55% af verðfalli því, er verða kann á árinu 1966 og 1967. Sé verðfallið meira en 5%, hækka verðbæturnar um 2% fyrir hvert 1%, sem verðið lækkar umfram 5%. Þannig greiðast 65% við 10% verðfall og 75% við 15% verðfall. Ekki er gert ráð fyrir, að frekari hækkun verðbóta eigi sér stað, þannig að 75% greiðist, hversu mikið sem verðið annars fellur umfram 15%. Verðbæturnar skulu reiknast eftir meginflokkum fisktegunda hverrar fyrir sig. Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir hagræðingarfé, 50 millj. kr., á sama hátt og greitt var á s. l. ári, og er Seðlabanka Íslands í samráði við Landsbanka og Útvegsbanka Íslands falin úthlutun þessa fjár.

Eins og sjá má af því, sem hér hefur verið rakið, hafa sveiflur á verðlagi erlendis á undanförnum árum valdið fiskiðnaðinum og þjóðarbúinu í heild ýmsum erfiðleikum, sem Íslendingar hafa oft áður orðið að horfast í augu við. Miklar og öruggar verðhækkanir hafa ýtt undir hækkanir á kaupgjaldi og hráefnisverði, en reynslan sannar, að þessir liðir lækka ekki aftur nema að litlu leyti, þótt verðlækkanir eigi sér stað á erlendum mörkuðum. Jöfnun þessara verðsveiflna er því mikið hagsmunamál fyrir fiskiðnaðinn. Jafnframt er nú mikil nauðsyn á endurskipulagningu á allri uppbyggingu frystiiðnaðarins. Með þessu frv. er ekki lagt til, að endanleg ákvörðun verði tekin um stofnun jöfnunarsjóðs. Hins vegar er gert ráð fyrir, að sá sjóður, sem settur verði á laggirnar vegna verðfalls á frystum afurðum, geti orðið vísir að slíkum sjóði og undirstaða hans, ef ákveðið verður að stofna hann að undangenginni nákvæmri athugun, og persónulega sýnist mér, að öll þróun bendi til, að brýn nauðsyn sé á stofnun slíks sjóðs. Það ætti þessi síðasta reynsla okkar að sanna okkur. Meginmarkmið slíks verðjöfnunarsjóðs yrði að jafna þær sveiflur, sem verða á verðlagi afurðaflokka milli framleiðsluára. Við mat á verðbreytingum yrði að miða við meðaltalsverð sömu afurða á árunum næst á undan, sé verð á ákveðnum tíma hærra en það meðallag, skal greitt í sjóðinn, en úr honum sé það lægra. Slík verðjöfnun yrði aðeins hluti verð sveiflnanna, e. t. v. ekki nema helmingur þeirra. Fyrir fiskiðnaðinn yrðu verðlagsbreytingarnar þar með mun minni. Slíkur verðjöfnunarsjóður gæti, ef vel reyndist, einnig náð til annarra framleiðslugreina sjávarútvegsins. Er það og hagsmunamál allra greina sjávarútvegsins, að dregið sé svo sem kostur er úr hinum miklu verðsveiflum. Er augljóst, að skipulag og starfsreglur slíks verðjöfnunarsjóðs verða ekki ákveðnar nema eftir rækilega athugun og rannsókn, svo sem lagt er til í fskj. með frv. Yrði þar að kanna eðli þess vandamáls, sem þar er við að etja, og þá reynslu, er fengizt hefur af sams konar starfsemi annars staðar í heiminum. Þar sem svo greinilega hefur verið gerð grein fyrir þessum hugmyndum í fskj. með frv., sem ber fyrirsögnina: „Aðgerðir til endurskipulagningar hraðfrystiiðnaðarins", tel ég ekki þörf á því að lengja framsöguræðu mína nú með tilvitnunum í það, sem öllum hv. alþm. hefur gefizt kostur á að kynna sér. Skal hér áréttað, að æskilegt væri þó, að þessari athugun væri lokið fyrir haustið, þannig að á næsta Alþ. mætti leggja fram frv. til l. um verðjöfnunarsjóð, ef sú athugun, sem fyrirhugað er nú að gera í þessum efnum, leiddi það í ljós, eins og ég áðan sagði, að nauðsyn væri á stofnun slíks sjóðs.

Athuganir Efnahagsstofnunar benda til, að afkoma saltfisks- og skreiðarverkunar á árunum 1964 og 1965 hafi verið tiltölulega góð, þar sem verðlag á þessum afurðum hefur enn hækkað á árinu 1966 og ekki er vitað um verðlækkanir nú á þessum afurðum. Má gera ráð fyrir, að afkoman breytist lítið á árinu 1966, og a. m. k. nú verður ekki séð, að um alvarlegar horfur sé í þeim efnum að ræða. Í l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, er samþ. voru á síðasta Alþ. og reyndar árið þar áður einnig, var heimilað að greiða 10 millj. kr. til verðuppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu. Vegna hins hagstæða verðlags á skreið að undanförnu þykir ekki ástæða til þess nú að ráðstafa fyrir fram þessari fjárhæð til uppbóta á skreiðarframleiðslunni. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að sérstök vandamál muni skapast vegna útflutnings annarra afurða, og er þá mikilvægt, að fé sé fyrir hendi til lausnar slíkum vanda. Það er fyrir því séð í 9. gr. þessa frv., og gert er ráð fyrir, að þessari fjárhæð og þeim 80 millj.

kr., sem ætlaðar eru til aðstoðar við sjávarútveginn samkv. 16. gr. B. 15, — áætlað er, að sú fjárhæð verði notuð til ótiltekinna verðuppbóta á útfluttar sjávarafurðir af öðrum fiski en síld og loðnu eftir reglum, sem sjútvmrh. setur.

Sennilega munu þær ráðstafanir, sem hér um ræðir og gerð hefur verið grein fyrir, hafa í för með sér allt að 310—320 millj. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð. Það eru 100 millj. kr. vegna 8% viðbótar við fiskverðið, 140 millj. kr. vegna framlags til verðjöfnunar frystra fiskafurða og 80 millj. kr. vegna annarra ráðstafana. Í 16. gr. B. 15 í fjárl. fyrir árið 1967 er gert ráð fyrir 80 millj. kr. til aðstoðar við sjávarútveginn. Vegna þess, að væntanlega yrði stofnaður varanlegur sjóður, þ. e. verðjöfnunarsjóður, telur ríkisstj. nú rétt, að framlagið til verðjöfnunar verði greitt af tekjuafgangi *ársins* 1966. Í fjárl. *ársins* 1967 er ekki gert ráð fyrir fjárframlagi til þeirra 8% verðuppbóta á fiskverð, sem frv. heimilar, ef samþ. verður, enda þá ekki séð, þegar fjárlög voru afgr., um þá nauðsynlegu hækkun fiskverðs, sem raun varð á, eftir að fjárlög höfðu verið samþ., og ekki varð heldur séð fyrir um niðurstöður á verðlagi útflutnings, endanlegar niðurstöður þess á mikilvægum mörkuðum eins og í Sovétríkjunum, en samningurinn við Sovétríkin var gerður allra síðustu dagana í desembermánuði s. l.

Vegna verðstöðvunarstefnu ríkisstj. kemur skattahækkun ekki hér til greina. Verður því að lækka útgjöld sem þessum greiðslum svarar. Í 2. gr. frv. er leitað eftir heimild Alþ. til þess að lækka um 10% greiðslur á fjárl. 1967 til verklegra framkvæmda og framlög til verklegra framkvæmda annarra aðila. Þá er óskað eftir heimild til að lækka greiðslu til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1966 um 20 millj. kr. frá því, sem er ákveðið í l. nú. Vegna áðurnefndra lækkana á greiðslu á framlögum til verklegra framkvæmda er áætlað, að útgjöld ríkissjóðs lækki um 65 millj. kr. nú. Í fjárl. ársins 1966 var ætlað, að greiðslur til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna á árinu 1967 mundu nema 162.8 millj. kr., en vegna aukins vöruinnflutnings og viðskipta er nú gert ráð fyrir, að þessi upphæð verði því sem næst 186 millj. kr. 20 millj. kr. af þeim 23 millj., sem tekjur jöfnunarsjóðs reyndust hærri en áætlað var, munu því ganga til greiðslu uppbótar á fiskverðið. Áætlað er, að framlag til ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1967 reynist 15 millj. kr. lægra en gert var ráð fyrir í 20. gr. fjárl. Samtals lækka því útgjöld ríkissjóðs um 100 millj. kr. vegna þessara aðgerða.

Það er þegar ljóst af þeim ályktunum, sem hlutaðeigandi samtök, annars vegar útgerðarmenn og sjómenn og hins vegar samtök hraðfrystiiðnaðarins, sölusamtök hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga, hafa gert, að með framangreindum ráðstöfunum er verið að rétta hönd, að því er ætlað verður, í tímabundnum erfiðleikum, að þau telja, en þessar ráðstafanir gangi mun skemmra til aðstoðar en nauðsynlegt er að þeirra dómi talið að gera nú. Af hálfu þessara aðila verður ríkisstj. því vart sökuð um að hafa um of lausa fjármuni hins opinbera þessum grundvallaratvinnuvegi til stuðnings. Aðilar í þjóðfélaginu, sem telja, að lengra hefði átt að ganga í þessum efnum, hljóta því óhjákvæmilega að taka á sig þær skyldur að benda á aðrar leiðir til tekjuöflunar, sem meira fé hefðu gefið án nýrrar skattaálagningar á almenning.

Ríkisstj. hefur heitið því undir umr. um fjárlög og frv. til verðstöðvunar á s. l. hausti, að forðazt yrði að grípa til almennra skattahækkana, og við það hefur verið staðið þrátt fyrir þá erfiðleika, sem útflutningsatvinnuvegirnir eiga nú við að etja og innlend stjórnvöld verða vart með rökum sökuð um. Ef okkur greinir ekki á um það atriði, að ríkisstj. hafi ekki reynzt of eftirgefanleg, eins og stundum hefur verið sagt, er að visu eftir hin hlið málsins, þ. e. eftir hvaða leiðum fjárins er aflað. Þeir, sem kynnu að hafa þar aðrar skoðanir, munu væntanlega benda á þær leiðir, og koma þær þá að sjálfsögðu til umr. og athugunar.

Frv. þetta er till. ríkisstj. til lausnar aðsteðjandi vanda í grundvallaratvinnuvegi landsmanna nú að vel yfirveguðu máli, eftir að skipzt hefur verið á skoðunum við hlutaðeigandi aðila og mikil vinna hefur af mörkum verið lögð af færustu fulltrúum beggja aðila til að finna lausn vandans. Ég lít svo á, að þetta frv. sé staðfesting á því samkomulagi, sem þar náðist.

Ég vil svo í lok máls míns nú flytja öllum þeim, sem lagt hafa fram ómetanleg störf í *ýtarlegum rannsóknum og viðræðum*, þakkir fyrir störf þeirra að þeirri tillögugerð, er í frv. þessu felst.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar en þegar hefur verið gert um frv. að svo komnu máli og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að gera í stuttu máli grein fyrir þeim rökum, sem eru að baki ákvörðunum *varðandi fjárhagshlið þessa máls.* Hæstv. sjútvmrh. hefur gert ýtarlega grein fyrir efni málsins að öðru leyti og orsökum þess, að það hefur þótt óumflýjanlegt að grípa til umræddrar aðstoðar við sjávarútveginn, bæði útgerðina sjálfa og hraðfrystihúsin, og hef ég engu þar við að bæta. Hann hefur einnig í stórum dráttum gert grein fyrir því, hvernig hugsað er að afla þess fjár, er til þarf. Ég mun því í þessum orðum, sem ég hér segi, einkum gera grein fyrir orsökum þess, að hinar mismunandi leiðir eru valdar í sambandi við fjáröflunina. En þegar fjárlög voru hér til afgreiðslu í desembermánuði, þótti ýmsum hv. þm. þar á skorta, að ekki væri gert ráð fyrir aukinni fjáröflun eða fjárráðstöfunum til aðstoðar sjávarútveginum, og töldu, að það lægi í aug-

um uppi, að þar þyrfti meira til að koma. Ég svaraði því þá til, að ekkert lægi fyrir um það á því stigi, hverrar aðstoðar væri þörf. Hins vegar lægi það nokkurn veginn ljóst fyrir, að ekki mundi auðið að skerða þá aðstoð, sem veitt var á s. l. ári, miðað við verðfall og aðra erfiðleika, sem þá voru sjáanlegir, þannig að í fjárl. sjálfum er gert ráð fyrir 80 millj. kr., sem var ósundurliðað og gert ráð fyrir að yrði ráðstafað með sérstökum l., eins og gert hefur verið undanfarin ár. Í þessu frv. eru ákvæði, þar sem lagt er til að ráðstafa þeim peningum með sama hætti og gert var á s. l. ári, og þarf ekki meira um það að segja. Við verðlagsákvörðun um áramótin kom hins vegar í ljós, að það mundi með engu móti vera hægt að ná saman endum varðandi fiskverðið eða samkomulagi um það með nokkrum hætti, nema ríkissjóður tæki á sig viðbótarskuldbindingar, sem næmu þeirri verðhækkun, sem ákveðin var á fiskverðið, þar eð ljóst væri, að hraðfrystihúsin gátu enga hækkun á sig tekið.

Með þessu frv. er lagt til, að sú upphæð, sem nemur um 100 millj. kr., verði greidd úr ríkissjóði á þessu ári og verði þeim útgjöldum mætt með þrennum hætti. Í fyrsta lagi með því að lækka um 10% framlög til verklegra framkvæmda á vegum ríkisins. Í öðru lagi með því að skerða um 20 millj. kr. þann hluta af verðtolli og söluskatti, sem ganga á til sveitarfélaganna af þessum tekjustofnum á s. l. ári. Og í þriðja lagi þykir athugun leiða í ljós, þótt að vísu megi segja, að það sé nokkuð djarft að ætla svo miðað við ýmsar aðstæður, að ríkisábyrgðasjóður muni ekki þurfa á að halda um 15 millj. kr. af því, sem fyrirhugað er að greiða til hans á þessu ári, og megi því gera ráð fyrir, að sú fjárhæð sparist. Varðandi þennan síðasta lið er orsökin sú, að á s. l. ári var afkoma ríkisábyrgðasjóðs það góð, að hann þurfti ekki á að halda öllu því fé, sem ráðstafað var til hans á því ári, og mun það hafa numið um 20 millj. kr., sem ríkisábyrgðasjóður hafði ekki ráðstafað af því framlagi, en hins vegar var talið rétt að greiða allt framlagið til hans, sem ákveðið var á fjárl. þess árs. Með hliðsjón af þessu þykir því mega gera ráð fyrir, að hann geti staðizt útgjöld og áföll ársins í ár með svipaðri fjárhæð og í fyrra og ekki muni því þurfa að koma til, að greiða þurfi þessar 15 millj. kr. Svo sem hv. þm. er kunnugt, hefur hagur ríkisábyrgðasjóðs farið batnandi, og sú nýja skipan, sem tekin var upp með l. um ríkisábyrgðasjóð og nýjum reglum um ríkisábyrgðir, hefur skilað það góðri raun, að framlag ríkissjóðs til sjóðsins hefur farið lækkandi undanfarin ár.

Í fjárl. ársins 1967 var í það ráðizt að hækka framlög til verklegra framkvæmda um 65—70 millj. kr. frá fjárl. ársins 1966. Hefði legið fyrir, þegar fjárl. voru afgreidd, að það mundi þurfa að grípa til þeirra viðbótarútgjalda, sem hér er um að ræða, lá það í augum uppi, að grípa hefði orðið til þess að skerða þær fjárveitingar, sem voru ólögbundnar, og þá hefði naumast til þess komið, að hefði verið auðið að framkvæma þessa hækkun á framlögum til verklegra framkvæmda. Það, sem lagt er til að gera hér í þessu frv., er því að taka aftur, ef svo má segja, þessa hækkun. En það er ástæða til að leggja áherzlu á það, að hér er ekki um neina skerðingu að ræða frá því, sem raunverulega var varið til verklegra framkvæmda árið 1966, síður en svo, heldur má gera ráð fyrir því, að framkvæmdafé nýtist betur einmitt vegna verðstöðvunarinnar, því að undanfarin ár hefur að sjálfsögðu verðbólguaukningin höggvið allveruleg skörð í framkvæmdafé. Þá er í annan stað gert ráð fyrir því, að 20 millj. kr. umframtekjur jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á s. l. ári verði teknar til að mæta þessum aðgerðum. Það er vert að leggja í því sambandi áherzlu á, að það er ekki gert ráð fyrir að skerða að neinu leyti framlagið til jöfnunarsjóðsins á árinu 1967, og kemur jöfnunarsjóðnum þar til góða sú mikla tekjuhækkun, sem áætluð er á því ári, bæði á verðtolli og söluskatti, miðað við árið 1966. Meginhluti af tekjuauka ríkissjóðs á milli áranna 1966 og 1967 hefur runnið til þess að mæta auknum útgjöldum vegna verðstöðvunarinnar. Og með hliðsjón af því, að það er tvímælalaust hin mesta nauðsyn fyrir sveitarfélögin, að verðstöðvunin komist á, og kemur í veg fyrir það, sem hefur gerzt undanfarin ár, að á miðju ári hafi æ ofan í æ þurft að gera sérstakar ráðstafanir til nýrrar tekjuöflunar fyrir sveitarsjóðina vegna verðhækkana, sem orðið hafa á fjárhagsárinu, sem nú er komið í veg fyrir með verðstöðvuninni, að þau þurfi að standa andspænis, þykir sanngjarnt og eðlilegt, að þau leggi einnig af mörkum þann hluta af þeim umframtekjum, sem þau höfðu á árinu 1966 og þau gátu ekki gert ráð fyrir í sínum fjárhagsáætlunum, þannig að hér kemur ekki til neinnar skerðingar á þeirra gerðu fjárhagsáætlun. Þetta er ástæða til að leggja áherzlu á, vegna þess að því hefur stundum verið haldið fram, að þessi ráðstöfun með töku þessa fjár merkti það, að sveitarfélögin þyrftu að taka upp aftur fjárhagsáætlanir sínar fyrir árið 1967. Það er misskilningur, vegna þess að það er ekki gert ráð fyrir að skerða það fé, sem fjárlög áætla þeim á þessu ári. Hins vegar tel ég ástæðu til að leggja áherzlu á það, að hér má ekki skoða þessa ákvörðun sem fordæmi um skerðingu á jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Það, sem við stöndum andspænis hér, eru sérstakar aðgerðir í sambandi við verðstöðvunina, og þar verður að taka á sig ýmsar kvaðir í því sambandi, og þó að sem sagt þessi úrræði hafi orðið að velja í þetta skipti, er einmitt með því að taka ekki ákveðinn hluta af framlaginu 1967, heldur af afganginum frá 1966, lögð áherzla á, að það sé ekki ætlunin að skerða þessa greiðslu í grundvallaratriðum, þar sem hér er um að ræða greiðslur, sem eru algerlega hliðstæðar rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, og hefði auðvit-

að ekki komið til, hefði verið um það vitað, þegar fjárlög voru afgreidd, að því yrði mætt með öðrum hætti en sérstakri tekjuöflun eða lækkun útgjalda. Tel ég, að það komi ekki til neinna mála, að þessu sé mætt með því að ráðstafa til þess tekjum með öðrum hætti en þeim að afla annaðhvort nýrra tekna til ríkissjóðs til að mæta þeim eða skerða útgjöld ríkissjóðs, takmarka þau, eins og hér er gert. Ég álít, að enda þótt til hefði verið greiðsluafgangur hjá ríkissjóði til að mæta þessum gjöldum, hefði ekki verið réttlætanlegt að nota þann greiðsluafgang í því skyni. Þar til kemur svo, að um slíkan greiðsluafgang er ekki að ræða, sem ég skal síðan víkja að fáum orðum.

Hinn þáttur málsins er framlagið til hraðfrystihúsanna, en þar er gert ráð fyrir, að settur verði á laggirnar sérstakur sjóður og ríkissjóður leggi fram stofnfé þessa sjóðs og taki á sig vissa ábyrgð varðandi greiðslur, ef tiltekið verðfall verður á útflutningsframleiðslunni á árinu. Hér er því um áætlunarfjárhæð að ræða, sem enn er ekki vitað, að hve miklu leyti þurfi að koma til útborgunar. Við skulum vona, að það þurfi ekki nema að takmörkuðu leyti og að verðfallið verði ekki það varanlegt, en alla vega er hér um nokkuð annars eðlis útgjöld að ræða, útgjöld, sem gert er ráð fyrir að verði í eitt skipti fyrir öll sem stofnfé þessa sjóðs, og af þeim sökum er fremur verjanlegt að taka fé af greiðsluafgangi til þess að mæta þess konar útgjöldum. Það er því lagt til, að af greiðsluafgangi verði varið 140 millj. kr. sem áætlunarfjárhæð til þess að mæta útgjöldum í sambandi við myndun þessa sjóðs. Ég skal játa það fúslega, að hér er um næsta hæpna ráðstöfun að ræða engu að síður, þó að það megi verja hana, eins og ég áður sagði, að nota greiðsluafganginn í þessu sambandi, en það hefur þó þótt óhjákvæmilegt að gera þetta, til þess að auðið verði að forðast nýjar skattaálögur.

Nú munu hv. þdm. vafalaust spyrja sem svo í þessu sambandi, úr því að farið er að tala hér um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs, hver sé raunverulegur greiðsluafgangur ríkissjóðs á árinu 1966. Ég er ekki reiðubúinn að nefna þá tölu nákvæmlega hér, en þinginu mun verða gerð grein fyrir afkomu ríkissjóðs nú innan skamms. Það mun hins vegar þá koma glögglega í ljós, að það er ekki auðið að ráðstafa meira fé af greiðsluafgangi en umræddum 130—140 millj. kr. í þessu skyni. Það hefur þegar verið ráðstafað með aðgerðum Alþ. 30 millj. kr. af greiðsluafgangi vegna hagræðingar eða framleiðnisjóðs landbúnaðarins, og þegar það er haft í huga, að vanskilaskuldir ríkissjóðs vegna greiðsluhalla áranna 1964 og 1965 nema um 350 millj. kr., eða nettó um 250 millj., þegar frá eru dregnar þær 100 millj., sem lagðar voru til hliðar af greiðsluafgangi ársins 1963, til þess einmitt að mæta slíkum áföllum, þá er það ljóst, þegar við stöndum andspænis þessum skuldum, sem eru með algerlega óeðlilegum hætti og hljóta að verða að jafnast, þegar efnahagur ríkissjóðs leyfir það, þá er ekki um að ræða frekari greiðsluafgang til þess að mæta þeim ráðstöfunum, sem hér er gert ráð fyrir. Þótt menn kynnu að vilja ganga svo langt, sem ég tel af fjárhagslegum og efnahagslegum ástæðum að væri fráleitt, að mæta öllum útgjöldum í sambandi við þetta frv. með því að nota greiðsluafganginn í því sambandi, þá er ekki um slíkar upphæðir að ræða.

Ég tel eftir atvikum, að það megi teljast vel viðunandi, sem hér hefur tekizt að setja saman till. um og eftir atvikum að fá menn til að una við. Það er vitanlegt, að útgerðin er ekki ánægð með sinn hlut, en það liggur líka í augum uppi, að það verður að fara eins hóflega í slík útgjöld og styrki og auðið er, því að það verður ekki gert með öðrum hætti en leggja það á borgarana og skerða þá kjör þeirra að einhverju leyti til þess að mæta slíkum útgjöldum. Ég tel, að þegar í senn hafi tekizt að ná viðhlítandi samkomulagi og menn uni eftir atvikum við þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar, annars vegar og hins vegar að leggja fram hátt á 3. hundrað millj. kr., án þess að til komi nokkrir nýir skattar, að menn geti bærilega við unað. Og það hefur, að ég hygg, ekki áður tekizt að gera slíkar ráðstafanir, án þess að það leiddi af sér stórfelldar nýjar álögur, sem þá aftur hafa skapað nýja og aukna erfiðleika. En samhliða því, að þetta er hér gert og að menn gera sér vonir um, að hægt verði að ná allverulegum árangri með verðstöðvunaraðgerðum og að þessi verðlækkun útflutningsframleiðslunnar verði ekki svo varanleg, að það fari ekki innan tíðar að segja til sín, að til einhverrar verðhækkunar komi, þá ætti, þó að ekki sé hægt að fullyrða neitt um það efni, að vera þó viss ástæða til þess að gleðjast yfir því, að tekizt hefur þó að ná þessari lausn, sem hér er gert ráð fyrir.

Jón Skaftason: Herra forseti. Frv. það um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem hér er verið að ræða, hlýtur að vekja til umhugsunar um þá stjórnarstefnu, sem hér hefur verið ríkjandi undanfarandi ár. Frv. er ætlað að koma í veg fyrir meiri háttar stöðvun í þorskveiðum og hraðfrystiiðnaði hér á landi um nokkurt skeið. Hér er óumdeilanlega um bráðabirgðaaðgerð að ræða, og fer víðs fjarri, að rekstrargrundvöllur sé nú fyrir hendi fyrir þessar mikilvægu framleiðslugreinar í meðalárferði hvað aflabrögð og viðskiptakjör á erlendum mörkuðum snertir. Hvernig stendur á því, að svona er komið eftir margra ára samfelld aflauppgrip í sjávarútveginum, ef á heildina er litið? Talsmenn hæstv. ríkisstj. vilja kenna verðfalli því, sem varð á síðari hluta árs 1966 á frystum fiskafurðum, um þetta ástand. Vissulega hefur það haft sín áhrif. En ég tel, að hinar raunverulegu orsakir liggi aðallega annars staðar og þá fyrst og fremst í þeirri óðaverðbólgu, sem hér hefur verið, í því skipulagsleysi, sem einkennt hefur uppbyggingu at-

vinnuvega okkar undanfarandi ár, á viðreisnartímabilinu, og í minnkandi þorskafla miðað við sóknareiningu. Að kenningin um verðfallið síðari hluta ársins 1966 sé ekki rétt sem meginástæða fyrir ráðstöfunum þeim, sem verið er að fá lögfestar, má m. a. marka af því, að strax á árinu 1964 var 43 millj. kr. varið til uppbóta á framleiðslu frystra fiskafurða til frystihúsanna, 1965 33 millj. kr. og á árinu 1966 50 millj. kr. Á árunum 1964 og 1965 var um mjög verulega hækkun á frystum fiski að ræða á erlendum mörkuðum, sem þó nægði frystihúsunum ekki til þess að greiða hækkandi hráefnisverð og standa undir innlendum hækkunum framleiðslukostnaðarins, án þess að aðstoð þyrfti úr ríkissjóði. Enn fremur má á það minna, að 1964 var talið óhjákvæmilegt að greiða 6% uppbót á nýfiskverðið úr ríkissjóði allt það ár til þess að standa straum af hækkandi útgerðarkostnaði bátanna og bæta upp kjör sjómannanna á þorskveiðum. Þessar staðreyndir ásamt ýmsu öðru fleira sýna vel, að þrátt fyrir hækkandi verðlag á erlendum mörkuðum hefur orðið að veita verulegan fjárhagsstuðning til vissra greina sjávarútvegsins og fiskiðnaðarins að undanförnu, enda vita allir, sem vilja vita, að afkoma þessara framleiðslugreina nú er mjög bágborin. Þær hafa orðið fórnarlömb þeirrar þróunar, sem hér hefur verið að gerast undanfarandi ár, og upp á það hefur verið horft af skilningssljóum augum valdhafanna, af því að góðæri í ýmsum greinum hefur forðað þjóðarskútunni frá strandi til þessa. En er mikil fyrirhyggja í slíku? Geta Íslendingar verið tómlátir um þorskveiðarnar og hraðfrystiiðnaðinn, saltfiskverkunina og skreiðarverkunina? Ég fyrir mitt leyti svara því afdráttarlaust neitandi.

Ég vil nú í fáum orðum reyna að greina frá meginástæðunum fyrir því óheillaástandi, sem nú ríkir í mikilvægum greinum sjávarútvegs og fiskiðnaðar.

Hæstv. sjútvmrh. hefur ítrekað hér á hv. Alþ. talað um tímabundna erfiðleika hjá þessum atvinnugreinum án þess að færa fyrir því nokkur rök. Af ræðu þeirri, er hann hélt hér áðan, þar sem hann talaði um verðfallið á bandaríska markaðnum og um erfiðleika þá, sem sjávarútvegurinn á við að stríða vegna markaðsbandalaganna í Evrópu, þá sýnist mér, að leiða megi þá niðurstöðu af þeim orðum, að hér geti því miður verið um meira en tímabundna erfiðleika að ræða.

Það var yfirlýstur megintilgangur hæstv. ríkisstj. í upphafi valdaferils síns að koma málum þannig fyrir, að framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna væri skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirnir hefðu átt við að búa undanfarandi ár. Alveg sérstaklega var tekið fram í hinni góðu bók, Viðreisn, sem nú virðist ófáanleg af óskiljanlegum ástæðum, að útflutningsframleiðslan skyldi rekin hallalaust án bóta og styrkja. Hin marglofaða viðreisnarstefna átti að tryggja þetta. Í dag, rúmum 7 árum frá því að fyrirheit þetta var gefið, ásamt ýmsum fleirum, því að stjórnarherrarnir voru í þann tíma ákaflega ósparir á loforðin, þá má sjá í hnotskurn af fjárl. yfirstandandi árs, hversu gersamlega viðreisnarstefnan hefur brugðizt í meginatriðum. Af tekjum ríkissjóðs 1967, sem áætlaðar eru á fjárl. rúmir 4.7 milljarðar, ganga 1 milljarður 276 millj. kr. til uppbóta og niðurgreiðslna á vöruverði innanlands, en tilgangurinn með niðurgreiðslunum er að sjálfsögðu sá að halda niðri kaupgjaldsvísitölunni og koma þannig í veg fyrir kauphækkanir, sem menn telja, að stofnatvinnuvegirnir fái ekki undir risið. Þessi upphæð skiptist þannig, að um 320 millj. kr. ganga til sjávarútvegsins og hæstv. sjútvmrh. gerði grein fyrir því áðan, hvernig sú fjárhæð skiptist. 248 millj. kr. ganga til þess að verðbæta útfluttar landbúnaðarvörur og um 708 millj. ganga til niðurgreiðslna á vöruverði innanlands. Er hér þá aðeins talið það eitt, sem í þrengstu merkingu er talið undir niðurgreiðslur og uppbætur, en auðvitað kemur fleira til sem fjárstuðningur við atvinnuvegina úr ríkissjóði. Þessar eru þá staðreyndir hinna köldu talna um hinn trausta grundvöll atvinnulífsins, sem viðreisnarstjórnin ætlaði að leggja.

Það er ómögulegt að afsaka lélega aðstöðu atvinnuveganna nú með einhverjum verðfallsútskýringum, ef á heildina er litið. Gylfi Þ. Gíslason, hæstv. viðskmrh., upplýsti þannig nýlega hjá kaupmannasamtökunum í Reykjavík, eða nánar tiltekið 28. febr. s. l., að þjóðarframleiðsla á mann hefði aukizt um 3.7% á tímabilinu frá 1960 til 1965, en aukning þjóðartekna hefði á sama tíma numið árlega 5.7% á mann vegna síbatnandi viðskiptakjara ár frá ári á öllu þessu tímabili.

Ég gat um í upphafi ræðu minnar, að meginástæðurnar fyrir erfiðleikunum í sjávarútveginum væru aðallega þrenns konar. Í fyrsta lagi og meginástæðan er sú gífurlega verðbólga, sem hér hefur ríkt undanfarandi ár. Í öðru lagi má rekja erfiðleikana í vissum greinum útvegsins til minnkandi þorskfiskafla og skyldra tegunda. Og í þriðja lagi má rekja það til þess skipulagsleysis, sem hefur ríkt bæði í sjávarútveginum og öðrum atvinnugreinum landsmanna um atvinnuuppbyggingu. Ýmis fleiri atriði koma til greina, sem ég hef ekki tíma til nú að víkja að, en ég skal reyna að gera í nokkrum orðum grein fyrir þessum staðhæfingum mínum.

Undanfarin ár hefur dýrtíðarvöxturinn verið með eindæmum á Íslandi, í V.-Evrópu og N.-Ameríku. Afleiðingar þessa segja til sín á flestum sviðum þjóðlífsins og þá ekki hvað sízt í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútvegi og fiskiðnaði, sem er eini gjaldeyrisaflandi atvinnuvegur landsmanna, svo að nokkru nemi. Á árunum 1960—1965 hækkaði neyzluvöruverðlag hér um 12.4% að meðaltali á ári, á sama tíma og verðlagshækkun í helztu viðskiptalöndum okkar nam aðeins 1/4 hluta þessarar hækkunar. Tilkostnaðurinn við

útflutningsframleiðsluna hækkaði að sjálfsögðu nokkuð tilsvarandi, eða nálega 3—4 sinnum meira hjá okkur en hjá helztu keppinautum okkar um markaðina. Augljóst er, að slík þróun hlýtur fyrr eða síðar að leiða til alvarlegra vandræða innanlands, til stöðvunar í stofnatvinnuvegum þjóðarinnar og atvinnuleysis, sem Íslendingar hafa síðustu árin verið blessunarlega lausir við. En á s. l. vetri virðist því miður á vissum svæðum landsins hafa bólað á því að nýju. Þannig er mér t. d. vel kunnugt um, að nokkuð víða í mínu kjördæmi hefur á þessum vetri verið um tilfinnanlegt atvinnuleysi að ræða, sérstaklega hjá kvenfólki. Undanfarin ár hafa síldarútgerðin og fiskiðnaðurinn getað tekið á sig þennan stórhækkaða framleiðslukostnað sökum stórfelldra aflauppgripa og hagstæðrar verðlagsþróunar í markaðslöndum okkar. Á árunum 1960—1965 hefur aflamagnið þannig vaxið um 50.9%, en mjög misjafnt á einstakar fisktegundir. Þannig hafa síldarafurðir aukizt um 300—400% á tímabilinu, en magn frysts fisks aðeins um 6.7%. Rétt er að hafa í huga, þegar þessi magnvöxtur er virtur, að tilkostnaðurinn við öflun hans hefur stórvaxið, skipin eru stærri og dýrari, veiðarfæri og veiðitæki sömuleiðis, en athyglisvert er, að fjöldi starfandi sjómanna, sem þennan aukna afla hefur sótt í greipar Ægis, hefur haldizt svo til óbreyttur allt þetta árabil. En að vísu hefur síldveiðitíminn lengzt og vinna síldveiðisjómannanna þar af leiðandi aukizt. Á þessum árum hefur meðalverð útfluttra sjávarafurða hækkað að meðaltali um 45%, en nokkuð misjafnt eftir verkunartegundum og fisktegundum.

Þetta tvennt, aukning aflamagns og hækkandi markaðsverð, hefur ásamt umtalsverðri hagræðingu í rekstri fiskvinnslustöðvanna gert útflutningsatvinnugrein þessari fært að standa undir hækkandi framleiðslukostnaði. En öllum hugsandi mönnum hefur verið það ljóst lengi, að þetta kynni að breytast fyrr en varði, og nú virðist að þessu komið, um sinn a. m. k. Fregnir berast nú um verulegt verðfall á frystum fiski og raunar fleiri afurðum, en frystur fiskur var árið 1965 næststærsti liðurinn í útflutningi okkar, að upphæð 1700 millj. kr., aðeins fiskimjöl og lýsi var stærri þáttur, en á honum hefur líka orðið nokkurt verðfall, þó að það sé farið að hækka aftur. Við vitum að sjálfsögðu ekki, hvort verðfall þetta verður áframhaldandi. Við vonum, að svo verði ekki, en við verðum þó að játa, að um það ráðum við sáralitlu eða engu. Það fer að mestu eftir velgengni keppinauta okkar í austri og í vestri, hvernig verðlagið þróast fyrir okkur á frysta fiskinum.

Í þessu sambandi vil ég minna á og undirstrika þann fasta ásetning ýmissa þjóða, t. d. Rússa, Pólverja, A.-Þjóðverja o. fl., að verða sjálfum sér nógir í náinni framtíð um fiskafurðir og gerast öflugir útflytjendur fisks til annarra landa og þannig keppinautar okkar um markaðina. Það hefur þegar borið á þessu. Mér er t. d. kunnugt, að við erum farnir að mæta samkeppni á nokkrum mörkuðum frá Rússum í sambandi við sölu saltaðrar síldar héðan frá Íslandi, og eru því miður mjög miklar horfur á því, að sú samkeppni eigi eftir að fara vaxandi. Þegar þessar staðreyndir eru virtar, þá er ljóst, hversu gífurlegt áfall og blóðtaka það er þessari atvinnugrein, að óðaverðbólgan hefur ætt jafnhratt áfram og raun ber vitni á viðreisnartímabilinu nær öllu. Menn deila um orsakir verðbólgunnar, en um eitt ætti ekki að þurfa að deila, og það er það, að eðli málsins samkvæmt verður ríkisstj. og sá þingmeirihluti, er hana styður, að teljast ábyrg fyrir þessari óheillaþróun, enda margt það í sjálfri stjórnarstefnunni, sem beinlínis hefur stuðlað að þessu, en tímans vegna vil ég ekki rekja það nánar nú, enda hef ég gert það æðioft við ýmis önnur tækifæri.

Af þeim fáu orðum, sem ég hef sagt um áhrif verðbólgunnar á sjávarútveginn, ætti öllum að vera ljós skaðsemi hennar á hagsmuni hans. Í rökréttu framhaldi af því má fullyrða, að hver sú ríkisstj., sem mistekst að halda verðbólgu í skefjum, vegi að undirstöðu blómlegs sjávarútvegs og það þeim mun meir, því verr sem henni gengur í baráttunni við verðbólguna. En fleiri höfuðvandamál er við að glíma í þessari atvinnugrein nú en verðbólguna. Hráefnisskortur frystihúsa á þorski og skyldum tegundum hefur verið tilfinnanlegur að undanförnu, og nú er svo komið, að mörgum frystihúsum hefur verið lokað, og ómögulegt er að fullyrða um, hversu mörg þeirra kynnu að verða opnuð aftur. Ástæður hráefnisskortsins eru tvær aðallega: Í fyrsta lagi verðbólguvöxtur síðustu ára, sem eyðilagt hefur grundvöllinn undir hagkvæmum rekstri þeirra fiskibáta og togara, sem hafa aflað vinnslustöðvunum hráefnis á undanförnum árum. Í öðru lagi er um að ræða minnkandi afla á hverja sóknareiningu, sem virðist mega rekja til ofveiði á helztu nytjafiskum á Íslandsmiðum. Mig langar til að víkja örfáum orðum að þessu hvorutveggja.

Ég átti sæti í svokallaðri bátanefnd, er athugaði sérstaklega vandamál báta undir 120 smálestum að stærð. Við unnum að athugun þessari fyrri hluta s. l. árs og skiluðum mjög ýtarlegri álitsgerð um þessi mál til sjútvmrh. um mánaðamótin júní—júlí s. l. Í fáum orðum sagt, þá er niðurstaða okkar þessi: Með því að bera saman afkomu meðalbáts á vetrarvertíð árið 1962 annars vegar og árið 1965 hins vegar, þá sást, að afkoma bátsins hefur á þessu tímabili versnað um 13%. Til þess að bæta þetta upp, hefði fiskverð á árinu 1965 þurft að hækka um 18%. Frá og með 1. jan. 1966 hækkaði fiskverð um 15.5% fyrir utan sérstakar aukagreiðslur á línufisk, sem námu 50 aurum á kg. Þetta dæmi sýnir, að þrátt fyrir umtalsverða hækkun fiskverðs á þessum fjórum árum, sem hækkandi verðlag erlendis hefur gert fiskvinnslustöðvunum fært að greiða auk aðstoðar frá ríkissjóði, hefur hækkandi útgerðarkostnaður bátsins, fyrst og síðast af

völdum vaxandi verðbólgu, gleypt hana og talsvert umfram það. Annað atriði, sem veldur lélegri afkomu smærri bátanna, er sú breyting, sem orðin er á göngu síldarinnar. Fyrir nokkrum árum var algengt, að 60—70 tonna bátar og stærri færu norður á síldveiðar að aflokinni vetrarvertíð og stunduðu veiðar fram á haust með sæmilegum árangri. Að aflokinni sumarvertíð tók við haust- og vetrarvertíð síldar við Suðvesturland. Nú hefur síldin horfið af norðurslóðum og heldur sig langt úti í hafi út af Austfjörðum, og öll síldin er horfin úr Faxaflóa og við Suðvesturland s. l. þrjú ár. Minni bátarnir hafa með því svo til alveg misst af síldveiðunum, en sitja margir hverjir uppi með rándýran síldveiðiútbúnað, sem kemur þeim að engu gagni nú.

Reynt hefur verið að bæta úr þessum dauða tíma með því að gera út á dragnót og togveiðar, og hefur það gefizt misjafnlega, en skapar þó mikla vinnu í frystihúsum, sérstaklega á sumrin. Við þessar aðstæður er ljóst, að útgerð smærri bátanna, sem að meginhluta hafa aflað hráefnis til frystihúsanna, er vonlaus nú. Þeir geta ekki keppt við stóru síldarskipin um hinn takmarkaða fjölda sjómanna, og endurtekið rekstrartap þeirra ár eftir ár hefur komið fram í því, að vanskil á greiðslum stofn- og rekstrarlána hrúgast nú upp í lánastofnunum landsins. Þannig er mér kunnugt um það, að 1. júní s. l. námu vanskil smærri báta á afborgunum einum saman hjá fiskveiðasjóði tæpum 54 millj. kr. Ofan á þessa erfiðleika bátanna bætist svo minnkandi aflamagn á þorskveiðum, sem ég gat um áður. Sem dæmi þessa nefni ég, að á vetrarvertíð 1964 fiskuðu 393 bátar 234146 lestir, en á síðustu vetrarvertíð, 1966, fiskuðu 397 bátar 173982 lestir, eða rúmum 60 þús. lestum minna.

Fiskifræðingar slá því nú föstu, að meira sé tekið úr íslenzka þorskstofninum en hann þoli. Í grein Jóns Jónssonar fiskifræðings í tímaritinu Ægi frá 1. marz s. l., þar sem hann skýrir niðurstöður, sem fram komu á ráðstefnu North East Atlantic Fisheries Commission, er á voru fiskifræðingar margra þjóða, kom fram, að á tímabilinu frá 1954—1964 hafi sóknin í íslenzka þorskstofninn aukizt um 87%, en heildarafli þó minnkað um 22%.

Á valdatíma hæstv. ríkisstj. hefur togaraútgerðin verið í stórfelldri afturför. Á rúmum 7 árum hefur togurum í rekstri fækkað úr rúmum 40 í um 20 skip nú. Togararnir hafa undanfarandi ár aflað mikils hluta af því hráefni, sem frystihúsin hafa fengið, og mikið af afla þeirra hefur einmitt borizt húsunum á þeim tíma, þegar bezt hefur hentað fyrir þau, þ. e. a. s. þegar lítið hefur verið um framboð fisks af smærri bátunum. Öryggið fyrir frystihúsin, sem felst í blómlegum rekstri togaranna, er því ákaflega mikið. En engin endurnýjun hefur orðið í togaraflota okkar allt tímabil viðreisnarstjórnarinnar. Margir þeirra hafa verið seldir úr landi eða liggja bundnir og yfirgefnir inni á sundunum hér við Reykjavík. Þeir fáu, sem enn þá eru í rekstri, eru reknir með miklu tapi og liggur við stöðvun. Halldór Halldórsson skipstjóri á metaflaskipinu Maí frá Hafnarfirði hefur lýst því yfir í viðtali í dagblaði nýlega, að þótt íslenzkur togari afli fyrir 100 þús. kr. á dag, sé tap á útgerðinni á honum, en enskur togari eða þýzkur togari, sem aflar helmingi minni dagsafla, virðist skila góðum arði samkv. upplýsingum Halldórs. Þannig er ástandið í togaraútgerðinni hjá okkur í dag. En menn skyldu minnast þess vel, þrátt fyrir að erfiðlega gangi þar nú, að með tilkomu togaranna inn í íslenzkt atvinnulíf er fyrsti vísirinn lagður að stórvirkum vinnuafköstum hér á Íslandi. Og togararnir hafa sennilega átt meiri þátt í þeirri uppbyggingu, sem verið hefur hér síðustu áratugina en flest önnur framleiðslutæki landsmanna. Þess vegna er það furðulegt skilningsleysi að hafa horft upp á án þess að aðhafast að ég kalla nokkuð til þess að rétta við hag þeirra, að þessi stórvirku framleiðslutæki væru svo að segja að grotna niður og útgerð þessara skipa að syngja sitt síðasta vers.

Ég fagna vissulega síðbornum yfirlýsingum hæstv. sjútvmrh., sem hann gaf hér í hv. Ed. s. l. föstudag, þar sem hann tilkynnti, að hæstv. ríkisstj. mundi beita sér fyrir kaupum á 3—4 nýtízku skuttogurum. En um þá yfirlýsingu má segja, að hún kemur allt of seint. Hæstv. ríkisstj. telur frelsi í viðskiptum og framkvæmdum æðsta takmark sitt, fyrir því verði allt annað að víkja. Ekki vil ég gera lítið úr frelsinu, fjarri sé mér það. En allt frá því að fjölgun varð í mannheimi með tilkomu Evu er það viðurkennd staðreynd, að einhverjar reglur verða að gilda í sambúðarmálum mannanna, jafnt í viðskiptum og framkvæmdum sem á öðrum sviðum. Ríkisstj. ber m. a. að reyna að sjá til þess, að landsgæði séu nýtt og framkvæmdum hagað þannig, að sem flestum verði að notum. Undir engum kringumstæðum ber ríkisstj. að láta afskiptalausa þróun, er sannanlega vegur að rótum sjálfra stofnatvinnuvega þjóðarinnar, sem átt hefur sér stað undanfarin ár. Það er fráleitt, að efnahagslíf okkar þoli til lengdar það ástand, að ríkisstj. eigi tilvist sína og síns meiri hluta undir því að afla síaukinna fjármuna í ríkissjóðinn með hömlulausum og raunar hvöttum innflutningi af hálfu ríkisstj., innflutningi bæði þarfra og óþarfra vara, svo að hægt sé að ná inn nægum tekjum í ríkissjóðinn af innflutningi og dæla svo út úr honum í síauknum mæli styrkjum og uppbótum til þess að forða frá því, að atvinnuvegirnir stöðvist alveg. Í frábæru erindi, sem Magni Guðmundsson flutti í þættinum um Daginn og veginn síðastliðinn mánudag, vék hann að þessu á mjög svo eftirminnilegan hátt og sýndi vel fram á þann vítahring, sem við Íslendingar stöndum í í dag með efnahagsmál okkar. Ég vil hvetja hv. alþm., hafi þeir ekki hlustað á það erindi, að reyna að verða sér úti um það. Það skipu-

lagsleysi, sem sjávarútvegurinn hefur búið við undanfarandi ár í sambandi við uppbyggingu sína, líkt og aðrir atvinnuvegir, sökum skorts á heildarstefnu og forustu hæstv. ríkisstj., er orðið honum og þjóðinni æðidýrt. Ekkert samræmi hefur verið á milli fjárfestingar í fiskvinnslustöðvum annars vegar og fjárfestingar til aukningar á veiðiflotanum, sem afla hefur átt hráefnis. Jafnvel hv. þm. Sjálfstfl., þess mikla frelsisflokks, eru nú farnir að sjá, að svona getur þetta ekki gengið. Það sannar flutningur frv. þeirra um fiskimálaráð, sem lagt var fram hér í hv. Nd. að ég held s. l. fimmtudag. Þar er lagt til í því frv., að heildarskipulag sé tekið upp og heildarstefna mörkuð í sambandi við uppbyggingu sjávarútvegsins, og má þakka, þótt að vísu komi þetta nokkuð seint, að þessi viðurkenning liggur þó fyrir. Við stjórnarandstæðingar munum í kosningabaráttunni deila harkalega á hæstv. ríkisstj. fyrir ástand mála í þjóðfélaginu og höfum þá þetta plagg frá stuðningsmönnum stjórnarinnar í höndunum.

Þetta frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins er það fjórða í röðinni, sem flutt er fyrir forgöngu hæstv. ríkisstj. til stuðnings sjávarútveginum í einni eða annarri mynd á valdatímabili hennar. Eins og ég vék að í upphafi ræðu minnar, hefur allt frá og með árinu 1964 orðið að gera einhverjar ráðstafanir til stuðnings sjávarútveginum. Einhverjir kynnu því að vilja álykta sem svo, að sjávarútvegurinn sé vandræðaatvinnuvegur, sem þjóðin gæti jafnvel verið án. Oft hef ég heyrt greinda og mæta menn segja í hálfgerðum hneykslunartón: Á nú enn þá einu sinni að fara að styrkja sjávarútveginn? — Staðreyndin er þó sú, að sjávarútvegurinn er enn þá a. m. k. langgjöfulasti atvinnuvegur þjóðarinnar og sá, er flest annað í þjóðfélaginu byggist á. Fiskimiðin umhverfis landið eru mesta auðlind þjóðarinnar og framleiðni í sjávarútvegi er nú meiri en í nokkrum öðrum atvinnuvegi, ef á heildina er litið. Það, sem veldur erfiðleikum hans, eins og ég hef reynt að sýna fram á, eru fyrst og fremst afleiðingar rangrar stjórnarstefnu, sem í grundvallaratriðum er sjávarútveginum fjandsamleg. Sjávarútvegurinn er í þeirri aðstöðu að þurfa að selja framleiðslu sína svo til alla á erlendum mörkuðum og hlíta því verði, sem þar fæst í harðri samkeppni við aðra framleiðendur sjávarafurða. Hann býr ekki við vernd, sem felst í háum aðflutningsgjöldum og innflutningsbanni samkynja varnings. Það er enginn verðbólgumarkaður, sem ákvarðar laun og afrakstur þeirra, er í sjávarútvegi starfa og fiskiðnaði. En þeir þurfa að kaupa allt til rekstrar síns á verðbólgumarkaðsverði hér innanlands. Hæstv. ríkisstj. gerir mikið úr þeim fjárhæðum, sem nú á að verja til stuðnings sjávarútveginum með frv. þessu. En það er minna um það rætt, að á s. l. ári einu fékk ríkissjóðurinn í hreinar umframtekjur á milli 800 og 900 millj. kr. með því fyrst og fremst að leggja tolla á hvers kyns innflutning til landsins, sem gjaldeyrisöflun sjávarútvegsins gerir mögulegan.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. að þessu sinni. Ég mun við 2. umr. málsins víkja að einstökum greinum þess og þá öðru því, sem mér finnst tilefni til þess að gera aths. við og fram kom í ræðum þeirra tveggja hæstv. ráðh., sem talað hafa fyrir frv. hér í dag.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir allmiklum fjárgreiðslum úr ríkissjóði til stuðnings sjávarútveginum. Hæstv. sjútvmrh. gerði ráð fyrir því í ræðu sinni, að hér væri um að ræða fjárupphæð, sem næmi eitthvað rúml. 300 millj. kr. og greiða á á yfirstandandi ári. Mér sýnist, eins og ég mun koma nánar að síðar, að margt bendi til þess, að hér geti verið um allmiklu meiri fjárgreiðslur að ræða en hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir. En það er eins og hefur verið sagt í þessum umr., það er ekki óeðlilegt, þegar frv. af þessu tagi liggur hér fyrir, að þá reyni menn að gera sér nokkra grein fyrir því, hvernig á því stendur, að það þarf að grípa til slíkra ráðstafana sem þeirra, sem í þessu frv. felast, og það á endurtekinn hátt svo að segja árlega.

Þeir hæstv. ráðh., sem hér hafa talað í þessu máli, vilja halda því fram, að ástæðurnar til þess, að nú þarf að hlaupa undir bagga með sjávarútveginum, séu þær, að verðlag á erlendum mörkuðum á framleiðsluvörum sjávarútvegsins hafi lækkað og það sé vegna þessa verðfalls, sem nú þurfi að gera þessar ráðstafanir. Því verður ekki neitað, að um allmikið verðfall er að ræða á sumum útfluttum sjávarafurðum, og slíkt verðfall hlýtur auðvitað að valda þessari framleiðslugrein talsverðum örðugleikum. En það getur ekki verið, að þessir hæstv. ráðh. trúi því í raun og veru, að erfiðleikar íslenzks sjávarútvegs í dag stafi allir af þessari verðlækkun, sem hér er um að ræða. Ég trúi því varla, að þeir hafi ekki gert sér betur grein fyrir því, hvernig ástatt er í íslenzkum sjávarútvegsmálum en svo, að þeir vilji reyna að halda því fram, að allur vandinn sé aðeins bundinn við þessa verðlækkun, sem þarna er um að ræða. Nei, hér er um miklu meira vandamál að ræða og víðtækara en það, sem aðeins stafar af þeirri verðlækkun á nokkrum tilgreindum útflutningsvörum, sem allar horfur eru nú á, að muni dynja yfir.

Mig langar til þess að rifja upp í fáum orðum nokkur athyglisverð efni um stöðu sjávarútvegsins í dag, eins og þetta lítur út frá mínum sjónarhól séð, og ég hygg, að æðimargir í landinu sjái nú hið sama. Við skulum fyrst taka þann þáttinn í okkar sjávarútvegsmálum, sem tengdur er við okkar togaraútgerð. Hvernig er það komið? Þar er óumdeilanlega um þá staðreynd að ræða, að í upphafi viðreisnartímabilsins, á árinu 1960, voru hér gerðir út á Íslandi 46 togarar, en nú er talið, að það sé hægt að ræða um útgerð á 16—17 skip-

um. Hér er ekki um neina smáræðisbreytingu að ræða. Ekki hefur þessi breyting orðið vegna þess, að á þessu tímabili hafi sótt að okkur mikil verðlækkun á framleiðslu þessa þáttar sjávarútvegsins. En sem sagt, á viðreisnartímanum nú s. l. 7 ár hefur þetta verið að gerast, að íslenzki togaraflotinn hefur verið að eyðast, íslenzk togaraútgerð hefur verið að leggjast út af. Og hver hafa svo verið ráð hæstv. ríkisstj. til þess að hamla gegn þessari ógæfuþróun. Jú, ráðin hafa verið þessi m. a.: Fyrir nokkrum árum flutti ríkisstj. hér frv. á Alþ. um það að stórhækka álögur á bátaútveg landsmanna í gegnum aflatryggingasjóð, til þess að hægt væri að miðla togurunum ákveðnum peningum úr aflatryggingasjóði þannig frá bátaflota landsmanna. Á þennan hátt var skotið til togaraútgerðarinnar nokkrum milljónatugum, og þannig stendur þetta enn í dag. Togararnir fengu þarna auðvitað smávægilega hjálp, sem ómögulega gat leyst þá úr þeim vanda, sem þeir voru komnir í. En sem sagt, ráðið, sem ríkisstj. fann, var þetta, að ætla bátaútgerð landsmanna að standa undir þessum vanda.

Ríkisstj. kunni fleiri ráð til þess að reyna að bæta að nokkru hag togaraútgerðarinnar. Þá var það fundið út að láta bátaflotann í landinu og einkum og sérstaklega þann hluta bátaflotans, sem stundar síldveiðar, raunverulega taka að sér í gegnum ákveðið útflutningsgjald, síhækkandi útflutningsgjald, að borga vátryggingaiðgjöld togaraflotans í landinu. Og þannig hefur þetta verið nú í allmörg ár, að það má segja, að í öllum aðalatriðum sé bátaflotinn í landinu látinn borga vátryggingaiðgjöld togaraflotans, auðvitað með tilheyrandi erfiðleikum fyrir þær greinar sjávarútvegsins, sem voru látnar standa undir þessum greiðslum. En ríkisstj. þóttist vera með þessu að hjálpa togaraútgerðinni, og vissulega var skotið að íslenzkri togaraútgerð nokkurri fjárfúlgu á þennan hátt. En svo gerði ríkisstj. meira. Á sama tíma og þetta gerðist, og þessar greiðslur voru vitanlega togaraútgerðinni algerlega ófullnægjandi og voru svona tilkomnar, framkvæmdi ríkisstj. sína almennu stefnu í efnahagsmálum, sem leiddi til þess, að útgjöld togaraútgerðarinnar í landinu, eins og útgjöld annarrar útgerðar, hlutu að fara stórkostlega hækkandi. Vextir af lánum voru stórhækkaðir, lánskjör voru gerð miklu verri en þau voru áður, föst lán voru yfirleitt stytt. Þau lán, sem höfðu verið veitt sem stofnlán um margra ára skeið sem 20 ára lán, voru færð með lögum eða tilskipunum ríkisstj. niður í 15 ár. Hin, sem höfðu verið í 15 árum, voru færð niður í 12 ár o. s. frv. Og nú í dag býr togaraútgerðin við það, eins og reyndar aðrar greinar sjávarútvegsins, að í ýmsum tilfellum verða þessir aðilar, þegar þeir geta fengið stofnlán í sambandi við sínar framkvæmdir, sem þeir þurfa allajafna að standa í, þá verða þeir í mörgum tilfellum að borga vexti, sem eru 10% af stofnlánum. Hér var vitanlega um að ræða almenna stefnu í peningamálum, sem þýddi stórkostlegar álögur á framleiðsluna í landinu og þar með á togaraútgerðina líka. Þá má einnig minna á það, að á þessu tímbili hefur ríkisstj. hvað eftir annað hækkað söluskatt og ýmsar álögur, sem allar hlutu að koma út í hækkandi verðlagi í landinu, og hækkandi verðlag bitnaði auðvitað á togaraútgerð landsmanna, sem svona stóð nú á fyrir, eins og öðrum atvinnuvegum landsmanna.

Þessi stefna ríkisstj., sem rekin hefur verið á undanförnum árum í efnahagsmálum, hefur svo leitt til þess, sem allir vita, að verðlag í landinu hefur tvöfaldazt á nokkrum árum. Þetta síhækkandi verðlag hefur vitanlega bitnað m. a. þannig á togaraútgerðinni, sem hefur verið að veslast upp, að hún hefur orðið að borga t. d. í launakostnað hærri fjárhæðir en hún hefði annars þurft, því að hún hefur orðið að reyna að fylgjast nokkuð með í þeim almennu kauphækkunum, sem orðið hafa í landinu í beinu hlutfalli við hækkandi verðlag. Ég tel, að það sé enginn vafi á því, að það sé engu öðru að kenna, hvernig komið er fyrir íslenzkri togaraútgerð, heldur en rangri stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum og sinnuleysi hennar um það, hvað þurfti að gera í málefnum togaranna. Við stóðum frammi fyrir því á þessu tímabili, viðreisnartímabilinu, frá 1960—1966, að við þurftum auðvitað að gera hliðstæðar ráðstafanir í okkar togaramálum og aðrar togaraþjóðir. Það var að ganga yfir mjög mikil breyting á gerð skipanna og veiðitækni allri, og við urðum að taka þátt í þessu eins og aðrir, en það var ekki gert hér á landi. Við Alþýðubandalagsmenn höfum flutt till. hér þing eftir þing um það, að ráðizt verði í endurnýjun togaraflotans og þá einmitt á þeim grundvelli, sem markaður hefur verið hjá öðrum þjóðum, sem sóttu fram í þessum efnum, að við notfærðum okkur hina nýju tækni og nýju aðstöðu til veiða. En okkar till. hafa ekki fengizt samþ. um þetta efni. Þær hafa ýmist verið felldar, þegar þær hafa verið fluttar sem brtt., og ef við höfum flutt hér sjálfstæð frv., hafa þau verið látin sofna í nefnd. Afrek ríkisstj. eru sem sagt þessi: Hún getur státað af því, að hún er um það bil að verða búin að drepa íslenzka togaraútgerð. Það er sannleikur málsins. Upp á síðkastið hefur ríkisstj. séð það eitt ráð til hjálpar togaraútgerðinni að vilja hleypa þessum fáu togurum, sem eftir eru, svo að segja upp í harða land, vegna þess að þeim hefur auðvitað ekki dugað það, að þeir hafa nú undanþágur til þess að veiða víða við landið upp að 4 mílum og annars staðar upp að 6 mílum mikinn hluta af árinu, — það hafa verið uppi till. um það frá hæstv. ríkisstj., það hefur ekki farið á milli mála, hverjar hennar óskir hafa verið í þeim efnum, að leysa vanda togaranna, hinna stóru skipa, með því að hleypa þeim enn nær landi en þeir hafa haft leyfi til, fá að veiða þar. En þó vita auðvitað allir, að það hefði ekki getað

bjargað íslenzkri togaraútgerð, eins og nú er komið fyrir henni. Það hefði hins vegar getað spillt mikið fyrir öðrum.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, hugsar ríkisstj. sér að halda áfram gömlu og góðu stefnunni gagnvart togaraútgerðinni, halda áfram því ástandi, að bátaútvegurinn eigi að rétta togaraútgerðinni nokkurn styrk í gegnum aflatryggingasjóð, að bátaútvegurinn eigi að standa undir erfiðleikum togaranna með greiðslum úr aflatryggingasjóði og að svo megi gjarnan koma til viðbótar smágreiðslur beint úr ríkissjóði, en annars skuli þar vera um óbreytta stefnu að ræða og áframhald á þessari líka skemmtilegu þróun, sem ég var nú að lýsa um málefni togaranna. Svona er þá ástatt um þennan þáttinn í okkar sjávarútvegsmálum.

Við skulum svo víkja hér að öðrum þætti. Hvernig er þá ástandið í málefnum bátaflotans? Það hefur nýlega farið fram nokkur athugun á málefnum bátaflotans af sérstakri stjórnskipaðri n., sem vann allmikið í þessari athugun og hefur sent frá sér nokkuð langt og mikið álit um þessi mál, og það fer ekkert á milli mála, að það hefur verið álit þessarar n., að hagur bátaflotans í landinu, báta sem eru undir 120 rúmlestum að stærð, sé illa kominn. Það er auðvitað ekkert um það að villast, að þessi hluti bátaflotans er í rýrnun, hann fer minnkandi ár frá ári og þátttaka hans í útgerð fer minnkandi, bátunum beinlínis fækkar. Hér er ekki um endurnýjun að ræða, og útgerðartíminn styttist með hverju ári sem líður vegna mikilla erfiðleika, sem þessi hluti útgerðarinnar á við að stríða. Þeir erfiðleikar, sem kvartað er undan af eigendum þessa hluta bátaflotans, stafa ekki af þeim verðlækkunum, sem menn eru nú að gera ráð fyrir að muni skella á varðandi frosinn fisk á erlendum mörkuðum á árinu 1967. Þessir erfiðleikar hinna minni báta voru allir komnir til, áður en um var að ræða þessa verðlækkun á mörkuðunum. Hver er þá ástæðan til þess, að það hefur hallað svona undan fæti hjá þessum hluta útgerðarinnar á undanförnum árum? Hver er ástæðan til þess? Ástæðan er ekki sú, sem maður hefði getað haldið samkvæmt því, sem orð féllu hér hjá hæstv. sjútvmrh. og fram kemur í grg. með þessu frv., að fiskverðshækkun hafi orðið mjög mikil eða jafnvel of mikil á undanförnum árum, vegna þess að markaðsverðið erlendis hafi hækkað mjög mikið. Að því hefur verið látið liggja, að vegna þess að markaðsverðið hefur hækkað mikið á undanförnum árum erlendis, þá hafi það leitt til hækkandi kaupgjalds í landinu og of mikillar hækkunar á fiskverði. Þetta er hreinlega að snúa staðreyndunum við að mínum dómi. Svona liggja málin ekki. Sannleikurinn er sá, að það hefur verið reynt að hækka kaupgjald í landinu til samræmis við þá hækkun á almennu verðlagi, sem orðin var sem bein afleiðing af ríkisstjórnarstefnunni. Síðan hefur verið reynt að hækka fiskverð til báta þannig, að það veitti sjómönnum ekki miklu lakari kjör í samanburði við aðrar vinnustéttir. Það er ekkert um það að villast, að bæði hið almenna kaupgjald verkafólks hefur ekki fylgt á eftir verðlagshækkuninni að fullu og fiskverðið til bátanna hefur ekki einu sinni fylgt á eftir því, að það gæti veitt sjómönnum hliðstæða kauphækkun og verkamennirnir hafa fengið. Hér hefur því ekki verið um það að ræða, að fiskverðið á undanförnum árum hafi hækkað jafnvel of mikið. Það hefur alltaf legið aftur úr. Að þessari niðurstöðu komst m. a. þessi mþn., sem athugaði sérstaklega um afkomu hinna minni fiskibáta. Hún tók strax eftir því, að á undanförnum árum hefur fiskverðið til bátanna alltaf verið ákveðið of lágt með tilliti til hins almenna verðlags í landinu og í rauninni lækkandi. Ástæðurnar til þess, að afkoma þessa hluta sjávarútvegsins hefur farið versnandi, liggja fyrst og fremst í þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur haldið uppi í efnahagsmálum. Ríkisstj. hefur gert hvað eftir annað ráðstafanir, sem hafa orðið til þess að íþyngja þessum þætti framleiðslunnar. Ég hef áður bent á t. d. ráðstöfun eins og þá að stórhækka vextina, allar vaxtagreiðslur þessarar útgerðar. Fiskveiðasjóður Íslands, sem er einn af stærstu stofnlánasjóðum, sem starfa í okkar landi, er fyrst og fremst byggður upp af fjármagni, sem sjávarútvegurinn hefur lagt honum til sjálfur. Fiskveiðasjóður gat því veitt stofnlán til sjávarútvegsins með hagstæðum kjörum, og hann gerði það um langan tíma, en þegar viðreisnarstefnan var tekin upp, var ákveðið með beinni fyrirskipun í gegnum Alþ., að það skyldi hækka stofnlánavexti hjá fiskveiðasjóði um 2% til bátanna, algerlega án þess að það væri nokkur þörf á slíkri ráðstöfun. Hér var bara um aukabagga að ræða, sem verið var að leggja á útgerðina. Þá var einnig ákveðið að stytta stofnlán bátanna frá því, sem áður hafði verið, en það þýddi auðvitað í framkvæmd aukin útgjöld, aukin árleg útgjöld. Þessi pólitík hefur verið framkvæmd alveg þvert í gegn, enginn þáttur hefur þarna mátt liggja eftir. Þannig hefur það t. d. verið, að dráttarvextir hjá fiskveiðasjóði, — þó að þeir væru mjög háir, voru þeir nokkru lægri en dráttarvextir á ýmsum öðrum lánum veittum í landinu, m. a. á víxlum og öðru slíku, — það var rekið í gegnum Alþ. með ofsa, að það skyldi hækka dráttarvextina líka á þessum lánum og auka enn álögurnar á bátaútveg landsmanna. Og það var grátlegt til þess að vita, að þeir menn, sem sátu hér á Alþ. og töldu sig vera forsvarsmenn sjávarútvegsins, skyldu vera látnir greiða atkvæði með því eins og hinir. Þannig hefur stjórnarstefnan í efnahagsmálum hreinlega miðað að því að auka álögurnar á sjávarútveginn, að íþyngja honum, og stefnan hefur því í vaxandi mæli leitt til þess, að slík vandamál koma upp eins og við stöndum frammi fyrir nú. Og hin almenna verðbólgustefna, sem hér hefur verið ríkjandi um margra ára skeið, hefur leitt til þess, að fiskverðið til bátanna hefur alltaf verið lækkandi í hlutfalli við annað verðlag í landinu, en það

þýddi auðvitað í framkvæmd versnandi afkomu þessarar atvinnugreinar.

Mþn., sem ég hef hér minnzt á og í áttu sæti menn úr öllum þingflokkum, komst að þeirri niðurstöðu, að árið 1965 hefði fiskverðið þurft að vera 18% hærra til bátanna en það var, til þess að bátarnir héldu jafnræði við það, sem það var á árinu 1962. Það er mjög sennilegt, að þetta of lága fiskverð þýði fyrir bátaflotann í landinu upp undir 200 millj. kr. þetta ár. Á meðan þessu fór fram, hvar var þá sjútvmrh. á Íslandi? Tók hann eftir þessu? Gerði hann sér grein fyrir þessu? Gerði hann einhverjar athugasemdir við þetta? Nei, hann virtist hvorki sjá né heyra. Hann lét þetta allt yfir ganga, og síðan hefur tilhneigingin verið sú að reyna að skýra þetta á eftir með því, að hér væri um óviðráðanlegar ástæður að ræða. Það er rétt að gera hér alveg fulla grein fyrir því, að það er stefna hæstv. ríkisstjórnar á undanförnum árum í efnahagsmálum, sem hefur leitt af sér þennan vanda.

Það hafa svo komið hér fram á Alþ. ýmsar till. um það, hvað gera mætti m. a. til þess að bæta nokkuð hag þessa bátaflota, og m. a. komu fram allmargar till. frá mþn., sem athugaði um afkomu bátanna. En reynslan hefur orðið sú, að ríkisstj. tekur ekki undir neina af þessum till., gerir blátt áfram ekkert í þá átt að reyna að leysa vanda bátanna á þann hátt, sem gæti orðið eitthvað til frambúðar.

Eitt af því, sem mþn. benti á, var það, að bátar undir 120 rúmlestum að stærð ættu í nokkrum erfiðleikum margir hverjir vegna breytinganna, sem orðið hafa á síldveiðum landsmanna undanfarandi ár. Það sem sagt liggur fyrir, að margir bátar af stærðinni 70—120 rúmlestir höfðu keypt sér alldýr tæki til þess að taka þátt í síldveiðum, höfðu útbúið sig með hinni nýju kraftblökk, og þeir höfðu keypt dýr síldarleitartæki og ráðizt í ýmiss konar annan útbúnað og keypt sér veiðarfæri til þess að taka þátt í síldveiðum. En svo hafa málin þróazt þannig, að þessi tæki notast ekki þessari útgerð, en útgerðin situr uppi með tækin og að sjálfsögðu með þau lán, sem stofnað var til vegna kaupa á þessum tækjum. Og eins og komið er, er vitanlega nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að létta þessum bagga af þessari útgerð með alveg sérstökum ráðstöfunum. En þó að mþn. gerði tillögur í þessa átt, hefur enn ekkert verið aðhafzt af hálfu ríkisstj. til þess að leysa þennan vanda — ekkert. Mér sýnist því, að það hafi ríkt á undanförnum árum sama sinnuleysið, sami sljóleikinn varðandi hagsmunamál þessa hluta sjávarútvegsins, bátanna, eins og varðandi togaraútgerðina. Þar hefur allt verið látið dankast. Og meira að segja álögur, sem lagðar hafa verið á bátana á óréttmætan hátt til þess að standa undir vandamálum togaranna, hafa ekki einu sinni fengizt af teknar. Enn eru bátarnir látnir standa undir þeim álögum.

Við skulum svo víkja með nokkrum orðum að ástandinu hjá frystiiðnaðinum. Hvernig er ástandið þar? Jú, það liggur alveg óumdeilanlega fyrir, sem oft hefur verið sagt hér í þessum umræðum og öðrum, að verðlag á útfluttum fiskafurðum hefur farið mjög hækkandi á undanförnum árum, allt fram á síðari hluta s. l. árs. Og verðhækkanirnar voru eiginlega ótrúlega miklar í mörgum greinum. Þetta hefði auðvitað átt að leiða til þess, að fiskiðnaður okkar hefði búið við tiltölulega góða afkomu. En reynslan sýnir allt annað. Reynslan sýnir það, að afleiðingarnar af stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum hafa orðið fiskiðnaði landsmanna svo dýrkeyptar, að nú verður að hlaupa undir bagga með þýðingarmestu grein fiskiðnaðarins, til þess að sú grein leggist ekki alveg út af. Það mun láta nærri, að verðlag t. d. á frosnum fiski hafi hækkað á liðnum 4 árum um um það bil 40%. Nú er hins vegar talað um verðlækkun, sem gæti numið 10—20%. Það sjá því allir, að verðlagsþróunin, þegar litið er yfir 4—5 ára tímabil, hefur í rauninni ekki verið óhagstæð, jafnvel fyrir frysta fiskinn, sem nú á í mestum erfiðleikum. En þá verðlækkun, sem nú er um að ræða, getur þessi iðnaður ekki tekið á sig, vegna þess að útgjaldaaukningin hefur verið svo gífurlega mikil í þessari atvinnugrein á undanförnum árum, að það er búið að eyða öllum tekjuaukanum, sem kom frá hækkandi afurðaverði á erlendum mörkuðum, það er búið að eyða þeim tekjuauka til þess að standa undir síhækkandi útgjöldum á öðrum sviðum eða yfirleitt innlendum útgjöldum. Og það fer ekkert á milli mála, að það er hægt að rekja þessi hækkandi útgjöld, t. d. frystihúsanna, alveg beint til þeirrar stefnu, sem ríkisstj. hefur rekið í efnahagsmálum. Og ríkisstj. hefur haldið sig við þessa stefnu alveg fram á þessa stund. Ég minnist þess t. d., að þegar fyrir ári eða rúmlega ári var verið að afgreiða fjárlög, kom hér hæstv. fjmrh. og gerði kröfur um það, að ýmsir tekjustofnar ríkisins yrðu gerðir drýgri fyrir ríkissjóð en þeir höfðu verið áður og ýmsum útgjöldum yrði létt af ríkissjóði, af því að ríkissjóður þyrfti á því að halda. Í þessum efnum krafðist hæstv. fjmrh. þess m. a., að létt yrði af ríkinu greiðslum, sem nema í kringum 40 millj. kr. á ári, vegna halla, sem hafði verið á rafmagnsveitum ríkisins og ríkissjóður hafði fengið tekjur til þess að standa undir, því að hann var búinn að standa undir slíkum greiðslum í mörg ár og hann hafði fengið sínar tekjur til þess að standa undir þessum greiðslum. En fjmrh. sagði: Ég vil losna við þessi útgjöld, og það verða aðrir að borga þau, af því að það þarf að bæta hag ríkissjóðs. — Og hann fékk sitt mál fram og stóð fyrir því að hækka allt rafmagnsverð í landinu sem þessu nam. Afleiðingin varð svo sú, að rafmagnsverðið m. a. stórhækkaði hjá frystiiðnaði landsmanna — stórhækkaði. Hækkunin var mjög misjöfn á hinum ýmsu stöðum, en mjög víða var hér um tilfinnanlega hækkun að ræða. Ég minnist þess, að ég benti hér á við umræður um þetta mál, að þessar ráðstafanir af hálfu ríkisstj. hlytu að leiða til

þess að íþyngja enn meir en þá var orðið útflutningsatvinnuvegum landsmanna, því að þótt þetta bætti í svipinn hag ríkissjóðs, hlyti þetta að þýða, að útgjöld annarra í landinu hlutu að hækka sem þessu næmi. Og það er enginn vafi á því, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru um þetta leyti, munu hafa hækkað tekjur ríkissjóðs á milli 200 og 300 millj. kr. En þær hafa líka aukið útgjöld annarra aðila í landinu um sömu upphæð. Og einn er sá aðili, sem yfirleitt getur ekki velt slíkum hækkunum af sér, en það er sá aðili, sem á öll sín viðskipti við erlenda markaði, þ. e. útflutningsframleiðslan. Hún sat eftir með baggann að langmestu leyti. En fjmrh. fékk sitt fram, og tekjur ríkissjóðs voru auknar, og í árslokin gat hann svo auðvitað státað af því og ríkisstj. öll, að tekjur ríkissjóðs hefðu reynzt miklar. Þær munu hafa farið 800 eða 900 millj. kr. fram úr áætlun. Og þó að útgjöld ríkissjóðs hafi líka farið 300—400 millj. fram úr áætlun, voru eigi að síður eftir í kassanum, þegar upp var staðið, 400—500 millj. kr. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. 5. þm. Austf., hvort hann vilji gera hlé á ræðu sinni eða hvort hann treystir sér til þess að ljúka henni á örfáum mínútum.) Ég treysti mér ekki til þess að ljúka henni á örfáum mínútum, en hefði gjarnan viljað halda henni áfram. (**Forseti:** Eins og áður er getið, var gert ráð fyrir, að fundinum yrði fram haldið til kortér yfir 4. Ég bið hv. þm. afsökunar á, að ræðan skuli trufluð, en með hans samþykki verður fundinum þá frestað til kl. 5. Fundinum verður fram haldið aftur kl. 5.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði fyrr í ræðu minni vikið að nokkrum aðalþáttum sjávarútvegsins, hvernig ástatt væri fyrir þeim rekstrarþáttum nú og hvaða ástæður lægju til þess, að svo væri komið sem komið er fyrir þessari atvinnugrein. Ég hafði sýnt fram á, að það, sem mestu veldur um erfiðleika sjávarútvegsins, er röng stefna ríkisstj. á undanförnum árum í efnahagsmálum í mörgum greinum, en þau vandamál, sem nú eru að koma upp vegna verðfalls á frosnum fiski á erlendum mörkuðum, eru í rauninni alveg umfram þann almenna vanda, sem ég var hér að gera að umtalsefni og steðjar að þessari atvinnugrein.

Þegar núv. stjórnarflokkar tóku við stjórn sjávarútvegsmála og byrjuðu að framkvæma sína nýju stefnu, viðreisnarstefnuna, mátti segja, að hagur sjávarútvegsins í landinu væri mjög sæmilegur, enda er það viðurkennt af öllum sjávarútvegsmönnum. Árið 1958 var sjávarútveginum mjög hagstætt ár. Afli var þá mikill, og þá voru málefni sjávarútvegsins leyst það ár með víðtækum samningum við útvegsmenn, og við þá samninga var staðið í öllum greinum, og það mátti þá segja, að jafnt hagur togaraútgerðarinnar sem annarrar útgerðar í landinu þá og annarrar fiskvinnslu væri tiltölulega góður. Það ár var almennt talið, að togararnir hefðu skilað talsverðum tekjuafgangi. Sama var að segja um árið 1959, það var tiltölulega mjög hagstætt ár fyrir íslenzka útgerð, og einnig það ár var togaraútgerðinni gott ár. Þegar viðreisnarstefnan var því tekin upp, áttu öll skilyrði að vera tiltölulega hagstæð til þess, að hún hefði getað heppnazt. Sá vandi, sem þá var við að glíma, var það, hvernig ætti að koma fyrir í íslenzku hagkerfi þeirri millifærslu, sem átt hafði sér stað með millifærslukerfinu þá um nokkurra ára bil, og það gerði ríkisstj. með nýrri skráningu á verðgildi íslenzkrar kr., fyrst á árinu 1960 og síðan aftur á árinu 1961. En þessar gengisbreytingar áttu að tryggja það, að eftir þær ætti sjávarútvegurinn almennt séð að búa við ekki lakari kjör en hann hafði búið við áður eftir uppbótakerfinu. Og síðan kom til stefna viðreisnarinnar og hefur staðið allan tímann þar til nú, og það er ekki undan því að kvarta, að þessi viðreisnarár hafi verið óhagstæð varðandi árferði. Það mun enginn reyna að halda því fram, að erfiðleikar sjávarútvegsins á þessu tímabili stafi af illu árferði. Og þá er í rauninni engu öðru til að dreifa en því, að það eru þau kjör, sem við höfðum búið þessari atvinnugrein á þessum árum, það eru þau, sem eru röng. Sem sagt, við upphaf tímabilsins hafði staðið tiltölulega vel hagur bæði báta, togara og fiskiðnaðar í landinu. Afkoman var tiltölulega góð reikningslega séð, og síðan hefur verið um gott árferði að ræða öll árin, en samt er svona komið, eins og bent hefur verið hér á, um afkomu sjávarútvegsins. Það er því í rauninni engu öðru til að dreifa en því, að stefnan, sem ríkt hefur í landi okkar í efnahagsmálum og verðlagsmálum almennt séð, hefur verið þessari atvinnugrein óhagstæð. En það virðist nú vera svo, að hversu oft sem þetta er sagt þeim mönnum, sem standa að viðreisnarstefnunni, breytir það sáralitlu. Þeir a. m. k. halda áfram að þræta, og þeir lemja höfðinu við steininn og virðast enn vilja halda sér í þessa alröngu stefnu.

Þegar maður lítur aftur til hinna erlendu markaða, hafa, eins og hér hefur oft verið bent á í þessum umr., öll skilyrði þar verið hin hagstæðustu á þessu tímabili. Það er ekki aðeins, að frosni fiskurinn hafi stórhækkað á þessum árum á erlendum markaði. Saltfiskurinn hefur hækkað enn meir. Skreiðin hefur hækkað tiltölulega mikið, þó ekki eins mikið og þessar tvær framleiðsluvörur. Og yfirleitt aðrar útfluttar sjávarafurðir hafa hækkað mikið í verði. Það hefur verið mjög hagstætt árferði að þessu leyti til. Hins vegar verður maður að játa það, að hin almenna viðskiptastefna, sem ríkisstj. hefur haldið uppi, hefur líka reynzt sjávarútveginum óhagstæð og hefur m. a. komið fram í sambandi við markaðsmálin. Ég hef áður bent á það, að mjög þýðingarmiklir og góðir markaðir, sem við höfðum unnið okkur upp, t. d. í löndum Austur-Evrópu, hafa nú glatazt vegna viðskiptastefnu ríkisstj. Það er mjög eftirtektarvert dæmi, dæmið um markaðinn í Tékkóslóvakíu,

þar sem Íslendingar höfðu á nokkrum árum unnið sér upp markað fyrir frosinn fisk, sem var á milli 7 og 8 þús. tonn á ári. Þetta er land, sem hvergi liggur að sjó, og það mun því mjög seint verða sjálfu sér nóg um öflun á fiskmeti. Þetta var því mjög þýðingarmikill markaður, ekki sízt þegar það er haft í huga, að þessi markaður borgaði meira fyrir fiskinn okkar en nokkur annar markaður. En viðskiptastefna ríkisstj. hefur leitt til þess, að nú erum við búnir að glata þessum markaði. Nú seljum við svo að segja ekkert af frosnum fiski til Tékkóslóvakíu, vegna þess að stjórnin hefur skipulega unnið að því og margsinnis hælt sér fyrir það að hafa náð árangri á þessu sviði, að hún væri að reyna að brjóta niður verzlunina við vöruskiptalöndin. Þetta hefur reynzt útflutningsframleiðslunni óhagstætt. Hún hefur því orðið í þessum greinum að víkja af hagstæðum mörkuðum, sem hún hafði þarna unnið sér upp, og leita inn á miklu óstöðugri og verri markaði.

Mjög skýrt dæmi kom fram í þessum efnum nú á s. l. hausti. Ég veit ekki, hvort hv. alþm. hafa veitt því athygli, að einmitt um það leyti, sem einna mest var að veiðast af síld á Íslandi og það flæddi eiginlega svo að segja út úr öllum döllum af síld, kom tilkynning um það, að frystihúsunum væri bannað að frysta meira af síld en þau þá höfðu gert. Nú lá það þó fyrir, að það var búið að frysta um þetta leyti miklu minna magn af síld en gert hafði verið um mörg ár. Hvernig stóð á þessu? Jú, það stóð þannig á því eins og fram hefur komið m. a. í samþykktum frá samtökum frystihúsamanna, þar sem þeir hafa verið að mótmæla stefnu ríkisstj. í viðskiptamálum við tiltekin lönd, sem leitt hafa þetta af sér. Það gerist sem sagt á s. l. sumri, að viðskmrn. ákveður, að nú skuli nýir viðskiptasamningar gerðir á þeim grundvelli við Tékkóslóvakíu og Pólland eftir kenningum þeirra Jóhannesar Nordals o. fl., að nú skuli öll viðskipti Íslendinga við Pólland og Tékkóslóvakíu vera gerð upp á frjálsum gjaldeyrisgrundvelli, þ. e. a. s. ef það halli eitthvað á í viðskiptunum á vissu tímabili, átti sá aðili, sem hallaðist á, að borga í frjálsum gjaldeyri. Útflytjendur, m. a. frystihúsamenn, bentu ríkisstj. á það hvað eftir annað, að þessi breyttu samningaviðhorf mundu leiða til þess, að þessar þjóðir keyptu ekki af okkur jafnmikið af frosinni síld og þær hefðu gert til þessa, en til þess höfðu þær skuldbundið sig með samningum til tiltekins tíma. En þegar þær stóðu orðið frammi fyrir því, að þær áttu að eiga viðskipti við Íslendinga á frjálsgjaldeyrisgrundvelli, mátti búast við því, að þær notuðu sinn gjaldeyri, sem þær eignuðust hér, til þess að kaupa aðrar vörur, sem þær höfðu um langan tíma sótzt hér meira eftir að fá, en ekki fengið, eins og m. a. síldarmjöl og síldarlýsi og fleiri vörur. Það stóð ekki á því, að reynslan sýndi, hvor hefði á réttu að standa, þeir, sem stjórnuðu Seðlabankanum, og þeir, sem réðu í viðskrmn., eða framleiðendurnir, sem mótmælt höfðu þessari nýju stefnu. Útkoman varð eins og frystihúsamenn höfðu sagt, hún varð til þess, að Pólverjar svo að segja hættu að kaupa frosna síld og Tékkóslóvakía hætti sömuleiðis. Við töpuðum þessum mörkuðum, en við sáum hins vegar, að á sama tíma voru sendar sendinefndir frá Norðmönnum, keppinautum okkar, til þessara landa, og þeir hirtu þessa markaði frá okkur. En við, mitt í miðju síldarfiskiríinu, gátum sem sagt staðið frammi fyrir því, að við hættum að notfæra okkur síldina á þennan hátt, sem við höfðum gert áður.

Frelsið í viðskiptamálunum getur verið dýrt. Það getur kostað peninga. Menn geta beinlínis glatað niður mörkuðum, sem þeir halda því aðeins, að þeir taki eitthvert tillit til allra aðstæðna varðandi framleiðslumál eða önnur viðskipti. En þetta hefur hæstv. ríkisstj. vitað, að hún var t. d. í þessum tilfellum og í mörgum fleirum að gera ráðstafanir, sem hlutu að verða útflutningsframleiðslunni kostnaðarsamar. En ríkisstj. skeytti ekkert um það. Hún fór þvert gegn þeim ráðleggingum, sem framleiðendurnir beindu til hennar, og hún fór eins og fyrri daginn eftir kenningum þeirra Seðlabankamanna og þeirra, sem réðu ríkjum í viðskmrn., en það voru fyrst og fremst innflytjendur í landinu, kaupsýslumenn. Hún fór eftir þeirra kenningum, en það varð til þess að gera hag útflutningsframleiðslunnar lakari en hann var áður.

Auðvitað er enginn vafi á því, að íslenzka þjóðarbúið hefur tapað á framkvæmd þessarar stefnu, því að þegar við eigum nægilegt af síldarskipum fyrir og við eigum öll veiðarfæri, sem við þurfum á að halda, og við höfum mannafla og við höfum frystihúsin ónotuð, var það vitanlega fengur fyrir okkur að geta margfaldað verð síldarinnar með því að frysta hana og flytja hana út þannig, í stað þess að geta ekki hirt hana, láta hana liggja ónotaða, eins og útkoman varð á s. l. hausti. Það er auðvitað í miklu fleiri greinum, sem svona er að farið. En það er ekki verið að minnast á það, hvað þetta viðskiptafrelsi kostar okkur mikið, þegar því er beitt m. a. þannig, að það er ekkert tillit tekið til hagsmuna útflutningsframleiðslunnar.

Það má skjóta því inn í í leiðinni, að það er stáðað mikið af því, að við eigum gjaldeyrisvarasjóð erlendis, sem nemur í kringum 2000 millj. kr. Og út af fyrir sig getur verið gott að eiga nokkurn gjaldeyrisvarasjóð, m. a. til þess að tryggja liðleg viðskipti. En menn verða líka að gera sér grein fyrir því, að við borgum mikið fyrir það að eiga þennan sjóð. Hvað halda menn, að við fáum í vexti fyrir þessar 2000 millj., sem við geymum í bönkum erlendis? Meðaltalsvextirnir, sem við fáum fyrir þessa upphæð, liggja á milli 3 og 4%. En á sama tíma borgar Seðlabankinn hér heima þeim aðilum, sem binda fé hjá honum á móti þessari fjárhæð, 8—9% í vexti. Hann tapar á því að eiga þessa upphæð upp undir 40 millj. kr. á ári. (Gripið fram í.) Já, það getur leikið nokkuð á því, því að þessi upphæð sveiflast

dálítið til. Ég vil ekki segja það, að hún sé alveg stöðugt 2000 millj., en það er alls ekki undir 40—50 millj., sem bankinn tapar á þessu á hverju ári.

Það er rétt að gera sér grein fyrir því, að þessi pólitík varðandi hin frjálsu gjaldeyrisviðskipti kostar líka sitt. Þó getur það verið réttlætanlegt að taka á sig slíka bagga sem þessa varðandi vaxtamismuninn, en þá fyrst kastar tólfunum, þegar við förum að haga okkar málum þannig, að við getum ekki nýtt okkar framleiðslumöguleika, við getum ekki nýtt þau tæki, sem við eigum. Vegna þessarar viðskiptastefnu höfum við verið að glata mörkuðum, en þannig hefur verið haldið á þessum málum að undanförnu.

Þegar svo hæstv. ríkisstj. stendur frammi fyrir því, að sjávarútvegurinn er kominn í þann vanda, sem hann er kominn í, á hún ekki önnur úrræði en grípa til uppbótagreiðslna, sem hún hafði þó algerlega fordæmt sem alveg forkastanlega leið. Hún verður að grípa til þess nú eftir 7 ára viðreisn. Ríkisstj. vill láta svo vera, að þetta sé nú aðeins til eins árs eða svo og hér sé ekki um ýkjaháa fjárhæð að ræða. En fjárhæðin, sem hún notar í uppbótagreiðslur, er miklu hærri en hún vill vera láta. Hæstv. sjútvmrh. talaði hér um, að þessi millifærsla gæti verið samkv. þessu frv. í kringum 310—320 millj. kr. Ég held, að það megi búast við því, að þessi greiðsla verði miklum mun hærri. Og auðvitað er réttmætt að leggja þarna við einnig þær aðrar fjárgreiðslur, þó að þeirra sé ekki sérstaklega getið í þessu frv., sem eru algerlega af sama toga spunnar og eru uppbótagreiðslur alveg eins og þessar. Ég skal nefna m. a. nokkrar greiðslur, sem nú eiga sér stað.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því að greiða til sérstakrar fiskverðshækkunar 100 millj. kr., og samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því að greiða í svonefnt hagræðingarfé til frystihúsanna og fiskiðnaðarins 80 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir samkv. þessu frv. að leggja fram fé til verðtryggingar til þess að mæta verðfallinu, sem frystihúsin verða fyrir, gert ráð fyrir því að leggja fram 140 millj. kr., en það er aðeins áætlunarupphæð, vegna þess að í frv. er beinlínis gengið út frá því, hvernig á að reikna verðlækkunina, og samkv. frv. er ríkissjóður skuldbundinn til þess að borga alla verðlækkunina, þó að hún fari langt yfir 140 millj. kr. Og þá þarf vitanlega bara að bæta við fé. Ef t. d. er miðað við þá áætlun, sem frystihúsamenn hafa gert, sem þeir telja sé líklegast að megi búast við um verðlækkun á yfirstandandi ári, reikna þeir með því, að verðlækkunin verði 20%. Hvað yrðu þá ábyrgðir ríkissjóðs miklar samkv. því? Ekki undir 180 millj. kr. miðað við það framleiðslumagn, sem hér gæti komið til greina eða hefur verið nú síðustu árin. Þá mundu þessar 140 millj. ekki duga. Sannleikurinn er sá, að 140 millj. kr. mundu samkv. ákvæðum þessa frv. ekki duga til þess að standa undir meiri verðlækkun en þeirri, sem fyrir lá, að orðin var um áramótin s. l., eða rétt um 12% : 11.8%. En síðan hefur verðið lækkað talsvert mikið. Auðvitað veit maður ekki um það, hvernig þessi verðlækkun kemur til með að standa á frosna fiskinum allt árið 1967. En þeir, sem þar þekkja bezt til, hafa reiknað með því, að verðlækkunin yrði ekki undir 20%, og þá yrði hér um að ræða greiðslur samkv. þessu frv., sem ríkissjóður væri skuldbundinn að standa við, upp á 180 millj. kr. Til viðbótar við þessar fjárhæðir er svo um raunverulegar styrkjagreiðslur að ræða til togaranna gegnum aflatryggingasjóð og á annan veg frá ríkinu, þannig að það er ekki hægt að reikna þar með minna en 50—60 millj. kr. Ef reiknað er eftir sömu reglum og gert var hér á uppbótatímanum fyrir viðreisn, á vitanlega að taka hér einnig inn í uppbótakerfið allar vátryggingagreiðslurnar, eins og þær voru teknar þá, þó að sérstakt innheimtukerfi sé nú byggt upp til þess að afla tekna í þetta vátryggingakerfi. En þar er um að ræða greiðslu á hverju ári, sem mun fara nokkuð yfir 200 millj. kr.

Ég held því, að beinar greiðslur til sjávarútvegsins, sem flokkast verða undir uppbótakerfi eða millifærslukerfi eða hvað menn vilja kalla það, á hliðstæðan hátt og áður var, verði ekki undir 600 millj. kr. á árinu 1967. Til viðbótar við þetta koma svo allar almennar niðurgreiðslur á vöruverði og útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir, svo að upphæðin, sem fer í millifærslukerfið, er ekki orðin neitt smáræði. Og það, sem hefur verið að gerast í þessum efnum, er þetta: Ár frá ári þarf að bæta við þetta kerfi, þarf að auka við það með ýmsum hætti, og þessi er þá útkoman hjá mönnunum, sem ætluðu að bjarga þjóðinni undan uppbótakerfinu. En menn hafa nú ýmsa tilburði í frammi til þess að reyna að dylja þetta, telja þetta ekki allt saman fram, og þar undir má flokka skilgreiningu þá, sem hér kom fram hjá hæstv. fjmrh. um mismunandi leiðir til fjáröflunar í sambandi við hinar einstöku greinar þessa frv. Fyrst setur hann upp dæmið og segir: Það þurfti auðvitað að afla fjár til þess að standa undir greiðslunum á þessum 100 millj., sem áttu að fara í það að hækka fiskverðið til bátanna. Þar er um beina greiðslu að ræða, hrein útgjöld. Og af því varð að fara þá leið að lækka framkvæmdafé ríkissjóðs um 65 millj. kr. og tekjur bæjar- og sveitarfélaga í landinu um 20 millj. kr., samtals 85 millj. kr., og svo voru eftir 15 millj. kr., sem ekki notuðust nú alveg upp hjá ríkisábyrgðasjóði, og þannig fengust þessar 100 millj. Aftur á móti, segir hæstv. fjmrh., á að gilda allt annað um verðtrygginguna á afurðaverðinu. Til þess þurfti ekki að afla fjár með sama hætti, vegna þess að þar er raunverulega verið að mynda sérstakan sjóð, þar er raunverulega verið að mynda sérstakan verðjöfnunarsjóð, eða stefnt er að því. En þetta er algerlega rangtúlkun bæði á frv., eins og það er orðað, og þeim samningi, sem gerður hefur verið við frystihúsamenn. Sannleikurinn er sá, að greiðslurnar vegna verð-

fallsins á afurðunum á að greiða framleiðendunum beint út úr þessum sjóði og þær eru óendurkræfar. Þeir, sem hafa fengið þessar greiðslur vegna verðfallsins, hafa fengið þetta fé í sinn kassa og eru alls ekki skyldugir til þess að skila því aftur, ekki frekar en hinir, sem fá hækkað fiskverð. Hér er um beinar, óafturkræfar greiðslur að ræða. Á ákveðnu stigi samninganna á milli fulltrúa ríkisstj. og fulltrúa frystihúsanna reyndi ríkisstj. að hafa þetta á hinn veginn. Hún kom fram með till. um það, að hún legði fram 130 millj. kr. í sérstakan verðjöfnunarsjóð og sjóðurinn ætti þessa peninga, og ef greitt yrði úr sjóðnum til þeirra, sem yrðu fyrir verðfallinu, ætti sjóðurinn áfram peningana og það yrði að skila honum þessum peningum aftur síðar, m. a. af hækkandi útflutningsverði á afurðum, þegar það kæmi til. En þessu neituðu frystihúsamenn alveg þverlega og sögðust aldrei semja upp á þessi býti. Þeir sögðu alveg skýrt og skorinort: Verði verðfall, fáum við okkar greiðslu, sem er endanleg greiðsla, og þar með búið. — Þeir gengu hins vegar inn á það, að ef ekkert verðfall yrði, þyrfti ekki heldur að greiða neitt. En það er vegna þess, að menn reikna núna með því, að það verði verðfall. Allt útlit er á því. Og þannig standa málin núna. Þá verða menn vitanlega að áætla upphæðina, og ég hef ekkert við það að athuga fyrir mitt leyti, að hæstv. ríkisstj. áætli þessa upphæð 140 millj. kr. eða gangi út frá því, að verðfallið muni nema kringum 12%. Það getur vissulega orðið minna, og það gæti líka orðið meira. Þetta er áætlunarupphæð, og það er líka réttmætt að tala um það, að það gæti orðið hugsanlega einhver afgangur af þessum 140 millj., af því að verðfallið væri ekki svona mikið, og þá ætti sá afgangur að verða stofnsjóður að væntanlegum verðjöfnunarsjóði, ef hann verður þá myndaður. En það er vitanlega algerlega rangt, þegar hæstv. fjmrh. reynir að túlka þetta á þann veg hér fyrir þinginu, að þessar 140 millj., séu raunverulegur stofnsjóður, þetta sé stofnfé að ákveðnum sjóði. Það er beinlínis verið að gera ráð fyrir því, að það þurfi að greiða út þetta fé vegna verðlækkunar, sem menn vita af nú í dag. Það er því enginn munur á þessari greiðslu og greiðslunni vegna fiskverðsins. Og þegar hæstv. fjmrh. gengur inn á það eða þeir sérfræðingar, sem hann hefur sér við hlið, að það megi taka þessar 140 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1966, mátti vitanlega alveg nákvæmlega á sama hátt taka þær 65 millj., sem nú á að taka af framkvæmdafé ríkisins vegna fiskverðsins, af greiðsluafgangi ríkissjóðs á árinu 1966, og það mátti líka taka þær 20 millj., sem nú á að taka frá sveitarfélögunum, það mátti vitanlega taka þá upphæð líka á sama hátt af greiðsluafgangi ríkissjóðs á árinu 1966. Hér er alveg greinilega um falsrök að ræða. En hitt mun vera sönnu nær, að þær 400—500 millj., sem hæstv. fjmrh. er með í kassanum hjá sér líklega enn sem afgang frá árinu 1966, að þar eru nokkuð langir fingur, sem eru að krækja utan um þessar fjárhæðir hjá honum og vilja fá þær, og þeir, sem ráða málum í Seðlabankanum og virðast ráða æðimikið yfir ríkissjóði líka, þeir segja: Þessa upphæð ætla ég að fá. — Þeir eru búnir að taka þetta frá, það virðist vera svo, að hæstv. ríkisstj. ráði ekki sjálf yfir þessari upphæð lengur. En hið rétta er auðvitað það, að ríkissjóður oftók á árinu 1966, hann tók of miklar tekjur inn á því ári, miðað við sínar þarfir. Hann varð því þess valdandi á árinu 1966, að verðlag í landinu hækkaði meira en það þurfti að hækka, og af því átti hann vitanlega að skila þessari fjárhæð til baka til þeirra, sem stóðu varnarlausir fyrir verðhækkunaröldunni, sem yfir skall. Það voru einmitt útflytjendur. Það var það réttmætasta að skila þessari upphæð til þeirra. Hún átti ekki að fara í Seðlabankann, það er alrangt. Hann þurfti ekki á þessu fé að halda. En hitt virðist nú vera sjónarmið hæstv. ríkisstj., að plokka heldur af því fé, sem búið er fyrir nokkrum mánuðum að ákveða að átti að fara til opinberra framkvæmda, og kroppa svolitið af því fé, sem átti að fara til sveitarfélaganna í landinu, heldur en að taka þessa fjárhæð af þeim greiðsluafgangi, sem fyrir lá og var vissulega til ráðstöfunar.

Ég verð svo að lýsa yfir þeirri undrun minni, að hæstv. fjmrh. skuli enn halda hér fyrir Alþ. upplýsingum um það, hver var raunverulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði á s. l. ári. Ég efast ekkert um það, að hann hefur þessar upplýsingar, a. m. k. svo nákvæmar, að þær séu frambærilegar hér á hv. Alþ. Þeir, sem stjórna Seðlabankanum, eru búnir að gera svo upp allt heila ríkisbúið, að þeir geta sagt nokkurn veginn — og hafa birt um það tölur í blöðum, hver sé afkoma þjóðarbúsins í heild á árinu, og þá efast ég ekkert um það, að hæstv. fjmrh. getur lesið það út úr bókhaldi ríkisins, hver muni verða nokkurn veginn greiðsluafgangurinn hjá ríkissjóði á árinu 1966, enda virtist hæstv. utanrrh., form. Alþfl., vita þetta nokkurn veginn, þegar hann var að tala við blaðamenn í sjónvarpi hér fyrir nokkru. Það kom svolitið á hæstv. ráðh., þegar um þetta var talað, og sagði hann, að það væri nú kannske ekki búið að skýra frá þessu annars staðar, en að það væri ekkert með það, að það væri á milli 400 og 500 millj. kr., sagði hann. Ég álít, að ekki sízt þegar slíkt mál sem þetta liggur hér fyrir til afgreiðslu á Alþ. og um það er einnig að ræða að ráðstafa m. a. 140 millj. kr. af greiðsluafgangi s. l. árs, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, en manni er jafnhliða sagt, að það sé ekki hægt að taka af þessum greiðsluafgangi til viðbótar 85 millj. kr., af því að þær séu ekki til, þá álít ég, að það hvíli á hæstv. fjmrh. sú skylda að skýra Alþ. frá því, hver þessi greiðsluafgangur var. Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. sagði hér, eins og haft var eftir honum í Ed., að að svo komnu máli vildi hann ekki skýra Alþ. frá

þessu, því að þetta lægi ekki svo algerlega fyrir, en Alþ. yrði skýrt frá þessu innan tíðar. Hvers vegna að vera að dylja fyrir Alþingi þessar staðreyndir, þegar nauðsynlegt er einmitt fyrir Alþingi að fá að vita um þetta mál? Þetta tel ég mjög óviðeigandi, og ég vil því vænta þess, að hæstv. ráðh. skýri hér frá því, hver er talinn muni verða greiðsluafgangurinn hjá ríkissjóði á árinu 1966.

Það er svo út af fyrir sig táknrænt um stefnu hæstv. ríkisstj., að þegar hana vantar nú 85 millj. kr., skuli hún grípa til þess að skera niður fjárframlög til verklegra framkvæmda á vegum opinberra aðila. Sjálf hefur þó ríkisstj. viðurkennt það í skýrslum, að á undanförnum árum hefur einmitt borið á því, að sá þáttur framkvæmdanna í landinu, sem er tengdur við opinbera aðila, þ. e. a. s. ríki og sveitarfélög, hefur fremur farið minnkandi, hlutfallslega miðað við heildarfjármunamyndun í landinu, en þeir þættirnir, sem eru á valdi einstaklinga og hlutafélaga og annarra slíkra aðila, hafa aftur jafnt og þétt farið vaxandi. Einmitt þegar þetta liggur fyrir, sér ríkisstj. ástæðu til þess að skera niður framlög til verklegra framkvæmda hjá þessum aðilum, hjá hinum opinberu aðilum, en gerir engar ráðstafanir til þess að draga úr fjárfestingunni hjá öðrum, engar.

Í sambandi við þetta mál er svo vikið að því, að ríkisstj. hugsi sér að láta taka til sérstakrar endurskoðunar uppbyggingu hraðfrystiiðnaðarins í landinu, og það er kunnugt, að fulltrúar ríkisstj. í samningum við frystihúsaeigendur, þeir Jóhannes Nordal og Jónas Haralz, hafa sent frá sér hugmyndir um það, hvað fyrir þeim vaki í þessum efnum, og það, sem þeir telja m. a. brýnast, var m. a. þetta, — það var fyrsti punkturinn í því, hvað gera skyldi. Fyrsti punkturinn í því, hvað gera skyldi varðandi frystiiðnaðinn í landinu við endurskipulagninguna, hann hljóðaði þannig: Að finna lausn á þeim vandamálum, sem stafa af of mikilli framleiðslugetu í hraðfrystiiðnaðinum. Þar lá aðalvandinn í, að við eigum orðið frystihús, sem geta framleitt allt of mikið. Næsti punktur hljóðaði á þessa leið: Unnið verði að sameiningu frystihúsa, þar sem það þykir henta, en annars staðar verði óarðbær og illa staðsett hús lögð niður. Það er ekkert um að villast, að það, sem þessum mönnum kemur fyrst til hugar, er að draga verulega úr framleiðslugetu frystihúsanna í landinu og leggja talsvert af frystihúsum niður. Ég er á nokkuð annarri skoðun í þessum efnum. Ég held hins vegar, að það væri mikil þörf á því beinlínis að auka afkastagetu frystihúsanna víða á landinu. En ég skal játa það, að að óbreyttum öllum aðstæðum er vitanlega ekki þörf á öllum þessum frystihúsum, ef svo á að halda áfram, að togaraflotinn verði látinn eyðast að fullu og öllu, a. m. k. fyrir íslenzkan fiskiðnað. Og ef bátaflotinn verður látinn ganga saman, sá bátafloti, sem þjónar fyrst og fremst fiskiðnaðinum, eins og hann hefur gengið saman á undanförnum árum, og starfstími bátanna verður látinn styttast jafnt og þétt, eins og hann hefur verið að styttast, þá höfum við auðvitað ekkert við fleiri frystihús að gera, þá má eflaust fara að loka einu og einu, og þá, held ég, að þau lokist eitt og eitt eða hvert af öðru af sjálfu sér. En mín skoðun er sú, að það sé hægt að nýta okkar frystihús miklu betur en gert er, ef rétt er staðið að málunum og ef ríkisvaldið vildi beita áhrifum sínum til þess að gera það kleift. Ég held, að við eigum að vinna að því að stórauka togaraútgerð okkar og alveg sérstaklega með það fyrir augum, að sá togarafloti geti lagt á land heilfrystan fisk til endurvinnslu í frystihúsum landsins, en það mundi síðan skapa frystihúsunum allt aðra rekstrarmöguleika en þau hafa haft. Slík vinnsla sem þessi er þegar byrjuð hér í löndunum í kringum okkur, eins og t. d. í Noregi, og það er enginn vafi á því, að þessi vinnsla á mikla framtíð. Það hefur þegar tekizt alveg að leysa þann tæknilega vanda, sem við þetta er bundinn í sambandi við gæði vörunnar, en það tekur vitanlega nokkurn tíma að byggja upp þessa vinnslu að nýju, og það þarf talsvert fjármagn til þess, og þegar við hverfum að því, þurfum við sannarlega á öllum þeim afköstum að halda, sem við höfum í frystihúsum landsins nú í dag. Ég held líka, að það muni reynast mönnum heldur erfitt að ætla að sameina mörg frystihús í landinu, sem nú eru auðvitað smá og dreifð, vegna þess að fiskverin við landið eru smá og dreifð, sjórinn er sóttur af fiskimönnum allt í kringum landið og það þarf því óhjákvæmilega á mörgum vinnslustöðvum að halda.

Hitt er svo annað mál, að það er ekki nema eðlilegt, að í fiskiðnaði okkar í öllu því skipulagsleysi, sem ríkt hefur í okkar framkvæmdum, hafi orðið alls konar misvöxtur á undanförnum árum og að við hafa risið upp fiskverkunarstöðvar, sem ekki eiga rétt á sér til frambúðar. Slíkt getur vitanlega átt sér stað og hefur átt sér stað. En það er ekkert aðalatriði varðandi þau vandamál, sem þessi iðnaður á nú við að stríða. Það er enginn vafi á því, að frystiiðnaður okkar Íslendinga er eini iðnaðurinn, sem hér er rekinn, sem er fullkomlega samkeppnisfær við hliðstæðan iðnað í nágrannalöndum okkar. Allt fram til þessa er ekkert um það að villast, að frystiiðnaðurinn á Íslandi hefur staðið mun framar en frystiiðnaðurinn í Noregi. Það var eina grein sjávarframleiðslunnar, þar sem við vorum verulega fremri en Norðmenn. Við framleiddum árlega mun meira magn af frystum fiski en þeir, en þeir framleiddu tvöfalt magn á við okkur bæði af saltfiski, skreið og saltsíld og annarri sjávarvöru, en af frosnum fiski stóðum við þeim fremri, og þeir sendu menn hingað til Íslands til þess að kynna sér uppbygginguna hjá okkur, og það er enginn vafi, að við höfðum í þessum efnum forskot á margan hátt. En þrátt fyrir þetta vil ég ekki draga úr því, að það sé þörf á því áfram hjá okkur, eins og verið hefur, að betrumbæta margt í

rekstri frystiiðnaðar okkar. Á því er mikil þörf. En það sýnir að mínum dómi skammsýni ráðunauta ríkisstj. að vilja fyrst grípa til þess, þegar erfiðleikar steðja að frystiiðnaðinum, að minnka afköst frystiiðnaðarins í landinu.

Í sambandi við endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins er svo talað mikið um verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, og menn tala um þennan verðjöfnunarsjóð, sem þeir eru að draga upp í huga sér, sem eitthvert allsherjar hjálpræði. Og menn segja ákaflega fallega: Ef við hefðum svona verðjöfnunarsjóð, gæti hann tekið af allar þessar óþægilegu verðsveiflur, sem átt hafa sér stað t. d. á undanförnum árum í okkar útflutningsframleiðslu. — En hvað meina menn í rauninni með þessu? Þeir hljóta að meina það, að þegar verðlagið t. d. á frosnum fiski fer hækkandi á erlendum mörkuðum, ætla þeir sér að taka nokkurn hluta af þessari verðhækkun og leggja til hliðar, láta hann ekki ganga út í fiskverðið, láta hann ekki ganga til sjómannanna. En alveg óumdeilanlega eiga fiskvinnslumenn og fisköflunarmenn í landinu þessa peninga, sem fengizt hafa fyrir afurðirnar á erlendum vettvangi gegnum hækkað verð. Út af fyrir sig er vel hægt að hugsa sér þessa aðferð, að nokkur hluti af verðhækkuninni sé lagður í sérstakan sjóð, en þá verður vitanlega að setja um það sterkar reglur, að þessi sjóður komi sömu aðilum að notum, þegar á þarf að halda, og hann verði fullkomlega undir stjórn þeirra, sem hann eiga. Það mun ekki reynast neitt léttaverk að ætla að taka nokkurn hluta af útflutningsverðinu, sem eftir allri okkar uppbyggingu í okkar sjávarútvegi er að hálfu leyti eign sjómannanna í landinu, að taka þessa upphæð af þeim. Þeir munu reyna að sjá um það í gegnum sín samtök, að þessi hluti verði ekki tekinn, að hann verði í mesta lagi geymdur og að hann komi réttum aðilum að gagni, þótt síðar verði.

Það kemur líka fljótt í ljós, þegar þessi mál eru rædd við sérfræðinga ríkisstj., að það er ekki í rauninni þetta, sem þeir meina. Það, sem þeir greinilega meina er það, að þeir vilja halda enn lengra áfram á þeirri braut, sem þeir hafa þegar komizt inn á, illu heilli, að skattleggja vissar greinar framleiðslunnar til stuðnings við aðrar greinar hennar. Núna er það kerfi í gangi, að útfluttar síldarafurðir eru skattlagðar stórkostlega umfram aðrar útfluttar sjávarafurðir, þessi skattlagning er tekin í ákveðinn sjóð og honum ráðstafað til greiðslu til allt annarra framleiðslugreina. Á þennan hátt er verið að snuða bæði síldarsjómenn og síldarútgerðarmenn í gegnum þetta kerfi, og það er það, sem vakir fyrir þessum verðjöfnunarsjóðsmönnum nú, það er að geta raunverulega á einn eða annan hátt látið vissa þætti sjávarútvegsins standa undir vandamálum annarra þátta. Menn hafa að vísu sagt, þegar farið var að ræða þessi mál frekar, að þeir ætluðust til þess, að hinar einstöku framleiðslugreinar hefðu sína sérdeild í sjóðnum, en svo mættu bara deildirnar lána hver annarri eftir þörfum. Þetta kerfi þekkjum við alveg nákvæmlega frá aflatryggingasjóði og vitum, hvernig það hefur gefizt. Þetta er bara leið til þess að færa yfir á milli framleiðslugreinanna, og þetta er það þægilega kerfi, sem sumir efnahagssérfræðingar okkar hugsa sér að byggja hér upp, að ef sem sagt gengur illa með rekstur togaranna í landinu, m. a. vegna rangrar efnahagsstefnu, þá á að segja annaðhvort við smábátamenn eða frystihúsamenn, ef það gengur aðeins betur hjá þeim: Nú stýfum við þennan litla hagnað, sem getur komið út hjá ykkur, tökum hann af ykkur og færum hann yfir til togaranna. — Þar með er málið leyst. En með slíku útjöfnunarkerfi, miðað við uppbyggingu atvinnulífsins, eins og það er á Íslandi nú í dag, þá mundu menn fljótlega kála íslenzkum sjávarútvegi algerlega, það yrðu ekki margir, sem tækju þátt í honum, miðað við þá áhættu, sem í honum er núna, ef slíkt kerfi yrði byggt upp. Ef ætti að hverfa að því að byggja upp verðjöfnunarsjóð til þess að miðla nokkuð á milli, þegar verðið er tiltölulega hagstætt á erlendum mörkuðum, og á hinum tímanum, þegar verðið er óhagstætt, yrðu þessir verðjöfnunarsjóðir raunverulega að vera margir og sjálfstæðir og undir stjórn þeirra, sem þar eiga hlut að máli. En hvernig haldið þið, að þessum sjóði yrði stjórnað, ef það yrði búið til eitt svona samsull hér? Hver halda menn, að yrði formaðurinn? Hver er formaðurinn í flestum peningastofnunum í landinu, flestum sjóðum, sem nú eru settir á fót? Ætli menn fari ekki nokkuð nærri um það, hver það er, og ætli menn fari ekki nokkuð nærri um það, hverjir mundu stjórna þessum sjóði, ef honum yrði komið upp?

Nei, það er mikill misskilningur, að þær verðhækkanir, sem hafa orðið á undanförnum árum, t. d. á frosnum fiski og saltfiski, að þær verðhækkanir, sem orðið hafa á þessum árum, hafi verið bölvaldurinn í íslenzkum efnahagsmálum undanfarin ár. Nú eru hér til menn, sem segja, að vegna þess að þessar miklu verðhækkanir komu til og vegna þess að þær fengu að fara út í hagkerfið og hækka fiskverðið of mikið og stóðu undir of mikilli kauphækkun, þar frá stafi öll ólukkan. Svona liggur þetta ekki. Vandinn stafar ekki af þessum ástæðum. Vandinn hefur stafað af þeirri stefnu, sem hefur verið látin viðgangast í íslenzkum efnahagsmálum eða beinlínis framkvæmd að yfirlögðu ráði í sumum tilfellum hér innanlands á undanförnum árum. Nú hefur það sem sagt heitið viðskipta- og verzlunarfrelsi, að margir þeir aðilar, sem ráða yfir verðmyndunarkerfinu í landinu í gegnum sölu á vörum og þjónustu og ekki síður þjónustu, hafa mátt verðleggja eftir eigin vild, og vegna þess hefur verðlagið í landinu m. a. stórhækkað umfram það, sem þurft hefði, og vegna hinnar almennu fjármálastefnu ríkisstj. Það er ekki verðhækkunin á

útflutningsvörum þjóðarinnar, sem hér hefur verið bölvaldurinn.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. verði að gera sér grein fyrir því, að sá vandi, sem nú steðjar að íslenzkum sjávarútvegi, stafar af allt öðru en verðlækkunum á frosnum fiski, sem menn reikna með að muni skella á á þessu ári, og af því leiðir, að ríkisstj. hlýtur að verða að gera sér grein fyrir því, að ráðstafanir af því tagi, sem felast í þessu frv., geta vitanlega ekki dugað nema í stuttan tíma, þær bjarga aðeins í stuttan tíma. Það kann að vera, að ráðstafanir í þessa átt bjargi því m. a. fram yfir kosningar á næsta sumri, að meginhluti framleiðslunnar haldi áfram. Ég held þó fyrir mitt leyti, að það sé enginn vafi á því, að þó að togaraútgerð okkar fái þær krónur, sem henni eru ætlaðar samkv. þessu frv., þá taki hún ekkert að hjarna við þrátt fyrir það. Og ég býst líka við því, að það verði ósköp svipað með bátaútveginn í landinu. Hann verður að vísu gerður út á þessari vertíð, eða a. m. k. yfir þá mánuði, sem mest aflast. Hins vegar býst ég við því, að þeir hætti nú næstum að segja allir með vorinu, sem hætt geta. Þeir hafa ekki meiri áhuga á útgerð en svo, miðað við þann rekstrargrundvöll, sem bátaútvegurinn býr við, og ég óttast því, að það geti farið svo, miðað við þessar ráðstafanir, að afkoma fiskiiðnaðarins í landinu á árinu verði tiltölulega léleg. En þetta kann nú samt að drasla fram yfir kosningar. En hvað gerist svo? Hvað gerist svo, eftir að málin eru komin á þann veg, sem allir vita? Hvernig hugsar hæstv. ríkisstj. sér að halda áfram? Hún vill kannske afgreiða það mál á þann hátt, að um það þurfi hún ekkert að segja nú fyrir kosningar, það megi gera það mál upp síðar.

Það er auðvitað býsna flókið mál að ætla að tilgreina það nákvæmlega, hvað skuli gera til viðréttingar íslenzkum sjávarútvegi í öllum greinum. En á því leikur enginn vafi að mínum dómi, að það, sem fyrst þarf að gera af öllu, það er að viðurkenna þá staðreynd, að sú meginstefna, sem ríkt hefur í efnahagsmálum okkar að undanförnu, fær ekki staðizt lengur, þar þarf að verða breyting á. Stefnan t. d. í vaxtamálum og lánveitingamálum til framleiðsluatvinnuveganna er alröng, og þeir, sem ráða ríkisfjármálunum, verða að gera sér grein fyrir því, að þeir mega ekki stuðla að hækkandi verðlagi í landinu nema þá til fulls samræmis við það, sem útflutningsatvinnuvegirnir þola. Þeir eiga ekki að hafa svo þröng sjónarmið, að þeir segi með einhverjum einstefnuakstri: Ríkiskassinn þarf á meiru að halda, því næ ég í þessar tekjur, hverjar sem afleiðingarnar kunna að verða varðandi verðlagsmyndunina í landinu og hvaða afleiðingar, sem af þessu verða svo fyrir útflutningsframleiðsluna. — Þeir, sem stjórna fjármálum ríkisins, eða viðkomandi ríkisstj. verður að miða rekstur ríkisbúsins við það, að hann valdi ekki útflutningsatvinnuvegunum þeim þyngslum, sem þeir fá ekki undir risið. Það þarf m. ö. o. að gera ráðstafanir til þess að reyna að halda verðlaginu innanlands sem mest í skefjum, og það tel ég fyrir mitt leyti, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki gert á undanförnum árum. Og þó að hún hafi gripið til þess nú að fyrirskipa verðstöðvun, held ég fyrir mitt leyti, að þó að slík verðstöðvun sé góðra gjalda verð, á meðan hún stendur, hvíli sú verðstöðvun nú á brauðfótum, hún fái ekki staðizt til lengdar. Það þarf nefnilega að gera ýmsar aðrar ráðstafanir með verðstöðvun, sem gera hana raunverulega, þannig að hún fái staðizt, en það hefur ekki verið gert.

Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta mál hér við 1. umr. Það gefast eflaust tækifæri til þess að ræða hér einstakar greinar þessa frv. nánar, þegar það kemur úr nefnd.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal, eins og ég sagði, ekki gefa sérstakt tilefni til framhaldsumræðna um málið. Það stendur þannig á, að ýmsir þm. eru vant við látnir, sem þó hefðu jafnvel óskað að vera viðstaddir þessar umr. Ég get þó ekki látið hjá líða að minna á örfá atriði og þá sérstaklega í ræðu hv. 5. þm. Austf. (LJós), sem eðlilegt er að mínu viti að leiðrétt séu, áður en málið fer til nefndar.

Í fyrsta lagi vil ég leiðrétta þann misskilning, sem af orðum hans hefði mátt ráða, að hann taldi með í uppbótaupptalningu sinni hér áðan, sem hann taldi nú vera eitt merki um það, hve afvega ríkisstj. væri komin af sinni upphaflegu stefnu, að inni í þessum uppbótum taldi hann tryggingagjöldin til vélbáta. Ég vil minna á það, sem ég veit að hv. þm. veit líka, eða það a. m. k. mátti skilja það af ræðu hans, að hann teldi þau barna með. Þetta eru gjöld, sem útvegurinn sjálfur greiðir, og eru því ekki gjöld þess opinbera í þeim skilningi, að það geti talizt uppbætur af hálfu ríkisins.

Þá taldi hann, að ég hefði í framsöguræðu minni hér áðan lagt á það áherzlu, að sá vandi, sem hér er við að etja, lægi allur í því, að orðið hefði verðlækkun á allra síðustu mánuðum ársins, eins og hann orðaði það. Þetta er ekki rétt eftir haft. Ég sagði hins vegar það, sem ég skal lesa hér upp aftur, af því að ég hafði mína framsöguræðu skrifaða, þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Hér hefði þó ekki verið um það vandamál að ræða, sem iðnaðinum sjálfum hefði ekki verið viðráðanlegt, ef hið mikla erlenda verðfall hefði ekki komið til sögunnar.“ Síðan lýsti ég því, að önnur atriði kæmu hér til greina, sem væru meðverkandi, og ég tel rétt, að þetta komi nú fram.

Annað atriði, sem hv. þm. minnti á og hv. 4. þm. Reykn. hafði einnig orð á í sinni ræðu, sem voru fullyrðingar frá umr., sem fóru fram í Sþ. hér á dögunum um það, að ekkert hefði verið gert, ekkert hefði verið hugsað fyrir framkvæmdum á neinum af tillögum vélbátaútgerðarnefndar, og því til stuðnings var bent á það sama atriði, sem bent var á í hv. Ed. undir umræðum um þetta mál þar, þar var sérstök

áherzla lögð á það, að tillaga vélbátaútgerðarnefndar nr. 3, sem er svo, með leyfi hv. forseta: „Nefndin mælir með því, að fram verði látin fara sérstök athugun á erfiðleikum þeirra útgerðarfyrirtækja, sem sitja uppi með dýran síldveiðiútbúnað, en geta ekki haft not af honum, eins og síldveiðum er nú háttað," — réttilega var frá því skýrt, að hér væri fyrst og fremst átt við minni vélbátana hér sunnan- og suðvestanlands. Nefndin leggur sem sagt til, að fram verði látin fara athugun á því, hvað bætur í þessum efnum þyrftu að vera miklar. Það, sem rn. hefur í þessum efnum gert, er nákvæmlega eftir fyrirsögn nefndarinnar. Hún hefur falið Fiskifélaginu að gera þessar athuganir. Ef þetta er eina ásökunin um slæma framkvæmd á tillögum vélbátaútgerðarnefndar, þá uni ég glaður við það. Ég segi, ég uni glaður við það, ef ásakanir eru ekki aðrar, því að ég hef þá reynslu af Fiskifélaginu og veit, að hv. þm. sem forveri minn í þessu starfi hér veit það einnig, að þeim er vel treystandi til að leysa þetta verkefni, þá athugun, sem nefndin lagði til, vel og drengilega af hendi. En hv. þm. vék einnig að því, og stöðvaðist þá við niðurstöður nefndarinnar um ástandið í fiskverðsmálunum árið 1965, hann valdi það ár sérstaklega og taldi sem rétt er, að nefndin hefði álitið, að fiskverðið þyrfti að vera 18% hærra en það var þá, og samkv. samanburði nefndarinnar taldi hann, að staða þess báts, sem nefndin vitnar til, það er 72 rúml. bátur, hefði verið 13% lakari en hún var 1962. Hins vegar hljóp þm. yfir það, að verulegur ávinningur varð til bóta í þessa átt á næsta ári á eftir, þ. e. a. s. árið 1966. En í byrjun þess árs var með sama hætti reiknað. Sá halli, sem þá á að vera á stöðu bátsins, er um 7.64% og hefur því batnað um nálega helming á þessu tímabili. Þetta vildi ég einnig, að kæmi fram, því að það er að vísu rétt, þarna er dálítið bil óbrúað enn, en hefur verulega unnizt í bataátt með þeirri breytingu, sem þarna hefur á orðið, og þrátt fyrir þær verðlækkanir, sem orðið hafa á erlendum mörkuðum.

Hv. þm. segir, að 1958 hafi verið ágætt ár fyrir togaraútgerðina og hún hafi þá staðið í miklum blóma. Ekki man ég nú nákvæmlega, hvenær það útgerðarfyrirtæki, sem hv. þm. er skyldastur, hætti sinni togaraútgerð og seldi sitt síðasta skip, en ég hygg, að það hafi verið í kringum þetta árabil, sem þarna er nefnt, þannig að jafnmiklir fjármálamenn og þeir eru nú í Neskaupstað, þá veit ég, að þeir hefðu haldið þessari útgerð áfram, ef þeir hefðu talið, að vígstaðan væri eins góð og hv. þm. vildi vera láta hér áðan. En þeir tóku það ráð, sem fleiri tóku síðan á eftir þrátt fyrir þær hagsbætur, sem áttu að felast í tvennum gengislækkkunum þarna á eftir, að leggja niður útgerð sína og hætta þeim rekstri og breyta yfir í aðrar starfsgreinar.

Enn eitt atriði, sem hv. þm. talaði hér um og mér fannst vera þyngsta ásökunin í garð hæstv. ríkisstj., en það var sú ásökun hans, að vegna kröfuhörku og frekju ríkisstj. í viðskiptamálum hefði verið glatað einum af mjög dýrmætum mörkuðum okkar, þ. e. a. s. í Tékkóslóvakíu, þ. e. a. s. kröfuhörku um að leggja niður vöruskiptaverzlunina og taka síðan upp gjaldeyrisviðskipti. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef haft, síðan þessi orð voru sögð, er mér tjáð, að hjá þremur af Austur-Evrópuþjóðunum hafi orðið alger stefnubreyting í þessum efnum að þeirra eigin vilja sjálfra, þ. e. a. s. Póllands, Rúmeníu og Tékkóslóvakíu. Og fyrirkomulagsbreyting í þessum efnum varðandi þessi lönd er komin eftir tillögum þessara landa sjálfra, sem íslenzka ríkisstj. hefur að sjálfsögðu fallizt á og íslenzk stjórnvöld eru sammála um, a. m. k. meðan þeirri stefnu er framfylgt, sem nú er í þessa átt. Það er e. t. v. ekki í mínum verkahring sérstaklega að verja álit þeirra sérfræðinganna, Jóhannesar Nordals og Jónasar Haralz, sem hv. þm. gerði að sérstöku umræðuefni hér áðan, fylgiskjal með þessu frv., þar sem hann segir, að helzti ókosturinn á og undirrót þessa vanda sé of mikil framleiðslugeta frystihúsanna. Þetta er vægast sagt hagrætt orðum og þá um leið meiningu. Ég geri ráð fyrir, að það fari ekki á milli mála, að það, sem þessir aðilar eiga við, er fyrst og fremst hin lélega nýting þeirrar framleiðslugetu, sem er fyrir í landinu, og þeim vanda er mögulegt að mæta á fleiri en þann hátt einan, sem hv. þm. lét skína í, að það yrði að leggja frystihúsin niður unnvörpum. Þarna er, eins og ég sagði áðan, vægast sagt verið að snúa út úr.

En það er önnur hlið þessa máls, sem ekki snertir hvað sízt skjólstæðinga hv. þm., og hún er fiskverðið sjálft. Það skyldi nú ekki koma við fiskverðið í landinu á hverjum tíma hin lélega nýting frystihúsanna í landinu? Að minnsta kosti voru um það mjög skýrar og skilmerkilegar yfirlýsingar frá sjómannasamtökunum á s. l. vori, að þau teldu eina af verstu undirrótum of lágs síldarverðs vera hina lélegu nýtingu á síldarbræðslunum í landinu, og sýndu fram á það með rökum, að ef þessar verksmiðjur allar væru í fullum notum, hefði þrátt fyrir óvenjulega mikla síldveiði verið aðeins um rúmlega mánaðarvinnslu að ræða fyrir allar verksmiðjurnar. Þetta töldu þeir koma illa við sig, þegar verið væri að finna út meðalafkomu síldarvinnslustöðvanna í landinu, sem það og gerir. Hið nákvæmlega sama átti sér stað hér, þegar um hraðfrystihúsin er að ræða. Og enginn, a. m. k. veit ég eða tel mig vita það um okkur báða, að hvorugur okkar vildi leggja til, enda margítrekaði þm. það í sinni ræðu, að hann teldi fiskverðið allt og lágt. En er þá ekki rétt að athuga, hvaða ástæður það eru, sem til þess liggja, og ég veit reyndar, að þær eru margar, en ein af meginástæðunum er hin lélega nýting á vinnslustöðvunum, og gildir þá það sama bæði í síldarvinnslunni og hraðfrystiiðnaðinum í landinu.

Hv. þm. sagði, að millifærsla og hugmyndir þeirra, sem mestu réðu, eins og hann sagði, um væntanlegan verðjöfnunarsjóð, mundu kála íslenzkum sjávarútvegi endanlega á skömmum tíma og hans skoðun væri sú, að ef ætti að hugsa um þessa leið að einhverju leyti, þyrftu þessir sjóðir að vera margir undir sjálfstæðri stjórn. Um þessi efni hefur engu verið slegið föstu. Það hefur aðeins verið farið fram á það, að hlutaðeigandi aðilar fengjust til viðræðna um slíkan verðjöfnunarsjóð. Og ég heyrði sem betur fer hv. þm. ekki andmæla því, að þeir gætu átt rétt á sér. Sú hugmynd, sem að baki þessu liggur, er fyrst og fremst til tryggingar þeim aðilum, sem þarna hafa átt í erfiðleikum, og verður a. m. k. á þessu stigi málsins ekki sagt, að nein undirmál séu í þeim hugmyndum.

Þá taldi þm., að komið hefði fram í umr. um þessi mál, — ég vitna nú ekki til neins sérstaklega eins í því, — að aðalrót þessara erfiðleika, sem hér væri við að etja í landinu í dag, að mér skildist, hefði verið á undanförnum árum of hátt fiskverð eða of hátt verð á afurðum okkar erlendis, það framkallaði aftur verðbólgu og launakapphlaup í landinu. Ég hef engan heyrt fullyrða það, og þvert ofan í þessa fullyrðingu sagði ég í minni framsöguræðu, að þetta væri ein meginundirstaðan undir því, að við teldumst vera með launahæstu löndum og beztu afkomu almennings samkv. skýrslum alþjóðasamtakanna. Það er tvímælalaust undirstaðan undir því, að efnahagur okkar er með þeim blóma, sem hann hefur verið hjá almenningi, hve vel hefur gengið að selja þessar afurðir okkar á erlendum markaði, en einmitt vegna þess verður áfallið, þegar fer að vindast ofan af þessu aftur, enn þá erfiðara. Almenningur óskar eðlilega eftir, að þessi þróun geti haldið áfram, og það er svolítið erfitt að verða að sætta sig við það að þurfa að stöðvast í bili, en ég talaði um það áðan í minni framsöguræðu, sem hv. 4. þm. Reykn. taldi, að ég hefði þó ekki leitazt við að sanna, að ég vonaði, að hér væri um tímabundna erfiðleika að ræða í íslenzkum sjávarútvegi, og styðst ég þar bara við reynslu sögunnar. Við höfum áður orðið að horfast í augu við það, að verðlækkun yrði á íslenzkum sjávarafurðum erlendis, og við höfum yfirstigið þessi vandamál af eigin rammleik á undanförnum árum og áratugum, og ég efast ekki um, að íslenzka þjóðin er reiðubúin til að gera það einnig nú. Þrátt fyrir og ekki sízt vegna þess góðæris, sem ríkt hefur á undanförnum árum, er almenningur betur undir það búinn að mæta tímabundnum erfiðleikum en hann var oft hér á árunum áður, þegar atvinnuleysi herjaði stóran hluta ársins.

Eitt, og það skulu vera mín lokaorð að þessu sinni, eitt fannst mér skorta á þessar ræður hv. stjórnarandstæðinga beggja. Þeir gerðu mjög ljóslega grein fyrir frá sínum sjónarhóli séð, hvað þessum till. væri áfátt, og ef til vill gæti það bjargað einhverju í bili, ef til vill stöðvaðist ekki flotinn og ef til vill mundu fiskvinnslustöðvarnar baslast fram yfir kosningar, eins og það var orðað áðan, og við fengum mjög skilmerkilega að vita, hvað þeim fannst að þessum hlutum. Hinu stendur á enn, og væntanlega kemur það fram, þegar hv. n. hefur fengið aðstöðu til að athuga einstaka liði þessa frv. betur, en það væri ástæða til þess, og hv. þm., sem báðir eiga sæti í þeirri n., sem málið fer til, fá ástæðu til að kanna einstaka liði þess betur en mér hefur kannske tekizt að útskýra hér og kanna það til hlýtar, að þeir komi þá fram með, hvaða aðrar leiðir átti að fara, hvaða aðrar leiðir komu minna við almenning en þetta frv. gerir ráð fyrir og hverjar aðrar leiðir hefðu verið þeim aðilum, sem hér er verið að rétta hönd, heillavænlegri en sú úrlausn, sem í frv. þessu felst.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð í tilefni af ræðu hæstv. sjútvmrh. og þeim aths., sem hann gerði við það, sem ég sagði.

Hann vildi ekki telja með hinum almennu uppbótagreiðslum til sjávarútvegsins þær greiðslur, sem nú ganga til hans í gegnum vátryggingakerfið, vegna þess að þar sé um að ræða tekjur, sem sjávarútvegurinn sjálfur leggi til, eða fjárhæðir, sem hann leggur sjálfur til. En vitanlega á að telja þessar greiðslur með í hinu almenna millifærslu- og uppbótakerfi, eins nú og gert var á uppbótatímabilinu áður, hvernig svo sem tekna er aflað út af fyrir sig til þessara greiðslna. Þegar uppbótakerfið, sællar minningar, var í algleymingi, átti vitanlega að leggja ýmis gjöld á beinan og óbeinan hátt á sjávarútveginn, hann slapp vitanlega ekki við álögur í ýmsu formi í gegnum sérstakan bátagjaldeyri og sérstaka tolla á ýmsum vörum, sem inn voru fluttar o. s. frv. Það var vitanlega aflað þarna allmikilla tekna, og sjávarútvegurinn varð að leggja nokkuð af þeim til líka, eins og hann hefur verið látinn leggja þessa fjárhæð til. Hér er auðvitað greinilega um uppbótakerfi að ræða eða millifærslukerfi, það er verið að taka hér af einum aðila og færa yfir til annars. Ef t. d. hver starfsgrein hefði nákvæmlega fengið sitt til baka úr þessum sjóði, það sem hún leggur í hann, hefði verið hér um allt annað mál að ræða, en þannig er þetta ekki. Það er því jafnréttmætt að telja þetta með uppbótagreiðslunum nú og það var á uppbótatímabilinu áður, að telja til þeirra nákvæmlega hliðstæðar greiðslur.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það, að hann hefði orðið við þeim tilmælum mþn., sem athugaði um afkomu bátaútgerðarinnar, sem lagði til, að sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar til þess að létta útgjöldum af bátunum vegna ýmissa tækja og útbúnaðar, sem þeir hafa þurft að kaupa sér til útgerðar, sem þeir geta ekki lengur stundað, og ráðh. segir, að hann hafi falið Fiskifélaginu að athuga þetta mál. Jú, það má vel vera, og ég efast ekkert

um, að það sé rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að hann hefur þegar framsent þetta til Fiskifélagsins. En ég miðaði aðeins við þá staðreynd, að þessi mþn. gerði sínar till. í júnímánuði 1966 og enn er ekki farið að bóla á neinum framkvæmdum í þessum efnum, nema þá að setja niður nýja n. til að athuga málið. Ég gat vitanlega ekki miðað við neitt annað en það, að enn hefur sem sagt ekkert verið gert til þess að létta þessum vanda af útgerðinni.

Þá vék hæstv. ráðh. að því, eða mér fannst, að hann vildi draga það eitthvað í efa, að afkoma togaraútgerðarinnar á Íslandi hefði verið sú, sem ég vildi vera láta á árunum 1958—1959. Þetta getur hann nú sannfært sig um með því bara að skoða reikninga frá útgerðarfyrirtækjum frá þessum tíma. Og hann hélt, að hann gæti sannað það, að þetta hefði verið á annan veg, með því að benda á, að togaraútgerðin í Neskaupstað hefði litið öðruvísi á þessi mál á þessum tíma, því að þá hefðu menn þar hætt við togaraútgerð. Það er mesti misskilningur. Einmitt á þessum árum vorum við að kaupa nýtt skip. En hitt var annað mál, að þegar kom fram á árið 1961, þóttumst við hafa séð nóg og lært nóg og seldum okkar skip og hrósuðum happi yfir að gera það, en lenda ekki í viðreisnarmyllunni með það. En sá, sem keypti af okkur, þykist hins vegar ekki hafa ástæðu til að hrósa happi. Hann fékk út af fyrir sig nýtt og glæsilegt skip, en hann hefur hins vegar þurft að tapa mikið á því síðan. Nei, hið rétta var það, að árin 1958 og 1959 voru, eins og ég sagði, hagstæð fyrir íslenzka togaraútgerð miðað við þær uppbótagreiðslur, sem þá voru í gildi til togaranna, en síðan fór að halla undan fæti mjög hjá útgerðinni, og þar til komu ekki aðeins þær ráðstafanir, sem ég minntist hér á í ræðu minni, heldur margar aðrar ráðstafanir frá hálfu ríkisstj., sem voru m. a. togaraútgerðinni mjög í óhag.

Mér dettur t. d. í hug eitt, sem rétt er að minnast á. Það er aðeins dæmi um það, hvernig má tína þetta upp, jafnóðum og manni dettur þetta í hug. Árið 1961 ákvað ríkisstj. aðra gengislækkun, og þá fann hún upp á því, sem engin ríkisstj. hefur fundið upp á fyrr, að hún ákvað að taka í ríkissjóð gróða af gengisbreytingunni upp á 150 millj. kr. Hún sagði: Öll sú verðhækkun, sem verður í krónum talið af þeim fiskbirgðum, sem liggja í landinu óseldar, skal renna í ríkissjóð. Við hirðum þá upphæð. — En t. d. togaraeigendur, sem þá voru nýbúnir að kaupa sér ný og dýr skip erlendis, þeir auðvitað stórtöpuðu á gengislækkuninni, því að skuldir þeirra jukust í íslenzkum krónum talið að sama skapi. Þeir sátu uppi með þessar auknu skuldir, en ríkiskassinn hirti þennan afgang, sem þarna kom út, og það var reyndar gert undir því fororði, að ríkissjóður hefði haft mikil útgjöld af ýmsum ríkisábyrgðum, sem menn hefðu ekki greitt, og upphæðin átti að renna í ríkisábyrgðasjóð, eins og sagt var. Þá spurðu menn: Á þá ekki þessi upphæð upp á 150 millj. kr., sem ríkinu áskotnast á þennan hátt, á þá ekki að telja það sem greiðslu útvegsmanna á þessum ábyrgðum, sem höfðu skollið á ríkinu? — Nei, nei, nei. Þið skuluð skulda eftir sem áður sömu fjárupphæðirnar og af þeim verður síðan að reikna vexti síðar meir. — Og það hefur verið gert. Þetta hefur m. a. gert það, að togarinn Maí stendur í þessari geysilega háu upphæð og verður að borga vexti af öllu saman og er ekki rekstrarhæfur í dag. En þetta var sem sagt ein af fjöldamörgum ráðstöfunum ríkisstj., sem voru útveginum í óhag, af því að þar gilti fullkomið skilningsleysi af hálfu stjórnarvaldanna.

Þá vék hæstv. sjútvmrh. að því, að hann hefði kynnt sér það, að sú stefnubreyting, sem tekin var upp á s. l. sumri í viðskiptasamningum við Pólland og Tékkóslóvakíu, hafi verið tekin upp vegna þess, að þessi lönd hafi sjálf óskað eftir þessu. Ég vil bara ráðleggja hæstv. ráðh. að líta á þau bréfaskipti, sem fram fóru á milli t. d. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og viðskmrn., og alla þá fundi, sem þar fóru fram á milli, þar sem útvegsmenn mótmæltu þessu harðlega, og það stóð lengi svo, að þeir ætluðu ekki einu sinni að taka þátt í því að hafa mann í þeirri samningan., sem átti að semja við þessi lönd, vegna þess að viðskmrn. íslenzka tilkynnti, að það ætlaði sér að taka upp kröfuna um að breyta viðskiptasamningunum á þennan hátt. Það getur vel verið út af fyrir sig, að Pólverjar og Tékkar hafi gjarnan viljað breyta til þarna, það er ekkert óhugsandi, vegna þess að viðskiptastefnan, sem rekin hefur verið við þessi lönd, hefur verið þannig, að það er í rauninni búið að gera alveg ómögulegt að halda við gömlu viðskiptastefnunni, það er þeim orðið óhagstætt af þeim ástæðum. Seinast þegar samið var við Rússa, fóru þeir líka að fitja upp á þessu. Þeir sögðu: Við erum tilbúnir að skipta um og fara yfir á frjáls gjaldeyrisviðskipti. — Ég tók þátt í þeim samningum og veit ósköp vel, hvað þar fór fram. Þar varð það ofan á, að menn skyldu ekki hverfa að þessari frjálsgjaldeyrisstefnu í samningunum við Rússa, og ríkisstj. lét undan í þeim efnum, af því að útflytjendur voru á móti því, þeir vissu, að þetta mundi verða þeim kostnaðarsamt. En þeir, sem stefndu raunverulega að því, vildu fá þessi viðskipti sem mest út úr sögunni, vildu hins vegar breyta þarna til líka. Það var vitanlega ekkert út í bláinn, að aukafundur á vegum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna nú á þessu hausti sendi frá sér mótmæli út af þessari stefnu, sem þarna var upp tekin.

Þá vildi hæstv. ráðh. láta liggja að því, að ég hefði hér hallað til orðum þeirra eða hagrætt orðum þeirra Jóhannesar Nordals og Jónasar Haralz um það, hvað þyrfti að gera í endurskipulagningarmálum hraðfrystiiðnaðarins. Ég hallaði engum orðum til, ég las ná-

kvæmlega upp orðrétt till., sem þeir hafa sett fram, dags. 23. jan. 1967, ég las upp tvo fyrstu liðina orðrétt. Þeir hljóðuðu svona, eins og ég las þá. Þar voru þeir ekki að ræða um það, að nýting frystihúsanna væri ónóg, heldur fyrst og fremst orðuðu þeir það þannig, að þeir segja bara, að það sé of mikil framleiðslugeta frystihúsanna í landinu og það þurfi því að vinna að því að leggja hús niður. Það er nú ekki tími til þess hér að fara að ræða um nýtingu á fiskvinnslustöðvum okkar eða síldarbræðslum, sem hæstv. ráðh. fór hér að minnast á, en þar fara menn að mínum dómi með svo mikla fjarstæðu, að það er furðulegt, að maður skuli þurfa að eltast við slíka fjarstæðu. Jafnvel hæstv. ráðh. fer enn að tala um, að það sé svo léleg nýting á síldarverksmiðjum okkar í landinu, að það haldi niðri síldarverðinu, og allt er fengið út með því, að menn leggja saman afköst allra síldarverksmiðja í landinu, jafnt síldarverksmiðjanna á Snæfellsnesi og Bolungarvík sem hér við Faxaflóa, Sandgerði og á öðrum slíkum stöðum, leggja saman afkastagetu allra síldarverksmiðja í landinu og finna það út, að út af fyrir sig, ef þær hefðu allar gengið af fullum krafti, hefðu þær getað unnið síldarafla landsmanna á hagkvæmari hátt en nú hefur verið gert. Ég hef svarað því stundum til, að þetta væri nákvæmlega sama fjarstæða og að segja það, að við tökum aflamagnið, sem aflakóngurinn Eggert Gíslason leggur á land á sínum báti, deilum því í heildaraflamagn landsmanna og segjum: Íslendingar þurfa ekki að hafa fleiri báta en 50, þar með búið. Hitt er allt saman umfram það, sem þörf er á.

Svona er þetta ekki, því að það er með öllu útilokað að vinna síldaraflann á þennan hátt. Hið sanna er, að það, sem hefur verið að koma fram hjá okkur og mun því miður koma fram í enn auknum mæli, er, að við verðum að skilja mikið síldarmagn eftir í sjónum, sem við hefðum getað veitt miðað við bátaflota og afkastagetu veiðimanna okkar, vegna þess að við höfum ekki á réttum stöðum verksmiðjur til þess að taka við þessum afla. Það mætti kannske nota aðeins 50 skip til þess að veiða og nota svo alla hina bátana til að flytja síld allt í kringum landið og koma henni í þær verksmiðjur, sem ekki eru í gangi, vegna þess að þær eru svo langt frá miðunum.

Menn hafa einmitt verið uppi með till. um, að það væri verið að byggja of mikið af síldarverksmiðjum á Austurlandi nú á síðustu árum, og sérfræðingar ríkisstj. draga enga dul á, að þeir hafa gert till. um það að stöðva þetta með lögum, að menn héldu áfram að byggja síldarverksmiðjur þar, en menn standa frammi fyrir því, að afkastageta síldarverksmiðjanna á Austurlandi er minni en afkastageta síldarverksmiðja t. d. hérna við Faxaflóa eða á Suðvesturlandi. En á Austurlandi, þar berst aðalaflinn að landi og þar þarf að hafa verksmiðjur til þess að vinna hann, en þó hafa sérfræðingar okkar lagt fram till. um að koma í veg fyrir með lögum, að menn byggðu þar verksmiðjur. Þeir höfðu auðvitað gert ýmsar ráðstafanir líka til þess að reyna að draga úr því, að menn keyptu sér síldarskip og byggju sig út til þess að ná í þennan mikla afla, og það veit ég, að hæstv. ráðh. hlýtur að vita, að nú er búið að gera þannig ráðstafanir af hálfu opinberra aðila, að það er í rauninni komið svo, að það geta ekki aðrir keypt sér góð síldarskip en forrík fyrirtæki. Aðrir geta það raunverulega ekki, því að það er búið að búa til slík ókjör, að það er orðið erfiðara að kaupa inn síldarskip en nokkuð annað til Íslands. Ég hef bent á það áður, aðeins sem dæmi um þetta, að þó að útvegsmaður hér geti gert samninga við byggingarstöð í Noregi um það, að hún veiti lán, sem nemur 70% af byggingarverði skipsins til 7 ára, það tekur venjulega a. m. k. eitt ár að smíða skipið, má hann ekki gera samning um það að smíða slíkt skip eða kaupa slíkt skip, nema hann komi með allan þann þriðja part, sem bankarnir hafa ákveðið, að viðkomandi kaupandi eigi að leggja fram, eða nú í kringum 6—7 millj. kr. af nýtízkuskipi, leggi alla upphæðina inn í banka, um leið og byggingarsamningurinn er undirskrifaður. Byggingarfyrirtæki úti í Noregi er ekki að heimta þessa peninga. Það samþykkir að taka við þeim bara eftir hendinni, meðan á byggingu stendur. En bankakerfið á Íslandi segir: Ef þið viljið fá leyfi til þess að mega undirskrifa svona samning, komið þið með alla peningana og leggið þá inn í bankann. Og þegar maður spyr viðskiptabankana: Hvað á þetta eiginlega að þýða? Hvað ætlið þið að gera við þessa peninga, 6—7 millj., löngu áður en þarf að borga þetta upp í byggingu bátsins? — Þá segja þeir: Seðlabankinn heimtar af okkur helminginn af þessari upphæð, sem á að liggja á bundnum reikningi hjá Seðlabankanum. Við fáum bara hinn helminginn til þess að valsa með, meðan á byggingunni stendur. — Svona reglur hafa verið settar ein eftir aðra til þess að torvelda það, að menn geti komizt í það að kaupa sér síldarskip eða önnur slík skip. Og svo kemur m. a. þetta fræga ábyrgðargjald, sem hér hefur verið minnzt á, að þegar það liggur fyrir, að jafnríkur stofnlánasjóður og fiskveiðasjóður tekur ábyrgð á því, að þetta 7 ára lán sé tekið út í Noregi, skuli borgað á réttum gjalddögum, af því að hann tekur að sér að veita hér innanlandslán í þessu skyni, þá kemur það upp, að viðskiptabanki hér, annaðhvort Landsbankinn eða Útvegsbankinn verður að koma í millihöndina, taka að sér hina formlegu ábyrgð til byggingarstöðvarinnar í Noregi, hafa á bak við sig loforð fiskveiðasjóðs. En hvað taka viðskiptabankarnir fyrir að gera þetta, sem er í rauninni ekkert nema blátt formið? 1% á ári af allri upphæðinni og næla sér þannig í um 400—500 þús. kr. upphæð á meðalfiskibát, sem nú er keyptur til landsins, fyrir hreinlega ekki neitt. Auðvitað hefur þetta ekki farið fram hjá hæstv. ríkisstj. Hún hefur vitað þetta, hún hefur horft á þetta. Hún hefur samþ. þetta. Svona

er auðvitað hægt að telja upp alveg óendanlega mikið af atriðum, sem öll sanna það, að stefna ríkisstj. á undanförnum árum hefur verið íslenzkum sjávarútvegi óhagstæð, hefur valdið sjávarútveginum auknum útgjöldum, auknum erfiðleikum. Og það er meginástæðan til þess, að svo er komið sem komið er. Verðfallið er svo til viðbótar það, sem nú er við að glíma.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það er nú ekki ástæða til þess fyrir mig að eyða mörgum orðum að því, sem kom fram í svarræðu hæstv. sjútvmrh. áðan. Ég hafði í ræðu þeirri, sem ég flutti fyrr í dag, leitazt við að færa rök að því, að meginástæðan fyrir þeim erfiðleikum, sem nú er við að stríða í sjávarútveginum, sem frv. það, sem hér er til 1. umr. í Nd., ber glöggan vott um, mætti rekja til afleiðinga sjálfrar stjórnarstefnunnar. Ég reyndi að sýna fram á, að sú óðaverðbólga, sem leitt hefur af sjálfri stjórnarstefnunni, og það skipulagsleysi, sem verið hefur í framkvæmdum í landinu, hafi orðið sjávarútveginum erfitt, en hann er í þeirri aðstöðu, að hann á erfitt með að víkja sér undan ýmsum kröfum, sem verða til við slíkt ástand. Hæstv. ráðh. reyndi ekki að koma neitt inn á kjarna þessa máls í svarræðu sinni, heldur vék hann að nokkrum aukaatriðum, sem að mestu leyti var beint til hv. 5. þm. Austf., en þó að nokkru leyti til mín.

Ég ætla að reyna í örfáum orðum að víkja að þeim atriðum, sem að mér var beint í ræðu hæstv. ráðh. Ég vil þó gjarnan ítreka áskorun til hans um að ræða þær ásakanir, sem ég hef hér flutt og fleiri um, að kjarna vandamálanna megi rekja til sjálfrar stjórnarstefnunnar. Hæstv. ráðh. vék að því, að ég hefði talið, að hann hefði ekki fært fyrir því nein rök, að þeir erfiðleikar, sem sjávarútvegurinn býr við nú, mættu teljast til tímabundinna erfiðleika, eins og hann hefur margoft staðhæft. Mér finnst, að fyrir þessari staðhæfingu skorti öll rök af hálfu ráðh. Hann vék að ýmsum atriðum í ræðu sinni, sem mér finnst, að renni stoðum undir þá skoðun mína og margra annarra, að vandamálin nú séu að ýmsu leyti erfiðari en oftast áður. Hann nefndi t. d. þá þróun, sem nú er í viðskiptalífinu, bæði í Evrópu og Ameríku, þar sem þjóðirnar eru nú að hópast í ýmiss konar tollabandalög eða fríverzlunarbandalög til þess að búa í haginn fyrir sjálfar sig og þrengja aðstöðu þeirra, sem utan við þessi bandalög standa og þurfa að selja inn á þeirra markaði. Hver svo sem skoðun okkar kann að vera á því, hvernig við Íslendingar eigum að snúast við þeim vanda, sem þarna er upp að rísa, hygg ég þó, að við getum orðið sammála um, að hér sé um mikið nýmæli að ræða, sem sjávarútvegurinn sem aðalútflutningsvegur þjóðarinnar hefur ekki staðið áður frammi fyrir. Hæstv. ráðh. lýsti því, hvernig við værum að tapa markaðinum í Englandi á frystum fiski einmitt fyrst og fremst af þessari ástæðu. Hann gaf þær upplýsingar, að á árinu 1965, held ég, að hann hafi sagt, frekar en 1966, hefði þeim fiskveiðiþjóðum, sem selja frystan fisk á Bandaríkjamarkaði í samkeppni við okkur, fjölgað úr 6 í 15. Þetta er líka nokkuð nýtt fyrir okkur, því að ég hygg, að ásetningur margra þjóða um að auka fiskveiðiflota sína og vera sjálfum sér nógar um fiskiafurðir hafi aldrei verið jafnákveðinn og nú, og við megum því búast við mjög aukinni og harðnandi samkeppni fyrir sjávarútveginn á erlendum mörkuðum. Þetta er líka nokkuð nýtt og gefur tilefni til þess að vera uggandi um framtíðarhorfur í þessum atvinnuvegi, nema alveg sé breytt um með sjálfa stjórnarstefnuna.

Hæstv. ráðh. spurði um það, hvaða aðrar leiðir kæmu til álita til lausnar þeim vandamálum, sem nú er við að stríða og frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins á að lagfæra um sinn. Flokksbræður mínir í Ed. hafa lagt til þar, að þær 85 millj. kr., sem verja á á árinu 1967 til þess að standa undir hækkuðu fiskverði, verði teknar af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1966. Ég er þeirri till. fylgjandi og mun gera hana að till. okkar framsóknarmanna í sjútvn., þegar málið kemur þangað. En það má segja, að fleiri leiðir geti komið til álita í þessu sambandi. Við höfum hér tveir hv. þm. Framsfl. lagt það til að bæta aðstöðu bátaflotans, sem nú er sannarlega mjög léleg, með því að létta af honum þeim útgjöldum, sem á hann hafa verið lögð á undanförnum árum, á valdatíma hæstv. ríkisstj. Sú till. hefur ekki fengið góðar undirtektir af hálfu hæstv. ríkisstj. Þeir ráðh., sem talað hafa í því máli af hálfu ríkisstj., hafa lýst sig andvíga því frv.

Þannig held ég, að ef vilji væri fyrir hendi og ef nægur skilningur ríkti í röðum þeirra, sem ráða málefnum landsins nú um sinn, á þörfum sjávarútvegsins, á þýðingu hans fyrir þjóðarbúið, væri hægt að fara ýmsar aðrar leiðir en þetta frv. gerir ráð fyrir til þess að rétta við hag hans.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess á þessari stundu að gera frv. frekar að umræðuefni. Það gefst tækifæri til þess bæði í hv. sjútvn. og eins þegar málið kemur hér aftur til 2. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. 5. þm. Austf. talaði um það í hálfgerðum tilsvíðingartón, að ég hefði eiginlega falið það verkefni, sem hann taldi mig hafa vanrækt, úr till. vélbátaútgerðarnefndar nýrri n., bætt einni n. við, það væru öll afrek rn. í þessum málum. Ég vil nú biðja hv. þm. um að fletta upp í sjálfu nál., sem hann hefur vitnað svo oftlega til, og sjá, hvað þar stendur. En í lok þess 3. liðar, sem ég áðan minntist á og er till. um endurskoðun á þessu efni, segir svo: „Leggur n. til, að rn. feli sérstakri n. þetta verkefni.“ Og í stað þess að kjósa þessa n. var ákveðið að fela það Fiskifélaginu, sem ég hygg, að sé sízt lakari afgreiðsla málsins.

Ég skal fúslega gangast inn á það, enda veit hv. þm. það mun betur en ég, að það hafi ekki verið 1958, heldur síðar, hann segir 1961, sem togaraútgerð í Neskaupstað lagðist niður. En án þess að ég vilji ýfa upp það stórmál, sem reynzt hefur svo viðkvæmt í umr. hér á Alþ., og ætla mér ekki að gera það, eru nú fleiri menn í landinu, sem telja sig hafa vit á togaraútgerð og vandamálum þeirrar útgerðargreinar. Þeir hafa ekki farið dult með það, þessir aðilar, að þær ráðstafanir, sem samkomulag tókst um 1958 að frumkvæði hv. þm. sem þáv. sjútvmrh., að togararnir skyldu víkja af ákveðnum veiðisvæðum, þeir telja, að þessi brottvikning þeirra af þessum veiðisvæðum hafi verið eitt alvarlegasta áfallið, sem þessi útgerð hafi fengið. Ég skal ekki leggja á það persónulegt mat, enda má sjálfsagt endalaust um það deila, hvert það tjón hefur orðið. En þessar fullyrðingar hafa menn um hönd, sem eru nánast bundnir við íslenzka togaraútgerð og hafa haft afskipti af henni, frá því að hún hóf fyrst göngu sína hér á landi, svo að það virðist nú vera, að þeir aðrir, sem kunnuga telja sig togaraútgerð, telji, að það sé ýmislegt fleira en stjórnarstefnan í landinu, sem hafi orsakað það, að miður hafi gengið í þeim efnum.

Varðandi þau orðaskipti, sem við höfðum átt, hv. þm. og ég, um nýtingu fiskvinnslustöðvanna og síldarverksmiðjanna, leyfi ég mér að benda, eins og ég gerði áðan, til fjöldamargra samþykkta sjómannasamtaka um þetta efni og nú síðast til síldarskipstjóra, sem er mjög vel látinn og mjög vel metinn maður í hópi þeirra manna og er gerkunnugur þessum málum, en það er Páll Guðmundsson, er ritar grein í sjómannablaðið Víking um þessi efni, og hann fer ekki dult með sínar skoðanir á því, af hverju hið lága síldarverð sé hér á landi.

Varðandi önnur atriði, sem hv. þm. gat um, sé ég nú ekki ástæðu til þess að taka þau hér upp aftur, enda flest af því endurtekning á því, sem áður hefur verið rætt. En í sambandi við erfiðleikana, sem þm. taldi á því að afla sér fiskibáta, það væri helzt ekki nema á valdi forríkra fyrirtækja, eins og hann sagði, þá er nú rétt að minna á það, að ekki hvað sízt hans eigið flokksblað hefur deilt hart á ríkisstj. fyrir að leyfa ótakmarkaðan innflutning á jafneinhæfum skipum og síldarflotinn sé. Það er ekki ein, heldur margar greinar, þar sem þetta mál hefur verið tekið fyrir. Ég skal ekki segja, hvort það er flokksmál ráðh. fyrrv., en þær eru að vísu undir nafni birtar, þessar greinar, en því hefur verið mjög haldið fram og ég hygg í forustugreinum blaðsins líka, að þar væri stefnt inn á mjög hættulega braut, þó að ég hafi þar aðra skoðun á. Ég tel, að þennan flota megi nota til ýmissa annarra veiða en síldveiða eingöngu og í því felist ekki hætta. Ég minni á það, að þessar ádeilur hefur maður orðið að lesa.

Að öðru leyti tel ég ekki þörf á að svara því, sem fram hefur komið í málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 332, n. 354, 359 og 369).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn. á þskj. 354, hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og Ed. gekk frá því, en aðrir nm. munu skila sérálitum og e. t. v. flytja brtt.

Segja má, að frv. þetta sé í aðalatriðum þríþætt. Í fyrsta lagi veitir það ríkisstj. heimild til að greiða á þessu ári viðbót við lágmarksverð á ferskum fiski öðrum en síld og loðnu, er má nema sem svarar 8% til viðbótar við það lágmarksverð, sem verðlagsráð sjávarútvegsins og yfirnefnd þess ákveða. Á sú viðbót að skiptast þannig, að 5% greiðist í marz og apríl, en 11% aðra mánuði ársins. Jafnframt þessu veitir frv. heimild til að verja 20 millj. kr. í verðbætur á línu- og handfærafisk á þessu ári og enn fremur til þess að hækka samsvarandi verðbætur á línu- og handfærafisk, sem veiddur var á síðustu þrem mánuðum ársins 1966, umfram þá 25 aura, sem ákveðnir voru með l. nr. 16 16. apríl í fyrra. Varðandi útreikning á bótum til togara úr aflatryggingasjóði vegna aflabrests 1966 gerir frv. ráð fyrir sömu reglu og gilt hefur að undanförnu, þ. e. a. s. að bæturnar skuli miðast við úthaldstíma sama ár, sbr. 5. gr. frv. Í frv. eru einnig ákvæði um, að ríkissjóður skuli leggja fram 50 millj. kr. á þessu ári til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Og loks hefur frv. inni að halda heimild til að greiða úr ríkissjóði 10 millj. kr. verðbætur á útfluttar skreiðarafurðir eða útfluttar afurðir af öðrum fiski en síld og loðnu eftir reglum, sem sjútvmrh. setur.

Að frátalinni heimild til þess að greiða 8% viðbótina við lágmarksverð á ferskum fiski, eru önnur ákvæði þessa frv., sem ég nú hef nefnt, að mestu óbreytt frá sams konar ákvæðum, sem gilt hafa undanfarin tvö ár. Undantekning er þó frá þessu í 9. gr. frv., þar sem sú heimild, sem þar er varðandi ráðstöfun á 10 millj. kr., er ekki lengur bundin við skreið eingöngu, heldur getur hún einnig náð til annarra útfluttra afurða, að undanskildum þó síldar- og loðnuafurðum. Er talið, að verðlag á útfluttri skreið hafi breytzt mjög til hins betra samanborið við aðrar útfluttar sjávarafurðir, og var í frv., eins og það var upphaflega lagt fyrir Ed., gert ráð fyrir að nota upphæðina til ótiltekinna verðbóta á útfluttar afurðir á öðrum fiski en síld og loðnu. En í meðförum hv. Ed. var orðalagi 9. gr. breytt í það horf, sem það er nú, og mun breytingin hafa verið gerð samkv. fram komnum óskum skreiðarframleiðenda.

Undanfarin tvö ár hefur ekki komið til þess, að ríkissjóður greiddi þá almennu uppbót á fiskverð, sem 1. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir, að skuli nema allt að 8%. En árið 1964 var greidd 6% viðbót við það fiskverð, sem þá var ákveðið með úrskurði yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins, og er ákvæði þessarar gr. frv. nú hliðstætt við það, sem ákveðið var í 2. gr. l. nr. 1 31. janúar 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. Ástæðan til þess, að nú er talin nauðsyn að hverfa aftur að þessu ráði, er mikið verðfall á frystum fiskafurðum, sem hófst á s. l. ári. Samanborið við meðalverð ársins 1966 er nú talið, að verðlækkunin nemi 11—12%. Þegar verðlagsráð sjávarútvegsins vann að því um s. l. áramót að ákveða fiskverðið til útgerðarmanna og sjómanna, náðist þess vegna ekki samkomulag milli fiskkaupenda annars vegar og fiskseljenda hins vegar, og fór málið til úrskurðar yfirnefndar, og segir svo um niðurstöðu málsins í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en til ákvörðunar fiskverðsins kom, gaf ríkisstj. yfirnefnd verðlagsráðs til kynna, að hún væri reiðubúin að beita sér fyrir því, að greidd yrði á árinu 1967 8% viðbót á verð landaðs fisks annars en síldar og loðnu. Með tilliti til þessarar yfirlýsingar ákvað yfirn., að fiskverð skyldi standa óbreytt frá því, sem verið hafði á árinu 1966. Sú viðbót, sem ríkisstj. vildi beita sér fyrir að greidd yrði, svarar um það bil til hækkunar kaupgreiðsluvísitölu, frá því að fiskverð var ákveðið í upphafi árs 1966, þar til það var ákveðið nú. Ætlunin er, að þessi viðbótargreiðsla skiptist þannig, að 5% verði greidd mánuðina marz—apríl, en 11% aðra mánuði ársins. Í þessu frv. er farið fram á heimild Alþ. til þess að inna þessar greiðslur af hendi."

Þessi niðurstaða yfirnefndar var samþ. með atkvæðum oddamanns og fiskseljenda í yfirnefndinni, en fulltrúar fiskkaupenda voru henni andvígir og töldu, að frystihúsin gætu ekki borið óbreytt fiskverð.

Hófust nú viðræður ríkisstj. og fulltrúa frystihúsaeigenda um aðgerðir til stuðnings frystihúsunum, og er það, sem ég leyfi mér að kalla annað höfuðatriði þessa frv., árangurinn af þeim viðræðum, þ. e. a. s. 6., 7. og 10. gr., sem fjalla um stofnun sjóðs til að greiða verðbætur vegna verðfalls á frystum fiskafurðum og um áframhaldandi athugun á rekstraraðstæðum og fjárhagslegri uppbyggingu frystiiðnaðarins. Er stofnun verðjöfnunarsjóðsins hið merkasta nýmæli, og bendir bitur reynsla fyrri ára til þess, að ef slíkur sjóður hefði fyrr verið fyrir hendi, hefði mátt draga úr eða afstýra ýmsum erfiðleikum fiskiðnaðarins og þjóðarbúsins á undanförnum árum. Það er þess vegna rík ástæða til að athuga nánar um eflingu sjóðsins og um breikkun á starfssviði hans, eins og bent er á í grg. með frv.

Athugun á skipulagningu frystiiðnaðarins er einnig nauðsynleg, og hefur mikið verið um það mál rætt og ritað að undanförnu, einkum um hráefnisskortinn og það ástand, að afkastageta hraðfrystihúsanna er langt frá því að vera fullnýtt. Ætla ég mér ekki að ræða þau mál við þetta tækifæri. Ég vil aðeins leyfa mér að benda á eitt atriði, sem ég tel að rannsaka þurfi sérstaklega vel í sambandi við þá athugun, sem frv. gerir ráð fyrir. Það þarf að rannsaka gaumgæfilega, hvaða stærð hraðfrystihúsa er hagkvæmust í rekstri með tilliti til aðstæðna á hverjum stað, og hygg ég þá, að í ljós muni koma, að ekki sé víst, að sama stærð eigi alls staðar jafnvel við, og ekki heldur, að alltaf hljóti stærstu frystihúsin að gefa bezta raun. Aðstæður til hráefnisöflunar og vinnuaflsútvegunar eru svo mismunandi, að erfitt hlýtur að reynast að finna um það algilda reglu fyrir alla staði jafnt, hvaða stærð frystihúsa henti bezt. Þess vegna hygg ég, að þetta sé rannsóknarefni á hverjum stað fyrir sig, þar sem slíkur rekstur fer fram.

Þau tvö meginatriði frv., sem ég hef nú drepið á, eru í raun réttri samningar eða árangur af samningum ríkisstj. við þá aðila, sem hlut eiga að máli. Er þess því ekki að vænta, að á þeim atriðum verði gerðar breytingar í meðförum hv. Alþ. Í Ed. komu, að ég hygg, ekki fram neinar brtt. frá hv. stjórnarandstæðingum í sambandi við þessi tvö meginatriði.

Þriðja meginatriði frv. er svo aftur á móti tekjuöflun til þess að standa straum af aðstoðinni við útgerðina og fiskiðnaðinn, að svo miklu leyti sem sú tekjuöflun er ekki þegar ákveðin í fjárl. þessa árs. Um þetta atriði skildu leiðir stjórnar og stjórnarandstöðu í Ed., og geri ég ráð fyrir, að svo muni einnig fara í þessari hv. d. Samkv. frv., eins og það er nú, er gert ráð fyrir, að framlagið til verðjöfnunar frystra fiskafurða nemi 140 millj. kr., og verður það lagt fram af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1966. Áætlað er, að 8% viðbótin við fiskverðið hafi í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð, er nemi 100 millj. kr., og gerir frv. ráð fyrir, að þeirrar upphæðar verði aflað þannig: 1) Með heimild til að lækka framlög til verklegra framkvæmda um 10%, og er áætlað, að við það sparist 65 millj. kr. 2) Með því að lækka greiðslur til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1966 um 20 millj. kr., og er sú upphæð tekin af 23 millj. kr., sem framlag ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins fór fram úr áætlun s. l. ár. 3) Með því að taka af áætluðu framlagi til ríkisábyrgðasjóðs á þessu ári 15 millj. kr., en talið er, að þetta framlag sé ofáætlað í fjárl., sem þeirri upphæð nemur.

Segja má, að um tvær leiðir hafi verið að velja til þess að standa straum af aðstoðinni við sjávarútveginn: annars vegar að leggja á nýja skatta, en hins vegar fara þá leið, sem frv. gerir ráð fyrir. Skattahækkunarleiðin hefði gersamlega brotið í bága við verðstöðvunina, sem þegar hefur kostað ríkissjóð mikil útgjöld í niðurgreiðslum á vöruverði. Þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar til þess að stöðva verðlagið, hefðu þannig verið unnar fyrir gýg, ef nýjar verðhækkanir hefðu nú hafizt í kjölfar skattahækkunar. Einnig hefði hinn almenni skilningur á nauðsyn verðstöðvunar-

innar, sem vissulega hefur reynzt vera fyrir hendi, beðið alvarlegan hnekki, og af þessum ástæðum kom skattahækkunarleiðin ekki til greina. Leiðin, sem farin er, reynist fær vegna þess, að afkoma ríkisins að undanförnu hefur verið góð, og þess vegna er hægt að ráðstafa tekjuafgangi til þess að standa að nokkru leyti straum af aðstoðinni við útveginn. Undir þetta vil ég leyfa mér að flokka skerðinguna á framlaginu til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á s. l. ári um 20 millj. kr. Munu sveitarfélögin þrátt fyrir þá skerðingu fá úr sjóðnum fyllilega það, sem þau gátu reiknað með samkv. fjárl. ársins 1966, og raunar rúml. 10 millj. kr. betur. En sé miðað við samanlagðar tekjur sveitarfélaganna á s. l. ári af hinum ýmsu tekjustofnum þeirra, nemur skerðingin, sem þau verða fyrir, ekki nema sem svarar 1%. Tel ég það ekki mikla fórn fyrir sveitarfélögin, þegar um er að ræða að reyna að treysta rekstrargrundvöll sjávarútvegsins, sem skapar svo í staðinn meginundirstöðuna undir tekjuöflun sveitarfélaganna sjálfra og þó alveg sérstaklega að því er varðar framlagið til jöfnunarsjóðsins.

Ég stóð að því á sínum tíma að tryggja sveitarfélögunum hlutdeild í söluskatti og aðflutningsgjöldum í gegnum jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og það tel ég, að hafi verið vel ráðið og orðið sveitarfélögunum til ómetanlegs gagns. Þess vegna tel ég mig með góðri samvizku geta ætlazt til þess af sveitarfélögunum, að þau færi þá lítilfjörlegu fórn, sem hér er um að ræða, þegar jafnmikla nauðsyn ber til og nú að koma undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar til hjálpar. Í annan stað reynist tekjuöflunarleiðin, sem frv. gerir ráð fyrir, fær vegna þess að framkvæmdir og atvinna í landinu hafa á undanförnum árum verið meiri en framboð á vinnuafli, þannig að skerðing á framkvæmdafé ríkisins um 10% eða 65 millj. kr. hefur ekki í för með sér meiri samdrátt en svo, að þess verður ekki vart á vinnumarkaðinum. Annað mál er svo það, að þegar framkvæma verður slíkan niðurskurð, eru það tiltölulega fáir liðir fjárl., sem niðurskurðurinn lendir á. Ef þetta sama skeður mörg ár í röð, verða þeir liðir sérstaklega hart úti, og þótt nú verði engu um þetta breytt, finnst mér, að upp á seinni tímann ættu menn að hafa það hugfast að dreifa slíkum niðurskurði niður á fleiri útgjaldaliði, ef til hans þarf að grípa.

Herra forseti. Að svo komnu sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., en ég mæli með því enn á ný fyrir hönd meiri hl. sjútvn., að það verði samþ. óbreytt. Þessu frv. hefur verið fundið það til foráttu af andmælendum þess, að með því væru ekki gerðar nægilega haldgóðar ráðstafanir vegna útvegsins og fiskiðnaðarins til frambúðar. Því hefur ekki heldur verið haldið fram af þeim, sem frv. styðja, að svo sé. Vandamál útvegsins og útflutningsframleiðslunnar eru svo margslungin og fjölþætt og háð ýmsum breytilegum aðstæðum, að erfitt er að sjá fyrir þróun þeirra langt fram í tímann. Þannig hefur reynsla liðinna ára a. m. k. verið. Mér telst svo til, að frá árinu 1950 hafi alls verið sett 19 lög, sem eru ýmist um aðstoð og stuðning við útveginn og útflutningsframleiðsluna eða um ráðstafanir, sem þjóðfélagið hefur orðið að gera til að laga sig eftir breyttum aðstæðum í útflutningsatvinnuvegunum. Auk þessa kemur sjávarútvegurinn að sjálfsögðu jafnan við sögu við afgreiðslu fjárl. En þessi fyrirgreiðsla við útveginn og aðlögun við breyttar aðstæður í honum hefur jafnan verið óhjákvæmileg vegna þess, hversu mikla þýðingu sjávarútvegur og útflutningur fiskafurða hefur fyrir þjóðarbúið í heild. Það lýsir að vissu leyti trausti á núverandi stjórn og stjórnarflokkum, að til þess skuli vera ætlazt af þeim, að þeir sjái lengra en aðrir í þessu efni, en því miður er það ofmat. Hins vegar er það svo, að árangurinn af stjórnarstarfinu undanfarin ár er svo jákvæður á sviði efnahagsmálanna, að nú gefst þjóðinni betra tóm til en oft áður að átta sig á hlutunum og þeim alvarlegu viðhorfum, sem í augnablikinu blasa við í útflutningsframleiðslunni. Þetta er mikils virði, því að á einu ári getur margt breytzt til hins betra ekki síður en til hins verra. En hvernig sem allt fer, verða stjórnarvöld landsins á hverjum tíma að gera útflutningsatvinnuvegunum kleift að starfa með eðlilegum hætti. Með þessu frv. er stefnt að því marki.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Þegar mál þetta var hér til 1. umr., ræddi ég í alllöngu máli um þau viðhorf, sem nú eru í okkar sjávarútvegsmálum, og gerði þá sérstaklega að umtalsefni, hvernig komið væri ýmsum þýðingarmestu þáttum sjávarútvegsins nú eftir 7 ára viðreisnarpólitík. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, tekur í raun og veru ekki á vandamálum sjávarútvegsins eða þeim þeirra, sem mestu máli mundi skipta að taka á, eins og nú er komið. Hér er í rauninni aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, ráðstöfun, sem aðeins getur linað kvalirnar lítið eitt og í stuttan tíma, en það er allsendis ótrúlegt, að þeir, sem kynnt hafa sér ástandið í okkar sjávarútvegsmálum nú í dag, geti búizt við því, að þessar ráðstafanir endist nema tiltölulega stuttan tíma.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að bæta við nokkrum greiðslum frá ríkinu til nokkurra þátta sjávarútvegsins. Það er sem sagt miðað við það að auka við hið margfordæmda uppbótakerfi talsvert frá því, sem orðið var. Í nál., sem ég hef lagt fram á þskj. 359, bendi ég m. a. á, að það má telja mjög líklegt, að nú sé svo komið, að á yfirstandandi ári verði millifærslugreiðslur vegna sjávarútvegsins eða uppbótagreiðslur eða hvað menn vilja kalla þær nokkuð yfir 600 millj. kr., og ef síðan er bætt við þær fjárhæðir greiðslum, sem ganga eiga til niðurborgunar á vöruverði og í útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðum, er sýnilegt, að þessar millifærslur til stuðnings atvinnuvegunum á beinan eða óbeinan hátt

munu nema á yfirstandandi ári a. m. k. 1700 millj. kr. Það er því ekkert um það að villast, að uppbóta- og styrkjakerfið er enn í fullum gangi, þó að liðin séu 7 ár síðan núverandi stjórnarflokkar tóku að sér að leggja það niður. Það mun ekki í annan tíma hafa komizt í hærri fjárhæðir en einmitt nú, og þó hygg ég, að allir sjái, að þannig stefnir, að það má fyllilega búast við því, að þessar fjárhæðir fari stöðugt vaxandi, ef ekki verða gerðar einhverjar aðrar meiri háttar breytingar í okkar efnahagsmálum.

Það, sem hefur raunverulega verið að gerast í málefnum sjávarútvegsins á undanförnum árum, er það, að meginatriðin í efnahagsstefnu ríkisstj. hafa verið íslenzkum sjávarútvegi óhagstæð, hafa beinlínis aukið á erfiðleika sjávarútvegsins og þar af leiðandi hefur þurft að grípa til þessara millifærslugreiðslna, sem þó átti aldrei að grípa til. Ríkisvaldið hefur hagað málum þannig, að margvíslegar álögur hafa farið hækkandi á sjávarútveginum og rekstraraðstaðan hefur verið versnandi. Þannig, eins og ég benti hér á við 1. umr. málsins, hafa t. d. hin almennu lánaviðskipti sjávarútvegsins verið gerð stórum miklu verri en þau voru áður, en þau hafa vitanlega feiknalega mikið að segja, þegar til rekstrarins kemur. Vextir hafa verið stórhækkaðir jöfnum höndum á rekstrarlánum sem á stofnlánum, og krafizt hefur verið miklu örari eða hærri afborgana en áður var. Þetta vitanlega hefur verið sjávarútveginum mjög óhagstætt. Þar að auki hefur svo stefnan, sem framkvæmd hefur verið, einkum í hinum almennu viðskiptamálum og þar með í markaðsmálum, verið útflutningsatvinnuvegunum mjög óhagstæð og gert rekstrarafkomuna mun lakari en hefði þurft að vera.

Ég segi í þessu nál., sem ég hef lagt fram um afgreiðslu þessa máls, að það er mín skoðun, að sjávarútveginum veiti ekki af þeim fjárgreiðslum, sem gert er ráð fyrir að hann fái samkv. þessu frv., og þó sé miklu líklegra, að ýmsar greinar hans þyrftu á mun meiri fjárframlögum að halda en í frv. felast. Ég vil því ekki á neinn hátt standa á móti því, að þessar fjárhæðir renni til sjávarútvegsins. Ég álít, að eins og komið er, verði ekki undan þessu vikizt, en hins vegar tel ég, að það hljóti að eiga að vera verk þeirra, sem hafa ráðið málunum á þennan veg á undanförnum árum, að bera ábyrgð á þessari afgreiðslu, sem felst í þessu frv. Ég er þeirri afgreiðslu út af fyrir sig ósamþykkur. Ég tel, að hér sé um mjög veika bráðabirgðalausn að ræða, sem taki engan veginn á aðalvandamálinu. Og það er víst, að það verður ekki tekizt á við þetta vandamál að óbreyttri stefnu í efnahagsmálum. Þar þarf að gjörbreyta um stefnu, ef nokkur árangur á að fást.

Í frv. er á það minnzt, að það vaki fyrir ríkisstj. að taka nokkuð öðrum tökum á þessum málum en gert hefur verið, einkum varðandi fiskiðnaðinn. Það er á það minnzt, að það þurfi að koma upp sérstökum verðjöfnunarsjóði, sem dregið geti úr sveiflum í verðlagi á útfluttum sjávarafurðum, og það er einnig vikið að því, að það þurfi að taka skipulagsmál fiskiðnaðarins nýjum tökum. En allt er þetta svo óljóst og óákveðið og í rauninni ekki gerðar neinar beinar ráðstafanir í þessu frv. í þessa átt. Það er aðeins vikið að þessum málum í almennu orðalagi, svo að það mun nú ekki skipta miklu máli fyrst um sinn, þó að eitthvað sé á þetta drepið í grg. Raunverulega er, eins og segir í sjálfri grg. frv. frá hendi ríkisstj., með þessu frv. ekki tekin nein ákvörðun um stofnun verðjöfnunarsjóðs. Það mál liggur aðeins í athugun. Og enn eiga menn eftir að átta sig á því, að hvaða gagni slíkur verðjöfnunarsjóður gæti komið og hvernig ætti í rauninni að byggja hann upp. Svipaða sögu er að segja um hina hugmyndina, sem minnzt er á, að það þurfi að taka skipulagsmál fiskiðnaðarins til athugunar. Þar er aðeins lauslega drepið á það, hvað þurfi að gera. Það er verið að minnast á, að það þurfi helzt að fækka frystihúsum í landinu, það þurfi, eins og þar segir, að draga úr afkastagetu frystiiðnaðarins og vinna að því að sameina fiskiðnaðarfyrirtæki þá væntanlega í stærri heildir. Allt er þetta svo óljóst og óákveðið, að það tekur því varla á þessu stigi málsins að ræða um það í löngu máli.

En í sambandi við þessar hugleiðingar hlýtur maður að minnast á, að það hefur einmitt verið eitt af því, sem við Alþb.-menn sérstaklega höfum fundið að efnahagsstefnu ríkisstj. á undanförnum árum, það er einmitt skipulagsleysið varðandi þróun atvinnuveganna og framkvæmdir í landinu yfirleitt. Við höfum talið, að það þyrfti að vera nokkuð virk yfirstjórn í landinu á því, hvernig fjárfestingu landsmanna væri háttað, í hvað það fjármagn færi, sem þjóðin gæti sett í föst verðmæti, og við höfum flutt hér mörg frv. í þessa átt og till. um að taka upp þessi vinnubrögð. En þetta er einmitt eitt af því, sem efnahagssérfræðingar ríkisstj. og síðan ríkisstj. hafa barizt hvað mest á móti. Efnahagssérfræðingar ríkisstj. hafa komizt það lengst í þessum málum, að þeir hafa viljað setja upp svonefndar áætlanir, sem í rauninni hafa verið töflur um það, hvað væri sennilegast, að gerast mundi í atvinnuþróuninni í landinu á komandi árum, en þeir hafa ekki viljað gera neinar till. um, hvað raunverulega ætti að gera og hvað síðan ætti að lögfesta til þess að sjá um framkvæmd á því, sem æskilegt væri. Kenningar ríkisstj. hafa verið þær varðandi þessi mikilvægu atriði, að hér ætti að vera hið fullkomna og frjálsa efnahagskerfi, þ. e. a. s. að þeir, sem réðu yfir fjármagninu, ættu óhindrað að fá að ákveða það, í hvað fjármagnið færi, hvernig fjárfestingin í landinu yrði, og það mundi að lokum gefa bezta raun fyrir þjóðarbúskapinn. En sem sagt, þegar þeir nú standa frammi fyrir því, að illa er komið m. a. í fiskiðnaði landsmanna, í þeirri

þýðingarmiklu starfsgrein, og það þarf að grípa til þess ráðs að styrkja fiskiðnaðinn með beinum fjárframlögum frá ríkinu, er fyrst farið að minnast á, að skipulagið í okkar fiskiðnaði sé ekki hið ákjósanlegasta, þar hafi ýmislegt verið að gerast á undanförnum árum, sem sé býsna óhagstætt og hefði átt að vera á annan veg. Ég hlýt að vekja athygli á þessu, en þá ekki síður á hinu, að það hefur ekki aðeins verið á þessu eina sviði, sem þróunin hefur verið okkur óhagstæð eða kannske of kostnaðarsöm undir þessu skipulagsleysi öllu, sem við höfum hér búið við. Það er ekki aðeins á því sviði, að það hafi risið upp fiskiðnaðarfyrirtæki, sem ekki eru í hinu æskilegasta formi, og að sums staðar hafi jafnvel verið um það að ræða, að fiskiðnaðarfyrirtækin hafi komið upp óeðlilega mörg miðað við allar kringumstæður. Það er ekki aðeins á þessu sviði, sem skipulagsleysið er farið að segja til sín í okkar efnahagsmálum. Ég vil segja, að á ýmsum öðrum sviðum þjóðlífsins er þetta skipulagsleysi og hefur kostað okkur miklum mun meira en það kostar okkur í okkar fiskiðnaði. Það væri ekki síður ástæða til þess að líta t. d. eftir því, hvernig við höfum farið með okkar fjármuni í sambandi við verzlunaruppbygginguna í landinu á undanförnum árum og uppbyggingu á fjöldamörgum öðrum sviðum. En þarna erum við einmitt komin að því meginatriði, þar sem greint hefur á milli okkar Alþb.-manna og þeirra, sem ráðið hafa efnahagsmálastefnunni á undanförnum árum. Við höfum haldið því fram, að eitt af því þýðingarmesta væri einmitt að reyna að gera sér fulla grein fyrir því, í hvað fjármagnið á að fara á hverjum tíma, í hverju við eigum að fjárfesta og hvað mikið í hverri grein, en ekki að búa við það skipulagsleysi, sem við höfum búið við, og það hefur ekki aðeins átt við af okkar hálfu varðandi undirstöðuatvinnuvegina, heldur ekkert síður ýmsa aðra þætti í efnahagslífi landsins. En sem sagt, niðurstaðan hefur orðið þessi eftir skipulagsleysi viðreisnarstefnunnar. Nú erum við að súpa seyðið af þeirri stefnu og verðum að borga býsna háar upphæðir í aukaálögur vegna þessarar röngu fjárfestingarstefnu.

Ég tók eftir því, að hv. frsm. meiri hl. sjútvn., sem hér talaði fyrir frv. ríkisstj., komst þannig að orði í lokaorðum sínum, þegar hann var að mæla fyrir þessu frv., að vegna þess að ýmislegt hefði unnizt jákvætt við stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum á undanförnum árum, gæfist mönnum nú meira tóm en stundum áður til að átta sig á vandamálum sjávarútvegsins og atvinnuveganna. Það er nú svo. Það virðist nú ekki vera allt of mikið tóm, sem hæstv. ríkisstj. hefur unnizt til þess að átta sig á því, því að mér sýnist í rauninni allt benda til þess, að eftir 7 ára viðreisn sé ríkisstj. ekki enn búin að fá nægilega langan tíma til að átta sig á þeim aðalvandamálum, sem við er að glíma í íslenzkum sjávarútvegsmálum nú í dag. Nei, ég held, að hitt sé miklu sannara, sem ég sagði um þessi mál, að sannleikurinn sé sá, að það eru afleiðingarnar af hinni röngu stefnu ríkisstj. á liðnum árum í efnahagsmálunum, sem valda mestu um þá erfiðleika, sem við stöndum nú frammi fyrir í okkar atvinnumálum, en ekki hitt, að það hafi unnizt svo mikið jákvætt við stefnu ríkisstj., að maður geti farið að setjast niður í rólegheitum og átta sig á þeim vandamálum, sem að steðja í okkar atvinnulífi. Því miður, þá er ekki ástandið þannig nú í dag.

Ég skal ekki að þessu sinni ræða þetta frv. í ýkjalöngu máli. Ég ræddi um það ýtarlega við 1. umr., af því að ég tel, að þetta frv., eins og það liggur hér fyrir, gefi fyrst og fremst tilefni til þess að gera nokkra úttekt á því, hvernig komið er með okkar undirstöðuatvinnuveg nú í dag, sjávarútveginn, eftir sjö ára framkvæmd á þeirri efnahagsmálastefnu, sem núverandi ríkisstj. hefur haldið sig fast við. Þá úttekt gerði ég hér við 1. umr. málsins. En þetta frv., eins og það liggur hér fyrir, það hefur ekki ýkjamikið að segja að ræða það út af fyrir sig í löngu máli. Varðandi það, hvort ákveðið er, að ríkisstj. skuli nú leggja til hliðar 140 millj. kr. í sérstakan sjóð til þess að greiða úr honum síðan styrki til frystihúsanna í landinu vegna fallandi verðs á útfluttum frosnum fiskafurðum, eða hvort menn hefðu haft í þessari grein upphæðina 180 millj. kr., — mér sýnist, að hér sé fullt eins líklegt, að um það verði að ræða, þegar ríkið þarf að standa við þær skuldbindingar, sem það tekur á sig skv. ákvæðum frv., því að skuldbindingar ríkisins við frystiiðnaðinn í landinu takmarkast ekki við þessar 140 millj. kr., heldur við ákveðna greiðslureglu, sem þar er sett upp, og ef verðlækkunin á frosnum fiski verður eitthvað í námunda við það, sem þeir segja, sem bezt þekkja til þeirra mála og hafa sett fram sínar hugmyndir þar um, þá er miklu líklegra, að greiðslur ríkisins verði skv. þessu frv. 180 millj. kr., en ekki 140 millj. kr. Það er því miklu líklegra, að svo fari, að það verði enginn afgangur af þessum 140 millj. kr. og það þurfi því ekki að vera að gera ráð fyrir því, að sá afgangur eigi að mynda einhvern stofnsjóð að væntanlegum verðjöfnunarsjóði, ef löggjöf verður þá sett um þennan verðjöfnunarsjóð. Það er miklu líklegra, að til hins mundi koma, að það þurfi að bæta við upphæðina, þessar 140 millj., til þess að standa við þær skuldbindingar, sem ríkið er að taka á sig með frv. Svipað er að segja um önnur bein ákvæði í þessu frv. Þau eru í rauninni ekki þess eðlis, að það taki að ræða þau í löngu máli. Þannig er t. d. um hina aðalupphæðina, sem gert er ráð fyrir að greiða skv. þessu frv., þar sem gert er ráð fyrir því að greiða í kringum 100 millj. kr. til hækkunar á fiskverði til fiskibáta. Þar er um að ræða slíka verðhækkun, að það vita allir, sem til þekkja, að hún samsvarar engan veginn því, sem bátaútvegurinn þyrfti að fá, eins og nú er ástatt fyrir honum. Þessi upphæð er rétt aðeins til þess að tryggja það, að fiskimennirnir á bátaflotanum geti á árinu 1967 fengið

hliðstæða verðlagsuppbót á kaup sitt eins og aðrir launþegar fengu á árinu 1966. Það er svona rétt aðeins verið að ná þeim hala, en lengra er ekki komið í þessum efnum. Það er því eins og ég sagði, það er miklu frekar um það að ræða, að þær fjárhæðir, sem nefndar eru í þessu frv., muni reynast of litlar til þess að ná hér fullum árangri og það aðeins í bili, en þessar greiðslur, sem hugsaðar eru skv. þessu frv., geta aldrei náð því, að þær geti skipt neinu afgerandi um það, hvernig fer með framhaldið í okkar sjávarútvegsmálum. Þar þarf á nýrri stefnu að halda. Það þarf að gjörbreyta ýmsu því, sem nú er í gildi og sett var í framkvæmd með viðreisnarstefnunni.

Ég skal svo ekki að þessu sinni ræða málið frekar. Ég mun ekki, og við Alþb.-menn munum ekki standa á móti því, að þetta frv. nái fram að ganga, en ég ætla, að ég hafi lýst okkar afstöðu til þessa máls í öllum aðalatriðum.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Eins og fram hefur komið í ræðum þeirra, sem hér hafa talað af hálfu tveggja hluta sjútvn., þá klofnaði n. í afstöðu sinni til málsins. Við fulltrúar Framsfl. í sjútvn. höfðum skilað sérstöku nál., sem við lögðum inn til skrifstofunnar í morgun, en sökum mikilla anna í prentsmiðju hefur ekki enn þá verið lokið við að prenta nál. og liggur það því ekki frammi núna við umr., en er væntanlegt á hverri stundu.

Afstaða okkar til frv. er sú, að við mælum með því með vissum breytingum, sem við flytjum og prentaðar eru í nál. Þessar brtt. eru þær sömu og fluttar voru af hálfu fulltrúa flokksins í Ed., og tel ég því, að jafnvel þó að nál. yrði ekki komið úr prentun, áður en gengið er til atkvgr., þá sé hægt að greiða atkv. um brtt., því að þær liggja frammi á þskj. og nál. framsóknarmanna úr Ed. Mun ég afhenda forseta þær hér á eftir.

Ég talaði alllangt mál um frv. þetta, þegar það var hér til 1. umr. í hv. d. Ég leitaðist þá við að sýna fram á, að þeir erfiðleikar, sem sjávarútvegurinn á nú við að búa og frv.-flutningur þessi ber vott um, ætti meginrætur að rekja til þeirrar stjórnarstefnu, sem fylgt hefur verið á valdatímabili hæstv. núverandi ríkisstj. eða í rúm sjö ár. Ég reyndi að sýna fram á, að ýmsir meginþættir þeirrar stefnu væru sjávarútveginum, sem býr við nokkra sérstöðu umfram aðra atvinnuvegi landsmanna, í meginatriðum beinlínis fjandsamlegir. Ég vék einnig að því, að þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, séu auðsjáanlega einungis bráðabirgðaráðstafanir, þær lagi engan þann meginvanda, sem nú er til staðar, og þurfi þar annað og meira til að koma og þá fyrst og fremst gjörbreyting á sjálfri stjórnarstefnunni. Ég get því verið stuttorður um frv. nú og skal ekki víkja að mörgum þáttum málsins.

Eins og ég sagði, þá er tilgangur með frv. sá að koma í veg fyrir stöðvun í rekstri frystihúsa og þorskveiðiskipa um nokkurt skeið með því að verja fé úr ríkissjóði til stuðnings þessum aðilum. Er hér um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, þá fjórðu í röðinni frá árinu 1964 að telja, en auk þessa hefur rekstur togara verið styrktur úr ríkissjóði allt valdatímabil viðreisnarstjórnarinnar. Þessar staðreyndir eru þungur áfellisdómur um árangur stjórnarstefnunnar, sem ríkt hefur í landinu í 7½ ár og hafði það að aðalmarkmiði að koma atvinnulífinu á heilbrigðan grundvöll og tryggja, að útflutningsframleiðslan yrði rekin hallalaust án uppbóta og styrkja. Af fjárlögum yfirstandandi árs sést m. a., að um 1.3 milljarði kr. á að verja af ríkistekjum ársins, sem nema alls um 4.7 milljörðum, til uppbóta og niðurgreiðslna til þess að forða frá stöðvun í atvinnulífinu, en raunar er fjárhæð þessi mörg hundruð millj. kr. hærri, ef allur fjárstuðningur við atvinnuvegina úr ríkissjóði væri talinn með. Ég hygg því, að óhætt megi fullyrða, að af hverjum 3 kr., sem ríkissjóður tekur til sín með sköttum og álögum á landsmenn, gangi rúmlega 1 kr. til þess að standa undir þessum uppbótum og niðurgreiðslum. Þrátt fyrir þetta eru erfiðleikar stofnatvinnuveganna nú meiri en oftast áður. Ekkert verðfall erlendis né samdráttur í þjóðarframleiðslu fær skýrt þetta. Þjóðartekjur á mann hafa á tímabilinu frá 1960—1965 vaxið um 5.7%, sem er sennilega mesta hagvaxtarskeið síðustu áratuga hér á landi, en þessi hagvöxtur á að miklu leyti rót að rekja til síbatnandi viðskiptakjara við útlönd.

Frv. þetta fjallar um einn þátt þessara vandamála, rekstrarvandamál frystihúsanna, smærri bátanna og togaranna. Er í veðri látið vaka af þeim, sem að flutningi þess standa, að verðfall á frystum fiskafurðum á erlendum mörkuðum hafi skapað þessa erfiðleika. Að minu áliti er ekki nema hluti sannleikans þar með sagður og stærstu ástæðunum alveg sleppt, sem eru síaukinn útgerðarkostnaður af völdum óðaverðbólgunnar, sem dafnað hefur óvenjuvel á valdatímabili viðreisnarstjórnarinnar, en óðaverðbólgan hefur vaxið hér þrisvar til fjórum sinnum hraðar en í helztu viðskiptalöndum okkar og hjá keppinautum okkar um markaðina. Árið 1966 er talið, að frystihúsin hafi tapað á milli 50 og 100 millj. kr., en einmitt það árið hefur Efnahagsstofnunin upplýst í skýrslu sinni til Hagráðs, að meðalverð útfluttra frystra þorskafurða hafi það ár verið 10% hærra en meðalverð ársins 1965 og meðalverð skelfiskafurða um 5% hærra. Árin 1964—1966 voru frystihúsunum veittar uppbætur á framleiðslu sína, samtals 126 millj. kr. Uppbætur þessar voru veittar til þess að standa undir hækkandi fiskverði. Öll þessi ár seldust frystar fiskafurðir fyrir síhækkandi verð á erlendum mörkuðum. Þannig segir í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Hagráðs, að markaðsverð frystra afurða hafi hækkað um

45% árin 1960—1965. Ég minnist á þetta hér til þess að sýna fram á haldleysi þeirra staðhæfinga, sem nú er haldið uppi af hálfu stjórnarliða í umr. um frv. þetta, að ástæðan fyrir erfiðleikunum sé eingöngu verðlækkun sú, sem fór að gæta á hraðfrystum fiski síðustu mánuði s. l. árs og hefur því miður haldið enn áfram.

Á s. l. ári skilaði n. alþm., sem athugaði rekstrarvandamál báta undir 120 smálestum að stærð, áliti. Niðurstaða þeirrar nefndar var í fáum orðum sú, og um hana voru allir alþm. sammála, að enginn rekstrargrundvöllur væri til fyrir þessa báta í dag. Með samanburði á afkomu þeirra á milli ára var sýnt fram á, að rekstraraðstaða meðalbátsins hafði versnað, útgerðarkostnaður hafði vaxið hraðar en tekjur bátsins þrátt fyrir umtalsverðar hækkanir á fiskverði. Hnignun í togaraútgerð er alkunn, og fækkar þeim togurum nú jafnt og þétt, sem eru í rekstri. Enginn rekstrargrundvöllur er til fyrir þessi skip í dag, og eru þau rekin með stórfelldu tapi.

Eins og ég sagði áðan, á frv. þetta að forða frá stöðvun í þessum atvinnugreinum næstu mánuðina. En meira þarf til. Stefnubreyting, þar sem horfið er frá óðaverðbólgu, er nauðsynleg. Mótun stefnu í uppbyggingu bátaflotans, fiskiðjuvera og nýtingu fiskimiða er einnig nauðsynleg. Það þarf að létta álögum af sjávarútveginum í mörgum greinum, og það þarf að lækka þann gífurlega háa fjármagnskostnað, sem bundinn er í honum. Við nokkrir þm. Framsfl. höfum á undanförnum þingum flutt fjölda mála í þessa stefnu, en annaðhvort hafa þau verið svæfð eða felld af ráðandi meiri hl. í Alþ.

Frv. þetta gerir ráð fyrir, að fjár verði aflað til hækkunar fiskverðs og til myndunar verðjöfnunarsjóðs. Fjárins verði aflað með því að rýra framkvæmdafé á fjárlögum og klípa um 20 millj. af jöfnunarsjóðsframlagi sveitarfélaganna, auk þess sem fella á niður ríkisframlagið til ríkisábyrgðasjóðs.

Við fulltrúar Framsfl. í sjútvn. getum ekki fallizt á þessa leið. Ríkissjóður hefur sannarlega haft á s. l. ári í hreinar umframtekjur á milli 800 og 900 millj. kr. Þessi aukna skattheimta á m. a. sök á þeim vanda, sem útvegurinn á við að stríða, og við teljum því eðlilegt, að hluti af þessum greiðsluafgangi ríkissjóðs verði notaður í þessu skyni. Um það fjallar 1. brtt. okkar.

Þá er það upplýst í umr. í Ed. og raunar víðar, að svokallað hagræðingarfé til frystihúsanna er ætlað eingöngu til þess að standa undir hærra fiskverði, en ekki sérstaklega til framleiðniaukningar í hraðfrystihúsunum. Við teljum, að nefna beri hlutina réttum nöfnum og flytjum brtt. um það, sem er 2. brtt. okkar.

Síðasta brtt. miðar að því að gera ákvæði 10. gr. frv. skýrari. Við teljum óeðlilegt að takmarka eftirgjafir fjárkrafna við ríkisábyrgðasjóðinn einan, en þannig skiljum við greinina, eins og hún er nú. Við leggjum til, að þessu verði breytt eins og fram kemur í 3. brtt. okkar.

Ég vil svo að endingu aðeins lýsa því yfir, að við munum á engan hátt leggjast gegn því, að frv. þetta nái fram að ganga, eða tefja framgang þess á nokkurn hátt. Eins og ég sagði í upphafi, mælum við með samþykkt frv. með vissum breytingum, sem ég var að skýra hér frá.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 369) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki verða til þess að lengja þessar hógværu umr. hér, þó að vissulega hefði verið ástæða til þess að gera að umtalsefni ýmislegt af því, sem hér kom fram hjá tveimur hv. síðustu ræðumönnum, ekki sízt hjá hv. 4. þm. Reykn., en til þess að fara ekki að efna til neinna eldhúsumr. um það efni, — það gefst tækifæri til þess, þegar til þess kemur að ræða efnahagsmálin almennt, — þá skal ég láta það hjá líða. En ástæðan fyrst og fremst til þess, að ég stóð hér upp, er í sambandi við það, sem hann síðast sagði varðandi eftirgjafir fjárkrafna ríkisábyrgðasjóðs. Ég lýsti því yfir í Ed., einnig vegna ummæla, sem þar komu fram, og brtt., sem þar var flutt og mun vera shlj. þeirri, sem hér er flutt, varðandi breytingu á þeirri gr. frv., að þótt orðalag hennar kynni að orka eitthvað tvímælis, þá hefði aldrei verið hugmyndin, að það væri ríkisábyrgðasjóður einn, sem ætti að gefa eftir af fjárkröfum. Það er hins vegar svo ástatt, eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, að meginhluti þeirra fjárkrafna, sem hér um ræðir, er væntanlega með ríkisábyrgð og þar af leiðandi á snærum ríkisábyrgðasjóðs beint eða óbeint, og allar breytingar á slíkum kröfum eða nýir samningar um þær gætu að sjálfsögðu ekki komið til greina, nema ríkisábyrgðasjóður væri við það riðinn. Það hefur því þótt eðlilegt, að ríkisábyrgðasjóður væri sérstaklega nefndur sem forgönguaðili um að rannsaka þessi mál og hlutast til um eftir atvikum nýja samninga í sambandi við þær kröfur, sem hér um ræðir. Náttúrlega kemur ekki til mála, að ríkisábyrgðasjóður gefi eftir kröfur, sem eru þannig til komnar, að þær eru ekki gjaldfallnar, heldur vegna ábyrgða, sem sjóðurinn er í, en hefur ekki útlagt. Það, sem hér eitt kemur til greina, er, hvort að einhverju leyti yrði gefið eftir eða samið um lengri tíma um kröfur, sem ríkisábyrgðasjóður hefur þegar lagt út vegna vanskila skuldara. En ég tel ekki, að enda þótt sú till., sem hv. framsóknarmenn hér flytja varðandi orðalagsbreytingu á þessari gr., yrði felld, þá feli það í sér neina yfirlýsingu um, að ríkisábyrgðasjóður eigi að ganga hér sérstaklega á undan öðrum í þessu efni. Þetta taldi ég rétt, að kæmi fram.

Varðandi svo annað atriði er kannske freistandi aðeins að segja það í sambandi við um-

mæli hv. þm. um þá miklu erfiðleika, sem stafa að útgerðinni, og orsakir þeirra, að það væri fyrst og fremst óðaverðbólgan, sem þar réði úrslitum, að vissulega hefur verðbólgan haft sín slæmu áhrif, bæði fyrir útgerðina og margt annað í okkar efnahagskerfi og okkar atvinnulífi, en ég tel ekki, að það væri sérstaklega í anda þeirrar stefnu að vinna gegn þeirri verðbólguþróun, sem hv. þm. talaði um, að leggja til að verja út í atvinnulífið 140 millj. kr. með þeim hætti, sem hann gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. með því að halda áfram yfirdrætti við Seðlabankann, sem óumflýjanlega yrði að koma til, ef þetta ætti að gerast. Þetta held ég, að við hljótum allir í alvöru talað að geta verið sammála um, að sé ekki í samræmi hvað við annað.

Við vitum það svo auðvitað jafnframt allir, að það er ekki eingöngu verðbólguþróun, sem hefur skapað erfiðleika útgerðarinnar og veldur því, að ýmsar greinar hennar eiga við meiri erfiðleika að stríða en aðrar. Það er vegna misræmis, sem þar hefur skapazt, mjög mismunandi aðstöðu, sem hefði vafalaust verið til staðar, hvort sem hefði verið verðbólga eða ekki, að það væri mismunandi aðstaða í dag, sem allir vita, að er mjög misjöfn, varðandi vissar greinar síldarútvegs annars vegar, minni báta hins vegar og í þriðja lagi togara, þannig að ef verðlagsmyndun sjávarafurða ætti að vera með þeim hætti, að hún t. d. nægði togurum, án þess að þar kæmu til verulegir styrkir, þá hygg ég, að það mundi leiða til einkennilegrar niðurstöðu í þjóðfélaginu og líklegt, að það mundi þá skapa ósamræmi í hina áttina, að aðrar greinar sjávarútvegs kynnu þá að bera óeðlilega mikið úr býtum, þannig að þetta verður auðvitað ekki jafnað með þessum hætti, heldur með ýmsum öðrum ráðstöfunum, sem hv. þm. hafa minnzt hér á, að þyrftu að koma til, og ekki verða kenndar stjórnarfari, heldur ýmiss konar þróun, sem orðið hefur í þessum efnum og hefur orðið mjög misjöfn fyrir ýmsar greinar sjávarútvegsins, og það er vissulega miklum vandkvæðum bundið og mikilvægt viðfangsefni að gera sér grein fyrir því í fullri alvöru, hvernig hægt er að leysa þann vanda.

Ég skal ekki, herra forseti, efna til frekari umr. um málið, en taldi aðeins rétt, að þetta kæmi fram, fyrst og fremst varðandi það, sem ég áðan gat um, um ríkisábyrgðasjóðinn, til þess að það ylli engum misskilningi, hver ætlunin væri í því efni í sambandi við orðalag frv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það hefur ekki gefizt neitt sérstakt tilefni í þeim umr., sem fram hafa farið nú, umfram það, sem kom fram við 1. umr., sem gerði það nauðsynlegt af minni hálfu, að til frekari umr. sé stofnað. Ég vildi aðeins nota tækifærið núna til þess að þakka hv. sjútvn. fyrir góða og skjóta afgreiðslu málsins og vænti þess, að málið nái fram að ganga nú, áður en þinghlé verður gert um páskana.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það hefur verið mjög áberandi við þær umr., sem átt hafa sér stað um frv. það til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem hér liggur fyrir, að stjórnarandstaðan hefur sem jafnan fyrr sniðgengið grundvallarorsakir þess vanda, sem við er að glíma, en þess í stað reynt með útúrdúrum og blekkingum að færa sönnur á, að núverandi stjórnarflokkar bæru þar alla sök á. Hv. 4. þm. Reykn. orðaði það svo við 1. umr. um málið hér í hv. d., að stjórnarstefnan væri sjávarútveginum í grundvallaratriðum fjandsamleg. Minna mátti ekki gagn gera. En orðum sínum fann hann hvergi stað, enda var mál hans frá upphafi til enda ekkert annað en í meira lagi hæpnar fullyrðingar. Aðeins á einu var bitastætt í hans málflutningi, en það var þar sem hann ræddi um, að verðbólguþróun undanfarinna ára hefði orðið sjávarútvegi og fiskiðnaði þung í skauti. Það er alveg rétt og nauðsynlegt, að menn geri sér grein fyrir því, enda auðvelt um svo augljóst mál. En nú sem framsóknarmenn, þessir nýju vinir íslenzks sjávarútvegs, virðast gera sér fulla grein fyrir þeim óheillavænlegu áhrifum, sem verðbólguþróunin undanfarin ár hefur haft á þennan okkar útflutningsatvinnuveg, hvernig stendur þá á því, að afstaða þeirra til verðbólguvandamálsins hefur verið með þeim hætti, sem raun ber vitni um og sannanlegt er? Stjórnarflokkarnir hafa frá upphafi brýnt fyrir þjóðinni mikilvægi þess, að takast megi að halda verðbólgunni sem mest í skefjum. Fyrir frumkvæði ríkisstj. hafa verið gerðir kjarasamningar nú hin síðari árin með það fyrir augum fyrst og fremst, að þeir yllu sem minnstum vexti verðbólgu. Þetta hefur giftusamlega tekizt, einnig fyrir það, að skilningur hefur verið fyrir hendi á þessari stefnu hjá forystumönnum launþegasamtakanna. Forystumenn verkalýðsfélaganna úr röðum Alþb.-manna hafa haft skilning á þeirri nauðsyn, að stefnu þessari yrði fylgt. Það er aðeins einn hópur manna í þessu landi, aðeins einn flokkur, sem aðra stefnu hefur í þessum málum, enda þótt skilningur hans kunni að vera annar, og það er Framsfl. Honum þykir bezt henta, bezt þjónað sínum pólitísku stundarhagsmunum með því sem mest að kynda undir verðbólgunni. Þeim tjóar ekki, framsóknarmönnunum, að þræta fyrir þessa staðreynd, svo berir sem þeir hafa orðið að þessari ósvinnu. Og nú, þegar hv. 4. þm. Reykn. reynir að gera hosur sínar grænar fyrir útvegsbændum, þá ætti hann ekki að ganga þess dulinn, að þeim er fullkunnugt um þessa hegðun Framsfl., og ekkert síður útvegsbændum á Suðurnesjum en öðrum.

Þær orsakir, sem til þeirra ráðstafana liggja, sem með þessu frv. er verið að gera sjávarútvegi og fiskiðnaði til aðstoðar, eru fyrst og fremst skyndilegt og mikið verðfall á afurðum mikilvægra framleiðsluþátta frystiiðnaðarins á erlendum mörkuðum og einnig að nokkru sökum minnkandi bolfiskafla á undanförnum árum. Þetta eru þær staðreyndir, sem hv. 4.

þm. Reykn. þykja gefa sér tilefni til þess nú að lýsa yfir því, að stefna ríkisstj. sé sjávarútvegi og fiskiðnaði fjandsamleg í grundvallaratriðum. Um verðfall á erlendum mörkuðum verður að sjálfsögðu engum innlendum aðilum kennt.

Þá er hitt atriðið, sem snýr að minnkandi bolfiskafla og þeim örðugleikum, sem það hefur valdið fiskiðnfyrirtækjum. Að því leyti sem minnkandi bolfiskafli kann að stafa af minnkandi fiskgengd, verða engir sóttir til saka. Ástæðurnar fyrir minnkandi bolfiskafla eru tvímælalaust fyrst og fremst þær reglur, sem gilda um togveiðar hinna minni fiskiskipa, skipa af stærðunum frá 60—150 smálestir, innan íslenzkrar landhelgi. Mér er tjáð, að hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, hafi hér á hinu háa Alþingi vakið máls á nauðsyn þess, að skipum af fyrrnefndri stærð og jafnvel smærri yrði heimiluð togveiði innan landhelgi, og flutt um það till. Hv. 5. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson, hefur nýlega lagt fram frv. til laga um þetta efni, að vísu frv. til laga um það, að skip af stærðinni 40—100 smálestir fengju til þess undanþágu. Ég vil nú spyrja: Eru þeir hv. þm. stjórnarandstöðunnar, sem í þessu máli hafa talað, hv. 4. þm. Reykn. og hv. 5. þm. Austf., reiðubúnir til að lýsa því yfir, að þeir vilji á þessar tillögur fallast? Að leyfa skipum af þessari stærð að stunda togveiðar innan landhelgi, er að mínum dómi frumskilyrði þess, að þeim verði fundinn traustur rekstrargrundvöllur og um leið að fiskiðnaðurinn fái það hráefni, sem hann nú er sem mest þurfandi fyrir. Það skal þó skýrt fram tekið, að togveiðar innan landhelgi verða að vera háðar því skilyrði, að við jafnhliða stóraukum vísindalegt eftirlit með og rannsókn á fiskstofnum við strendur landsins og öðru, sem að fiskgengd og fiskrækt lýtur.

Þá er og að því að gá, að með því að leyfa minni fiskiskipum togveiðar innan landhelgi fengju frystihúsin hið nauðsynlega hráefni einmitt á þeim tíma, sem er þeim hentugastur, þ. e. a. s. utan aðalvertíðar, en vel mætti hugsa sér, að togveiðar yrðu bannaðar innan landhelgi, meðan hún stendur yfir. Eitt aðalvandamál fiskiðnaðarins hefur verið hinn misjafni afli eftir árstíðum. Fjárfesting í fiskvinnslustöðvum í Vestmannaeyjum t. d. er mjög miklu meiri en þyrfti að vera, ef það hráefni, sem þar er unnið, bærist nokkuð jafnt á land yfir árið, en ekki að meginhluta á 1—2 mánuðum, eins og nú er. Vestmanneyingar verða hins vegar að vera við því búnir að hafa undan í aflahrotum og vinna fullan helming þess hráefnis, sem þeim berst yfir árið, á aðeins 1/6 hluta ársins, einnig með stóraukum kostnaði öðrum en fastakostnaði, svo sem auknum rekstrarkostnaði vegna gífurlegrar yfirvinnu. Þess vegna er mest um vert að skapa frystihúsum skilyrði til aukinnar vinnslu frá því, sem nú er, utan aðalvertíðar. Meðan ekki rætist verulega úr með togaraútgerð hér á landi, eru það eingöngu hin minni fiskiskipin, sem aflað geta hins nauðsynlega hráefnis, a. m. k. meðan aflauppgrip hinna stærri skipa haldast óbreytt á síldveiðum. En þetta geta minni skipin ekki, nema aðstöðu þeirra til hráefnisöflunar verði breytt frá því, sem nú er, og sú aðstöðubreyting er að leyfa þeim togveiðar innan landhelgi, en eins og ég áður sagði undir auknu vísindalegu eftirliti.

Hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa mjög haft í orði, að skipulagsleysi ríkti í sjávarútvegi landsmanna, og gagnrýnt, að endurnýjun á hinum minni fiskiskipum hafi verið látin sitja á hakanum. Ég er því algjörlega sammála, að við getum ekki miklu lengur haldið áfram nær eingöngu að byggja 300—500 smálesta síldveiðiskip og gefa ekki gaum að nauðsynlegri endurnýjun hinna minni fiskiskipa, sem, eins og ég hef reynt að sýna fram á, eru þau skipin, sem í náinni framtíð verða að anna hráefnisþörf frystihúsanna að mestu leyti. En það er þýðingarlaust að ræða um endurnýjun þessara skipa, meðan grundvöllur er ekki lagður fyrir rekstri þeirra. Verði hann lagður, þá mun mikil og hröð endurnýjun þessa fiskiskipaflota eiga sér stað af sjálfu sér. Þess vegna verða þessir hv. þm. að svara því alveg umbúðalaust: Eru þeir reiðubúnir til þess að leggja þennan grundvöll, með því að þessum skipum verði leyfðar togveiðar innan landhelgi? Það sýnist vera nærtækasta ráðið nú til viðreisnar þessari atvinnugrein og einnig um leið fiskiðnaði landsmanna. Þeim, sem halda því fram, að of í lagt hafi verið um byggingu hinna stærri síldveiðiskipa og að í þeim efnum hafi ríkt skipulagsleysi, þeim skal bent á, að ef svo vel hefði ekki verið greitt fyrir í þeim efnum sem raun ber vitni um, þá hefði það tvímælalaust bitnað á þeirri velmegun, sem þjóðin hefur átt við að búa undanfarin ár. Í stað þeirra stórvirku tækja til auðsöflunar hefðu engin önnur getað komið.

Við 1. umr. hér í hv. d. hafði hv. 4. þm. Reykn. og eins hv. 5. þm. Austf. það mjög í orði, að skipulagsleysi ríkti í sjávarútvegsmálum okkar, og þetta endurtóku þeir báðir nú við þessa 2. umr. Orðrétt sagði hv. þm. Reykn., með leyfi forseta: „Í öðru lagi má rekja erfiðleikana í vissum greinum útvegsins til minnkandi þorskfiskafla og skyldra tegunda. Og í þriðja lagi má rekja það til þess skipulagsleysis, sem hefur ríkt bæði í sjávarútveginum og öðrum greinum landsmanna um atvinnuuppbyggingu.“ Ég vil leyfa mér að segja, að verði ráðslag núverandi hæstv. ríkisstj. kallað skipulagsleysi, þá er orðið öngþveiti allt of vægt yfir það ástand, sem ríkjandi var á tímum vinstri stjórnarinnar. Sannleikurinn er sá, að það er fyrst í tíð núverandi hæstv. ríkisstj., sem umtalsvert skipulag á öllum okkar þjóðarbúskap er hafið. Síðast í dag var lagt hér fram frv. til l. um skipulag framkvæmda á vegum ríkisins, þar sem lagt er til að lögfesta allumfangsmiklar meginreglur um þetta efni. Fyrir forgöngu ríkisstj. hafa nákvæmar framkvæmdaáætlanir verið gerðar og unnar af hinum færustu mönnum.

Úr því að minnzt er á skipulagsleysi í sjávar-

útvegsmálum, má minna á viðreisn stofnlánasjóða allra okkar aðalatvinnuvega. Ríkisstj. hefur gert sér ljóst, að þörf er á sem nákvæmustum áætlunarbúskap í þjóðfélagi okkar. Slíkt er erfitt, meðan afkoma okkar byggist að langmestu leyti á stopulum sjávarafla, sem bezt sýnir sig nú, þegar gera þarf þær ráðstafanir, sem hér er lagt til að gerðar verði. Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa enda stigið stórt skref í þá átt, að afkoma þjóðarinnar verði í náinni framtíð ekki eins háð því, sem úr sjónum aflast, og hingað til, og á ég þar við stóriðju þá, er lagður hefur verið grundvöllur að.

En af því að hv. þm. stjórnarandstöðuflokkanna hafa í frammi slíkar fullyrðingar um skipulagsleysi í sjávarútvegi og fiskiðnaði, þá er eðlilegt, að spurt sé um tillögur þeirra til úrbóta í þessum efnum. Það fer furðulitið fyrir þeim, enda sagði hv. 5. þm. Austf., með leyfi hæstv. forseta, orðrétt við 1. umr. hér í hv. d. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins: „Það er að vísu býsna flókið mál að ætla að tilgreina nákvæmlega, hvað skuli gert til viðréttingar íslenzkum sjávarútvegi í öllum greinum.“ Það var og, og leyfi ég mér að líta svo á, að í þetta skipti hafi hv. þm. talað af hreinskilni, enda í fullu samræmi við tillögugerðir hans og sálufélaga hans í stjórnarandstöðunni í þessum málum. Ég vil hins vegar benda á til viðbótar því, sem ég sagði um viðreisn stofnlánasjóða sjávarútvegsins, að ríkisstj. hefur að undanförnu veitt fé til hagræðingar og framleiðsluaukningar í fiskiðnaðinum. Ég vil minna á, að ríkisstj. beitti sér fyrir samningu og framkvæmd hagræðingaráætlunar, sem á fjögurra ára tímabili, síðustu 2 ára og næstu 2, mun að óbreyttu kosta ríkissjóð 15 millj. kr., til þess að kenna trúnaðarmönnum verkalýðsfélaganna og vinnuveitenda grundvallaratriði þess, hvað hagræðing og vinnurannsóknir eru. Það er áreiðanlega rétt stefna, að þessi áætlun nái tilgangi sínum, áður en veitt verður aukið fé til hagræðingar, eins og stjórnarandstaðan leggur nú til, þannig að starfsmönnum og stjórnendum sé a. m. k. gert ljóst, við hvað er átt með hagræðingu og að hverju er stefnt með henni. Í 10. gr. þessa frv., sem hér er til umr., er gert ráð fyrir, að fram verði látin fara athugun á rekstraraðstæðum og fjárhagslegri uppbyggingu frystiiðnaðarins í samráði við samtök framleiðenda og þær lánastofnanir, er sérstaklega starfa fyrir sjávarútveginn.

Þá má enn minna á þá nýju stefnu, sem mörkuð var af hálfu ríkisstj. við ákvörðun fiskverðsins um s. l. áramót. Þessi stefna var ekki ný að því leyti, sem um var að ræða uppbót á verð landaðs fisks, heldur vegna þess, að miklu meiri verðuppbót verður greidd á fisk utan aðalvertíðar, og þar af leiðandi er þetta til eflingar útgerðar hinna minni fiskiskipa og til stórstyrktar aukinni hráefnisöflun fyrir frystihúsin, einmitt á þeim tíma, sem þess er mest þörf. Því má skjóta hér inn í, að eftir það, sem fyrir lá fyrir síðustu áramót um stórfellt verðfall á erlendum mörkuðum á frystum fiskafurðum, þá gerðu útgerðarmenn og sjómenn sér ekki háar vonir um hækkað hráefnisverð. Þegar svo fyrir lá, að fiskverð mundi samt sem áður hækka um 8% að meðaltali, þá var því yfirleitt vel tekið, eins af þeim, sem á undanförnum árum hafa á stundum staðið að mjög harkalegri kröfugerð hvað snertir verð sjávarafla. Jafnvel var fiskverðinu vel tekið af þeim, sem stunda bolfiskveiðar aðeins á þeim tíma, sem greidd er 5% verðuppbót, mánuðina marz og apríl, þar sem þeir höfðu góðan skilning á, hvað hér lá til grundvallar. Sú óánægja, sem síðar kom upp, þótt ekki væri almenn, var af allt öðrum toga spunnin. Hún var óánægja, sem spratt upp vegna áróðurs í dagblöðunum Tímanum og Þjóðviljanum og einnig kannske vegna ötulla umsvifa erindreka frá stjórnarandstöðuflokkunum, þótt ekki sé vitað til, að þeir hafi þá verið búnir að uppgötva það snjallræði að láta opinberar stofnanir standa straum af ferðakostnaði sendisveina sinna, eins og Framsfl. síðar í sama tilgangi og frægt er orðið.

Þeim hv. þm. stjórnarandstöðunnar, sem tala um skipulagsleysi og stjórnleysi í sjávarútvegsmálum, en hafa þó sjálfir engar raunhæfar till. til úrbóta fram að færa, þeim skal til viðbótar því, sem áður hefur verið sagt, bent á ýmis mikil framfaramál í þessum efnum, sem nú liggja fyrir í hinu háa Alþingi. 8 þm. Sjálfstfl. flytja frv. til l. um fiskimálaráð. Það var að heyra á hv. 5. þm. Austf. hér á dögunum, að hann hefði alls ekki kosið að eiga aðild að till. um þá skipan mála, sem lagt er til með frv. um fiskimálaráð, enda veit ég ekki, hvort hann hefur átt þess nokkurn kost. Þessi hv. þm. lætur við það sitja að lýsa því yfir, að það sé að vísu býsna erfitt, býsna flókið mál að tilgreina nákvæmlega, hvað gera skuli til viðréttingar íslenzkum sjávarútvegi í öllum greinum. Eftir er svo að sjá, hver akkur íslenzkum útvegi verður í svo skarplegri uppgötvun. Með frv. um fiskimálaráð er lagt til, að stofnað verði ráð, sem, eins og segir í grg. fyrir frv., skal í samvinnu við alla þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, móta heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og í markaðsmálum. Lagt er til, að í þessu ráði eigi sæti fulltrúar útgerðar, helztu greina fiskiðnaðar, sjómanna, verkamanna, lánastofnana sjávarútvegsins og helztu stofnana, sem fjalla um efnahagsmál og sérmál útvegsins. Það er skoðun mín, að með samþykkt frv. til laga um fiskimálaráð og ötulli framkvæmd þeirra, eftir því sem þau lög standa til, þá sé brotið blað í sögu íslenzkra sjávarútvegs- og fiskiðnaðarmála. Það kann að vera, að ekki sé gert ráð fyrir nægilegu fjármagni til framkvæmdar þeirra mikilvægu verkefna, sem frv. gerir ráð fyrir að fiskimálaráð fjalli um, en reynist ráðið vanda sínum vaxið, þá mun skjótlega verða ráðin bót á því.

Þá skulu þeir, sem mest tala um stjórnleysi í útvegsmálum, minntir á yfirlýsingu hæstv. sjútvmrh. um byggingu fjögurra skuttogveiðiskipa. Ég vil geta þess, að við nokkrir þm. Sjálfstfl. flytjum till. til þál., sem útbýtt hefur verið hér í hv. d. og er á þskj. 368, þess efnis, að rannsökuð verði nákvæmlega öll atriði þessa máls, áður en hafizt verður handa um framkvæmdir. Nú er það að vísu svo, að því hefur lengi verið haldið fram í þessum efnum, að skuttogarar væru það, sem koma skal. Ekki er þó vitað til, að hér liggi enn þá neitt fyrir, sem sanni óyggjandi þá staðhæfingu. Mér skilst á þeim, sem bezt þekkja, að skip eins og togararnir Maí, Sigurður og Víkingur séu talin frábær skip til síns brúks. Ekki verður séð, hverju máli getur skipt upp á rekstrarhæfni skipanna, hvort trollið er tekið inn á hlið þeirra eða inn um skutinn. Líklegt er þó, að vinnuaðstaða á tveggja þilfara skipum, eins og skuttogarar eru, sé miklu betri, og er auðvitað mikið fyrir það gefandi. En ekki verður heldur séð, hverju máli það skiptir hvað rekstrarhæfni snertir. Þó kann svo vel að vera. En af því að þetta og fjölmargt annað í þessu sambandi krefst ýtarlegrar rannsóknar, áður en skynsamlegt er að láta til skarar skríða, þá er þáltill. á þskj. 368 flutt. Það má ekkert til spara í tilraunum við að koma fótum undir íslenzka togaraútgerð á nýjan leik, og er enda ákveðið að því stefnt.

Til viðbótar öllu því, sem nefnt hefur verið, má minna á till. um fiskrækt í fjörðum, og fjölmargt mætti enn nefna, sem sýnir, að unnið er fullum fetum að öflugri uppbyggingu og framförum í sjávarútvegs- og fiskiðnaðarmálum.

Nú, þegar fyrir liggur að veita stórfé úr ríkissjóði til aðstoðar frystihúsaeigendum í landinu, verð ég að játa, að ég hef á stundum átt erfitt með að bægja þeim grunsemdum frá mér, að hin harðskipulögðu samtök frystiiðnaðarins í landinu væru að skara eld að sinni köku umfram brýnar þarfir. Þeir, sem fylgzt hafa með hinni miklu fjárfestingu í frystiiðnaðinum á undanförnum árum og séð önnur umsvif frystihúsaeigenda og staðreynt, að þeir hafa velflestir plumað sig mjög vel þrátt fyrir stopulan sjávarafla og þrátt fyrir meðalnýtingu þeirra stórkostlegu fjárfestingarfyrirtækja, innan við 20% að meðaltali, þegar bezt lætur 50%, þeir hljóta að undrast, að þessir aðilar riði nú til falls við fyrsta högg, eftir að þeir hafa lifað feit ár að undanförnu að eigin sögn. Í kaupstað úti á landi starfaði lítið frystihús, sem um áratugaskeið, er mér óhætt að fullyrða, var hæsti útsvarsgreiðandi á staðnum. Einnig um áratugaskeið fékk þetta frystihús afla af aðeins einum til tveimur 15—20 smálesta línubátum á vetrum, og voru vertíðir á þessari tíð yfirleitt miklu megurri en bæði fyrr og síðar. Á sumrum seldu nokkrar trillur frystihúsi þessu afla sinn, en auk þess keypti frystihúsið nokkurt magn af togaraafla. Þetta var allt hráefnið, sem um var að tefla. Á því lék á hinn bóginn enginn vafi, að húsið var frábærlega vel rekið. Þrátt fyrir það, að ekki var meira umleikis en þetta, þá kom að því, að þetta frystihús fjárfesti upp á milljónatugi, margfaldaði húsakost sinn, vélakost og tók í notkun öll nýjustu tæki og tækni þessu að lútandi. Til viðbótar þessu var í samvinnu við aðra hafin ný og stór útgerð til öflunar hráefnis. Þetta dæmi sýnir, að ekki hefur alltaf þurft mikið til, að fyrirtæki þessi skiluðu góðum arði, og er það vel. En horfandi á þetta, er þá að undra, þótt mönnum vakni grunsemdir um, að frystihúsamenn berji sér umfram ástæður, þegar og í fyrsta skiptið að kalla, sem harðnar verulega á dalnum hjá þeim. Það var í tíð hv. 5. þm. Austf. sem sjútvmrh., að hafin var bygging þriðja frystihússins í litlu sjávarplássi á Vestfjörðum, íbúar voru rétt rúmlega 400 og vinnuafl ekki nægjanlegt fyrir hin tvö, sem fyrir voru, og þaðan af síður hráefni. Spyrja mætti þennan hv. þm., sem telur, að landsstjórnarmenn eigi að vera með nefið niðri í hvers manns koppi, hvers vegna hann sem sjútvmrh. stöðvaði ekki slíka ósvinnu á sínum tíma. Við getum hins vegar látið það liggja milli hluta, heldur skoðað hitt, hvernig það mátti vera, að slíkt var gert, hvernig það mátti vera, að fyrirsvarsmenn fjármálastofnana leyfðu slíkt, því að fyrirtæki þetta var ekki byggt fyrir eigið fé nema að mjög litlu leyti. Skýringin er aðeins ein, og hún er sú, að atvinnuvegur þessi hafi verið slík gullnáma, að þrjú frystihús gætu lifað góðu lífi í þessu litla sjávarplássi þrátt fyrir þær ástæður, sem ég greindi frá. Önnur skýring er ekki til. Og því spyr ég enn aftur: Er ástandið orðið svona slæmt hjá frystiiðnaðinum í upphafi ótíðar, eins og þeir vilja vera láta?

Enn er eitt ótalið, sem gerir alla samúð með þessum aðilum erfiðari, en það er hin nýja umbúðaverksmiðja, sem þessir aðilar eru að láta reisa eða samtök frystiiðnaðarins fyrir tugi millj. kr., en svo sýnist sem þetta fyrirtæki sé gersamlega óþarft, þar sem fyrir er í landinu fullkomin umbúðaverksmiðja, sem annað getur allri umbúðaþörf um ófyrirsjáanlega framtíð. Hefði ekki verið nær fyrir samtök frystiiðnaðarins að verja þessu fé til aukinnar hagræðingar og framleiðni? Þótt það sé raunar óþarft, þá vil ég leggja áherzlu á, að ég hef ekki verið með neinar getsakir í garð þessara aðila, sem hér um ræðir. Ég hef aðeins sagt, sem satt er, að ég hef stundum átt erfitt með að bægja frá mér grunsemdum til orðnum af orsökum, sem ég hef rakið. Héðan í frá ætti að vera einfalt og auðvelt að eyða öllum grunsemdum. Eftir að fyrirtæki frystiiðnaðarins í landinu eru farin að taka við almannafé til uppbyggingar og rekstrar, þá kemur auðvitað ekki annað til greina en að opinberir trúnaðarmenn fái greiðan aðgang að öllum þeirra rekstri og reikningshaldi, og sama er auðvitað að segja um samtök þessara aðila.

Eins og fram kemur í 6. gr. frv. þess, sem hér liggur fyrir til umr., er gert ráð fyrir, að

stofnaður skuli sjóður, sem hafi það hlutverk að greiða verðbætur vegna verðfalls á frystum fiskafurðum, sem framleiddar eru á árinu 1967. Það er að vísu ekki lagt til í þessu frv., að stofnaður verði verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, en fram koma hugmyndir um stofnun hans, og skal hugsanlegur greiðsluafgangur þessa verðbótasjóðs renna til hans sem stofnfé. Það var að heyra á hv. 5. þm. Austf. við 1. umr. málsins, að hann væri lítið hrifinn af hugmyndinni um stofnun slíks sjóðs. Komu fram getsakir hjá honum um, að fjár til sjóðsins mundi aflað með álögum á óskyldar greinar sjávarútvegs, sem að sjálfsögðu voru alveg úr lausu lofti gripnar, þar sem málið er engan veginn komið á rekspöl. Allt að einu er þessi hugmynd alveg sjálfsögð, enda hyggindi, sem í hag koma, að safna í góðæri til harðari ára, og ættum við vissulega að gera meira að því en gert hefur verið og í fleiri atvinnugreinum og þá allra helzt í greinum, sem svo miklar sveiflur eru á sem þessari, sem hér um ræðir.

Hv. 5. þm. Austf. orðaði það svo hér á dögunum, að stefna núverandi ríkisstj. hefði verið íslenzkum sjávarútvegi óhagstæð. Þessi hv. þm. nefndi sem dæmi, að viðskiptabankarnir tækju til sín í ábyrgðarþóknun 1% af þeirri fjárhæð, sem þeir ganga í ábyrgð fyrir erlendis vegna kaupa á fiskiskipum, þetta væri þung byrði á fiskiskipaeigendum eða fiskiskipakaupendum, sem rétt er. En þessi ábyrgðarþóknun hefur verið innheimt í áratugi og einnig innheimt í hans tíð sem sjútvmrh. Hvers vegna beitti þessi hv. þm. sér ekki fyrir afnámi þessa gjalds, meðan hann var ráðh., eða öllu heldur, hvað hefur þessi hv. þm. aðhafzt í þessu máli sem bankaráðsmaður í Útvegsbanka Íslands? Hefur hann lagt þar til, að þessi ábyrgðarþóknun verði afnumin? Það verður að svara þessu.

Eitt var það í ræðu hv. 5. þm. Austf. hér á dögunum, við 1. umr. þessa máls hér í hv. d., sem mér satt að segja var óskiljanlegt og fýsir mjög að fá skýringar á. Hann sagði, að það væri dýrt að eiga 2000 millj. kr. gjaldeyrisvarasjóð, sem gæfi aðeins af sér 3—4% í vexti, meðan Seðlabankinn greiðir þeim aðilum, sem binda fé hjá honum, 8—9% í vexti. Hvað á hv. þm. við með þessu? Er það hans skoðun kannske, að það borgi sig ekki að eiga gjaldeyrisvarasjóð, sem allar þjóðir telja algjöra undirstöðu þess, að um fyrirhyggjusaman búskap sé að ræða í einu landi?

En nú sem þessi hv. þm. gagnrýnir núverandi ríkisstj. harðlega fyrir stefnu, sem reynzt hafi íslenzkum sjávarútvegi óhagstæð, þá er ekki úr vegi, að hann telji upp einhver afrek sín frá því, er hann gegndi embætti sjútvmrh. Sannleikurinn er sá, að í hans ráðherratíð var ekkert blað brotið í málefnum útvegsins, allt sat við það sama. Hv. þm. slapp áfallalítið úr embættinu sjálfu í skjóli góðæris til sjávarins. Hitt skiptir þó öllu máli, að hann bar fullkomna ábyrgð á þeirri ríkisstj., sem þá réð ríkjum og reið þjóðarbúskapnum á slig í heild, og gilti það að sjálfsögðu jafnt um sjávarútvegsmál og ekki síður en önnur mál. Nú hefur það verið játað, bæði af honum og öðrum, að góðæri hafi ríkt, góðæri hafi verið til sjávarins árin 1957 og 1958. Það var því ekki þess vegna, sem þróun mála fiskiskipaflotans varð með þeim hætti í tíð vinstri stjórnarinnar, sem raun ber vitni um. Árið 1956 var tala fiskiskipa yfir 100 rúmlestir 50 og samanlagður brúttórúmlestafjöldi 7829. Þetta var árið 1956, þegar þessi hv. þm. kemur að stjórnvelinum. Í árslok 1958, þegar hann hefur skilað honum, er tala skipanna 49, hafði fækkað um 1 og samanlagðar brúttórúmlestir minnkað úr 7829 í 7561. Þetta eru óhrekjanlegar tölur. Frá þessum tíma, í tíð viðreisnarstjórnarinnar, aftur á móti hefur þessum skipum fjölgað upp í 184 eða um 135 og rúmlestatalan aukizt úr 7561 í 35559 eða um 27998 brúttólestir, svo að allir sjá, hver gjörbylting hefur átt sér hér stað.

Hvernig stóð á þessari þróun mála í tíð vinstri stjórnarinnar sælu? Að vísu hvarf lánstraust Íslendinga í öðrum löndum alveg á þessum árum, en þó ekki svo, að trúlega hefðu Norðmenn lánað okkur fé til kaupa á fiskiskipum, svo áfjáðir sem þeir eru í að selja framleiðslu sína. Það, sem úrslitum réð, var hins vegar, að undir þessari dæmalausu stjórn fýsti engan útvegsmann að leggja út í svo mikið fyrirtæki sem kaup á nýju fiskiskipi er. Meðan ekkert blasti við nema eymd og volæði og gjaldþrot þjóðarbúsins, var ekki eðlilegt, að neinn þyrði að leggja til atlögu við stórfyrirtæki, þótt hann kynni að öðru leyti að hafa á því tök. Þetta gjörbreyttist hins vegar, þegar viðreisnarstjórnin tók við völdum, og hefur haldizt síðan, sem dæmin sanna.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í sambandi við umr. um þetta mál á þskj. 290 til þess að ræða hér 2. gr. frv. Ég hafði ekki hugsað mér að fara út í almennar umr. í sambandi við það, sem ég ætla að segja hér.

Ég get ekki látið hjá líða að gefnu tilefni að þakka hv. 3. þm. Austurl. fyrir þá ræðu, sem hann flutti hér áðan. Hún var á ýmsan hátt fróðleg og á margan hátt skemmtileg. Hún sýnir betur en flest annað, hvernig fer fyrir mönnum, þegar þeir trúa blint á áróður Morgunblaðsins og annað, sem frá ríkisstj. kemur, án þess að kynna sér það nánar.

Það voru 4 atriði, sem ég tel, að máli hafi skipt í ræðu þessa hv. þm. Í fyrsta lagi sagði hann, að ríkisstj. hefði beitt sér gegn verðbólgunni allt sitt stjórnartímabil og náð verulegum árangri. En ástandið sannar betur en nokkuð annað og þetta frv., sem við erum að fjalla um nú, getuleysi hæstv. ríkisstj. Þessi þáttur var sönnun fyrir getuleysi ríkisstj., fyrst þetta var aðalverkefnið. Ástandið er þannig, að vísitalan hefur tvöfaldazt. Meira er nú varið til niðurgreiðslna en nokkru sinni fyrr, svo að hundruðum millj. nemur er meira varið til

niðurgreiðslna núna en áður hefur verið, beinir styrkir með atvinnuvegunum í landinu, og í raun og veru ástand þeirra þannig að sögn þeirra, sem fyrir atvinnuvegunum standa, að ekki er séð um framtíð þeirra, og ráðstafanir, sem nú er verið að gera, eru aðeins til bráðabirgða.

Í öðru lagi sagði hv. 2. þm., að aðeins væri til einn hópur manna, sem hefði aðra stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, og það væri Framsfl. Það er vel, að hv. þm. hefur áttað sig á því, að það er einn flokkur í þessu landi, sem hefur aðra stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, þ. e. Framsfl. Á þessu vil ég vekja alveg sérstaka athygli, og ég held, að hv. þm. hefði gott af því að kynna sér stefnu Framsfl. í efnahagsmálunum.

Í þriðja lagi ræddi hv. þm. í sambandi við þáttinn Þjóðlíf. Þegar heyrist í þjóðinni, þegar þjóðlífið sjálft kemur í útvarpið, þáttur þess, þá er það áróður Framsfl. Rödd þjóðarinnar er rödd Framsfl. Hverjir hafa ástæðu til að fagna þessu og þakka, ef það eru ekki framsóknarmenn? Og ég hef alveg sérstaka ástæðu til þess að fagna því, að þessi hv. þm., sem er þó mjög trúaður á áróður sjálfstæðismanna, skuli hafa áttað sig á þessu.

Fjórða atriðið var, að stefnan yrði óbreytt áfram, ef ríkisstj. mætti ráða, og svo ætti að reyna að komast fram hjá getuleysinu, stefnuleysinu og öðru hinu með því að benda á till., sem einstakir þm. stjórnarflokkanna, eins og hv. 11. landsk., hafa lagt hér fram á hv. Alþ. Í leiðindum sínum út af getuleysi hæstv. ríkisstj. til þess að leysa vandamálin flytja þeir till. til að láta þjóðina halda, að í stjórnarflokkunum sé þó eitthvað af mannskap, sem hugsar á annan veg en ríkisstj. gerir.

Ég ætla ekki að ræða fleira um það, sem fram kom í ræðu þessa hv. þm.

Í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir til 2. umr., vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa úr nál. okkar framsóknarmanna við 2. umr. fjárlaga fyrir jólin í vetur, en þá komumst við þannig að orði: „Þá er enn óljóst, hvernig ríkisstj. ætlar sér að leysa aðkallandi vandamál sjávarútvegsins og frystihúsanna, og ekki sjáanlegt annað en til þess þurfi einhverjir fjármunir að koma.“ Við bentum þá á, að þetta vandamál, sem nú er verið að fást við, var til staðar, þegar fjárl. voru afgr. fyrir jólin, og eðlilegast var, að vandamálið væri einmitt leyst þá. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. tekið upp þau vinnubrögð hér á hv. Alþ. að afgr. fjárl. fyrir jól, en koma svo með aukafjárl. eða viðbótarfjárl. í höfuðatvinnumálum þjóðarinnar í janúar og febrúar og nú fram í marz. Þetta eru vinnubrögð, sem ekki á að viðhafa á hv. Alþ. Það var öllum ljóst, sem um þjóðmál hugsa, og öllum þeim, sem atvinnumál þekkja, að fram hjá þessum vanda, sem nú er verið að fást við, varð ekki komizt. Efnahagsstefna ríkisstj. hefur leitt til þessa vanda, eins og hv. 4. þm. Reykn. hefur gert grein fyrir, og það varð að leysa hann, eins og nú hefur sýnt sig, að ríkisstj. er að bjástra við. Þetta var svo augljóst, að það hlaut að vera, að þeir, sem tóku á málunum raunhæft og eðlilega, með fullri ábyrgð, leystu þessi fjárl. og þennan þátt efnahagsmálanna samtímis. Hæstv. ríkisstj. sá ekki ástæðu til þess og er þess vegna nú að leysa þennan þátt.

Ég vil líka minna á það, að í sambandi við fjárl. í vetur, — þá kem ég að því, sem var erindi mitt hér upp í ræðustólinn, og það er sú tekjuöflun, sem hæstv. ríkisstj. hyggst fara í 2. gr. þessa frv., — ég benti á það og við framsóknarmenn við fjárlagaafgreiðsluna í vetur, að ríkisstj. hefði verið svo rausnarleg við margar stofnanir í þessu landi að hækka fjárveitingar til þeirra um 30—40%. Við lýstum þeirri skoðun okkar, framsóknarmenn, að við teldum ekki hægt að veita embættum eins og saksóknaraembætti, borgarfógetaembætti, lögreglustjóraembætti, almannavörnum o. fl. 30 og 40 og jafnvel upp í 50% hækkun á fjárveitingum, á sama tíma og ekki væri hægt að sinna eðlilega málum eins og skólamálum, rafmagnsmálum og vegamálum, svo að dæmi séu nefnd. Við töldum, að það væri fráleitt með öllu að byggja fjárlög þannig upp, að rekstrarkostnaður væri hækkaður gífurlega, ef þessum málefnaflokkum væri ekki sinnt. Nú vil ég til samanburðar benda á, hvernig komið er fyrir þessum málefnaflokkum, eins og skólamálum, raforkuframkvæmdum og vegamálum. Á sama tíma sem fjárl. hækka frá árinu í fyrra um 24—25% í heild og ýmsir málaflokkar um 20—30 og 30—40 og þaðan af meira, eins og ég drap á hér áðan, þá hækkar til skólabygginganna á landinu frá s. l. ári um 7.8%, til rafvæðingar í sveitunum um 3.1% og til vegamálanna um 1%. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að þegar þannig er haldið á fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar, er von, að gagnrýnt sé, að einstaka embætti og stofnanir fái hækkað fé til rekstrarins um 30—40% og þaðan af meira. Þetta gagnrýndum við í vetur, og er ekki síður ástæða til að gagnrýna það nú, þegar lengra er gengið í því að taka fé af þessum nauðsynlegustu framkvæmdum.

Ég benti á það við 2. umr. fjárl. hér í vetur, hvernig ástandið í skólamálunum væri, og við gerðum það í okkar nál., fulltrúar Framsfl. í fjvn., og spurðumst fyrir um, hvernig ætti að taka á þeim vandamálum, sem þar yrði við að fást. Það þýðir ekkert að skella skollaeyrum við því, tala um, að fjárfesting megi ekki eiga sér stað. Hér er vandamál, sem verður að leysa, vegna þess að við viljum hafa okkar fólk sæmilega menntað. Til þess að svo megi verða, verður að vera húsnæði, til þess að svo megi verða, verður að vera húsnæði, til þess að það geti notið þeirrar kennslu, sem fram á að fara. Hæstv. ríkisstj. fannst ekki nóg að gert þá í þá átt að halda þessum liðum niðri og hækka hina, heldur hefur hún nú haldið áfram á þeirri braut og tekur 10% af fé, sem á að fara til skólamála, raforkumála, hafnarmála o. fl. slíkra málaflokka. Það eru rausnarlegar fjárveitingar í hafnirnar, þar sem

hæstu hafnir fá 700 þús., að taka 70 þús. þar af! Það er furðulegt í sjálfu sér, að þetta geti skeð.

Það er ekki nóg að gert í þessu efni að reyna að hafa vald eða reyna að tefja eðlilega uppbyggingu landsbyggðarinnar, heldur er einnig farið að taka af tekjustofnum sveitarfélaganna í gegnum jöfnunarsjóðinn. Nú hefur það komið fram í umr. hjá hæstv. ríkisstj., að verðstöðvunin muni geta komið því til leiðar, að sveitarfélögin þurfi ekki á þessum tekjustofnum að halda á árinu 1967, eins og verið hefur. Nú er því til að svara, að ríkisstj. sjálf og ríkissjóður býr við verðstöðvun að dómi hæstv. ríkisstjórnar. Þrátt fyrir það verður að hækka rekstrarliði fjárlagafrv. um 20—30% og upp í 40%. Ekki kemur verðstöðvunin að fullum notum þarna, meira fé þarf til. Hins vegar er það svo, að þær tekjur, sem jöfnunarsjóðurinn hafði umfram áætlun s. l. ár, sem voru um 20 millj. kr., það er þegar búið að deila þessum tekjum út til sveitarfélaganna á árinu, sem var að líða. Þessi sveitarfélög eru þrátt fyrir það sízt ofhaldin af sínum tekjum á því ári, vegna þess að rekstrarkostnaður sveitarfélaganna fór geysilega fram úr áætlun vegna verðbólgunnar. Á árinu 1967 á því það að ske, að jafnhliða því, sem á að taka 20 millj. af framlagi jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna á því ári, á jöfnunarsjóðurinn einnig að leggja 15 millj. fram í lánasjóð sveitarfélaganna, sem hann hafði ekki á s. l. ári, og það eru því 35 millj. kr. minni fjárhæð, sem jöfnunarsjóðurinn hefur yfir að ráða á næsta ári, þó að tekjurnar næðu því, sem þær náðu þá, sem ekki er heldur séð. Sjá allir, hvernig að sveitarfélögunum er búið með þessum hætti ofan á það að taka af þeim fé til framkvæmda, og margar þessar framkvæmdir, sem ríkissjóður er nú að greiða fé til, eru þegar gerðar og aðeins er um afborganir af föstum lánum að ræða og kostnað við þau, auk þess sem framkvæmdir eins og skólar, hafnir og gatnagerð eru óumflýjanlegar og er ekki hægt að stöðva nema að mjög takmörkuðu leyti frekar en það er hægt að stöðva eðlilegan framgang hlutanna.

Ég verð að segja, að mér er það í sjálfu sér óskiljanlegt, hvers vegna hæstv. ríkisstj. fer inn á þá braut, sem hún fer hér inn á. Hér er um að ræða 85 millj. kr. fyrir ríkissjóð, aðeins 85 millj. kr. Fjárlögin eru hins vegar upp á um 5 milljarða. Það er ekki svo nákvæmlega frá áætlun fjárlaga gengið, að 85 millj. mundu muna þar miklu frá eða til, enda verður að segjast, að það er alger óþarfi að greiða upp á einu ári yfirdráttarlánið í Seðlabankanum og óframkvæmanlegt, fyrst ríkisstj. þurfti að grípa til þessa ráðs í stuðningi við atvinnuvegina. Það, sem hér er á ferðinni, er því annað mál, sem ekki er hér til umr. og er forðazt að nefna. Hér er verið að rýma fyrir framkvæmdum, sem ríkisstj. metur meira en hinar opinberu framkvæmdir eins og skóla, hafnir og vegi. Það hlýtur að vera stefnt að því að rýma fyrir öðrum framkvæmdum, sem að dómi ríkisstj. eru meira virði en þessar. Hæstv. ríkisstj. fer hér freklega inn á það að þrengja kosti sveitarfélaganna, og er minnug þess, að sveitarstjórnarkosningar fóru fram s. l. ár, en eiga ekki að fara fram á þessu eða næsta ári, og vonast til þess, að þá verði þessi ráðstöfun gleymd. Samband ísl. sveitarfélaga eða stjórn þess hefur mótmælt harðlega þessum ráðstöfunum og hvað freklega er á rétt sveitarfélaganna gengið, og ýmsar sveitarstjórnir hafa gert það sama.

Ég vil enda þessi orð mín hér með því að mótmæla harðlega slíkum ráðstöfunum að ganga svo freklega á fjárveitingar til verklegra framkvæmda og til sveitarfélaganna í landinu, á sama tíma sem útþensla og eyðsla í ríkiskerfinu eykst hröðum skrefum.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að lengja þessar umr. neitt að ráði og ekki að ræða frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins í einstökum atriðum, að því er snertir sjávarútveginn eða þær ráðstafanir, sem allir virðast vera sammála um, að nauðsynlegar séu til þess að koma honum á rekstrarhæfan grundvöll um eitthvert tímabil a. m. k. Það voru aðeins nokkur orð um fjáröflunarleiðirnar, sem ég ætlaði að leyfa mér að flytja hérna.

Satt að segja hef ég verið að búast við því núna í dag, að einhverjir aðrir þm. Reykv. en ég, og þá fyrst og fremst kannske úr Sjálfstfl., mundu vekja athygli á samþykkt frá borgarráði Reykjavíkur, sem Alþ. hefur verið send og skýrt var frá, að lægi frammi á lestrarsal, í upphafi þess fundar, sem nú stendur yfir. Ég er nú eiginlega orðinn úrkula vonar um, að aðrir verði til þess að vekja athygli á þessari samþykkt, og þess vegna ætla ég að leyfa mér að minna á hana.

Sú ályktun, sem þarna er um að ræða, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Reykjavík, 15. marz 1967.

Á fundi sínum í gær samþykkti borgarráð Reykjavíkur að ítreka mótmæli stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, við því ákvæði í frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, að framlag ríkissjóðs til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði skert um 20 millj. kr. Borgarráð samþ. enn fremur að tilkynna Alþ. þessa afstöðu Reykjavíkurborgar.

Undirskrifað: Geir Hallgrímsson."

Eins og öllum hv. þdm. er að sjálfsögðu kunnara en rekja þurfi, er það Sjálfstfl., sem skipar meiri hluta borgarráðs Reykjavíkur. Ég hefði þess vegna vænzt þess, að slík ályktun frá þessum meiri hluta ásamt þeim minni hluta, sem þar er fyrir hendi, mundi vekja einhverja af hv. þm., a. m. k. þm. þessa byggðarlags, til umhugsunar um það, hvort ekki væri stefnt hér inn á ranga braut.

Ég vil geta þess hér í leiðinni, að sams konar bréf eða mjög sama efnis og með svipuðu orðalagi hefur enn fremur borizt frá bæjarstjórn Akureyrar.

Því bréfi eða þeim mótmælum stjórnar Sam-

bands ísl. sveitarfélaga, sem borgarráð á við, hefur verið útbýtt hér á Alþ. Þau eru þess efnis, að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga mótmælir harðlega því ákvæði í frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem nú liggur fyrir Alþ., að greiðslur til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði lækkaðar um 20 millj. kr. Þessari ályktun Sambands ísl. sveitarfélaga fylgdi allýtarleg greinargerð, sem ég ætla að leyfa mér að minna á og lesa úr stutta pósta, með leyfi forseta:

„Lagt hefur verið fram á Alþ. frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Í frv. þessu er gert ráð fyrir að lækka greiðslu til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1966 frá því, sem ákveðið er í tekjustofnalögunum, um 20 millj. kr. Í grg. frv. er upplýst, að tekjur jöfnunarsjóðs 1966 muni fara 23 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga fyrir árið 1966, og er ráðgerð lækkun rökstudd með því, að sveitarfélögin njóti góðs af árangri verðstöðvunarinnar og því sé sanngjarnt, að þau taki nokkurn þátt í ráðstöfunum til að tryggja framgang hennar. Það hafi verið baráttuefni sveitarfélaganna árum saman að fá nýjan tekjustofn, þ. e. hlutdeild í söluskatti ríkissjóðs.

Í samþykkt söluskattslaganna, nr. 10 1960, og laga um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 19 1960, kom ríkisvaldið til móts við þessa ósk sveitarfélaganna og sýndi með því skilning á aðstöðu þeirra og því mikilsverða hlutverki, sem þau gegna í þjóðfélaginu.“ Og síðan segir, að lögfesting þessa fyrirkomulags hafi markað tímamót í samskiptum sveitarfélaga og ríkissjóðs. Sveitarfélögin telja sig hafa bæði þakkað þetta og metið. Því ber að harma það, að með ákvæðum frv. skuli nú stefnt að skerðingu þessara þýðingarmiklu réttinda sveitarfélaganna.

Síðar í þessari grg. segir, að sveitarfélögin telji það mjög ranglátt, að til viðbótar þeim útgjaldahækkunum, sem áður eru raktar í grg., eigi að koma hvort tveggja skerðing á framlagi til jöfnunarsjóðs og lækkun á framlagi ríkisins til sameiginlegra framkvæmda þess og sveitarfélaganna, svo sem gert er ráð fyrir í frv. Og þessu bréfi lýkur á þennan hátt:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga treystir því, að hv. Alþ. leysi þetta mál á farsælan hátt fyrir sveitarfélög landsins, þannig að þeim verði ekki torveldað að gegna þeim þýðingarmiklu verkefnum, sem löggjöfin hefur falið þeim.“

Undir þessa grg. og þessa ályktun Sambands ísl. sveitarfélaga hefur borgarráð Reykjavíkur, eins og ég áðan sagði, mjög eindregið tekið og ekki bara gert um það samþykkt, heldur sent Alþ. þá samþ., að sjálfsögðu til þess að reyna að hafa áhrif á úrslit þessa máls. Og ég vænti þess, að þeir þm. Reykjavíkur a. m. k., sem hér eru inni, vilji taka vilja allra kjörinna borgarfulltrúa, hvar í flokki sem þeir standa, til greina í þessu efni.

Einhver kann að vilja benda á það, að frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins sé þegar búið að ganga gegnum Ed., án þess að nokkur hv. þm. þar hafi séð ástæðu til þess að snúast gegn þessu ákvæði, þ. e. a. s. nokkur þm. úr hv. stjórnarliði. En ég vil segja það þeim hv. stjórnarþm. þar til afsökunar, að þegar málið var afgreitt þar, þá lá ekki fyrir þessi áskorun borgarráðs Reykjavíkur, og því tel ég tvöfalda ástæðu til þess fyrir þm. í þessari hv. d. að skoða málið betur en lá fyrir, þegar málið var til umr. og afgreiðslu í Ed., enda þótt vitanlega mætti segja, að allir þm., a. m. k. þeir, sem sveitarstjórnarmálefnum sinna, hefðu átt að gera sér ljóst, hvað lögfesting þessara ákvæða þýðir fyrir sveitarfélögin.

Nú vill svo vel til, að við afgreiðslu þessa frv. hér í þessari hv. d. hefur verið lögð fram brtt. á þskj. 369, sem gerir öllum þm. það auðvelt og fært að verða við þessari ósk borgarráðs Reykjavíkur, þar sem 1. brtt. þess minni hl. sjútvn., sem stendur að nál. á þskj. 369, er einmitt svona: „Til að standa straum af greiðslu þeirrar viðbótar við fiskverðið, sem heimiluð er í 1. gr. þessara laga, er ríkisstj. heimilt að verja allt að 85 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966.“

Eins og margsinnis hefur verið rakið hér við þessa umr. og svo við 1. umr. þessa frv., þá eru ákvæði þess að því er snertir fjáröflun aðallega með fernu móti. Það er í fyrsta lagi 140 millj. kr. framlag, sem greiða á af tekjuafgangi ársins 1966 og á að standa undir því framlagi, sem skv. frv. er ætlað að leggja í svokallaðan verðjöfnunarsjóð. Það er í öðru lagi eftirgjöf frá ríkisábyrgðasjóði, sem nemur 15 millj. kr. Það er í þriðja lagi niðurskurður verklegra framkvæmda á fjárlögum ársins 1967, 10%, sem áætlað er að geri, að mig minnir, 65 millj. kr. Og að lokum svo þessar umræddu 20 millj. kr., sem á að skerða hlut jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af tilföllnum tekjum ársins 1966.

Í grg. þessa frv. er látið að því liggja, að það sé eðlismunur á því tvennu, hvort framlög eru ákveðin til verðjöfnunarsjóðsins eða hvort þau eru ákveðin til hækkunar á fiskverði eftir öðrum leiðum. Þennan eðlismun get ég ekki komið auga á, og ég get ekki verið honum samþykkur. Ég hygg, að hann sé í reynd enginn, vegna þess að það eru vafalaust mjög litlar líkur til þess, að afgangur verði af þeim 140 millj. kr., sem ráðgert er að leggja í verðjöfnunarsjóðinn, þannig að í reynd hygg ég, að þeir fjármunir verði uppbætur á fiskverð eins og aðrar bætur skv. þessum lögum og því sé enginn eðlismunur á þessum tvennum greiðslum. Ef svo skyldi vera, að ekki væri þörf á því að greiða þær verðuppbætur, sem 6. gr. frv. gerir ráð fyrir, þá er vissulega þeim mun meiri ástæða til þess að fagna því og þá verða greiðslurnar að sjálfsögðu léttbærari ríkissjóði, sem því nemur, þ. e. a. s. ef ekki verður þá stofnaður þessi verðfallssjóður, sem er nú ráðgerður,

hvort sem uppbæturnar verða greiddar eða ekki. Enn liggur þó engan veginn fyrir, hvernig honum verður hagað.

Hv. frsm. meiri hl. sjútvn., 2. landsk. þm., sagði hér áðan í framsöguræðu sinni, að aðeins um tvær leiðir væri að ræða til þess að standa undir þessum útgjöldum, sem á ríkissjóð væru lögð. Hann sagði, að það væri þessi leið, þ. e. a. s. taka af jöfnunarsjóði sveitarfélaganna og að skera niður verklegar framkvæmdir, sem Alþ. er nýbúið að ákveða skv. fjárlögum, eða, sagði hann, að leggja á nýja skatta. En ég held, að hann hafi gleymt þriðju leiðinni, þ. e. þeirri, sem lögð er til með brtt. á þskj. 369, sem ég var áðan að minnast á, þ. e. að greiða þessar 85 millj. til viðbótar af greiðsluafgangi 1966, sem upplýst er, að er fyrir hendi, 800—900 millj. kr., hef ég heyrt, án þess að ég taki ábyrgð á því, — hæstv. fjmrh. er ekki samþykkur þeirri tölu, og hann leiðréttir hana þá væntanlega, ef þess gerist þörf, — en alla vega er mörg hundruð millj. kr., svo að ég reyni að hafa þetta rétt, og er óráðstafað. Alþ. hefur ekki ráðstafað greiðsluafgangi 1966. Þess vegna getur Alþ., ef því svo sýnist, ákveðið það, að þessar greiðslur skuli greiðast af greiðsluafgangi 1966, og hætt við að klípa þetta tillag af jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Hv. 2. landsk., frsm. sjútvn., sem hér talaði áðan, var búinn að reikna það út, að þessar 20 millj. kr. væru ekki nema 1% af heildartekjum sveitarfélaganna. Og hann sagði, að það væri um slíkt lítilræði að tefla, að hann teldi það ekki eftir sveitarfélögunum, annað eins og búið væri fyrir þau að gera, að manni skildist, að bera þennan bagga. Þetta átti auðvitað að sýna það, 1%, það er lág tala, hversu hér væri nú smátt klipið, hér væri um hreina smámuni að ræða. Ég tók það svo. Það hlýtur að hafa verið svo meint. Skv. þessu ættu þá allar tekjur sveitarfélaga að vera 2000 millj. kr., og má vel vera, að það sé rétt. Þá eru náttúrlega 20 millj. kr. heldur lítil fjárhæð, það má taka undir það. En ég hef ekki upplýsingar um, hve miklar tekjur allra sveitarfélaganna í landinu eru, en ég veit svona nokkurn veginn, hvað tekjur samkv. fjárlögum eru, þær munu vera 4800 millj. kr. og þó líklega nær 5 þús. millj. kr., ef vegaskatturinn, sem vitanlega er tekjur ríkisins, er talinn með, og þá telst mér til, að þessar 20 millj. séu ekki nema 0.4%, af heildartekjum skv. fjárlögum, svo að enn þá minna munar þá um þennan litla bagga á þeim stóra lið.

Það má kannske segja, að hér sé ekki um þá fjárhæð að ræða, að það taki því að vera að deila um það, hvar hana beri að taka, það muni litlu, á hvorum staðnum sem vera skal, það er 1% til sveitarfélaganna, en 2/5%, þegar rætt er um fjárlög ríkissjóðs. En hér er um stefnumálefni að ræða. Og ég held, að það sé ekki rétt braut að fara að skerða þá tekjustofna, sem sveitarfélögin hafa fengið í sínar hendur. Ég held, að þeir séu fremur of fáir og of smáir en of miklir, og þessu til staðfestingar vil ég leyfa mér að vitna í bréf, sem fylgdi mótmælum Sambands ísl. sveitarfélaga og samið er af formanni Sambands ísl. sveitarfélaga, Páli Líndal borgarlögmanni, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn sambandsins hefur rætt þetta mál og telur, að hún geti ekki fallizt á þessa skerðingu, enda sé hér um að ræða mjög snögglega stefnubreytingu hvað snertir viðhorf ríkisins til sveitarfélaganna, — stefnubreytingu, sem muni valda erfiðleikum í sveitarfélögunum, bæði fjárhagslegum og þá ekki síður stjórnmálalegum. Stjórn sambandsins telur, að síðustu árin hafi samskipti ríkisins og sveitarfélaganna farið mjög batnandi og hafi skilningur ríkisvaldsins á aðstöðu sveitarfélaganna mjög aukizt. Sérstaklega meta þau mikils þá skipun, sem upp var tekin fyrir nokkrum árum, er sveitarfélögum var veitt hlutdeild í söluskatti og þeirri skipan komið á, að sveitarfélögin fengju árlega framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga. En rétt er þó að benda á, að sú hlutdeild, sem sveitarfélögunum hefur verið veitt í tekjum jöfnunarsjóðs, hefur þrívegis raskazt, þar sem sveitarfélögin hafa ekki haldið því hlutfalli af tekjum, sem upphaflega var ákveðið. Þar sem Sambandi ísl. sveitarfélaga var ljóst," — það stendur nú svona hérna — „að nauðsyn var á þeim hækkunum, var þessu ekki mótmælt, og má vera, að sambandið gjaldi þessa aðgerðarleysis, þegar beinlínis er að því stefnt að skerða þær tekjur, sem gildandi lög gera ráð fyrir."

Eins og þarna er tekið fram, hefur þrátt fyrir till. í þá átt aldrei verið á það fallizt, frá því að upphaflegu lögin um söluskatt voru sett, að sveitarfélögin héldu því hlutfalli, sem þeim þá var ákveðið af söluskattinum. Augljóst er þó, að með vaxandi innheimtu söluskatts til ríkissjóðs minnka þeir tekjustofnar, sem sveitarfélögin hafa til þess að leggja á, því að vitanlega er gjaldþol einstaklinganna takmarkað. Ef nú á enn að fara að skerða þennan litla hlut, sem sveitarfélögin hafa haldið í innheimtu söluskattsins, hygg ég, að farið sé út á varhugaverðar brautir, sem sagt farið inn á stefnubreytingu, sem muni valda erfiðleikum í sveitarfélögunum, bæði fjárhagslegum og þá ekki síður stjórnmálalegum, svo að aftur sé vitnað til orða Páls Líndals formanns Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég vil því mjög eindregið hvetja menn til að endurskoða þessi ákvæði og vænti þess, að einhverjir þm. a. m. k., sem hafa ætlað sér að fylgja þessu frv., endurskoði þá afstöðu sína nú, þegar þessi mótmæli liggja fyrir.

Ég ætlaði ekki að lengja þessar umr., og mér hafði satt að segja skilizt það, að þessu máli lægi nokkuð á og það væri af hálfu hæstv. ríkisstj. nokkurt kapp lagt á það, að menn lykju umr. hið allra fyrsta. En ég sá það áðan rétt fyrir fundarfrestunina, að svo muni ekki vera, því að þá var hér af hálfu stjórnliða haldin löng ræða, sem gaf mörg tilefni til athugasemda af hálfu okkar, sem stjórnarandstöðuna skipum.

Ég ætla ekki að gera þessa ræðu að neinu verulegu umtalsefni hér, en með því að tíminn er nægur og tilefnið ærið, hafði ég hugsað mér að víkja að kannske tveimur eða þremur liðum í þessari ræðu. Sú ræða, sem ég á hér við, var flutt af hv. 3. þm. Austf., Sverri Hermannssyni.

Hann vildi í fyrsta lagi kenna Framsfl. um þá verðbólguþróun, sem hér hefði átt sér stað á undanförnum árum. Hann sagði, að Framsfl. væri hinn eini, sem hefði aðra stefnu en framfylgt væri, og manni skildist, að þessari stefnu Framsfl. væri það að kenna, hver verðbólga hefði verið hér nú að undanförnu. Ég held, að það verði ákaflega erfitt fyrir þennan hv. þm. að sannfæra fólk almennt um, að þessu sé svona varið.

Hann sagði enn fremur, að samningarnir við verkalýðsfélögin samkv. júní-samkomulagi, sem svo hefur verið kallað, hefðu stuðlað að því að draga verulega úr verðbólgunni. Það er svo sem alveg satt, að verkalýðsfélögin hafa sýnt þessari hæstv. ríkisstj. alveg ótrúlegt langlundargeð og meira langlundargeð en oft hefur verið að mæta úr þeirri átt, þar sem þau hafa sætt sig við það, að kaupmáttur tímakaupsins hefur lítið sem ekkert hækkað á undanförnum 7—8 árum. Það má vissulega viðurkenna þetta hjá verkalýðsfélögunum, og menn leggja það út eftir því, sem þeim líst. En ýmislegt hefur þó annað verið gert, og það mætti kannske spyrja þennan hv. þm., 3. þm. Austf., að því, hvað það hafi dregið mikið úr verðbólgunni, að samið var um vísitölu á lán húsnæðismálastjórnar, þannig að þeir, sem byggja nýjar íbúðir, verða einir allra að bera þær drápsklyfjar? Hann svarar þessu væntanlega hér á eftir. Í framhaldi af þessu: Hvað þurfa kaupgreiðslur að hækka til þess að standa undir þessum auknu útgjöldum?

Samhengið milli kaupgjalds og húsnæðiskostnaðar hefur svo oft verið rakið og rifjað upp hér á hv. Alþ., að ég hygg, að það sé óþarfi að gera það einu sinni enn. Þess vegna skal ég ekki fara langt út í það, en aðeins segja, eins og hér hefur raunar oft verið bent á, að lágmarkskaupgreiðslur hljóta vitanlega að miðast við það, að menn hafi húsnæði til að búa í, og sú ráðstöfun að setja vísitöluálag á húsnæðislánin hefur gert þennan kostnað meiri, og þess vegna þarf lágmarkskaupið að hækka þegar af þessari ástæðu. Þetta er alveg augljóst mál, og þarf ekki að eyða fleiri orðum að því.

Þá vék þessi hv. þm. að því reginhneyksli, sem ég vil kalla, að ráðh., einn eða fleiri, beitti sér fyrir því, að málfrelsið í útvarpinu var skert, að það fékkst ekki að flytja þátt, hann var bannaður. Það var útvarpsþáttur bannaður, áður en nokkrum var kunnugt um efni hans. Ég held, að það hafi þurft mikla hreysti eða þá vanþekkingu til þess að fara að hreyfa þessu máli hér, svo mikla hneisu sem aðstandendur þess, ráðh. og meiri hl. útvarpsráðs, hafa haft af þessu máli. Ég held, að það þurfi ekki að ræða þetta mjög ýtarlega hér að þessu sinni, þar sem fyrir þingið hefur verið lögð till., sem gengur í þá átt að sporna við því, að ráðh. séu að fikta við dagskrá útvarpsins, og að ákvörðunarvaldið um þau efni sé hjá þeirri n. eða þeirri stofnun, sem á að hafa það, sjálfu útvarpsráði. Ég vil bara segja þessum hv. þm. það, að ég hygg, að af mörgum ráðstöfunum og aðgerðum, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur verið gagnrýnd fyrir, sé fátt, sem hún hefur verið meira gagnrýnd fyrir en einmitt þetta, og ég hygg, að það verði hvorki honum né flokki hans til framdráttar að bíta höfuðið af skömminni með því að reyna að hafa æruna af ungum manni með því að brigzla honum um misnotkun í opinberu starfi. Ég er anzi hræddur um, að ef enginn, sem tekur launagreiðslur frá útvarpinu, mætti reka pólitísk erindi, þá færi að fækka erindrekum stjórnarflokkanna, og ég hygg, að þeir mættu líta sér nær, þeir sem gagnrýna þennan unga mann fyrir það að hafa gert fleira, eftir að hann var búinn að skila sínu erindi, en það, sem útvarpið fól honum. (Gripið fram í.) Augljóst er, að einhverju þarf að breyta, því að þessir síðustu atburðir sýna, að ástandið þarf endurskoðunar við.

Þá vék þessi hv. þm., 3. þm. Austf., að því sem hann sagði að við kölluðum stjórnleysið í útvegsmálunum, og þá fannst honum vera langt gengið, þegar stjórnarandstæðingar töluðu um það, að í útvegsmálunum ríkti stjórnleysi, eða hefðum við ekki tekið eftir því, að svo til allir þm. Sjálfstfl. hér í þessari hv. d. hefðu nú á allra síðustu dögum flutt hvert frv. öðru merkara um það, sem til stæði og ætti að gera í sjávarútvegsmálunum til þess að koma þeim í viðunandi horf. Jú, jú, við höfum séð þessi frv., og við drögum okkar ályktanir af flutningi þeirra. Við vitum, hvað stendur til í vor, og samhengið er augljóst. Ég verð að segja, að það er ekki sigurstranglegt að leggja út í baráttuna með það aðalhaldreipi, að eftir 8 ára stjórnarsetu séu það nokkur frv. einstakra þm. Sjálfstfl., sem fleygt er inn í þingið á síðustu dögunum og vonlítið er að nokkra afgreiðslu fái, sem eiga að vera það flotholt, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að fljóta á inn yfir brimgarðinn að þessu sinni. Hafa þessir menn ekki haft neina aðstöðu undanfarin 7—8 ár? Hafa þeir ekki getað gert þetta, sem þeir nú vilja? Hefur ekki Sjálfstfl. verið aðalþátttakandi í ríkisstj. undanfarin 2 kjörtímabil? Ég veit ekki betur. Og ástandið í sjávarútvegsmálunum eftir þetta 7 eða 8 ára tímabil er þannig, að þm. Sjálfstfl. í hv. Nd. sjá sig knúna til þess að flytja þmfrv. til þess að skýla nekt hæstv. ríkisstj. Eða er þetta ekki svona? Er þetta kannske á hinn veginn? Er það Alþfl., sem hefur ráðið því, að þessir ráðagóðu þm. Sjálfstfl. hafa ekki fengið að koma því fram, sem þeir hafa allan tímann viljað? Þessu get ég ekki svarað. Þessu getur hv. 3. þm. Austf. væntanlega svarað, enda er hann einn af þeim, sem að einhverjum af þessum frv. standa.

Það var sjálfsagt ýmislegt fleira í þessari ræðu, sem hefði mátt gera hér að umtalsefni,

en ég ætla nú að láta þetta duga. Eg stóð hér fyrst og fremst upp til þess að vekja athygli á þeirri ályktun borgarráðs Reykjavíkur, sem ég hef nú leyft mér að lesa fyrir hv. þdm., til þess að tryggja það, að hún færi ekki fram hjá þeim, og ég tel sérstaklega, að hv. þm. Reykv. í stjórnarflokkunum ættu nú að hlusta á það, sem þessir flokksbræður þeirra hérna hinum megin við Austurvöll hafa til málanna að leggja, því að það hefur löngum verið talið ráðlegt, að vinstri höndin vissi, hvað sú hægri gerði. Ég vil treysta því, að þessi mál verði tekin til athugunar, og hér er, eins og bent hefur verið á, um það stórvægilegt atriði að ræða, að það má vel koma því fyrir á annan hátt, ef menn bara vilja.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það var rétt um það bil, þegar þeir 2 hæstv. ráðh., sem mál þetta, sem hér er nú til umr., heyrir einkum undir, höfðu komið hér upp í ræðustólinn og þakkað fyrir skjóta og góða afgreiðslu á málinu í sjútvn. og undirstrikað það mjög, að þeir vildu nú ekki gefa tilefni til frekari umr. um þetta mál en orðið væri og öllu átti að vera lokið, þá skauzt hér upp í ræðustólinn einn nýr þm. úr liði stjórnarinnar og þurfti að bæta hér við nokkrum orðum. Það var greinilegt, að það kom einkum á ráðh., þegar þetta gerðist, og líklega meira á þá en flesta aðra. En hvað um það, menn tóku fljótlega eftir því, að það, sem hér var að gerast, var þessi ósköp venjulegi atburður, að hér var á ferðinni ungur sjálfstæðismaður, sem þurfti að láta birta eftir sig grein í Morgunblaðinu. Hann virtist ekki vera öruggur um að fá greinina birta þar nema koma hér upp í ræðustól og lesa hana upp hér fyrst, jafnvel þó að það kostaði það, að það tefði nokkuð fyrir ríkisstj. að ljúka því máli, sem hún var búin að þakka fyrir afgreiðslu á hér að þessu sinni.

Þessi hv. þm. hafði sýnilega vandað sig mjög, kom hér með samda ræðu, hafði ekki verið alveg tilbúinn til að taka hér þátt í þeim almennu umræðum um þetta mál, sem fram fóru við 1. umr., og hóf mál sitt á því að finna að því við stjórnarandstöðuna, að hún hefði skágengið það í þessum umr. að ræða þann hluta þessa máls, sem væri í rauninni kjarni vandamálsins. Ég vildi strax reyna að hlusta eftir því, hver væri kjarni vandamálsins að áliti þessa hv. þm., og það stóð auðvitað ekki á því, að það kæmi fram. Hann tilgreindi tvennt, sem um væri að ræða sem grundvallarvandamál sjávarútvegsins, eins og nú væri ástatt. Annað væri skyndilegt verðfall á erlendum mörkuðum, hitt væri minnkandi bolfiskafli á bátum, og eins og þm. sagði, hvorugt var á valdi ríkisstj. að ráða við. Ekki gat hún ráðið því, að verðlag féll á erlendum mörkuðum, og ekki gat hún ráðið við það, þó að færri fiskar bitu á krókana en áður. Og eflaust er þetta rétt. Þetta stendur ekki í valdi ríkisstj. að ráða við, og þar með hélt þessi þm., að ríkisstj. væri kvitt og hana væri ekki að sakfella um eitt né neitt í sjávarútvegsmálum, eins og nú væri komið.

Ég hafði gert einmitt nokkuð af þessum atriðum að umtalsefni hér við 1. umr. málsins, og því miður virðist þessi hv. þm. ekki hafa veitt því mikla athygli, sem ég var að tala þá um, og ég neyðist því til þess að endurtaka sumt af því aftur, þó að ég nenni ekki að hafa það hér yfir allt aftur. Ég vil því í tilefni af þessu spyrja hv. þm. að því, m. a. varðandi erfiðleika íslenzks sjávarútvegs í dag: heldur hann, að erfiðleikar togaraflotans í dag stafi af verðfalli á mörkuðum, — heldur hann það? Heldur hann, að ástæðan til þess, að nú eru reknir í landinu aðeins um 16 togarar, en í upphafi viðreisnar voru reknir um 46, — heldur hann, að þessi fækkun stafi af því? Ég get varla trúað, að hann líti þannig á málin, að þetta sé ástæðan til þess, hvernig komið er fyrir íslenzkri togaraútgerð. Hv. þm. virðist halda það líka, að um það hafi verið að ræða nú síðustu árin, að það hafi verið um verulega minnkandi afla að ræða hjá bátaflotanum miðað við þá sókn, sem um hefur verið að ræða hjá bátaflotanum. Það er líka misskilningur. Það er tiltölulega létt að átta sig á því, að þannig liggja málin ekki fyrir. Þegar athugaður er afli jafnt á línuveiðum sem netaveiðum, er ekki um að ræða neinn minnkandi afla á eiginlega einingu. Minnkandi heildarafli hefur beinlínis stafað af því, að það hefur verið um minnkandi þátttöku að ræða hjá flotanum í þessum veiðum. Hún hefur farið minnkandi ár frá ári, og til þess liggja alveg ákveðnar ástæður.

Í framhaldi af þessum hugsanagangi hjá þessum hv. þm. hélt hann því hér fram, að það væri ofureinfalt að leysa þann vanda, sem um væri að ræða í íslenzkum sjávarútvegsmálum nú í dag. Og vandinn eða lausnarorðið, sem hann hafði, var þetta: Til þess að leysa vanda bátaflotans varð að leyfa togveiðar í landhelgi. Og hann endurtók spurningu í sambandi við þetta atriði til mín og fleiri aðila hér, hvort við værum því sammála eða ekki að leysa vandamál bátanna á þennan einfalda hátt? Það er greinilegt, að þessi hv. þm. hefur ekki fylgzt mikið með því, sem hefur verið að gerast í íslenzkum sjávarútvegsmálum á undanförnum árum. Hann heldur kannske, að togveiðar báta í íslenzkri landhelgi hafi einhvern tíma átt hér einhvern verulegan þátt í heildarafkomu sjávarútvegsins, en það er mikill misskilningur. Þegar leyfi í þeim efnum voru sem ríflegust á allan hátt, var heildarþátttakan í togveiðum báta og heildaraflamagnið, sem þá kom á land, algert lítilræði borið saman við útgerð bátaflotans í heild. Og það, sem hefur verið að gerast nú hin síðari ár, þegar þrengt hefur að bátaflotanum, á því ekki rætur sínar að rekja til þess, að bátaflotanum sé nú meinað að stunda þær veiðar, sem hann yfirleitt telur sér hagstæðari en aðrar veiðar. Það er rétt, að á einstaka stað hefur borið á því nú í seinni tíð, þar sem sérstaklega hefur verið erfitt að manna bát-

ana til annarra veiða og þar sem bátarnir jafnvel hafa ekki fylgt fyllilega á eftir með allan útbúnað og stærð og gerð bátanna, þá hefur sótt nokkuð í það, að menn hafa viljað fá aukin leyfi til landhelgisveiða. En allir, sem þekkja nokkuð til, vita, að hér er í rauninni um hreint aukaatriði að ræða einnig varðandi útgerð bátanna. En svo þyrfti þessi hv. þm. að gera sér grein fyrir því, að jafnvel þó að um það væri að ræða, að fyrir lægi sú spurning, hvort það ætti að veita hinum minni fiskibátum nokkuð aukna heimild til landhelgisveiða með botnvörpu frá því, sem verið hefur, jafnvel þótt um það væri að ræða að veita slíka heimild til þess að greiða lítils háttar fyrir bátum á stöku stað, þá þarf hann að átta sig á því, að það er margt annað og fleira, sem hér fylgir með og gerir það að verkum, að þannig líta þessi mál ekki út í dag, að um það sé að ræða, að hægt sé að greiða fyrir bátunum á stöku stað á þennan hátt. Og þar eru skýrustu fyrirmælin frá hans eigin ríkisstj., þar sem forustumennirnir þar hafa alveg tvímælalaust tekið fram, að þeirra afstaða væri sú, að það kæmi hreinlega ekki til mála að veita bátunum nokkur viðbótarfríðandi til veiða í landhelgi, án þess að togaraflotinn fengi þau líka. Hér hefur því verið um það að ræða varðandi þetta mál, hvort við ættum að breyta okkar aðalreglum í þessu varðandi þessar veiðar og heimila bæði togurum og bátum á tiltölulega mjög víðum grundvelli auknar landhelgisveiðar.

Nú hefur það hins vegar verið upplýst í þessum málum, að okkar aðalfiskifræðingar telja, að það sé ekki um að villast, að nú sé þannig ástatt með þorskstofninn við Ísland, að á Íslandsmiðum beri á því, að allt of mikið sé veitt úr stofninum af smáfiski, af ókynþroska fiski, og þeir hafa varað við þessum miklu veiðum á smáfiski. Þessir sömu fiskifræðingar hafa svo gefið út skýrslur um það, hvaða veiðarfæri það séu, sem séu hættulegust einmitt smáfiskinum. Og hvað kemur út úr því? Þar skera sig tvö veiðarfæri úr, þannig að þau hafa algera sérstöðu, að það er ekki samanlíkjandi á neinn hátt við önnur veiðarfæri, en það eru botnvarpan og dragnótin, þar sem yfirgnæfandi meiri hluti aflans er einmitt þessi smáfiskur, sem þeir vara sérstaklega við, að nú sé farið að bera á ofveiði á. Og á það hefur einnig verið bent af okkar fiskifræðingum og m. a. af mér hér á Alþ. hvað eftir annað, að það væri mjög nauðsynlegt, að við notfærðum okkur þá samninga, sem við höfum við aðrar þjóðir um það að gera samkomulag við þær um að draga úr veiðinni hér á Íslandsmiðum, sem sérstaklega bitnar á ungfiskinum. En það eru til alþjóðlegar samþykktir, sem gefa okkur rétt til þess að heimta það af þessum þjóðum, að þær taki þátt í því að draga úr slíkum veiðum.

Það er mín skoðun, að þetta sé eitt af þýðingarmestu málum okkar, sem við stöndum frammi fyrir nú varðandi íslenzkan sjávarútveg, það sé einmitt að koma því til leiðar með samningum við aðrar þjóðir að fá samkomulag um að friða tiltekin veiðisvæði á Íslandsmiðum, þar sem ofveiðin á smáfiski einkum fer fram. Þetta yrði væntanlega gert á þann hátt, að togveiðar yrðu bannaðar bæði Íslendingum og útlendingum á vissum svæðum í kringum landið á tilteknum tímum a. m. k. En nú sjá það allir menn, að einmitt þegar svona stendur á og þegar þetta kallar að, væri það lélegur undirbúningur að málsókn af okkar hálfu Íslendinga, ef við ætluðum, á sama tíma og við leitum til annarra þjóða um að minnka þessar hættulegu veiðar, sem þær stunda hér alveg sérstaklega á vissum svæðum við landið, — ef við á sama tíma breyttum þannig til okkar fiskveiðireglum, að við heimiluðum stórauknar togveiðar einmitt á uppeldisstöðvum smáfisksins við landið. Slíkt væri heimskulegt og nær vitanlega engri átt. Þetta eru þær kringumstæður, sem hér er um að ræða og hv. þm. hefur ekki gert sér neina grein fyrir sýnilega. Þetta lá alveg greinilega fyrir þeirri mþn., sem var að athuga um þetta spursmál og hefur skilað sérstöku áliti til ríkisstj. varðandi þessi efni og þar sem þm. úr öllum flokkum voru sammála um það, að eins og nú væri ástatt og eins og þessi mál lægju nú fyrir, væri óhyggilegt að opna fyrir frekari veiðum íslenzkra togara og togbáta í landhelgi. Ég hef hins vegar sagt það æðioft, að það er mín skoðun, að það kemur fyllilega til greina á réttum tíma, þegar aðstæður eru eðlilegar, — þá kemur það fyllilega til greina að halla til reglum varðandi veiðar einnig með botnvörpu og dragnót fyrir minni fiskibáta í landhelginni. En við eigum ekki að gera það, sem getur í bezta falli fært okkur tiltölulega lítinn ábata, en gæti hins vegar orðið okkur til stórtjóns, þegar litið er á heildina.

Það er því með öllu þýðingarlaust fyrir þennan hv. þm. að ætla að stilla þessu máli upp þannig nú, að hér sé um eitthvert lausnarorð að ræða fyrir íslenzkan sjávarútveg. Hann ætti að vita það, að mikill meiri hl. útgerðarmanna í landinu, sem á íslenzka bátaflotann, hefur þegar lýst því yfir opinberlega með atkvgr., að þeir eru algerlega á móti því að rýmka þessar reglur, og alveg sérstaklega má heita, að þeir séu svo til einróma á móti þessari rýmkun, ef rýmkunin á að kosta það, að togaraflotinn fylgi á eftir, eins og virðist vera alveg greinileg stefna ríkisstj. og hefur komið fram hvað eftir annað. Það er því ekki um það að ræða að bæta afkomu bátaflotans, eins og nú er ástatt, á þennan hátt, að opna aðeins landhelgina, eða hægt sé að bjarga íslenzkri togaraútgerð með því að hleypa henni enn nær landinu en verið hefur. Slíkt er hrein skammsýni. Það, sem þarf að horfast í augu við varðandi bæði togaraútgerð og bátaútveg, er, að það þarf að grípa til fjölþættra ráðstafana til þess að bæta rekstrargrundvöllinn, því að rekstrargrundvöllur þessara þátta útgerðarinnar hefur verið að raskast á undanförnum árum. Aðalatriðið varðandi togaraútgerðina er vitanlega það, að það þarf með aðstoð ríkis-

valdsins að endurnýja íslenzka togaraflotann af þeirri tegund, sem nú ein er orðin rekstrarhæf. Og þar er vitanlega sú skoðun, sem kom fram hjá þessum hv. þm., að gömlu síðutogararnir okkar gætu fyllilega dugað og það væri allsendis ósannað, að þeir væru nokkuð lakari en hin nýjasta tegund af togurum, sem nú þekkist, — slíkur hugsunarháttur er auðvitað orðinn algerlega úreltur og með öllu rangur.

Þessi hv. þm. hefði átt að lesa grein, sem birtist í Morgunblaðinu núna fyrir bara nokkrum dögum frá einum okkar þekktasta togaraskipstjóra í landinu og þeim af togaraskipstjórum okkar, sem mesta reynslu hefur einmitt af því að hafa stundað veiðar jöfnum höndum á síðutogara og á skuttogurum og verksmiðjutogurum. Hann var ekkert myrkur í máli um það, hvað ætti að gera. Og hann lagði það einmitt til í þessari Morgunblaðsgrein, nákvæmlega það, sem ég og fleiri Alþb.-menn höfum verið að leggja hér til á undanförnum árum, að gera ætti í málefnum togaranna. Hann sagði: Það á ekki að hika við það, að það á þegar í stað að kaupa nokkra skuttogara af stærðinni 1400—1800 rúmlestir, og það á vitanlega að útbúa þessi skip þeirri nýjustu tækni, sem við þekkjum í dag, — og þá segir hann: Þá gætum við gert út þessi skip með 17—18 mönnum, í staðinn fyrir að nú höfum við á þessum skipum 32 og upp í 35 menn. Og efast ég þó ekkert um, eins og hann segir, að afköst þessara nýju skipa yrðu þrátt fyrir það miklum mun meiri en afköst gömlu skipanna. — Það er þetta, sem hefði átt að gera á undanförnum árum. Það er þetta, sem ríkisstj. hefur ekki skilið. Það er þetta, sem ríkisstj. hefur ekki viljað gera. Og það er líka alveg augljóst, hver er afstaða þess flokksins, sem ræður fyrst og fremst ríkisstjórnar-stefnunni í þessum efnum, þegar nú svo er komið, að hæstv. sjútvmrh. lýsir því yfir hér á Alþ., að ríkisstj. — sýnilega farin að titra með tilliti til kosninga — sé nú alveg komin að því að gera eitthvað í togaramálunum, að vísu sé það enn þá á borðinu til athugunar að kaupa t. d. 3—4 togara, alla af mismunandi gerðum, til þess að prófa hverja gerð fyrir sig, rétt eins og þetta sé einhver ný uppfinning, eins og enginn hafi prófað þessa hluti áður og menn yfirleitt hafi enga reynslu í þessum efnum. Þetta var þó að mínum dómi stórt spor fram á við frá fyrra skrefi, sem hæstv. sjútvmrh. tók, þegar hann hreyfðist í þessum málum, en þá hafði hann sagt, að hann vildi gjarnan taka einn svona togara á leigu erlendis og prófa hann í leigu, en festa sig ekki í þessum skratta auðvitað, sem menn vissu ekkert um, hvernig myndi reynast hér. En næsta skrefið var þó það, að hann talar um, að nú verði gerðar ráðstafanir til þess að kaupa 3—4 skip af mismunandi stærðum og þetta sé nú í athugun. En þá koma líka nokkrir áhugamenn Sjálfstfl. og kasta fram till. á Alþ., og meginefni till. er það: Nei, farið nú gætilega. Við skorum á ríkisstj. að hlutast til um, að sjútvmrh. fari ekki of hratt í þessu máli, hann athugi alla hluti vandlega, áður en nokkuð er gert í málinu. — Um það er till. Og þar er ýmislegt kostulegt upp talið. En þetta átti sérstaklega að sýna áhuga Sjálfstfl. núna rétt fyrir kosningar varðandi þetta þýðingarmikla mál. Upphaf till. var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Nd. Alþingis ályktar að skora á sjútvmrh. í framhaldi af yfirlýsingu hans um fyrirgreiðslu við smíði nokkurra skuttogara að fela þeim aðilum, sem fara munu með framkvæmd þessa máls, að hafa samráð við samtök togaraeigenda, sjómanna og eigenda hraðfrystihúsa vegna væntanlegrar endurbyggingar togaraflotans."

Það mátti búast við því, að nú hlypi sjútvmrh. á sig, færi nú allt of hratt og gerði þetta líklega án samráðs við alla. Já, hann þarf að gæta vel að sér, því að í till. segir enn fremur: „Einnig verði athugaðir möguleikar á erlendum lánum."

Sér er nú hver uppfinningin! Það er rétt að skjóta þessu að sjútvmrh., að togararnir verði ekki keyptir lánalaust og kannske borgaðir út í hönd og landið sett á hausinn. Það hafa ekki verið keyptir togarar hér til landsins, svo að ég muni til, án þess að þeim hafi fylgt allrifleg erlend lán, enda hefur það staðið alveg opið allan tímann, að hægt hefur verið tiltölulega auðveldlega að fá upp í 90% af andvirði skipanna að láni. Það hefur ekki staðið á því, að það vantaði peninga til framkvæmdanna. Það hefur staðið á því, að menn skildu, um hvað var að tefla og hvað átti að gera, og að þeir hefðu vilja til þess að ráðast í hlutina. En þeir, sem eru ekki enn búnir að átta sig á því, að nýjustu tegundir af togurum, eins og skuttogarar, séu betri en síðutogarar, gömlu togararnir okkar, þeir sem eru enn að fálma við það annaðhvort að taka skip á leigu eða fálma við það að kaupa einhverja reynslutogara, eiga auðvitað mikið eftir til þess að nálgast það, að þeir geti leyst vandamál togaraútgerðarinnar í landinu, eins og komið er. Sannleikurinn er sá, að svona hefur þessu verið varið á undanförnum árum með afstöðu ríkisstj. yfirleitt til sjávarútvegsins og nýjunga á vegum hans.

Þessi hv. þm., 3. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, fór, eins og vill stundum verða, þegar þeir reyna að bera hönd fyrir höfuð stjórnarinnar fyrir hennar aðgerðarleysi, þá hljóp hann í það að reyna að draga mynd upp af því, hvað hefði verið að gerast í þessum málum á vinstristjórnarárunum. Og þar virtist hann ekki vera allt of vel að sér, þessi hv. þm. Hann hélt því fram, að á þeim tíma hefði enginn maður viljað kaupa nýtt skip vegna þess, hvernig ástatt hefði þá verið í íslenzkum útgerðarmálum. En þessu var ekki svona farið. Menn geta að vísu villzt á þessu. Ég hef þurft að benda fleirum en honum á það, — og það er auðvitað svolítil sárabót

fyrir hann, að hann sé ekki miklu verri í þessum efnum en sumir hverjir aðrir, þó að hann sjái ekki ýkjalangt, — að þegar menn eru að átta sig á því og fletta upp í gömlum skýrslum, hvernig aukning t. d. skipaflotans hefur átt sér stað, verða menn að átta sig nokkuð á því, hvernig þessi mál ganga raunverulega fyrir sig. Þegar þessi hv. þm. slær upp töflu og lítur á það, hvað var keypt mikið af skipum á árinu 1956 eða 1957, og sér það á skýrslunum, að árið 1957 var komið tiltölulega lítið af nýjum skipum, 1957 var vinstristjórnarár, þar með hefur vinstri stjórnin ekkert gert í málinu, og 1958 kom dálítið meira af skipum, en ekki mjög mikið, aftur 1959 kom mjög mikið af skipum, og 1960 var komin viðreisnarstjórn, þá kom mjög mikið. Menn draga þá ályktun: Það var ekki fyrr en viðreisnarstjórnin kom, sem kom kippur í þessi mál, og þá fóru menn að trúa á framtíðina og þá keyptu þeir skipin. Svona er þessu nú ekki varið. Skipin, sem komu árin 1959 og 1960, þegar meira kom af skipum til landsins en nokkru sinni fyrr, voru pöntuð í tíð vinstri stjórnarinnar og allur grundvöllur lagður að þeim þá, vegna þess að það tekur 1—2 og stundum allt upp í 3 ár, frá því að ákveðið er að kaupa skip og samningar eru gerðir um þau, þar til þau eru komin og skráð og veitt eru lán út á þau hér á landi.

Ef þessi hv. þm. lítur á skýrslur, sér hann einmitt, að svona er þessum tölum háttað. Innflutningur á skipum til landsins var mjög mikill á árinu 1959. Það voru skipin, sem var verið að leggja grundvöllinn að á árunum 1958 og 1957, og á árinu 1960 sérlega mikið, — það voru einmitt þau skip, sem leyfi voru veitt fyrir seinni hluta ársins 1958 og á árinu 1959 í beinu framhaldi með samningum á milli þeirra flokka, sem þá stóðu að kjördæmabreytingunni, — leyfi, sem þeir gáfu út sameiginlega og samkomulag var um þeirra á milli. Og þessi skip voru sem sagt að koma til landsins og komu í gagnið á árinu 1960, og þessi skip voru einmitt keypt samkv. þeim grundvelli, sem lagður var á vinstristjórnarárunum.

Veit þessi hv. þm. það, að fyrsti stálfiskibáturinn, sem fluttur var til landsins og markaði í rauninni alveg tímamót í gerð okkar skipa nú í seinni tíð, var keyptur inn samkv. sérstakri forgöngu vinstri stjórnarinnar? Það kom í minn hlut að senda út sérstakan mann og gera samning um kaup á þessum bát í Noregi, fyrsta 150 tonna fiskibátnum, sem keyptur var til Eskifjarðar og gerbreytti síðan viðhorfum manna til stærðar og gerðar þessara fiskibáta. Og síðan kom hvað af öðru, vinstri stjórnin samdi, beint fyrir milligöngu ríkisins, um kaup á 12 skipum, 250 tonn að stærð, í Austur-Þýzkalandi, sem enn í dag eru einhver beztu skip í íslenzka síldveiðiflotanum. En það var hlutverk Sjálfstfl. á þessum tíma að ráðast alveg sérstaklega að þessum skipum sem sérstökum vandræðaskipum. Og síðan var það hlutverk Sjálfstfl. að taka þannig á móti þessum nýja flota, sem grundvöllurinn var lagður að í tíð vinstri stjórnarinnar, þessum miklu stærri og betur útbúnu skipum, sem voru að koma til landsins á þessum árum, að heil syrpa af þm. Sjálfstfl., 7 talsins, komu hér fram á Alþ. með till. um það, að ríkisstj. gerði sérstakar ráðstafanir til þess að hjálpa þessum stóru skipum við sérstakan útgerðarrekstur við Afríkustrendur, vegna þess, eins og stóð í till. þeirra sjálfstæðismanna, að það væri enginn rekstrargrundvöllur fyrir svona skip á Íslandsmiðum. Svona sáu þeir vel fram í tímann þá. Þetta var þeirra forusta. Hún er ekkert ósvipuð því einmitt, sem kemur fram í málflutningi þessa hv. þm. nú í dag.

En ég hafði af tilviljun hérna hjá mér m. a. fræðirit Efnahagsstofnunarinnar, og þar er m. a. skýrt frá því, hvað var að gerast varðandi okkar fiskiskipastól á þessum árum og þó einkum á fyrri hluta tímabili viðreisnarstjórnarinnar. Þessi skýrsla nær því miður ekki nema aftur til ársins 1960, en það ár var skipainnflutningurinn meiri en hann hefur verið nokkru sinni áður og nokkru sinni síðar. En á árinu 1960, á verðlagi þess árs, þá er verðmæti fiskiskipaflotans, nýrra innfluttra skipa, talið vera 478 millj. kr. En hvað gerðist á árinu 1961 og 1962? Þá hættu menn svo að segja algerlega að kaupa ný fiskiskip til landsins. Þeim leizt ekkert á viðreisnina, og þá hrundu kaupin úr 408 millj. kr. niður í 151 millj. Og það var síðan ekki fyrr en uppgripasíldaraflinn fór að koma til, sem nýju skipin færðu að landi, tiltölulega góður síldarafli á árinu 1961, ágætur síldarafli 1962, þá fóru menn sjálfir að hafa aðstöðu til að geta brotizt í gegn og hefja kaup á nýjum skipum, sem aftur koma svo til landsins á árunum 1963 og 1964. En það var gefið út m. a. af Fiskifélagi Íslands með sérstakri aths. frá fiskimálastjóra, Davíð Ólafssyni, að á árunum 1961 og 1962 varð útkoman sú varðandi okkar fiskiskipastól, að hann fór rýrnandi þau tvö ár. Aukningin samsvaraði ekki á þeim árum útstrikunum af skipaskrá. Og enn er rýrnun á flotanum. Ástæðurnar til þessa voru auðvitað þær, að árið 1960 var íslenzkum sjávarútvegi mjög óhagstætt vegna þeirra stefnu, sem þá var tekin upp. Árið 1961 var einnig mjög þungt, og þannig fór versnandi hagur útgerðarinnar áfram. En það er kannske rétt að minna þennan hæstv. þm. með nokkrum orðum á það, hvað aftur hefur raunverulega verið að gerast í málefnum sjávarútvegsins nú síðustu árin, sem hafa verið sjávarútveginum óhagstæð og ber að rekja beint til stjórnarstefnunnar, en hann þykist vilja losa hana undan því að bera ábyrgð á því, hvernig komið er. Kannast þessi hv. þm. við það, að ríkisstj. hafi ákveðið með efnahagsstefnu sinni að stórhækka alla vexti í landinu? Kannast hann við það? Getur hann gert sér það í hugarlund, hvað það muni þýða fyrir íslenzkan sjávarútveg, þegar vextirnir eru stórhækkaðir? Getur hann gert sér grein fyrir því, hvað

það muni þýða fyrir t. d. bátaútveginn, þegar stofnlánavextir í stofnlánasjóði sjávarútvegsins eru skyndilega færðir upp úr 4½% vöxtum upp í 6½%? Vitanlega er verið að stórauka álögurnar á útgerðinni á þennan hátt, og þegar verið er að knýja hér í gegn samþykkt um að lækka stofnlánatímann úr 20 árum niður í 15 ár, eða úr 15 árum niður í 12 ár, eins og gert var, þá er vitanlega líka verið að leggja viðbótarbagga á útgerðina. En einmitt slíka bagga hefur ríkisstj. verið að leggja á í fjöldamörgum greinum. Ein greinin var þessi, sem ég hafði hér minnzt á og þessi hv. þm. vék að, en það er hið svonefnda ábyrgðargjald í sambandi við kaup á nýjum bátum. Hann hélt, að hann hefði þá þægilegu leið að segja: Ábyrgðargjaldið var líka borgað í tíð vinstri stjórnarinnar. — Þetta er reginmisskilningur hjá hv. þm. Í tíð vinstri stjórnarinnar giltu þær reglur, að þá var frjálst að kaupa skip erlendis frá, þegar menn fengu til þess innflutningsleyfi, en þá var sú regla í gildi, að menn urðu að fá leyfi til þess að kaupa inn skipin, og þá voru engar sérstakar hömlur settar á það, að menn mættu ekki greiða þessi skip með eðlilegum hætti eins og hvern annan innflutning. En í tíð núverandi ríkisstj. voru settar þær reglur, að það er ekki leyfilegt að flytja fiskiskip inn til landsins þannig að það sé borgað út. Það eru þau skilyrði á um lánveitingar úr fiskveiðasjóði, að 7 ára lán verði að fylgja erlendis frá á 70% af andvirði skipsins, og það eru þessar reglur, sem hafa kallað á það, að það þurfti sérstaka bankaábyrgð, og bankarnir fóru þá út í það að taka 1% á ári af ábyrgðinni og komast í það að taka á þennan hátt 1/2 millj. af hverjum venjulegum nýtízku síldarbát, sem keyptur er til landsins núna, — 1/2 milljón. Efast kannske hv. þm. um það? Ég hef nefnilega alveg nýlega séð einn reikning yfir bát, sem fór nokkuð yfir 1/2 millj. En það kann að vera, að á árinu 1958 hafi samt einhverjir bátar verið fluttir inn þannig, að eigendurnir hafi fengið eitthvað að láni erlendis, því að það var ekki bannað, ef það greiddi eitthvað götu þeirra, og í einstaka tilfellum fengu menn viðbótarlán erlendis við þau lán, sem þeir gátu fengið hér úr fiskveiðasjóði. En slíkt hefur verið bannað nú, að taka slík lán til fiskibátakaupa, og þeir hafa þurft að setja bankatryggingu fyrir slíku. En hin almenna regla var ekki svona, enda var það svo, þegar þá var samið við samtök sjávarútvegsins um rekstrargrundvöll bátanna á hverju ári, þá óskuðu þeir aldrei eftir neinni aðstoð varðandi þessi mál. En nú hafa óskirnar komið fram margendurteknar frá hálfu sjávarútvegsmanna og samtökum þeirra um að fá leiðréttingu á þessu. En þeir hafa ekki fengið þá leiðréttingu.

Þessi hv. þm. ætti líka að vita það, að í tíð núverandi stjórnar hefur bátafloti landsins beinlínis með sérstökum stjórnaraðgerðum verið skattlagður til þess að standa undir hallarekstri togaranna í landinu, bæði í gegnum aflatryggingasjóð og eins í gegnum vátryggingakerfið. Og ríkisstj. hefur ekki enn komið því í verk að breyta þessu. Hún heldur sér enn þá við sína stefnu í þessum efnum.

Það eru þessi atriði, sem ég hef m. a. minnzt á nú, ásamt mörgum öðrum, sem ég hef gert að umtalsefni áður, sem í öllu sanna það, að stefna núverandi ríkisstj. í málefnum sjávarútvegsins hefur verið sjávarútveginum fjandsamleg. Þessi atriði öll sýna það og sanna. Og við þetta bætist svo auðvitað það, sem hér skiptir þó allra mestu máli, en það er afstaða ríkisstj. til verðlagsmálanna í landinu. Ríkisstj. virðist beinlínis hafa látið sér það í léttu rúmi liggja á undanförnum árum, hvort verðlagið innanlands stórhækkaði eða ekki. En slíkt hlaut vitanlega að falla á útflutningsatvinnuvegina með auknum þunga og vitanlega með mjög alvarlegum afleiðingum, eins og reynslan hefur sýnt. Ríkisstj. hefur knúið hér í gegn á Alþ. æ ofan í æ löggjöf t. d. um hækkun á söluskatti, fyrst úr 3% í 5½%, svo úr 5½% í 7½% o. s. frv. Þetta hefur hún gert, þó að hún hafi vitað, að þetta hlaut að endurkastast í verðlaginu og valda útflutningsatvinnuvegunum erfiðleikum. Á meðan svo stóð, að verðlagið á mörkuðum erlendis var sjávarútveginum mjög hagstætt og aflinn var einnig mikill, þá gat þetta flotið, þó á þennan hátt, að togaraútgerðin hefur verið að dragast saman og útgerð minni báta hefur einnig verið að dragast saman, en þetta hefur þó skrimt, á meðan þessi ytri skilyrði voru svona hagstæð.

Svo kom þessi hv. þm. og sagði, að nú loksins hefði sjálfstæðismönnum tekizt að brjóta í blað í málefnum sjávarútvegsins, og það var þegar þeir köstuðu hér fram frv. um fiskimálaráð. Þá var brotið í blað í málefnum sjávarútvegsins. Sér er nú hvað! Lagt er til að stofna samkundu, sem gæti í bezta falli verið eins og málfundaklúbbur, hefur í rauninni enga aðstöðu til þess að hafa nein áhrif, vegna þess að þessi samtök ráða ekki yfir neinu fjármagni. Þá fann líka hv. þm. það út, að það væri að vísu rétt, að þessi samtök réðu ekki yfir miklu fjármagni, en ef samtökin reyndust vel svona fjármagnslaus, þá mætti láta þau hafa peninga síðar. Það var gott. Ef þessi samtök reyndust vel peningalaus og aðstöðulaus, þá mátti kannske láta þau hafa peninga síðar. En þannig verða ábyggilega vandamál sjávarútvegsins ekki leyst. Ef á að hafa einhver áhrif t. d. í markaðsmálum, eins og rætt er um, að þetta fiskimálaráð eigi að hafa, þá þarf það að fá allviðtækt vald. Það þýðir ekki, þó að það jafnvel setti fram einhverjar frómar óskir. Slíkar óskir hafa verið að koma fram frá samtökum útvegsins á undanförnum árum, og hefur ekki verið farið mikið eftir þeim. Ríkisstj. hefur hiklaust reynt að knýja fram þá stefnu, t. d. í markaðsmálum, sem beinlínis hefur skert

aðstöðu sjávarútvegsins, sem hefur svipt íslenzkan sjávarútveg góðum mörkuðum, sem áunnizt höfðu.

Þessi hv. þm. sagði, að þann tíma, sem ég hefði verið sjútvmrh., hefði ég ekkert blað brotið í íslenzkum sjávarútvegsmálum. Og það má vel til sanns vegar færa, ef það er slíkt blaðbrot sem hv. þm. talar nú um í sambandi við flutninginn á þessari till. nokkurra sjálfstæðismanna um fiskimálaráð. Um slík blaðbrot var tiltölulega lítið að ræða í minni tíð. En það eru nokkrar staðreyndir, sem liggja alveg óumdeilanlega fyrir frá þeim tíma, sem ég var sjútvmrh. Það liggur m. a. fyrir og er verkefni fyrir þennan hv. þm. að rannsaka það, að þau 2½ ár, sem ég var sjútvmrh., kom það aldrei fyrir, að íslenzki sjávarútvegurinn stöðvaðist í verkföllum eða neinum öðrum rekstrarstöðvunum. Allan tímann gat bátaflotinn, togaraflotinn og fiskiðnaðurinn gengið fullum gangi. Það var séð um það með samningum við þessa aðila, að það var hægt að fullnýta íslenzkan sjávarútveg á þessum tíma, en það er meira en hægt er að segja bæði um tímabilið á undan og eftir, því að í tíð viðreisnarstjórnarinnar hefur hver stöðvunin rekið aðra. Þannig var það t. d., að árið 1957, sem þessi hv. þm. taldi eitt af góðu árunum í tíð vinstri stjórnarinnar, — en það er líka mikill misskilningur, árið 1957 var mikill aflabrestur. Í fyrsta skipti í langan tíma brást aflinn svo heiftarlega, t. d. hér suðvestanlands á vetrarvertíð, að þá þurfti að greiða sérstakar bætur úr aflatryggingasjóðskerfinu til bátanna hér við Faxaflóa, — en ástæðan til þess, að á árinu 1957 var heildaraflinn þó eins mikill og hann hafði mestur orðið áður eða árið 1956, var sú, að það var um 20% meiri þátttaka í útgerð vélbáta en hafði verið árið á undan. Það voru miklu fleiri bátar, sem stunduðu veiðar, og þeir stunduðu þær miklu lengri tíma. Árið 1958 var hins vegar miklu betra ár, og því er það rétt, sem ég sagði hér, að árin 1958 og 1959 voru hagstæð ár, það voru næstu tvö árin, áður en viðreisnarstefnan tók við.

Hv. 3. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, sagði, að í skjóli góðæris hefði ég sloppið út úr sjútvmrh.-starfinu án mikilla áfalla. Hið rétta er sem sagt það, að árið 1957 var íslenzkum sjávarútvegi mjög erfitt, og það var ekki aðeins, að þá væri um miklu minni afla að ræða en á árunum á undan, heldur voru líka ýmis ytri skilyrði mjög óhagstæð það ár. Framan af því ári var verðlag á ýmsum innfluttum vörum til sjávarútvegsins alveg óvenjulega hátt, sem stafaði af ófriðlegu ástandi í heiminum, þegar farmgjöld hækkuðu stórkostlega frá því, sem áður var, og þetta vitanlega skall með auknum þunga á sjávarútveginum. Og þessi hv. þm. gæti líka kynnt sér það, að í minni tíð sem sjútvmrh. var einmitt lagður grundvöllurinn, eins og ég hef vikið hér að nokkuð oft áður, að þeirri nýsköpun í íslenzka sjávarútveginum, sem við höfum byggt á síðan. Og það má kannske minna þennan þm. á það einnig, að það kom í minn hlut að standa fyrir því, að ríkið gerði sérstakt samkomulag við einn af efnilegustu síldarskipstjórum í landinu, Eggert Gíslason, og útgerðarmann hans, Guðmund á Rafnkelsstöðum, um það að kaupa fyrstu stóru hringnótina, sem notuð var við vetrarsíldveiðar við Ísland, og sanna þar með þeim veiðitilraunum, að það var hægt að veiða síld á þennan hátt, eftir þessum leiðum, einmitt hér suðvestanlands. Og það var einmitt upp úr þessu, með gjörbreytingu fiskiskipastólsins að gerð allri og útbúnaði, sem tök urðu á því að notfæra sér þessa nýju veiðitækni og skila öllum þeim árangri, sem síðan hefur orðið. Og það kom einnig í hlut þessarar vinstri stjórnar að leggja allan grundvöll að síldariðnaði þeim, sem allt hefur hvílt á síðan, en núverandi ríkisstj. hefur lagt harla lítið til. Þær síldarverksmiðjur, sem mestu máli hafa skipt fyrir okkar síldarútgerð hin síðari ár, voru byggðar með sérstakri forgöngu af hálfu vinstri stjórnarinnar, og þær hafa síðan orðið færar um að leggja sér til fjármagnið sjálfar, en fengið neitun úr þeim lánasjóðum, sem ríkisstj. hefur sérstaklega ráðið yfir.

Hv. 3. þm. Austf. komst þannig að orði, að það væri stefna okkar Alþb.-manna, að vera með nefið niðri í hvers manns koppi, eins og hann orðaði það, varðandi uppbyggingu atvinnuveganna í landinu. En þannig er sem sagt allajafna lýsingin hjá fulltrúum sjálfstæðismanna á því, þegar verið er að taka afstöðu til þess, hvort rétt sé að hafa einhverja skynsamlega stjórn á því, hvernig fjárfestingu í landinu er háttað, þá heitir það þessum nöfnum, að nú séu menn uppi með kröfur um það að hafa nefið í hvers manns koppi. En það verður hins vegar að segjast, að í tíð vinstri stjórnarinnar var engan veginn tekin upp sú yfirstjórn, sem við Alþb.-menn vildum í málefnum atvinnuveganna, við fengum þar okkar kröfum ekki fullnægt. Við vildum taka þar miklu fastar á málum en gert var. Hins vegar var reynt að hafa nokkra íhlutun um, hvernig fjármunum þjóðarinnar var varið, og dómur Sjálfstfl. síðan hefur orðið sá, að við höfum þrengt mjög hag verzlunarinnar í landinu og það hafi verið komið í veg fyrir, að verzlunin gæti byggt sig upp á eðlilegan hátt, og síðan hefur sú mikla aukning, sem orðið hefur nú í tíð viðreisnarstjórnarinnar í byggingu verzlunarhúsa, verið afsökuð með því, að við höfum kreppt svo að verzluninni m. a. í tíð vinstri stjórnarinnar. Það er alveg rétt, að við reyndum að hafa á því nokkrar hömlur þá, og verzlunin, sem hafði vitanlega þá eins og oft áður nokkra sérstöðu um möguleika til þess að geta ráðizt í miklar fjárfestingar, varð að sækja um leyfi til þess að mega ráðast í meiri háttar fjárfestingar. Og það má vel vera, að í einhverjum tilfellum hafi verið synjað um leyfi, sem réttmætt hefði verið að veita. Það vill jafnan verða svo, þegar reynt er að hafa heildareftirlit með þessum málum. En ég er ekki í nokkrum vafa um, að þegar á heildina er litið, var ekki kreppt svo að íslenzkri verzl-

un í tíð vinstri stjórnarinnar, að það hafi verið þjóðarbúskap okkar til tjóns, síður en svo. En ég efast ekki heldur um, að það, sem verið hefur að gerast nú síðari árin varðandi útþensluna í verzluninni, hefur verið ofviða fyrir íslenzkt efnahagslíf og þar höfum við verið að eyða fjármunum, sem ástæðulaust hefur verið að eyða.

Þessi hv. þm. nefndi svo það, að hann hefði grafið það upp, að t. d. í einu þorpi á Vestfjörðum hefði slæðzt í gegn eitt viðbótarfrystihús og þannig hefðu orðið þrjú frystihús í þessu byggðarlagi, og það hefði gerzt með leyfi vinstri stjórnarinnar. Ekki skal ég nú sverja fyrir þetta, þekki það ekki, en þó er mér sagt það af kunnugum mönnum, að þetta leyfi, sem mun vera eitt það allra minnsta, sem veitt hefur verið til frystihúsabyggingar á landinu og varla teljandi, muni hafa verið veitt af þeirri ríkisstj., sem var við völd, ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl., áður en vinstri stjórnin tók við, og ætti hv. þm. að athuga þetta betur. En sem sagt, þarna er þá a. m. k. fundið eitt af frystihúsunum, sem nýja stefnan hjá núv. stjórn ætlar sér að taka til athugunar og ætlar sér sýnilega að leggja niður, því að eitthvað á að leggja niður af frystihúsum, eftir því sem boðað er. Nú ætti hv. þm. að upplýsa það hér á Alþ., hvaða byggðarlag þetta er, svo að það fari ekkert á milli mála og menn geti fengið að vita um það nú þegar, að þarna er þó einn, sem á að slá af. (Gripið fram í.) Já, ég held, að það ætti að koma fram fyrir kosningarnar, ekki væri það lakara.

Ég hef nú vikið hér að nokkrum atriðum, sem hv. þm. gaf tilefni til. Ég skal ekki ræða þetta mál öllu lengur, enda er komið fram að venjulegum matartíma, og verð ég fyrir mitt leyti að biðja hæstv. ríkisstj. afsökunar á því, að það hefur farið nokkur tími í að ræða málið fram yfir það, sem hún hafði gert sér vonir um. En sem sagt, nýjar ræður, sem eiga að birtast í Morgunblaðinu, kosta sinn tíma líka í umr. hér á Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 369,1 felld með 20:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HÁ, HS, HV, IG, JSk, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ.

nei: BBen, DÓ, EmJ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, SvH, JR, MB, MÁM, ÓL, PS, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, SB.

5 þm. (BFB, EðS, JóhH, LJós, RA) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 21:9 atkv.

3.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 369,2 felld með 19:14 atkv.

8.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 369,3 felld með 19:14 atkv.

10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það urðu nokkrar umr. hér í gær um þessi mál, og það var einkum það, sem kom mér til þess að standa upp og segja nokkur orð.

Ég vil taka það fram í byrjun um þetta frv., að ég geri ráð fyrir, að það sé nauðsynlegt að samþykkja það, og ég mun greiða atkv. með því, þrátt fyrir það að ég álít, að það sé ekki stefnt í rétta átt með þessu frv. Það á að gera ráðstafanir til þess að lækka rekstrarkostnaðinn við sjávarútveginn með skynsamlegum ráðstöfunum, m. a. með ýmsum löggjafarákvæðum. En mér er alveg ljóst, að það er ekki hægt að koma því við á þessu þingi, vegna þess að það er nærri búið, og það þarf miklu meiri undirbúning en hægt er að framkvæma nú, svo að ég geri ráð fyrir, að það sé óhjákvæmilegt að veita þessa aðstoð nú. Hins vegar get ég ekki fallizt á það, eins og hefur komið fram í atkvgr., að það sé tekið af því fé, sem búið er að úthluta með lögum til sveitarfélaganna. Það er verið að breyta þeim lögum, það er ekki staðið við þá samninga eða við þau ákvæði, sem búið er að gera gagnvart þessum aðilum, og í öðru lagi álít ég það tæpast verjandi af Alþ. að gera það hvað eftir annað að ákveða fjárveitingar til verklegra framkvæmda og breyta því svo á sama þingi. Þeir aðilar, sem standa að þessum framkvæmdum, búast við þessu fjárframlagi, hafa gert ráð fyrir því, og þetta er varla sæmandi, þetta er í raun og veru ekki að standa við samninga af ríkisins hálfu. En það er nú búið að fella till. um þetta, svo að ég skal ekki ræða meira um það. En þetta er mín afstaða til málsins í stórum dráttum.

Hér urðu talsverðar umr. í gær um sjávarútvegsmálin, og það kom hér nýr þm., sem ekki hefur verið á þessu þingi fyrr, og talaði í þessu máli, og ég verð að segja, að það komu fram atriði, sem eru eftirtektarverð, í ræðu hans, því að þar var talað af dálítilli þekkingu og viti. Ég sleppi því, þó að hann færi að skamma stjórnarandstöðuna, það er nú eins og gengur, að menn deila alltaf hver á annan, og viðvíkjandi því, að við höfum sýnt ábyrgðarleysi í stjórnarandstöðu, má vel vera, að framsóknarmenn hafi ekki sýnt eins mikla ábyrgðartilfinningu í vissum tilfellum og vera bæri af stjórnarandstöðu. En ég held, að við höfum a. m. k. þá getað lært af sjálfstæðismönnum, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu frá 1956—1958, því að þeir kiknuðu ekki undan ábyrgðartilfinningunni þá, og ég efast um,

að það hafi verið illvígari stjórnarandstaða nokkurn tíma en einmitt þá. Hitt er annað mál, að mér er það alveg ljóst, að það er mjög áríðandi, að stjórnarandstaða sé ábyrg á hverjum tíma, og það er í raun og veru undirstaðan undir því, að við getum búið við heilbrigt þingræði, að stjórnarandstaðan sýni á hverjum tíma ábyrgðartilfinningu, ekki síst þegar ríkisstj. hefur jafnlítið framkvæmdavald og hér. Hér styðst ríkisstj. ekki við her, og þar er yfirleitt látið allt eftir öllum. En það, sem kom fram hjá þessum ræðumanni, hv. 3. þm. Austf., var t. d. sú setning, að það væri þýðingarlaust að ræða um endurnýjun á fiskibátaflotanum frá 40—120 tonn, skulum við segja, nema skapa heilbrigðan rekstrargrundvöll. *Þetta er alveg satt. Menn fást vitanlega ekki til að kaupa þessi skip og gera þau út, ef það er ekki rekstrargrundvöllur fyrir hendi,* og þá verður bara að finna, hvaða leiðir eru til þess. Þetta var rætt hér m. a. af sérfræðingi Alþb. í sjávarútvegsmálum. Hann benti á nokkur atriði, en ég sá enga lausn gagnvart bátunum viðvíkjandi þeim atriðum, sem hann benti á. En það kom fram hjá hv. 3. þm. Austf. athyglisverð ábending.

En þessa spurningu skulum við bara leggja fyrir okkur, og við skulum reyna að svara henni. Við verðum að gera okkur þetta ljóst. Það er ekki hægt að búast við því, að það sé hægt að efla útgerð þessara báta, nema það sé fundinn einhver rekstrargrundvöllur fyrir þá. Það kom fram hjá hv. 5. þm. Austf., hann talaði um skuttogara, þeir áttu að leysa allan vanda, og skammaði ríkisstj. fyrir að hafa ekki keypt skuttogara eða gert ráðstafanir til þess. En hvaða ávinningi getum við búizt við af skuttogurum? Brezkar skýrslur telja, að þeir gefi um 5% meira aflamagn. Ég miða ekki við, þó að einstakir menn skrifi áróðursgreinar í Morgunblaðið um þetta, en opinberar skýrslur í Bretlandi telja þetta. Það er enn fremur talið, að það þurfi færri menn. Tryggvi Ófeigsson, sem er allra manna reyndastur í togaraútgerð hér á landi, telur, að það muni ekki þurfa miklu færri menn, nema það sé breytt eitthvað vinnutilhögun, sem hefur ekki fengizt breytt á togurum hér. Má vera, að það fáist. ef önnur togaragerð fæst. En við skulum segja, að þetta sé eitthvað talsvert hagstæðara. Það má bara vera nokkuð miklu hagstæðara, til þess að það borgi sig að kaupa skip fyrir 60—100 millj., miðað við það, að togararnir núna eru í sáralitlu verði, sem eru reknir hér og bera sig ekki, vantar allmikið á það. Þar fyrir er ekkert á móti því að reyna þetta. En við þurfum ekki að ímynda okkur, að þetta leysi allan vanda, og annað er það, að þessir togarar gera ekkert betur en bera sig hjá Þjóðverjum og Englendingum, og þeir búa við betri söluskilyrði en við. Þeir þurfa ekki að borga innflutningsgjöld af sínum fiski. Þetta munar frá 10—17%, þannig að meðan þeir gera ekki betur en bera sig hjá þeim, eru engar líkur til, að þeir geti borið sig hjá okkur. Við þurfum að búa við sömu skilyrði hvað það snertir að selja fiskinn, til þess að þeir geti borið sig jafnvel hjá okkur. En það er ekkert nema gott um það að segja að prófa þessar leiðir, en við skulum ekki blekkja okkur á því, að þetta leysi allan vanda, og þetta leysir alls ekki vanda bátanna.

Þá talaði hv. 5. þm. Austf. líka, — mér þykir leiðinlegt, að hann er ekki við, og ég ætla ekki að hefja neinar árásir heldur á hann og allra síst persónulega, hann segir margt vel í sjávarútvegsmálum og hefur athugað þau mál vel, — hann ræddi um vextina, og þar erum við allir sammála, sem viljum á annað borð ræða það rólega, að vextirnir hafa gert sitt til að auka kostnað útgerðarinnar og þó minnst báta af þessari gerð, vegna þess að þeir voru flestir keyptir áður en vextirnir hækkuðu og búa því við hagstæðari vaxtakjör. En fyrir mitt leyti álít ég alveg sjálfsagt að lækka vexti á stofnlánunum, einkum hjá þessum bátum.

Hv. 5. þm. Austf. hafði tækifæri til þess að láta ljós sitt skína gegnum störf bátaútvegsnefndar, sem starfaði á s. l. ári og skilaði áliti. Ég býst við, að það hafi flestir lesið þetta nál. En þó að þessar till. séu yfirleitt jákvæðar hjá nefndinni gagnvart bátunum, er ekki fengin nokkur *einasta lausn, endanleg lausn á* vandanum. Þýðingarmesta atriðið var, að það var 10% hækkun á fiski, og hvar átti að taka það? Ríkissjóður átti að borga það. Það er því alveg sama lausnin og kemur fram í þessu frv., þ. e. að ríkið borgi, og það, að atvinnuvegirnir beri sig ekki og ríkið borgi hallann, leiðir undantekningarlaust af sér gengislækkun. En ef peningamálum er hagað þannig, að fólkið geti ekki treyst því, að peningarnir haldi sínu verðgildi, myndast eyðslusemi og verðbólga eins og núna. Menn reyna að koma peningum sínum í einhver verðmæti, sem þeir halda að séu varanleg, og þá myndast þetta ástand, sem hefur verið núna undanfarin ár: of mikil fjárfesting, of lítið fjármagn til þess að lána til atvinnuveganna, rekstrarfjárskortur og verðbólga. Það er alger undirstaða undir því að hafa heilbrigt efnahagslíf, að menn geti treyst genginu, — alger undirstaða, — og til þess að geta treyst gengi verða atvinnuvegirnir að bera sig. Þess vegna var alveg rétt stefna hjá ríkisstj., þegar hún lagði af stað 1960 eða 1959 og lýsti því yfir, að höfuðstefnumál hennar væri að láta atvinnuvegina bera sig. Þetta var alveg rétt. Ríkisstj. bara gerði þetta ekki. Við vitum, að þeir eru hættir að bera sig, og í því liggja mistökin, en ekki í því, að stefnuskráin væri vitlaus.

Við skulum reyna að gera okkur ljóst, hvað við getum gert, til þess að þessir bátar geti borið sig. Þessari spurningu verðum við að svara. Og ef þeir geta ekki borið sig, gerist þetta, sem hefur gerzt undanfarna áratugi. Það var fellt gengið 1950. Það var fellt gengið 1960. Það er tvísýnt, hvort við komumst að árinu 1970, án þess að gengið sé enn fellt, — mjög tvísýnt. Það er þess vegna algert undirstöðuatriði fyrir okkar fjármálakerfi að finna

lausn á þessum vanda, að sjávarútvegurinn geti borið sig.

Það kom bara ein ábending fram, og það var hjá hv. 3. þm. Austf. í gær, ein jákvæð ábending gagnvart þessum bátum, og það var að heimila þeim að vissu marki togveiðar innan landhelgi. Á hverju haldið þið, að Vestmanneyingar lifi núna? Þeir hafa bara lifað á togbátunum í vetur og eins í fyrra. Hv. 5. þm. Austf. taldi, að þetta skipti þá engu máli, fyrir stríð eða áður en landhelgislínunni var breytt hefði verið sáralítið um togveiðar. Þetta er nú rétt og rétt ekki. Það var alltaf talsvert af því fyrir sunnan og norðan land, en fyrir Austfjörðum og Vestfjörðum hefur þetta sennilega ekki skipt miklu máli. En bara aðstæðurnar eru breyttar. Þá var hægt að fá nógan mannskap til að gera út á línu. Nú er það ekki hægt. Og það er útilokað fyrir sjávarþorpin, bæði sunnan- og norðanlands, að afla sér hráefnis með skaplegum kostnaði, án þess að þessi undanþága sé veitt. Við verðum að gera okkur þetta ljóst. Og þess vegna er að gera það hreinlega upp við sig: Á fólk að búa á þessum stöðum við mannsæmandi lífskjör, eða á þar að vera sama fátæktin og alltaf hefur verið? Þetta verðum við að gera upp við okkur. Það þýðir ekki að vera að blekkja sig svona. Ég hef átt tal um þetta við vissa ráðh., og mér hefur skilizt, að það gæti komið til mála, ef öllum togskipum er leyft þetta. En ég álít bara með stærri togarana, að ef þeir geta ekki veitt nema uppi við strendurnar, þá höfum við ekkert með þá að gera, þá getum við veitt bara á togbáta. Og eins er náttúrlega alveg sjálfsagt að takmarka þetta, og það er gert í frv., sem ég hef lagt fram, það eru alveg takmörk fyrir því. Og það er miklu heiðarlegra og betra að hafa einhverjar skynsamlegar reglur um þetta en hafa það eins og nú er, að það er alls staðar veitt, þar sem hægt er að toga. Ég hef sannar sögur af því, það fer ekki hátt, og það er ekki birt í útvarpinu, en þeir hafa tekið milli 20 og 30 tonn á sólarhring, Vestmannaeyjabátar, núna í vetur alveg uppi í landsteinum náttúrlega. Svo er verið að taka þá í hópum. Það er verið að taka þá, og ekkert er gert, enginn borgar sekt.

Ég kalla þetta ekki þjóðfélag, sem hefur í heiðri sínar réttarreglur. Það er ákaflega heimskulegt að hafa löggjöf, sem ekki er framfylgt. Við eigum að haga löggjöfinni þannig, að hún sé það réttlát, að hægt sé að framfylgja henni. Vitanlega er ómögulegt að taka kannske rétt alla skipstjóra í Eyjum og sekta þá háum sektum eða jafnvel setja í fangelsi, það vitum við. Þess vegna verða reglurnar að vera þannig, að það sé hægt að fara eftir þeim. Ímynduðuð þið ykkur, að Vestmanneyingar gerðu þetta, ef þeir þyrftu þess ekki? Þetta er skilyrði til þess að geta lifað. En hugsunarhátturinn er bara þannig fyrir norðan, að það leggur enginn út í að brjóta þessar reglur, og þess vegna vantar okkar þessa báta og vantar þetta hráefni, sem Vestmanneyingar lifa á og Keflvíkingar og fleiri sjávarþorp hér sunnanlands.

Nei, þingið á að sjá sóma sinn í að breyta þessum reglum, færa þær í skynsamlegra horf og búa þannig að þeim aðilum, sem hafa þörf fyrir að fá þetta hráefni, að þeir geti fengið það með skaplegum kostnaði. Þetta er undirstöðuatriði. Svo er annað atriði, að það er ekkert gagn að vera alltaf að bæta upp fiskinn og svo kemur skriðan á eftir og allir kostnaðarliðir hækka. Það eru alveg óteljandi útgjaldaliðir, sem er hlaðið á útgerðina, og ég dreg í efa, að það sé nokkur einasti þm., sem man eftir öllum þeim útgjaldaliðum, sem útgerðin þarf að borga. Og alltaf er verið að bæta á það, alltaf er verið að fjölga sjóðstillögum og öllu mögulegu. Þetta verða menn að athuga. Það verður að gera róttæka athugun á því, hvað gera þarf, til þess að útgerðin geti borið sig, því að það er undirstaðan undir heilbrigðu fjármálakerfi í okkar landi.

Ég ætla nú ekki að halda langa ræðu, en ég skal bara telja upp fáeina liði, sem ýmist hafa verið búnir til hjá þessari ríkisstj. eða eldri, — útgjaldaliði, sem útgerðin verður að greiða. Það er nú fyrst vaxtahækkunin, sem er kannske erfiðasti liðurinn, það er um 2½% og tvöfaldaðir dráttarvextirnir. Annar liður er hækkað orlof, mjög hár liður, og það þarf að greiða það af hlut, eins og þið vitið. Þriðji liðurinn er launaskattur, mjög hár liður, bæði fyrir fiskvinnslustöðvar og bátana. Fjórði liður er 35% tollur á varahluti í vélar og tæki í skipin. Fimmti liður er 4% tollur á veiðarfæri. Hann var nú einhver áður en þessi stjórn tók við, enda er ég ekkert sérstaklega með ádeilur á þessa ríkisstj. viðvíkjandi þessum liðum. En þetta þurfum við að borga, 4% á veiðarfæri. Sjötta, við verðum að borga hlut í veikindaforföllum, sem getur skipt kannske allt að því, — það hefur einn sagt mér, að hann hafi orðið að borga 150 þús. kr. þannig. Menn fá hlut í veikindaforföllum, í staðinn fyrir að eðlilegt væri að hafa bara venjulegt kaup eða tryggingu, og það meira að segja hefur hv. 5. þm. Austf. fallizt á í sínu nál., sem er jákvætt að því leyti til. Sjöunda er veiðarfæraskatturinn, sem er nú óbeint búið að leggja á með því að setja innflutningshömlur á innflutt veiðarfæri, og nú er komið frv. fram um að leggja hann á, 1%. Ég veit ekki, hvort það er samkomulag um það, en vænta má þess, að það fari í gegn, fyrst frv. er komið aftur, og var þegar búið að leggja skatt á útgerðina með innflutningshömlunum, til þess að Hampiðjan gæti lifað. Áttundi liðurinn er framlag til kaupa á síldarleitarskipi, sem fáeinir aðilar buðust til þess að leggja fram. Einstaka síldveiðiskip er vel stætt og vildi bjóða þessa fórn. Níunda er framlag í aflatryggingasjóð. Tíunda er framlag í sjúkrasjóð, það er nú 1%, og það er það, sem verið er að biðja um lögtaksheimild á núna í þinginu til að geta selt bátagarmana fyrir útgerðarmönnum, af því að þeir geti víst ekki borgað þetta gjald sumir þeirra. Ellefta er, að við þurfum að borga

sjúkrasamlagsgjald fyrir alla skipshöfnina, jafnt skipstjóra sem aðra. Tólfta er smáframlag til samtaka sjómanna. Það er breyting, sem var víst gerð núna, en það var ekki bein hækkun, heldur var skipt tillaginu. Þrettánda er til Landssambands ísl. útvegsmanna. Fjórtánda er til byggingar haf- og síldarrannsóknarskips. Fimmtánda er til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins. Sextánda er til fiskimálasjóðs. Seytjánda er til fiskveiðasjóðs. Átjánda, aðstöðugjald á töp af bátum, sem virðist vera býsna ósanngjarnt að borga af töpunum. Nítjánda atriðið, sem er talsverður útgjaldaliður, er þessi endalausu stimpilgjöld af hverju smáláni, sem tekið er í bönkunum. Það væri ósköp auðvelt að breyta þeirri löggjöf þannig að gera þetta auðveldara fyrir útgerðina. Það er gróflega hart fyrir hana, þegar menn fá 200—300 þús. kr. lán og tekinn er 1. veðréttur í afla, að þurfa þá að borga há stimpilgjöld í hvert skipti og endurnýja þetta sí og æ, að menn geti ekki fengið þetta varanlegt einhvern veginn. Tuttugasta er það, að hverju einasta smáláni er þinglýst, sem menn fá í þessum blessuðum bönkum, þ. e. a. s. að Búnaðarbankanum undanskildum. Það er mikill kostnaður við þetta, og væri ósköp auðvelt fyrir löggjafann að breyta þessu og gera þetta einfaldara og kostnaðarminna fyrir útgerðina. Tuttugasta og fyrsta eru skrásetningargjöld fyrir hásetana. Tuttugasta og annað eru alls konar tryggingar, sem ekki er nú óeðlilegt að við borgum, bæði af mannskap og öllu mögulegu, það er í fjöldamörgum liðum.

Tuttugasta og þriðja eru lífeyrissjóðsgjöld, sem togararnir borga, en ekki við, og ég ætla aðeins að minnast á, því að ég hef átt tal um þetta við togaraeigendur, og þeir telja þetta einhverja þyngstu byrðina, sem þeir verða að bera viðvíkjandi útgjaldaliðunum. Og þeir verða að borga 6%, mennirnir 4%. Þetta þýðir a. m. k. 6% kauphækkun. Þetta telja þeir einhvern erfiðasta liðinn. Og þeir segja, að mikið af þessu sé tekið aftur. Þeir verða að borga til útlendinganna, og þegar þeir fara, fá þeir þetta greitt, og eins er með skólafólk, það fær þetta endurgreitt. Það er kannske allt gott um þessi lífeyrissjóðsgjöld að segja. Við verðum bara að gera okkur það ljóst, að atvinnuvegirnir verða að þola þetta. Og þegar þeir bera sig ekki og ef á að bæta þessu gjaldi ofan á, þarf náttúrlega ríkissjóður að styrkja þá enn meira. Þetta er alveg ljóst. Það er alveg sjálfsagt að hafa tryggingar, en þessar tryggingar eru þegar komnar í sæmilegt horf. Við getum alveg eins hækkað dálítið almannatryggingar. En varðandi það að stofna þessa lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn, eins og verið er að tala um, verðum við að athuga það, að þá kemur þetta á bátana. Þeir þurfa að fá enn meiri framlög og enn meiri aðstoð. Þetta eru 23 útgjaldapóstar, sem við verðum að borga. Og svo er ráðgerður verðjöfnunarsjóður. Það verður 24. pósturinn. Ég tel víst, að ég hafi gleymt einhverju, en ég skrifaði þetta upp í dag. Þetta er endalaus runa, sem við verðum að borga, og sumt af þessu væri hægt að fella alveg niður, öðru væri hægt að breyta til hagræðis fyrir útveginn, og á annan hátt væri mikið hægt að hjálpa til að lækka rekstrarkostnaðinn.

Svo kem ég að síðasta liðnum. Það er, að öll vinna undanfarið hefur verið keypt á svörtum markaði. Nú segja járniðnaðarmenn, að þeir hafi ekki nóg að gera. Af hverju ekki? Af því að það er ódýrara að sigla með skipin til annarra landa og láta gera við þau þar. Þetta er ósköp einfalt. Það er búið að halda þannig á málunum, að það borgar sig fyrir stærri skipin að fara til annarra landa og láta gera við þau þar. (Gripið fram í.) Það er t. d. mjög mikill orðrómur um, að það sé ekki unnin öll sú vinna, sem reiknuð er. Og þegar eftirspurnin var svona mikil eftir vinnunni, vissi ég ósköp vel, að það þýddi ekki fyrir okkur að segja nokkurn skapaðan hlut. Okkur var bara sagt að þegja eða þeir hættu að vinna. Og ég gæti sagt ótal sögur af því. Kostnaðurinn er því orðinn þetta mikill hér. Það borgar sig fyrir þá, sem það geta, að fara til annarra landa og láta gera við skipin. Við verðum að hafa okkar vinnutilhögun og kostnað við vinnuna þannig, að við séum samkeppnishæfir. Það þýðir ekkert að tala um að smíða skip hér, ef við getum ekki gert það fyrir eitthvað svipað og nágrannaþjóðir okkar geta það. Þetta er undirstaðan, að atvinnulífið beri sig, það verðum við að athuga. En það að hlaða alltaf útgjaldalið ofan á útgjaldalið, skatti ofan á skatt og skatti við skatt er ekki hægt. Og svo verðið þið að athuga það, þegar þetta er komið í þetta horf, að útgerðarmenn eða fulltrúarnir fara til ríkisstj. og segja: Við verðum að fá þetta og þetta margar krónur eða mörg prósent í viðbót við fiskverðið, til þess að við förum af stað. — Hvar haldið þið, að þetta endi? Það eru gerðar endalausar kröfur. Ábyrgðartilfinningin minnkar og sjálfsbjargarviðleitnin. Það er reynt að gera þessa útkomu sem versta hjá frystihúsum og bátum, koma svo og heimta meira og meira. Þetta á raunar við fleira en sjávarútveginn.

Það er undirstaðan, að við verðum að reka atvinnulífið á heilbrigðum grundvelli, ef við eigum að hafa heilbrigt fjármálalíf. Við skulum ekki blekkja okkur á þessu. Þess vegna verðum við að horfast raunhæft í augu við það, hvernig við getum látið atvinnuvegina bera sig. Og ég vil spyrja þessa góðu menn, sem vilja ekki gera neinar undanþágur með togbátana: Hvernig viljið þið afla hráefnis handa kauptúnunum í Norðurlandskjördæmi vestra? Svarið þið því. Ég veit, að Vestfirðingar geta aflað sins hráefnis á línu og í net. En við getum það bara ekki. Skýrið þið, hvernig þið viljið afla hráefnisins. Línan ber sig ekki, og það er ekki hægt að stunda línuveiðar nema svona 3—4 mánuði. Hvað á að gera?

Það, sem er að drepa útgerð þessara báta, er, hvað á að gera við þá milli vertíðanna. Það er allt í lagi þessa tvo mánuði, marz og apríl, þá getum við veitt hvað sem er í net.

En svo kemur dauði tíminn, og það er sá tími, sem gerir að verkum, að bátarnir bera sig ekki. Þá fara Vestmannaeyingar að toga. Þeir eru raunar farnir að toga alla vertíðina núna og moka upp ýsunni upp við landsteina. Og það vil ég segja, að geti verið dálítið tvírætt, hvort á að leyfa. Og eins er ég á því, að við eigum að friða viss svæði, hrygningarsvæði, og þar eigum við að hafa strangt eftirlit. Við þurfum að tryggja það, að fiskurinn geti aukið kyn sitt, hann geti hrygnt í næði, og þetta þarf allt að rannsaka. Og fiskifræðingarnir viðurkenna það. Jón Jónsson hefur sagt það við mig. Ég má bera það fyrir mig, hvar sem er. Frv., sem ég kem með, er hann algerlega samþykkur. Hann segir, að það sé ekki vitund hættulegra að veiða í tog en önnur veiðarfæri, ef möskvastærðin sé hæfilega stór, — ekki vitund skaðlegra. Því eigum við þá ekki að hafa heimild til að nota það veiðarfæri, sem er ódýrast, eina veiðarfærið, sem getur borgað sig? Togararnir sigla með fiskinn til útlanda, mikið af honum. Fólkið fær ekki vinnu við það. Það er enginn vandi fyrir sjómenn í sjávarþorpunum norðanlands að fá vinnu. Þeir geta farið vestur á land og verið á bátunum hvar sem er í kringum landið. Það er heimafólkið, sem við verðum að útvega vinnu og það gera ekki aðrir en bátarnir. Þess vegna verðum við að búa þannig að þeim, bæði hvað snertir löggjöf og eins veiðiheimildir, að þeir geti borið sig. Þetta er undirstaðan. Þeir, sem eru á móti þessu, það er bezt, að þeir skýri, hvernig við eigum að afla hráefnis, svo að fólkið geti lifað, fólkið hafi nóg að gera. Bendi þeir á leiðirnar. Og ekki skal standa á mér, ef ég sé, að það er hagkvæmt, — ekki skal standa á mér að vera með því. En það hefur bara ekki komið, og hv. 5. þm. Austf. kom ekki með neitt til lausnar þessu máli. Hann talaði um skuttogara, hann talaði um háa vexti og ýmislegan ódugnað í ríkisstj., en hann benti á enga leið til þess að gera kleift að reka þessa báta, hvorki hvað snerti togveiðar né lækkuð útgjöld á neinu sviði. En þessi stefna að hlaða alltaf útgjöldum á atvinnuvegina endalaust er framkvæmd af mönnum, sem ekki vita, hvað þeir eru að gera, og þess vegna er ekki hægt að vera reiður yfir því. Og þetta veit hver einasti útgerðarmaður í landinu. Þegar við erum að tala saman, viðurkenna þetta allir. Þeir vita ekkert, hvað þeir eru að gera. Og svo endar þetta svona. Það er bara heimtað fé úr ríkissjóði, og þegar það er orðið nógu mikið, þýðir það rangt gengi, og þá er gengið fellt, sem er sú mesta kjaraskerðing, sem hægt er að gera gagnvart fólkinu. Þá er kaupið látið lækka aftur.

Svo eru öll þessi blessuð útgjöld og óendanlegu útgjöld og óendanlegar kröfur. Þetta kemur allt á atvinnulífið fyrr eða síðar, og það er hægt að ofþyngja því. Og þegar það er búið að ofhlaða á atvinnuvegina, er gengið lækkað, og fólkið tekur byrðarnar, svo að þetta er nokkurs konar Kleppsvinna allt saman. (Gripið fram í.) Ég veit það ekki, ég held, að það geti nú ekki liðið á löngu, áður en leiðandi menn okkar fara að sjá þetta, fara að sjá raunveruleikann og geri róttækar, raunhæfar ráðstafanir til þess að laga þetta, því að það er engin lögun að veita hundruð milljóna úr ríkissjóði í verðuppbætur á fiskinn. Það verða bara enn hærri upphæðir að ári. Það er hægt að taka þetta í ár. Við fengum alveg sérstakt ár 1965. Það var stórkostlegur afgangur hjá ríkissjóði. Og svo er þetta hirt af verklegum framkvæmdum og jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ríkisábyrgðasjóði. Það er hægt að reyta svona í þetta. En hvar verður það tekið að ári? Með hækkuðum sköttum, sem þýða minni kaupmátt krónunnar og væntanlega gengislækkun, áður en lýkur.

Það eru ekki nema tvær leiðir til. Það er að snúa við, gera með skynsamlegri löggjöf og skynsamlegum ráðstöfunum sjávarútveginum gerlegt að bera sig, eða við förum sömu leið og við höfum alltaf farið: kaupmáttur krónunnar lækkar, og gengið verður lækkað, og það veldur um 30% lækkun á kaupi hvers einasta manns í landinu.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Til viðbótar því, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði um þá ömurlegu staðreynd, að skipin héldu til útlanda til þess að fara í slipp og fá viðgerðir, vegna þess að það væri ódýrara, er því að bæta, að sú vinna, sem þar er innt af hendi, er yfirleitt miklu betri en sú, sem fæst hér.

Það voru nokkur atriði í ræðu hv. 5. þm. Austf. hér í gær, sem gerðu það óhjákvæmilegt fyrir mig að standa hér upp að nýju og fara þar um nokkrum orðum, án þess þó að ég vilji sérstaklega lengja þær umr., sem orðnar eru um málið, frá því, sem nú er. Þessi hv. þm., — mér þykir mjög leitt, að hann skuli ekki vera viðstaddur hér í dag, — sagði, að í tíð vinstri stjórnarinnar hefði verið lagður grundvöllur að þeirri nýsköpun í sjávarútvegi, sem við hefðum byggt á síðan. Hann sagði enn fremur, að í tíð vinstri stjórnarinnar hefði verið lagður grundvöllur að þeim síldariðnaði, sem byggt hefði verið á síðan. Það var mikið, að þessi hv. þm. sagði ekki og fullyrti, að sá fjárhagsgrundvöllur, sem við höfum búið við undanfarin ár, inn á við og út á við, — það var mikið, að hann fullyrti ekki, að hann hefði verið lagður og treystur í tíð þessarar makalausu stjórnar. Þetta hlýtur að hafa verið gleymska hjá þessum hv. þm., eða þessum mikla endurskoðunarsinna hefur þótt of skammt umliðið, síðan forsrh. vinstri stjórnarinnar gaf út sína uppgjafaryfirlýsingu, þannig að það væri nokkuð snemmt að koma með sögulega endurskoðun á þessu atriði nú þegar. En hvað skyldu útgerðarmenn, skipstjórnarmenn og sjómenn segja, þegar þeir fá að heyra þessa fullyrðingu þessa hv. þm.? Þeim er ekki of gott nú í þessari ótíð og aflaleysi að hafa eitthvað til þess að skemmta sér við.

En hvað segja tölulegar upplýsingar í þessu efni? Hv. þm. fullyrti, að það tæki 2—3 ár að

byggja skip, frá því að um það væri samið. Staðreyndin er hins vegar sú, að þetta er nokkuð misjafnt, en þetta er yfirleitt frá 9 mánuðum upp í ár, upp í 1½ ár í mesta lagi. Í upphafi vinstri stjórnarinnar, eins og ég gat um hér í gær, var fjöldi skipa yfir 100 smál. að stærð 50 og brúttórúmlestafjöldi 7829. Í lok stjórnartímabils vinstri stjórnarinnar hafði þessum skipum fækkað um 1 og rúmlestatala minnkað um nærfellt 300. Ef við gerum ráð fyrir, að um ár líði, frá því að samið sé um skip, þar til það verður skráð og hefur veiðar, skulum við gera ráð fyrir því, að skip, sem komu til landsins á árinu 1959, um þau hafi verið samið, sem líklegt er, í tíð vinstri stjórnarinnar. Í árslok 1959 hafði skipum fjölgað um 12. Þá voru þau 61 að tölu, skip yfir 100 rúml. að stærð, og rúmlestatala þeirra samtals 13845. Enn getum við sagt, að einhver hluti þeirra skipa, sem komu á árinu 1960, um þau hefði verið samið í tíð vinstri stjórnarinnar. Skip í árslok 1960, því fer fjarri, að um öll þau skip hafi þá verið samið. Árið 1960 voru þau orðin 86, þessi skip. En um síðustu áramót hefur þessum skipum fjölgað upp í 184 og rúmlestatalan nálæga þrefaldazt. Þetta eru óyggjandi tölur, sem hægt er að ganga úr skugga um, og þær sýna sannarlega ekki neinn sérstakan fjandskap núv. hæstv. ríkisstj. í garð þessa atvinnuvegar.

Þá er fullyrðing þessa hv. þm. um, að vinstri stjórnin hefði lagt grundvöll að þeim síldariðnaði, sem við búum við í dag. Við skulum athuga, hvernig þessum málum er háttað á Austfjörðum. Í árslok 1958 voru afköst síldarverksmiðja, svo að við tökum þær eingöngu, en sleppum öllum síldarsöltunarstöðvum, sem að meginhluta hafa verið byggðar síðan þetta var, þá voru afköst síldarverksmiðjanna 1190 lestir á sólarhring. Um síðustu áramót voru afköst síldarverksmiðjanna á Austurlandi 4315 lestir á sólarhring og aukningin því um 260% frá því, sem var um það leyti, sem vinstri stjórnin vék frá eða gafst upp öllu heldur. Fyrirsvarsmönnum vinstri stjórnarinnar tjóar ekki í neinu tilfelli að ætla að fara að halda því fram, að þeir hafi lagt drög að og verið búnir að semja um allan þennan aukna verksmiðjukost, sem síðan hefur risið.

Hv. 5. þm. Austf. hafði með framiköllum haldið því fram, að ábyrgðargjald vegna þeirra ábyrgða, sem bankar ganga í við töku erlendra lána, hefði ekki verið greitt í tíð vinstri stjórnarinnar, og mér heyrðist, að hv. 4. þm. Reykn. tæki undir það framikall. Þetta er alrangt, þetta var auðvitað borgað þá. Ég hafði mínar upplýsingar frá ábyrgðadeild Útvegsbanka Íslands, og þetta ábyrgðargjald hefur verið borgað í áratugi. Hv. 5. þm. Austf. ætlaði síðan að snúa sig út úr þessu máli með því að segja, að engin erlend lán hefðu verið tekin til skipakaupa, sem fram hefðu farið á tímabili vinstri stjórnarinnar. Ég hef engar upplýsingar um það, að svo hafi verið, en mjög ólíklegt þykir mér, að svo hafi ekki verið. Hann sagði, að hann hefði séð í reikningum einhvers skips, að allt að 500 þús. kr. hefðu runnið til þessa ábyrgðargjalds. Mér er næstum því að segja óskiljanlegt, hvernig hægt er að halda slíku fram eins og þessu. Ábyrgðargjaldið er 1%. Lántaka erlendis fer aldrei yfir 67% af heildarverði skips. Ef ábyrgðarþóknunin ætti að ná 500 þús. kr., þyrfti slíkt fiskiskip að kosta allt að 75 millj. kr. Ég gat a. m. k. ekki skilið hv. þm. á annan veg en þennan.

Þess vil ég geta hér, að ábyrgðarþóknun sú, sem norskir bankar taka vegna erlendrar ábyrgðar þar í landi, ábyrgðarþóknunin þar er 1.5% eða allverulega miklu hærri en hér tíðkast.

En þessi hv. þm. lét því alveg ósvarað, hvernig hann og á hvaða hátt hann hefði beitt sér fyrir því sem bankaráðsmaður í Útvegsbanka Íslands að fá þessu ábyrgðargjaldi breytt eða það afnumið. Því sleppti hann alveg, enda hefur enginn heyrt þar í þeim banka því nokkru sinni hreyft, að það stæði til.

Hv. 5. þm. Austf. hélt því fram, að starfandi togarar um s. l. áramót hefðu verið 16 að tölu. Loftur Bjarnason skýrir frá því í yfirlitsgrein um áramót, formaður Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, að skipin hafi verið 22. Þarna munar aðeins réttum tæpum 30% hjá þessum hv. þm., og má kannske eftir atvikum kalla vel sloppið. Hann hélt því fram og margítrekaði það, að erfiðleikar togaraútgerðarinnar stöfuðu ekki fyrst og fremst af aflaskorti, það væri fyrst og síðast fjandskapur ríkisstj. í garð þessa atvinnuvegar. En hvað segja skýrslur aftur á móti? Skýrslur segja, að á Íslandsmiðum hafi afli á tímabilinu frá 1958, frá því er hann setti sínar reglur um togveiði í íslenzkri landhelgi, frá því 1958 til 1964 hefur afli togara minnkað úr 16.6 lestum á veiðidag í 11.5 lestir eða um rétt 30%. Á Vestur-Grænlandsmiðum hins vegar hefur veiðidagsafli minnkað úr 26 lestum á veiðidag í 17.2 lestir eða um 34%. Það munar um minna en um og yfir 30% minni veiði á hvern veiðidag, eins og hér er greint frá. En þessi hv. þm. hélt því fram, að þetta skipti engu máli. Það, sem að væri, væri fjandskapur stjórnarflokkanna og hæstv. ríkisstj. í garð þessa atvinnuvegar.

Síðan ræddi þessi hv. þm. í löngu máli um það, sem ég hafði haldið fram í sambandi við rýmkanir veiðiheimilda innan landhelgi. Að vísu tók ég það mjög skýrt fram, að um slíkt gæti ekki verið að tefla, nema undir mjög auknu og ströngu vísindalegu eftirliti. Ég ætla í þessu tilefni að leyfa mér að vitna í Þjóðviljann, í þann mann, sem hefur þar með höndum að skrifa um fiskimál og heitir Jóhann J. E. Kúld. Hann segir svo, — og það, sem tilgreint verður hér, hrekur að flestu leyti það, sem hv. þm. hefur haldið fram í þessu efni, og ýmsar þær skoðanir, sem þar koma fram, mundi ég gjarnan vilja gera að mínum, — ég vil leyfa mér að vitna til þess arna í nokkrum greinum, með leyfi hæstv. forseta. Greinina, sem ég vitna til, er að finna í Þjóð-

viljanum, í málgagni hv. 5. þm. Austf., þriðjudaginn 25. okt., og nefndist „Hagnýting íslenzku landhelginnar og ímyndaðir stjórnmálahagsmunir“:

„Á undanförnum árum hef ég skrifað grein eftir grein, þar sem ég hef sýnt fram á það með rökum, að knýjandi nauðsyn sé á því að setja reglur um hagnýtingu íslenzkrar landhelgi, þar sem í það minnsta miðunum undan Suður- og Suðvesturlandi væri á vetrarvertíð skipt niður í veiðisvæði á milli veiðiaðferða. Ég hef ekkert farið dult með þá skoðun mína, að setja bæri reglur um togveiðar innan núverandi fiskveiðilögsögu sem og aðrar veiðar.“

Ég þarf ekki að taka það fram, að þetta eru ekki mín orð, þó að ég vilji gjarna gera þau að mínum, en þetta er orðrétt lesið upp úr Þjóðviljanum eftir sérfræðing hans í þessum málum, Jóhann J. E. Kúld. Hann heldur svo áfram, með leyfi forseta:

„Þar sem fjallað hefur verið um nauðsyn þessa máls, svo sem í útgerðarráði Bæjarútgerðar Reykjavíkur og á öðrum þeim stöðum, þaðan sem togveiðar eru stundaðar á landinu, veit ég ekki betur en fulltrúar úr öllum stjórnmálaflokkum hafi verið sammála um, að ríkisstj. bæri að láta setja reglur um togveiðar á svæðinu innan 12 mílna landhelginnar. Hins vegar hefur dagblaðið Tíminn, ef marka má leiðara blaðsins 15. þ. m.,“ þ. e. októbermánaðar, — „og aftur í grein þann 16. þ. m. tekið afstöðu gegn togveiðum innan 12 mílna markanna. Ýmsir spyrja því í dag, hver sé afstaða Framsfl. til þessa máls. Er hún sú, sem fulltrúar flokksins hafa markað ásamt öðrum, eða er hún sú, sem Tíminn heldur nú fram, að ekkert eigi að gera í þessu máli og alls ekki að leyfa neinar veiðar með botnvörpu innan landhelgi, þar sem það mundi veikja okkar málstað til frekari sóknar á alþjóðavettvangi? Framsfl. mun fljótt reka sig á, að í þessu máli þýðir ekki að ætla sér að leika tveimur skjöldum eða tala eins og hver vill heyra. Ef menn vilja banna allar veiðar með togveiðifærum innan landhelginnar, verða menn líka að vera tilbúnir að segja, á hvaða hátt þeir vilja hagnýta landhelgissvæðið, þannig að fiskveiðar á svæðinu geti komið þjóðinni fyllilega að notum og séð fiskiðnaðarstöðvum fyrir hráefni meginhluta úr árinu.“

Og sérfræðingur Þjóðviljans heldur áfram, með leyfi hv. forseta: „Ég held, að þetta sé ekki framkvæmanlegt, nema togveiðar séu leyfðar að einhverju leyti innan þess landhelgissvæðis, sem við ráðum yfir. Mér er heldur ekki kunnugt um, að aðrar þjóðir, sem tekið hafa upp 12 mílna landhelgi, hafi byrjað á því að útiloka allar togveiðar eigin þegna, þótt þær hafi bannað veiðar erlendra skipa í landhelgi. Það er því mikill misskilningur hjá Tímanum, þegar hann heldur því fram, að það mundi veikja rétt okkar til frekari útfærslu, ef við settum nú reglur um togveiðar svo og aðrar veiðiaðferðir innan landhelginnar.“

Og hann spyr í fyrirsögn: „Til hvers færum við út landhelgina? Við gerum það vegna þess, að við álítum, að slíkt sé nauðsynlegt vegna okkar eigin fiskveiða. Enn fremur lítum við svo á, að íslenzka þjóðin ein eigi réttinn til fiskveiða á miðunum umhverfis landið, að landgrunnið, sem fer hallandi út í djúpálana, sé hluti af landinu sjálfu, þótt þetta svæði sé sævi hulið. Þetta er alveg óviðkomandi því, hvaða veiðar við leyfum á því hafsvæði, sem við höfum helgað okkur. Það er okkar einkamál.“

Og enn segir hann, með leyfi forseta: „Togveiðar eru frekar ódýrar veiðar, en gefa hins vegar miklu betra og verðmætara hráefni en t. d. veiðar með þorskanetum. Nú er svo komið fyrir löngu og á allra vitorði, sem vilja vita, að togveiðar vélbátaflotans eru stundaðar í mjög stórum stíl innan landhelginnar, án þess að um þessar veiðar hafi verið settar nokkrar reglur eða þær leyfðar. Hér hefur skapazt óforsvaranlegt ástand, sem er hættulegt. Það er tvennt ólíkt að setja lög og reglur um togveiðar sem og aðrar veiðiaðferðir innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu og framfylgja síðan settum reglum. Það er annað að afmarka veiðisvæði og leyfa veiðar innan þessa afmarkaða svæðis en að banna allar togveiðar innan fiskveiðimarkanna, en láta síðan hvern veiða þar sem honum sýnist með botnvörpu þrátt fyrir gildandi lagaákvæði um algert bann, eins og nú hefur verið staðfest, að gert er frá einni allra stærstu fiskveiðistöð landsins.“

Hann segir hér og lýkur nú brátt tilvitnunum, með leyfi forseta: „Er hægt að tryggja áframhaldandi þróun fiskveiða án togveiða?“ spyr hann, sérfræðingur Þjóðviljans um fiskimál. „Okkur liggur meira á að svara þessari spurningu en geta okkur til um, hvernig útlendingum líki fiskveiðar Íslendinga á okkar eigin lögsögusvæði, því að það er algerlega okkar einkamál eða ætti í það minnsta að vera það. Hitt er aftur á móti rétt, að til þess að hljóta virðingu svo af þessu máli sem öðrum málum þurfum við að hafa til þess manndóm að skipa þeim einvörðungu út frá íslenzkum hagsmunum og það þótt útlendingum mundi líka önnur skipan betur. Það er nefnilega fyrst og fremst manndómur, sem þarf til þess að geta verið sjálfstæð þjóð.“

Ég vil svo að lokum vitna til eftirfarandi orða, með leyfi forseta: „Af þessum sökum,“ segir hann, „er ég ekki í nokkrum vafa um, að það sé beinlínis skylda okkar að tryggja áframhaldandi jákvæða þróun í íslenzkum fiskiðnaði, og það verður ekki gert, nema við höfum manndóm til þess að hagnýta þann möguleika íslenzkrar landhelgi, að við getum tryggt nægjanlegt aðstreymi af hráefni til fiskiðjuveranna meginhluta úr árinu. Þetta er kjarni málsins. Leiðin til þess að geta þetta er tvímælalaust skynsamleg hagnýting landhelginnar tryggð að lögum, þar sem togveiðar eru ekki frekar útilokaðar heldur en veiðar með þorskanet og þorsknót. Þarna verð-

ur að tryggja hverri veiðiaðferð ákveðinn rétt, um leið og settar verða reglur til tryggingar því, að miðin séu ekki eyðilögð."

Svo mörg voru þau orð, og eins og ég sagði, vil ég að flestu leyti undir þau taka og gera þær skoðanir, sem þar fram koma, að mínum.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hafði ekki eftir þá framsögu, sem ég hafði fyrir nál. okkar í þessu máli í gærdag, ætlað að leggja fleiri orð í belg um þetta frv. En ræða sú, sem hv. 3. þm. Austf. flutti í gær, gefur nokkurt tilefni til aths. af minni hálfu, auk þess, sem fram kom hjá honum í ræðu þeirri, sem hann flutti hér áðan. Ég gæti trúað því, að ræða hv. þm. í gær hafi verið meiri háttar bjarnargreiði við hæstv. ríkisstj. Ræðan var að sumu leyti skemmtileg. Hún var gífuryrt, og víða gætti mótsagna í henni, eins og ég mun reyna að víkja lítillega að, og ýmsir þungir sleggjudómar voru þar kveðnir upp yfir ýmsum aðilum í landinu.

Hv. 3. þm. Austf. vék að því í ræðu sinni í gær, að lítið hefði verið bitastætt í þeirri ræðu, sem ég flutti um frv. við 1. umr. þess í hv. d. En þó sagði hann, að þar hefði verið eitt atriði, sem hefði verið alveg hárrétt hjá mér, en það var þegar ég vék að þeim erfiðleikum, sem sjávarútvegurinn og fiskiðnaðurinn ættu við að stríða vegna óðaverðbólgu þeirrar, sem verið hefur hér í landinu öll undanfarandi ár, síðan viðreisnarstjórnin kom til valda, með örlitlum undantekningum. Hann undirstrikaði, að þessi óðaverðbólga hefði skapað marga og mikla erfiðleika í sjávarútvegi og fiskiðnaði, og tel ég það ekki alveg gagnslausa viðurkenningu af hálfu þm. úr stjórnarliðinu. En um hvað fjallaði sú ræða, sem ég flutti hér við 1. umr. frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins? Hún fjallaði að langmestum hluta um þá erfiðleika, sem óðaverðbólgan hefur skapað í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Langstærsti hluti ræðu minnar gengur út á það að sýna fram á orsakasamhengið annars vegar á milli óðaverðbólgunnar og hins vegar erfiðleikanna, sem er nú að finna í þessum höfuðatvinnuvegi landsmanna. Það er líka eftirtektarvert, að í grein í Morgunblaðinu, sem birtist í dag og er úr ræðu hv. þm. frá í gær, er þessum hluta ræðunnar algerlega sleppt. Þar er ekki vikið að því einu orði. Ég vil aðeins til upplýsingar og til þess að skerpa skilning hv. alþm., ef hann þá hefur eitthvað sljóvgazt, á þeirri meginstaðreynd, sem hæstv. fyrrv. forsrh. vakti sérstaka athygli á og orðaði mjög vel á fyrstu dögum viðreisnarstjórnarinnar, en þá komst hann þannig að orði, að ef ekki tækist að ráða við verðbólguna, mundi flestallt annað unnið fyrir gýg. Þessi setning held ég, að hafi brennt sig inn í hugskot margra manna, sem á þau hlýddu og lásu þau í Morgunblaðinu. Ég hygg því, að þegar menn nú reyna að meta árangur viðreisnarstjórnarinnar, hljóti þetta atriði að vera mjög þungt á metaskálunum. Ég hygg, að það verði ekki um það deilt, að óðaverðbólgan hefur geystst fram með svo miklum krafti á síðustu árum viðreisnarstjórnarinnar, að engin dæmi finnist slíks úr stjórnmálasögu Íslands síðustu áratugina.

Þá vék hv. ræðumaður að þeim ummælum mínum og taldi þau hreina fjarstæðu, að stjórnarstefnan væri sjávarútvegi og fiskiðnaði fjandsamleg í grundvallaratriðum. Mér þykir leitt að þurfa að endurtaka ýmislegt af því, sem ég hef áður sagt, bæði í umr. um þetta frv. og raunar oft áður, en ég kemst þó ekki hjá því að rekja nokkur aðalatriði þessu til sönnunar.

Í fyrsta lagi, og það er meginástæðan, sem réttlætir þessi ummæli mín, tel ég, að hæstv. ríkisstj. hafi á margan hátt haft forustu um þá verðlagsþróun, sem hér hefur orðið innanlands undanfarin ár og hefur orðið sjávarútveginum sérstaklega erfið. Þær gífurlegu hækkanir, sem hér hafa orðið á útgerðarkostnaði og framleiðslukostnaði, eru ekki sízt tilkomnar vegna þess, að ríkissjóður hefur þurft að leggja álögur á landsmenn í síauknum mæli til þess að standa undir þeim kröfum, sem til ríkisvaldsins eru gerðar á hverjum tíma. Þetta sést bezt, ef menn athuga upphæð fjárl. eins og hún var 1958 og eins og hún er nú árið 1967. Það er staðreynd, að fjárlögin hafa hækkað á þessum tíma á milli fimm- og sexfalt. Við höfum orðið vitni að því hér á hv. Alþ., að hvers kyns skattar, bæði beinir skattar og óbeinir skattar, hafa verið hækkaðir ár eftir ár og ýmis önnur gjöld, bæði til ríkisins, til sveitarfélaganna og til ýmissa þjónustufyrirtækja í landinu hafa fylgt fast á eftir. Við búum nú við það ástand, að fjárhagur ríkissjóðs er undir því kominn, að hægt sé að halda uppi hömlulausum innflutningi til þess að afla tekna í ríkissjóðinn og til þess að standa undir hinum ýmsu útgjöldum hans. Úr þessum vítahring, sem við erum nú staddir í, verður ekki auðvelt að komast.

Í öðru lagi tel ég, að stórhækkaður fjármagnskostnaður í sjávarútvegi og í fiskiðnaði sé ein af ástæðunum fyrir erfiðleikunum, sem þar er að finna nú. Það var minnzt á það hér áðan í ræðu þeirri, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. flutti, að vextir hafa verið hækkaðir um 2½% á stjórnartímabili viðreisnarstjórnarinnar og dráttarvextir hafa verið tvöfaldaðir á sama tímabili. Því til viðbótar má nefna, að stofnlán hafa verið stytt mjög verulega hjá stofnlánasjóðum sjávarútvegsins, og hefur þetta allt verkað í þá stefnu að auka á erfiðleikana, sem fyrir eru í þessum atvinnuvegi.

Í þriðja lagi hefur ríkisstj. beitt sér fyrir því og látið framkvæma lækkun afurðalána úr 67% í 55%.

Í fjórða lagi vil ég nefna að sú viðskiptastefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt, hefur óneitanlega skapað vissa erfiðleika í sambandi við markaðsmálefni sjávarútvegsins. Það hefur verið á það minnt hér í umr. um þetta mál, að vegna þeirrar stefnu, sem ríkisstj. fylgir, hafi verið að glatast markaðir, t. d.

fyrir frysta síld, bæði í Póllandi og í Tékkóslóvakíu, á undanförnum árum. Ég er hér með fyrir framan mig samþykkt, sem gerð var á framhaldsaukafundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna 12. jan. s. l., sem víkur að þessu atriði sérstaklega, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Framhaldsaukafundur SH, haldinn 12. jan., ályktar, að ekki skuli hafa verið endurnýjaðir vöruskiptasamningar í því formi, sem þeir áður voru, við Pólland og Tékkóslóvakíu, þ. e. á jafnvirðiskaupagrundvelli með ákveðnum vörulistum. Telur fundurinn, að unnt hefði verið að ná viðskiptasamningum á óbreyttum grundvelli. Þessi lönd hafa verið meðal helztu kaupenda á freðsíld frá Íslandi, og hefur nú komið í ljós, að ekki reynist unnt að selja þeim nema brot af því magni, er þau áður keyptu af freðsíld, og mun breyttu viðskiptafyrirkomulagi hér aðallega um að kenna. Afleiðingin af þessu er, að frystihúsin hafa neyðzt til þess að hætta frystingu síldar."

Fleiri atriði mætti nefna. Það t. d. vekur dálítið umtal og furðu nokkra, að á sama tíma og norsk yfirvöld hafa verið að þrengja að markaði fyrir íslenzkar afurðir í Noregi, eins og t. d. útflutt saltkjöt, en nú eru uppi raddir í Noregi um að afnema algerlega þann kvóta, sem er fyrir íslenzkt saltkjöt þar, þá keppumst við Íslendingar við að byggja flestöll okkar skip í Noregi, þrátt fyrir það að við gætum sennilega aflað sjávarútveginum stórfelldra og hagstæðra markaða í Póllandi, ef við vildum kaupa af Pólverjum í staðinn þau skip, sem við nú látum smíða í Noregi. Og mér er fortalið af þeim, sem þekkja þessi mál vel, að Pólverjar geti bæði um gæði skipanna, um lán til skipanna og aðra fyrirgreiðslu verið fullkomlega samkeppnisfærir við það, sem er í Noregi.

Fimmta atriðið, sem ég vil nefna og rennir stoðum undir, að það er rétt hjá mér, þegar ég segi, að stefna ríkisstj. sé í mörgum atriðum sjávarútvegi og fiskiðnaði fjandsamleg, er það afskiptaleysi, sem ríkisstj. hefur sýnt á rúmlega 7 ára valdaferli sínum gagnvart t. d. hnignun togaraflotans í landinu og gagnvart þeim samdrætti, sem orðið hefur í byggingu og rekstri smærri báta. Það hefur verið upplýst, að allt þetta tímabil hefur enginn nýr togari verið byggður. Togurunum, sem voru um 46, að ég ætla, í upphafi valdaferils viðreisnarstjórnarinnar, hefur nú fækkað í rekstri niður í kringum 20, og bátaflotinn undir 100 rúml., sem á árinu 1958 var að tölu 614 skip, er nú á árinu 1967 kominn niður í 577 skip. Og það er eftirtektarverð yfirlýsing, sem hv. 3. þm. Austf. gaf í umr. í gær og var að vikið hér af hv. 5. þm. Norðurl. v. áðan, að hann segir, að það sé þýðingarlaust að endurnýja fiskiskipaflotann, meðan enginn rekstrargrundvöllur sé til fyrir þessa báta. Vissulega má þetta til sanns vegar færa, en hvað hefur þá hæstv. ríkisstj. gert á undanförnum 7 árum til þess að reyna að skapa þann rekstrargrundvöll, svo að hægt væri að halda áfram uppbyggingu þessa fiskiflota, sem er nauðsynleg forsenda þess, að hráefnisöflun frystihúsanna sé í lagi? Ég hygg að það sé næsta fátæklegt.

Í sjötta lagi, og það skal vera síðasta dæmið, vil ég nefna þá fjölmörgu sérskatta, sem lagðir hafa verið á sjávarútveg og fiskiðnað undanfarandi ár. Hv. 5. þm. Norðurl. v. vék að þessu áðan og hann las upp að mig minnir, 24 eða 25 dæmi um ýmsa sérskatta á þessari atvinnugrein, svo að ég skal láta það nægja um það atriði.

Hv. 3. þm. Austf. talaði mikið í gær um auknar veiðiheimildir til togveiða innan núv. landhelgi og taldi, að ef það yrði gert, mundi það vera allra meina bót. Ég er nú ekki eins sannfærður um, að það sé rétt ályktað hjá honum, þó að ég geti vel lýst því yfir sem minni skoðun, að mér finnst ekki óeðlilegt, að það sé tekið til athugunar í sambandi við t. d., ef samþ. verður sú þáltill., sem ég hef flutt og fleiri um hagnýtingu fiskimiðanna, þá sé tekið til athugunar, að hve miklu leyti togveiðar skuli stundaðar í skipulögðum veiðum landsmanna. En ég held, að fyrri reynsla gefi ekki ástæðu til þess að mega ályktа sem svo, að það, þó að togveiðiheimildir yrðu auknar og útfærðar frá því, sem er, mundi verða einhver allsherjarlausn.

Eitt þeirra vandamála, sem var athugað í svokallaðri bátanefnd, var einmitt þetta atriði um auknar togveiðar innan landhelgislínunnar fyrir minni bátana. Í n. voru, eins og hv. alþm. er kunnugt, 5 alþm. úr öllum flokkum, og um þetta atriði urðu þeir sammála um eftirfarandi niðurstöðu, sem mig langar til að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Að þessu öllu athuguðu telur n., að mjög takmarkaður árangur yrði af því að veita allt að 100 rúml. bátum leyfi til fiskveiða með botnvörpu í landhelgi, og auk þess þarf mjög sérhæfðar áhafnir til botnvörpuveiða, þannig að óvíst verður að telja, að auðveldara yrði að fá menn til þeirra en til annarra veiða af umræddri bátastærð. Með hliðsjón af þeim samningum við erlenda aðila um friðun fiskimiða utan landhelgi, sem n. mælir eindregið með, að hafnir verði, álítur hún, að nú sé ekki hentugur tími fyrir Íslendinga til að auka sínar eigin togveiðar í landhelgi, hvorki með smáum né stórum skipum. Telur hún hyggilegra, eins og ástatt er, að við geymum okkur réttinn til að auka botnvörpuveiðar í landhelgi, þar til séð verður, hvaða undirtektir það fær hjá hlutaðeigandi þjóðum, að gerðar verði ráðstafanir til þess að friða ókynþroska fisk á tilteknum svæðum utan landhelginnar."

Sem sagt, niðurstaðan er sú, að nú sé ekki tímabært að breyta þeim reglum um togveiðar í landhelgi, sem í gildi eru, og það sé gert vegna þess, að nú sé tímabært að leita samninga við erlendar þjóðir um aukna vernd fyrir smáfiskinn fyrst og fremst, sem er drepinn í stórkostlegum stíl hér við landið og fiskifræðingar eru sammála um, að sé meginástæðan fyrir minnkandi fiskgengd á Íslandsmiðum.

Af mörgu skemmtilega fráleitu, sem hv. 3. þm. Austf. staðhæfði í gær, var þó sú staðhæfing hans fráleitust, að það væri fyrst nú í tíð hæstv. ríkisstj., sem umtalsverð skipulagning á öllum okkar þjóðarbúskap væri hafin. Ríkisstj. hefði gert sér ljóst, að þörf væri á sem nákvæmustum áætlunarbúskap í þjóðfélagi okkar, sagði hv. þm. Ég verð nú að segja, að mér kom þetta nokkuð spánskt fyrir eyru, ef svo má segja, því að hingað til hef ég alltaf heyrt það básúnað út og þá sérstaklega úr herbúðum þess stjórnarflokksins, sem hv. þm. tilheyrir, að frelsisskipulagið væri það, sem hentaði okkur bezt, og yfirleitt hefur sá flokkur, sem hann tilheyrir, ekki lýst sig í meginatriðum fylgjandi áætlunarbúskap á Íslandi. Ég veit ekki, hversu hrifnir hæstv. ráðh. eru af þessari yfirlýsingu þessa nýja þm., en allt um það er það staðreynd, að á rúmlega 7 ára valdaferli ríkisstj. hefur farið næsta lítið fyrir því, að hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir skipulagi eða skipulagningu í uppbyggingu atvinnuveganna eða ræki þjóðarbúskap okkar í átt við það, sem nefna mætti áætlunarbúskap. Það er eftirtektarvert, að það er nú fyrst á síðustu dögum þessa þings nokkrum mánuðum fyrir alþingiskosningarnar, að hrúgað er inn í þingið frv. af hálfu stjórnarliða, sem vekja athygli á þörfinni fyrir því, að nú sé breytt um vinnubrögð og tekin upp skipulagning í sambandi við uppbyggingu atvinnuveganna. Hví hefur hæstv. ríkisstj. eða liðsmenn hennar ekki flutt þessi frv. fyrr? Hafa þeir ekki haft allan tímann fyrir sér til þess að koma þessum hlutum í þann farveg, sem hv. 3. þm. Austf. sagði, að núv. ríkisstj. hefði sérstakan áhuga á?

Hv. 3. þm. Austf. nefndi sem dæmi um þennan logandi áhuga hæstv. ríkisstj. frv. 8 sjálfstæðisþm. hér í Nd. um fiskimálaráð. Í grg. frv. segir m. a., að hlutverk fiskimálaráðs sé að móta heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og markaðsmálum. Ekki ber þessi tilvitnun úr grg. 8 sjálfstæðisþm. vott um, að miklum áætlunarbúskap hafi verið fylgt á undanförnum árum í sambandi við uppbyggingu sjávarútvegsins. Þau voru nú brosleg, þau stóryrtu orð, sem hv. þm. hafði um frv.-flutning þennan, sem að mínu viti er ekki neitt sérstakur, en hv. þm. lá svo mikið á, að hann sagði, að með frv.-flutningi þessum væri brotið blað í sögu íslenzks sjávarútvegs og fiskiðnaðar.

Í gær var lagt hér fram á borð hv. þm. stjfrv. um skipulag framkvæmda á vegum ríkisins. Í grg. með því frv. segir m. a.: „Frv. er tilraun til þess að reyna að komast út úr þeim vítahring, sem opinberar framkvæmdir hafa verið í um árabil og allir þekkja.“ Ekki ber þessi tilvitnun úr grg. stjfrv. um jafnveigamikinn þátt framkvæmda í þjóðfélaginu eins og opinberar framkvæmdir eru vottur um, að hér hafi verið fylgt áætlunargerð eða sérstakri skipulagningu í sambandi við ríkisframkvæmdir.

Fyrir nokkrum vikum, held ég að ég megi fullyrða, var frá því skýrt með stærsta letri í Morgunblaðinu, að svonefnt iðnþróunarráð hafi verið sett á laggirnar. Ég held, að meðal verkefna þess hafi verið það að vinna að bættri skipulagningu í sambandi við uppbyggingu iðnaðarins. Ég held því, að það sé nærri því sama, hvar hendinni er drepið niður í þessi mál, þá sé sú staðreynd yfirgnæfandi, að það er fyrst og fremst skipulagsleysi, sem hefur ríkt, bæði í sambandi við uppbyggingu atvinnuveganna og eins í sambandi við opinberar framkvæmdir hjá ríkinu. Þetta er viðurkennt í verki með frv.-flutningi þeim, sem ég m. a. gat um, og ýmsum þeim yfirlýsingum, sem hægt væri að endurflytja hér og ýmsir stjórnarliðar hafa gefið við ýmis tækifæri. Ég skal ekki fara út í það núna, enda lítill tími til þess.

Ég vil svo að síðustu aðeins víkja örfáum orðum að þeirri ræðu, sem hv. 3. þm. Austf. flutti hérna áðan. Það var að vísu ekki margt í henni, sem gefur tilefni til andsvara af hálfu okkar framsóknarmanna, enda var ræðan að mestu leyti upplestur úr grein í Þjóðviljanum eftir Jóhann J. Kúld, sem út af fyrir sig getur verið ágætt. En hv. þm. vék að uppgjafaryfirlýsingu forsrh. vinstri stjórnarinnar og fór nokkuð háðulegum orðum um hana. Um það getum við haft skiptar skoðanir, hann og ég. Það kemur vafalaust til af því, að við höfum sennilega ólíkar skoðanir á því, hvort ríkisstj. beri að sitja yfirleitt, eftir að þær koma ekki fram þeim stefnum, sem þær hafa lýst yfir við þjóðina, að þær muni fylgja. Ég vil aðeins segja hv. þm. m. a. frá því, að á árinu 1962, held ég að það hafi verið, var stofnuð ríkisstj. í Finnlandi undir forsæti Karialainens, að mig minnir. Þetta var ríkisstj. Bændaflokksins og minnir mig einhvers hægri flokks í finnska þinginu. Hún setti í upphafi fram sem stefnuskráratriði að halda verðbólgunni innan ákveðinna marka, mig minnir, að hún mætti ekki vaxa um meira en 3.5% yfir árið, ef henni tækist það ekki, þá mundi hún segja af sér. Þetta mistókst ríkisstj. finnsku, held ég strax á þriðja ári, og hún tók afleiðingunum af þessu og sagði af sér.

Hæstv. ríkisstj., viðreisnarstjórnin okkar, gaf mikla stefnuyfirlýsingu á fyrstu mánuðum ársins 1960, þegar hún kom til valda. Aðalyfirlýsing hennar var sú, að hún ætlaði að tryggja blómlegan rekstrargrundvöll atvinnuveganna í landinu. Henni hefur mistekizt þetta fyrir löngu, en hún hefur ekki brugðizt mannlega við þeim mistökum, því að hún hefur beitt þrásetu í stað þess, sem heiðarlegum ríkisstj. ber að gera, að taka afleiðingum af meiri háttar mistökum og segja af sér.

Hv. þm. vék líka að uppbyggingu síldveiðiflotans, sem verið hefur allmikill nú hin síðari árin, og vildi þakka það stjórnarstefnunni. Hér er tvímælalaust rangt með farið. Að sjálfsögðu er sú mikla uppbygging í síldveiðiskipunum, sem er staðreynd nú hin síðustu árin, fyrst og fremst að þakka þeim gífurlega miklu aflabrögðum, sem verið hafa á síldveiðum, og hagstæðu verðlagi síldarafurða erlendis. Á það

má minna, að langmestur hluti þeirra lána, sem ganga til uppbyggingar síldveiðiflotans, kemur með greiðslum frá sjávarútveginum sjálfum, og að sjálfsögðu hefur í þessu tilfelli fiskveiðasjóðurinn orðið mjög öflugur vegna hinnar miklu síldveiði undanfarin ár og getað lánað mjög mikið til uppbyggingar síldveiðiflotans. En ég held, að það sé ljóst, að það sé ekki á nokkurn hátt stjórnarstefnunni sem slíkri að þakka. Þar ráða ytri aðstæður fyrst og fremst.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég vil undirstrika það, að ég greiddi frv. atkv. til 3. umr. þrátt fyrir það, að felldar væru þær brtt., sem við framsóknarmenn fluttum við það, því að ég tel, að ástandið sé svo slæmt hjá þessari atvinnugrein, að sá fjárstuðningur, sem frv. ráðgerir til hennar, sé brýn nauðsyn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það virðist ætla að vera hálferfitt að koma þessu frv. áfram, fyrir áhuga stjórnarstuðningsmanna úr Sjálfstfl. og Framsfl. að láta ljós sitt skína hér. Það undarlega er, að menn skuli geta haldið hér langar ræður um þessi mál án þess að koma að því atriði, sem er alveg höfuðatriðið í sambandi við allan þennan vanda. Hvernig stendur á því, að þessi fjárhagsgrundvöllur, sem var til og hefði getað verið áfram til fyrir útgerð á Íslandi, er hruninn? Orsökin er einfaldlega sú, að verðlag á Íslandi hefur tvöfaldazt á s. l. rúmum 5 árum. Verðlag innanlands hefur tvöfaldazt, án þess að gengi hafi nokkurn skapaðan hlut breytzt út á við. Og hvernig stendur á því, að þetta er orðið svona? Við vitum, að ef við berum saman við 1959, er það mun meira en svo, að það hafi tvöfaldazt, það er næstum 2½ sinnum, en ef við berum saman t. d. við 1962, er það nokkurn veginn tvöföldun.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, lýsti hún því yfir, að hún mundi ekki leyfa verðhækkunum að fara út í atvinnulífið. Ef samið væri t. d. um kauphækkanir eða annað slíkt, yrðu atvinnurekendur að bera það sjálfir, m. ö. o. því var lýst yfir, að það ætti að skapa þannig aðhald að atvinnurekstrinum í landinu, þar með verzluninni líka, að hún gæti ekki leyft sér í sífellu að ætla að láta þjóðfélagið borga fyrir það, sem hún á sjálf að borga með því að skipuleggja vinnuna betur og skynsamlegar. En hvað gerðist síðan? Það, sem gerist, er, að ríkisstj. gefst upp við þetta. Hún gefur alla verðlagningu, alla álagningu í landinu svo að segja frjálsa. Hún leyfir kaupmannavaldinu í landinu að leggja á eins og það vill. Hún leyfir atvinnurekendum í landinu að velta kaupgjaldshækkunum yfir í verðlagið í landinu sjálfu. Sem sé, í staðinn fyrir að standa fast á því, sem hún lýsti yfir upphaflega fyrir einum 6—7 árum, gafst hún upp á þessu. Og fyrir hverjum gafst hún upp? Hún gafst upp fyrir fésýsluvaldinu í Reykjavík. Það er bezt fyrir þá, sem ætla að grafast fyrir um, hvaðan það kemur, sem stundum hefur verið talað um fjandskap við sjávarútveginn og alls konar slæmar aðgerðir gagnvart honum, hvaðan slíkar aðgerðir koma. Öll sú verðhækkun, sem er búin að vera í landinu, tvöföldun alls verðlags í landinu á 5—6 árum, hún kemur frá þessu fésýsluvaldi, sem ríkisstj. hefur gefizt upp fyrir, frá þeim bröskurum, sem í sífellu vilja fá að velta yfir á þjóðfélagið verðhækkunum og fá að skammta sjálfum sér af verðlaginu í þjóðfélaginu sem þeim þóknast og álíta það helgan rétt sinn að mega leggja á vörurnar eins og þeir vilja. Það er þetta, sem er meinið, það að ríkisstj. hefur verið stjórn verzlunarvaldsins í Reykjavík. Það er höfuðmeinið í þessu öllu saman. Það hefur verið svo frá upphafi vega, að sjávarútvegurinn hefur alltaf verið hornreka hjá ríkisstj. hér á Íslandi nema einni eða tveimur ríkisstj. Það hefur verið einmitt þetta verzlunarvald, sem hefur drottnað, og þess vegna er núna komið sem komið er. Við vitum ósköp vel, hvernig þetta er. Þetta er þannig, að það er gengið á sjávarútveginn af hálfu verzlunarvaldsins með því að hækka í sífellu álagningu og annað slíkt og velt öllu yfir á verðlagið, og sjávarútvegurinn getur engu velt af sér. Síðan, þegar sjávarútvegurinn er að drepast, þá loksins á að bjarga og með hverju? Með gengislækkun. Við vitum svo sem, að eftir kosningar kemur að því. Verzlunarvaldið á Íslandi lifir ekki án sjávarútvegsins. Það lifir á sjávarútveginum. Það lifir á því að arðræna hann. Það eru meira að segja lög í landinu um, að það skuli taka allan gjaldeyri af sjávarútveginum, sem hann skapar, og honum skuli skilað, þannig að verzlunarvaldið í landinu geti notað hann. Verzlunarvaldið þarf ekki sjálft að sjá um einu sinni að útvega sér gjaldeyri. Hann er tekinn með lögum, þjóðnýttur af sjávarútveginum, þannig að það er gefið mál í þessum efnum, að meðan hlutur sjávarútvegsins er ekki réttur í þessum efnum, og það þýðir að þrengja að kosti verzlunarvaldsins í landinu, heldur þetta áfram á þessa ógæfuhlið, og það hefur aldrei sigið eins fljótt á þessa ógæfuhlið og núna, að það skuli vera hægt á einum einustu 5—6 árum að tvöfalda allt verðlag í landinu.

Ég veit, að verzlunarvaldið í landinu drepur ekki sjávarútveginn, það væri sama sem að slátra gullhænunni. Þrátt fyrir allt kjaftæði þess um útlenda stóriðju hér á Íslandi og slíkt kemur verzlunarauðvaldið á Íslandi ekki til með að græða nokkurn skapaðan hlut á henni. Þeir kunna það lítið að reikna, okkar kapítalistar. Það er sjávarútvegurinn, sem þeir græða á, og þess vegna er það, sem kemur til með að verða eftir kosningarnar, það er, að gengið verður fellt. Verzlunarvaldið í Reykjavík sér, að það verður að gera þetta til þess að reyna að bjarga sjávarútveginum, og síðan á að dansa aftur sama dansinn. Hann entist núna í 5 ár, af því að það er alltaf að hækka verðlagið á fiskafurðunum erlendis. Hvað ætli hann

endist lengi eftir kosningar? 2—3 ár, ef það koma ekki nýjar verðhækkanir til erlendis, og þá erum við komnir í þann dauðadans, sem drepur hverja þjóð, ef gengið á að lækka á 2—3 ára bili, eins og byrjað var með hjá þessari ríkisstj., sem tók við, þegar gengið var lækkað bæði 1960 og 1961. Það sýnir aðeins eitt. Það sýnir, að með því að taka svona tillit til hagsmuna verzlunar- og fésýsluvaldsins í Reykjavík er ekki hægt að stjórna þessu landi af neinu viti, og það er það, sem þeir menn þurfa að læra, sem ætla að reyna að stjórna landinu. Ef þessi ríkisstj. hefði haldið við það, sem hún lýsti yfir upphaflega, þá hefði vafalaust margt getað tekizt tiltölulega vel hjá henni í þessum efnum. En hún gafst upp á því, gafst upp fyrir kröfum fésýsluvaldsins.

Hvernig er hins vegar ástandið? Hér er talað um það, þetta voðalega hrun á verðlaginu erlendis, það valdi þessum hlutum. Þetta er eintóm vitleysa. *Ég hef fyrir mér opinberar tölur viðvíkjandi verðlagi 1962 og 1967 á t. d.* þorskflökunum, og það er eftir að verðfallið var komið, sem núna var. Þorskflökin, sem seld eru í Bretlandi, eru núna í febrúar—marz 1967 33% hærri en þau voru 1962. Í Bandaríkjunum hefur þarna orðið ofurlítið verðfall, og samt miðað við febrúar 1967 hefur það orðið 12% lægra en það var 1962. Í Sovétríkjunum eru þorskflökin núna 25% hærri en þau voru 1962. Það er ekki til neins fyrir menn að koma fram með þá vitleysu hérna við okkur, að það sé út af verðbreytingunum erlendis, sem einhver vandræði steðja að. Það er ekki til neins að koma fram með svona dellu, eins og þessir þm. eru með. Það er út af verðbreytingunum á Íslandi, sem vandræðin stafa, og þær verðbreytingar stafa af framkvæmdinni á þessu svokallaða álagningarfrelsi. Það er sú kórvilla, sem hefur verið gerð, einokunin til handa fésýsluvaldinu í landinu og þess vald um verðlagningu á öllum hlutum. Þess vegna er það undarlegt, að menn skuli geta talað hér og haldið langar ræður og koma ekki inn á þetta, reyna að dylja þetta, sem er eina stóra vandamálið í þessu öllu saman, með alls konar snakki um alla mögulega aðra hluti.

Og svo er hitt málið, sem ég ætla að minnast hér á. Það er viðvíkjandi togaraflotanum. Undirstaðan að Reykjavík, vexti Reykjavíkur, atvinnulífi Reykjavíkur hefur alltaf verið togaraflotinn. Undirstaðan að hraðfrystihúsunum í Reykjavík hefur fyrst og fremst verið togaraflotinn. Og spurningin þess vegna fyrir okkur í þessum efnum hér í Reykjavík er fyrst og fremst spursmálið um togaraflotann, og það er hægt að nota hann á slíkan hátt víðar á landinu en hér. Og þeir útgerðarmenn, sem mest hafa talað um þessi vandamál nú, bæði Guðmundur Jörundsson og ýmsir fleiri, hafa bent á þá leið, sem virðist vera mjög skynsamleg í þessum efnum, að það sé keypt allmikið af skuttogurum, þeir séu látnir veiða í sig, og það virðist ekki ganga neitt amalega fyrir góða skipstjóra að veiða núna, eins og Maí sýnir bezt, að þeir hraðfrysti fiskinn um borð, þeir skipi honum hér í land, geymi hann hér, þíði hann, þegar þar að kemur, og skapi þannig mjög örugga vinnu í hraðfrystihúsunum, miklu öruggari en verið hefur fram að þessu. Við ættum ekki að vera í neinum vandræðum með þessa hluti, svo framarlega sem hefði verið hugsað af einhverri forsjálni í sambandi við togaraflota. En það er það, sem hefur vantað, vantað gersamlega. Það, sem hefur vantað, og það, sem hefur verið kórvillan í allri stefnu hæstv. ríkisstj., er, að hún hefur hafnað öllu, sem heitir áætlunarbúskapur í þjóðfélaginu sjálfu, drepið niður allar tilraunir til slíks, kjaftað um hann í sambandi við ríkisbúskapinn, notað hann þar til þess að skera síðan niður sínar áætlanir um allt að 20% eða svo, til þess að reyna að gera allt tal um áætlunarbúskap að einberum hégóma.

Það, sem þurfti, var áætlunarbúskapur í þjóðfélaginu í heild og fyrst og fremst á því sviði, sem við vitum, að einkaframtakið stendur sig aldrei neitt á. Einkaframtakið hefur í 30 ár með einni lítilli undantekningu, sem ég skal koma að á eftir, ekki hugsað um togarakaup til Íslands. Það er fyrst og fremst ríkið, sem þar hefur orðið að koma til, þannig að sú kórvilla, sem ríkisstj. gerði frá upphafi vega, er að halda, að einkaframtakið á Íslandi hafi vit eða vilja til þess að skipta sér af endurnýjun togaraflotans. Höfuðsynd ríkisstj. er að láta þetta mál afskiptalaust, og það stendur í sambandi við allt snakkið um einstaklingsframtakið, sem raunverulega þýðir í munni ríkisstj. aðeins rétt kaupsýslumanna til þess að græða eins og þeir geta á almenningi og gera aðstöðu sjávarútvegsins í þjóðfélaginu sem versta. Það þarf fyrirhyggju þess opinbera til þess að kaupa togara til landsins. Án þess verður það ekki gert. Og ef þá fyrirhyggju vantar, missum við smám saman togaraflotann. Það, sem þurfti að gera og gera fyrir alllöngu, var að gera stórfelldar ráðstafanir til þess að kaupa togara, kaupa nýja togara, kaupa skuttogara, og til þess höfðum við nóga peninga. Togaraútgerð á Íslandi hefur vissulega oft átt við erfiðleika að stríða. Hún hefur engu að síður skapað grundvöllinn, það er fyrst og fremst hún, sem hefur skapað grundvöllinn að þeim mikla viðgangi í atvinnulífi Íslendinga, sem orðið hefur á þessari öld.

Það komu miklir erfiðleikar fyrir hana hér á árum fyrr, og fækkaði þá togurum. Þegar heimskreppan skall yfir, voru togararnir, held ég, 47, a. m. k. 1928 voru þeir 47, 1935 voru þeir komnir niður í 37. Heimskreppan hjó stórt skarð í togaraflotann íslenzka, og annar vágestur kom eftir: heimsstríðið. Þá fækkaði úr 37 togurum 1935 niður í 28 1945, og þessir 28 voru gamlir ryðkláfar, svo að segja ónýtir, þeir sem lifðu stríðið af. Það voru mikil áföll, þegar heimskreppan og síðan heimsstríðið skall yfir íslenzka togaraflotann og fækkaði honum úr 47 niður í 28, um leið og þeir eltust.

En svo kom viðreisnarstjórnin seinna meir. Þá voru 53 togarar, þegar hún tók við, á Ís-

landi, 53 1959, — og hvað eru þeir í dag? Það er deilt um það hérna, hvort það séu 16 eða 22. Mér er sama, hvor talan er tekin. Á tímum viðreisnarstjórnarinnar fækkar þeim um meira en 30. Það er forsjálnin, það er stjórnarstefnan í þessum efnum. Þeim fækkar um meira en 30. Það var einu sinni ríkisstj. á Íslandi, sem áleit sig eiga að hafa forgöngu um það að efla atvinnulífið í landinu og treysta ekki á einkaframtakið, og meiri hl. Sjálfstfl. tók þátt í þeirri stjórn. Sú ríkisstj. hafði samt ekki meiri sjóði en þá, sem núna standa til boða. Hún keypti 30 nýja togara í einu lagi til þess að efla grundvöllinn að atvinnulífi Íslendinga. Og þannig jókst togarafloti á Íslandi á þeim tíma og var lagður grundvöllur að miklu af þeim afla, sem kom á land. Lengi vel voru það togarar, sem útveguðu helminginn af öllum aflanum, sem hér var aflað þá. Þetta er munurinn á ræfilsskapnum, sem Sjálfstfl. sýnir í þeirri stjórn, sem hann tekur þátt í nú, og þeirri reisn, sem var yfir þeim hluta Sjálfstfl., sem tók þátt í nýsköpunarstjórninni 1944. Og þessi munur stafar fyrst og fremst af því, að Sjálfstfl. gengur nú með þær hugmyndir, að það eigi að láta eitthvert einkaframtak sjá um þessa hluti, og kaupahéðnar eru látnir vaða uppi í flokknum og hér í Reykjavík til þess að boða, að það sé ein allsherjarlausn á öllum vanda, bara frelsið til handa kaupahéðnunum í þessum efnum. Það er ekki það, sem Ísland þarf á að halda. Það þarf að reka Ísland eins og það væri þjóðarbúskapur nokkurra fjölskyldna, sem vilja standa saman, ef við eigum að halda þeim lífskjörum, sem við höfum nú.

Menn gorta í dag, að við séum þeir þriðju í veröldinni hvað snertir þjóðarframleiðslu, með því að reikna með hringafölsku gengi, tvöföldu gengi á öllum þeim hluta þjóðarframleiðslunnar, sem notaður er hér innanlands. Morgunblaðið jafnvel og þessir aðilar eru að slá þessu upp dag eftir dag, að við séum nr. 3 í heiminum. Mér þætti gaman að sjá framan í þessa menn, þegar þeir verða búnir að fella gengið eftir kosningar, og vita, hvar við erum í röðinni þá, kannske afgreiddu það í dollurum. Þeir ættu að tala ofurlítið minna, en hugsa ofurlítið meira um grundvöllinn undir þjóðfélaginu.

Það er sem sagt öll þessi braskvitleysa ríkisstj., öll þessi trú á einstaklingsframtakið, sem hefur valdið ógæfunni í þessum efnum. Það hefur ekki verið hugsað um það í tíma að endurnýja allan togaraflotann, eins og hefur þurft að gera, með stórum, góðum skuttogurum og sjá þannig um nægilegan fisk til handa okkar stóru hraðfrystihúsum með þeirra miklu afkastagetu. Það er þetta skeytingarleysi, það er þetta, að hugsa sem svo, að þetta eigi að vera verkefni einhverra braskara, — það er það, sem er að drepa sjávarútveginn, verðbólgan annars vegar og þetta fyrirhyggjuleysi hins vegar.

Hins vegar verð ég að segja, að það er náttúrlega ekki sérstaklega mikil von til þess, að einstaklingar leggi í að endurnýja togaraflotann. Það er ekki svo þokkalega farið að við þá, sem glæpast á því að trúa ríkisstj. í þessum efnum. Það voru til vesalings menn á meðal togaraeigenda hér í Reykjavík, sem glæptust á því 1959, þegar þessi ríkisstj. kom með allan sinn frelsisboðskap, að fara að kaupa togara. Það voru menn til, það var undantekningin, sem ég talaði um áðan, það voru keyptir einir þrír togarar. Þessir menn keyptu þá, og þeir gengu út frá, að þeir mundu kosta 25 millj., og gátu réttilega reiknað með því. Og hvað gerði svo ríkisstj.? Rétt eftir að mennirnir voru búnir að kaupa togarana fellir ríkisstj. gengið, ekki einu sinni, heldur tvisvar, þannig að þegar þessir togarar komu, verða þessir menn að borga fyrir þá 40 millj. Hún stelur af þeim 15 millj. kr. Það voru verðlaunin fyrir að trúa því, að einstaklingsframtakið ætti að eiga eitthvað betra núna á næstunni a. m. k., ef það legði í að kaupa togara.

Það er þetta tvennt, sem menn verða fyrst og fremst að læra af því, sem gerzt hefur á undanförnum árum. Annars vegar verður að halda verðlagi innanlands í skefjum, og það verður ekki gert með öðru en harðvítugu aðhaldi að kaupsýslu- og fésýsluvaldinu í landinu. Í öðru lagi verður að hafa forsjálni í þjóðarbúskapnum. Alþ. og ríkisstj. verða að hugsa fyrir þjóðinni, hvað snertir reksturinn á stærstu fyrirtækjunum fyrst og fremst. Óðruvísi verður þetta ekki gert. Sú pólitík, sem rekin hefur verið á undanförnum árum, er fyrst og fremst tertubotnapólitík. Það er eins og hæstv. ríkisstj. hafi hugsað sér, að við ættum að gera út á tertubotnum. Togaraflotinn er áreiðanlega betri grundvöllur fyrir Ísland. En verzlunarvaldið aftur á móti mun vafalaust sjá um, að tertubotnar séu til hérna. Togurunum fækkar um 30, en tertubotnar eru í fyrsta skipti fluttir inn frá útlöndum. Kaupsýsluvaldið hefur hagað sér eins og maður á blindfyllirii í 6—7 ár, keypt til landsins allan mögulegan óþarfa og vitleysu, þannig að þegar þessu góðæristímabili, sem nú hefur verið, fer að ljúka, til allrar óhamingju, má búast við, að það verði farið að skera niður á öllum sviðum, af því að menn hafa ekki kunnað fótum sínum forráð, þegar tæknibylting í síldarútveginum færði okkur á land meira en tvöfalt meiri afla en við höfum haft á undanförnum áratugum. Þetta er afleiðingin af því að hugsa eingöngu sem braskarar og gera braskboðskapinn að undirstöðu í öllu atvinnulífi, í stað þess að hugsa eins og menn, sem eiga að stjórna einni þjóð, og sjá um, að hún geti lifað og lifað vel og skynsamlega á því, sem hún getur aflað sér.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal taka tillit til þess, að fundartími er á þrotum, og raunar hafði verið fyrirhugað, að þingið lyki störfum fyrir páskahátíð nú á eðlilegum fundartíma, þó að það hafi ekki getað orðið.

Ég vil aðeins segja það í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Austf., að mig setti hljóðan, þegar stjórnarandstaðan hafði undirgengizt það í gær að stilla umr. í hóf um stórmál, sem stjórnin lagði kapp á að fengi afgreiðslu fyrir páskahátíðina, eftir að hæstv. ráðh. hafði þakkað fyrir skjóta afgreiðslu í n. á því máli og þakkað d. fyrir hógværar umr. og að þeim væri lokið, þá reis upp hv. 3. þm. Austf. og hélt langa ræðu, ádeiluræðu, og setti þessi áform hæstv. ríkisstjórnar þannig úr böndum, það hefur stjórnarandstaðan ekki gert. En ég varð enn þá meira hissa í dag, þegar hann upphóf mál sitt á ný og hóf stranga ádeiluræðu á hv. 5. þm. Austf. fjarverandi, því að það hefur ekki getað dulizt honum, að hv. 5. þm. Austf. hefur ekki verið hér í dag. Hann fór úr bænum í morgun og er farinn til Austfjarða, og ef hv. 3. þm. Austf. langar til að tala við hv. 5. þm. Austf. um sjávarútvegsmál, er það betra, bæði skynsamlegra og talsvert drengilegra líka, að sæta færi, þegar þeir eru báðir í Austfirðingafjórðungi, en ekki hann í Reykjavík og hv. 5. þm. Austf. fyrir austan. Það samrýmist hvorki skynsamlegum tilgangi með viðræðum né drengskap, og er betra að láta slíkt tal falla niður í þingsölunum, því að drengskapur er líka virtur hér. Ég gæti vel tekið að mér að ræða við hann um landhelgismál, þó að það væri nú kannske öllu skynsamlegra fyrir hann að ræða þau mál við Vestfirðinga sem bjargráð við bátaútvegsinn. En ég læt það vera, og ég læt vera alveg að blanda mér í þetta samtal 3. þm. Austf. hér í þingsalnum við þingbróður sinn austur á Austfjörðum, en bendi honum á sem gömlum lærisveini minum, að þetta eru ekki vinnubrögð, sem eru virt, þau eru ekki drengileg.

Ég sem sé verð við orðum hæstv. forseta og fer ekki í efnislegar umr. um málið, en vildi aðeins segja þetta í tilefni af því, sem hér hafði áður gerzt á þessum þingfundi, og mun ég ekki eyða tíma d. meira.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal reyna að verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að vera stuttorður, þó að ræður einstakra þm. hér í sambandi við þessi mál hafi gefið tilefni til þess að taka þær nokkru nánar til athugunar, en ég ætla að reyna að fara eins fljótt yfir sögu og ég mögulega get.

Út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um togaraútgerðina, ætla ég nú að leyfa mér að leiðrétta hann hvað það snertir, að á árinu 1954 var hér 51 togari, en á árinu 1958 voru þeir 44, svo að það klárði vinstri stjórnin þá að fækka togurum verulega. Hún hóf engan undirbúning að því að byggja eða flytja inn fleiri togara á þeim árum, sem hún var við völd, og hafði þó þessi hv. þm. töluverð áhrif í þeirri ríkisstj., eins og allir vita. Við síðustu áramót voru 32 togarar á skipaskrá, en nú eru 22 togarar í útgerð. En þegar hv. þm. talar um togaraútgerðina og kennir núverandi hæstv. ríkisstj. um allar ófarir togaraútgerðar, gleymir hann alveg einu veigamiklu atriði, sem ég get ekki látið hjá líða að koma inn á, því að nú er afli íslenzkra togara og hefur verið á undanförnum árum, og þá á ég eðlilega við meðalafla þeirra, um 40% af því, sem hann var á fyrstu árunum eftir að nýsköpunartogararnir komu til landsins og hófu sínar veiðar. Kannske það sé hæstv. ríkisstj. að kenna, að aflinn hafi minnkað svona á þeim árum, að dómi þessa hv. þm. En ég hygg, að aðrir þm. vilji ekki saka ríkisstj. um það.

Hv. þm. talaði um ranga stefnu í efnahagsmálum, og fór um það nokkrum orðum og hefur auðvitað gert það í mörgum öðrum ræðum og þá miklu ýtarlegar. Ég skal alveg spara það að víkja að þeim málum að öðru leyti en því, að það er ekki langur tími síðan ég lenti í viðræðum við nokkra menn, sem hv. þm. mundi kalla braskara. Þessir menn voru á einu máli um, að núverandi ríkisstj. hefði þrengt kosti þeirra mjög og það væri eiginlega ólífandi undir hennar stjórn fyrir það, hvað stjórnin væri vond við þessar atvinnugreinar, og sem dæmi um það, hvað þeirra hagur hefði versnað á þessum árum, tóku þeir viðmiðunina við vinstri stjórnina 1956—1958 og töldu allir með tölu, að það hefði verið einn mesti blómatími á þeirra ævi, vinstristjórnartímabilið, þegar Einar Olgeirsson mótaði stjórnarstefnuna ásamt fleirum. Ég skal ekki leggja neinn dóm á sannleiksgildi þessara orða, en svona tala nú þessir menn, sem hv. þm. kallar braskaralýðinn.

Ég hefði haft löngun til að ræða nokkuð við hv. 5. þm. Austf., en ég ætla að sleppa því, af því að hann er fjarstaddur, enda vonandi lifum við báðir það að geta talað saman síðar um þau mál. En varðandi hv. 3. þm. Austf., sem flutti að mörgu leyti fróðlega og yfirgripsmikla ræðu hér í gær, sem hefur farið nokkuð í taugarnar á sumum hv. stjórnarandstæðingum, vil ég þó segja um hana, að ég tel, að þau ummæli, sem hann viðhafði um hraðfrystihúsin og ástand þeirra og horfur, hafi verið mjög óvarleg, og ég vil kenna þar um ókunnugleika hans á rekstri hraðfrystihúsa, því að í fáum orðum sagt voru það óvarleg ummæli, sem ekki fá staðizt, sem hann viðhafði um rekstur hraðfrystihúsanna. Hv. þm. talaði einnig mikið um botnvörpuveiðarnar, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. gerði. Ég harma það, að hv. 3. þm. Austf. skuli hafa þessar einbeittu skoðanir á botnvörpuveiðum og telja, að með því að leyfa hömlulausar botnvörpuveiðar innan landhelgi sé hinum minni vélbátaflota borgið, sem og 5. þm. Norðurl. v. tók undir. Ég harma það sérstaklega, að 3. þm. Austf. skyldi hafa þau orð, því að hann er upprunninn á Vestfjörðum, þar hafa botnvörpuveiðar verið reyndar með lélegum árangri, á meðan var leyfilegt að fiska í botnvörpu að 4 mílum, en ég ætla aðeins að segja honum og öðrum hv. þm. það, að ef botnvörpuveiðar yrðu leyfðar, væri búið að kippa atvinnugrundvellinum undan smábátaútgerðinni, eins og t. d. á Vestfjörðum, þar sem gerðir eru út yfir allt sumarið hátt í 200 bát-

ar. Ef botnvörpuveiðar væru leyfðar á þessum fiskimiðum, væri búið algerlega að eyðileggja lífsafkomu þessa fólks, þess vegna er ég fyrst og fremst andstæðingur botnvörpuveiða. Ég tel það happ fyrir þjóðfélagið að hafa fjölbreytni í útgerðinni. Ég tel það happ, að jafnmargir menn vilji sjálfir ráða og eiga sína útgerð, og það á auðvitað víðar við en á Vestfjörðum, það á ekki síður við á Norðurl. v., þar sem einn hv. þm. leggur nú til og telur það höfuðbjargráð fyrir smærri útgerðina, að leyfa botnvörpuveiðar.

Hv. 4. þm. Reykn. talaði mikið um óðaverðbólguna og hvað útgerðarkostnaður hefði hækkað stórkostlega. Ein höfuðástæðan fyrir, að útgerðarkostnaður hefur hækkað, er sú, að það hafa verið miklar framkvæmdir í þessu landi, það hefur verið skortur á vinnuafli, það hefur orðið að yfirkaupa menn til þess að stunda þennan atvinnuveg, það hefur orðið að yfirkaupa menn til þess að sjá um viðgerðir og annað. Hefur flokkur hv. 4. þm. Reykn. stuðlað að því með till. eða í ræðuflutningi hér á Alþ. að minnka þessa spennu? Nei, þessi hv. þm. og hans flokkur hafa alltaf tekið undir það að auka á þessa spennu, auka alltaf á og krefjast aukinna framkvæmda í þjóðfélaginu, þannig að það sé skortur á vinnuafli sem víðast. Þetta hefur fyrst og fremst gengið út yfir þessa atvinnugrein. Sami flokkur hefur krafizt þess að lækka vextina stórkostlega, þá einnig á víxlum fyrir braskarana. Hvað hefði það þýtt? Það hefði þýtt, að það hefði verið meira gert, það hefði verið meiri pressa í sambandi við vinnuaflið.

Það hefur margt verið gert á þessum árum fyrir smábátaútgerð. Stofnlán báta af stærðinni upp í 120 rúmlestir hafa verið lengd með því að veita frestun á afborgunum bæði árið 1963 og 1964, og nú hefur verið afgreitt hjá stjórn fiskveiðasjóðs á þann hátt að lengja þessi lán um 2 ár.

Þessi hv. þm. og fleiri hafa talað um, að það vanti skipulag og það hafi þessi ríkisstj. á engan hátt gert. Þær greinar, sem þessi ríkisstj. hefur tekið fyrir og viljað færa á milli, frá t. d. síldveiðunum yfir í þessa útgerð, sem hefur átt við erfiðleika að stríða, eins og með frv. um útflutningsgjaldið á síðasta þingi, þá var hreinlega verið að taka af síldveiðiflotanum og færa yfir til minni skipanna. Við skyldum ætla, að hv. 4. þm. Reykn. og hans flokksmenn hefðu fagnað slíkri skipulagsbreytingu og talið hana þarfa og nauðsynlega. Nei, það var ekki aldeilis. Þeir greiddu allir atkvæði á móti, að undanskildum einum þm. Framsfl., hv. 3. þm. Vestf. Það var eini maðurinn, sem kviknaði á perunni hjá í þessum flokki.

Menn verða að vera sjálfum sér samkvæmir, þegar þeir eru að tala um þessa hluti, en ekki vaða elginn í tómri vitleysu, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. gerði, þegar hann taldi hér upp á milli 25 og 30 liði, sem hefðu verið lagðir á útgerðina. M. a. taldi hann það ríkisstj. til áfellis að hafa lagt á gjöld til fiskveiðasjóðs. Er verið að leggja skatt á útgerðina með því, að útgerðin greiði til fiskveiðasjóðs og til aflatryggingasjóðs? Þetta eru sjóðir, sem útgerðin ein ræður yfir að öllu leyti, og ríkið eða þjóðfélagið leggur þessum sjóðum til mikið fé. Skv. fjárlögum yfirstandandi árs var lögð til fiskveiðasjóðs 41 millj. kr. og til aflatryggingasjóðs 32 millj. kr., til fiskileitar, síldarrannsókna og veiðitilrauna 21 millj. kr. Svo fer þessi hv. þm., 5. þm. Norðurl. v., að telja hér upp gamla skatta á útgerðina, eins og það, að útgerðin eigi að borga sjúkrasamlagsgjöld fyrir skipverjana, sem búið er að vera í gildi síðan lög um sjúkrasamlög voru sett. Þetta er að koma aftan úr grárri forneskju, að vera að tala um þessa hluti. Hann er að tala um ýmsa skatta, sem útgerðin sjálf hefur samið á sig í frjálsum samskiptum við stéttarfélögin. Svo kemur þessi maður hér fram á Alþ. alveg eins og flón og segir: Ríkisstj. hefur lagt á okkur alla þessa skatta. — Þessi maður fylgist ekki með tímanum, hann er orðinn á eftir sinni samtíð. Hann hefur staðnað eftir þessari ræðu. Þetta er einhver heimskulegasta ræða, sem hefur verið flutt á Alþ. (Gripið fram í.) Já, þú ættir að sitja í þingsalnum. Ég var búinn að vara þig við.

Ég ætla að benda hv. 4. þm. Reykn. á, að það hafa á undanförnum þingum verið að gerast skipulagsbreytingar á sjávarútvegsmálum. Það voru sett á síðasta þingi lög um Fiskveiðasjóð Íslands. Það voru sett lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og þá auðvitað um leið fyrir fiskiðnaðinn og fyrir sjávarútveginn. Það voru sett lög um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð. Allt hefur þetta sitt að segja í þeirri skipulagningu, sem ríkisvaldið hefur verið að vinna að. En þetta virðist allt hafa farið fram hjá hv. 4. þm. Reykn., að hafi verið gert og lögfest. Hefur hann þó setið hér á þingi, og ég hef alltaf haldið, að hann hafi fylgzt vel með málum, en hann virðist hafa gleymt þessu öllu. Hitt fer ekki á milli mála, að það er brýn nauðsyn að marka heildarstefnu í sjávarútvegsmálum í framtíðinni.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð öllu fleiri, en þó get ég ekki stillt mig um að minnast hér á eitt atriði, sem hv. 4. þm. Reykn. kom inn á. Hann fór að tala um ranga stefnu í markaðsmálum. Hann fór að tala um, að með stefnu ríkisvaldsins hefðu viðskipti við Pólland og Sovétríkin minnkað mikið. Við vitum það, að Pólland, Austur-Þýzkaland og jafnvel Sovétríkin hafa nú byrjað að flytja út freðfisk, og hafa tvö hin fyrrnefndu þessara landa lítinn áhuga á að kaupa hann af okkur. Í bollaleggingum okkar um framtíðarstefnu í markaðsmálum verðum við að taka tillit til hinnar öru þróunar fiskveiða Austur-Evrópulanda. Í 5 ára áætlun Sovétríkjanna fyrir árin 1966—1970 er gert ráð fyrir, að fiskafli þeirra aukist úr 5.8 millj. tonna í 8.5—9 millj. tonna og að nýtízku fiskiskipum þessarar þjóðar fjölgi á sama tíma um 150%. Áhugi Rússa á síldarkaupum fer minnkandi, enda þótt tekizt hafi að semja um kvóta fyrir freðsíld og

saltsíld nú til 3 ára, að mig minnir, og einnig er áberandi minni áhugi á síldarkaupum frá öðrum Austur-Evrópuþjóðum en áður var. Flest Austur-Evrópuríkin virðast nú aðhyllast frjálsari viðskiptastefnu en áður og hafa lagt til, að hætt verði við jafnkeypisviðskiptin, og því má búast við því innan ekki langs tíma, að frjáls gjaldeyrisviðskipti verði tekin upp og því verði ekki lengur nauðsynlegt að viðhalda greiðslujöfnuði á milli Íslands og hvers eins þessara landa í sama mæli og áður. En viðskiptasamningar verða að sjálfsögðu gerðir á milli landanna. Vegna greiðsluaðstöðu Íslands við Austur-Evrópulönd síðustu ár, en einnig með hliðsjón af stefnubreytingu þessari, hefur verið talið rétt að bæta á frílista megninu af þeim vörum, sem áður voru keyptar að miklu leyti frá Austur-Evrópu í skjóli innflutningsverndarinnar. Nú er svo komið, að Austur-Evrópuviðskiptin njóta lítilla sérfríðinda, og er ánægjulegt að geta þess, að þeim hefur tekizt vel að halda stöðu sinni á markaði hér þrátt fyrir aukna samkeppni. Innflutningur frá Póllandi, Tékkóslóvakíu og Austur-Þýzkalandi lækkaði yfirleitt lítið á síðasta ári og það ber vott um, að þessi lönd eru samkeppnisfær á mörgum sviðum. Þegar ég segi, að þetta sé ánægjuleg staðreynd, á ég við, að þar með haldist opinn möguleiki fyrir sölu á okkar afurðum til þessara landa, ef þau hafa þörf fyrir þær.

Þetta vildi ég, að fram kæmi í sambandi við ásökun hv. 4. þm. Reykn. út af markaðsmálunum. Hitt er svo annað mál, sú ályktun, sem hann vitnar til frá hraðfrystihúsunum, þar er hreinlega verið að halda fram, að það eigi að halda þessum viðskiptum áfram fyrir þessa einu atvinnugrein í landinu. En frá sjónarmiði þjóðfélagsins er ekki hægt að taka 100% tillit til þeirra óska, heldur verður hér að taka tillit til þeirrar þróunar, sem á sér stað í viðskiptum í heiminum, og þá alveg sérstaklega nú á milli Evrópuríkja.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég skal mjög gjarna verða við ósk forseta um að vera stuttorður.

Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, en atriði í ræðu síðasta hv. þm., 11. landsk. þm., gaf mér þó tilefni til þess að fara hér upp í ræðustólinn.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir þeim umr., sem hér hafa orðið í sambandi við þetta mál, að því er varðar möguleika á aukinni hráefnaöflun til vinnslustöðvanna. Ég tel, að það hafi komið greinilegar í ljós en áður, að menn eru farnir að átta sig á því, að útvegur smábáta hér á landi verður ekki til langframa rekinn eftir þeim leiðum einum, sem nú eru heimilaðar. Hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur hér flutt frv. á Alþ. um auknar togveiðar, og er það alveg ný rödd hér í þingsalnum að heyra þm. frá Norðurlandi mæla fyrir slíku. Andstaða gegn auknum togveiðum hefur verið einna sterkust þar, og það gleður mig þess vegna, að þessi þm. skuli þó vera búinn að átta sig á því, að togveiðar eru ein af þeim leiðum, sem hlýtur að verða að fara, ef á að auka hráefni til vinnslustöðvanna. Hér hefur einnig komið fram ný rödd, en það er hv. 3. þm. Austf. Hann hefur látið sitt álit hér í ljós alveg eindregið og bent réttilega á það, að þessa leið beri að athuga, að sjálfsögðu undir því vísindalega eftirliti, sem hann gat um. En hann lét ákveðnar skoðanir í ljós um þetta, og er ég honum þakklátur fyrir það.

Það, sem gaf mér tilefni til að fara hér upp í ræðustólinn, voru þau orð hv. 11. landsk. þm., sem tók svo djúpt í árinni í þessu sambandi, að hann taldi, að það mundi eyðileggja rekstrargrundvöll smærri bátanna, ef togveiðar yrðu leyfðar. Ég verð að játa, að mér hafði ekki dottið í hug, þó að ég hafi vitað, að þessi hv. þm. er andstæður því að leyfa togveiðar, að hann mundi leyfa sér að taka svo djúpt í árinni, sérstaklega ef litið er til þess, að í áliti, sem hann stendur að, kemur fram greinilega annar vilji útvegsmanna, víðast hvar um landið, heldur en hann hér hélt fram. Á bls. 54 í nál. bátaútvegsnefndar er gerð grein fyrir afstöðu til togveiðanna. Skoðanir skv. svörum eru mjög skiptar um það, hvort leyfa eigi allt að 120 rúml. bátum veiðar með botnvörpu innan landhelgi. Gegn því eru Útvegsmannafélag Reykjavíkur og Útvegsmannafélag Þórshafnar. Þessi tvö útvegsmannafélög mæltu gegn auknum togveiðum. Meðmælt eru Útvegsmannafélag Snæfellsness, Útvegsmannafélag Vestmannaeyja, Útvegsmannafélag Suðurnesja. Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar vill veita leyfi allt að 150 rúmlesta skipum, en með þeim fyrirvara, að togarar veiði ekki á sama svæði og togbátar. Í sérstakri mgr. kemur álit Útvegsmannafélags Vestfjarða, en það hljóðar svo: „Útvegsmannafélag Vestfjarða er meðmælt því," — ég endurtek: „er meðmælt því með þeim fyrirvara, að heimildin nái aðeins til bátanna, en ekki til togara, að öðrum kosti beri að halda áfram sömu lokun og verið hefur gagnvart öllum." Þetta er álit Útvegsmannafélags Vestfjarða, sem ég verð að segja, að hv. Alþ. hlýtur að taka tillit til, ekki síður en skoðana eða álits hv. 11. landsk. þm. En skv. þessu áliti liggur alveg greinilega fyrir, að útvegsmenn í öllum stærstu verstöðvum landsins, fyrir utan Reykjavík, eru meðmæltir því, að auknar togveiðar verði heimilaðar bátum upp að vissri stærð. Þetta liggur alveg ljóst fyrir í áliti þessarar hv. n., sem þm. hefur verið afhent, þar með einnig frá Útvegsmannafélagi Vestfjarða, sem lýsir sig meðmælt þessu sama atriði, þannig að ég tel og vil endurtaka það, sem ég sagði hér fyrir nokkrum dögum í þessari hv. d., að ég er sannfærður um, að það kemur að því fyrr en seinna, að þeir menn, sem staðið hafa gegn auknum botnvörpuveiðum til handa vélbátum, eiga eftir að skipta um skoðun, þegar frá líður, og það mun verða samþykkt hér á Alþ., áður en langt um líður, að slíkar heimildir verði veittar.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að tala aftur, en hv. 11. landsk. gaf dálítið tilefni til þess. Ég held, að heyrn hans sé eitthvað biluð, því að hann hefur ekki tekið rétt eftir því, sem ég sagði, því að ég tók það skýrt fram í byrjun ræðu minnar, að það væri alls ekki þannig, að þessi útgjöld hefðu öll orðið til í tíð núverandi ríkisstj. Þetta var engin árás á ríkisstj. Ég bara taldi upp þessa raunverulegu útgjaldaliði, sem við yrðum að borga. Ég gat ekkert um, í tíð hvaða ríkisstj. það væri eða hvort það væri samningamál eða ekki, en þetta bara þurfti að borgast, svo að hv. þm. hefur ekki tekið rétt eftir. Ég held, að hann sé orðinn eitthvað taugaveiklaður eða hættur að heyra rétt. Ég er hræddur um, að hann hafi verið eitthvað illa leikinn þarna á Vestfjarðakjálkanum að fást við Þorvald Garðar, en þó að það sé nú erfitt verk, má ekki láta það bitna á kunningjum sínum.

Viðvíkjandi því, að þetta sé eintómt rugl, sem ég fór með: hvaða útgjaldaliður var rangur hjá mér? Það var ekki nefnt. Viðvíkjandi því, að þetta sé tóm vitleysa að veiða í landhelgi: fiskifræðingurinn okkar er með þessu. Þetta vita allir. Það var samþykkt á LÍÚ-fundi. Hann þykist kannske miklu vitrari en ég og Jón Jónsson, þannig að hann sé þess umkominn að segja, að það sé þrugl. Hann hefur fyllzt svona miklu yfirlæti af því að komast upp fyrir Þorvald Garðar, sem erindreki þeirra Vestfirðinga sagði, að væri allt mér að kenna. Hann þakkar mér vel stuðninginn. Ja, þvílíkt, fyrr má nú vera. Svo segir hann, að við viljum hömlulausar togveiðar. Það er meiri eftirtektin þetta. Hann ætti að lesa frv. Það er ekki hægt að hafa strangari hömlur á því en við leggjum til að séu. Það er nú í fyrsta lagi, að það sé samþykkt af heimabyggðunum eða viðkomandi svæðum, í öðru lagi, að fiskifræðingurinn mæli með því, og í þriðja lagi er þetta aðeins heimild fyrir ráðh., þannig að hann getur stöðvað þetta hvenær sem er. Það er ekki hægt að hafa meiri hömlur. Ég vil nefnilega ekki hömlulausa togveiði hjá togbátunum. Þess vegna vil ég ekki veiði eins og hún er rekin nú fyrir sunnan land. Við eigum að hafa vissar reglur um þetta og fara eftir þeim, en ekki hafa einhverjar reglur og fara ekkert eftir þeim. Þetta er aðalatriðið í málinu.

Viðvíkjandi því, að þetta eyðileggi fiskimiðin fyrir Vestfirðingum: þvílíkt rugl. Ekki álítur fiskifræðingurinn þetta, sem er náttúrlega lærðari en bæði ég og hv. 11. landsk. í þessu máli. Ég veit ekki betur en aðalveiðisvæði Breta sé rétt utan við landhelgislínuna norður af Skaganum, þar veiði þeir mest. Þetta sá ég í skjölum hjá fiskifræðingnum okkar, sem Bretar sjálfir gefa út, — hvergi meiri togveiði. Það er nefnilega ekki hægt fyrir okkur að fá hráefni á sumrin nema með togveiðum fyrir norðan land. Við vitum, að síldveiðin hefur tekið bæði fjármagnið og marga beztu mennina, þeir eru komnir á síldveiðar. Við vitum, að m. a. ástæðan til þess, hvað togararnir fiska lítið, er, að þeir hafa ekki nógu góðan mannskap. Hvað gerir Hafnarfjarðartogarinn núna, þegar hann hefur úrvalsmannskap og úrvals skipstjóra? Hann mokveiðir. En meiri hlutinn af úrvalssjómönnunum er kominn á bátana, vill heldur vera þar, og togararnir hafa ekki jafnmiklu mannvali á að skipa, því að það þarf fleira til að fiska en stór skip, það þarf líka valda menn og samhenta. Þarna moka Bretar upp fiskinum. Ætli það gerði mikið til, þó að það væru gerðir út svona tveir togbátar í viðbót á öllu þessu svæði fyrir Norðausturlandi? Ég hygg, að það yrði ekki miklu minni veiði hjá þeim Vestfirðingum.

Annars er það einkennilegt að geta aldrei horft nema bara út fyrir hlaðvarpann hjá sjálfum sér. Það er allt önnur aðstaða hjá okkur en Vestfirðingum. Það er enginn að troða togveiðum upp á Vestfirðinga, engum er þægð í, að þeir veiði á togbátum. Þeir þurfa þess ekki. Þetta eru beztu fiskimið landsins. Þarna er vaðandi þarafiskur að vorinu, þarna er línufiskur allt árið og þar að auki eitt bezta netasvæði, sem til er, út af Breiðafirði og jafnvel beint út af Vestfjörðum sunnarlega. Það eru engir betur settir með að fá hráefni. En það er alveg eins og við Húnvetningar, af því að túnin kólu ekki hjá okkur árið 1965, við höfum sagt: Það gerir ekkert til með þetta kal, það er tóm vitleysa, og það er ekkert tún neitt kalið hjá Austfirðingum. — Það var álíka gáfulegt hjá hv. 11. landsk. eins og við hefðum sagt þetta, þegar túnin kólu hjá Austfirðingum 1965. Maður verður að líta á, að staðan er ekki alls staðar eins. Af hverju eru Vestmanneyingar að veiða í tog? Af því að þeir verða að gera það til að geta lifað. Þeir bjarga sér, þó að það sé ólöglegt, í staðinn fyrir að við erum allt of löghlýðnir fyrir norðan.

Nei, menn verða að líta á aðstöðu fleiri en sinna eigin bæjarfélaga eða kauptúna. Ég veit, að Vestfirðingar hafa ekkert með togveiðar að gera eða togbáta, ekki heldur togara. Þeir geta veitt á bátana, það hagar þannig til hjá þeim. Og eins hygg ég, að þetta sé á Austfjörðum. En við getum þetta bara ekki, því að okkar kauptún liggja það innarlega, það er svo langt á miðin, að við getum ekki notað litlu bátana nema yfir hásumarið. Og niðurstaðan er þessi: Það vantar hráefni, til að fólkið hafi vinnu. Ég vil biðja hv. 11. landsk. að benda okkur á, hvernig við eigum að ná í fiskinn, svo að fólkið hafi nóg að gera. Við höfum lagt mikla áherzlu á það að fá síldina flutta. Það hefur ekki gengið nema mjög takmarkað. Ég skal ekki segja, hvernig það verður í framtíðinni, en það hefur ekki tekizt nema að litlu leyti. Hvernig eigum við að hafa nægilegt hráefni, svo að fólkið hafi nóg að gera, hæfilegar tekjur? Eða á það að vera eins og það hefur alltaf verið, að það vanti verkefni fyrir fólkið, þannig að það verði að lifa heldur fátæklegu lífi, og jafnvel að fækka í kaup-

túnunum, þegar atvinna eykst annars staðar og kaup hækkar þar og vinna vex? Þá náttúrlega streymir fólkið í burtu. Ég vil bara fá að vita það hjá þessum góðu mönnum, sem eru á móti þessu, að við fáum einhverja undanþágumöguleika til að veiða á löglegan hátt á togbátum: Hvernig eigum við að afla fisksins? Línuveiðin ber sig ekki. Færaveiðin er léleg, ekkert sambærileg og á Vestfjörðum, og fiskurinn mjög lélegur. Hvernig eigum við að ná í fiskinn? Nú eru Sauðárkróksbúar t. d. að fara fram á það, að þeir fái aðstoð til þess að kaupa smátogara, skuttogara. Það er allt í lagi, ef það tekst. En það er bara staðreyndin, að við getum ekki fengið hráefni með viðráðanlegum kostnaði á annan hátt en í tog. Línan er allt of dýr og ómögulegt að fá nægilegan mannskap til að gera út nema mjög fáa báta á línu, ef þeir fást þá. Staðreyndin er þessi hjá okkur.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 385).

19. Afnám einkasölu á viðtækjum.

Á 39. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum [127. mál] (stjfrv., A. 232).

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í gildandi lögum um útvarpsrekstur ríkisins er heimild til ríkisstj. til þess að reka viðtækjaverzlun, sem jafnframt hafi einkasölu á útvarpstækjum. Þessi viðtækjaverzlun gegndi mikilvægu hlutverki á sínum tíma, þegar ríkisútvarpið var stofnað. Þá mátti gera ráð fyrir, að nokkrir erfiðleikar kynnu að vera á því að afla viðtækja til landsins til þeirrar nýju starfsemi, sem hér var þá efnt til. Þótti því rétt, að einkasala væri höfð á viðtækjunum, til þess að heildarinnkaup á viðtækjum til landsins gætu orðið sem skipulegust og gætu orðið ódýrari en þau mundu reynast, ef fjölmargir einkaaðilar hefðu innkaup og dreifingu tækjanna með höndum. Hér var þá engin reynsla fyrir hendi hjá kaupsýslustéttinni varðandi viðskipti með þau nýju tæki, sem auðvitað fylgdu í kjölfar stofnunar ríkisútvarpsins, og þótti þá rétt, að þau innkaup yrðu gerð í sem stærstum stíl og um eitt heildarskipulag á dreifingu þeirra um landið væri að ræða. Jafnframt mátti búast við því þá, að nokkur hagnaður gæti orðið af viðskiptum með viðtæki, og ríkisútvarpið var fjárvana, og þótti því hér vera um eðlilegan tekjustofn fyrir ríkisútvarpið að ræða. Það þótti eðlilegt, að verzlunarhagnaður af verzlun með viðtæki rynni til eflingar ríkisútvarpsins.

Nú um langt skeið undanfarið hafa hins vegar smám saman tekið að tíðkast allt aðrir verzlunarhættir með útvarpsviðtæki en þeir, sem eðlilegir þóttu og réttmætir á fyrstu árum eða jafnvel áratugum starfsemi ríkisútvarpsins. Viðtækjaverzlunin hefur á undanförnum árum fallizt á það, að einkainnflytjendur flyttu inn viðtæki í sívaxandi mæli, og heimilað það með því móti, að einkainnflytjendurnir greiddu gjald, svokallað einkasölugjald, 30% af innflutningsverði viðtækjanna, til Viðtækjaverzlunarinnar. Rekstur hennar hefur því smám saman dregizt mjög saman. Hún hefur að vísu verzlað með viðtæki eins og áður, en síminnkandi hluti heildarviðtækjainnflutningsins hefur farið fram um hendur Viðtækjaverzlunarinnar, og segja má, að meginstarfsemi hennar hafi smám saman í æ ríkari mæli færzt í það horf að vera innheimtuaðili fyrir þetta svokallaða 30% einkasölugjald, sem einkainnflytjendur viðtækja greiddu til verzlunarinnar. Í kjölfar þess, að síminnkandi hluti viðtækjainnflutningsins hefur farið um hendur Viðtækjaverzlunarinnar, hefur svo það komið, að hún sjálf, verzlunarreksturinn sjálfur hefur á undanförnum árum verið hættur að vera tekjulind fyrir ríkissjóð, heldur hefur þvert á móti orðið nokkur halli á rekstri Viðtækjaverzlunarinnar, sem þá hefur orðið að greiðast úr ríkissjóði eða réttara sagt koma til frádráttar einkasölugjaldinu, sem Viðtækjaverzlunin hefur innheimt af einkainnflytjendum.

Þá er þess og að geta, að frá árinu 1930 til ársins 1951 rann verzlunarhagnaður Viðtækjaverzlunarinnar í framkvæmdasjóð ríkisútvarpsins. En þá var þeim lagaákvæðum breytt og ákveðið, að verzlunarhagnaður Viðtækjaverzlunar skyldi ganga til byggingar þjóðleikhússins og svo síðar, eftir að þeirri byggingu lauk að mestu, til þess að greiða ógreiddar byggingarskuldir hennar. 1958 var svo þessum ákvæðum enn breytt á þann veg, þegar byggingarskuldir þjóðleikhússins voru mjög farnar að minnka, að ákveðnum hluta viðskiptahagnaðar Viðtækjaverzlunarinnar, þ. e. a. s. 2/5 hlutum hagnaðar hennar, skyldi mega verja til þess að standa undir rekstri sinfóníuhljómsveitar hér á Íslandi, sem þá átti í nokkrum erfiðleikum fjárhagslega séð. Á undanförnum árum eða allar götur síðan 1951 hefur því ríkisútvarpið ekki notið neins góðs af tekjum Viðtækjaverzlunarinnar, heldur hafa þær gengið sumpart til þess að greiða byggingarkostnað og síðar byggingarskuldir þjóðleikhússins og sumpart til þess að standa undir rekstrarkostnaði sinfóníuhljómsveitarinnar. Að vísu er það svo, að á allra síðustu árum hafa þeir tekjustofnar, sem bæði þjóðleikhúsið og sinfóníuhljómsveit hafa haft að viðbættum rekstrarhagnaði Viðtækjaverzlunar ríkisins ekki dugað til að greiða kostnað vegna þjóðleikhúss og kostnað vegna sinfóníuhljómsveitar, og hafa

þess vegna verið teknar upp í fjárlög beinar fjárveitingar bæði til þjóðleikhúss og sinfóníuhljómsveitar. Má í raun og veru segja, að ástæðulaust sé að hafa sérstök lagaákvæði í gildi um skiptingu hagnaðar Viðtækjaverzlunar ríkisins, sem er í raun og veru ríkisfyrirtæki, milli þessara tveggja fyrirtækja, sem sumpart eru hrein ríkisfyrirtæki eins og þjóðleikhúsið og sumpart ríkisfyrirtæki að nokkrum hluta, þ. e. sinfóníuhljómsveitin, þegar þessir stofnar duga ekki hvort eð er, og úr ríkissjóði þarf að veita fé til þeirra beggja á fjárl. Það má því segja, að sú menningarstarfsemi, sem Viðtækjaverzluninni hefur verið ætlað að styrkja, þ. e. í upphafi ríkisútvarpið og síðar þjóðleikhús og sinfóníuhljómsveit, sé að því er snertir þjóðleikhús og sinfóníuhljómsveit hvort eð er orðin háð ríkissjóði og því sé hér um óþarfar krókaleiðir að ræða.

Þegar svo við þetta hefur bætzt, að á undanförnum árum hefur niðurstaðan af sjálfum rekstri Viðtækjaverzlunarinnar orðið neikvæð, hefur þótt tímabært að athuga allan starfsgrundvöll Viðtækjaverzlunarinnar. Þess vegna var það, að ég skipaði 15. maí 1965 nefnd til þess að endurskoða rekstrargrundvöll Viðtækjaverzlunarinnar. Í n. voru skipaðir Jón H. Bjarnason verkfræðingur samkv. ábendingu Verzlunarráðs Íslands, Sigurður Briem fulltrúi í menntmrn., Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri í fjmrn. og Sveinn Ingvarsson forstjóri Viðtækjaverzlunarinnar. N. lauk störfum nú á sl. vori eða 29. marz 1966, og hún komst einróma að þeirri niðurstöðu, að ekki væri ástæða til þess lengur, að ríkið annaðist rekstur Viðtækjaverzlunarinnar og hún skyldi hafa einkasölu á viðtækjainnflutningi til landsins, enda var sú einkasala raunar úr sögunni þegar fyrir mörgum árum. Það var einróma niðurstaða n., að Viðtækjaverzlunin skyldi lögð niður. Hins vegar er nauðsynlegt að sjá þeim fyrirtækjum, sem notið hafa góðs af einkasölugjaldinu að frádregnu tapi Viðtækjaverzlunarinnar, þ. e. þjóðleikhúsinu og sinfóníuhljómsveitinni, fyrir bótum fyrir þann tekjumissi, sem af niðurlagningu Viðtækjaverzlunarinnar og þar með innheimtu einkasölugjaldsins mundi leiða. Þess vegna varð um það samkomulag í ríkisstj., að verðtollur á innflutningi hljóðvarpstækja og sjónvarpstækja skyldi hækkaður, jafnframt því sem Viðtækjaverzlunin yrði lögð niður og innheimtu einkasölugjaldsins hætt. Hefur ríkisstj. eða hæstv. fjmrh. flutt annað frv. samhliða þessu um breytingu á tollskránni, þar sem gert er ráð fyrir þeirri hækkun á verðtolli á hljóðvarpstækjum og sjónvarpstækjum, sem færa mun ríkissjóði í heild mjög svipaðar tekjur og þjóðleikhús og sinfóníuhljómsveit hafa undanfarið fengið af einkasölugjaldi því, sem Viðtækjaverzlunin hefur innheimt.

Sú breyting, sem mundi fylgja samþykkt þessara tveggja frv., er því sú, að í stað þess, að Viðtækjaverzlunin innheimti 30% einkasölugjald af innflutningi þeim, sem einkainnflytjendur annast af hljóðvarpstækjum og sjónvarpstækjum, innheimti ríkissjóður beint samsvarandi hækkun á verðtolli á þessum sömu tækjum. Er hér um mun ódýrari og sjálfsagðari innheimtuaðferð að ræða heldur en þá, sem tíðkazt hefur nú nokkur undanfarin ár. Það verður sparnaður í innheimtu opinberra tekna, en jafnframt hættir ríkissjóður að þurfa að greiða hallann beint eða óbeint, sem orðið hefur af sjálfum viðskiptarekstri Viðtækjaverzlunar ríkisins.

Þegar starfsemi Viðtækjaverzlunarinnar endanlega lýkur, mun væntanlega koma í ljós, að hún mun eiga nokkra nettóeign. Talið hefur verið sjálfsagt, að sú nettóeign gengi til þess að greiða ógreidd framlög Viðtækjaverzlunarinnar vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands og jafnframt til þess að ljúka þeim byggingarframkvæmdum, sem ólokið er við þjóðleikhúsið, en talið er, að kosta muni um 1 millj. kr. Hvort tveggja þetta er í fullu samræmi við ákvæði gildandi laga um ráðstöfun á rekstrarhagnaði Viðtækjaverzlunarinnar. Að svo miklu leyti sem verða kann afgangur, verða kann um að ræða hreina eign Viðtækjaverzlunarinnar, þegar hún hefur lokið greiðslu allra sinna skuldbindinga gagnvart skuldheimtumönnunum og ríkissjóði og öðrum þeim, sem kunna að eiga kröfur á hendur henni, gerir frv. ráð fyrir því, að nettóeign Viðtækjaverzlunarinnar gangi þá í framkvæmdasjóð ríkisútvarpsins, og er það í samræmi við upphafleg ákvæði laga um Viðtækjaverzlunina, þar sem gert var ráð fyrir því, að framkvæmdasjóður ríkisútvarpsins nyti góðs af þeim hagnaði, sem hlytist af rekstri Viðtækjaverzlunarinnar. Sú nettóeign, sem verður, þegar hún hefur endanlega verið gerð upp, rennur því til ríkisútvarpsins, eins og ákveðið var í upphafi að rekstrarhagnaði hennar skyldi ráðstafað.

Með þessu móti vona ég, að ég hafi skýrt efni þessa máls, og leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég hef ekki athugað þetta mál að neinu ráði enn sem komið er og skal því ekki hafa um það mörg orð.

Viðtækjaverzlun ríkisins var til að byrja með mjög gott fyrirtæki, að ég hygg, og blómgaðist og dafnaði vel og gaf hinu opinbera tekjuafgang, sem nýttur var til góðra hluta. Á síðari árum virðist svo sem gengi Viðtækjaverzlunarinnar hafi mjög minnkað og að raunverulega hafi hún ekki verið annað en svipur hjá sjón nú um mörg ár. Ef við athugum, hver orsök sé til þessa, að svo illa hafi gengið fyrir Viðtækjaverzlun ríkisins, get ég ekki séð, að hún sé önnur en sú, að ríkisvaldið, ríkisstj. hafi forsómað þetta fyrirtæki sitt, að ríkisstj. hafi m. ö. o. gengið á rétt

þessarar ríkisstofnunar öðrum og þá fyrst og fremst einkaaðilum í hag. Ég tel illa farið, að svo skuli komið fyrir beinan tilverknað stjórnvalda. En um þetta skal ég ekki fjölyrða, enda er það til lítils. Ég stend hér upp fyrst og fremst til þess að varpa fram þeirri spurningu, þegar um vanda þessarar stofnunar er að ræða: Kom ekki tvennt til álita til lausnar vandanum, annars vegar það að leggja fyrirtækið niður, svo sem nú virðist gert ráð fyrir, hins vegar það að hressa fyrirtækið við? Og mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort það hafi ekki flögrað t. d. að honum sem góðum jafnaðarmanni, eins og hann er, að hressa við þetta ríkisfyrirtæki, gera því tilveruna bærilega, gera það arðvænlegt, eins og það var í byrjun, þannig að það geti skilað opinberum stofnunum eins og ríkisútvarpi og sinfóníuhljómsveit góðum hagnaði, því að það ætti að vera jafnauðvelt, að ég hygg, og að leggja fyrirtækið niður. Ég endurtek: Var þetta ekki athugað sem annar möguleiki, og ef svo var, hvers vegna var horfið frá því og þetta úrræði valið?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð til svars ræðu hv. síðasta ræðumanns. Vissulega er það rétt, að þessa tvo möguleika átti að athuga, þeir hefðu báðir komið til greina, og n., sem ég skipaði á sínum tíma til þess að fjalla um málið, athugaði einmitt þessa tvo möguleika. Og hún komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri framkvæmanlegt að endurreisa stofnunina í þeim skilningi, sem hv. ræðumaður ræddi um, og voru allir um það sammála, forstjóri stofnunarinnar líka. Það koma fram í nál. þau ummæli forstjórans, sem bókuð eru eftir honum í nál., að hann telji ekki tök á að byggja stofnunina upp að nýju til þess að gegna því hlutverki, sem hún upphaflega átti að gegna, vegna þess að hann teldi það ekki fært nema því aðeins að útvega stofnuninni 40—50 millj. kr. nýtt rekstrarfé og auk þess þrefalda starfssvið hennar miðað við það, sem nú er. En hann taldi sig gera sér það ljóst, að eins og ástatt væri, væri ógerningur sérstaklega að útvega þetta stóraukna fé og raunar hæpið líka að efna skyndilega til svo stórfelldrar aukningar á Viðtækjaverzluninni, að hún gæti gegnt því hlutverki, sem henni upphaflega var ætlað. Og þess vegna var forstjórinn á þeirri skoðun, að eins og nú væri komið, væri heppilegast að fara þá leið, sem þetta frv. leggur til, að leggja verzlunina niður, en láta hækkun á verðtolli koma í stað innheimtu einkasölugjaldsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 232, n. 272 og 275).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur hún ekki náð samstöðu um málið, þannig að við, sem stöndum að nál. meiri hl. á þskj. 272, mælum með því, að frv. verði samþykkt, en þó áskilja einstakir nm., sem að álitinu standa, sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að verða bornar. En einn nm. hefur skilað séráliti á þskj. 275, það er hv. 5. þm. Reykn., er leggur til, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá. En þó að ágreiningur sé þannig um afstöðu til þessa máls, sem hér liggur fyrir, þá hygg ég það rétt skilið, að hann sé ekki af því sprottinn, að allir séu ekki sammála um, að það fyrirkomulag, sem nú er, sé óhagkvæmt og óeðlilegt, því að eins og greinargerðin með frv. ber með sér, hefur Viðtækjaverzlunin undanfarið naumast verið rekin sem verzlunarfyrirtæki, heldur fyrst og fremst sem gjaldheimtustofnun, og væru menn sammála um það, að hún eigi ekki öðru hlutverki að gegna, er auðvitað hagkvæmara og ódýrara að sameina hana öðrum opinberum gjaldheimtustofnunum, eins og raunar er lagt til í frv. En það, sem ágreiningurinn er hins vegar um, er það, hvort gera eigi þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, eða endurreisa Viðtækjaverzlunina sem einkasölu, þannig að hún gegni því hlutverki, sem henni var ætlað, er hin upphaflegu lög um hana voru sett.

Ég ætla ekki að fara út í það hér að ræða þá spurningu almennt, hvaða fyrirkomulag eigi að vera á innflutningsverzluninni, enda munu sjónarmið okkar sem að þessu nál. stöndum, vera mismunandi í því efni, þannig að hætt yrði við, að ég freistaðist þá til að fara út fyrir það umboð, sem mér hefur verið falið sem frsm. fyrir þessu nál. Ég skal þó taka það fram, að mín skoðun er sú, að ekki sé hægt að svara því með neinni einfaldri eða algildri formúlu, því að þótt ég telji að vísu, að samkeppni í innflutningsverzluninni hafi þá kosti, að þeir, sem mæla með öðru fyrirkomulagi, svo sem ríkiseinkasölu, hafi þar sönnunarbyrðina, þá er mér hins vegar ljóst, að þær aðstæður geta verið fyrir hendi, sem gert geta hið síðarnefnda fyrirkomulag nauðsynlegt. En afstaðan til þess, hvort innflutningurinn eigi að vera frjáls eða í höndum ríkiseinkasölu, hlýtur að mínu áliti að markast af því, hverra hagsmunir það eru, sem fyrst og fremst er tekið tillit til. Eiga það að vera hagsmunir neytenda eða innflytjenda? Að mínu áliti á aðalreglan að vera sú að velja það fyrirkomulag, sem bezt þjónar hagsmunum neytendanna. En ríkiseinkasala er fyrirkomulag, sem ólíklegt er til þess að þjóna vel óskum og þörfum neytenda, ekki síst á því sviði, sem hér um ræðir, þar sem eru innkaup og dreifing útvarpstækja. Það, sem fyrst og fremst er heimtað af forstjóra ríkiseinkasölu, er, að hann skili þeim hagnaði, sem fjárlög gera ráð fyrir. Bregðist það, er hann vitanlega kallaður fyrir

rétt af fjmrh., endurskoðendum ríkisreikninga og öðrum, sem eftirlit eiga að hafa með störfum hans. Hins vegar þarf hann ekki að standa neinum reikningsskil fyrir því, hvernig hagsmunum neytendanna hafi verið þjónað, hvort sú vara, sem á boðstólum er, sé ódýr miðað við gæði, hvort nægileg fjölbreytni sé í vöruvali o. s. frv. Það er heldur ekkert til viðmiðunar, þar eð allur innflutningur er á einni hendi. Og þar sem forstjórinn veit, að störf hans verða metin eftir því, hverju hann skilar í ríkissjóðinn, ekki eftir hinu, hvernig þörfum neytendanna er þjónað, þá er það ekki nema mannlegt og eðlilegt, að tillitið til neytendanna sitji á hakanum. Öðruvísi er, ef innflutningur er frjáls, þá verður hver einstakur innflytjandi að vera samkeppnisfær við aðra innflytjendur um verð og gæði vöru sinnar, ef hann á ekki að verða fyrir töpum og heltast úr lestinni.

Rökin fyrir því að fara þá leið, sem lagt er til í þessu frv., fremur en að hverfa aftur að einkasölunni, hljóta því að vera þau, að annað henti ekki hagsmunum neytendanna. Hitt er svo annað mál, að í öðrum tilvikum geta það verið önnur sjónarmið en tillitið til þess að þjóna sem bezt óskum og þörfum neytendanna, sem látin eru ráða því, hvaða fyrirkomulag vörudreifingarinnar sé talið heppilegast. Sem dæmi um það má nefna áfengisverzlunina. Flestir munu sammála um það, að áfengisneyzla, nema þá í miklu hófi, sé skaðleg bæði einstaklingnum og umhverfi hans. Þar er því ekki sama ástæða til að leggja sömu rækt við þjónustu við neytendurna eins og þegar um notkun menningartækja, sem útvarpstæki verða að teljast, er að ræða. Dreifing áfengra drykkja þjónar því öðrum markmiðum, nefnilega í fyrsta lagi því að skattleggja skaðlega neyzlu og í öðru lagi því að takmarka neyzluna. Til þess að þjóna slíkum markmiðum er ríkiseinkasala hentugt tæki, enda hygg ég það eiga fáa formælendur utan þings né innan, að innflutningur áfengis verði gefinn frjáls.

Ég get því að gefnu tilefni ekki látið hjá líða að nota þetta tækifæri til þess að andmæla þeim áróðri, sem oft er hafður í frammi gegn frelsi í innflutningsverzluninni, að slíkt frelsi þjóni aðeins hagsmunum innflytjenda eða jafnvel aðeins einstaklinga, sem innflutningsverzlun hafa með höndum. En það leiðir af því, sem ég hef nú bent á, að þegar slíku er haldið fram, er sannleikanum alveg snúið við. Við sjálfstæðismenn erum því að vísu vanir, að okkur sé borið það á brýn að sjá ekki annað en sérhagsmuni heildsalanna. Hitt er ekki að sama skapi daglegt brauð, að Alþfl. og Framsfl., sem stundum hafa þó lagt hönd á plóginn til þess að auka verzlunarfrelsi, eins og t. d. með því að standa að undirbúningi þessa frv., sem hér liggur fyrir, og því nál., sem ég nú mæli fyrir, marki einnig málefnaafstöðu sína með tilliti til sérhagsmuna heildsalanna. Allt er það líka úr lausu lofti gripið, að frjáls innflutningsverzlun sé fyrst og fremst hagsmunamál heildsalanna. Þeim eru ekki sköpuð nein forréttindi með því að gefa innflutninginn frjálsan, enda hefur raunin engan veginn orðið sú, að aukið frjálsræði í innflutningsverzluninni hafi leitt til útrýmingar annarrar innflutningsverzlunar en þeirrar, sem er á vegum einstaklinga. S. Í. S. er enn stærsta innflutningsfyrirtæki landsins, auk þess sem mikill innflutningur á sér stað á vegum annarra félagssamtaka og innkaupastofnana ríkis og bæjarfélaga og fyrirtækja þeirra. Það eru ekki innflytjendurnir, heldur neytendurnir eða almenningur, sem nýtur góðs af þeirri hagkvæmni, sem leiðir af frelsi í innflutningsverzluninni. Ef hlýða þykir hins vegar, svo sem áfengisverzlunin er dæmi um, að fyrirkomulag vörudreifingarinnar sé notað sem tæki til þess að skattleggja neytendurna í þágu innflytjandans, sem þar er ríkisvaldið, þá býst ég ekki við, að neinn ágreiningur sé um það, að einkasala sé þar hentugt tæki. Það getur líka átt við, þegar neyðartímar eru, svo sem styrjaldarástand, þegar sérstakir örðugleikar eru á því að útvega vöruna, að einkasölufyrirkomulag henti eða sé jafnvel óhjákvæmilegt. En sem betur fer er ekki nú um slíkt að ræða, þótt hin almennu vandræði, sem við var að etja á kreppuárunum, þegar núgildandi löggjöf um einkasölu á viðtækjum var sett, hafi ef til vill réttlætt slíkt fyrirkomulag þá. En afstöðu til þess, hvort það fyrirkomulag, sem rétt kann að hafa átt á sér fyrir 30 árum, miðað við þær aðstæður, sem þá voru fyrir hendi, ber auðvitað að taka með tilliti til þeirra ástæðna, sem nú eru fyrir hendi. En skv. því, sem ég hef sagt, verður að telja, að endurreisn einkasölu ríkisins á viðtækjum mundi vera andstæð hagsmunum notenda þessara tækja.

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Lagaákvæði um einkasölu ríkisins á útvarpsviðtækjum munu upphaflega hafa verið sett í lög um útvarpsrekstur ríkisins frá 1930, og þessi ákvæði héldust síðan lítið eða ekkert breytt við hina gagngerðu endurskoðun laga um ríkisútvarp, sem gerð var 1934. Þessi lagaákvæði um einkasölu á útvarpstækjum voru frá upphafi heimildarlög. Ríkisstj. ákvað á sínum tíma, eftir að lögin voru fyrst sett, að nota þessa heimild. Og eins og kunnugt er, þá rann allur hagnaður af þessari einkasölu til ríkisútvarpsins mörg fyrstu árin, sem einkasalan starfaði, og var ein af stoðunum undir fjárhag ríkisútvarpsins. Síðar var breytt til að því leyti, að um skeið rann hagnaðurinn af viðtækjaeinkasölunni til greiðslu á byggingarskuldum þjóðleikhússins. Og loks var þessum ákvæðum breytt þannig, að hagnaðurinn af viðtækjasölunni skiptist og hefur á undanförnum árum skipzt milli þjóðleikhúss og sinfóníuhljómsveitar. Sem sagt, allan tímann hefur hagnaðinum af þessari einkasölu verið varið til menningarstarfsemi, sem á hverjum tíma hefur verið mjög fjárþurfi.

Ég hygg, að rökin fyrir því að koma á einkasölu á þessu sviði hafi á sínum tíma verið þau, sem nú skal greina, og séu það að mestu eða öllu leyti enn í dag.

Það er í fyrsta lagi, að eins og margvíslegur annar varningur, þá eru útvarpsviðtæki misjöfn að gæðum, og það er frá þjóðhagslegu sjónarmiði mikil spurning, hversu margar tegundir á að flytja inn til landsins, allt frá hinum beztu og viðurkenndustu tækjum og til hinna, sem lakari eru. Viðtækjaeinkasalan stuðlaði að því, á meðan hún var og hét, að hér væru á boðstólum nokkrar, hóflega margar, vil ég segja, tegundir frá hinum viðurkenndustu framleiðendum. En þetta hefur verið með ýmsum hætti, þar sem hið fullkomna frjálsræði hefur ríkt, bæði nú eftir að einkasalan var raunverulega lömuð og á öðrum sviðum, þar sem innflutt hafa verið til þessa lands tugir, ef ekki hundruð tækja eða merkja, þó að frá þjóðhagslegu sjónarmiði hefði vafalaust verið hentugra að flytja inn færri tegundir, nokkrar þær, sem bezt reyndust.

Í öðru lagi er enginn efi á því, að þegar innflutningur slíks tækis sem þessa er á einni hendi, þá er hægt í mörgum tilfellum að ná betri viðskiptakjörum, þegar mikið er hægt að kaupa af einhverri vörutegund í einu.

Í þriðja lagi er enginn efi á því, að með einkasölufyrirkomulaginu er hægt að komast af með miklu minni fjárfestingu, með miklu minni birgðir af tækjum og varahlutum heldur en þegar innflytjendurnir skipta mjög mörgum tugum.

Í fjórða lagi hygg ég, að það sé miklum mun auðveldara að fylgjast með og hafa nokkurn hemil á ólöglegum innflutningi, þ. e. a. s. innflutningi tollsvikinna viðtækja, þegar um einkasölufyrirkomulag er að ræða, heldur en þegar mjög margir innflytjendur fást við þetta og merkin eru nær óteljandi.

Í fimmta lagi hygg ég, að það hafi vakað fyrir mönnum og reynslan hafi sýnt það, að mannafli við þessa starfsemi hafi verið miklu minni og miklu minna fé og húsnæði bundið í þessum innflutningi með einkasölufyrirkomulaginu helur en því, þegar hið fullkomna frjálsræði ríkir, eins og það er nú kallað.

Og loks er það, og það er að vísu ekki minnsta atriðið, en þó aðeins eitt af mörgum, að með einkasölufyrirkomulaginu var tryggt, að allur hagnaður af þessari verzlun, þessum viðskiptum, rynni til nauðsynlegrar menningarstarfsemi í landinu.

Fyrstu árin, sem Viðtækjaverzlunin starfaði, var hún rekin sem raunveruleg einkasala, það voru ekki aðrir, sem höfðu með höndum innflutning eða sölu á viðtækjum, heldur en hún. Og það er mála sannast, að á þessum tíma náði einkasalan ágætum árangri og náði fyllilega tilgangi sínum. Ég veit ekki betur en það hafi verið almælt, að hún hafi veitt góða þjónustu. Hagnaður af rekstri hennar var mikill, og honum var öllum varið til fyrrgreindrar starfsemi, sem ég hef áður gert grein fyrir. En smám saman á hinum síðari árum var farið að brjóta þetta ríkisfyrirtæki niður, og það er alveg sérstaklega áberandi nú hin síðustu ár, eftir að sú varð yfirlýst stefna stjórnarvalda að afnema sem mest allan opinberan rekstur, a. m. k. þann, sem einhver hagnaður gat verið á, að eftir það hefur þessi starfsemi ríkisins verið mjög lítilfjörleg, vil ég segja, og engan veginn þjónað tilgangi sínum, vegna þess að það var búið að brjóta hana niður.

Það er vitanlega skiljanlegt, að sú stétt manna, sem fæst við kaupsýslu, geri kröfur í þessum efnum og haldi fram þeim kenningum, sem að því lúta, að hér eigi að ríkja hið fullkomna viðskiptafrelsi, eins og það er kallað. Og það hefur ekki skort að gera kröfur frá þessum aðilum til stjórnarvalda, að lagður skuli niður allur sá ríkisrekstur, þar sem hugsanlegt er, að hagnaður geti orðið. Hins vegar má þjóðnýta allan rakinn taprekstur. Og undan þessum kröfum hefur verið látið alveg sérstaklega í tíð hæstv. núv. ríkisstj. Það er sagt, eins og hv. frsm. meiri hl. n. tók fram, að þetta eigi að tryggja aukið vöruframboð og bætta þjónustu, og jafnvel talað um, að það geti tryggt lægra verð. Ég held, að þetta sé í því tilfelli, sem hér um ræðir, algjörlega ósannað mál, enda næsta ósennilegt, og skal ég nefna nokkur atriði í sambandi við það. Í þeirri grg., sem fylgir frv., er um það rætt, að það kosti svo og svo mikið, það kosti 40—50 millj. kr. og allt að 30 manna starfslið, ef ætti að koma einkasölu með viðtæki á laggirnar að nýju á þann veg, að hún geti fullnægt kröfum landsmanna um innflutning og sölu á þessari vöru. En það liggur hins vegar ekkert fyrir og virðist ekki hafa verið gerð tilraun til að athuga, hvort það er meiri eða minni mannfjöldi og meira eða minna fjármagn, sem liggur í þessum innflutningi og dreifingu þessarar vöru með þeim hætti, að nokkuð margir tugir innflytjenda eru með hana á boðstólum og þurfa vitanlega að hafa sitt fólk við þetta, sín húsakynni og sitt fjármagn eða hið almenna lánafjármagn í þessu bundið. Það hefur ekki verið gerð tilraun til að athuga þetta. Og mér þætti líklegt, að það kæmi í ljós, ef það hefði verið gert, að þá væru það miklu hærri upphæðir og miklu meiri fjöldi manna, sem við þetta væri bundinn, með þeim hætti að láta fjölda innflytjenda og seljenda hafa þetta með höndum, heldur en með skipulögðum hætti hjá vel rekinni einkasölu.

Hv. frsm. talaði um það, að frjálsræðið í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum kæmi fyrst og fremst viðskiptavinunum, neytendunum, eins og svo eru nefndir, til góða. Nú hef ég ekki heyrt, að kaupendur útvarpstækja hafi á sínum tíma haft uppi sérstakar athugasemdir við rekstur viðtækjaeinkasölunnar, og ég hef ekki orðið var við það, að frá þeim eða samtökum þeirra kæmu nein þakkarávörp í sambandi við hið aukna frjálsræði í þessum efnum eða í sambandi við flutn-

ing þessa frv. Hins vegar liggur það fyrir, að innflytjendurnir, samtök heildsalanna, fagna þessu máli mjög og hafa alveg nýlega birt sérstakt þakkarávarp í sambandi við flutning þessa frv., sem hér um ræðir, og þeir óska vitanlega eftir meira af svo góðu, þeir fara fram á það, að nú sé haldið áfram á þessari braut, og vilja vitanlega losna við einkasölu á tóbaki, á eldspýtum, á grænmeti o. fl., og eins og segir í ályktun, sem samþykkt var á aðalfundi Félags íslenzkra stórkaupmanna núna fyrir skömmu, þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Félags íslenzkra stórkaupmanna 1967 beinir því til ríkisstj., að hún beiti sér fyrir eftirtöldum atriðum: a. Að afnema með lögum einkasölu ríkisins á tóbaksvörum, eldspýtum og grænmeti, enn fremur að afnema einkasölu á bökunardropum, ilm- og hárvötnum. Fagnar fundurinn fram komnu frv. ríkisstj. á Alþingi um niðurlagningu Viðtækjaverzlunar ríkisins“ — og síðan er farið út í aðra sálma.

Þetta er að sjálfsögðu skiljanlegt, að þeir, er hafa það að atvinnu sinni að annast innflutning ýmissa vara, vilji njóta sem mests frjálsræðis til þess. En mér er spurn: Verður ekki haldið áfram á þessari braut? Hv. frsm. meiri hl. n. talaði um, að það gegndi dálitið öðru máli um vöru eins og áfengi, sem menn væru almennt sammála um að rétt væri að hafa vissan hemil á og væri sérstaklega skattlagt sem gróðalind, en ef tóbakið kæmi til að mynda næst og þar yrði hið fullkomna frjálsræði og innflytjendur hefðu betri aðstöðu en áður til þess að útbreiða það og selja, kemur þá ekki næst krafan um áfengið, og verður þá staðið gegn henni af hálfu þess ríkisvalds, sem telur, að hið fullkomna frjálsræði í viðskiptum fyrst og fremst eigi að ríkja? Hvað skyldi í sjálfu sér vera athugaverðara við það, að innflutningur á áfengi verði gefinn frjáls, heldur en til að mynda innflutningur á tóbaki, sem kaupmannasamtökin eru nú að fara fram á að frjáls verði gefinn? Að mínu viti hefði í stað þess að afnema þau heimildarlög, sem hafa gilt frá 1930 um Viðtækjaverzlun ríkisins, átt að endurskoða þessa löggjöf með það í huga, hvort ekki væri þjóðhagslega hagkvæmt að efla hana á ný og láta hana þjóna hinum upprunalega tilgangi sínum, auk þess sem hún fullnægði þörfum landsmanna í sambandi við innflutning og sölu á þessum tækjum, að standa undir nauðsynlegri menningarstarfsemi í landinu, að svo miklu leyti sem tekjurnar hrykkju til þess. Og ég hefði talið fulla ástæðu til þess að athuga einnig, hvort slík einkasala ætti ekki nú að ná til sjónvarpsviðtækja líka. Og ég hygg, að öll hin sömu rök og ég hef áður nefnt séu fyrir hendi í dag. En það er ekki að sjá, að þetta hafi verið athugað hið minnsta. Það er aðeins talað um, að þetta mundi kosta nokkuð mikið, þetta mundi kosta 30 manna starfslið hjá einkasölunni og 40—50 millj. kr. rekstrarfé. Kann að vera, að þetta séu réttar og raunhæfar tölur, en ég vil endurtaka: Hve mikið starfslið og hve mikið fjármagn er bundið í þessari verzlun, þessum innflutningi og þessari verzlun í dag, og hve mikið verður það, þegar frjálsræðið verður alveg fullkomið með afnámi þessara heimildarlaga? Ætli það sé minna en um er talað í grg. frv.? Ég held tæplega. Ég held, að það sé um meiri mannafla og hærri fjárupphæðir að ræða. Hitt er svo alveg rétt, að starfsemi Viðtækjaverzlunar ríkisins hefur síðustu árin verið lömuð það mikið, að hún hefur verið lítið annað en innheimtufyrirtæki, og ég viðurkenni það fyllilega, að í núverandi formi, að öllu óbreyttu, á þessi starfsemi mjög takmarkaðan rétt á sér. Það er búið að lama fyrirtækið þannig, að það nær á engan hátt tilgangi sínum. En ég hefði talið, að í staðinn fyrir að segja, að fyrst búið er að lama þetta ríkisfyrirtæki, eins og gert hefur verið, þá eigi nú að draga alveg á barkann á því, þá hefði átt að kanna, hvort ekki hefði verið hagkvæmara þjóðhagslega séð að byggja þessa einkasölu upp að nýju, þannig að hún gæti náð upphaflegum tilgangi sínum.

Ég get ekki stillt mig um að minna á það, að Alþfl. stendur að flutningi þessa frv. um afnám ríkisrekstrar á þessu tiltekna sviði, og það er einn af forustumönnum þess flokks, hæstv. menntmrh., sem ber þetta frv. fram og mælti fyrir því hér í d., og ég hefði haft ánægju af því að ræða þetta mál dálítið við hæstv. ráðh., en ég sé, að hann er nú ekki viðstaddur þessar umr., svo að ég mun stytta það mál mitt, sem ég hefði annars viljað við hann segja af þessu tilefni, en þó aðeins drepa á það, að annað hefur verið viðhorf þessa flokks og þessa hæstv. ráðh. áður og það lengi vel gagnvart þjóðnýtingu, jafnvel á þeim sviðum, þar sem einkasala eða þjóðnýting var engan veginn eins auðveld og einföld í framkvæmd og varðandi innflutning og jafnvel einnig sölu á útvarpsviðtækjum. Mig langar aðeins í þessu sambandi að vitna til ágætrar bókar, sem ég hef oft lítið í og er sammála mörgu, sem þar stendur, hef miklar mætur á þessari bók, — hún er að vísu ekki alveg ný, þó er hún samin alllöngu eftir stríð, — þessi bók heitir „Jafnaðarstefnan“, og höfundur hennar er Gylfi Þ. Gíslason, hæstv. núv. menntmrh., bókin kom út hjá Helgafelli árið 1949. Þar segir svo á bls. 73, með leyfi hæstv. forseta, þar er verið að ræða um innflutningsverzlunina:

„Hún,“ þ. e. innflutningsverzlunin, „er þjóðfélaginu óeðlilega dýr. Hún hefur orðið sjálfstæður atvinnuvegur, og hana annast mikill fjöldi fyrirtækja, svo mikill fjöldi, að í henni er bundið allt of mikið fjármagn og allt of mikill mannafli, og hún er þjóðfélaginu óeðlilega dýr, einmitt vegna einkarekstrarins. Innflutningsverzlunina á að þjóðnýta vegna þess, að þá er hægt að annast hana á miklu hagkvæmari hátt en meðan hún er í höndum mikils fjölda fyrirtækja og margra smárra. Innkaup er hægt að gera í stærri stíl og þá við lægra verði, flutningur getur orðið ódýrari og

dreifing til smákaupmanna hagkvæmari. Af þessum sökum gæti því erlent vöruverð lækkað. Þjóðnýtingin kæmi einnig í veg fyrir, að innflutningsverzlunin yrði einstaklingunum slík gróðalind sem verið hefur, við það gæti vöruverð lækkað til viðbótar. Ef aðstæður eru þannig á vissum sviðum, að ástæða þyki til að haga verðlagningu innfluttrar vöru þannig, að hagnaður verði á verzluninni, þá er sjálfsagt, að sá hagnaður renni í sameiginlegan sjóð borgaranna, en ekki í vasa einstaklinga."

Þetta kann að þykja nokkuð ströng kenning, og ég játa, að stundum kann að mega ná svipuðum markmiðum og fyrir höfundi þessara orða vakti eftir öðrum leiðum en þjóðnýtingarleiðinni. En hitt held ég þó að standi óhaggað, og ég vil leggja á það áherzlu, að til þess þurfa að liggja góð og gild rök, ef leggja á niður ríkiseinkasölu, sem vel hefur gefizt, meðan hún fékk að starfa og var ekki lömuð.

Í sambandi við flutning þessa máls tel ég, að enn skorti allar sannanir fyrir því, að það sé hagkvæmara þjóðfélagslega séð að láta einstaklinga annast innflutning viðtækja heldur en ríkisstofnun. Ég vil fyrst og fremst láta kanna þetta. Það liggur ekkert á að afnema þessi heimildarlög, sem á að afnema samkv. þessu frv. Það liggur ekkert á því fyrr en slík könnun liggur fyrir, og verði niðurstaða slíkrar könnunar sú, að einkasölufyrirkomulagið sé hagstæðara frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, eins og hv. menntmrh. hefur haldið fram, þá á vitanlega að fara þá leið að efla Viðtækjaverzlunina, þá á að gera henni kleift að starfa og styrkja menningarstarfsemi í landinu, en eins og hv. alþm. vita, eru flestar eða allar menningarstofnanir fjárvana. Þess vegna legg ég til, að þetta frv. verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem deildin telur rétt, að Viðtækjaverzlun ríkisins verði efld og henni gert kleift að annast innflutning og sölu útvarps- og sjónvarpsviðtækja, og í trausti þess, að ríkisstj. skipi 5 manna nefnd, 4 eftir tilnefningu þingflokkanna og 1 án tilnefningar, til að endurskoða fyrir næsta þing gildandi löggjöf með fyrrgreint markmið fyrir augum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Að þessari dagskrá felldri mun ég sem hreinn og beinn jafnaðarmaður og lærisveinn höfundar bókarinnar „Jafnaðarstefnan" greiða atkv. gegn þessu frv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það er nú ekki svo ákaflega margt í ræðu hv. frsm. minni hl., sem ég sé ástæðu til að svara. Hv. minni hl. leggur til, að það fari fram sérstök endurskoðun í þeim tilgangi, að komið verði á ný fótum undir Viðtækjaverzlun ríkisins o. s. frv. Hann leggur til, sem í fljótu bragði kann e. t. v. að virðast ekki óskynsamlegt, að það sé gerð á því rannsókn, hvort fyrirkomulagið henti betur. Ég vil nú segja um þetta atriði, að ég hef takmarkaða trú á því, að nokkur slík rannsókn mundi leiða til niðurstöðu.

Hv. 5. þm. Reykn. minntist á það, að það hefðu ekki komið fram neinar kvartanir frá neytendum um, að þjónusta Viðtækjaverzlunarinnar væri óviðunandi. En hvaða aðstöðu hefðu neytendurnir til að kvarta? Þegar öll innflutningsverzlun var í einni hendi, var ekki neitt, sem hægt var að miða við, þannig að neytendurnir urðu að sæta því, sem einkasalan bauð þeim, og höfðu ekki möguleika á því að gera sér grein fyrir því, hvort kostur væri á nokkru betra. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að minnast á það, sem bar á góma hér fyrir jólin, að það var fyrir nokkrum árum, sem framkvæma átti sérstaka rannsókn á millilíðagróðanum. En hvað varð um þá nál., sem þá voru lögð drög að? Það hvarf, eins og kunnugt er, og var það þó vinstri stjórnin, sem var við völd. En raunar var það ekki neitt einsdæmi, að álitsgerðir, sem gerðar voru á vegum hennar, hyrfu og kæmu aldrei fyrir almenningssjónir, en þá sögu sé ég ekki ástæðu til að rekja. Ég held, að rannsókn í þessu efni verði aldrei framkvæmanleg, þannig að neinnar niðurstöðu geti verið að vænta í þeim efnum, svo að mér kemur það þannig fyrir sjónir, að slíkt væri kannske það fráleitasta, sem hægt væri að gera. En af þessu má líka draga þá ályktun, sem leiðir e. t. v. til þess, að það er ekki ástæða til þess að ræða þetta mál ýtarlega, að það verður erfitt fyrir hvorn okkar sem er, hv. 5. þm. Reykn. og mig, að færa tölulegar sannanir fyrir máli hvors okkar sem er, bæði erfitt fyrir mig að sanna það með tölum, að frjáls verzlun sé neytendunum hagkvæmari en einkasala, og svo öfugt.

Hv. 5. þm. Reykn. ræddi í byrjun ræðu sinnar nokkuð alkunn rök fyrir því, að hagkvæmara væri að hafa einkasölufyrirkomulag en að hafa innflutninginn frjálsan, og las upp því til staðfestingar kafla úr bók eftir hæstv. menntmrh., sem að vísu mun allmjög komin til ára sinna, þar sem þessi sömu rök fyrir því, að hagkvæmara gæti verið fyrir þjóðarbúið að hafa ríkiseinkasölu en frjálsa verzlun, voru dregin fram. Það hefur verið á það minnzt í því sambandi, að ríkiseinkasala geti gert kaup í stærri stíl, þannig, að innkaupin verði ódýrari, það sé hægt að fækka tegundum o. s. frv. Þessi rök eru alkunn. Það mætti kannske nefna bílasöluna sem dæmi um það. Einu sinni fyrir allmörgum árum var hér einkasala ríkisins á bifreiðum, eins og marga mun reka minni til, en hún varð fáum harmdauði, held ég, þegar hún var afnumin. Hitt er út af fyrir sig rétt, að í mörgum tilvikum gæti orðið að slíku gjaldeyrissparnaður, þannig að ef allur bílainnflutningur væri á einni hendi, þá væru sjálfsagt færri tegundir bifreiða og vel hugsanlegt, að það væri hægt að kaupa þær eitthvað ódýrar inn. En mér finnst bara, að það megi ekki einblína á þetta. Spurningin er sú, þó að hugsanlegt væri að spara

eitthvað á þann hátt reiknað í peningum, hvort sú þjónusta, sem neytendunum er veitt, mundi verða jafngóð, því að það er nú einu sinni þannig, og í því liggja meginrökin fyrir því, að frjálsræði í innflutningi sé neytendunum hagkvæmt, að það eru ekki allir steyptir í sama mót. Þarfir og óskir neytendanna eru mismunandi, og einmitt það, að tekið sé tillit til þessara mismunandi þarfa og óska, er neytendum mjög mikils virði. Í sambandi við þann sparnað, sem oft hefur verið minnzt á sem rök fyrir því að færa verzlunina á fáar hendur, má nefna það, að þó að þetta geti undir vissum kringumstæðum verið rétt, þá er mér um það kunnugt, að verðlagsyfirvöld hvetja sérstaklega til þess með því að heimila í vissum tilfellum hærri álagningu, þegar gerð eru hagkvæm innkaup, en samt sem áður hefur reynslan sýnt það, að frjálsræði í verzluninni og samkeppnin hefur ekki þýtt það, að allur innflutningur hafi færzt á hendur Sambandsins og stærstu heildsöluverzlananna, eins og vera ætti út frá þessari kenningu, að stóru fyrirtækin geti gert betri innkaup en önnur. En það hefur komið í ljós, að smærri innflutningsfyrirtæki, hvort sem þar er um að ræða félög einstaklinga eða jafnvel opinbera aðila, geta haldið sínu, og mun ástæðan vera sú, að þessir aðilar koma þá auga á möguleika til að innleiða nýjungar o. s. frv., sem þessir stærri aðilar hafa ekki komið auga á. Það má m. ö. o. að mínu áliti ekki eingöngu einblína á hugsanlegan sparnað, heldur ekki síður á notagildi þjónustunnar fyrir neytendurna.

Hv. 5. þm. Reykn. minntist á það, að með því að hafa þessa verzlun í höndum hins opinbera væri ef til vill hægt að spara bæði mannahald og fjármagn, sem bundið væri í innflutningsbirgðum o. s. frv. Ég dreg það satt að segja mög í efa, að hægt sé að gera sér vonir um slíkt, og er raunar á gagnstæðri skoðun. Ég tel það mjög hæpið, að opinber rekstur þýði meiri sparnað í mannahaldi heldur en einkarekstur, því að það ber að hafa hugfast í þessu sambandi, að ef einkafyrirtæki, hvort sem um heildsölufyrirtæki eða annað er um að ræða, hefur óþarflega margt starfsfólk, þá þýðir það, að hagnaður fyrirtækisins verður minni. Atvinnurekandinn verður að greiða þetta úr eigin vasa. Allt öðru máli gegnir um forstjóra ríkisfyrirtækis. Það, að mannahald er þar kannske meira en nauðsynlegt er, er greitt af skattgreiðendunum, eins og kunnugt er, en ekki honum sjálfum. Og alveg hið sama hygg ég að eigi við um það fjármagn, sem bundið er í birgðum. Einkafyrirtækin verða að gæta þess, að ekki sé meira fé bundið heldur en hagkvæmt er. Annað mundi þýða minni hagnað fyrir þau. En allt öðru máli gegnir, þegar um opinber fyrirtæki er að ræða.

Þá vil ég að síðustu aðeins minnast á það, sem ég gat ekki fullkomlega skilið, þegar hv. 5. þm. Reykn. hélt því fram, að ríkiseinkasala á viðtækjum gerði það auðveldara að hafa eftirlit með ólöglegum innflutningi. Ég fæ ekki annað séð en að hættan á því, að smyglað verði til landsins, sé sú sama og sízt minni, þó að um opinbera einkasölu sé að ræða. Þar má nefna það sem dæmi, að ég hygg, að það sé smyglað inn í landið bæði áfengi og tóbaki, þótt ekki treysti ég mér til að nefna neinar tölur máli mínu til sönnunar. Og þegar ég sagði, að hættan yrði sízt minni, átti ég við það, að vöruúrval yrði minna hjá opinberri einkasölu, eins og mér virtist líka vera skoðun hv. 5. þm. Reykn., þegar hann nefndi það sem rök fyrir sparnaði af hálfu ríkiseinkasölunnar, að hún mundi hafa færri tegundir á boðstólum. Einmitt þetta atriði álít ég að skapi meiri hættu á því, að smyglað verði þá inn útvarpstækjum, sem fólk gjarnan vill fá, en einkasalan hefur ekki á boðstólum.

ATKVGR.
Rökstudd dagskrá á þskj. 275 felld með 11:4 atkv.
1. gr. samþ. með 11:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 49. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. Í því felst það, að numin eru úr gildi ákvæði laga um heimild til einkasölu á útvarpstækjum. Jafnframt er kveðið svo á í frv., að eignir Viðtækjaverzlunarinnar skuli ganga í framkvæmdasjóð ríkisútvarpsins, þegar skuldir hafa verið greiddar, inneign ríkissjóðs hjá Viðtækjaverzluninni greidd að fullu og jafnframt innt af hendi til þjóðleikhússins greiðsla á 1 millj. kr., sem það er talið munu kosta að ljúka þjóðleikhúsbyggingunni og greiða ógreiddar skuldir skv. lagaheimild til rekstrar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Á undanförnum árum hefur Viðtækjaverzlun ríkisins verið rekin með tapi, sem ríkissjóður hefur þurft að greiða. Auk þess hefur Viðtækjaverzlunin á undanförnum árum ekki starfað með sama hætti og gert var ráð fyrir að hún starfaði, þegar hún var stofnuð fyrir næstum 40 árum. Þá gegndi Viðtækjaverzlunin mjög mikilvægu hlutverki og leysti það af hendi með mikilli prýði. Þá var verið að

koma á fót nýrri ríkisstofnun, Ríkisútvarpinu, og það þótti mjög hentugt að haga innkaupum til landsins á útvarpsviðtækjum með þeim hætti, að sem stærstar pantanir væru gerðar í einu og dreifingin væri sem mest á einni hendi. Þessi framkvæmd í viðskiptum tókst mjög vel að því leyti, að um margra ára skeið má telja að verð á útvarpsviðtækjum hafi verið lægra hér á Íslandi en í nálægum löndum, einmitt vegna þess, að innflutningur þeirra og verzlun með þau hér var á einni hendi. Á síðari árum hefur hins vegar innflutningur viðtækja til landsins og verzlun með þau smám saman tekið að dreifast á fleiri og fleiri hendur, m. a. vegna þess, að Viðtækjaverzlunin hefur ekki talið sig hafa bolmagn til þess að annast allan þann verzlunarrekstur, eftir að hann tók svo mjög að aukast sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og ekki hvað sízt eftir að innflutningur og verzlun með sjónvarpstæki kom til skjalanna, en hann hefur verið mjög mikill. Þess vegna var það fyrir allmörgum árum tekið upp af hálfu Viðtækjaverzlunarinnar að heimila öðrum innflytjendum að flytja inn tæki, bæði hljóðvarpstæki og sjónvarpstæki, gegn greiðslu ákveðins gjalds til Viðtækjaverzlunarinnar, sem nefnt var einkasölugjald. Þessir viðskiptahættir hafa tíðkazt mörg undanfarin ár, og hefur gjaldið numið 30% af innflutningsverði tækjanna. Bein verzlun Viðtækjaverzlunarinnar hefur hins vegar færzt saman ár frá ári og átt meginþáttinn í því, að rekstur hennar hefur breytzt í hallarekstur. Í raun og veru hefur Viðtækjaverzlunin undanfarin ár allmörg fyrst og fremst verið innheimtustofnun á opinberu gjaldi, einkasölugjaldinu, en æ minna og minna kveðið að eiginlegum verzlunarrekstri hjá henni, auk þess sem sá verzlunarrekstur hefur haft í för með sér beinan taprekstur fyrir ríkissjóð.

Þegar þannig var komið, þótti ríkisstj. rétt að skipa n. til þess að athuga starfsgrundvöll Viðtækjaverzlunar ríkisins, og gerði ég það 15. maí 1965. Í n. voru skipaðir Jón A. Bjarnason verkfræðingur, Sigurður J. Briem stjórnarráðsfulltrúi, Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri og Sveinn Ingvarsson forstjóri Viðtækjaverzlunarinnar. Sigurður Briem var formaður n. Í forföllum Sigtryggs Klemenzsonar starfaði Höskuldur Jónsson stjórnarráðsfulltrúi í n. Þessi n. lauk störfum á s. l. vori og var á einu máli um það, að tímabært og eðlilegt væri að leggja niður einkasölurekstur á innflutningi viðtækja. Skýringin á því kemur gleggst fram í þeim ummælum forstjóra stofnunarinnar, sem voru í nál., en þar sagði hann, með leyfi hæstv. forseta: „Eins og málum er nú komið, er mér ljóst, að ekki eru tök á að byggja upp líkan starfsgrundvöll þeim, er Viðtækjaverzlunin starfaði á fyrstu 27—28 árin, því að meðal annarra fullnægjandi skilyrða í þeim efnum yrði að útvega 40—50 millj. kr. sem handbært rekstrarfé og jafnframt auka starfslið stofnunarinnar að þrefaldri tölu við það, sem nú er, að lágmarki.“ En n. í heild sagði í tilefni af þessum ummælum forstjórans, með leyfi hæstv. forseta: „N. telur, að aðstaða Íslendinga til að afla sér viðtækja og varahluta í þau sé í dag allt önnur og betri en hún var 1930. Með hliðsjón af fullkominni getu einkafyrirtækja sem og samvinnufélaga til að annast innflutning og dreifingu viðtækja, getur n. ekki mælt með, að ríkissjóður leggi fram 40—50 millj. kr. til rekstrar einkasölu til sams konar þjónustu og bindi þar við 30 manna starfslið. Þar sem mjög óráðlegt virðist að halda áfram rekstri einkasölunnar með núverandi sniði, leggur n. til, að hún verði lögð niður.“

Í samræmi við þetta einróma álit n. hefur ríkisstj. lagt til í þessu frv., að eftir till. hennar verði farið og einkasalan lögð niður, en nettóeign hennar að því loknu ráðstafað eins og ég gat um áðan.

Upphaflega var gert ráð fyrir því, að hagnaður af viðtækjaeinkasölunni rynni í framkvæmdasjóð ríkisútvarpsins, og í samræmi við það var lagt til í frv., að nettóeign hennar, þegar allar skuldbindingar hafa verið greiddar, renni í framkvæmdasjóð ríkisútvarpsins. Viðtækjaverzluninni var upphaflega ætlað að vera ríkisútvarpinu til stuðnings, og hún verður það endanlega með því móti, að það fái nettóeign einkasölunnar, þegar greiðsluskuldbindingum er lokið. 1951 var hins vegar ákveðið, að hagnaðurinn skyldi renna í ríkissjóð til greiðslu á byggingarskuldum þjóðleikhússins, og síðar var þeim lögum breytt og ákveðið, að hagnaðinum skyldi skipt á milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og þjóðleikhússins. Nú er hins vegar svo komið, að einnig er um að ræða beinar fjárveitingar á fjárlögum, bæði til þjóðleikhússins til rekstrar og byggingar og til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Sjálfsagt þykir þó, að Viðtækjaverzlunin greiði það, sem hún á enn ógreitt vegna fjárhagsskorts eða vegna fjárskorts, það fé til Sinfóníuhljómsveitarinnar og að nettóeign Viðtækjaverzlunarinnar standi undir þeim byggingarframkvæmdum þjóðleikhússins, sem enn er ólokið, enda kveða gildandi lög svo á, að tekjur af Viðtækjaverzluninni megi nota til byggingar þjóðleikhúss, þangað til þeirri byggingu er endanlega lokið.

Jafnhliða þessu frv. flytur ríkisstj. eða fjmrh. annað frv., þar sem lögð er til hækkun á verðtolli á innfluttum sjónvarpstækjum og hljóðvarpstækjum, sem á að koma í staðinn fyrir það 30% einkasölugjald, sem nú hefur verið greitt af öllum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum, sem til landsins hafa verið flutt. Það, sem gerist hér í raun og veru, er það, að innheimta opinberra gjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum verður einfaldari og ódýrari en nú á sér stað. Í stað þess að innheimta bæði aðflutningsgjöld af þessum innfluttu tækjum og einkasölugjald af hálfu Viðtækjaverzlunar ríkisins verður nú allt, sem neytendur greiða til hins opinbera af tækjunum, innheimt af sama aðila, þ. e. tollyfirvöldunum, og sparast þá auðvitað sá kostnað-

ur, sem af því hefur hlotizt að innheimta einkasölugjaldið á vegum Viðtækjaverzlunarinnar, því að í sjálfu sér kostar auðvitað nákvæmlega jafnmikið að innheimta 70% verðtoll af þessum tækjum við innflutning eins og að innheimta 100% verðtoll af þeim. Af þessari kerfisbreytingu mun því óhjákvæmilega hljótast verulegur sparnaður fyrir hið opinbera og þjóðfélagið í heild.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég kann ekki við að láta þetta frv. fara svo til n. að lýsa ekki afstöðu minni til þess, sem hér er að gerast, sérstaklega með tilliti til þess, sem nokkuð hefur komið fram í blöðum kaupsýslumanna hér, að fagnað er mjög yfir því, að Viðtækjaverzlunin sé lögð niður, og sagt, að fleira af því, sem ríkið hefur rekið, þurfi að koma á eftir.

Það er náttúrlega lítill vandi, þegar kaupsýslustéttin hefur höfuðáhrifin á ríkisvaldið, að stjórna þannig rekstri ríkiseinkasala, að þær verði óvinsælar og síðan verði þær að hálfu leyti leystar upp og svo að lokum lagðar niður. En það er rétt, um leið og svona mál eru rædd, — þó að það sé í raun og veru erfitt, eins og komið var með viðtækjaeinkasöluna, — að gera sér ljóst, út í hvað verið er að stefna með þessu móti. Ástandið er þannig, að meira og meira af því, sem almenningur kaupir, hvort sem það eru sjónvarps- eða útvarpstæki, bílar, vélar, heimilistæki eða annað slíkt, — það er að verða þannig með þetta hér á Íslandi núna, að þjónustan með allt þetta er að verða gersamlega ómöguleg. Skipulagsleysið í innflutningnum á þessum hlutum er að verða þannig, að það veldur þjóðfélaginu og hverjum einstaklingi, sem eitthvað hefur með þetta að gera, stórtjóni. Í raun og veru erum við að lifa það, að hið svokallaða einkaframtak er að svíkjast um að fullnægja því, sem fram að þessu hefur verið gengið út frá, að það hefði vissar forsendur til að fullnægja betur en ríkið, eins og það vissulega oft og tíðum getur haft, ef einhver ofurlítil hemja er á því, hvernig þarna er að farið. Við vitum, að það er ákaflega mikið valfrelsi, sem fólk hefur núna, hvað snertir að það getur valið kannske á milli 50 og 100 bílategunda. Vafalaust getur það farið að velja á milli fjöldans af alls konar viðtækjum, sjónvarpstækjum og öllu mögulegu slíku. Það er enginn efi á því, að þegar um er að ræða að selja þessi tæki, eru ótal prangarar til, sem pranga þessu inn á almenning. En hvernig fer svo á eftir, um leið og þarf að fara að gera við þetta? Hvernig er með varahlutina í bílategundirnar hér á Íslandi? Hvernig stendur einkaframtakið sig með það? Sannleikurinn er, að svo og svo mikið af öllum þeim tækjum, sem hér eru flutt inn, er meira eða minna ónýtt almenningi rétt á eftir, vegna þess að þetta einkaframtak fullnægir ekki þeirri skyldu að hafa nægar varahlutabirgðir af þessu öllu saman. Það, sem við höfum lifað í sambandi við öll þessi tæki, er algert gjaldþrot einkaframtaksins í þessum efnum og svik þess við þjóðfélagið, sem að miklu leyti stafa af því, að þessir aðilar hafa fengið frelsi til að flytja inn hvað sem þeir vilja án þess að hafa nokkrar skyldur til þess að sjá almenningi fyrir því á eftir, að almenningur eigi að geta haft fullkomið valfrelsi um varahluti í sambandi við þetta.

Það er snakkað í blöðum kaupsýslustéttarinnar hér um valfrelsi. Hvar er valfrelsi hvað snertir varahluti í það, sem heimilin og fólkið almennt þarfnast? Það er ekki til. Það er alger óreiða og hreint hneyksli í öllum verzlunarmálum Íslands hvað þetta snertir. Svo og svo mikið af því, sem fólk flytur hér inn, er því meira eða minna ónýtt rétt á eftir, vegna þess að það vantar varahluti. Og svo er bara prédikað: Menn hafa valfrelsi. — Jú, menn geta kastað því, sem fyrir er, og keypt sér nýtt. Það geta kannske þeir, sem hafa efni á því, en það geta ekki aðrir.

Ég álít, að hið opinbera, sem ber ábyrgð á því, hvers konar skipulag eða skipulagsleysi og óreiða ríkir í þessum efnum, verði að gera svo vel að skipta sér dálítið af þessu. Það veit hver einasti maður, hvað það er ópraktískt fyrir okkur Íslendinga að hafa alla þá tugi bílategunda, sem hér eru. Það verður engin þjónusta við almenning með þessu móti. Við kæmumst af með miklu færri bílategundir og gætum þá haft tiltölulega sæmilegar varahlutabirgðir handa fólki af þessu. En á hvern hátt ætla menn að sjá um að gera slíkt? Það verður ekki gert með þessari svokölluðu frjálsu verzlun nú. Einkaframtakið gerir það ekki. Það er algerlega gjaldþrota og máttlaust og ómögulegt í þessum efnum. Það stendur uppi eins og þvara. Almenningur hefur ekkert valfrelsi í þessum efnum. Um leið og hann er búinn að kaupa eitt tæki og þarf að fá einn hlut í það, stendur allt fast.

Ég álít, að hið opinbera verði að gera svo vel að athuga dálítið, hvað um er að ræða í þessum efnum. Hér er komið og sagt við okkur af hæstv. verzlunarmrh., viðskmrh., að það sé sparnaður fyrir þjóðfélagið að leggja niður Viðtækjaverzlunina. Ég skal ekkert um það segja. Það er hægt auðvitað að deila heilmikið um, þegar búið er að koma Viðtækjaverzluninni í það ástand, sem hún er í núna, hvernig þetta sé. En verður það nokkur sparnaður fyrir þjóðfélagið á eftir? Hvað fáum við margar viðtækjaverzlanir hérna? Hvað fáum við upp margar sjónvarpstækjaverzlanir nýjar? Mér sýnist ein vera að rísa upp á dýrasta horninu í Reykjavík, á horninu á milli Austurstrætis og Lækjargötu. Það væri gott að vita, hvað álagningin er á vörunni, ef þetta er dýrasta pláss, sem til er í Reykjavík. Ég er því miður ekki svo kunnugur, ég veit ekki, hvort það er frjáls álagning á þessum hlutum, en það getur hæstv. viðskmrh. upplýst, en við vildum gjarnan fá að vita það, áður

en þetta er samþ. hér. Hvað eiga margir að fá að starfa við að selja sjónvarpstæki í Reykjavík, ef Viðtækjaverzlunin er afnumin og annað slíkt? Hver ætlar að tryggja okkur, að það verði ekki 50 eða 100 manns, sem komi til með að vinna við þetta, í staðinn fyrir það, sem þyrfti, svo framarlega sem það væri ríkiseinkasala á því? Eins og nokkur maður þurfi að telja okkur trú um það í dag, að það væri ekki heppilegra fyrir þjóðfélagið, að það væri einkasala á bílunum, en frjálst hins vegar að kaupa þá, ekki nein skömmtun, og ríkið réði, hvað það væru margar bílategundir, sem inn væru fluttar. Eins og nokkur maður þurfi að telja okkur trú um, að allar bílahallirnar hefðu risið inn við Suðurlandsbraut, ef það hefði verið ríkiseinkasala á bílunum, og eins og það væri ekki hægt að hafa þjónustu við almenning og valfrelsi á varahlutum eitthvað dálítið skárra en það er núna, svo framarlega sem það væri þarna ríkiseinkasala. Að vísu skal ég viðurkenna, að það er hægt að reka ríkiseinkasölu svo illa, að hún yrði afnumin, og það er hægt að hafa það mikla spillingu í sambandi við hana, að það yrði látið fokka. Við munum, hvernig fór með þá gömlu. En það þýðir ekki, að við verðum að horfa upp á það endalaust, að það eigi að verða slík óreiða með alla þessa hluti í þjóðfélaginu, að almenningur standi uppi varnarlaus, alveg varnarlaus gagnvart hinum og þessum pröngurum, sem pranga hinum og þessum vélum inn á menn, sem geta verið góðar vélar, en svo stendur allt í vandræðum með að fá varahluti í þær, þegar að því kemur, engin þjónusta við almenning, ekkert valfrelsi til. Það er bezt, um leið og kaupsýslulýðurinn hér í Reykjavík er að byrja að fagna yfir því, að það sé verið að leggja Viðtækjaverzlunina niður, og segja, að svona þurfi fleiri einkasölur að fara, að honum sé sagt alveg til syndanna með það, hvernig hann hefur svikizt um allt það hlutverk, sem honum var falið á hendur með því að gefa verzlunina frjálsa. Það er almennt viðurkennt í Reykjavík í dag, að þeir, sem betri hafa efni, sigla til Bretlands eða fljúga til að kaupa inn, en kaupa ekki hérna í Reykjavík. Af hverju? Af því að það er ekki einu sinni nægilegt valfrelsi á fötum og öðru slíku. Svo þykist einkaframtakið hafa staðið sig vel hér. Jú, þeir hafa staðið sig með tertubotna, kannske farnir að flytja inn jarðveg frá Ameríku. En hvers konar ástand er þetta? Og svo eru blöð til hér í þjóðfélaginu og það voldug blöð, sem leyfa sér að útbásúnera það, hve gífurlega almenningur eigi við góð kjör að búa hvað þetta snertir, hvernig hann geti valið á milli varahluta og skorti aldrei nokkurn tíma neitt. Ég held, að það verði alvarlega að athuga þessa hluti. Einkaframtakið hefur enga ástæðu til þess að hrósa neinum sigri þarna. Það hefur staðið sig skammarlega, og það er þess vert fyrir hæstv. ríkisstj. að athuga það, hvernig hún ætlar að sjá almenningi fyrir þeim nauðsynjum, sem hann þarf að fá.

Ég þykist vita, að það verði nóg til af alls konar viðtækjum og sjónvörpum, um leið og þetta er gert, það hefur verið það undanfarið. En hvernig verður með allt, sem heitir varahlutir og viðgerðir og annað slíkt, á eftir? Það þarf að athuga þessi mál öll niður í grunn. Mér þætti mjög vænt um að fá frá ríkisstj. skýrslu um það, hvað bílainnflutningurinn kostar Ísland í dag, hvað það eru margir, sem vinna við hann, hvað miklu er stungið undan í sambandi við hann. Þá vildi ég, að hæstv. ríkisstj. tryggði okkur það, að allt, sem nú verður látið renna til einstaklingsframtaksins, það komi allt saman fram til skatts. Vill hæstv. ríkisstj. taka að sér að ábyrgjast það? Það er vaninn, svo framarlega sem ríkið sér um þessa hluti, að þá kemur það fram. Er máske ein ástæðan að pumpa fé frá almenningi, án þess að það komi nokkurn tíma fram til skatts hjá þeim, sem flytja hlutina inn? Ég veit ekki til þess, að menn hafi þá reynslu af bílainnflutningum og öðru slíku, að þeir vilji tryggja það. Ég efast ekki um, að það verður hægt að sjá almenningi fyrir tækjunum til þess að byrja með og verður vafalaust gert mjög vel og sómasamlega. En svo þegar kemur til þess að eiga að sjá fólki fyrir viðgerðum á þessu og þegar þetta eru orðnar ótal tegundir og engir varahlutir til í svo og svo margar gerðir, þá stendur fólkið uppi eins og þvara.

Ég vildi segja þessi fáu orð, bara vegna þess, að ég álít síður en svo, að hvernig sem um þetta frv. fer, þá sé nokkur ástæða fyrir einkaframtakið hér á Íslandi að vera að hrósa einhverjum sigri í þessu sambandi. Ég álít, að það væri þvert á móti nauðsynlegt að taka öll verzlunarmálin til endurskoðunar vegna þessa raunverulega pólitíska gjaldþrots, sem við höfum lifað hjá einkaframtakinu í verzluninni, sem er svo samfara því, að verzlunin gerir meiri kröfur til lána úr ríkissjóði. Það er minnzt hér á, að vanti 40—50 millj. í starfsfé fyrir þessa ríkiseinkasölu. Má ég spyrja: Hvað á að lána marga tugi millj. meira, þegar farið verður að reka þetta sem einstaklingsframtak? Hvað eru margir tugir millj. í þessu núna? Það er bezt, að við fáum að vita þetta, það er ekki til þess að slá um sig með svona við okkur. Við vitum ósköp vel, hvernig lánað er í verzlun nú sem stendur, og við vitum, hvað þar stendur fast, þannig að um leið og banki fer að hreyfa við einhverjum féglæframanninum hérna, þá er það bara heil keðja, sem fer á eftir, og þá er stöðvazt við. Svo á að tala um ríkið, að ríkið geti ekki fengið 30—40 millj., en einstaklingar í verzluninni, verzlunarauðmagnið hefur aukið mest lánin og fengið mest af lánaaukningunni út úr bönkunum. Eina undantekningin hefur verið, ef það hefur verið alveg sérstaklega mikil síldveiði og verið lánað út á hana, af því að birgðirnar hafa aukizt svo.

Ég er hræddur um, að við verðum alvarlega að athuga þessa hluti, áður en að lengra er gengið í þessum efnum, og ég vil mjög mæl-

ast til þess, að sú n., sem fær þetta til athugunar, rannsaki þetta niður í kjölinn. Almenningur á kröfu á því, að honum sé sýnd almennileg þjónusta. Ég er ekki að tala um endilega, að það eigi við þetta, en ég er að eiga við það, sem einkaframtakið hefur fengið laust á undanförnum áratugum, ekki sízt af tækjum, bílunum og öðru slíku. Ég held það þurfi að fara að staldra alvarlega við um, hvert verið er að halda með þessu. Það er tvíbent að leggja fyrst niður einkasölur, fá einstaklingunum þetta í hendur, lána þeim stórfé úr ríkisbönkunum til þess og láta svo ríkisbankana tapa stórfé á því að hafa lánað þeim, eftir að almenningur hefur fengið slæma þjónustu allan tímann. Ég vildi aðeins láta þetta í ljós, um leið og þetta frv. er til 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 53,. 54., 56., 57. og 58. fundi í Nd., 13., 14., 20. og 21. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 232, n. 325 og 349).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur haft frv. þetta til athugunar og kallað á sinn fund forstjóra Viðtækjaverzlunar ríkisins til að fá hjá honum ýmsar nánari upplýsingar. Sérstaklega óskuðu nm. eftir því að fá upplýsingar um, hvernig raunverulegur hagur fyrirtækisins væri og hvað það mundi verða, sem ríkisútvarpið tæki við, þegar skuldbindingar hafa verið gerðar upp og reikningar. Fullvissaði forstjórinn n. um, að staða fyrirtækisins væri góð, og alveg sérstaklega um, að birgðir, sem færðar eru upp á 9—10 millj., mundu raunverulega reynast þess virði. — Meiri hl. menntmn. mælir því með samþykkt frv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hv. menntmn. klofnaði um þetta frv. Mín till. er, að þetta mál verði afgreitt með rökst. dagskrá, eins og letrað er á þskj. 349.
Það, sem hér er verið að deila um, er raunverulega fyrst og fremst, hvaða stefnu skuli hafa í þessum málum. Viðtækjaverzlun ríkisins er nú rekin samkv. heimild í lögum um útvarpsrekstur ríkisins, sem sé það, sem hún byggir sína tilveru á, er einvörðungu heimild, og raunverulega var vel hægt að hætta að beita þeirri heimild, jafnvel þó að lögin stæðu áfram, og að vissu leyti hefur þetta verið gert.
Á undanförnum árum hefur Viðtækjaverzlun ríkisins raunverulega ekki verið rekin eins og hún var rekin upphaflega. Öllum mögulegum aðilum hefur verið leyft að flytja inn viðtæki og Viðtækjaverzlunin hefur ekki sjálf séð um þennan innflutning.
Það hefur orðið vart við það einmitt í sambandi við þær umr., sem fram hafa farið núna um þetta frv., að ýmsir fésýslumenn í þjóðfélaginu hafa verið að fagna því mjög, að nú væri þessi einkasala lögð niður, eftir að hún er raunverulega búin að vera að nokkru leyti dauð í mörg ár. Og þetta hefur verið tekið sem sérstakur sigur fyrir þá stefnu að drepa sem mest niður afskipti ríkisins af innflutningsverzluninni og láta þetta í hendur einkaaðila. Ég álít þessa stefnu og við Alþb.-menn álítum þessa stefnu algerlega ranga, og við álítum, að í sambandi við spursmálið um afgreiðsluna á þessu máli komi það til greina, hvernig menn líta hvað stefnu snertir á þessi mál. Það er komið þannig nú, að fjölmikið af þeim tækjum, sem heimilin þurfa á að halda, er flutt inn af einstökum fésýslumönnum. Heimilistækin, bifreiðarnar og þetta allt saman er orðið svo að segja braskvara. Það er svo með öll þessi tæki, að þau eru venjulega mjög viðkvæm í notkun, mjög mikil hætta á, að þau skemmist fljótt og þurfi í þau varatæki. Og allir þeir, sem hafa einhverja reynslu á þessum sviðum, vita, hvernig það gengur yfirleitt, með vissum undantekningum þó, þegar farið er að útvega slík varatæki. Þá gengur þetta venjulega ákaflega lengi og þjónustan í þessum efnum er hjá einkaframtakinu yfirleitt ákaflega slæm, þannig að það, sem ríkið er að leiða yfir almenning með því að gefa þessa hluti frjálsa og láta ekki ríkið hafa það sjálft með höndum, það er þjónustuleysi hvað snertir varahlutina í þau tæki, sem fólk þarf á að halda. Ætli það séu ekki komnar upp undir 100 tegundir af bílum, sem verið er að flytja inn til þessa lands, og það eru kannske 1—2 umboð, sem standa sig sæmilega með varahluti. Hvað hitt snertir er það yfirleitt erfiðleiki. Og þessa sögu er að segja um mjög margt af þeim vélum eða vélatækjum, sem menn almennt nota nú mikið. Þess vegna væri miklu skynsamlegra fyrir eins fámenna þjóð og okkur að taka upp þann hátt að hafa tiltölulega fáar tegundir, hvort heldur er af bílum, viðtækjum eða ýmiss konar heimilistækjum, fáar góðar tegundir og sjá um, að það séu til varahlutir í þær, heldur en láta ótal braskara fást við að flytja inn alla mögulega hluti og finnast þeir síðan ekki bera neina ábyrgð á að sjá um að hafa sæmilegar birgðir af varahlutum.
Ég held þess vegna, að það sé nauðsynlegt að stöðva þessar tilraunir til þess að leggja niður einkasölu ríkisins á þeim tækjum, sem inn eru flutt. Við vitum að vísu, að það er oft erfitt að verja ríkiseinkasölurnar. Það er hægt að stjórna þeim það illa eða fara það illa með þær, að mönnum finnist það ekki lengur neinu muna, þó að þær séu lagðar niður, og vissulega er að ýmsu leyti svo komið með Viðtækjaverzlun ríkisins nú. Það er búið að fara það illa með hana, það er búið raunverulega að gefa þetta frjálst og lítið annað en lögin eftir. Við vitum líka t. d., þegar bílaeinkasala var hér um árið, að hún var það óvinsæl og ýmislegt gallað þannig á hennar stjórn,

að jafnvel þeir, sem annars eru fylgjandi ríkiseinkasölum, voru með því að leggja hana niður. En ég býst við, að það hefði verið heillavænlegra, ef við hefðum tekið upp bílaeinkasölu, áður en við byrjuðum að flytja inn um 5000 bíla á ári og það kannske upp undir 100 tegundir, og það væri betur farið nú hér heima, ef slík bílaeinkasala hefði verið komin á. Bílaeinkasala þarf ekki nú á tímum að þýða skömmtun, eins og hún þýddi í gamla daga. Nú væri hægt að flytja almennt inn þær tegundir, sem mönnum þætti skynsamlegt að flytja inn, og menn gætu fengið frjálst að kaupa bíla, en það væri ríkið, sem sæi um það.

Ástæðan til þess, að ég flyt þessa rökstuddu dagskrá, er sú, að ég álít tíma til kominn, að það sé hætt við þá stefnu að reyna að leggja niður ríkiseinkasölurnar. Og í dagskránni felst, að það sé lagt til og d. óski eftir því, að Viðtækjaverzlunin verði efld og henni sé gert kleift að annast innflutning og sölu útvarps- og sjónvarpsviðtækja, og enn fremur sé rannsakað, á hvaða fleiri sviðum væri heppilegt að koma á einkasölu ríkisins, og í þessu trausti skipi ríkisstj. 5 manna n., 4 eftir tilnefningu þingflokkanna og einn án tilnefningar, til þess að endurskoða fyrir næsta þing gildandi löggjöf með fyrrgreint markmið fyrir augum. Ég álít, að það væri mikil nauðsyn á því nú, að það væri komið upp nokkrum ríkiseinkasölum, t. d. ríkiseinkasölu á olíu, ríkiseinkasölu á bílum, og þannig mætti nefna fleira til, en þó er þetta e. t. v. það allra þýðingarmesta, byggingarefni og annað slíkt mætti taka líka. Og ég álít, að það ætti að taka þá ákvörðun nú að undirbúa slíkt. Hvað olíuna snertir, er það raunverulega orðið hreinasta hneyksli, hvernig þar er, að slík einkasala skuli ekki vera komin fyrir langa löngu. Ríkið kaupir, eins og menn vita, alla olíuna inn, en afhendir þetta síðan til þriggja mismunandi félaga til þess að dreifa henni hér á Íslandi. Um bílana og nauðsynina á bílaeinkasölu hef ég þegar rætt. Ég álít þess vegna, að það væri rétt einmitt nú, þegar þessi till. kemur um að afnema það lagaræksni, sem eftir er í raun og veru í sambandi við Viðtækjaverzlunina, að Alþ. sæi ástæðu til þess að stinga við fótum, ákveða að efla Viðtækjaverzlun ríkisins, en leggja hana ekki niður, og ákveða að undirbúa að taka upp ríkiseinkasölu á öðrum efnum og tækjum, sem flutt eru inn til landsins. Og ég vil mega vona, að hv. þm. athugi mjög gaumgæfilega, áður en þeir fella slíka rökstudda dagskrá. Ég veit ekki, hvaða kostnaði er reiknað með af innflutningi á viðtækjum hér á Íslandi á næstunni, en ég leyfi mér að fullyrða, að það muni ekki skipta tugum, heldur jafnvel fara fram úr hundrað millj. kr.

Þegar menn eru að tala um, að það sé ýmiss konar kostnaður í sambandi við Viðtækjaverzlunina og annað slíkt, hættir mönnum venjulega við að sleppa því, hvaða kostnað þjóðfélagið sem slíkt hefur af Viðtækjaverzluninni, eins og hún mundi verða og eins og hún er raunverulega nú þegar að verða með því ástandi, sem núna ríkir. Menn tala stundum um, hve margir starfsmenn séu hjá einhverri ríkiseinkasölu, en menn tala ekki um það, þegar fésýslumennirnir eru búnir að fá þetta í sínar hendur og hafa kannske þrefalt og fjórfalt fleiri starfsmenn, svíkja síðan skatta, eins og vant er, og standa þannig að því, að fyrir þjóðfélagið sem heild verði þessi rekstur margfalt dýrari en ella. Það er það, sem menn eru að gera ráðstafanir til með því að hindra það, að komið sé á og starfræktar séu ríkiseinkasölur á miklu fleiri sviðum en nú er. Við þurfum á því að halda alveg nauðsynlega, bara til þess að koma einhverju lagi á okkar verzlunarmál og til þess að allur sá ófarnaður og vitleysa og skipulagsleysi, sem nú ríkir hjá einkaframtakinu í þessum efnum, sé afnumið.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þegar mál þetta var afgr. í menntmn. og meiri hl. fól mér framsögu í því, var fram tekið, að ef einhverjar umr. kynnu að spinnast um þjóðnýtingu eða slíka hluti almennt, bæri mér ekki nauðsyn að tala lengur fyrir meiri hl., svo að héðan í frá tala ég frá eigin brjósti, án þess að mínir ágætu samþingismenn í meiri hl. n. í þessu máli beri nokkra ábyrgð á því, sem ég segi.

Hv. 3. þm. Reykv. reyndi í orðum sínum að koma því að, að mönnum bæri að taka afstöðu til þessa frv. eftir því, hvaða stefnu þeir vildu aðhyllast um ríkisafskipti af verzlunarmálum og öðrum málum yfirleitt. Ég tel, að afgreiðsla á þessu frv. þurfi ekki að standa í sambandi við þá stefnu, sem hv. þm. vildi vera láta. Ég tel, að frv. sé viðurkenning á staðreyndum og þess vegna eigi að líta á það eitt sér, en ekki draga af því almennar ályktanir. Ég tel, að það eigi að gilda hið sama um opinber fyrirtæki, samvinnufyrirtæki og einkafyrirtæki, að ef þau ganga ekki nógu vel, ef þau uppfylla ekki það hlutverk, sem þeim er ætlað, eigi ekki að hika við að leggja þau niður. Það er þess vegna, að ég aðhyllist það að leggja þetta fyrirtæki niður. Ég tel, að það hafi ekki náð tilgangi sínum, að langt sé síðan það hvarf út af upphaflegri braut sinni og sé því aðeins viðurkenning á staðreyndum og raunar hagkvæmt að leggja fyrirtækið niður.

Hin leiðin, að byggja fyrirtækið upp á ný, þannig að það geti gegnt upphaflegu hlutverki sínu sem alger einkasala á útvarpsviðtækjum, er ófær. Liggja fyrir upplýsingar um það, að til þess þyrfti svo mikið fé og svo mikið starfslið, að ekki eru möguleikar á að fá það, jafnvel þó að það væri talið æskilegt.

Það, sem hv. þm. talaði um, að kynni að sigla í kjölfar þessa frv., að einstaklingar og fyrirtæki þeirra tækju við verzlun með hljóðvarps- og sjónvarpsviðtæki, hefur þegar gerzt. Ef nokkrir aðilar taka beinlínis við því, sem viðtækjaverzlunin sjálf hafði með höndum af innflutningi viðtækja, verða það ekki nema að

litlu leyti einstaklingar. Var upplýst á fundi menntmn., að stærsta sjónvarpstækjaumboðið, sem Viðtækjaverzlunin hefur, mundi að líkindum fara annaðhvort til samvinnufélaganna eða til fyrirtækja, sem eru í eign samvinnufélaganna. Sölu á þeim tækjum verður ekki kastað í hendur einstaklinga eða gróðaaðila.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að þjónusta sú, sem innflytjendur á vélum veita hér á landi, sérstaklega hvað viðkemur varahlutum, er oft mjög slæm. En ég treysti mér ekki til að skrifa undir það, að sú þjónusta sé ávallt verri hjá einkafyrirtækjum en öðrum. Sú reynsla, sem ég hef af þessu, er, að það sé ógerningur með nokkru móti að halda fram, að fyrirtæki með einu rekstrarformi veiti betri þjónustu t. d. hvað varahluti snertir en önnur.

Ég tel, að af þessu máli megi ekki draga ályktun um almenna stefnu ríkisstjórnar eða þróun. Tveir aðilar standa að núv. ríkisstj., og þeir hafa mismunandi skoðanir á slíkum málum sem opinber rekstur er, sbr. deilufund, sem nýlega fór fram hér í Reykjavík. Ég er þeirrar skoðunar, að ríkisrekstur eða þjóðnýting sé ekki takmark í sjálfu sér, takmarkið er annað. Þjóðnýting er ein af mörgum aðferðum, sem við viljum nota til að ná því takmarki.

Ég tel, að einkasala á verzlunarsviði sé ákaflega hæpin og reynslan af henni slæm. Menn eru yfirleitt á móti einokun, sérstaklega þegar hún kemur fram á takmörkuðum sviðum. Menn undrast og eru hneykslaðir, þegar 9—10 aðilar, sem bjóða í handverk, gera nákvæmlega sama tilboðið. Menn bíða eftir því, að sett sé löggjöf til þess að tryggja samkeppni og samanburð í staðinn fyrir samtök og einokun. Ég tel því, að það sé ekki í samræmi við slíka baráttu, sem er raunhæf og nauðsynleg í nútímaþjóðfélagi, ef menn vilja ríkiseinokun á verzlunarsviði, þrátt fyrir mjög misjafna reynslu, eins og hv. þm. viðurkenndi.

Ég tel, að það, sem gera á á þessu sviði, sé að stefna að löggjöf, sem verndar neytendur í landinu gegn hvers konar einokun og að efla þurfi margvíslega aðra neytendastarfsemi til að tryggja, að þeir, sem fara með verzlun í landinu, veiti neytendum þá þjónustu, sem samfara verzluninni þarf að vera.

Ég vil svo að lokum segja það, að þótt ég láti í ljós skoðanir á móti ríkiseinokun á verzlunarsviði, tel ég ekki, að skoðanir mínar á opinberum rekstri hafi breytzt nema að litlu leyti í grundvallaratriðum. Ég er þeirrar skoðunar, að einmitt á undanförnum árum hafi verið stigin stór skref til að auka opinberan rekstur hér á Íslandi. Ef um nokkra heildarstefnu er að ræða í þeim málum, hefur hún verið að auka ríkisafskipti og ríkisþátttöku. Ég vil nefna það sem dæmi, að sú stóriðja, sem við höfum sjálfir byggt upp, er á vegum ríkisins, sbr. Sementsverksmiðju ríkisins og Áburðarverksmiðjuna. Ég vil nefna það, að stofnun stórra ríkisbanka, eins og Seðlabankans, sem hefur gífurleg áhrif í efnahagslífinu öllu, eru stór skref í þessa sömu átt, og fleiri dæmi mætti telja til, sem eru risavaxin í samanburði við það, að eitt ríkisverzlunarfyrirtæki verði að hætta starfsemi, vegna þess að því hefur ekki tekizt að gegna hlutverki sínu.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð í sambandi við það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér.

Það er alveg rétt, að raunverulega stendur ekki baráttan um Viðtækjaverzlunina í því formi, sem hún er nú. Það er raunverulega búið að leggja hana niður, og það hefði ekki þurft að leggja nein lög fyrir Alþingi til þess að breyta því, því að þetta byggðist aðeins á því að hagnýta heimild. Það er þess vegna einmitt stefnumálið, sem ég fyrir mitt leyti hef gert að aðalatriði hér, og þess vegna er rökstudda dagskráin um það, að Viðtækjaverzlun ríkisins skuli efld, hún skuli alveg endursköpuð með allt öðruvísi starfsemi en verið hefur undanfarið. Við erum áreiðanlega sammála um það, hv. 5. þm. Vesturl. og ég, að sá rekstur, sem verið hefur undanfarið, má eins vel hverfa, ef ekki ætti að efla hann. Hann er ekki nein sönnun, heldur þvert á móti, fyrir gagnsemi ríkisrekstrar.

Hv. þm. *færði fram þau rök*, að það þyrfti svo mikið fé og svo mikið starfsfólk til rekstrar á Viðtækjaverzlun ríkisins, ef hún væri nú endursköpuð, að það mundi ekki fást, og þegar sá maður sem hefur verið forstjóri þessarar einkasölu, kom til okkar í menntmn., skýrði hann frá því, að þeir hefðu ekki getað fengið þau lán hjá bönkunum, sem þeir hefðu þurft á vissum tíma til þess að geta annazt innflutninginn. Ég verð að segja það, að ef ákveðið er af Alþingi að koma upp ríkiseinkasölu, er það jafnsjálfsagt mál, að ríkisbankarnir láni til slíkrar einkasölu það, sem hún þarf, og ef það skyldu vera einhverjir hjá ríkisbönkunum, sem ekki vildu gera slíkt, leggi Alþingi fyrir þá að gera slíkt. Það er Alþingi, sem ræður ríkisbönkunum, og þeir eru til í krafti ákvarðana frá Alþingi, og ef einhverjir embættismenn, sem þar eru settir, t. d. til að stjórna bönkum, misskilja þannig sitt hlutverk, að þeir dirfast að neita ríkisstofnunum um lán, þarf Alþingi bara að *grípa inn í* til að kenna þeim, þessum starfsmönnum ríkisins, hvernig þeir eigi að haga sér. Þjóðfélagið sem heild kemur til með að hafa miklu fleira starfsfólk í sambandi við þær einkaverzlanir, sem reknar verða á þessu sviði, en það þyrfti að hafa í sambandi við eina viðtækjaeinkasölu, það er alveg gefið mál. Og það kemur til með og er nú þegar vafalaust miklu meira fé líka lánað út í sambandi við rekstur hinna ýmsu viðtækjaverzlana en ein ríkisviðtækjaverzlun þyrfti á að halda. Spurningin stendur bara um hitt, hvort ríkisbankarnir vilja heldur lána tvöfalt eða þrefalt fjármagn til einkabraskara eða hvort

þeir vilja lána minna fjármagn, en þó nægilegt, til ríkisins sjálfs, og þar verður að kenna þeim, hvernig þeir eiga að haga sér, ef þeir haga sér ekki rétt, þannig að annað eins geti ekki komið fyrir og t. d. það, að ríkið setji einkasölu á stofn og síðan leyfi embættismenn í ríkisbönkunum sér að neita að lána til slíkra stofnana, það getur náttúrlega ekki gengið. A. m. k. ef það er slíkur rekstur á slíkri viðtækjaverzlun eða hvaða ríkisstofnun, sem er, þá er það ekki forsvaranlegt, og ef það er ekki forsvaranlegur rekstur, þá á náttúrlega að breyta þar til.

Þess vegna eru það ekki rök, að það þurfi mikið fé. Ef einstaklingar hafa til samans í þjóðfélaginu möguleika til að reka þetta, hefur ríkið það miklu, miklu betur. Það er ríkið sjálft, sem lánar 90% að heita má af öllu því fjármagni, sem er í einkarekstri. Hvað leggja þessir menn til, sem þykjast vera hér á Íslandi að dunda við svokallaðan einkarekstur, þegar það kemst hæst? Um 10, 20, 30% af verðmætinu, sem þarf til að reka þetta, hitt hafa þeir að láni, meira eða minna, frá ríkinu og ríkisbönkunum, ýmist sem stofnlán eða rekstrarlán. Það er ríkið hér á Íslandi, sem alltaf hefur orðið að sjá um þetta, og það hefur alltaf verið ríkið, sem verið er að kvarta um við, að það sé ekki nægilegt lánsfé. Af hverju? Venjulega vegna þess m. a., að allir þeir einstaklingar, sem eitthvað hafa grætt hér á Íslandi, hafa fest allt þetta fé í fasteignum jafnóðum, þannig að meira að segja sá maður, sem venjulega er talinn ríkasti maður á Íslandi, hefur venjulega verið á hausnum í bönkunum og aldrei getað staðið við sínar skuldbindingar, af því að hann hefur jafnóðum sett allt það fé, sem hann hefur snúið út sem rekstrarlán, í hina og þessa fjárfestingu. Meinið, sem er við okkar þjóðarbúskap sem stendur, er, að við höfum allt of mikið fé fast í verzluninni og verzlunin er frekust af öllum atvinnugreinunum til lánsfjáraukningar og hefur verið það öll síðustu 7 árin. Það er iðnaðurinn og sjávarútvegurinn, sjálfir undirstöðuatvinnuvegirnir, sem hafa verið sveltir, en fénu hefur verið ausið í verzlunina, vegna þess að hún er pólitísk og hennar fulltrúar hafa verið sterkustu aðilarnir til að rífa til sín úr ríkisbönkunum. Þess vegna var ekki þörf á því, að við færum að auka það fjármagn, sem færi raunverulega til verzlunarinnar þannig. Við ættum heldur að draga úr því. Og það verður aldrei dregið úr því öðruvísi en með ríkiseinkasölu. Það verður að hindra það, að menn geti haft hagnað af því að vera að braska í bílainnflutningi eða einhverju slíku. Þessar ídiotísku byggingar, sem hér eru inn við Suðurlandsbraut, mundu ekki vera til, svo framarlega sem hér hefði verið bílaeinkasala, og menn mundu ekki hafa verið byrjaðir á húsum, sem eiga að kosta kannske 100 millj. kr., og standa svo með skrokkinn af því ófullgerðan árum saman. Það er einmitt það, sem við þurfum að tryggja, að fjármagninu sé varið til atvinnurekstrarins og til framleiðslunnar, en ekki allt saman bara í verzlunarbraskið. Við byggjum þjóðfélagið þannig upp, að allur grundvöllurinn undir því er að brotna, einmitt vegna þess, hvernig við hlöðum fjármagninu í verzlunina og yfirbygginguna.

Ég er hv. 5. þm. Vesturl. alveg sammála um baráttuna gegn einokuninni almennt. En hver er sú einokun, sem við eigum fyrst og fremst við að etja? Sú einokun, sem við eigum venjulega fyrst og fremst við að etja, er einokun erlendra manna á þeim tækjum og vörum, sem fluttar eru til landsins. Svo að segja 90% af öllum þeim vörum, sem eru fluttar inn, eru á vegum meira eða minna sterkra hringasamtaka, og það er gagnvart þessum aðilum, sem við fyrst og fremst þyrftum að tryggja okkur, og oft og tíðum getum við aðeins tryggt okkur nægilega vel gagnvart þessum aðilum með því að hafa ríkiseinkasölu hér heima. Hitt er alveg hárrétt, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði, að við þurfum að vera á verði gagnvart ríkiseinkasölunum líka, við þurfum að gagnrýna þær. Við þurfum að skapa neytendasamtök og aðstoða þau við að halda uppi réttri neytendanna gagnvart slíku. Við vitum það allir, hve rík sú tilhneiging er hjá ríkisvaldinu, hvort heldur það kemur fram í sambandi við ríkisverzlanir eða annað slíkt, að þeir embættismenn, sem þar hafa þetta vald með höndum, skoði sig sem drottnendur fólksins í staðinn fyrir sem þjóna þess. Og það er þess vegna m. a. eitt, sem nauðsynlegt er í sambandi við ríkiseinkasölur og annað slíkt, og það er, að þeir forstjórar, sem fyrir þær eru ráðnir, séu aðeins ráðnir til eins árs í senn og hægt að segja þeim upp. Það eiga ekki að vera nein ævilöng embætti, þar sem menn geti setið og hagað sér rétt eins og þeir vilja, rétt eins og þeir væru embættismenn t. d., eins og gerist hjá okkur á mörgum öðrum sviðum í ríkinu, þar sem sömu mennirnir sitja ævilangt og allar tæknilegar framfarir bíða, ef einn einasti embættismaður er tiltölulega íhaldssamur, eins og við þekkjum dæmi til á viðkvæmum sviðum. Sú vörn, sem við þess vegna hér hjá okkar litlu þjóð oft getum látið okkar neytendum í té gagnvart þeim útlendu einokunarhringum, er oft og tíðum ríkiseinkasala, vegna þess að innflytjendurnir, einkainnflytjendurnir á þessum vörum, eru venjulega umboðsmenn fyrir útlenda hringinn um leið, þannig að það er einmitt ríkið sjálft, sem venjulega þarf að koma til, ef við eigum að reyna að tryggja okkur sæmilega í slíkum efnum. Meira að segja þegar eins ágæt hreyfing og ágætt fyrirtæki og S. Í. S. á í hlut, getur meira að segja komið fyrir, að slíkt fyrirtæki gerist sjálft umboðsmaður fyrir stóra útlenda hringa, þannig að í svona litlu landi eins og okkar eða með eins tiltölulega lítilli verzlun og hér er, þegar það er metið á heimsmælikvarða, er oft nauðsynlegt, að ríkið sjálft geti gripið inn í til að tryggja hagsmuni neytendanna í þessum efnum. Við sjáum það bezt á því, eins og hv. þm. kom inn á, að ýmis fyrir-

tæki hér á landi geta gert samkomulag um verð. Hann nefndi dæmi um slíkt nýlega í sambandi við viss útboð hér, og við þekkjum það daglega í sambandi við olíusöluna, þannig að nauðsyn er á því, að hið opinbera grípi þarna alvarlega inn í, bæði með því sjálft stundum að taka þetta í sínar hendur eða með því að tryggja á ýmsan annan hátt líka gagnvart sínum eigin ríkiseinkasölum nógu gott eftirlit og vald almennings. Það er okkur nauðsyn.

Ég þykist nú vita, hvernig fara muni um þessa till. mína. Ég vil hins vegar undirstrika það, að í rökstuddu dagskránni er ekki aðeins gengið út frá því að gerbreyta Viðtækjaverzluninni frá því, sem verið hefur, það er ekki verið að reyna að berjast fyrir að halda henni áfram í þeirri ómynd, sem hún hefur verið í undanfarið, heldur líka að undirbúa einkasölu ríkisins á fleiri sviðum, þannig að við erum ekki að greiða atkv. um sjálfa Viðtækjaverzlunina, eins og hún er nú, við erum vafalaust sammála um það, að það ástand sé óþolandi, heldur um hitt, hvaða stefnu skuli fylgja í framtíðinni í þessum efnum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 349 felld með 18:4 atkv.

1. gr. samþ. með 19:3 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 19:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Á 61. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 415).

20. Búreikningastofa landbúnaðarins.

Á 43. fundi í Ed., 23. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um Búreikningastofu landbúnaðarins [137. mál] (stjfrv., A. 265).

Á 44. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er samið af n., og var Ólafur Björnsson prófessor formaður n. Búreikningaskrifstofa hefur starfað um 30 ára skeið, en árangur af starfsemi hennar hefur ekki orðið eins mikill og æskilegt hefði verið, bæði vegna þess, að fé hefur ávallt verið af skornum skammti til að standa undir rekstri hennar, og eins það, að löggjöfin og skipulag hefur ekki verið í því formi, sem æskilegt hefði verið og reynslan hefur sýnt, að hefði verið betra en þetta. Það þykir því henta að breyta löggjöfinni í það form, sem samrýmist nútímanum meira en það gamla form. Það er ákveðið, að fé til skrifstofunnar verði ávallt eftir því, sem veitt er á fjárl., og hefur það verið aukið nokkuð síðustu árin, sérstaklega nú tvö seinni árin, og eru nú 800 þús. kr. á fjárl. til þess að standa undir rekstri stofnunarinnar.

Í 3. gr. frv. er kveðið á, hvert hlutverk búreikningaskrifstofu sé. Það er í fyrsta lagi að leiðbeina bændum um færslu búreikninga og stuðla að því, eftir því sem við verður komið, að bændur færi sem flesta reikninga um búrekstur sinn. Annað er að safna búreikningum víðs vegar að af landinu, bæði frá einstökum bændum og félagsbúum, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af búrekstri bænda í heild og jafnframt af einstökum greinum landbúnaðarins. Í þriðja lagi að gera upp búreikninga, er stofnuninni berast og færðir eru í samræmi við reglur, sem hún setur, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu, og vinna úr þeim tölulegar upplýsingar um allar greinar landbúnaðarins, eftir því sem efni standa til. Senda skal viðkomandi bónda búreikning hans upp gerðan í samráði við búnaðarhagfræðiráðunaut, eins fljótt og við verður komið, og auk þess birta yfirlitsskýrslu um niðurstöður búreikninganna fyrir hvert ár fyrir sig. — Gefa skal út aðgengileg eyðublöð fyrir búreikninga með glöggum skýringum. Þá skal einnig gangast fyrir búreikninganámskeiðum til leiðbeiningar bændum, er búreikninga vilja halda. Einnig skal vinna að því með útgáfustarfsemi, námskeiðum og á annan hátt í samráði við búnaðarhagfræðiráðunauta Búnaðarfélagsins og aðra starfsmenn þess, að útbreiða meðal bænda hagkvæma þekkingu á niðurstöðum búreikningaskrifstofunnar. Loks á skrifstofan að vera ríkisstj. og þeim aðilum, er hverju sinni fara með verðlags- og framleiðslumál landbúnaðarins, til aðstoðar við útreikninga eða gagnasöfnun, að því leyti sem slíkt fellur innan starfssviðs stofnunarinnar, eins og það er ákveðið með lögum þessum.

Þetta eru meginverkefni búreikningaskrifstofunnar, og má segja, að það sé ekki harla lítið, en það mætti segja, að það væri tvíþætt í aðalatriðum: Annars vegar að gefa bændum með þeim niðurstöðum, sem búreikningarnir sýna, á glöggan hátt rétta mynd af því, hvað borgar sig, hvaða búgrein borgar sig og hvernig rekstrinum skuli hagað til þess að fá sem beztan og eðlilegastan árangur. Og það er það, sem reynslan hefur sýnt, eftir að menn fóru að veita því verulega athygli, að það er ákaflega misjöfn niðurstaða og misjafn árangur hjá ýmsum bændum með búreksturinn og hve miklar tekjur þeir fá af hverju kúgildi fyrir sig. Það er eftir því, hvernig er farið með bú-

peninginn yfirleitt og hvernig að búrekstrinum er staðið. Í öðru lagi er það vitanlega mikið atriði að hafa við höndina, þegar verðlagning búvara fer fram, sem flesta búreikninga, sem sýna rétta mynd af búskapnum og afkomu bændastéttarinnar. Það hefur vantað að undanförnu nægilega glögga og nægilega marga reikninga, þegar verðlagningin hefur farið fram, til þess að það væri í verulegum atriðum hægt að styðjast við þá. En þetta ætti allt að standa til bóta með nýrri löggjöf og auknu fjárframlagi á fjárl. til þess að standa undir rekstri stofnunarinnar.

Í sambandi við samningu þessa frv. hefur verið stuðzt við þær reglur, sem notaðar eru í öðrum löndum, t. d. hjá Bretum og Hollendingum. Það hefur og verið byggt nokkuð á reynslu síðustu ára af búskaparháttum íslenzkra bænda. Það hefur einnig verið haft í huga, að bókhaldsþekking bænda er takmörkuð af eðlilegum ástæðum, og þarf þess vegna að haga skýrsluforminu í samræmi við það.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. að svo stöddu. Ég vil leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 265, n. 323).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Lög um búreikningaskrifstofu ríkisins hafa nú verið í gildi um 30 ár. Lengst af þann tíma mun Búnaðarfélag Íslands hafa haft einhverja slíka starfsemi á sínum vegum, en skoðanir hafa verið skiptar um gagnsemi þeirrar skrifstofu. Ætlast núgildandi lög til m. a., að félög bænda annist búreikningahald, og skólabúum í landinu er gert að skyldu að skila búreikningum. Slík félög munu aldrei hafa verið stofnuð, og þess vegna hefur þetta verið dauður bókstafur. Og í öðru lagi virðist óeðlilegt, að ríkisbú og skólabú séu höfð til þeirrar viðmiðunar, sem lögin ætlast til. Nú er þetta hvort tveggja fellt niður í því frv., sem hér liggur fyrir.

Í grg. segir, að hlutverk búreikningahalds sé tvíþætt: Að vera bændum til leiðbeiningar um, hvaða fyrirkomulag búrekstrar henti bezt á hverjum stað og hvaða búgreinar gefi beztan arð. Það er að sjálfsögðu afar þýðingarmikið, að búreikningurinn gefi nokkurn veginn öruggar ábendingar um þessi grundvallaratriði. Í öðru lagi er búreikningunum ætlað, segir í grg., að veita þeim, sem verðlagsmál landbúnaðarins hafa með höndum, sem allra gleggstar upplýsingar um kostnað við búið eða búvöruverðið, og skiptir þá að sjálfsögðu höfuðmáli, að úrtök þau, sem valin eru í þessu tvíþætta skyni, gefi sem allra réttasta mynd.

Eins og nú háttar um verðlagningu búvöru, virðist rétt færsla á hæfilega mörgum búreikningum mjög nauðsynleg til að koma í veg fyrir ágreining um raunverulegt kostnaðarverð á búvörunni, svo að framleiðandinn geti þá fengið fyrir sinn snúð það, sem lög um framleiðsluráð landbúnaðarins raunverulega ætlast til, miðað við grundvallarbú, sem nú er talið 315 ærgildi, að ég ætla. Í grg. segir einnig, að stuðzt hafi verið við reynslu Breta og Hollendinga að því er snertir færslu búreikninga, og verður að telja, að það séu allþung rök, þar sem stuðzt er við reynslu þá, sem bezt hefur gefizt í þessu efni. Í grg. er einnig gerð rækileg grein fyrir þeim göllum, sem eru á gildandi l. um þetta efni, og hvernig vinna eigi að þessum málum eftirleiðis, ef frv. verður samþ., en það er í 4. gr. aðeins. Ég álít, að frv. sé tvímælalaust til bóta, miðað við eldri l., sem eru frá 1936, nr. 12., 1. febr. það ár.

Landbn. taldi ekki ástæðu til að senda þetta frv. til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, þar sem það mun vera samið að mestu leyti af starfsmönnum þess og í fullu samráði við stjórn Búnaðarfélagsins.

Eins og fram kemur í nál., leggur landbn. til, að frv. verði samþ., en geta má þess, að tveir nm. voru fjarverandi, þegar það var afgreitt úr nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 265, 350).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Við samningu þessa frv. hefur þess ekki verið gætt að taka fram, hvenær lögin öðluðust gildi, ef frv. yrði samþ., og ekki heldur að taka fram, að niður falli önnur lög, þ. e. a. s. l. um búreikningaskrifstofu ríkisins, sem eru úr gildi, ef þetta frv. yrði samþ.

Landbn. hafði ekki gætt að því að laga þetta og ekki heldur aðrir að benda á það. En þar sem þetta er aðeins formsatriði, sá ég ekki ástæðu til þess að kalla saman nefndarfund út af því og setti því inn í nafni landbn. brtt. þá, sem hér liggur fyrir, og náði ekki nema í suma nm. til að segja þeim frá þessu. Ég tel, að þetta hafi ekki verið það atriði, að ástæða væri til að kalla saman fund, og tók því á mig að ganga frá þessu á pappírunum.

ATKVGR.
Brtt. 350 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., 20. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 363).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og var samþ. þar nær óbreytt. Frv. er samið af n. og allrækilega undirbúið. Formaður þessarar n. var prófessor Ólafur Björnsson. Búreikningaskrifstofan hefur starfað í nær 30 ár, en oftast við allt of þröngan fjárhag. Hún hefur þess vegna ekki getað innt af hendi í nægilega ríkum mæli það verkefni, sem henni var upphaflega ætlað. En verkefnið var frá upphafi að stuðla að því, að bændur færi búreikninga, og færsla búreikninga er mjög nauðsynleg, bæði fyrir bændurna sjálfa og mætti segja fyrir þjóðfélagið í heild. Ef bændurnir færa búreikninga á glöggan hátt, eiga þeir hægara með en annars að gera sér grein fyrir því, hvaða búgrein borgar sig, hvaða búgrein borgar sig verr og í hvaða þætti búrekstrarins þarf helzt umbóta við. Og þetta er vitanlega ákaflega mikið atriði. Í öðru lagi er það mikið atriði, að nægilega margir búreikningar liggi fyrir og glöggir, þegar um verðlagningu búsafurða er að ræða. Þettta er sérstaklega nauðsynlegt, þegar við það er miðað að verðleggja búsafurðirnar þannig, að bændur hafi ekki minni tekjur en aðrar vinnandi stéttir. En það hefur vantað á, að það væri hægt að leggja gögnin nægilega vel á borðið hvað þetta snertir.

Með því að gera þetta frv. að lögum er ætlazt til, að úr þessu verði bætt, sérstaklega með því, að búreikningaskrifstofan hefur nú fengið aukin fjárráð. Síðustu 3 árin hafa fjárráð búreikningaskrifstofunnar verið aukin, og sérstaklega nú á yfirstandandi fjárl. er sú upphæð veitt til búreikningaskrifstofunnar, að ætla má, að hún geti nú innt af hendi það hlutverk, sem henni hefur verið ætlað. Og nú er kominn til Búnaðarfélagsins vel fær maður til þess að hafa á hendi stjórn þessarar reikningsfærslu.

Við samningu þessa frv. hefur verið stuðzt við þá reynslu, sem hefur fengizt á undanförnum árum. Það hefur nokkuð verið stuðzt við reynslu Breta og Hollendinga, sem leggja kapp á að færa slíka reikninga. Það hefur vitanlega verið stuðzt við búskaparhætti íslenzkra bænda, og það hefur verið miðað við það, að bókhaldsþekking íslenzkra bænda er af eðlilegum ástæðum takmörkuð, og reynt að hafa reikningsformið þannig, að þeir bændur, sem vilja leggja sig eftir því að færa reikningana, geti það.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. við þessa 1. umr. Það fylgir því allskýr grg., sem gerir málið ljóst. En ég held, að það sé til mikilla bóta, að þetta frv. verður að lögum og búreikningaskrifstofan fær tækifæri til að vinna eftir þeim reglum, sem hér er gert ráð fyrir, að lögfest verði.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða það frv. efnislega, sem hér liggur fyrir um Búreikningastofu landbúnaðarins. En ég þykist hafa veitt því athygli, að í þessu frv. sé ekki ákvæði um það, nema mér hafi sézt yfir það, að gildandi lög um þetta efni falli úr gildi. Þess vegna vildi ég spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort það sé ætlunin, að gamla löggjöfin um búreikningaskrifstofu gildi áfram, að því leyti sem hún færi ekki í bága við þetta frv., eða hvort hér sé um prentvillu að ræða eða einhverja vangá.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þetta atriði, sem hv. þm. vekur athygli á, var réttmætt, þegar frv. var lagt fram, en því var veitt athygli í hv. Ed. og gerð breyting á frv. þar, þar sem var flutt brtt. á þskj. 350 frá hv. landbn. Ed., og þar er það tekið fram, að úr gildi verði felld lög nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins. En það er þessi till., sem hv. þm. hefur ekki tekið eftir, sem var samþ. í Ed.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 363, n. 397).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Landbn. hv. d. hefur haft þetta frv. til athugunar. Það er stjfrv. og var lagt fram í Ed. Það var undirbúið af n., sem skipuð var þeim Ólafi Björnssyni prófessor, sem var formaður, Halldóri Pálssyni búnaðarmálastjóra, Sigmundi Sigurðssyni bónda og Torfa Ásgeirssyni hagfræðingi. Þetta mál er nokkurs konar hliðargrein af þeim samkomulagsatriðum, sem gerð hafa verið út af verðlagsmálum landbúnaðarins. Og n. hefur sem sagt yfirfarið frv. og leggur til samhljóða, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 453).

21. Veiting ríkisborgararéttar.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar** [7. mál] (*stjfrv.*, A. 7).

Á 7. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., 27. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um veitingu ríkisborgararéttar hefur verið undirbúið af dómsmrn. með sama hætti og tíðkazt hefur að undanförnu, og er gerð grein fyrir því í aths. við frv., að umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrv., fullnægja allir þeim skilyrðum, sem sett voru af allshn. beggja þd. í nál. á þskj. 507 á 86. löggjafarþingi 15. apríl 1966. En um það er rétt að taka fram, að núna um það bil áratug eða frá 1955 hefur Alþ. fylgt nokkuð föstum reglum í sambandi við veitingu ríkisborgararéttar. Samkv. stjórnarskránni má veita ríkisborgararétt með lögum, og að því leyti er þingið óbundið, en eins og fram kemur í þessu nál. á s. l. þingi, settu allshn. beggja d. fram í nál. 17. maí 1955 vissar meginreglur, sem síðan hefur í stórum dráttum verið farið eftir með lítils háttar breytingum, en þær eru í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfshæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzka ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fá ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Og sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Þetta eru meginreglurnar, sem farið hefur verið eftir. Samt leiðir það ekki af hlutarins eðli, að þeir, sem uppfylla þessi skilyrði, eins og t. d. Íslendingur, sem gerzt hefur erlendur ríkisborgari, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu, heldur þarf að veita honum ríkisborgararéttinn að sjálfsögðu með lögum, og þá er það verkefni þingsins á hverjum tíma að gæta þess, hvort einhverjir aðrir meinbugir kunni að vera á, sem hindruðu, að rétt væri, að Alþ. veitti ríkisborgararétt, enda þótt þessum meginreglum sé fylgt.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að óska, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 244, 239).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar gerði ráð fyrir því að taka inn 23 aðila, sem sótt höfðu um ríkisborgararétt. Einnig bárust n. 24 erindi, þar sem sótt er um ríkisborgararétt, og var n. sammála um að flytja brtt. um að taka 23 af umsækjendum inn í sínar brtt., en aðeins umsókn eins umsækjanda sá n. ekki fært að verða við, þar sem skorti á um búsetutíma. Það hefur verið fylgt þeim reglum í sambandi við till. n. og sömuleiðis um þá, sem eru í sjálfu frv., sem settar voru af allshn. beggja þd. í nál. 17. maí 1955 og hafa síðan verið gerðar nokkuð fyllri, og hafði n. þær einnig nú til hliðsjónar við sínar athuganir. Það kemur fram í nál., hverjar þessar reglur eru, og ég get bætt því við, að hver einasti umsækjandi, bæði þeir, sem eru í frv. sjálfu, og þeir, sem n. gerir ráð fyrir í sínum brtt., uppfylla öll þessi skilyrði að undanteknum nr. 6 og 13 í brtt. n. og nr. 11 í sjálfu frv. En það, sem á skortir hjá þeim, er tími og er aths. við, hvenær þeir eigi að öðlast ríkisborgararétt á árinu. Að öðru leyti uppfylla þessir aðilar þau skilyrði, sem sett eru fyrir veitingu ríkisborgararéttar. Ég vil einnig geta þess að nú í dag bárust 3 umsóknir, sem n. mun taka til athugunar milli 2. og 3. umr. En þessir 46 umsækjendur um ríkisborgararétt, sem eru 23 í frv. og 23 í brtt., eru fæddir í þessum löndum: í Danmörku 8, Þýzkalandi 11, Bandaríkjunum 2, Færeyjum 5, Finnlandi 3, Lýbíu 2, Íslandi 6, en 1 frá hverju þessara landa: Indlandi, Bretlandi, Noregi, Spáni, Tékkóslóvakíu, Palestínu, Rússlandi, Kenýa og Egyptalandi.

Af Íslendingum, sem sækja um ríkisborgararétt, eru 3 konur, sem gifzt höfðu erlendum ríkisborgurum og misst því ríkisborgararétt, en eru aftur fluttar til Íslands, einnig karlmaður, sem orðinn var ríkisborgari í Bandaríkjunum, en flyzt aftur til Íslands, og tvö börn, sem eiga íslenzka móður.

Eins og fram kemur í nál., hefur verið höfð samvinna við fulltrúa frá allshn. Ed. til þess að samræma vinnubrögðin, og starfaði formaður allshn. Ed. með undirnefnd allshn. Nd. ásamt skrifstofustjóra Alþ., og var full samvinna á milli þessara fulltrúa og full samstaða í n. um

þessar brtt., sem hún gerir við frv., en 1 nm., Ragnar Arnalds, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í allshn.

ATKVGR.
Brtt. 239 samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 257, 264).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég lét þess getið, þegar ég mælti fyrir nál. allshn. við 2. umr., að þá hefðu n. borizt til viðbótar þrjár umsóknir um ríkisborgararétt, sem mundu verða teknar fyrir í n. á milli 2. og 3. umr. Þessar umsóknir eru á þskj. 264, og mælir n. með því, að þessir þrír umsækjendur fái ríkisborgararétt, enda uppfylla þær öll þau skilyrði, sem n. hefur haft til hliðsjónar við afgreiðslu annarra umsókna.

ATKVGR.
Brtt. 264,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Sþ., 24. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 269).

Á 44. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. er komið til þessarar hv. d. eftir venjulegum leiðum. Frv. um veitingu ríkisborgararéttar eru undirbúin í dómsmrn. og síðar, þegar að þinghaldinu kemur, send þinginu eða lögð fyrir þingið, eins og þetta frv. var lagt fyrir þingið í öndverðu þingi. Síðan hefur því verið vísað til allshn., venjulega í Nd., en samráð höfð á milli allshn. Nd. og Ed. um meðferð málsins, og ég hygg, að formaður allshn. þessarar hv. d. hafi fylgzt með meðferð þessa máls hjá allshn. Nd.

Það hefur verið fylgt við afgreiðslu málsins hefðbundnum reglum hér, eins og gerð er grein fyrir og ég þarf ekki að rekja fyrir hv. þm., mönnum eru þær svo kunnar, gerð grein fyrir þeim í grg. frv.

Það kunna að vísu að berast, eins og stundum hafa átt sér stað, enn fleiri tilmæli um veitingu ríkisborgararéttar, áður en þingi lýkur. Þá geri ég ráð fyrir, að allshn. þessarar hv. d. mundi hafa samráð um það mál við allshn. Nd. og þá dómsmrn., ef þætti ástæða til.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Ed., 7. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 269, n. 286).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um veitingu ríkisborgararéttar til handa 49 einstaklingum með 17 mismunandi þjóðerni, þ. e. a. s. sem fæddir eru í 17 mismunandi löndum: frá Þýzkalandi 13, Danmörku 8, Íslandi 6, Færeyjum 5, Finnlandi 3, Bandaríkjunum 2 og Lýbíu 2. Auk þess 1 frá hverju eftirtalinna landa: Kenýa, Rússlandi, Indlandi, Póllandi, Skotlandi, Palestínu, Noregi, Spáni, Tékkóslóvakíu og Egyptalandi.

Frv. er komið frá Nd., og var meðferð þess þar á sama veg og tíðkazt hefur undanfarið, þannig að fulltrúi frá allshn. þessarar hv. d. sat á fundum með nm. úr allshn. Nd., meðan skilríki og gögn umsækjenda voru rannsökuð.

Allshn. þessarar deildar hefur síðan fjallað um frv. og leggur til, að það verði samþykkt með einni breytingu, þannig að einum einstaklingi fæddum í Noregi verði bætt við í stafrófsröð, eins og fram kemur í nál. allshn. Þessi umsókn barst ekki fyrr en eftir að Nd. hafði afgreitt frv.

2. gr. frv. kveður svo á, að þeir, sem heita erlendum nöfnum, skuli þó ekki öðlast ríkisborgararétt, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn skv. lögum um mannanöfn. Samsvarandi ákvæði hefur verið í lögum um veitingu ríkisborgararéttar um margra ára skeið. Ég hef jafnan verið andvígur þessu ákvæði, eins og það er, en hef þó ekki flutt um það brtt., þar sem ég hygg, að það sé ekki tímabært sökum þess, hve margir hv. þm. munu vera því fylgjandi. Ég vona þó, að ekki líði mjög mörg ár, þar til þingvilji verði fyrir því að breyta þessu, t. d. á þá leið, að þeir, sem öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, megi halda nöfnum sínum, en ófædd börn þeirra skuli bera íslenzk nöfn.

ATKVGR.
Brtt. 286 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr. svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Ed., 13. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 306, 329).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Eftir að frv. þetta var afgr. til 3. umr., bárust til allshn. 3 nýjar umsóknir um ríkisborgararétt. Það var skotið á fundi í allshn. og umsóknirnar rannsakaðar, og reyndust þær þannig, að ekkert virtist við það að athuga að mæla með því, að þessir þrír einstaklingar, sem þarna áttu hlut að máli, fengju íslenzkan ríkisborgararétt, samkv. þeim reglum, sem farið hefur verið eftir, þegar ríkisborgararéttur er veittur. Á fundinum mættu allir nm. að undanteknum hv. 1. þm. Vestf. Samkv. þessu hefur allshn. lagt til á þskj. 329, að 1. gr. frv. verði breytt á þann veg, að í gr. bætist í stafrófsröð þessir þrír einstaklingar, sem þarna er um að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 329 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 54. fundi í Nd., 14. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 344).

Á 55. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til einnar umr. (344, n. 353).

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er nú til síðustu umr. hér á hinu háa Alþ. Með því er gert ráð fyrir, að 53 útlendir menn og konur öðlist ríkisborgararétt. Ég kveð mér ekki hljóðs til þess að ræða það efni frv., hvorki í einstökum atriðum né í heild, að það gerir ráð fyrir veitingu ríkisborgararéttar til óvenjulega stórs hóps manna. Ég er sammála því, að allir þeir, sem hér eiga hlut að máli, öðlist íslenzkan ríkisborgararétt. En ég kveð mér hljóðs til þess að víkja nokkrum orðum að 2. gr. frv., ákvæðum hennar, en í þessari 2. gr. er kveðið svo á, að þeir, sem heita erlendum nöfnum, skuli þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkv. lögum um mannanöfn.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þetta ákvæði, sem verið hefur í l. um veitingu ríkisborgararéttar um allmörg undanfarin ár, hefur verið mjög umdeilt, bæði hér á hinu háa Alþ. og utan Alþ. Ýmsum og þar á meðal mér hefur fundizt það vera í hæsta máta óeðlilegt og óréttmætt að leggja þá kvöð á fullvaxna menn og konur að þurfa að segja skilið við það nafn, sem þau hafa hlotið í skírn og borið misjafnlega langa ævi, og þurfa að taka upp nýtt nafn sem eins konar skilyrði eða aðgangseyri fyrir ríkisborgararétt í nýju föðurlandi. Hér er um að ræða mjög viðkvæmt einkamál, sem mér er kunnugt um, að mjög mörgum erlendum mönnum, sem æskt hafa íslenzks ríkisborgararéttar, hefur verið mjög viðkvæmt.

Á hinn bóginn er alveg ljóst, að það væri mjög til baga, að algerlega erlend nöfn, ekki einu sinni af norrænum stofni, heldur e. t. v. af gerólíkum stofni, festist í íslenzku máli, svo að hér er um raunverulegan vanda að ræða. Þess vegna er það, sem fram hafa komið hér á hinu háa Alþ. og utan Alþ. till. eða hugmyndir um að fara eins konar milliveg í þessu máli, þ. e. a. s. gera ráð fyrir því, að hinir erlendu menn og konur, sem æsktu ríkisborgararéttarins, breyti um fornafn einungis, en haldi sínu ættarnafni, meðan þau eru á lífi. En venjulega er mun auðveldara að íslenzka fornafn eða laga það að íslenzkum málvenjum heldur en ættarnafn. Síðan skyldi gert ráð fyrir því, að börn þessara nýju ríkisborgara fái íslenzk nöfn, ef þau eru undir lögaldri, haldi annars nöfnum sínum, en þau börn, sem hljóta íslenzk nöfn, nefni sig síðan til föður eða móður eins og íslenzk mannanafnalög gera ráð fyrir, m. ö. o. að nafnbreytingin eigi sér ekki stað á því andartaki, sem hinn útlendi maður hlýtur ríkisborgararétt, heldur gerist þetta smám saman og komist í kring í næstu kynslóð á eftir, að það taki 1—2 kynslóðir, að nafnbreytingin nái fram að ganga. Með þessu móti væri þeim eðlilega og skynsamlega og réttmæta tilgangi náð, sem á bak við 2. gr. býr, en hins vegar engum fulltíða manni þröngvað til þess að segja skilið við nafn sitt eða ættarnafn, svo sem afleiðingin er og hefur verið, eins og lagasetning um veitingu ríkisborgararéttar hefur verið undanfarin ár. Ég tel, að þessi stefna væri mjög skynsamleg, og að vísu ekki meiri hl. Alþ., heldur mjög verulegur hluti Alþ. hefur á undanförnum árum talið, að hún væri skynsamleg. Utan Alþ. á þessi stefna tvímælalaust miklu fylgi að fagna. Ég skal einnig láta þess getið, að ég hef heyrt mikilsmetna lögfræðinga láta í ljós þá skoðun, að vafasamt sé, hvort lagaákvæði eins og þessi geti samrýmzt alþjóðalögum eða alþjóðasamþykktum um mannréttindi, skal þó sjálfur auðvitað sem ólöglærður maður engan dóm á það leggja.

En þar eð ég veit, að hér er um að ræða mjög viðkvæmt deilumál, bæði innan þings og utan, hef ég þrátt fyrir mjög ákveðnar eigin skoðanir á þessu máli ekki talið rétt að leggja fram brtt. um þetta efni nú á þessu þingi, bæði vegna þess, að hér er um að ræða síðustu starfsvikur þingsins og auk þess síðasta þing á kjörtímabili, og ég tel ekki rétt að vekja upp deilur, fyrst svo stendur á, um svo viðkvæmt mál sem hér er um að ræða. Hins vegar hef ég vakið máls á þessu vandamáli í ríkisstj., og þar hef ég skýrt frá því, að ég sem menntmrh. og sem sá ráðh., sem mannanafnalögin heyra undir, hefði hug á að skipa n. til þess að endurskoða mannanafnalögin í heild og þá sérstaklega í því skyni að reyna að finna út reglu, sem gæti leyst þann vanda, sem hér er um að ræða. Og það hefur orðið samstaða um það í ríkisstj., að ég skyldi skipa slíka n. nú á næstunni.

Það er ekki einungis um að ræða vanda í þessu sambandi, sem ég var nú að lýsa, heldur þarfnast mannanafnalögin að ýmsu leyti gagngerðrar endurskoðunar. Sannleikurinn er

sá, að mannanafnalögunum er ekki framfylgt hér á landi. Sérstaklega er lagaákvæðinu um ættarnöfn ekki framfylgt. Hér eru notuð í allstórum stíl ættarnöfn, sem eru ólögleg samkv. mannanafnalögunum. Í símaskrá og í opinberum heimildum eru ættarnöfn, sem ekki samrýmast ákvæðum mannanafnalaganna. Hér er því líka um viðkvæman vanda að ræða, sem finna þarf einhverja skynsamlega lausn á. Það hefur líka gerzt, því miður, að börn hafa verið skírð fornöfnum, sem tvímælalaust eru ólögleg samkv. mannanafnalögunum. Það er því brýnt verkefni að reyna að koma á skynsamlegri skipun í þessum efnum. Til þess þarf eflaust nokkurn tíma, og ég tel því mjög eðlilegt, að n. sé skipuð til þess að rannsaka þetta mál allt í heild, n. sérfróðra manna sé kvödd saman sem allra fyrst til þess að rannsaka þetta mál allt í heild, þannig að álit hennar geti legið fyrir nýkjörnu Alþ., þegar það kemur saman á hausti komanda, og þá til fyrirgreiðslu þeirrar stjórnar, sem þá fer með völd í landinu.

Mér þótti rétt, að þetta kæmi fram við síðustu umr. þessa máls gagnvart hinu háa Alþ., að ríkisstj. hefur talið rétt að taka þetta mál upp til endurskoðunar, án þess þó að lýsa að neinu leyti neinni skoðun af hálfu ríkisstj. í málinu. Hér er auðvitað um að ræða algerlega óflokkspólitískt mál, og ég geri ekki ráð fyrir því, að ríkisstj. sé að svo stöddu máli, meðan málið hefur ekki verið rannsakað nánar, á einu máli um þetta efni, frekar en ég veit, að Alþ. er ekki á einu máli um þetta efni. En mér þótti rétt, að Alþ. vissi það, að þetta mál mun verða undirbúið undir næsta Alþ., og mér þykir líka rétt, að þeim nýju ríkisborgurum, sem eiga kost á ríkisborgararétti samkv. þessu frv., ef það verður samþ., þeim sé ljóst, að þetta mál sé í athugun. Ég veit, að ýmsir, sem fengið hafa aðgang að íslenzkum ríkisborgararétti með lagasetningu frá Alþ., hafa ekki notað sér heimildina, af því að þeir hafa ekki viljað skipta um nafn, jafnvel dregið það í 1—2—3 ár, vegna þess að þeim hefur verið sárt um ættarnafnið. Ég tel því eðlilegt, að þeir 53 einstaklingar, sem hér eiga hlut að máli, geti einnig fengið að vita það, að þó að þetta frv. sé samþ. með þessu ákvæði í 2. gr., sé málið til athugunar og muni vera lagðar fram till. í því fyrir næsta Alþingi.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þegar hv. þd. gekk frá þessu frv. við 3. umr., voru komnir 49, sem öðlast skulu ríkisborgararétt samkv. 1. gr. frv., en undir meðferð málsins í Ed. hefur Ed. samþ. 4 umsóknir, svo að það eru komnir 53 í frv., eins og Ed. gekk frá því. Allar þær umsóknir, þessar 4, sem Ed. samþykkti, það fólk uppfyllir öll þau skilyrði, sem sett eru fyrir að öðlast ríkisborgararétt. En eftir að Ed. gekk frá frv., barst ein umsókn til allshn. Nd., sem prentuð er hér á þskj. 353, og er n. sammála um að leggja til, að sú umsókn verði tekin til greina, og ef sú till. verður samþ., munu 54 öðlast ríkisborgararétt samkv. þessu frv.

Mér þykir rétt aðeins að nefna það hér eftir það, sem hæstv. menntmrh. hefur rætt hér um 2. gr. frv., að þetta mál hefur komið nokkuð til tals í allshn. Nd., bæði í fyrra og nú, og þar hafa verið um það skiptar skoðanir, hvort það eigi ekki að taka upp breytingu og falla frá því, að þeir, sem öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með þessum l., skipti um nöfn samkvæmt l. um mannanöfn. Þar hafa menn verið ekki á eitt sáttir, og því hefur n. hvorki í fyrra né nú, þegar þetta mál bar á góma, viljað flytja um það brtt. og haldið sér við þau ákvæði, sem í gildi hafa verið frá árinu 1952.

Eins og fram kom hjá hæstv. menntmrh., flytur hann ekki till. um breyt. á 2. gr. við lokaafgreiðslu frv. hér á Alþ., en boðar aftur, að þetta mál verði tekið til athugunar með því að skipa n., sem athugi um íslenzk mannanöfn, og jafnframt, hvort það eigi að beita þessum ákvæðum í framtíðinni. Þess vegna hygg ég, að það sé rétt og eðlilegt að afgreiða þetta frv., eins og hann gat réttilega um, og hitt verður aftur að bíða næsta þings, hvort hér eigi að taka aftur upp nýja stefnu og hverfa frá þeim ákvæðum að skylda alla þá, sem ríkisborgararétt öðlast, til þess að taka upp íslenzk mannanöfn. Ég veit um nokkra aðila, sem hafa ekki viljað sækja um ríkisborgararétt, sérstaklega fólk frá Norðurlöndum, af þeirri ástæðu, að það vill ekki skipta um nafn, það vill fá að halda sínu nafni, og ég hef orðið mjög var við það, bæði utan þings og innan, að það eru margir talsmenn þess, að þessum ákvæðum verði breytt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð út af því, sem hæstv. menntmrh. sagði. Við höfum áður deilt um þetta mál hér, og mér þykir mjög leitt, að hann skuli nú gefa þá yfirlýsingu, að það eigi að fara að setja n. til þess að athuga um breytingar á þessu máli. Ég álít, að það sé nauðsyn á því, að við séum ákaflega íhaldssamir í þessum málum. Ef við eigum einir allra þjóða í Evrópu að geta haldið við þá gömlu hefð, að menn kenni sig við feður sína eða mæður, þurfum við að gæta að okkur. Við tókum eftir því strax í kringum 1920, hvernig straumurinn var þá, að Íslendingar vildu sjálfir fá að breyta þarna um, og það var í raun og veru hreint happ, að Bjarni frá Vogi fékk því komið í gegn, þegar stjórn Jóns Magnússonar var mynduð, að gömlu lögin, sem ákváðu, að Íslendingar mættu taka sér ættarnafn, voru afnumin. Nú vita menn, að það hefur gengið ósköp erfiðlega að fá þau lög framkvæmd, sem þá voru samþ. En það var þá a. m. k. stöðvað, að fleiri Íslendingar færu að taka sér ættarnöfn.

Núna sækja 53 um íslenzkan ríkisborgararétt. Það er talað um, að það séu ýmsir fleiri, sem mundu vilja fá hann. Ég álít, að við eigum að segja alveg ákveðið: Það kostar þetta að fá að verða íslenzkur ríkisborgari, að menn

taka upp þá hefð, sem hér hefur viðgengizt frá alda öðli. Við erum ekkert að amast við hinum, sem ekki kæra sig um að verða ríkisborgarar, þeir mega gjarnan fá að halda sínum nöfnum, skandinavískum eða hverjum sem er, og búa hér. En ef þeir ætla að gerast Íslendingar eða ef þeir ætla að gerast íslenzkir ríkisborgarar, kostar það þetta.

Núna koma hér menn alls staðar að úr heiminum, alla leið sunnan úr Afríku, og þeir ætla að fá að halda sínum ættarnöfnum hérna. Hvernig haldið þið, að það mundi verða í næstu kynslóðum, þegar við getum ekki einu sinni látið Íslendinga sjálfa breyta um sín ættarnöfn? Ætli þau mundu ekki haldast? Ætli það mundi ekki verða sami erfiði slagurinn, sem við höfum ekkert getað gert í í 40 ár? Við verðum að taka það hart á þessu frá upphafi að knýja menn til þess að breyta þarna um, þegar þeir verða ríkisborgarar. Við erum ekkert að biðja þá um það, þeir eru að sækjast eftir þessu. Annars stöndumst við ekki í þessari ásókn, sem hérna verður. Þess vegna held ég, að ég verði að gefa hæstv. menntmrh. það ráð að vera verulegur íhaldsmaður í þessum efnum og reyna að sjá um að bjarga þó því, sem hægt er að bjarga, en hleypa ekki nýjum straumi hér inn yfir okkur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Við hv. 3. þm. Reykv. höfum oft deilt, bæði hér á Alþ. og annars staðar. Þó hélt ég ekki, að við ættum eftir að deila um það, hvor væri meiri íhaldsmaður. En sannleikurinn er sá, að ég er honum algerlega sammála um það, að við eigum að varðveita hina gömlu íslenzku nafnahefð, bæði með því móti að nota ekki ættarnöfn og með hinu mótinu að láta öll nöfn, sem Íslendingar bera, lúta lögmálum íslenzkrar tungu. Um þetta erum við algerlega sammála. Það, sem okkur greinir á um, er, hversu hratt eða hversu skynsamlega við eigum að nálgast þetta mark. Ég er alveg sammála honum um það, að niðjar þessara manna allra saman eiga að bera íslenzk nöfn, þannig að þeir, sem verða Íslendingar í framhaldi af því, að þessum mönnum er veittur ríkisborgararéttur, eiga allir saman að bera íslenzk nöfn. Hins vegar finnst mér það of harkalegt, ósanngjarnt, ganga allt of nærri persónulegum og réttmætum réttindum manna, persónuréttindum manna, að knýja fullorðna menn til þess að skipta um nafn á miðjum aldri. Og sérstaklega finnst mér ranglætið vera augljóst og harkalegt, þegar um er að ræða nöfn, sem fjöldi, tugir, hundruð manna í landinu þegar heita. Í hópi þessara 54 manna eru menn, sem bera nöfn, sem aðrir menn mega bera algerlega óáreittir og engum dettur í hug að knýja til þess að skipta um nöfn. Hér er t. d. Hansen, Jacobsen, Jensen, Olsen, Olsson, Pedersen, Rasmussen, Vilhelmsen. Öll þessi nöfn eiga þeir, sem þau bera nú, að segja skilið við. Þetta fólk á ekki að mega heita Jensen, Olsen, Jacobsen, Hansen o. s. frv., þó að aðrir menn í landinu megi heita Hansen, Jensen, Olsen, Pedersen og þar fram eftir götunum. Hér er fólki gert svo hróplega mishátt undir höfði, hér er um svo hróplegt misrétti að ræða, að mér finnst það ekki vera viðunandi og Alþ. ekki til sóma að ganga þannig frá málum. (**EOl:** Það mætti banna hina Hansenana þá líka.) Ja, um það hefur engin till. komið fram. Það gæti ég skilið, ef menn vildu gera það. Það væri a. m. k. hrein lína. Mér finnst það ósanngjarnt að láta mig skipta um nafn nokkurn tíma. En það væri sök sér, ef Alþ. vildi í einu lagi ákveða: Það má enginn heita útlendu nafni á Íslandi, hvorki Hansen, Jensen, Olsen, Jacobsen né bara nokkurt annað útlent nafn. Hv. þm. er ekki svo mikill íhaldsmaður að bera fram till. um það. Þarna skortir hann heilbrigða íhaldssemi. Það gæti ég skilið, ef hann hefði þá skoðun. En meðan hann hefur ekki kjark í sér til þess, meðan hann er ekki svo rótgróinn íhaldsmaður að vilja banna öllum Hansenum og Olsenum að bera slíkt nafn, finnst mér vera hálfvelgja íhaldssemin hjá honum. Og það er það, sem mér geðjast ekki að, og þess vegna vil ég leita að einhverri annarri leið út úr þessum vanda, þeirri leið, sem ég stakk upp á áðan, og vil þó ekki knýja fram neina atkvgr. um það nú, heldur fara „hina leiðina“ í þessu efni, sem aldrei þessu vant er nú skynsamleg, að skipa n. í málið.

Ég vil vekja athygli á einu í þessu tilfelli, sem er alveg sérstaklega viðkvæmt og vandasamt mál. Frú ein, sem sækir um ríkisborgararétt, heitir því ágæta nafni Briem. Ég get ekki betur séð en eftir lagabókstafnum þurfi hún að leggja það nafn niður, hún megi ekki heita Briem. Það getur ekki samrýmzt íslenzkum mannanafnalögum, að útlendur ríkisborgari heiti áfram Briem, því að í þeim skilningi verður nafnið ekki talið íslenzkt, ekki löglegt eftir mannanafnalögum á þessari manneskju. Þó er það löglegt í tugum, ef ekki hundruðum annarra tilvika. Tugir, ef ekki hundruð íslenzkra manna, ágætra ríkisborgara, heita Briem með sóma, ein af virðulegustu og elztu ættum landsins. En hér kemur svo umsækjandi, sem líka heitir Briem, eflaust með fullkomnum rétti við sína skírn, en verður að segja skilið við nafnið. Þetta er kannske gleggsta dæmið um það, á hve miklum villigötum Alþ. er í þessu efni. En jafnframt er þetta glöggt dæmi um, hversu vandmeðfarið þetta mál allt saman er, hversu óskaplega vandmeðfarið og viðkvæmt þetta mál allt saman er, og þess vegna held ég, að við eigum ekki að ganga til atkv. um það, sem okkur greinir á um um þetta núna, hv. 3. þm. Reykv. og mig og marga hv. þm. aðra. Við eigum ekki að ganga til atkv. um þetta núna. Við eigum að láta þann hátt, sem gilt hefur um þetta efni í mörg undanfarin ár, gilda áfram, a. m. k. fram að næsta þingi, og athuga málið mjög vandlega, þangað til Alþ. kemur saman næst, og það er það, sem tilgangur minn er með þeirri nefndarskipun, sem ég boðaði.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég er mjög svo sammála hv. 3. þm. Reykv. um það, að við eigum að vera mjög íhaldssamir í þessum efnum, og ég vil telja, að við eigum að halda okkur fast við þau ákvæði, sem hafa staðið í þessum l. á undanförnum árum og enn er lagt til að séu samþ. nú með þessu frv., að þeir, sem hljóta ríkisborgararétt, eigi að færa nafn sitt til íslenzks háttar og máls. Ég lít svo á, að sá mikilsverði réttur, sem þessir menn fá með því að verða íslenzkir ríkisborgarar, sé ekki of dýru verði keyptur með því að færa nafn sitt til íslenzkrar tungu. Það eru t. d. þeir, sem heita Olsson og Pedersen, eins og ráðh. minntist á, ég sé ekki, að það ætti að vera nein raun fyrir þá að kalla sig, eftir að þeir eru orðnir íslenzkir ríkisborgarar, Ólafssyni og Péturssyni. Það getur að mínum dómi ekki breytt miklu fyrir þá. Þetta er nú kannske út af fyrir sig allt í lagi með þá, sem heita Olsson og Pedersen. Þau nöfn geta nokkurn veginn verið borin fram og skrifuð. En vildi t. d. hæstv. menntmrh. lesa fyrir mig nafnið á nr. 2 í þessu frv. eða nr. 7? Ég treysti mér ekki til þess, og aldrei mundi ég geta lært að skrifa nöfn þessara manna, og mundi það jafnvel ekki særa þessa menn fullt svo mikið, ef nöfn þeirra böggluðust í munni mér og ég ritaði þau öll skökk og vitlaus, eins og það, þó að þeir þyrftu að láta af þessum nöfnum, sem samborgarar þeirra koma aldrei til með að geta borið fram eða munað að rita?

Hæstv. ráðh. gat þess réttilega, að það væri til, að börn væru skírð af okkur íslenzku prestunum nöfnum, sem ekki væri heimilt að skíra. Þetta er alveg rétt. Þetta hefur komið fyrir og kemur eflaust fyrir enn þá. Þó hygg ég, að það sé minna um það nú á dögum heldur en áður var, og ég veit t. d. hvað mig áhrærir, að þá hefur það eitthvað þrisvar sinnum komið fyrir, að ég hef neitað að skíra barn því nafni, sem foreldrarnir óskuðu eftir. Það urðu engin leiðindi út af því, það varð um það gott samkomulag. En eftir því sem ég held og mig minnir, er það ákvæði til í mannanafnalögunum, að heimspekideild háskólans hafi átt að gefa út skrá yfir þau íslenzk nöfn, sem prestum væri heimilt að skíra eða gefa börnunum. Ég hef aldrei séð þessa skrá, og ég efast um, að hún hafi nokkru sinni verið út gefin. Ég vildi gjarnan biðja hæstv. menntmrh. að hlutast til um, að þessi skrá yrði gefin út. Það er kominn tími til þess, því að þessi lög munu hafa verið samþ. á áratugnum milli 1920 og 1930, 1925 eða 1926, ef ég man rétt. En sem sagt er ég á sama máli og hv. 3. þm. Reykv., að við eigum að halda okkur við þá reglu, sem hefur gilt í þessum efnum á undanförnum árum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða, vegna þess að oft höfum við, sem erum flokksmenn í Sjálfstfl., verið kallaðir íhaldsmenn, fyrst einn af samflokksmönnum mínum stendur hér upp og tjáir sig reiðubúinn að fylgja íhaldsmanninum Olgeirssyni í þessu máli, að lýsa þeirri skoðun minni, að ég er algerlega sammála þeim orðum, sem komu fram í báðum ræðum hæstv. menntmrh. Og þótt minn ágæti meðþm., hv. 2. þm. Norðurl. v., telji það ákaflega auðvelt að þýða Norðurlandanöfn eins og Pedersen og Olsson, býst ég við, að honum mundi vefjast tunga um tönn, þegar hann ætti að þýða Rasmussen. En hvað um það, mér skilst, að þetta ákvæði hafi á sínum tíma verið sett inn bæði vegna málverndar og eins vegna þeirrar hefðar, sem gildir í því, er við kennum syni okkar og dætur við föðurinn, og ég fæ ekki séð, að í sögu einnar þjóðar hafi það ákaflega mikið að segja, hálf mannsævin. Þarna væri um það að ræða að láta fullorðið fólk, sem væri búið að ná lögræðisaldri eða komið á fullorðinsár, halda þeim nöfnum, seinna nafninu, ættarnafninu, meðan það lifði, en hins vegar yrði fornafnið íslenzkað og börn þeirra tækju íslenzkt nafn að sjálfsögðu þar með. Ég held einmitt, að þetta mundi leysa þennan vanda, og það er alveg rétt, sem hæstv. menntmrh. sagði, að þetta er ekki aðeins mikið tilfinningamál, heldur er það tilfinningamál, sem við eigum að taka fullt tillit til. Það er ekki aðeins að við eigum að veita þessum erlendu aðilum rétt til þess að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, heldur gerum við ráð fyrir því, að þegar við erum að rétta upp höndina með þessari ósk þeirra hér á hv. Alþ., teljum við einhvers virði að fá þetta fólk sem íslenzka ríkisborgara um leið. Og mér finnst alls ekki rétt að láta þeirra veru hér á landi byrja á þann veg að særa þetta fólk á þennan hátt, að skipa því að henda sínum nöfnum, sem það hefur gengið undir, þar sem það hefur lifað til þessa, þannig að ég fagna því mjög, að hæstv. menntmrh. boðar endurskoðun þessara laga, og vil lýsa því þegar hér yfir, að þótt ég teljist til einna af hinum vondu mönnum íhaldsins ásamt Gíslasyni og Olgeirssyni, er ég sammála Gíslasyni um þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Nd., 20. marz, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 351 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 56. fundi í Ed., 21. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 375).

Á 62. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið hingað til hv. Ed. öðru sinni frá Nd., og nú með þeirri breyt. einni, að einum umsækjanda hefur verið bætt inn í 1. gr. frv., þannig, að þar eru nú 54 umsækj-

endur, sem frv. gerir ráð fyrir, að öðlist ríkisborgararétt.

Allshn. hefur athugað þessa breyt., sem orðið hefur á frv., síðan það var hér síðast, og að þeirri athugun lokinni, leggur hún til, að frv. verði samþ. í þeirri mynd, sem það nú er. Tveir nm. voru fjarverandi, þegar n. afgreiddi málið, þeir hv. 8. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Vestf.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 455).

22. Landhelgisgæzla Íslands.

Á 7. fundi í Nd., 25. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um Landhelgisgæzlu Íslands [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 9. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Á s. l. sumri var talið, að landhelgisgæzlan íslenzka væri um 40 ára gömul, og þess nokkuð minnzt á opinberum vettvangi. Það er þannig vaxið, að íslenzk löggjöf er ekki mjög fjölskrúðug um landhelgisgæzluna, þessa réttargæzlu íslenzka ríkisins á hafinu. Þótti viðeigandi m. a. af framangreindu tilefni að undirbúa í dómsmrn. frv. til l. um Landhelgisgæzlu Íslands, og það er það frv., sem hér liggur nú fyrir til umr.

Með þessu frv. er settur rammi í löggjöfinni um landhelgisgæzluna, hvers konar stofnun hún er og hvers konar skyldum í aðalatriðum hún hefur að gegna og réttindum. Það má segja, að það séu ekki nein stór nýmæli í þessu frv., en engu að síður held ég, að með því sé skapaður viðunandi rammi í löggjöfinni um þessa þýðingarmiklu stjórnsýslu landsins, sem er að sjálfsögðu ein hin þýðingarmesta hjá íslenzka ríkinu, og út á við mun jafnan litið á landhelgisgæzluna sem þátt fullveldis og sjálfstæðis þjóðar okkar.

Í 1. gr. frv. er meginefni þessa frv., þess efnis, að landhelgisgæzlan sé ríkisstofnun með varnarþingi í Reykjavík og síðan lýst markmiði hennar. Markmið hennar er talið upp í 7 liðum. Þar eru að mestu leyti mótuð nánar þau viðfangsefni og verksvið, sem landhelgisgæzlan hefur á undanförnum árum unnið að í meira eða minna ríkum mæli, og menn sjá, að það eru nokkuð blönduð viðfangsefni og sennilega nokkuð blandaðri en almenningur almennt gerir sér grein fyrir, því að fyrir utan aðalverkefnið, sem er löggæzla á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelginnar, kemur ýmislegt annað til greina og þá í annarri röð björgunarstarfsemi landhelgisgæzlunnar, að hjálpa við björgun manna úr sjávarháska eða á landi, svo og að annast aðkallandi sjúkraflutninga, ýmist á eigin spýtur eða í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands eða aðra aðila, sem að björgunarstörfum vinna. En milli landhelgisgæzlunnar og Slysavarnafélags Íslands og ýmissa annarra björgunaraðila hefur jafnan verið mjög náin og góð samvinna.

Þriðji liðurinn er svo um að aðstoða og bjarga bátum eða skipum, sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland, ef þess er óskað, og hafa skip landhelgisgæzlunnar ævinlega, eftir því sem föng hafa verið á á hverjum tíma, verið við það miðuð að vera vel hæf til að sinna þessu hlutverki.

Síðan er fjórði liðurinn að veita afskekktum stöðum eða byggðarlögum nauðsynlega hjálp eða aðstoð, þegar eðlilegar samgöngur bregðast af ófyrirsjáanlegum orsökum, svo sem vegna hafíss, snjóalaga, ofviðra og annarra náttúruhamfara. Þessi liður er nokkuð í samræmi m. a. við frv., sem felur í sér breytingu á almannavarnalögunum og er nú til meðferðar í hv. Ed. En þegar hafís lagðist hér að fyrir 2—3 árum, unnu varðskip landhelgisgæzlunnar verulega að því að aðstoða afskekkt byggðarlög. Það sýndi sig, að þau höfðu töluvert mikið bolmagn til þess að brjótast í gegnum þau ísalög, sem um var að ræða, þegar önnur skip áttu erfiðara um. Að vísu urðu skipin fyrir töluverðum skemmdum af þessum völdum og þurfti að gera við þau síðar, enda þótt þau í upphafi væru nokkuð miðuð við að hafa aukinn styrkleika vegna hafíss. En síðan hafa farið fram viðgerðir, sem einmitt eru við þetta sérstaka tilvik miðaðar, að styrkja skipin í siglingum, þegar um hafís er að ræða.

Þá eru sjómælingar, að taka þátt í hafrannsóknum, fiskirannsóknum, botnrannsóknum, svo og öðrum vísindastörfum, eftir því sem ákveðið kann að verða hverju sinni. Skip landhelgisgæzlunnar hafa oft og tíðum og áhafnir verið að þessum verkum. Eins og nú er kunnugt, eru Íslendingar að láta byggja hafrannsóknarskip, sem er sérstaklega útbúið í þessu skyni, en á fyrri árum hafa af hálfu landhelgisgæzlunnar verið unnin hér, eftir því sem hægt hefur verið á hverjum tíma, margvísleg og gagnleg störf.

Síðan hefur það verið í verkahringnum að fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti, sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hætta af.

Og loks eru svo bein ákvæði tekin um, að það sé verkefni landhelgisgæzlunnar að aðstoða við framkvæmd almannavarna, en ekki aðeins almannavarna, heldur ýmiss konar aðra þjónustustarfsemi ríkisins, eins og almenna löggæzlu, lækna-, tolla- og viðskiptaþjónustu, eftir því sem aðstæður leyfa eða ákveðið kann að verða sérstaklega.

Ég hygg, að með þessu sé í stórum dráttum mótað verksvið landhelgisgæzlunnar í raun og veru, eins og það hefur mótazt og hefur verið í mótun. Síðan eru aðrir kaflar um stjórn landhelgisgæzlunnar, starfsmenn, launakjör, um áhöld, varðskip, gæzluflugvélar og útbúnað og svo loks um landhelgissjóð, sem ég skal víkja að síðar. En ég vil aðeins leyfa mér nú að víkja nokkrum orðum almennt að viðfangsefnum og verksviðum landhelgisgæzlunnar.

Ég vil sérstaklega vekja athygli hv. þm. á fskj. I, sem er skýrsla til dómsmrh. í ágúst 1966 frá forstjóra landhelgisgæzlunnar, Pétri Sigurðssyni. Aðalverkefni þessarar skýrslu er að gera grein fyrir nauðsyn og smíði hins nýja varðskips, sem nú hefur verið samið um, en hún felur þó í sér í allverulega ríkum mæli yfirlit um þróunarsögu landhelgisgæzlunnar, þó að hún sé engan veginn tæmandi, en bæði að því er snertir þau gæzlusvið, sem henni hefur verið fyrst og fremst ætlað að gæta, og þau tæki og áhöld, sem hún hefur haft til gæzlunnar. Það er mjög eftirtektarvert, að nágrannar okkar, Norðmenn, þurfa að gæta fiskveiðitakmarka, sem eru um 1360 sjómílur á lengd, og til þess hafa þeir haft 21 skip með 212 manna áhöfn, en þar af 7 stór skip og svo 14 þeirra minni skip, leiguskip og minni bátar. En þess er getið, að Norðmenn hafa svo eðlilega sinn flota, bæði sín herskip og sínar flugvélar, til aðstoðar þessari sérstöku deild flotans, sem nú er og annast varðgæzlu landhelginnar. Íslenzka landhelgisgæzlan þarf að gæta landhelgi, sem er rúmar 1000 sjómílur að lengd, en til þessa hefur það verið svo, að við höfum haft 7 varðskip, 3 þeirra stór og 4 lítil, sem eru nánast bátar, auk einnar flugvélar, og með samtals 97 manns, eins og fram kemur í álitsgerðinni. Og þó er þess að gæta, að 1—2 af þessum skipum voru langdvölum bundin við ýmiss konar rannsóknarstörf, bæði hafrannsóknir og önnur vísindastörf á hafinu. Þetta er ekki stór floti, sem við höfum, skipa eða flugvéla, en hann þarf að gæta mikilla hafsvæða, og það kemur fram, að árið 1964 er talið, að brezkir og þýzkir togarar hafi farið 804 veiðiferðir samtals á miðin við strendur Noregs, Svalbarða og Bjarnareyjar og 3096 eða næstum 4 sinnum fleiri á miðin við Ísland samkv. upplýsingum Fiskifélags Íslands.

Á landhelgisgæzlunni eða skipum hennar og öðrum útbúnaði hefur orðið allveruleg breyting á undanförnum árum. Það hefur miðað að því, að minni skipin eða bátarnir, sem við getum kallað svo, hafi ekki orðið lengur virkir til að sinna gæzlustörfum og verið fækkað og verið seldir, en stefnt að því að eignast traustari og stærri skip og þá færri skip og jafnframt að auka fluggæzluna. Við höfum á síðari árum öðlazt allviðtæka reynslu og góða reynslu af starfsemi gæzluflugvéla. Það var upphaflega gæzluflugvélin Rán, síðan gæzluflugvélin Sif, sem er fjögurra hreyfla Skymastervél, stór og ágæt vél, sem tókst að festa kaup á með hagkvæmum kjörum fyrir allmörgum árum. Og svo hefur landhelgisgæzlan nú upp á síðkastið öðlazt dálitla reynslu af notkun lítillar þyrilvængju, sem hún keypti í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands, en landhelgisgæzlan annast rekstur þessarar þyrlu sjálf.

Þegar ég minntist áðan á ásóknina á miðin hér og miðað við ásóknina á togurum t. d. á norsku landhelgina, kemur það annars staðar fram í grg. þessa máls eða fskj., að það er talið, að það séu hér að jafnaði yfir 100 togarar að veiðum daglega allan ársins hring. Það gefur þess vegna auga leið, að hér er mjög þýðingarmiklum og erfiðum viðfangsefnum að sinna. Nú hefur þann 12. ágúst í sumar verið undirritaður samningur um smíði nýs varðskips, sem er á borð við Óðin, og hv. alþm. er kunnugt um stærð og gerð þess skips, lítið eitt stærri og lítið eitt lengri og kannske með einnar sjómílu meiri ganghraða. Þetta skip á að verða tilbúið til afhendingar 18 mánuðum eftir að undirritaður var smíðasamningur. Þetta skip var boðið út og fast tilboð, en samkv. tilboðinu er verð þess rúmar 80 millj. kr. eða líðlega 83 millj. kr. Miðað við íslenzka togara er nýja skipið áformað með nær því alveg sömu lengd og togarinn Maí, en einu feti mjórra.

Innan landhelgisgæzlunnar hafa nú staðið yfir töluverðar athuganir fyrir forgöngu forstjórans um vissar skipulagsbreytingar á starfsemi gæzlunnar, sem í stórum dráttum mundu miða að því að stefna að því að hafa nokkur stór skip, e. t. v. ekki fleiri en tvö, ef það mætti teljast nóg við fengna reynslu og aukna fluggæzlu, en minnka aftur á móti minni skipin, sem eru ákaflega tilkostnaðarsöm. Þau hafa að vísu haft þann ágæta tilgang, sem þau hafa gert mikið gagn í, að vera til aðstoðar bátum og við björgun, en á því sviði hefur líka orðið mikil breyting á síðari árum, því að tryggingafélögin hafa tekið höndum saman um að gera út aðstoðar- og björgunarskip, tvö nú upp á síðkastið, og auk þess er bátaflotinn okkar orðinn miklu stærri og hvert skip út af fyrir sig þess vegna öflugra til þess að veita aðstoð við björgun, og einnig hafa sum byggðarlög eignazt skip, sem veita mikilvæga aðstoð í þessu sambandi, eins og t. d. Lóðsinn, hafnarbáturinn í Vestmannaeyjum, sem hefur veitt verulega og þýðingarmikla aðstoð í sambandi við veiðar í kringum eyjar. Það er of snemmt að gera grein fyrir því, hvernig þessi nýskipan mála mundi reynast, en verður gert á sínum tíma, þegar forstjóra landhelgisgæzlunnar hefur gefizt tóm til þess að leggja fyrir till. um það, bæði kostnaðaráætlanir í sambandi við stofnkostnað, sem þarf að efna til, hvað er hægt að spara af þeim tækjum, sem nú eru fyrir hendi, og hvernig rekstrarkostnaður í heild mundi koma út og þá hvernig ætla mætti, að hæfni slíks gæzluflota á sjó og landi mundi verða. En það, eins og ég sagði yrði byggt á samvinnu stórra og hraðskreiðra skipa og fluggæzlu, fluggæzlu e. t. v. í nokkuð öðru formi en nú er, og þá er sérstaklega til athugunar að ganga lengra

á þeirri braut að fá þyrilvængju, fyrst og fremst sterka og volduga þyrilvængju, til gæzlunnar. Þyrilvængjur af þessari gerð hafa töluvert verið notaðar til slíkra starfa í nágrannalöndum okkar og hafa miklu meira bolmagn heldur en sú litla þyrilvængja, sem landhelgisgæzlan á nú, og geta auðveldlega verið að störfum 150—200 mílur á hafi úti, þó að veður sé misjafnt, og einnig sinnt ýmsum rannsóknarstörfum um leið og venjulegum gæzlustörfum. Þessar þyrilvængjur væru þess eðlis, að þær mundu hafa bolmagn til þess sjálfar að færa togara til hafnar. En hugsunin með að hafa fyrst og fremst á hafinu alltaf tvö stór og hraðskreið skip í kringum landið er, að þau séu viðbúin að veita aðstoð slíkri flugþjónustu, ef hún þarf á að halda, fyrir utan þá beinu gæzlu, sem frá þeim mætti vænta. Ég geri ráð fyrir því, að síðar á þessum vetri liggi fyrir áætlanir um breytingar í þessu sambandi, og mun að sjálfsögðu þm. eða þn. verða gerð grein fyrir þessum hugmyndum og ráðagerðum ríkisstj. í því efni, eftir því sem ástæða þykir til. Allt miðar það að sama marki, sem ég hygg, að sé alveg óhætt að slá föstu, að við viljum allir vinna að, að gera landhelgisgæzluna sem öruggasta, en jafnframt hagkvæmasta, en hæfa til þess að sinna sínu mikilvæga hlutverki.

Ég vil vekja athygli á, að í 5. gr. þessa frv. er í 2. mgr. ákvæðið: „Heimilt er að skrá áhafnir á varðskip til landhelgisgæzlunnar eftir reglum, sem ráðh. setur.“ Þetta atriði þarf e. t. v. að athugast nánar, en það, sem fyrir mér vakti í þessu sambandi, var, að landhelgisgæzlan gæti haft skráðar áhafnir hjá sér, sem hún umsvifalaust gæti skipt á milli skipa, og höfuðtilgangurinn væri sá, að þegar við ættum stærri og voldugri skip, væru þau miklu meira í gæzlu á hafinu, miklu fleiri daga á ári á hafi úti, en það mundi kannske þýða, að tvö stór skip þyrftu að hafa um það bil þrjár áhafnir til afnota vegna orlofa og fría, sem mennirnir þurfa að hafa. En skipin þurfa eðlilega ekki að hafa þessi frí, ef þau að öðru leyti eru í góðu lagi. Þetta kemur að sjálfsögðu til nánari athugunar undir meðferð málsins í nefnd.

Þá eru í þessu frv. tekin inn ákvæði í síðasta kaflanum um Landhelgissjóð Íslands, en frv. um Landhelgissjóð Íslands er frá 1913, og 1. flm. þess máls var séra Sigurður Stefánsson frá Vigur, þm. Ísfirðinga, og í því frv. var sami tilgangurinn og nú er, að mynda landhelgissjóð af sektarfé landhelgisbrjóta til þess að byggja upp landhelgisgæzlu fyrir Íslendinga. Danir höfðu þá með höndum landhelgisgæzluna. Ýmsum Íslendingum þótti hún þá slælega rekin, og hugur manna stefndi að því, að við sjálfir eignuðumst okkar varðskip til þess að verja fiskveiðilandhelgina. Þegar þessi sjóðshugmynd kom fram, var gert ráð fyrir því, að 2/3 af sektarfénu rynnu í landhelgissjóð, en samkv. l. frá 1901 rann 1/3 í fiskveiðasjóð Íslands, ef ég man rétt, eða til a. m. k. sömu þarfa og fiskveiðasjóður síðan var ætlaður. Þessu var svo breytt með l. um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi 1920. Þá var ákveðið, að allt sektarfé skyldi renna í landhelgissjóð. 1913 mun hafa verið í landhelgissjóði sektarfé frá aldamótum upp að 233 þús. kr. Ég segi þetta til fróðleiks, því að auðvitað eru þetta ekki sambærilegar krónur við þær krónur, sem við nú erum að tala um. En vegna breytinga, sem síðan hafa orðið á landhelgissjóðnum, 1920, þótti eðlilegt, að ákvæðin um hann kæmu inn í þetta frv. um Landhelgisgæzlu Íslands og mundu þá mynda heilsteyptari ramma um sjálfa landhelgisgæzluna. Sjóður þessi er orðinn verulegur og áskotnast verulega miklar tekjur, og það má segja, að skip landhelgisgæzlunnar og gæzluflugvélar hafi á undanförnum árum að verulegu leyti verið keyptar fyrir fjármuni landhelgissjóðsins. Síðan er auðvitað rekstrarkostnaður við landhelgisgæzluna, sem greiddur hefur verið úr ríkissjóði, og alltaf töluverður kostnaður af henni, beinn kostnaður, eins og hv. þm. er kunnugt af fjárlögum.

Ég vil aðeins til fróðleiks fyrir hv. þm. gefa hér stutt yfirlit yfir tekjur landhelgissjóðs síðari ár, frá 1958—1964. Árið 1958 eru tekjur landhelgissjóðs 3 millj. 396 þús., en meginhlutinn er framlag vegna björgunarskútusjóðs Norðurlands, 1 millj., og sektir fyrir landhelgisbrot, rúmar 2 millj. þetta ár. 1959 eru heildartekjurnar 2 millj. 653 þús., þá sektir fyrir landhelgisbrot þar af 1 millj. 268 þús. og björgunarlaun 1 millj. 355 þús. 1960 eru tekjurnar 874 þús. Þá voru sektir fyrir landhelgisbrot 600 þús. og björgunarlaun 197 þús., en þessir tveir liðir eru aðalliðirnir í tekjunum hverju sinni, annars koma vextir og smærri hlutir til álita. 1961 voru heildartekjurnar 2 millj. 904 þús. kr., þar af sektir fyrir landhelgisbrot 2 millj. 220 þús. og björgunarlaun 607 þús. Árið 1962 eru 4 millj. 893 þús. Þá voru sektir fyrir landhelgisbrot 3 millj. 728 þús. og björgunarlaun rúm millj. Árið 1963 eru tekjurnar 3 millj. 161 þús., sektir fyrir landhelgisbrot 2 millj. 122 þús. og björgunarlaun rúm millj. 1964 voru heildartekjurnar 7 millj. 615 þús. Þá voru sektir fyrir landhelgisbrot 5 millj. 345 þús. og björgunarlaun 2 millj. 111 þús. 1965 voru heildartekjurnar 8 millj. 750 þús. Þá voru sektir fyrir landhelgisbrot 5 millj. 470 þús. og björgunarlaun tæpar 3 millj. kr.

Það er einnig svo, eins og fram kom í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh., að nú, þegar við ráðumst í að kaupa þetta nýja varðskip, — varðskip, sem kosta mun nærri 100 millj. kr. eða 83 millj. tilbúið, þarf ekki fyrst í stað að ætla fé á fjárl. til þess, vegna þess að fé, sem er fyrir hendi í landhelgissjóðnum, getur staðið undir fyrstu greiðslum og afborgunum, og svo kemur mjög fljótt að því nú úr þessu, að búið sé að greiða Óðin að fullu, og þá verður landhelgissjóðurinn þeim mun færari að standa undir vöxtum og afborgunum af láni, sem veitt verður til þessa nýja skips. En það er, held ég, algerlega tímabært, að við eignumst þetta

nýja skip, því að þegar það á að koma í gagnið um áramótin 1966—1967, verður Þór orðinn um 17 ára gamall, og Óðinn kom hér í byrjun ársins 1960, líka nokkuð farinn að eldast, en er þó ungt skip og mjög traust skip, og reynslan, sem fengizt hefur af því skipi, er ákaflega góð og hefur gefið mikla vísbendingu um, hversu miklu voldugra slíkt skip er, miðað við hlutföll í rekstrarkostnaði og hverju öðru, heldur en minni bátarnir. Þetta skip tapar varla nokkurn tíma sínum ganghraða, þótt í vondum veðrum sé við landið, en minni skipin verða alveg aflaus, ef nokkuð bjátar á. En reynsla undanfarinna ára sýnir það, að næstum því allir togarar, sem teknir eru, eða veiðiþjófar innan landhelginnar eru teknir í mjög vondu veðri og þegar vont er í sjó og dimmviðri eru, og það sýnir einnig, hversu mikil nauðsyn er á styrkleika skipanna. En auðvitað hefur þetta líka aukið gildi þeirra gífurlega mikið í sambandi við björgunarhlutverk landhelgisgæzlunnar.

Ég þykist vita, að það muni ekki verða mikill ágreiningur í hv. þingi um afgreiðslu þessa máls. Landhelgin er einn dýrmætasti hluti landsins, eins og okkur er kunnugt um og við höfum allir sagt og forfeður okkar fyrr og síðar. Eins og fram kemur á korti, fskj. IX, er stærð íslenzku landhelginnar verulega mikil. Hún er talin vera 103 þús. ferkm. og strandlína 4971 km, stærð Íslands þetta og strandlínan þetta. Fiskveiðilandhelgin er talin hins vegar vera að stærð 78874 ferkm. og lengd línu 1867 km eða rúmar 1000 sjómílur, 1008 sjómílur, eins og ég sagði áður.

Ég hygg svo, herra forseti, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð til þess að gera grein fyrir þessu frv., en vil leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 243, 241).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Eins og hæstv. dómsmrh. tók fram í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv., frv. til l. um Landhelgisgæzlu Íslands, sagði hann, að íslenzk löggjöf væri ekki fjölskrúðug um landhelgisgæzluna, þessa réttargæzlu íslenzka ríkisins á hafinu. Og kannske í og með vegna þeirra tímamóta, sem íslenzka landhelgisgæzlan stóð á á s. l. ári, en þá eru talin 40 ár liðin síðan hún tók formlega til starfa, þótti tímabært að setja löggjöf eða betrumbæta þá löggjöf, sem fyrir var um Landhelgisgæzlu Íslands, og má segja, að það frv., sem hér er lagt fram af stjórninni, sé til orðið af þeim sökum.

Það má kannske segja, að það séu engin stór nýmæli í þessu frv. og bæði mér og öðrum hafi kannske þótt hlýða að ganga ýtarlegar til verks heldur en gert hefur verið. Samt sem áður hef bæði ég og aðrir nm. í allshn. þessarar d. orðið sammála um að gera ekki mjög viðamiklar breytingar á þessu frv., en þó nokkrar brtt. leggjum við þó til, að verði samþykktar hér í hv. d., en teljum, að löggjöfin sem slík sé viðunandi. Auðvitað má segja sem svo, að allra síst á þessu sviði eigi að búa við löggjöf, sem aðeins verði um sagt, að hún sé viðunandi, það eigi frekar að vera löggjöf, sem allir geti horft til sem fyrirmyndar og eftirbreytni. Á margan hátt er þessi löggjöf það, þótt ég, eins og ég tók fram hér áðan, hefði kannske talið, að enn ýtarlegar hefði átt að ganga til verks og setja löggjöf um þessa stofnun, sem hefði skilið hana algerlega frá öðrum stofnunum í þessu þjóðfélagi og þá kannske hagsmunasamtökum líka vegna þeirrar algeru sérstöðu, sem Landhelgisgæzla Íslands hefur.

Allshn. þessarar d. sendi frv. til umsagnar, hefur fengið á sinn fund bæði þá, sem stóðu að samningu frv., ráðuneytisstjóra Baldur Möller í dómsmrn., forstjóra landhelgisgæzlunnar og lögfræðing, sem hafa gefið upplýsingar og rætt við nm. um efni frv. Einnig sendi Skipstjórafélag Íslands n. aths. sínar, og átti formaður allshn. viðræður við formann Skipstjórafélagsins, Jón Eiríksson, og má segja, að með breytingu, sem n. leggi til, sé komið að nokkru og kannske að öllu leyti á móti því aðaláhugamáli, er þeir impruðu á í sínum tilmælum. Þá komu fram aths. frá Starfsmannafélagi landhelgisgæzlunnar við frv., og stjórn þess félags óskaði eftir því að fá að eiga viðræður við n., og varð hún að sjálfsögðu við því. Og n. hefur orðið sammála um að taka aths. þeirra að fullu til greina, — þær aths., sem bárust í bréfi til hennar við athugun á frv.

Við 1. gr. er bætt inn nýjum staflið, svo hljóðandi, eins og segir á þskj. 241, að við bætist nýr stafliður, h-liður, sem orðist svo: „Að fylgjast með öryggis- og björgunarbúnaði skipa, ef ástæður þykja til.“ Ósk um þetta atriði hefur komið fram á undanförnum árum frá samtökum sjómanna, síðast á s. l. ári frá þingi Sjómannasambands Íslands, en bæði á þingum þess, þingum Alþýðusambands Íslands og þingum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hafa verið ítrekaðar áskoranir til þings og ríkisstj. um að betrumbæta það eftirlit, sem á að vera og þarf að vera með björgunar- og öryggisútbúnaði skipa. Eins og er, hefur Skipaskoðun Íslands með þetta verkefni að gera, en vegna mannfæðar og fátæktar hafa sjómannasamtökin talið, að þessa væri ekki gætt sem skyldi þrátt fyrir fullan vilja þeirra, sem þar stjórna og starfa. Sjómannasamtökin telja, að ef þetta atriði verður samþ. í l. um Landhelgisgæzlu Íslands, geti það orðið til mikillar styrktar þessu þýðingarmikla máli, að fylgjast með björgunar- og öryggisbúnaði skipa, og ég held, að engum dyljist, að einmitt þeir menn, sem þar starfa, sem starfa m. a. að björgunar- og öryggismálum á hafinu, starfsmenn landhelgisgæzlunnar, eru kannske öllum öðrum betur til þess fallnir að fylgjast með þessu

atriði. Þetta er sú eina breyting, sem allshn. leggur til, að verði gerð við 1. gr. frv.

Við 5. gr. frv. leggur n. til, að gerð verði nokkur breyting. Aths. bárust n. munnlega um það, að eins og fyrri mgr. þessarar 5. gr. væri orðuð, mundi hún stangast á við önnur gildandi íslenzk lög, um lögreglumenn ríkisins, en þar mun kveðið á svo, að þeir þurfi að hafa náð 21 árs aldri. Frá forstjóra landhelgisgæzlunnar og ráðuneytisstjóra dómsmrn. komu þó fram þær skýringar, að þarna væri eingöngu verið að tryggja áhafnir varðskipanna, það væri að gefa þeim rétt löggæzlumannanna, og þegar hv. þm. íhuga þetta nánar og hafa í huga, að oft og tíðum þarf að senda menn um borð í erlend skip, sem verið er að taka, undirmenn t. d. ásamt sínum yfirmönnum, sem ekki hafa náð þessum aldri, 21 árs aldri, hljótum við allir að vera sammála um það, að okkur beri skylda til að gefa þessum mönnum þau réttindi, sem öðrum lögggæzlumönnum ríkisins eru gefin, þannig að við í allshn. töldum ekki ástæðu til þess að breyta þessu atriði. Hins vegar vorum við sammála um að breyta seinni mgr. þessarar greinar. Það kom skýrt fram hjá forstjóra landhelgisgæzlunnar, sem ég ræddi við um þetta, að þarna væri eingöngu verið að tryggja það, að sú hefð, sem skapazt hefði á undanförnum árum í starfi landhelgisgæzlunnar, sú að flytja menn af einu skipi á annað eða af skipi til starfa í landi eða á flugvél, þetta yrði heimilt áfram og fram hjá mjög, vil ég segja, þunglamalegu kerfi lögskráningarfyrirkomulagsins yrði komizt. Þar sem aðeins um þetta atriði var að ræða, töldum við vegna annarra ákvæða, sem í lögskráningarlögunum eru, rétt að leggja til sem brtt. frá okkur, að þessi seinni mgr. orðist eins og segir á þskj. 241, að skipverjar á varðskipum landhelgisgæzlunnar skuli lögskráðir, og þar er átt við auðvitað: eins og á öðrum íslenzkum skipum, en þó skuli heimilt að flytja skipverja milli skipa eða í önnur störf, enda sé lögskráningarstjóra tilkynnt um þær breytingar. Þarna er komið á móti þessu vandamáli landhelgisgæzlunnar, en hins vegar búa skipverjar landhelgisgæzlunnar að öllu leyti við þau réttindi og þær skyldur, sem lögskráningarlögin fyrirskipa.

Um 7. gr. leggur n. til, að breyting sé á gerð, og leggur n. til, að komið sé á móti óskum Starfsmannafélags landhelgisgæzlunnar um orðalag þessarar greinar, á þann veg, að hún orðist eins og segir í áðurnefndu þskj., þannig: „Starfsmenn landhelgisgæzlunnar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum.“ En í frv. segir, að starfsmenn landhelgisgæzlunnar megi hvorki beint né óbeint taka þátt í neins konar kjara- eða kaupdeilum, og virðist auðsætt, að það sé verið í fyrsta lagi að skera þessa menn algerlega frá sínum stéttarfélögum, en sumir hverjir af þeim hafa verið þar meðlimir og starfað þar um tugi ára, og í öðru lagi stangist þetta á við það, sem á eftir komi í þessum lögum, ákvæðin um það, að gera þurfi sérstaka samninga fyrir þessa starfsmenn ríkisins. Og ef gr. hefði verið samþ. á þann hátt, sem hún var hér fram borin, virðist erfitt að sjá, hverjir ættu að taka að sér samninga fyrir þessa menn, sem eins og til var lagt, mega hvorki beint né óbeint taka þátt í kjara- eða kaupdeilum. Allshn. leggur hins vegar til, eins og ég sagði hér áðan, að 7. gr. orðist þannig, að starfsmenn landhelgisgæzlunnar megi hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum. Í gildandi l. um varðskip ríkisins segir, að skipverjar megi ekki taka þátt í neins konar kaupdeilum. En þarna er komið á móti Starfsmannafélaginu um orðalag, og allshn. er sammála um þessa brtt. eins og aðrar, sem bornar eru fram á þskj. 241.

Við 8. gr. er gerð smábreyting. Þar er fellt niður ákvæði þess efnis, að bæði forstjóri og dómsmrh. ákveði eða geti ákveðið að setja reglur um einkennisbúninga. N. þykir eðlilegt, að það sé í höndum dómsmrh. eins, og að sjálfsögðu mun hann þá, ef hann telur rétt vera, fela forstjóra að framkvæma þær reglur, er hann setur í þessu efni.

Við 9. gr. er einnig brtt. frá n. þess efnis, að eftir því sem lagt er til um, að 9. gr. hljóði í frv., leggur n. til, að við bætist: eða stéttarfélagssamningur viðkomandi starfsmanna. En eins og hv. þd. er kunnugt, búa starfsmenn landhelgisgæzlunnar við blandað launafyrirkomulag, ef ég mætti orða það svo. Sumir búa við launafyrirkomulag opinberra starfsmanna, en aðrir og þá flestir, mundi ég álíta, búa við þau laun, sem ákveðin eru með stéttarfélagssamningum, og þá eru það þau félög, sem fara með samningana fyrir verzlunarskipaflotann. En frá og með l., sem sett voru 1935, var ákveðið, að starfsmenn á skipum landhelgisgæzlunnar skyldu fylgja í launum þeim mönnum, er störfuðu á strandferðaskipum ríkisins. Hins vegar leggjum við sem sagt til í allshn., að þarna komi inn í ákvæði þess efnis, að þeir menn, sem í landi vinna, skuli ekki aðeins vinna samkv. l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, heldur líka stéttarfélagasamninga viðkomandi starfsmanna, þetta er 9. gr., og það er þá líka vegna þess, að í land fara oft menn af skipunum, sem vinna að störfum í landi, sem á engan hátt geta fallið undir launafyrirkomulag eða undir opinbera starfsmenn. Þeir vinna þar um stuttan tíma að þeim störfum, sem ekki eru kannske samningar fyrir, og þess vegna teljum við eðlilegt, að viðkomandi stéttarfélag hafi samninga fyrir þessa menn eða þeir vinni undir samningum þess.

Í 10. gr., en þar eru ákvæði um laun og kjör þeirra, sem vinna að staðaldri við störf á sjó eða í lofti, eru ákvæði um það, að þeir skuli taka laun sín og kjör í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum, og leggur n. til, að við þessa grein bætist orðin: stéttarfélaga við stjórn landhelgisgæzlunnar, þannig að það sé ljóst, að ef sérstaka samninga þurfi að gera, séu það stéttarfélög

þessara manna, sem fari með þá samninga við stjórn landhelgisgæzlunnar, enda sjáum við það ekki í allshn. í fljótu bragði, hvaða annar aðili ætti að taka við slíkum samningum heldur en þeir, sem farið hafa með þá óbeint á undanförnum árum og þekkja til um þá miklu sérstöðu, sem þessir menn hafa. A. m. k. hafa starfsmenn landhelgisgæzlunnar, allir þeir, sem rætt hafa við allshn., lagt til eindregið, að þessi háttur yrði á hafður.

Við 12. gr. er gerð breyting. Frá Skipstjórafélagi Íslands barst bréf til n., þar sem þeir gera aths. við þessa gr. frv. Þeir benda á það réttilega, að skipstjórar eða skipherrar á skipum landhelgisgæzlunnar hafi um langt árabil búið við það að hljóta minni björgunarlaun en aðrir skipstjórar, t. d. á verzlunarflotanum. Það má segja, að þetta sé á margan hátt eðlilegt, þegar þess er gætt, að í og með er eitt höfuðviðfangsefni landhelgisgæzlunnar að stuðla að og vinna að björgun. En sú þróun hefur samt sem áður orðið á síðari árum, að með samningum við undirmenn skipstjórans hafa komið inn liðir í þeim samningum, sem orsakað hafa, að hlutföll hafa breytzt, þannig að þegar búið er að skipta upp björgunarlaunum eftir þeim reglum, sem gilt hafa fyrir starfsmenn landhelgisgæzlunnar, hefur dæmið stundum komið þannig út, að skipstjórinn hefur borið miklu minna úr býtum heldur en kannske margir aðrir skipsmenn, og má t. d. geta um yfirvinnuna, sem allir aðrir skipverjar á skipinu njóta í dag, aðrir en skipherrarnir. Og þeir benda réttilega á, að af skipum, sem bjargað er og eru vátryggð hjá Samábyrgð Íslands, þegar þannig stendur á, fær skipshöfnin engin björgunarlaun. Hins vegar geta allir undirmenn aðrir en skipherra fengið miklar aukatekjur vegna yfirvinnu, en skipherrann alls ekkert. Og þeir benda líka réttilega á það frá Skipstjórafélaginu, að með þessari reglu sé ekki tekið nægilegt tillit til ábyrgðar, sem á skipstjórunum hvílir, og þeir óska eftir því, að reynt verði að bæta úr þessu umræddu lagaákvæði, sem er í gildandi l. og jafnframt í frv. ríkisstj. En þeir taka þó fram, að þeir óski ekki eftir, að þetta sé gert öðruvísi en það komi ekki fram skerðing á hlut annarra skipsmanna. Vegna þessa og einnig vegna þeirrar þróunar, sem orðið hefur á skipum landhelgisgæzlunnar, skal ég taka eitt dæmi, en það er um þann nýja áhafnarmeðlim eða þann, sem fer með hlutverk froskmannsins á skipunum. Þessi eini einstaklingur getur kannske að miklu leyti átt hlut að því, að skipi sé bjargað eða sú aðstoð veitt, sem veiti landhelgisgæzlunni, björgunarsjóði og áhöfn viðkomandi skips rétt til mikilla björgunarlauna. Við teljum sjálfsagt í allshn., að það séu möguleikar á því fyrir stjórnendur landhelgisgæzlunnar að taka slíkt til greina, eins ef skipherra leysir þannig sitt starf af hendi í sambandi við björgun eða aðstoð, að það sé viðurkenningarvert. Þess vegna höfum við lagt til í 7. brtt. okkar, að þau gömlu ákvæði, eins og sjá má í frvgr., 12. gr., þau gömlu ákvæði, sem segja, að af hluta áhafnar megi greiða, áður en skipti fari fram, ákveðna fjárhæð að dómi skipherra til þeirra, er mest hafa lagt sig fram við björgunina, þau falli niður, en í staðinn komi ný ákvæði, sem heimili yfirstjórn landhelgisgæzlunnar að greiða af hluta landhelgissjóðs ákveðna fjárhæð til þeirra, er mest hafa lagt sig fram við björgunina. Við gerum af ásettu ráði ráð fyrir því, að það sé yfirstjórn landhelgisgæzlunnar, sem hafi þessa heimild, en ekki skipherrann, sem kannske í þeim tilfellum, sem þekkt eru, hafi orsakað það, að þeir hafi sjálfir skorizt úr leik í sambandi við þessa viðurkenningu, en það teljum við alls ekki vera rétt og höfum þá fyllilega haft hliðsjón af þeirri skyldu, sem á þessum manni hvílir um borð í skipi og þó kannske sérstaklega á skipum landhelgisgæzlunnar, þannig að með því að setja þetta ákvæði inn þannig orðað teljum við tryggt, að í þessum einstöku tilfellum, sem gert hefur verið ráð fyrir fram til þessa, að hægt væri að verðlauna einstaklinga um borð í þessum skipum, verði það tryggt áfram, en við bætist, að það sé hægt jafnframt að tryggja skipherrann. Og ég held, að það sé þannig í huga allra þeirra, sem í allshn. d. eru, að það sé þeirra vilji, að þetta sé framkvæmt þannig. En fram til þessa hefur eldra ákvæði gildandi laga ekki verið notað.

8. brtt. n. er við 13. gr. Það má segja, að það sé ekki mikil efnisbreyting, en við leggjum til, að við þá gr. frv. bætist ýtarlegri ákvæði á þann veg, að forstjóra sé heimilt að tryggja sérstaklega þá starfsmenn, sem mjög áhættusöm verk eiga að vinna. Það þarf ekki að taka fram sérstök dæmi um þetta. Við getum þó tekið eitt. Við skulum taka það, að landhelgisgæzlan þurfi að senda einhvern starfsmanna sinna í það verk að eyða tundurduflum, og sitt hvað fleira mætti sjálfsagt tína til. En ég held, að þetta sé auðskilið og þingið mundi ekki hafa á móti því að samþykkja þetta atriði.

Þá leggjum við einnig til, að 14. gr. verði breytt, eins og segir á þskj. 241, að sérhver starfsmaður skuli ganga undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni landhelgisgæzlunnar. Það er villa á þskj. 241 í þessari gr., þetta á að vera „hjá" trúnaðarlækni, en ekki „sjá" trúnaðarlækni, einu sinni á ári eða oftar, ef þörf þykir. Í frv. er lagt til, að stjórn landhelgisgæzlunnar geti krafizt hæfnisvottorðs af starfsmanni. Nú má segja það, að kannske hefði átt að fara miklu ýtarlegar út í þessa gr., og í sjálfu sér fæ ég ekki séð og líklega eru fleiri samnm. mínir mér sammála um það, — við fáum ekki séð, hvernig hefði við núverandi uppbyggingu landhelgisgæzlunnar átt að beita þessu ákvæði í sambandi við hæfnisvottorðið. Þetta er hjá aðeins einni stétt, þess er aðeins krafizt hjá einni stétt enn í dag hér, sem mér er kunnugt um, þ. e. hjá flugstjórum og nokkrum öðrum flugvélaráhafnarmeðlimum, a. m. k. flugstjórum og flugmönnum. En þar kemur aftur á móti, að þeir njóta sérstakra trygginga vegna þess, sem þeirra gæti beðið, ef þeir, er hæfnis-

vottorðin skoðuðu, kæmust að því, að maðurinn væri ekki hæfur til síns starfs. Ég held, að enn sem komið er sé hvorki sú löggjöf, sem við erum að vinna að núna, þannig úr garði gerð, að við séum búin að tryggja það atriði, sem þyrfti að tryggja í þessu sambandi, en það er einstaklingurinn sjálfur, sem dæmdur yrði úr leik, þannig að við höfum breytt í n. þessari gr. á þann veg, sem segir í 9. brtt. okkar.

Við 15. gr. gerir n. einnig tvær breytingar: Annars vegar þá, að leggja til um fyrri mgr., að á eftir orðunum „eða annarra þarfa" bætist: sbr. 1. gr., þannig að það sé þá nokkuð bundið, að það sé átt við þær þarfir, sem talað er um í 1. gr. frv. Enn fremur leggjum við til, að síðari mgr. sé lögð niður. Ég sé ekki og við höfum ekki talið eðlilegt að láta það sjást í frv. um landhelgisgæzluna, að það þyrfti að taka fram, að skip landhelgisgæzlunnar væru búin þeim öryggistækjum og útbúnaði, sem krafizt er af öðrum skipum íslenzkum. Þetta teljum við alveg sjálfsagt. Það hafa ekki enn þá komið fram nein fyrirmæli um það í lögum eða reglugerðum, að útgerðir skipa mættu ekki búa skip sín betur en lög segja, og við teljum þess vegna, að þessi mgr. sé með öllu óþörf, og leggjum til, að hún falli niður.

Þá er síðasta brtt. okkar við 16. gr. á þá leið, að það sé skýrt tekið fram, að skip og flugvélar landhelgisgæzlunnar skuli auðkennd skjaldarmerki Íslands á áberandi stað. Þetta hefur, eftir því sem mér er bezt kunnugt, verið gert, en við teljum rétt að binda það í lögum, að þetta merki sé á þessum tækjum landhelgisgæzlunnar, og einnig, eins og segir í 11. brtt. okkar, leggjum við til, hvernig frekari merking varðskipa og flugvéla eigi að vera, en forstjóri ákveði í samráði við dómsmrh. um lit og önnur einkenni.

Ég hef nú lýst þeim brtt., sem allshn. hv. d. leggur til að gera á þessu frv. Eins og ég tók fram í byrjun máls míns, eru nm. allir sammála um þessar breytingar, og ég vænti þess, að þær ásamt frv. um þessa þýðingarmiklu stofnun íslenzku þjóðarinnar eigi greiða leið í gegnum hv. deild.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka n. fyrir meðferð hennar á þessu máli og frsm. hennar fyrir þá grg., sem hann hefur gert fyrir till. Þeir hafa rætt þetta við mig, nm., þær brtt., sem gerðar hafa verið, og ég tel þær allar til bóta og tel, að frv. sé í betra formi með þeim brtt., sem gerðar hafa verið, og þakka n. fyrir hennar tillögur.

ATKVGR.
Brtt. 241,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 241,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 241,3 (ný 7. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 241,4 (ný 8. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 241,5 samþ. með 25 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 241,6 samþ. með 24 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 241,7 (ný 12. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 241,8 (ný 13. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 241,9 (ný 14. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 241,10 samþ. með 26 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 241,11 samþ. með 26 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 259).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Í frv. þessu til l. um Landhelgisgæzlu Íslands, sem hingað er komið eftir meðferð í Nd., er sett heildarlöggjöf um landhelgisgæzluna og nánar afmarkað starfssvið hennar og einnig felld ákvæðin um landhelgissjóð inn í þessa löggjöf. Eins og fram kemur í grg., er löggjöfin um Landhelgisgæzlu Íslands næsta fátækleg, en hins vegar hafa þróazt fastar og ákveðnar venjur um starfsemi landhelgisgæzlunnar, frá því að hún tók til starfa, og þær eru nú mótaðar í 1. gr. þessa frv.

Þetta var aðaltilgangurinn með samningu þessa frv., að fá heildarlöggjöf og nokkru nánari ákvæði en áður um ýmis atriði í sambandi við starfsemi landhelgisgæzlunnar. Á frv. voru gerðar nokkrar breytingar í Nd., sem ég hef ekkert við að athuga. Það var bætt inn í 1. gr. h-lið að fylgjast með öryggis- og björgunarútbúnaði skipa, ef ástæða þyki til. Mér hefur verið tjáð, að frá skipaskoðunarstjóra hafi komið aths. um þetta atriði, en það er þá verkefni þeirrar n., sem fær málið til meðferðar hér, að athuga nánar, hvort þetta hefur að ástæðulausu verið sett inn í 1. gr. og kannske farið inn á svið skipaskoðunarstjóra og væri ástæða til, eins og ég segi, að athuga það nánar undir meðferð málsins í n. Að vísu segir þarna aðeins „ef ástæða þykir til", svo að ég hygg, að það þurfi í sjálfu sér ekki að rekast á.

Þá var einnig breyting, sem ég vildi aðeins geta, í sambandi við 5. gr. frv. gerð í Nd., en þar var 2. mgr. þannig: „Heimilt er að skrá áhafnir á varðskip landhelgisgæzlunnar eftir reglum, sem ráðh. setur." Þessu var breytt í Nd. þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Skipverjar á varðskipum landhelgisgæzlunnar skulu lögskráðir. Þó skal heimilt að flytja skipverja milli skipa eða í önnur störf, enda sé lögskráningarstjóra tilkynnt um þær breytingar." Það var í raun og veru þetta, sem fyrir mér vakti, þegar frv. var samið, án þess að við hefðum þá ákveðnar reglur um það, að það fyrirkomulag mætti á þessu hafa, að auðveldlega mætti flytja starfsmenn landhelgisgæzlunnar á milli skipa eða annarra tækja, sem landhelgisgæzlan hefði og skrásett væri á, svo að ég tel, að því sé með þessu fullnægt. Ég hafði aðallega í huga, að það er til athugunar, svo sem ég skal gera nokkra nánari grein fyrir, endurskoðun á starfsháttum landhelgisgæzlunnar, sem m. a. kynni að leiða til þess, að lögð yrði áherzla á að hafa einungis tvö stór varðskip, en þá er veigamikið atriði, að þessi skip séu sem mest á hafinu, og kynni þá að vera nauðsynlegt að hafa um það bil þrjár áhafnir á þessum tveimur skipum, en stundum liggja varðskipin og hafa legið því miður oftar í höfn heldur en ástæða er til vegna nauðsynjar á því að veita áhöfnunum orlof, eins og tilskilið er, eða nokkur fri. Fyrir mér vakti það, að tækin yrðu sem mest notuð og þetta fyrirkomulag yrði á haft, og það yrði hægt að hafa það með þessari grein, eins og hún er nú orðin eftir breytingarnar í Nd.

Síðan var gerð breyting á 7. gr., sem kannske var viðkvæmt atriði, þar sem stóð í frv., að starfsmenn landhelgisgæzlunnar megi hvorki beint né óbeint taka þátt í neins konar kjaraeða kaupdeilum, en hljóðar nú: „Starfsmenn landhelgisgæzlunnar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum." Tel ég það í sjálfu sér alveg fullnægjandi. En annars staðar eru ákvæði um það, í 5. gr., að starfsmenn landhelgisgæzlunnar skuli teljast til lögreglumanna ríkisins og hafa réttindi og skyldur eftir því.

Um Landhelgissjóð Íslands, en ákvæðin um hann eru nú flutt inn í þetta frv., vil ég aðeins segja það, að staða landhelgissjóðsins er góð, eins og nú er. Það hafa þegar verið inntar af hendi fyrstu greiðslur, eitthvað um 8 millj. kr., að ég hygg, í sambandi við byggingu hins nýja varðskips, sem nú er í smíðum, og það er þegar í sjóði nægjanlegt fé til þess að inna næstu greiðslu af höndum. Ég er því miður ekki með yfirlit yfir stöðu landhelgissjóðs, en ef n. óskaði eftir því eða þætti ástæða til þess, verður henni að sjálfsögðu látið það í té.

Í grg. frv. er ýtarleg skýrsla um byggingu hins nýja varðskips, sem er fskj. I, og skal ég ekki eyða neinum tíma í að vikja frekar að því. En jafnframt voru ýmis önnur fskj. látin fylgja frv. eingöngu í þeim tilgangi að gefa alþm. nánari kost á að kynnast ýmsum þáttum og fá grg. um ýmsa þætti í starfsemi landhelgisgæzlunnar. Ég sagði áðan, að það væri til athugunar endurskoðun á starfsemi landhelgisgæzlunnar, og það er m. a. sérstaklega í sambandi við notkun á þyrilvængjum fyrir landhelgisgæzluna, og mér hefur borizt í þessum mánuði skýrsla frá forstjóra landhelgisgæzlunnar um það mál. Ég tel ástæðu til þess að láta hv. þd. heyra það, sem í þeirri skýrslu kemur fram, en það eru viðbótarupplýsingar í raun og veru við þær upplýsingar, sem fylgdu upphaflegri grg. frv., ef ég mætti lesa það, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar landhelgisgæzlan fyrir tæpum 15 árum hóf fyrstu tilraunir sínar með reglulegt gæzluflug, kom fljótt í ljós, að flugvélar mundu vera mjög hagkvæm tæki til almennrar fiskveiðigæzlu hér við land, auk þess, sem þær eru um leið tiltækar til aðstoðar við björgunarstörf o. fl. Af þessu leiddi, að þáv. dómsmrh., dr. Bjarni Benediktsson, heimilaði landhelgisgæzlunni að kaupa Catalina-flugbátinn TF-Rán og útbúa hann sérstaklega til þessara starfa. Var Rán síðan notuð í þessu skyni frá 1956 til ársins 1962, en þá var komið að svo umfangsmikilli flokkun á flugbátnum, að talið var hagkvæmara að leita eftir kaupum á nýrri flugvél. Um sama leyti hætti líka Flugfélag Íslands rekstri flugbáta sömu tegundar, en milli þess félags og landhelgisgæzlunnar hefur alla tíð verið mikil samvinna í flugrekstri, t. d. lán á varahlutum eða flugmönnum, ef á hefur þurft að halda. Var landhelgisgæzlunni því heimilað að hætta rekstri Ránar og kaupa nýja flugvél af Skymaster-gerð, TF-Sif, í hennar stað, og hefur hún verið í stöðugri notkun síðan um áramótin 1962—1963. Sem kunnugt er, hafa báðar þessar gæzluflugvélar verið mjög farsælar í starfi sínu og orðið landhelgisgæzlunni til ómetanlegs gagns. Hafa á þessum árum, frá 1956—1966, verið flognar að meðaltali rúmlega 372 klst. á ári við gæzlu- og björgunarstörf, 182 fiskiskip staðin að ólöglegum veiðum, þar af 20 erlendir togarar, og það, sem mest er um vert, er, að með þessari starfsemi hefur eflaust verið komið í veg fyrir fjölda annarra brota. En eins og með Rán tekur Sif nú að eldast og verða jafnt og þétt óhagstæðari í rekstri miðað við hinar yngri flugvélategundir, auk þess sem nú styttist óðum í dýra flokkun hennar. Um s. l. áramót voru rúmlega 1200 flugstundir eftir eða um þriggja ára venjuleg notkun landhelgisgæzlunnar. Hins vegar má gera ráð fyrir allt að tveggja ára undirbúningi, ef skipta ætti um flugvél og alls ekki æskilegt, að komið sé nálægt stórri flokkun.

Af þessum orsökum hóf landhelgisgæzlan því fyrir nokkru athuganir, á hvern hátt hagkvæmast yrði að endurnýja Sif, þegar þar að kæmi, og kom þá fljótt í ljós, að ef þyrla eða þyrlur gætu annað þeirri þjónustu, sem Sif veitti nú, mundi það verða landhelgisgæzlunni sem heild mjög hagkvæmt vegna hæfni

þyrlnanna til þess að framkvæma ýmis önnur aðkallandi verk, sem hvorki Sif né nein önnur svipuð tegund venjulegra flugvéla getur unnið í dag. Eins og kunnugt er, hefur landhelgisgæzlan lengi haft áhuga á notkun þyrla, og hefur hún reynt að fylgjast með þróun þeirra eftir föngum. Árið 1960 var t. d. varðskipið Óðinn byggt með þyrluþilfari, og um svipað leyti var einn af flugmönnum landhelgisgæzlunnar, Björn Jónsson, sérþjálfaður til þyrluflugs í Bandaríkjunum. Leiddi það síðan um nokkurra ára bil til sérstakrar þyrlusamvinnu við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, þar sem Björn hélt áfram þjálfun sinni á þyrlum varnarliðsins, en þær æfðu aftur lendingar og flugtök á Óðni. Lauk því með vel heppnuðum sameiginlegum björgunarleiðangri til Grænlands til þess að sækja sjúkling árið 1962. Í framhaldi af þessu heimilaði svo Jóhann Hafstein dómsmrh. landhelgisgæzlunni árið 1964 að kaupa til reynslu litla þyrlu, TF-Eir, af gerðinni Bell-47 J2A, í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands, og hefur hún verið í stöðugri notkun síðan í ársbyrjun 1965. Á þessum tíma hefur Eir verið notuð til framkvæmda hinna fjölbreyttustu verka víða um land, bæði um borð í þeim varðskipum, sem hafa þyrluþilfar, eða ein sér í landi. Hafa samtals verið flognar rúml. 22 þús. sjómílur á 438 flugstundum og fluttir 531 farþegar, stundum við hin erfiðustu skilyrði, bæði sjúklingar, leitarmenn, vísindamenn, svo og verkfræðingar í sambandi við framkvæmdir og margt fleira, auk þess sem þyrlan hefur oft tekið þátt í leit að týndu fólki og jafnvel eftirleit að fé fyrir bændur. Til landhelgisgæzlu hefur Eir hingað til verið lítt notuð nema rétt með ströndum fram við Suðvesturland, sem stafar eingöngu af smæð hennar og þeim takmörkunum, sem af því leiðir, eins og t. d. einum hreyfli og litlu flugþoli, því að reynslan af slíkri notkun hennar hefur verið með afbrigðum góð, svo langt sem hún nær. Hafa starfsmenn landhelgisgæzlunnar þannig á undanförnum árum öðlazt nokkra reynslu í notkun þyrla hérlendis, og mun það einróma álit allra þeirra, sem unnið hafa með þyrlunum, að þær geti orðið landhelgisgæzlunni hið mesta þarfaþing. Fyrir öll gæzlu- og björgunarstörf hafa þyrlurnar nefnilega þá miklu kosti umfram venjulegar flugvélar að geta lent eða hafið sig til flugs hvar sem er, hvort heldur á sjó eða landi, svo og verið kyrrar í loftinu yfir þeim stað, sem verið er að athuga. Enn fremur hefur reynslan sýnt, að þær eru bæði mjög góðar til sjónflugs í slæmu skyggni og sérstaklega stöðugar í órólegu veðri, sem er afar mikilvægt við flug í veðrasömu fjallalandi eins og hér. Hins vegar ber því ekki að neita, að þyrlur hafa til skamms tíma haft mun minna flugþol en venjulegar vélar svipaðrar stærðar, en á móti því vegur, að þar sem þyrlurnar eru óháðar flugvöllum, eiga þær auðveldara með að auka á eldsneytisforða sinn frá nærtækri landsstöð eða varðskipi. Er þetta miklu þýðingarmeira atriði en virðist í fljótu bragði, því að þegar flugskilyrði eru erfið hér á landi, hafa venjulegar, stórar flugvélar hingað til ekki átt margra kosta völ um örugga lendingarstaði. Gæzluflugvélarnar hafa því yfirleitt farið af stað búnar til langflugs, svo að þær gætu lent á erlendum flugvöllum í neyðartilfellum. Þessa atriðis þyrfti gæzluþyrla hins vegar ekki að taka tillit til, og má því skipuleggja flug hennar á mun óbundnari og hagkvæmari hátt en hinna. Við leit að týndum bátum langt undan landi eða við eftirför erlendra fiskiskipa er þó ekki alltaf hægt að skreppa frá til áfyllingar eldsneytis, og getur þá mikið flugþol verið nauðsynlegt, nema önnur flugvél sé tiltæk til þess að leysa hina af. Slík tilfelli hafa þó ætíð verið fá og voru leyst þannig á fyrstu árum gæzluflugsins, að leigð var heppileg farþegaflugvél til slíkra ígripa og látin halda áfram leitinni eða eftirförinni undir stjórn yfirmanna landhelgisgæzlunnar. Síðan Sif var tekin í notkun, hefur þess þó ekki þurft vegna þess mikla flugþols hennar. Ekki er þó síður hægt að gera slíkt nú en þá, ef á þyrfti að halda.

Í þessu sambandi er rétt að benda á, að það er mjög líklegt, að hægt sé að láta gæzluþyrlu beita skotvopnum á sama hátt og varðskip til þess að stöðva grunuð skip eða fá þau til að fylgja settum fyrirmælum og þar með stytta eða koma í veg fyrir langa eftirför. Stór þyrla ætti að hafa jafngóðar eða jafnvel betri aðstæður til þess en venjulegt varðskip. Orsök þess að landhelgisgæzlan hefur hingað til ekki talið ráðlegt að láta gæzluflugvélar sínar nota skotvopn á þennan hátt, enda þótt þau vopn séu fyrir hendi, er sú, að bæði eykur hraði flugvélarinnar mjög á möguleikann fyrir slysaskotum, — þá er ekki átt við þyrlu, heldur Skymastervél eins og Sif, — og venjuleg flugvél getur ekki veitt skipi eða áhöfn þess neina aðstoð í slíkum tilfellum, gagnstætt stóru varðskipi eða hliðstæðri þyrlu.

Loks hafa sum ískönnunarflugin verið nokkuð löng, en þeirra ætti ekki framvegis að vera þörf svo langra, þar sem veðurstofan fær nú jafnaðarlega heildarmynd af ísröndinni eftir athugunum frá gervihnöttum, og meðan ísinn er langt undan Íslandi, er engin þörf á sérstakri könnun hans héðan. Það er fyrst, þegar ísinn er kominn á fiskislóðir eða siglingaleiðir íslenzkra skipa, að landhelgisgæzlan þarf að fylgjast með honum, en það er tiltölulega stutt frá landi.

Á undanförnum 4 árum hefur TF-Sif farið samtals 235 gæzlu- og björgunarflug og af þeim 8 eða 2 á ári, sem staðið hafa lengur en 8 klst., en þar af er aðeins eitt, þar sem þurft hefði aðra vél til þess að leysa Sif af, ef hún hefði ekki haft nóg flugþol. Var það eftirför við brezkan togara. Langflest þessara fluga hafa staðið annaðhvort 3—4 klst. eða 6—7 klst., og stafar hærri tíminn af því, að flugvélin hefur ekki lent á flugvöllum norðan- eða austanlands, heldur notað 1—2 klst. til þess að fljúga til Reykjavíkur aftur. Þar er

flugskýli hennar og önnur aðstaða. En ekki þykir ráðlegt að láta hana standa óvarða úti um land, a. m. k. ekki að vetrinum. Frá sjónarmiði landhelgisgæzlunnar væri það hins vegar mjög æskilegt, að gæzluflugvélarnar gætu staðnæmzt meira úti á landi. Með því mætti stytta og um leið fjölga gæzluferðum, en hvort tveggja væri mjög heppilegt, því að löng flugþreyta mun sljóvga áhöfnina, og fljótt flýgur fiskisagan um, að gæzluvél sé á lofti. Því miður á það eflaust enn langt í land, að þannig aðstaða skapist við flugvelli úti á landi. Til þess að slíkt sé fjárhagslega framkvæmanlegt, þurfa gæzluvélarnar bæði að vera mun minni að fyrirferð en TF-Sif og helzt einnig minni áhöfn. Er þetta hvort tveggja töluvert atriði viðvíkjandi vali á nýrri gæzluvél.

Af framansögðu er því ljóst, að eigi þyrla að geta tekið að sér þau gæzlu- og björgunarstörf, sem í dag eru framkvæmd af TF-Sif, þarf hún að hafa a. m. k. 6—7 klst. flugþol auk almennrar flughæfni fyrir opið úthaf í misjöfnum veðrum, útbúnað til lendingar á sjó, svo og nægilegt rými og burðargetu fyrir nauðsynleg staðsetningar- og björgunartæki. Loks er einnig æskilegt, að þyrlan geti lent á þyrluþilförum hinna stærri varðskipa okkar.

Samkv. þeim upplýsingum, sem landhelgisgæzlan hefur aflað sér, geta aðeins stórar tveggja hreyfla þyrlur uppfyllt þessi skilyrði, og virðist reynsla annarra af notkun þeirra við björgunarstörf o. fl. yfir sjó og landi benda eindregið til þess, að þær ættu vel að geta annað þeim gæzlu- og björgunarstörfum, sem TF-Sif hefur nú með höndum. En auk þess ætti slík þyrla bæði að hafa tíma og aðstöðu til að sinna fjölda annarra verka, sem nú eru ýmist unnin á annan hátt með miklum tilkostnaði eða þá alls ekki framkvæmanleg með núverandi tækjum. Eftir reynslu ættu um 350 flugstundir að nægja til venjulegrar gæzlu, en þá notkun mætti vel tvöfalda án verulegs aukakostnaðar.

Við notkun stórrar tveggja hreyfla þyrlu mundi öll aðstaða til björgunar- og hjálparstarfsemi hér batna stórkostlega, bæði á sjó og landi. Enginn staður á öllu landinu, hvort heldur uppi á jöklum né með ströndum fram, yrði meira en 1—2 klst. flug frá Reykjavík við eðlileg skilyrði. Og þyrlan þyrfti ekki nauðsynlega að lenda til þess að taka eða skila af sér sjúklingum, farþegum eða farangri. Á sama hátt mætti sækja eða fara með viðgerðarmenn eða tæki til skipa á siglingaleiðum eða fiskislóðum umhverfis Ísland, jafnvel norður undir Jan Mayen eða suður á móts við Færeyjar eða hvar sem er álíka langt út frá landinu. Auk þess eru svo ýmsir flutningar eða verklegar framkvæmdir, sem gera mætti mun fljótari og auðveldari en í dag, t. d. umsjón með afskekktum vitum, sæluhúsum og athuganastöðvum, sem gera mætti jafnhliða gæzlufluginu, og enn fremur eftirleit að fé, efnisflutningar á illaðgengilega staði, alls konar flutningur á fólki og margt fleira. Flest af því, sem upp er talið hér á undan, eru verk, sem nú þegar eru unnin af ýmsum aðilum og oft við erfiðustu skilyrði, sem eru bæði tíma- og mannfrek, eða unnin með dýrum tækjum, sem nýtast illa, og mun tilvera stórrar þyrlu því vel geta orsakað breytingar á margri þess háttar þjónustu.

Þar sem svo margt benti til þess, að rekstur stórrar gæzlu- og björgunarþyrlu mundi verða landhelgisgæzlunni tæknilega hagkvæmur, hefur verið athugað sérstaklega, hvert mætti áætla kaupverð og rekstrarkostnað flugvélar af þessari gerð, svo og hver áhrif notkun hennar mundi hafa fyrir heildarstarfsemi landhelgisgæzlunnar, stærð og fjölda varðskipa og annarra tækja, miðað við núverandi aðstæður. Hefur niðurstaða þessara athugana í stórum dráttum orðið þessi:

Áætla má, að stór tveggja hreyfla þyrla útbúin sérstaklega til björgunar- og gæzlustarfa hér við land, muni kosta um 40 millj. ísl. kr., afgreiðslutími 12—14 mánuðir. Gera má ráð fyrir, að rekstrarkostnaður verði ekki hærri en fyrir TF-Sif, og þótt flugstundum yrði fjölgað að mun, mundi sá kostnaður ekki aukast verulega. Aukningin yrði nær eingöngu vegna meiri eldsneytisnotkunar. Vegna hins víðtæka starfssviðs þyrlunnar má gera ráð fyrir, að hún mundi einnig geta unnið mestan hluta gæzlu- og björgunarstarfa minni varðskipanna, þannig að óhætt ætti að vera að draga að mun úr útgerð þeirra. Jafnframt rekstri stórrar þyrlu er æskilegt að hafa eftir sem áður litla þyrlu til umráða, enda getur rekstur mismunandi stærðar farið vel saman, m. a. vegna mismunandi verkefna og nýtingar áhafna. Sömuleiðis munu litlar þyrlur áfram vera mjög handhæg tæki fyrir stóru varðskipin, sérstaklega þau, sem hafa skýli um borð, eins og það varðskip, sem nú er í smíðum. Loks væri æskilegt, að þyrlurnar gætu haft aðgang að flugskýlum og annarri aðstöðu á nokkrum stöðum úti um land, er gerði þeim mögulegt að dvelja þar eftir aðstæðum um lengri eða skemmri tíma. Með slíkri skipulagningu mundi fást bæði góð nýting og eðlileg dreifing um landið á tækjum og mannafla landhelgisgæzlunnar, sem kæmi allri þjónustunni og þar með öllum landslýð til góða."

Þetta er grg. eða skýrsla til dómsmrh. frá forstjóra landhelgisgæzlunnar um notkun þyrlu í stað gæzluflugvélarinnar Sif. Ég hef, eins og ég sagði áðan, gert hv. d. grein fyrir þessu til frekari upplýsingar í sambandi við fyrirhugaðar ráðagerðir landhelgisgæzlunnar, en forstjóranum hefur nú verið falið að gera nákvæma rekstrarkostnaðaráætlun um slíka þyrlu, fá ákveðið tilboð í stofnkostnaðinn, hvað hann muni verða mikill og hvað líklegt sé, að hægt sé að losa sig við eða hætta rekstri á af öðrum tækjum landhelgisgæzlunnar, minni skipunum, og þegar þetta lægi fyrir, er hægt að gera sér grein fyrir, hver kostnaðarmunurinn muni verða, og jafnframt renna grun í það, hvort ekki með því móti að hafa aðeins tvö stór

varðskip tiltæk með verulega stórri þyrlu, að sinna jafnvel meiri verkefnum við landhelgisgæzlu og björgunarstörf og líklega með öllu minni tilkostnaði heldur en verið hefur á undanförnum árum. Þessar áætlunargerðir munu fljótlega liggja fyrir, og er verið að vinna að þeim, og ef svo tekst til, að þær liggi fyrir, áður en Alþ. lýkur, mun ég að sjálfsögðu gera þinginu með einum eða öðrum hætti grein fyrir því, því að ég hef talið æskilegt, að það yrði á hverjum tíma gerð sem bezt grein fyrir því og ekki sízt í sambandi við setningu svona löggjafar, hvernig starfsemi landhelgisgæzlunnar er hagað og hvaða ráðagerðir eru uppi um breytingar í því sambandi.

Ég vildi svo mega vænta þess, að þetta mál fengi góðar undirtektir hér í þessari hv. d. og skjóta afgreiðslu, og leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 259, n. 328).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um Landhelgisgæzlu Íslands, eins og titill þess gefur til kynna, um verksvið landhelgisgæzlunnar, starfsmenn hennar, réttindi þeirra og skyldur, um varðskipin og gæzluflugvélar, búnað þeirra og Landhelgissjóð Íslands. Ákvæðum um þessi efni hefur þannig verið safnað saman í einn stað, en þau eru nú í ýmsum eldri lögum, sem numin verða úr gildi, ef frv. verður að lögum. Auk þess eru ýmis nýmæli í frv., sem rétt hefur þótt, að heima ættu í heildarlöggjöf um þessi efni. Frv. er stjfrv., komið frá Nd. Þar var nokkrum atriðum þess breytt, og er það nú á þskj. 259, eins og það var samþykkt í Nd.

1. gr. frv. fjallar um hlutverk landhelgisgæzlunnar í átta stafliðum, og er þar fyrst talið verkefni hennar löggæzla á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelgi. Í þessu felst það að sjálfsögðu, enda þótt það sé ekki nánar skilgreint í frv., að landhelgisgæzlan á að annast löggæzlu innan landhelginnar fyrst og fremst og utan hennar, að því leyti sem samræmanlegt er alþjóðalögum og alþjóðasamningum eða millirikjasamningum, og tekur vitanlega til íslenzkra skipa utan landhelginnar. M. a. má benda á millirikjasamninga um möskvastærð og aðra hugsanlega samninga fiskveiðiþjóða, sem Ísland er aðili að og landhelgisgæzlan mundi hafa eftirlit með að haldnir væru. Hugsanlegt er líka, að landhelgisgæzlan gæti samkv. samningum fiskveiðiþjóða í Norður-Atlantshafi tekið að sér og hafa með höndum almenna löggæzlu eða takmarkaða löggæzlu á vissum hafsvæðum utan landhelginnar, t. d. friðun svæða í hafinu utan landhelginnar, ef samningar um slík friðuð svæði kæmust á.

Síðan eru talin upp í 1. gr. önnur hlutverk landhelgisgæzlunnar, svo sem björgunarstarfsemi, aðstoð við báta og skip, samgönguaðstoð við afskekkta staði, þegar sérstaklega stendur á, sjómælingar, hafrannsóknir og aðrar rannsóknir, að fjarlægja hættuleg reköld, tundurdufl og aðra hættulega hluti, að aðstoða við almannavarnir, almenna löggæzlu og læknaþjónustu, og tollþjónustu.

Að lokum er ákvæði í h-lið 1. gr. um, að landhelgisgæzlan eigi að fylgjast með öryggis- og björgunarbúnaði skipa, ef ástæða þykir til. Þessu síðastgreinda ákvæði var bætt inn í frv. í Nd., og var það gert án samráðs við skipaskoðunarstjóra. Hins vegar kom í ljós, að skipaskoðunarstjóri hafði sitthvað við ákvæði þetta að athuga. Hann bendir á, að eins og ákvæðið er orðað, sé verið að fela landhelgisgæzlunni eftirlit með öryggis- og björgunarbúnaði skipa sem sjálfstætt verkefni án samráðs við þá stofnun, sem hefur þetta verkefni með höndum samkv. lögum, þ. e. Skipaeftirlit ríkisins, sem skipaskoðunarstjóri veitir forstöðu. Hann hefur ritað allshn. bréf um þetta efni, sem hún hefur fjallað um við meðferð málsins. Hann hefur bent á, að betur færi á að orða þennan staflið á annan veg og í samræmi við lög um eftirlit með skipum, þannig að orðalag um skyldu landhelgisgæzlunnar í þessum efnum hljóði á þessa leið: „h) Að tilkynna tafarlaust Skipaskoðun ríkisins, ef vart verður við, að brotin eru lög um eftirlit með skipum eða brotnar reglugerðir, sem settar eru samkv. þeim, eða telji hún ástæðu til að ætla, að skip sé ekki haffært."

Allshn. þessarar hv. d. hefur kynnt sér þetta efni eftir föngum og hefur fallizt á skoðun skipaskoðunarstjóra. Hún leggur því til, að staflið h í 1. gr. frv. verði breytt í það horf, sem skipaskoðunarstjóri leggur til, eins og fram kemur í nál. allshn. á þskj. 328.

Um aðrar gr. frv. sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða, en þær fjalla, eins og ég sagði áðan, um stjórn stofnunarinnar og starfsmenn hennar, réttindi þeirra og skyldur, launakjör, þ. á m. ákvæði um björgunarlaun, sem eru lítils háttar breytt frá því, sem nú er í gildi, á þann veg, að yfirstjórn landhelgisgæzlunnar skuli heimilt að greiða af hluta landhelgissjóðs ákveðna fjárhæð til þeirra, sem mest hafa lagt sig fram við björgun, þ. e. a. s. hluta landhelgissjóðs af björgunarlaunum. Að lokum eru ákvæði um varðskipin sjálf, gæzluflugvélar landhelgisgæzlunnar og búnað þessara farartækja og um Landhelgissjóð Íslands, en gildandi lagaákvæðum um þennan sjóð er í engu breytt með þessu nýja frv. Um öll þessi atriði fjallaði hæstv. dómsmrh. í framsöguræðu við 1. umr. málsins, og hef ég engu við það að bæta, nema tilefni gefist til.

Allshn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt með þeirri einu breytingu, sem ég hef áður greint frá og prentuð er í nál. á þskj.

328. Einn nm., hv. 1. þm. Vestf., var ekki viðstaddur lokaafgreiðslu málsins á fundi allshn.

ATKVGR.
Brtt. 328 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—20. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 352).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 65. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 492).

---

23. Fávitastofnanir.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um fávitastofnanir [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 7. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Áður en ég kem að efni þessa frv., sem hér liggur fyrir um fávitastofnanir, er rétt að gefa örstutt yfirlit yfir fávitahælisrekstur ríkisins. En það er í stórum dráttum þannig, að 20. des. 1941 keypti ríkissjóður af læknishéraðsstjórn Kleppjárnsreykjalæknishéraðs læknisbústað á Kleppjárnsreykjum, sem þá var verið að leggja niður sem slíkan, og svo jörðina Kleppjárnsreyki. Og fyrst var þar rekið dvalarheimili ungmenna, en í okt. 1943 er húsið autt, og þá kemur fram sú hugmynd að setja þar á stofn fávitahæli, og í bréfi heilbrmrn., dags. 12. jan. 1944, segir svo, að „heilbrmrn. hefur ákveðið að setja á stofn fávitahæli á Kleppjárnsreykjum, og hefur það verið í undirbúningi um nokkurt skeið og mun hælið taka til starfa innan fárra daga." Þar er síðan rekið fávitahæli til sumarsins 1958, en þá flutt á Kópavogshæli.

Kvenfélagið Hringurinn stofnsetti fyrir löngu, — það mun hafa verið fyrir 1930, — í landi jarðarinnar Kópavogs hressingarhæli fyrir berklasjúklinga og rak það fyrir eigin reikning. Með bréfi, dags. 14. marz 1939, færir landlæknir heilbrmrh. þau skilaboð eigenda Kópavogshælis, að þeir bjóðist til þess að afhenda ríkinu að gjöf hælið, þ. e. húseignina með öllu innanstokks. Og gjöfin var þegin og tekið við henni um áramótin 1939—1940. Kópavogshælið var fljótlega tekið undir holdsveikisjúklinga, en í bréfi, dags. 24. maí 1945, setur landlæknir fram þá hugmynd, að Kópavogshælið verði framtíðarstaður fyrir fávitahæli ríkisins og Kleppjárnsreykjahælið smám saman lagt niður og vistmenn fluttir í Kópavogshæli og þar reistar sérstakar byggingar fyrir fávitahæli. Þá voru á holdsveikraspítalanum 40 sjúklingar, og því taldi landlæknir æskilegt, að önnur stofnun risi upp á staðnum samfara því, að holdsveikraspítalinn dræegist saman. Í bréfi til landlæknis, dags. 16. júlí 1945, samþykkir rn. till. hans um fávitahælið í Kópavogi og heimilar honum í samráði við húsameistara ríkisins að undirbúa, að reistur verði þegar 1945 skáli fyrir allt að 20 fullorðna fávita, karlmenn, og verði hann settur niður með hliðsjón af því, að hælinu í Kópavogi verði smátt og smátt breytt í fullkomið fávitahæli.

Það mun samt lítið hafa gerzt í þessu máli eftir þetta, því að 6. jan. 1949 skrifar rn. landlækni og leggur fyrir hann að hlutast þá þegar til um, að húsameistari ljúki þegar teikningu af einni deild fávitahælis, og í bréfi rn., dags. 20. júní 1949, er húsameistara falið að hefja hið fyrsta byggingu skála fyrir fávitahæli í Kópavogi. Byggingarframkvæmdir eru síðan hafnar það sumar og standa yfir við þann skála þangað til 1953. Með bréfi, dags. 18. febr. 1952, er síðan lagt fyrir húsameistara að hefja undirbúning að öðrum skála sams konar og þeim fyrri. Rekstur fávitahælis hefst síðan í Kópavogi 13. des. 1952 með því, að önnur deildin í fyrsta skálanum tekur til starfa, en síðari deildin tekur síðan til starfa nokkrum mánuðum síðar, og þá er hvor deild ætluð 15 vistmönnum. Síðari skálanum var ekki lokið fyrr en á árinu 1958 og tekur til starfa að hluta 17. júlí það ár, og um það leyti er Kleppjárnsreykjahælið lagt niður og vistmenn fluttir þaðan í Kópavogshælið. Síðan hefur ekki verið fyrr en nú aukið við vistmannarými í Kópavogshæli, en hælið er talið rúma, — og það mun hafa verið áður en síðasta stækkun kom til greina, sem ég skal gera grein fyrir, eða haustið 1965, — er það talið rúma 81 vistmann, en oftast höfðu þá verið 100—115 vistmenn, og í árslok 1964 voru rúm í notkun í hælinu 113. Byggingarkostnaður framangreindra tveggja skála var greiddur af fjárveitingum úr ríkissjóði, gjafafé að upphæð 825 þús. kr. frá Stórstúku Íslands, það var af eignum Stórstúkunnar vegna Laugarnesspítala, og frá 1958 af Styrktarsjóði vangefinna. Næstu framkvæmdir við hælið voru svo bygging starfsmannahúss, sem ákveðin er með bréfi rn., dags. 20. apríl 1960. Var sú bygging að mestu leyti kostuð af styrktarsjóðnum, en bygg-

ingarkostnaður er þá ca. 7.5 millj. kr. Með bréfi, dags. 26. júlí 1963, heimilaði rn., að reistar verði 3 hælisdeildir, sem hver rúmi 15 vistmenn, og tveim af þessum deildum var lokið á s. l. hausti, og er gert ráð fyrir, að sú þriðja ætti að geta tekið til starfa von bráðar. Kostnaður við þessar deildir verður sennilega ekki undir 20 millj. kr. og greiðist svo til alveg af styrktarsjóðnum, verður sennilega röskar 20 millj. kr., 21 millj. kr. gætu þær orðið. Með bréfi, dags. 20. apríl 1965, samþykkir rn. till. byggingarnefndar hælisins um næstu áfanga við hælisbyggingarnar. Það eru vinnustofur, verkstæði, kennslustofur og leikstofur fyrir sjúklinga, vinnustofur lækna, rannsóknarstofur, skrifstofur og almenn afgreiðsla, eldhús fyrir stofnunina, borðstofa fyrir starfsfólk og tvær sjúkradeildir fyrir börn. Í hvaða röð þessar byggingar verða byggðar eða hvenær fé verður fyrir hendi til þeirra, liggur ekki að öllu leyti fyrir enn, en það mun vera um þær mundir að mótast, a. m. k. áætlanir um það núna, röð bygginganna á næstunni, frá þeim, sem þarna eiga hlut að máli, byggingarnefndinni.

Land það, sem hælið stendur á, er tilheyrandi þjóðjörðinni Kópavogi og með bréfi, dags. 27. júlí 1939, afhenti atvmrh. heilbrn. óráðstafað land jarðarinnar til afnota fyrir fávitahæli. Land þetta takmarkast af Hafnarfjarðarvegi, Kópavogsbraut, Urðarbraut og sjó, auk þess sem hælið hefur yfirráð yfir Kópavogslandi austan Hafnarfjarðarvegar. Kvenfélagið Hringurinn hafði búrekstur í Kópavogi með hælisrekstrinum. 1948 keypti ríkið þann rekstur, og hefur búið síðan verið rekið á vegum ríkisspítalanna.

Rekstri hælisins er hagað á sama hátt og annarra ríkisspítala. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna og skrifstofur þeirra sjá um reksturinn. Daggjöld vistmanna hafa verið þar hin sömu og á Vífilsstaðahæli og Kleppsspítala, og s. l. ár — eða árið 1964 er átt við þarna — var útkoman á rekstri hælisins þannig, að segja má, að það hafi staðið undir sér fjárhagslega, en annars er rekstrarhalli greiddur af ríkissjóði. Samkv. lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla greiðir ríkið 80% af daggjaldi vistmanna, en sveitarfélag þeirra 20%.

Þessu hæli stjórnar forstöðumaður, nú Björn Gestsson, og jafnframt er þar yfirlæknir. Það er nú kona Björns, Ragnheiður Ingibergsdóttir, og hafa þau hjón sérstaklega lært til slíkra starfa. Starfslið hælisins er sennilega nálægt 70 manns nú og gæzla og umönnun vistmanna að mestu leyti í höndum svonefndra gæzlusystra, en það eru stúlkur, sem til þessa starfs eru þjálfaðar í hælinu sjálfu.

Þegar teknar voru til starfa hinar tvær nýju deildir á s. l. hausti, hafði ég aðstöðu til að skoða þetta hæli, og verður að segja, að það er allt með hinum mesta myndarbrag og þar hefur verið unnið af mikilli framsýni, enda eftir fyrirframgerðum áætlunum og búið þannig að þessu sjúka fólki, sem þarna á hlut að máli, eins og verður bezt á kosið, að því er ég hygg. Og ég tel, að þeir eigi miklar þakkir skildar, sem hafa veitt forstöðu rekstri hælisins, og einnig byggingarnefndin, sem hefur séð um og hefur með höndum byggingarnar.

Hjá okkur hafa áður verið í lögum frá 1936 ákvæði um fávitahæli, og í stórum dráttum eru það eftirtalin atriði, sem í þessum lögum felast: 1) Að ríkisstj. lætur reisa fávitahæli, þegar fé hefur verið veitt til þess í fjárl. 2) Fávitahæli skuli vera þrenns konar: skólaheimili, eitt eða fleiri, fyrir vanvita eða fávita, sem eitthvað geta lært, hjúkrunarhæli fyrir örvita og aðra, sem ekkert geta lært eða unnið, vinnuhæli, eitt eða fleiri, fyrir fullorðna, sem teljast ófærir til að vinna alveg fyrir sér. 3) Heimild til að semja við bæjar- eða einkafélög um námsvist, hjúkrunar- og vinnuvist fávita í stofnunum þessara aðila. 4) Greint er nánar frá hlutverki hinna þriggja tegunda hæla. 5) Þriggja manna n. skal hafa eftirlit með heimilum eða hælum fávita. Þessi nefnd hefur aldrei verið skipuð. 6) Í reglugerð skal ákveða um skýrslusöfnun um tölu fávita, hvernig aðgreina skal börn og skólaheimili og hjúkrunarhæli og hvernig haga skal aðstoð við fávita, sem dveljast ekki á stofnunum samkv. lögum. Um þetta ákvæði þessara laga, sem var reyndar gert ráð fyrir, mun aldrei hafa verið sett nein reglugerð. Þetta hefur þess vegna verið nokkuð laust í reipunum hjá okkur, bæði að því er snertir löggjöf og framkvæmd.

Nú var það, eins og fram kemur í grg. þessa frv., í nóvembermánuði 1965, að ég skipaði þriggja manna n. til þess að endurskoða lög um fávitahæli. Benedikt Tómasson skólayfirlæknir var formaður n., Björn Gestsson forstöðumaður fávitahælisins í Kópavogi annar nm. og Hrafn Bragason lögfræðingur, sem var skipaður af menntmrn.

Það má segja, að aðalatriði þessarar nýju löggjafar felist í þeim 8 liðum, sem gerð er grein fyrir í grg. frv., I. kaflanum, og er kannske skjótlegast að átta sig á því með því að telja þá upp, en frv. fjallar í fyrsta lagi um fávitastofnanir eða vistmenn þeirra, um skiptingu fræðsluskyldu milli heilbrigðisyfirvalda og fræðsluyfirvalda, þegar í hlut á andlega vanþroskað fólk, og heimild til að veita því félagslega aðstoð. Í öðru lagi er gert ráð fyrir einu ríkisreknu hæli, aðalfávitahæli ríkisins, sem skal vera deildaskipt og í senn hjúkrunarhæli, uppeldis- og kennsluhæli og vinnuhæli, og heimilað er að koma upp útibúum frá aðalhælinu, er hvert um sig ræki tiltekið hlutverk. Í þriðja lagi: Veita má bæjar- og sveitarfélögum og einkaaðilum leyfi til að reka fávitahæli og dagvistarheimili fyrir fávita. Í fjórða lagi: Allar fávitastofnanir skulu háðar eftirliti frá aðalhælinu, og allar umsóknir um vist á fávitastofnunum skulu berast þangað. Í fimmta lagi: Ákvæði ríkisframfærslunnar um fávita eru tekin upp í frv., og fávitar á dagvistarheimilum geta einnig notið hennar að hluta að undangengnum sams konar úrskurði og þarf til greiðslu dvalar á

fávitahæli. Sjötta: Sérstakt ákvæði er um greiðslu ríkisins á kennslukostnaði á fávitastofnunum, sem ríkið rekur ekki. Og sjöunda: Ákvæði er um rekstur skóla við aðalhæli til þess að sérmennta fólk til fávitagæzlu. Og í áttunda lagi: Frv. í heild er miðað við þá þróun, sem gerzt hefur í fávitamálum undanfarið í grannlöndunum, en tillit er tekið til sérstöðu vegna fámennis íslenzku þjóðarinnar.

Með þessu má segja, að sé gerð grein fyrir aðalefni frv., en ég skal nú víkja nokkru nánar að einstökum atriðum þess og einstökum atriðum, sem fram koma í grg. n., sem mér þykir ástæða til þess öðrum fremur að vekja athygli á.

Það kemur fram í grg., hvernig ástandið er í þessum málum nú hjá okkur. Það er að vísu sagt svo, að þar sem skýringin á fávitahætti er á reiki og allmargir lenda á mörkunum, er örðugt að meta tíðni hans og þá einkum að bera saman tíðnina í löndum, en eftir því sem næst verður komizt, mun hún svipuð hér á landi og í grannlöndunum, segir nefndin, sem undirbjó frv. Og eftir að hafa nánar gert grein fyrir henni er það skoðunin, að samkv. því, sem bezt verður vitað, þyrftu að vera til fávitahæli hér fyrir allt að 400 manns. Og til þess að halda í við fólksfjölgun þyrfti að auka við 7—8 rúmum á ári eða sem svarar einni hælisdeild annað hvert ár. Og eins og sakirnar standa núna, eru talin upp þarna hælin: Kópavogshæli, sem eru með 111 rúmum og 15 í smíðum, sem bráðlega verða tekin til afnota, Skálatún með 15 rúm og 30 í smíðum, þegar þetta er samið, Sólheimar með 40 rúm og Tjaldanes með 10 rúm. Fyrir utan þetta ríkisrekna hæli og ríkishæli í Kópavogi er þarna um að ræða annan hælisrekstur áhugamanna í landinu, bæði einstaklinga og félagasamtaka, sem ber vissulega að meta að verðleikum, og hafa þar margir ágætis menn lagt margt gott af mörkum, þó að þeir hafi að sjálfsögðu átt við ákaflega erfið vandamál að glíma, eins og ég þykist vita, að hv. þm. geri sér fulla grein fyrir. En samkv. þessum niðurstöðum er mikil vöntun á rými fyrir fávita hér, og þess vegna er nú lögð áherzla á að halda áfram af miklum krafti þeim áætlunum, sem liggja fyrir um áframhaldandi stækkun og byggingu fávitahælisins í Kópavogi.

Það var mikils virði, að hingað kom ágætur maður, sérfræðingur, 1962 á vegum heilbrigðismálastjórnarinnar og að frumkvæði landlæknis, forsorgschef Bang-Mikkelsen, sem er yfirmaður málefna vangefinna í Danmörku, og þessi maður kynnti sér ástand þessara mála hér á landi og skilaði rækilegri grg., þar sem hann lýsti skipan fávitamála í Danmörku og gerði till. um skipan þeirra hér á landi, og hefur það verið mikill stuðningur við þær áætlanir og byggingarframkvæmdir, sem unnið hefur verið að, og einnig ýmis grundvallaratriði í samningu þessa frv.

Það eru ekki tekin í ákvæði þessa frv. nein ákvæði um sérstaka eftirlitsnefnd fávitahæla né heldur fitjað upp á neins konar ráðgefandi nefnd um fávitamál, en í stað þess er gert ráð fyrir því, að fávitahæli ríkisins, aðalstofnun um þessi efni, verði um leið, eða þeir sem stjórna henni, stjórnendur þessara mála í heild. Ríkishælið er undir umsjón stjórnarnefndar ríkisspítalanna á sama hátt og aðrar heilbrigðisstofnanir ríkisins. Þá er ekki heldur að finna í ákvæðum þessa frv. fyrirmæli um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði vegna nýbygginga eða viðhalds fávitastofnana sveitarfélaga eða einkaaðila, og eins og gerð er grein fyrir, er það einkum tvennt, sem ber til þess: Í fyrsta lagi væri ekki aðeins óþarft, heldur beinlínis til óþurftar að fjölga sjálfstæðum fávitastofnunum, er álit n., sem undirbjó frv., frá því, sem nú er. Þegar þetta var samið, er heimild til þess að reisa fávitastofnun á Akureyri, og það er nú unnið að því máli. Það eru svo í öðru lagi í gildi fyrir forgöngu Styrktarfélags vangefinna sérstök, en að vísu tímabundin lög, sem Alþ. hefur samþ. og gert breytingu á á s. l. þingi, um aðstoð við vangefið fólk og þá um leið samtök hjarta- og æðaverndarfélaga, sem bætt var inn í á s. l. þingi eins og kunnugt er, og um þetta er reglugerð, en samkv. þessari löggjöf er lagt sérstakt gjald á gosdrykki og öl til að reisa fyrir það stofnanir handa vangefnu fólki. Af þessu fé er myndaður sjóður, Styrktarsjóður vangefinna. Hann er í vörzlum félmrn., en rn. ráðstafar fénu sem lánum eða styrkjum að fengnum till. Styrktarfélags vangefinna og í samráði við önnur rn., sem hlut kunna að eiga að máli hverju sinni.

Stofnun þessa styrktarsjóðs hefur orðið til mikillar blessunar, og það hafa á undanförnum árum úr þessum sjóði runnið verulegar fjárhæðir til þess að byggja fávitastofnanir, bæði ríkisins og til styrktar fávitastofnunum, sem einstaklingar hafa beitt sér fyrir að reisa. Ég vil til upplýsingar í þessu sambandi geta þess, að samkv. ársreikningum sjóðsins 1958—1965 hefur honum verið ráðstafað sem hér segir: Í Kópavogshæli 26 millj. 100 þús. kr., í Lyngás, þ. e. dagvistarheimili, 800 þús., í Skálatún 11 millj. 700 þús. kr., í Sólheima 5 millj. 178 þús. kr. og í Tjaldanes 1 millj. 500 þús. kr., eða samtals 45 millj. 278 þús. kr.

Til fróðleiks vil ég gefa hér stutt yfirlit um þennan Styrktarsjóð vangefinna til þess að átta sig á því, hvers af honum má vænta. Frá því 1958 er eftirfarandi yfirlit um tekjurnar, þ. e. flösku- eða tappagjaldið, sem kallað hefur verið: Á árinu 1958 974 992 kr., 1959 1 993 421 kr., 1960 2 044 953 kr., 1961 2 190 749 kr., 1962 6 396 799 kr., 1963 9 174 023 kr., 1964 10 891 766 kr. og 1965 11 788 892 kr. Svo hafa komið framlög frá sveitarfélögum: á árinu 1961 99 765 kr., 1962 121 810 kr. og 1963 91 030 kr., og vextir á þessum árum 1 208 716 kr., þannig að samtals hefur sjóðnum þannig áskotnazt á þessu árabili 46 976 920 kr.

Tekjustofnarnir eru, eins og ég hef vikið að, aðallega flöskugjaldið. Það er fyrst með l. nr. 43 frá 1958 10 aurar, með l. nr. 16 1962 er það hækkað upp í 30 aura og svo með breytingunni, þeirri síðustu, sem gerð var á síðasta

Alþ., þegar gjaldið var hækkað úr 30 aurum upp í 60 aura, var hækkuninni skipt til helminga milli hjartaverndarfélagsins og Styrktarsjóðs vangefinna, þannig að hann fær nú 45 aura af hverri flösku, þ. e. a. s. 50% hækkun frá því, sem verið hefur. Þar kemur veruleg hækkun á þessu ári, en á árinu 1965, meðan gjaldið var 30 aurar, hafa tekjurnar, eins og ég gerði grein fyrir áðan, numið tæpum 12 millj. kr.

Ég vil aðeins víkja að 6. gr. sérstaklega, sem er nýmæli, að dagvistarheimilið Lyngás, sem er rekið af Styrktarfélagi vangefinna, það er eina dagheimili sinnar tegundar í landinu, og það má segja, að þarna muni af ákvæðum 6. gr. leiða kannske nokkurn kostnaðarauka fyrir ríkið. En á það er að líta, sem kemur fram í aths. n., sem samdi frv., við 6. gr., að þó að hækki að sjálfsögðu greiðslur úr ríkissjóði frá því, sem nú er, samkv. þessari gr., verða þær engu að síður miklu lægri en þær mundu verða, ef börnin í Lyngási væru á fávitahæli. Daggjald á árinu 1965 var 230 kr. á fávitahælum og hefði þá numið alls 3 609 850 kr. fyrir 43 börn fyrir árið, ef þau hefðu verið vistuð á fávitahæli, eða um það bil tvöföldum rekstrarkostnaði Lyngáss. Að öðru leyti er gerð grein fyrir í aths. um þessa grein, hvernig skipzt hefur kostnaður milli ríkis og sveitarfélagsins Reykjavíkurborgar, sem hefur borið þyngstan kostnað af rekstri þessa hælis.

Ég vil leyfa mér að mega vænta þess, að með þessu frv. sé fenginn viðunandi rammi löggjafarinnar til þess að starfa eftir á sviði þessara mála, og þegar einnig er höfð í huga sú tekjuöflun, sem tryggð er með öðrum lögum.Að sjálfsögðu yrði vel tekið öllum ábendingum hér í þessari hv. d. og frá þeirri n., sem fær málið til meðferðar, sem gætu orðið til bóta á þessu frv., en ég vil leyfa mér að mega vænta þess, að um það geti engu að síður orðið gott samkomulag og því verði tryggður framgangur á þessu þingi. Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., 21. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr. (A. 5, n. 233, 236).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Með frv. því, sem hér er til umr., er að því stefnt að koma á nýrri og bættri skipan fávitamála hér á landi. Síðla árs 1965 skipaði heilbrmrh. n. til þess að endurskoða núgildandi lög um fávitahæli, sem orðin eru yfir 30 ára gömul, og hafa reyndar ýmis ákvæði þeirra laga aldrei komið til framkvæmda. Þrem árum áður en þessi n. var skipuð hafði að frumkvæði landlæknis verið fenginn hingað yfirmaður málefna vangefinna í Danmörku. Hann kynnti sér ástand þessara mála hér á landi og skilaði síðan grg. og till. um nýskipan þeirra, og hefur n. mjög stuðzt við ábendingar hans og upplýsingar við samningu þessa frv.

Í aths. við frv. er greint annars vegar frá áætlaðri þörf fyrir vistun fávita á hælum, sem n. telur að taki til allt að 400 manns á öllu landinu eins og er, og hins vegar er gerð grein fyrir þeim stofnunum, sem fyrir hendi eru, og hve miklu þær anni. N. kemst að þeirri niðurstöðu, að allt að 180 rúm skorti á, að þörfinni sé fullnægt, og auk þess þurfi til þess að halda í við fólksfjölgun að auka við 7—8 rúmum á ári.

Í upphafi aths. við frv. er þess getið, hver séu helztu atriði þess, og segir svo að lokum, að frv. í heild sé miðað við þá þróun, sem orðið hafi í fávitamálum undanfarið í nágrannalöndum okkar, en tillit þó tekið til sérstöðu okkar, vegna fámennis íslenzku þjóðarinnar.

Í núgildandi l. um fávitahæli, sem eru frá 1936, er gert ráð fyrir að koma upp allmörgum stofnunum af ýmsu tagi fyrir fávita, og þar er einnig gert ráð fyrir eftirlitsnefnd með öllum þessum stofnunum, en sú eftirlitsnefnd hefur reyndar aldrei verið skipuð.

Með þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir, að ríkið reki eitt aðalhæli fyrir fávita sem sé í senn hjúkrunarhæli, uppeldis- og kennsluhæli og vinnuhæli og skiptist í deildir með sem samstæðustum hópi vistmanna í hverri deild fyrir sig. Það er talið, að sjálfstæð fávitastofnun þurfi að vera allstór, eða nánar tiltekið fyrir nokkur hundruð manns, svo að æskilegri flokkun verði við komið og að unnt sé að hafa nægilega fjölbreyttu sérmenntuðu starfsliði á að skipa til þess að veita þá sérhæfðu hjálp og þjónustu við fávita, sem nú er orðin völ á bæði læknislega og uppeldislega. Þó er ekki talið nauðsynlegt, að öll stofnunin eða aðalhælið sé á einum og sama stað, og er því í 2. gr. frv. gert ráð fyrir því, að komið verði upp, ef henta þykir, útibúum frá aðalhælinu, en að hvert slíkt útibú ræki þá alveg afmarkað hlutverk. Það mætti hugsa sér, að það væri t. d. elliheimili fyrir fávita eða vinnuhæli fyrir fullorðna fávita, sem eru með svipaða vinnugetu. Megináherzlan er sem sé lögð á það, að nægilega stór hópur sé í umsjá eins og sama aðila, þ. e. a. s. aðalhælisins, til þess að fyrrgreindri flokkun og sérhæfðri þjónustu verði við komið. Og í samræmi við þessa meginstefnu frv. eru svo ákvæði í 2. mgr. 3. gr. frv. um það, að fávitastofnanir, sem sveitarfélög eða einkaaðilar reka, skuli háðar eftirliti aðalhælis ríkisins, og ákvæðið í 11. gr. um það, að allar umsóknir um hælisvist fyrir fávita, hvort heldur á ríkishæli eða stofnunum, sem sveitarfélög eða einkaaðilar reka, skuli berast aðalhælinu og úrskurðast þar, á hvaða stofnun umsækjandi skuli vistaður.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, er ekki til enn

hér á landi neitt fullgilt aðalhæli eins og það, sem um ræðir í 1. gr. frv. Hins vegar er í Kópavogi risinn vísir og hann orðinn allmyndarlegur að slíku hæli, og verður að sjálfsögðu að því stefnt að byggja þar upp fullkomið hæli, eftir því sem fjárveitingar og önnur aðstaða leyfir.

Í 5. gr. frv. eru tekin inn ákvæði um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, að því er varðar fávita, og greiðsla á styrk skiptist í sömu hlutföllum og tíðkazt hefur á milli ríkissjóðs og framfærslusveitar, þ. e. a. s. 4/5 af ríkissjóði, 1/5 af framfærslusveit, og verða þeir fávitar, sem styrks eiga að njóta, áður að hafa verið úrskurðaðir styrkhæfir.

Þá er í 6. gr. frv. það nýmæli, að fávitar, sem dveljast á viðurkenndu dagvistarheimili, skuli eiga rétt á að hljóta styrk, sem nemur hæfilegu dagvistargjaldi, eins og þar segir, enda hafi þeir verið úrskurðaðir styrkhæfir. Greiðir þá ríkissjóður 2/3 hluta þess styrks, en framfærslusveitin 1/3. Aðeins eitt dagvistarheimili fyrir fávita er rekið hér á landi. Það er dagheimilið Lyngás hér í Reykjavík, sem rekið er af Styrktarfélagi vangefinna og rúmar um það bil 40 börn. Það er talið, að langflest þau börn, sem þar dveljast, mundu vera á fávitahæli eða eiga þar heima, ef hælisrúm væri til. Það er því fyllilega eðlilegt og má teljast sanngjarnt, að þau börn, sem þarna dveljast og á annað borð eru úrskurðuð styrkhæf, komi til greina með að njóta styrks eins og þau börn, sem í fávitahælum dvelja. Skv. frv. má þessi styrkur, sem nemur daggjaldi á dagheimili, þó ekki nema meiru en 3/5 af styrk á fávitahæli ríkisins.

Í 7. gr. frv. er lagt til, að lögfest verði sú framkvæmd, sem tíðkazt hefur undanfarið, að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við nauðsynlega kennslu fávita í stofnunum, sem reknar eru af sveitarfélögum eða einkaaðilum.

Þá er með 14. gr. frv. lagt til, að ráðh. sé heimilað að setja með reglugerð ákvæði um félagslega aðstoð við andlega vanþroskað fólk, sem dvelst utan fávitastofnana. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þá grein, en vísa til þess, sem segir um 14. gr. í athugasemdum við frv.

Þá er í 15. gr. loks kveðið svo á, að við aðalfávitahælið skuli reka skóla til að sérmennta fólk til fávitagæzlu. Undanfarið hefur verið haldið uppi í Kópavogshælinu kennslu í fávitagæzlu. Það hefur verið 2 ára nám, bæði bóklegt og verklegt, en um þetta nám hafa hins vegar enn sem komið er ekki verið nein ákvæði í lögum. Það gefur auga leið, að ekki er hægt að reka fávitahæli á viðunandi hátt, nema fyrir hendi sé þjálfað starfslið til hins daglega rekstrar. Skóla eins og þennan er ekki, eins og til háttar hér á landi, hægt að starfrækja nema við aðalhæli ríkisins, sem er eini staðurinn, þar sem aðstaða er fyrir hendi til slíks skólahalds.

Ég hef þá getið um nokkur þau atriði, sem mér sýnast mestu máli varða í sambandi við þetta frv. Heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. á nokkrum fundum og sent það til umsagnar stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og stjórn Styrktarfélags vangefinna. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga mælir með samþykkt frv. athugasemdalaust, en stjórn styrktarfélagsins gerir nokkrar aths. við frv. og leggur til, að á því verði gerðar tilteknar breyt. Að athuguðu máli var niðurstaða í n. sú, að n. flytur ekki brtt. við frv., en hins vegar hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja við það brtt., og að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Ég sé, að á þskj. 236 er komin fram brtt. frá þrem þm. í heilbr.- og félmn., og munu þeir að sjálfsögðu gera grein fyrir þeirri brtt., og sé ég þá ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um málið að svo komnu.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Í 1. gr. þessa frv. segir, að ráðh. skuli skipa hælinu forstöðumann. Það eru ekki í frv. gerðar neinar kröfur til menntunar þessa forstöðumanns, ekki gerðar neinar kröfur um verðleika hans til starfsins. Meginstarf forstöðumanns á slíkri stofnun hlýtur að verða stjórn á rekstri aðalhælisins, og má segja, að í þá stöðu mætti mjög vel velja mann, sem væri fróður eða sérfróður um rekstrarstjórn stofnana og fyrirtækja. Forstöðumanni gæti farið stjórn slíks fyrirtækis eða slíkrar stofnunar sem hér um ræðir vel úr hendi, þótt hann hefði alls enga sérþekkingu á málefnum fávita. Það hlýtur að verða eitt meginverkefni forstöðumannsins að stjórna daglegum rekstri hælisins. En frv. ætlar honum svo sannarlega fleiri hlutverk, og það er þess vegna, sem við nokkrir þm. höfum flutt brtt. á þskj. 236.

Forstöðumaður fávitahælisins á að fara með ýmis mjög vandasöm málefni hælisins, segja álit sitt um fagleg efni og gefa úrskurði. Ég skal aðeins lauslega telja upp það, sem forstöðumanni hælisins er ætlað að gera fram yfir það að annast daglega rekstrarstjórn.

Hverju nýju hæli, sem reist verður í framtíðinni, skal fengið skv. frv. ákveðið afmarkað hlutverk. Slíkt hlutverk skal ákveðið af yfirvöldum í samráði við forstöðumann. Þá skal landlæknir leita álits forstöðumanns, áður en hann mælir með leyfi til rekstrar fávitahælis. Í þriðja lagi á forstöðumaður að skera úr því, á hvaða stofnun hver fáviti skuli vistaður, að undangenginni rannsókn. Og loks á forstöðumaðurinn að vera skólastjóri skóla, sem á að sérmennta fólk til fávitagæzlu. Af þessum ákvæðum, sem ég nú hef nefnt, finnst mér mega ráða, að til þess sé ætlazt af höfundum þessa frv., að forstöðumaðurinn sé eða verði sérmenntaður um uppeldismál. Honum eru ætluð vandasöm verkefni í sambandi við fagleg málefni fávita. En í 1. gr. er ekkert um það rætt, að forstöðumaðurinn skuli hafa slíka sérmenntun til að bera. Og ef í stöðuna veldist maður, sem gæti verið í alla staði góður, en hefði ekki slíka sérþekkingu, lít ég svo á, að til vandræða gæti horft um málefni stofnunarinnar. Þessu hefur stjórn Styrktarfélags vangefinna veitt athygli, og þess vegna hefur hún lagt til, að lögboðið yrði sérstakt starf sál-

fræðings við stofnunina. Till. stjórnar styrktarfélagsins fékk ekki nægar undirtektir hjá hv. heilbr.- og félmn., og við, sem vel hefðum getað stutt till. félagsstjórnarinnar, vildum ekki gera ágreining í n., því að í höfuðatriðum erum við sammála því, sem í þessu frv. felst. En við höfum leyft okkur þrír úr n. að flytja litla brtt., sem við teljum að ætti að vera auðvelt að samþ. Hún getur ekki talizt óþörf vegna þess, hve mikilsvert það er, að maður með faglega þekkingu veljist í starf forstöðumanns.

Við flytjum þessa till. á þskj. 236, og hún er fólgin í því, að fram sé tekið, að ráðh. skipi hælinu forstöðumann, sem skuli vera sérfróður um uppeldismál. Það er þetta innskot, sem við óskum eftir að fá inn í greinina, að forstöðumaðurinn skuli vera sérfróður um uppeldismál.

Ég vænti þess, að hv. þdm. athugi þessa till. og að hún nái samþykki, því að ég tel það mikils vert, að það sé tryggt, að annar en maður með vissa sérfræðilega þekkingu á sviði fávitamála verði ekki ráðinn í þetta starf.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Af tilefni þeirrar brtt., sem fram er komin, og ræðu hv. síðasta ræðumanns, 9. þm. Reykv., vil ég segja hér nokkur orð.

Ég hef leitað mér upplýsinga hjá formanni þeirrar nefndar, sem frv. samdi, einmitt varðandi þetta atriði. Mér er tjáð, að það hafi verið af ráðnum hug, að n. leggur ekki til, að lögfestar verði menntunarkröfur að því er snertir forstöðumann og yfirlækni, því að, eins og hv. þm. sjá, eru í 2. mgr. 1. gr., þar sem ræðir um yfirlækni, ekki gerðar neinar kröfur um sérmenntun umfram læknismenntun. Mun n. hafa haft þetta þannig vegna þess, að hún taldi, að það gæti orðið til óþæginda að binda ráðningu um of við menntunarkröfur, þar sem ekki væri víst nema heppilegustu einstaklingar, sem völ væri á á hverjum tíma í þessa stöðu, útilokuðust vegna lögákveðinna krafna um menntunarskilyrði. Þó að ekki sé að vísu gert ráð fyrir því í frv., er vel líklegt, að því er formaður n. hefur tjáð mér, að að því gæti rekið, að það yrði talið ákjósanlegt, að yfirlæknir aðalhælisins yrði jafnframt forstöðumaður, að sjálfsögðu þá með auknu starfsliði vegna forstöðumannsstarfsins, og yrði þá að sjálfsögðu ekki um að ræða kröfur um sérmenntun í uppeldismálum. Einnig gæti mjög komið til greina, eins og hv. 9. þm. Reykv. vék að í sinni ræðu, að forstöðumaður yrði valinn með tilliti til menntunar og kunnáttu í hagrænum rekstri stofnana. Þá taldi og n., að með tillögurétti landlæknis væri fengin veruleg trygging fyrir því, að hæfir einstaklingar veldust í starfið á hverjum tíma.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að forstöðumanni eru skv. frv. falin mikil ábyrgðarstörf, en ég ætla, að ákvæði frv. varðandi aðalhælið verði yfirleitt að skoðast í ljósi þess, að þarna sé um að ræða samstarf þeirra sérfræðinga, sem við stofnunina starfa, og hlytu því ákvarðanir og niðurstöður að byggjast á áliti þessa samstarfshóps sérfróðra aðila, þó að forstöðumanninum, sem er stjórnandi hins daglega reksturs á hælinu og ber á því aðalábyrgð, sé í frv. falið að kveða upp úr um ýmis atriði, sem um ræðir t.d. í 11. gr., eins og hv. þm. benti á. Þar segir, að umsóknir um hælisvist, sem allar eiga að berast aðalfávitahælinu, skuli úrskurðast af forstöðumanni, hann skuli úrskurða á hvaða stofnun skuli vista umsækjanda að undangenginni fullnægjandi rannsókn, eins og þar segir. Ég vil benda á það, að rannsókn á umsækjendum hlýtur að þurfa að vera svo margþætt, að það er varla hugsanlegt, að einn og sami aðili geti framkvæmt hana að öllu leyti. En að sjálfsögðu verður forstöðumaður í þessu tilviki að byggja á umsögn og niðurstöðum sérfræðinganna. Ég verð nú að segja t.d. í þessu tilviki, að ég sé ekki, að forstöðumaður yrði miklu færari til en aðrir að úrskurða þetta atriði, þó að hann hefði t. d. kennarapróf.

Varðandi hitt atriðið, sem hv. þm. vék að, að forstöðumanni er skv. 15. gr. frv. ætlað að vera skólastjóri þess skóla, sem rekinn er við hælið til þess að sérmennta fólk til fávitagæzlu, held ég nú, að það beri nánast að líta á skólastjóra þessarar stofnunar sem framkvæmdastjóra, en ekki sem skólastjóra í venjulegum skilningi þess orðs. Það er beint tekið fram, að hann skuli undanþeginn kennsluskyldu og honum ekki ætlað að hafa með höndum neina kennslu í skólanum. Ég geri ráð fyrir, að hið sérmenntaða starfslið stofnunarinnar muni að verulegu leyti annast kennsluna hver í sinni grein, en þarna er um að ræða mjög litla skólastofnun með algerlega sérhæft nám. Í 15. gr. er sagt, að um stjórn skólans, námsefni, prófkröfur og annað, sem varðar starfsemina, skuli ákveðið í reglugerð. Ég sé nú ekki, að það ætti að vera bein nauðsyn, að sá maður, sem gegnir skólastjórastarfinu, hafi menntun á sviði uppeldismála eða sé reyndar sérfróður um uppeldismál, sem er nú auðvitað býsna fljótandi hugtak. Það má í þessu sambandi t. d. benda á annan sérskóla með algerlega sérhæft nám, þar sem er ljósmæðraskólinn. Ég ætla, að yfirlæknir fæðingardeildarinnar sé skólastjóri þess skóla, og að sjálfsögðu er hann ekki sérmenntaður um uppeldismál. Munu menn þó telja, að sú skipan, sem þar er höfð á, megi í alla staði teljast eðlileg, þó að e. t. v. væri hægt að hugsa sér að skipa því á annan veg.

Ég sé nú ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa brtt. En með tilliti til þeirra upplýsinga, sem ég hef fengið frá formanni þeirrar n., sem frv. samdi, og röksemda hans fyrir því, að ekki eru gerðar ákveðnar menntunarkröfur til forstöðumanns og yfirlæknis, get ég ekki fallizt á brtt. og mun greiða atkv. gegn henni.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég hef ekki miklu við að bæta það, sem ég sagði áðan um þetta efni. Ég verð nú að segja, að ég kann ekki vel við það, að maður sérfróður um rekstur verði gerður að skólastjóra fyrir gæzlusystur við fávitahæli. Ef ekki fæst fram sú breyt., sem við gerum á þessu frv., hefði ég kunnað ólíkt betur við, að ákveðið væri í frv., að yfirlæknirinn skyldi vera skólastjóri þessa skóla. Sama kemur fram í umsögn stjórnar Styrktarfélags vangefinna. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um þetta efni:

„Í 15. gr. frv. segir, að forstöðumaður skuli vera skólastjóri skóla þess, sem þar um ræðir. Það hlýtur að velta mjög á hæfileikum og menntun forstöðumanns á hverjum tíma, hvort heppilegt sé, að hann skuli vera skólastjóri við þennan skóla. Virðist því hæpið að binda starf forstöðumanns og skólastjóra saman, eins og gert er í grein þessari, enda þótt núverandi forstöðumaður sé vel til þessa starfs hæfur."

Þannig farast formanni Styrktarfélags vangefinna, Hjálmari Vilhjálmssyni, orð, en hann er mjög vel kunnugur öllum þessum málum.

Þetta frv. ber með sér, að það er samið í tíð forstöðumanns, sem er sérfróður um uppeldismál. Og það er greinilegt á frv., að þar er gengið út frá slíkum manni í starf forstöðumannsins. En eins og ég gat um áðan og hv. frsm. n. staðfesti, þarf ekki endilega að vera í þessu starfi maður sérfróður um uppeldismál eða á þessu sviði. En við viljum reyna að tryggja, að það verði hæfur maður að þessu leyti í þessu starfi, ekki aðeins í dag, heldur og framvegis. Það er þetta, sem við viljum tryggja, sem flytjum brtt. á þskj. 236.

Loks vil ég láta þess getið, að ef þessi till. verður felld, áskil ég mér rétt til þess að bera fram við 3. umr. málsins aðrar brtt., t. d. varðandi það, hver skuli vera skólastjóri skólans, sem um er rætt í 15. gr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Ed., 23. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 236 felld með 10:7 atkv.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 5, 271).

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Á þskj. 271 flytjum við hv. 1. þm. Norðurl. e. brtt. við þetta frv. til l. um fávitastofnanir.

Eins og upplýst hefur verið hér við fyrri umr., var frv. sent til umsagnar stjórnar Styrktarfélags vangefinna. Þetta félag, sem stofnað var fyrir allmörgum árum, hefur unnið mjög mikið og heilladrjúgt verk á þessu sviði. Ég vil segja, að síðustu árin hefur þetta félag, Styrktarfélag vangefinna, verið aflgjafi í framkvæmdum á sviði þessara mála. Þetta félag kom því til leiðar, að myndaður var nýr tekjustofn til að reisa fávitastofnanir, og það hefur unnið á mörgum sviðum mjög þarft verk og ber að þakka það.

Stjórn þessa félags sendi hv. heilbr.- og félmn. álitsgerð og þar kemur fram, að stjórn félagsins óskar að gerðar verði vissar breyt. á frv., sem hún að öðru leyti mælir með. Við umr. í n. gat ekki orðið fullt samkomulag um, að n. tæki þessar brtt. upp á sína arma og við, nokkrir nm., vildum fara milliveg, eins og fram kom í okkar brtt. við 2. umr. Þessi brtt. okkar, sem átti að vera eins konar málamiðlun, var felld, og þess vegna þykir okkur nú rétt að kynna till. stjórnar Styrktarfélags vangefinna, eins og þær eru. Formaður þessa félags er Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, maður, sem í mörg ár hefur unnið þarft og gott verk í þessu félagi til hagsbóta fyrir fávita í landinu. Með leyfi hæstv. forseta, vildi ég mega lesa kafla úr álitsgerð stjórnar Styrktarfélagsins og mun þá um leið láta það nægja sem grg. mína fyrir þeim 4 brtt., sem um er að ræða á þskj. 271. Í umsögninni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Styrktarfélags vangefinna hefur athugað frv. og telur það vera mikilsvert spor í rétta átt, og mælir eindregið með því, að það nái fram að ganga, en vill þó benda á nokkur atriði, sem hún telur, að betur megi fara. Skal nú vikið að einstökum greinum frv., og þeim breyt., sem stjórn Styrktarfélags vangefinna telur rétt að gera á frv., ásamt grg. hennar fyrir till. sínum.

1) Breyt. á 1. gr. frv. Við 1. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi: „Við hælið skal starfa sálfræðingur, skipaður af ráðh., sem jafnframt hefur á hendi eftirlit með öðrum fávitastofnunum í landinu."

Grg. Stjórn Styrktarfélags vangefinna telur nauðsynlegt, að sálfræðingur starfi við hæli þessarar tegundar og álítur rétt, að staða þessi sé ákveðin í l., eins og staða yfirlæknisins. Stjórn Styrktarfélags vangefinna telur, að stefna beri að því að komið verði á fót sérstakri rannsóknarstofnun í tengslum við aðalhælið, sem búin verði fullkomnum rannsóknar- og lækningatækjum og sérmenntuðu starfsliði. Slík stofnun ætti að vera undir stjórn yfirlæknis, sálfræðings og fulltrúa landlæknis. Þessi stofnun ætti að hafa með höndum allt eftirlit með fávitastofnunum í landinu. Stjórn Styrktarfélags vangefinna gerir sér hins vegar ljóst, að stofnun sem þessi getur átt langt í land, þar eð forstöðumaður og yfirlæknir hljóta að hafa mjög mikið starfssvið innan aðalhælisins, sem þó mun sífellt aukast á næstu árum við áformaða stækkun þess. Álítur stjórn Styrktarfélags vangefinna varhugavert að auka annir þessara embættismanna

með því að leggja þeim á herðar eftirlit með öðrum fávitastofnunum. Hér er því lagt til, að lögákveðið verði, að sálfræðingur starfi við aðalhælið og að honum verði jafnframt falið á hendur eftirlit með öðrum fávitastofnunum.

2) Breyt. á 3. gr. frv. 3. gr. orðist svo: „Ráðh. getur veitt sveitarfélögum, sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum leyfi til þess að reka fávitahæli að fengnum meðmælum landlæknis. Landlæknir skal leita álits yfirlæknis og sálfræðings aðalhælis um uppdrættti og teikningu hæla, sem aðilar þessir hyggjast byggja, áður en hann mælir með leyfisveitingu. Sama gildir um dagvistarheimili fyrir fávita. Leita skal álits landlæknis, þegar forstöðumenn stofnana skv. þessari grein eru ráðnir."

Grg. Í 3. gr. frv. segir, að stofnanir þær, sem þar um ræðir, skuli lúta sjúkrahúsalögum um undirbúning, tilhögun og útbúnað eftir því, sem við getur átt. Svo virðist, sem strangari kröfur séu gerðar til þessara stofnana en aðalhælisins, sbr. 1. gr. frv., sem vafalaust er þó ekki ætlunin. Brtt. stjórnar Styrktarfélags vangefinna hnígur aðallega að þessu atriði.

3) Stjórn Styrktarfélags vangefinna gerir ekki till. um breyt. á 4.—10. gr. frv., en vill þó vekja athygli á því ákvæði í 8. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að óheimilt sé að krefjast kostnaðar við daglegan flutning á vistmönnum milli dagvistarheimilis og dvalarstaðar. Eftir gr. gildir þetta án tillits til fjarlægðar. Ákvæðið virðist varhugavert vegna þess að af því kynni að leiða, að vistmanni, sem brýn nauðsyn væri á dagvist, yrði synjað um hana vegna kostnaðarins. Reglan er út af fyrir sig ágæt, en þyrfti sennilega að takmarkast við fjarlægð eða á annan hátt. Þó virðist vafasamt að takmarka hana við hlutaðeigandi sveitarfélag, þar eð sums staðar hagar svo til, að slík takmörkun væri fráleit, sbr. t. d. Reykjavík og Kópavog.

4) Breyting á 11. gr. frv. 11. gr. orðist svo: „Leita skal umsagnar yfirlæknis og sálfræðings, sbr. 1. gr., um allar umsóknir um vist á fávitastofnunum, áður en vistun er ákveðin. Þeir geta gert það að skilyrði fyrir vistun, að hlutaðeigandi vistmaður verði vistaður á því hæli, sem þeir ákveða. Ekki verður vistmaður þó settur á fávitastofnun, sem ríkið rekur ekki, nema með samþykki hlutaðeigandi forstöðumanns."

Grg. Stjórn Styrktarfélags vangefinna virðist ákvæði 11. gr. frv. geta reynzt þung í vöfum, einkum meðan ekki er til rannsóknarstöð með nægilegu starfsliði. Gert er ráð fyrir úrskurði forstöðumanns um hverja einustu vistun. Í brtt. eru ákvæðin ekki eins bindandi. Þá er lagt til, að í stað forstöðumanns komi yfirlæknir og sálfræðingur. Er þetta í samræmi við það, sem áður er sagt.

5) Breyt. á 12. gr. frv. Þessi gr. er óþörf, sjá lög nr. 80 5. júní 1947, 13.—14. gr. og lög nr. 35 30. maí 1960, 2. gr. Stjórn Styrktarfélags vangefinna leggur til, að gr. þessi fái annað efni og verði svo hljóðandi:

„Sálfræðingur aðalhælisins skal fara í eftirlitsferðir eigi sjaldnar en tvisvar á ári til þeirra stofnana, sem hann hefur eftirlit með. Hann skal árlega gefa landlækni skýrslu um stofnanirnar og oftar, ef tilefni gefst til. Styrktarfélag vangefinna skal eiga aðgang að skýrslum þessum."

Grg. Ákvæði 1. og 2. málsl. virðast sjálfsögð og þarfnast ekki skýringar. Í sambandi við niðurlag gr. má minna á, að Styrktarfélag vangefinna kann að geta veitt aðstoð varðandi úrbætur, sem taldar eru nauðsynlegar á einhverju hæli, og því ekki óeðlilegt, að félaginu væri veittur þessi réttur."

Ég tel óþarft að lesa meira úr álitsgerð stjórnar Styrktarfélags vangefinna. Það, sem ég hef lesið, læt ég nægja sem grg. fyrir þeim till., sem hér er um að ræða og er að finna á þskj. 271.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær brtt., sem hv. 9. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. e. flytja á þskj. 271. Ég vil taka það fram, að ég hef rætt þessar till., sem upphaflega voru, eins og þegar er fram komið, settar fram af stjórn Styrktarfélags vangefinna, við formann þeirrar n., sem samdi þetta frv., Benedikt Tómasson skólayfirlækni, og byggi m. a. það, sem ég hef um brtt. að segja, á hans upplýsingum.

Svo að fyrst sé vikið að 1. brtt., sem er við 1. gr. frv., þá er um þá brtt. það að segja, að það þótti ekki ástæða til að ákveða í l. skipun annars starfsliðs aðalfávitahælis ríkisins en stjórnenda þess, þ. e. a. s. skipun yfirlæknis og forstöðumanns. Við fullgilt fávitahæli, sem að vísu er ekki enn til hér á landi, en sem stefnt er að með þessu frv., að Kópavogshælið verði, eru ýmsir sérfræðingar jafnnauðsynlegir og sálfræðingur, svo sem félagsráðgjafar, sérfræðingur í barnalækningum, sérfræðingur í taugalækningum o. fl. Heppilegast var talið að hafa engin ákvæði í frv. um ráðningu annars starfsliðs en stjórnenda stofnunarinnar, þar sem þau gætu orðið til óhagræðis eðlilegri þróun og þjónustu stofnunarinnar, heldur verði um ráðningu slíks starfsliðs að fara eftir viðurkenndri nauðsyn stofnunarinnar á hverjum tíma, líkt og á við um aðrar heilbrigðisstofnanir. Þá er í þessari brtt. ákvæði, sem verður að telja mjög varhugavert, en það er það, að eftirlit með öðrum fávitastofnunum sé aðeins í höndum sálfræðings, því að hann hefur að sjálfsögðu ekki skilyrði til þess að líta eftir læknisfræðilegum þætti starfseminnar. Í 2. mgr. 3. gr. frv. segir, að fávitastofnanir þessar skuli háðar eftirliti aðalhælisins, og það er þá haft í huga, að allt sérmenntað starfslið hælisins geti tekið þátt í eftirlitinu, sem ætti að tryggja víðtækara og faglegra eftirlit en yrði, ef það yrði falið sálfræðingi einum. Með vísun til þess, sem ég hef sagt, get ég ekki fylgt þessari brtt. og mun greiða atkv. gegn henni. En áður en ég skil við þessa brtt. við 1. gr., vil

ég aðeins geta þess, að sú hugmynd, sem fram kemur hjá stjórn Styrktarfélagsins, að síðar meir þurfi að koma á fót sérstakri rannsóknarstofnun í tengslum við aðalhælið, sem búin væri fullkomnum rannsóknar- og lækningatækjum og sérmenntuðu starfsliði, eins og þar segir, mun líklega byggð á misskilningi, því að þetta er einmitt talið vera eitt af hlutverkum sjálfs aðalhælisins og á slík starfsemi vart annars staðar heima en þar, eins og til háttar hér hjá okkur.

2. brtt. á þskj. 271 er við 3. gr. frv. Þar er m. a. lagt til með brtt., að niður verði felld tilvísun til sjúkrahúsalaga vegna ótta við það, að með henni sé verið að gera strangari kröfur til annarra hæla en aðalhælisins. Þetta er ótti, sem er alveg ástæðulaus. Í sjúkrahúsal. eru engin ákvæði um það, hvernig sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir skuli útbúnar og um útbúnað á fávitahælum er að sjálfsögðu farið eftir viðurkenndum sérkröfum til slíkrar stofnunar á hverjum tíma. Það er ekki meiri hætta á, að til þeirra verði gerðar sömu kröfur og til sjúkrahúsa heldur en t. d. á sér stað um elliheimili sem m. a. eru talin upp í sjúkrahúsal. Ákvæðið í 3. gr. frv. miðar sem sé eingöngu að því, að fávitahælum sé fenginn sess meðal annarra heilbrigðisstofnana landsins og gerðar til þeirra hliðstæðar kröfur eftir því, sem við getur átt.

Í sjálfu frv. er kveðið svo á, að hyggist bæjar- og sveitarfélög reisa og reka fávitastofnanir, skuli ráðh. heimilt að veita þeim leyfi til þess, að fengnum meðmælum landlæknis, sem leitar álits forstöðumanns og yfirlæknis aðalfávitahælis ríkisins. Þarna er sem sagt gert ráð fyrir því, að landlæknir leiti álits stjórnenda þessarar stofnunar, aðalfávitahælis ríkisins, og það er trúlegt, að þessir stjórnendur, sem þarna eru upp taldir, muni þá kveðja sér til ráðuneytis einnig aðra sérfræðinga, mér dettur nú t. d. í hug sérmenntaða kennara, þegar um væri að ræða dagvistarstofnanir fyrir börn. Það eru ekki aðrir taldir upp en þessir stjórnendur, enda mun vissulega geta komið til greina að leita til margra til að dæma um uppdrætti og aðrar áætlanir um stofnun og rekstur slíkra heimila. Í brtt. á þskj. 271 er hins vegar, og það er að sjálfsögðu í fullu samræmi við 1. brtt. á því þskj., lagt til, að landlæknir leiti álits yfirlæknis og sálfræðings. Þar er hins vegar ekki nefndur forstöðumaður og væri ekki úr vegi að leita hans álits, eins og í frv. er ráðgert, með tilliti til hagkvæmni við allan daglegan rekstur þeirrar stofnunar, sem um er að ræða. Þá vil ég vekja athygli á því, sem ég reyndar áður hef vikið að og sem mér virðist varhugavert við þessa brtt., að þar er gert ráð fyrir því, að niður falli síðari mgr. um það, að aðalhæli ríkisins skuli hafa eftirlit með þeim fávitastofnunum, sem hér er um að ræða. Ég þarf ekki um það að fjölyrða, ég hef áður gert grein fyrir því atriði. Ég sé ekki, hvað ávinnst með því að samþykkja þessa brtt., en hins vegar gæti verið mjög varhugavert að samþykkja hana einmitt með tilliti til þess, að þá yrði fellt niður ákvæðið um eftirlit aðalhælisins með öðrum fávitastofnunum. Ég leggst því gegn þessari brtt.

3. brtt. er við 11. gr. frv. Í þeirri gr. er ráð fyrir því gert, að allar umsóknir um hælisvist fyrir fávita skuli berast aðalfávitahælinu, nánar tiltekið forstöðumanni, og vera úrskurðaðar þar og af honum. Það er að sjálfsögðu í samræmi við meginstefnu þessa frv., sem er sú að skapa sem bezta möguleika fyrir æskilegri flokkun og sem fullkomnastri þjónustu við vistfólk á fávitastofnunum. Því aðeins, að einhver einn aðili fylgist með og hafi yfirlit yfir og úrskurðarvald um umsóknir um hælisvist verður hægt að tryggja þessa þróun. Í frv. segir, að forstöðumaður skuli úrskurða, á hvaða stofnun umsækjandi skuli vistaður, að undangenginni fullnægjandi rannsókn. Þar er að sjálfsögðu átt við rannsókn þeirra sérfræðinga, sem til þurfa að koma, án þess að neinir ákveðnir aðilar séu þar nefndir. Með brtt. er hins vegar lagt til, að leitað skuli umsagnar yfirlæknis og sálfræðings, en það fer ekki milli mála, að það getur oft þurft að leita umsagnar fleiri sérfræðinga en þeirra. Með brtt. er lagt til, að leitað skuli umsagnar tiltekinna aðila og þeir geti gert það að skilyrði fyrir vistun, að hlutaðeigandi vistmaður verði vistaður á því hæli, sem þeir ákveða. Þetta er nokkur tilslökun frá því, sem í frv. segir og var færður rökstuðningur fyrir því í umsögn Styrktarfélagsins, sem hv. 9. þm. Reykv. las upp hér áðan. Nú ætla ég, að þó að þarna sé um að ræða fullt úrskurðarvald um það, hvar umsækjandi skuli vistaður, verði það auðvitað háð aðstæðum og ástæðum á þeim stofnunum, sem fyrir hendi eru á hverjum tíma. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég óttast ekki svo mjög, að þetta ákvæði verði til óþæginda eða trafala eðlilegri framkvæmd í þessum efnum. Það var nokkuð um þessa gr. rætt í n. og m. a. bar það á góma, hvort n. ætti að flytja brtt. í þá átt, að í stað orðanna „að undangenginni fullnægjandi rannsókn“ kæmi: „að undangenginni rannsókn sérfræðinga.“ Mönnum fannst nú ekki ástæða til þess að flytja slíka brtt. og hvað því viðvíkur, að þarna er lagt í vald forstöðumanns að úrskurða, hvar vista skuli umsækjanda, þá fer hann um það að sjálfsögðu algerlega eftir till. og áliti þeirra sérfræðinga, sem hafa rannsakað viðkomandi umsækjanda. Ég fæ ekki með nokkru móti séð, að í því felist nein hætta, að forstöðumaðurinn skeri úr um þetta, því að sjálfsögðu mundi honum aldrei haldast uppi að kveða upp sinn úrskurð í trássi við álit sérfræðinganna. Ef yfirleitt ætti að óttast það, að sá, sem úrskurð kveður upp, misnoti sér sína aðstöðu á einhvern hátt, mundi það að sjálfsögðu geta átt við um aðra aðila rétt eins og forstöðumanninn, en ég tel sem sagt alveg

útilokað, að nokkur úrskurðaraðili gæti komizt upp með slíkt.

Ég geri ráð fyrir, að þessi brtt. sé að vísu aðallega flutt í samræmi við 1. brtt. um skipan sálfræðings við aðalhæli ríkisins. Um það mál hef ég þegar tjáð mig og sé ég því ekki ástæðu til þess að samþykkja þessa brtt. Um 4. brtt. get ég orðið stuttorð. Það er að vísu alveg rétt, að það er ekki nauðsynlegt, að 12. gr. frv. standi í l., en hún hefur verið sett til áréttingar og leiðbeiningar. Þetta ákvæði framfærslulaga um fólk, sem ekki vinnur sér framfærslurétt annars staðar vegna dvalar á einhvers konar stofnun, er tekið hér upp og ég ætla, að ég muni það áreiðanlega rétt, að svo muni einnig vera í öðrum l. Mér þykir alveg ástæðulaust að fella þetta niður úr frv., en um þá brtt., 4. brtt. á þskj. 271, sem lagt er til að komi í staðinn, að 12. gr. orðist eins og þar segir, hef ég þegar tjáð mig. Ég tel það mjög varhugaverða till. og mundi því leggjast á móti samþykkt hennar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um brtt., nema sérstakt tilefni gefist til.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Ed., 28. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. og 47. fundi í Ed., 2. og 6. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 7. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 271,1 felld með 11:9 atkv.
— 271,2 felld með 11:8 atkv.
— 271,3 felld með 11:8 atkv.
— 271,4 felld með 11:7 atkv.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 51. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um fávitastofnanir er búið að hljóta afgreiðslu í Ed., en eins og segir í aths. við frv., skipaði ég í nóvembermánuði 1965 n. þriggja manna til þess að endurskoða löggjöf hér að lútandi og semja það frv., sem hér liggur fyrir. Formaður n. var Benedikt Tómasson skólayfirlæknir, Björn Gestsson forstöðumaður fávitahælisins í Kópavogi var einn nm. og Hrafn Bragason lögfræðingur sá þriðji, en hann hafði verið skipaður skv. tilnefningu menntmrh., en menntmrh. hafði óskað endurskoðunar fávitalaganna með tilliti til kennslu fávita á skólaskyldualdri, er dveljast utan hæla. Það er í 8 liðum gerð grein fyrir aðalefni þessa frv., a. m. k. í meginatriðum. Í fyrsta lagi fjallar frv. um fávitastofnanir og vistmenn þeirra, um skiptingu fræðsluskyldu milli heilbrigðisyfirvalda og fræðsluyfirvalda, þegar í hlut á andlega vanþroska fólk, og heimild til að veita því félagslega aðstoð. Í öðru lagi er gert ráð fyrir einu ríkisreknu hæli eða aðalfávitahæli ríkisins, sem skal vera deildaskipt og í senn hjúkrunarhæli, uppeldis- og kennsluhæli og vinnuhæli. Heimilað er að koma upp útibúum frá aðalhælinu, er hvert um sig ræki tiltekið hlutverk. Í þriðja lagi má veita bæjar- og sveitarfélögum og einkaaðilum leyfi til að reka fávitahæli og dagvistarheimili fyrir fávita. Í fjórða lagi skulu allar fávitastofnanir háðar eftirliti frá aðalhælinu og allar umsóknir um vist á fávitastofnunum berast þangað. Í fimmta lagi eru ákvæði ríkisframfærslunnar um fávita tekin upp í frv. og fávitar á dagvistarheimilum geta einnig notið hennar, að hluta, að undangengnum sams konar úrskurði og þarf til greiðslu dvalar á fávitahæli. Í sjötta lagi er sérstakt ákvæði um greiðslur ríkisins á kennslukostnaði á fávitastofnunum, sem ríkið rekur ekki, og í sjöunda lagi er ákvæði um rekstur skóla við aðalhælið til að sérmennta fólk til fávitagæzlu. Í áttunda lagi er frv. í heild, eftir því, sem n. segir, miðað við þá þróun, sem gerzt hefur í fávitamálum undanfarið í grannlöndunum, en tillit er tekið til sérstöðu vegna fámennis íslenzku þjóðarinnar.

Ég vil umfram það, sem nú er sagt, aðeins vekja athygli á því, sem fram kemur einnig í grg., að það vantar mikið á, að við höfum enn nægjanlegt rými fyrir vangefna eða fávita hér á landi. Það er gerð grein fyrir því, hver tala rúma og vistmanna sé á hinum einstöku hælum, á Kópavogshælinu 111 rúm og í smíðum 15 rúm, þegar grg. er samin. Þessum 15 rúmum er nú lokið, og það er unnið af kappi að því að byggja áfram og stækka fávitahælið í Kópavogi. Í Skálatúni eru 15 rúm talin og í smíðum 30, mér er ekki kunnugt um, hversu langt þeim er komið nú. Í Sólheimum eru 40 rúm og í Tjaldanesi 10. En af þessu má sjá, að mikið vantar á, að nægjanlegt rými sé miðað við þá áætlun, sem n. hefur gert og þó að nokkuð sé erfitt að komast að nákvæmri niðurstöðu í því, var og þó hennar niðurstaða sú, að það vantaði hælispláss fyrir allt að 400 manns hér á landi. Byggingu fávitahælisins í Kópavogi hefur miðað vel áfram og ég held eftir mjög góðu og grunduðu skipulagi. Árið 1962 fékk heilbrigðismálastjórnin, að frumkvæði landlæknis, hingað til lands yfirmann málefna vangefinna í Danmörku, forsorgschef Bang Nilsen. Hann kynnti sér ástand þessara mála hér á landi og skilaði rækilegri og langri grg., þar sem hann lýsti skipan fávitamála í Danmörku og gerði till. um skipan þeirra hér á landi. Fyrir þeim till. hans, sem einkum varða þetta frv., er svo nánari grg.,

sem ég sé hins vegar ekki ástæðu til þess að rekja hér.

Það kemur annars staðar fram, að umfram þau hæli, sem ég nefndi áðan, hefur verið veitt heimild til þess að reisa fávitastofnun á Akureyri, sem unnið er að. Styrktarsjóður vangefinna er sá aðili, sem kostað hefur að mestu leyti byggingar þessara hæla, en tekjustofn Styrktarsjóðs vangefinna er fenginn af ákveðnu gjaldi, sem lögboðið hefur verið af hverri flösku gosdrykkja og öls, sem framleitt er í landinu. Upphaflega var þetta ákveðið með l. 1958, 10 aurar á hverja flösku, síðan breytt með l. 1962 í 30 aura á hverja flösku og svo með l. á síðasta þingi í 45 aura á hverja flösku. Það er einkum síðari árin, sem þetta hefur orðið verulega drjúgur tekjustofn, en flöskugjaldið nam árið 1958 975 þús. kr., 1959 1 millj. 993 þús. kr., 1960 2 millj. 44 þús. kr., 1961 2 millj. 190 þús., 1962 6 millj. 397 þús. kr., 1963 9 millj. 174 þús. kr., 1964 10 millj. 892 þús. kr. og 1965 11 millj. 789 þús. kr. Uppgjörið af flöskugjaldinu fyrir árið 1966 liggur ekki endanlega fyrir, en í nóvemberlok var það orðið 13 millj. 939 þús. kr. Þá er eftir desembermánuður, sem jafnan er tekjuhæstur vegna meiri sölu gosdrykkja og öls í þeim mánuði en aðra mánuði ársins. Ef það væri reiknað rúmar 2 millj. kr., sem er ekki mikið í lagt, mundi gjaldið væntanlega á árinu 1966 reynast eitthvað á 17. millj. kr. Tekjurnar af flöskugjaldinu höfðu í árslok 1965 orðið 45 millj. 455 þús. og ef þar bætast við rúmar 16 millj. kr., er þetta komið yfir 60 millj. kr. frá því að þessi tekjulind fyrst varð til um s. l. áramót. Þetta hafði skipzt svo á milli hælanna í árslok 1965, því miður hef ég ekki nákvæmlega skiptinguna 1966, að í Kópavogshæli höfðu farið 26.1 millj. kr., í Lyngás, dagvistarheimili, 800 þús., í Skálatún 11.7 millj., Sólheima 5 millj. 157 þús. og Tjaldanes 1.5 millj., eða samtals 45 millj. 278 þús. Í þennan sjóð hafa síðan þessi skýrsla var gerð bætzt, eins og ég sagði, rúmar 16 millj. kr.

Það er nýmæli í 6. gr. þessa frv., að fáviti, sem dvelst á viðurkenndu dagvistarheimili skv. þessum l., á rétt á að njóta styrks, sem nemur hæfilegu dagvistargjaldi, enda hafi hann verið úrskurðaður styrkhæfur með sama hætti og segir í 5. gr. Aldrei skal þó slíkur styrkur nema meiru en 3/5 af þeim styrk, sem fáviti nýtur á aðalfávitahæli ríkisins. Ríkissjóður greiðir 2/3 hluta styrks á dagvistarheimili, en framfærslusveit styrkþega 1/3 hluta. Af þessu leiðir nokkuð aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, eins og gerð er grein fyrir í aths. við þessa gr., en þó er á það að líta, að dagvistarheimilið Lyngás, sem rekið er af Styrktarfélagi vangefinna, er eina dagheimili sinnar tegundar í landinu. Það hefur bætt úr brýnni þörf í Reykjavík, þar sem það hefur tekið til dagvistar um 40 reykvísk börn og þó líðlega það, sem langflest a. m. k. myndu vera á fávitahæli, ef hælisrúm væri til. Því kemur heimilið raunverulega í stað fávitahælis, og þó að þarna verði nokkuð aukinn styrkur, er hann þó miklu minni en útgjöld ríkissjóðs myndu verða, ef þessi börn væru raunverulega vistuð á fávitahæli.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að þetta frv. hljóti afgreiðslu hér í þessari d., og þar með á þessu þingi, og um það geti orðið gott samkomulag, og að með þessu frv. sé sniðinn heilsteyptur og farsæll rammi löggjafarinnar í sambandi við þau viðkvæmu mál, sem hér er um að ræða, hvaða félagslega aðstoð á hverjum tíma er hægt að veita hinum vangefnu í þjóðfélagi okkar.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 433).

Frsm. meiri hl. (Axel Jónsson): Herra forseti. Með frv. því, sem hér er til umr., er að því stefnt að koma betri skipan á þá löggjöf, sem tekur til fávitamála hér á landi. Mál þetta var flutt í Ed. og fékk í hv. heilbr.- og félmn. þeirrar d. ítarlega athugun. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur haft þetta mál til meðferðar á fundi hjá sér og kynnt sér öll gögn málsins. Núgildandi l. um fávitahæli eru yfir 30 ára gömul. Síðla árs 1965 skipaði heilbrmrh. n. til að endurskoða þessi l. Þremur árum áður en þessi n. var skipuð, hafði að frumkvæði landlæknis verið fenginn hingað yfirmaður málefna vangefinna í Danmörku, sem kynnti sér þessi mál hér og skilaði síðan áliti og hefur n., sem samdi frv. þetta, stuðzt við ábendingar hans við samningu frv. Frv. fjallar meðal annars í fyrsta lagi um fávitastofnanir og vistmenn þeirra, um skiptingu fræðsluskyldu milli heilbrigðisyfirvalda og fræðsluyfirvalda, þegar í hlut á andlega vanþroska fólk og um heimild til að veita félagslega aðstoð.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir einu ríkisreknu hæli, aðalfávitahæli ríkisins, sem skal vera deildaskipt og í senn hjúkrunar-, uppeldis- og kennsluhæli og vinnuhæli. Heimilað er að koma upp útibúum frá aðalhælinu, er hvert um sig ræki tiltekið hlutverk. Veita má sveitarfélögum og einkaaðilum leyfi til að reka fávitahæli og dagvistarheimili fyrir fávita. Allar fávitastofnanir skulu háðar eftirliti frá aðalhælinu, og allar umsóknir um vist á fávitastofnunum skulu berast þangað. Ákvæði um ríkisframfærslu fávita eru tekin upp í frv. og fávitar á dagvistarheimilum geta einnig notið hennar að hluta, að undangengnum sams konar úrskurði og þarf til greiðslu dvalar á fávitahæli. Sérstakt ákvæði er um greiðslu ríkisins á kennslukostnaði á fávitastofnunum,

sem ríkið rekur ekki. Ákvæði er um, að skóli skuli rekinn við aðalhæli til að sérmennta fólk til fávitagæzlu. Frv. í heild er miðað við þá þróun, sem gerzt hefur í fávitamálum undanfarið í nágrannalöndunum, en tekið tillit til sérstöðu Íslands, hvað fámenni snertir.

Þegar málið var til meðferðar í Ed., fékk heilbr.- og félmn. þeirrar deildar umsögn um frv. frá stjórn Styrktarfélags vangefinna. Í umgetinni umsögn segir, að stjórnin leggi áherzlu á nauðsyn þess, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, en bendir jafnframt á nokkur atriði, sem hún óskar breytinga á. Meiri hl. heilbr.- og félmn. þeirrar hv. d. sá sér ekki fært að verða við óskum stjórnar Styrktarfélagsins og d. samþykkir frv. óbreytt.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 512).

24. Lífeyrissjóður barnakennara.

Á 47. fundi í Ed., 6. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara [148. mál] (stjfrv., A. 293).

Á 48. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Að undanförnu hafa komið fram raddir um það, og raunar till. hér á hinu háa Alþ., að æskilegt væri að gera breyt. á l. um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna í þá átt að tryggja betur hagsmuni þeirra manna, sem hafa verið um alllangt árabil í þjónustu ríkisins, en hafa látið af störfum. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá hafa verið teknar upp verðtryggingar á Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna á þann hátt, að nú eru eftirlaunin miðuð við þau laun, sem gildandi eru fyrir viðkomandi starf, þegar eftirlaunaréttur mannsins tekur gildi. Mismunurinn á rétti manns, sem er í störfum hjá ríkinu allt þar til hann hefur fullnað sitt starfsæviskeið, og hins, sem lætur af störfum alllöngu áður en til þess kemur, er því auðsjáanlega sá, að sá, sem hefur látið af starfi sínu áður, myndi ekki njóta þessarar verðtryggingar. Hér er vitanlega um mikið hagsmunamál að ræða fyrir lífeyrisþegana, en hins vegar verður um leið að gera sér grein fyrir því, að hér er um svo mikilvæg réttindi að ræða, að það verður að setja við því allstrangar skorður, að þetta gildi ekki nema í þeim tilfellum, þar sem um augljóst réttlætismál er að ræða. Nú er það almenn regla, að menn hafa heimild til þess að flytja réttindi sín á milli lífeyrissjóða. Annars vegar geta það verið lífeyrissjóðir, sem eru óverðtryggðir, og hins vegar verðtryggðir, og það er augljóst, að ekki er hægt að ganga svo langt að láta slíkar reglur gilda um réttindi þessara manna. Með hliðsjón af þessum rökum öllum og þar sem, eins og ég sagði, það hafa komið fram óskir um það oftar en einu sinni hér á hinu háa Alþ., að þetta mál yrði tekið til athugunar, hefur ríkisstjórnin látið undirbúa frv. til breyt. á l. um Lífeyrissjóð barnakennara og frv. til l. um sams konar breyt. á l. um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Þar er veitt heimild til þess að maður, sem hefur verið í ríkisþjónustu í 15 ár eða lengur, skuli njóta þessarar verðtryggingar að fullu, taka eftirlaun og önnur hliðstæð laun miðað við það, sem þau eru þegar lífeyrisgreiðslurnar byrja, enda þótt hann hafi alllöngu áður látið af störfum í þágu ríkisins. Eins og hv. þdm. sjá, þá eru hér sem sagt þau takmörk sett, annars vegar að það skuli vera 15 ár, sem maðurinn hafi verið sjóðfélagi samfellt, og hins vegar, að þetta gildi eingöngu um þá, sem hafa verið svo lengi samfellt í þjónustu ríkisins, þannig að flutningur úr öðrum sjóðum gildir ekki að þessu leyti.

Ég vænti þess, að hv. þdm. geti fallizt á, að hér hafi verið farið eðlilegt bil beggja í þessu efni, og það er ótvírætt, að þessi frv. lagfæra mjög verulega hagsmuni þeirra manna, sem hafa verið um alllangt árabil í þjónustu ríkisins.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. þessu verði að þessari umr. lokinni, vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 293, n. 337).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, er það, að aðilar að Lífeyrissjóði barnakennara, sem verið hafa í þjónustu ríkisins 15 ár eða lengur, en hætt störfum, áður en hámarksaldri var náð, skuli njóta sams konar lífeyrisréttinda og aðrir meðlimir lífeyrissjóðsins, þannig að eftirlaun þeirra miðist við launin, eins og þau eru á hverjum tíma. Eins og nál. á þskj. 337 ber með sér, mælir fjhn. einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að mega samtímis tala fyrir þessu frv. og næsta máli á dagskrá, með leyfi hæstv. forseta, þar sem hér er um frv. að ræða, sem eru sama eðlis, en þau fjalla í stuttu máli um það að veita aukin réttindi þeim ríkisstarfsmönnum, sem hafa hætt störfum hjá ríkinu, áður en þeir náðu fullu aldurshámarki, ef þeir hafa samfellt gegnt störfum hjá ríki eða ríkisstofnunum í 15 ár. Ástæðan til þess, að frv. er flutt, er sú, að eins og hv. þdm. er kunnugt, er verðtrygging á lífeyri úr þessum lífeyrissjóði á þann hátt, að lífeyririnn er hverju sinni miðaður við þau laun, sem greidd eru í sambærilegu starfi. Þeir, sem hafa hætt störfum hjá ríkinu, njóta hins vegar ekki þessara réttinda, heldur eru þeirra laun miðuð við þau laun, sem starfið bar, þegar þeir hættu, og er hér að sjálfsögðu um mikla mismunun að ræða. Aftur á móti þykir það sjálfsagt og eðlilegt, að ekki sé gerður jafn hlutur þeirra manna, sem allt til loka starfsaldurs gegna störfum í þjónustu ríkisins, og hinna, sem af einhverjum ástæðum hafa hætt, og því eru hér sett nokkru þrengri mörk en almennt gilda um lífeyrissjóðsréttindi lífeyrisþega úr þessum sjóðum, þegar um það er að ræða, sem hér greinir, að þeir hafi hætt störfum áður. Bæði er það, að takmörkin varðandi þá menn, sem njóta þessara réttinda, eru þrengri, því að í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins geta verið ýmsir aðrir aðilar en þeir, sem hér um ræðir, en það þykir ástæða til að hafa mörkin þrengri vegna þess, að verðtryggingin er algerlega borguð úr ríkissjóði, en ekki úr lífeyrissjóði. Það þykir því sanngjarnt og eðlilegt með hliðsjón af því, að hér séu mörkin sett þannig, að þetta sé takmarkað við starfsmenn ríkisins og hjá tilteknum ríkisstofnunum. Í annan stað er rétturinn miðaður við 15 ára starfsaldur en ekki 10 ár, sem er hin almenna regla. Frv. þessi eru útbúin af stjórn lífeyrissjóðsins og vænti ég þess, að hv. þdm. þyki þau ganga til móts við þær óskir, sem stundum hafa komið hér fram á Alþ. um breyt. í þessu efni og þyki jafnframt ekki óeðlilegt, að mörkin séu nokkuð strangari en ella. Þá er á l. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins gerð sú breyt., að starfsmönnum BSRB er veittur aðgangur að lífeyrissjóði, en hingað til hafa þeir ekki haft það, og hafa ekki aðstöðu til að vera í neinum lífeyrissjóði. Hér getur ekki orðið um nema sárafáa menn að ræða, en þar sem hér er um samtök starfsmanna ríkisins að ræða, sýnist ekki óeðlilegt að veita þeim þennan rétt.

Ég vænti þess, að hv. þd. geti fallizt á frv. þessi, eins og þau liggja fyrir, þau hafa þegar fengið afgr. í hv. Ed., og ég vil leyfa mér að leggja til, að þeim verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 293, n. 451).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 513).

---

25. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Á 47. fundi í Ed., 6. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins [149. mál] (stjfrv., A. 294).

Á 48. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er samkynja frv. um breytingar á l. um Lífeyrissjóð barnakennara og gefur því ekki tilefni til neinnar sérstakrar framsögu. Ég legg til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 294, n. 338).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er að efni til samhljóða frv. því, sem hér var til umr. næst á undan, og vísa ég til grg. fyrir því. En fjhn. flytur brtt. við frv. á þskj. 338, og efni þeirrar brtt. er það, að starfsmenn sjálfseignarstofnana, sem aðild hafa að lífeyrissjóðnum, njóti í þessu efni sams konar réttinda og aðrir sjóðfélagar. Þessar stofnanir eru m. a. Tryggingastofnun ríkisins, Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands og Verzlunarskólinn. Má vera, að þær séu einhverjar fleiri, þó að stjórn lífeyrissjóðsins væri ekki kunnugt um aðrar stofnanir en þessar. En fjhn. hefur talið, að eðlilegt væri, að þessir sjóðfélagar nytu í þessu efni sömu réttinda og aðrir. Enn fremur vil ég segja frá því núna við aðra umr. málsins, að áður en þessi deildarfundur hófst hélt fjhn. fund, þar sem ég skýrði frá brtt., sem samkomulag hefur orðið um á milli hæstv. fjmrh. og stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að flutt yrði, en till. er þess efnis, að stjórn sjóðsins sé heimilað að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, sem heyra þeim til og hafa sérstakan fjárhag, og enn fremur starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hvað þetta síðasta snertir munu vera einn eða tveir fastir starfsmenn í þjónustu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, en þeir hafa ekki aðgang að neinum öðrum lífeyrissjóði. Þeir, sem viðstaddir voru á þessum fundi fjhn., hafa samþ., að brtt. í samræmi við þetta samkomulag hæstv. fjmrh. og stjórnar BSRB yrði flutt af fjhn. fyrir 3. umr. þessa máls, og mun henni þá verða útbýtt fyrir 3. umr.

Að öðru leyti leggur n. til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem ég hef gert grein fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 338 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 362, 364).

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég held, að hæstv. fjmrh. hafi haft orð á því, þegar hann talaði fyrir þessu frv. við 1. umr., að hér væri að vissu leyti um réttlætismál að ræða. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðh. Síðan hef ég farið að hugleiða, hvort ekki sé um leið og leiðrétting er gerð, verið að skapa nýtt misræmi eða nýtt órétti. Það er tekið fram í þessu frv., að þeirra friðinda, sem hér er um að ræða, skuli aðeins njóta þeir, sem hafa verið sjóðfélagar í 15 ár eða lengur í þjónustu ríkisins. Það er ekki nóg, að maður hafi verið sjóðfélagi í 15 ár eða lengur, með fullum réttindum og skyldum, sem því fylgja, hann verður einnig að hafa verið í þjónustu ríkisins jafnlangan tíma, að mér skilst. Ef þetta er rétt skilið hjá mér, er ég hræddur um, að hér skapist nýtt misrétti og nýtt óréttlæti. Við skulum hugsa okkur borgarstarfsmann, sem að 5 árum liðnum yfirgefur þjónustuna þar og gengur í þjónustu ríkisins. Hann fær yfirfærð sín sjóðréttindi frá borginni yfir í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er síðan í þjónustu ríkisins í 10, 12 eða 15 ár og hættir svo, áður en hann verður 65 ára, þá fær hann ekki að njóta þeirra réttinda, sem hér um ræðir, enda þótt hann hafi verið sjóðfélagi í 15 ár eða lengur, aðeins vegna þess, að hann hefur ekki verið í þjónustu ríkisins svo lengi. Ég vil benda á þetta við síðustu umr. í þessari hv. d. og mælast til þess, að þetta verði íhugað aðeins nánar af hæstv. ráðh. og hv. n., áður en frv. verður endanlega afgreitt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þegar ég lagði þetta frv. hér fyrir og gerði grein fyrir því við 1. umr., skýrði ég frá því, að hér væri um að ræða alveg sérstök hlunnindi, sem yrði að túlka mjög þröngt. En eins og hv. þdm. er öllum kunnugt, hagar þannig til, að hér er um verðtryggðan lífeyrissjóð að ræða, og það er ríkissjóður, sem verður að borga verðtrygginguna. Hér er ekki um það að ræða, að það séu þeir aðilar, sem greiða á móti framlögum sjóðfélaga til sjóðsins, heldur er það í öllum tilfellum ríkið, sem verður að standa undir aukakostnaðinum, sem hér um ræðir. Af þessari ástæðu þótti nauðsynlegt að setja um þetta mun þrengri reglur en gilda um rétt manna yfirleitt til þess að vera í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, því að þar gegnir nokkuð öðru máli, þar eð vinnuveitendur greiða sín eðlilegu framlög á móti. Að vísu munu þeir sömu menn að vísu, eins og nú standa sakir, njóta verðtryggingarinnar, en það gildir þó ekki um þá, sem hætt hafa störfum. Einnig er hugsanlegt, að menn hafi hreinlega keypt sér réttindi í lífeyrissjóði og hafi ekki verið samtals í þjónustu ríkisins nema fáein ár, og það verður því að teljast með öllu óeðlilegt, að það séu ekki settar um þetta strangar hömlur. Nú er það alveg rétt, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði, að þetta gildir ekki um starfsmenn sveitarfélaganna og ýmsa aðra, sem eiga nú rétt til að vera í lífeyrissjóði. Það er einfaldlega af þessari ástæðu, sem ég sagði áðan, að það þótti ekki fært að ganga það langt að taka á ríkissjóð beinar skuldbindingar í þessu efni, nema hreinlega væri um að ræða starfsmenn ríkisins, sem hefðu verið þá 15 ár samfellt ríkisstarfsmenn eða starfandi, eins og það hefur verið útvíkkað nú, við opinberar stofnanir, þar sem ríkið greiðir á móti framlögum lífeyrisþeganna. Ég tel fyrir mitt leyti

ekki auðið að útvíkka þetta meira að sinni. Það kann vel að vera, að rétt sé að athuga þetta, en það er búið að kanna þetta mál mikið í stjórn lífeyrissjóðsins. Ég óskaði eftir, að þeir könnuðu, hvernig hægt væri að forma þetta mál, án þess að sleppa öllum böndum lausum. Niðurstaðan varð sú, að á þessu stigi væri ekki auðið að ganga lengra en að þessu marki, að þetta ætti eingöngu við starfsmenn ríkisins, enda kann það þá að vera spurning, hvort ekki er eðlilegt, að það séu þá sveitarfélögin, sem að einhverju leyti borgi verðtrygginguna, ef það á að koma til að taka inn slíka aðila, þar sem verðtryggingin fellur að öllu leyti á ríkið. Ég er hv. þm. sammála um það, að hér er um nokkra mismunun að ræða, það er alveg rétt, og ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að það verði tekið til athugunar, hvernig það megi leysa. En með hliðsjón af því, að ég hygg, að allir séu sammála um það, að svo langt sem frv. nær, sé það þó til bóta, þó að menn kunni að vera óánægðir með það að einhverju leyti, og gera má ráð fyrir að fari að styttast í þingtíma, myndi ég telja óæskilegt að gera við það frekari breyt. en orðið hefur samkomulag um, vegna þess að breyt., sem hv. þm. minnist á, mundi ég ekki telja auðið að fallast á, nema gerð væri á því nánari athugun, hvaða afleiðingar það mundi hafa og hvort ekki yrði þá óumflýjanlegt að taka inn einnig aðra, sem eiga rétt á að vera í þessum sjóði.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að sjóðfélagar, sem eru jafngamlir og njóta yfirleitt sömu réttinda, eigi einnig að njóta sömu réttinda í þessu tilviki. Ég get ekki séð annað en að það sé áberandi ranglæti að hafa tvo sjóðfélaga á sama sjóðfélagsaldri og með sömu sjóðfélagsréttindi, en það sé gert upp á milli þeirra í þessu tilviki. Það er kunn saga, að t. d. frá Reykjavíkurborg hafa komið hinir mætustu starfsmenn, gengið í þjónustu ríkisins og yfirflutt sín sjóðsréttindi, og því skyldu þeir ekki njóta sömu réttinda og aðrir jafngamlir starfsmenn ríkisins? Það gladdi mig þó, að hæstv. ráðh. tók að vissu leyti undir mál mitt og taldi það í sjálfu sér sanngirnismál, þótt hann teldi það ekki tímabært að gera þá breyt. á frv. nú, sem nauðsynleg mundi verða.

Herra forseti. Ég vil nú leyfa mér að bera fram brtt., en hún er því miður skrifleg og of seint fram komin og ég vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða. En brtt. mín er við 1. gr. frv. og á þá leið, að efnisatriði gr. orðist á þessa leið: „Hafi hann verið sjóðfélagi 15 ár eða lengur, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin, eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.“

Ég vil m. ö. o., að niður sé fellt „í þjónustu ríkisins eða sjálfseignarstofnunar, sem fengið hefur aðild að sjóðnum“. Með þessu hygg ég, að þetta geti náð til allra sjóðfélaga 15 ára og eldri.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 374) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 374 felld með 11:6 atkv.

Brtt. 364 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 376).

Á sma fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 376, n. 452).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Skv. gildandi l. fá þeir starfsmenn ríkisins, sem hætta störfum áður en þeir ná aldursmörkum til eftirlauna, eftirlaun miðað við kaup, sem fylgdi starfinu, þegar þeir hættu störfum. Á verðbólgutímum geta þessi réttindi orðið lítils virði miðað við þær iðgjaldagreiðslur, sem greiddar hafa verið. Efni frv. er að tryggja það, að sjóðfélögum, sem hafa verið í þjónustu ríkisins í 15 ár eða lengur, verði tryggð eftirlaun miðað við þau laun, sem fylgdu starfinu, þegar lífeyrissjóðsgreiðslur hefjast. Hv. Ed. þótti rétt að láta þetta einnig taka til starfsmanna sjálfseignarstofnana, sem aðilar eru að sjóðnum, og hefur breytt frv. í samræmi við það. Jafnframt hefur Nd., skv. ósk Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, samþ. brtt. um að heimila starfsmönnum bandalagsins aðild að sjóðnum. Fjhn. leggur shlj. til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá Ed. Ég vil aðeins geta þess, að það er þarna annað mál á dagskránni, tilsvarandi mál um lífeyrissjóð kennara. Það hefur verið samþ. í Ed. og fjhn. leggur til, að það verði samþ. óbreytt hér einnig.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 514).

26. Háskóli Íslands.

Á 49. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1957, um Háskóla Íslands [150. mál] (stjfrv., A. 295).

Á 50. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fyrir nokkrum árum var fyrir frumkvæði háskólaráðs skipuð n. til þess að gera áætlun um fjölgun prófessorsembætta og annarra kennaraembætta við Háskóla Íslands á áratug frá því er sú ályktun var gerð. Þessi áætlun var síðan samin — það tók alllangan tíma að semja hana, — af fulltrúum frá öllum deildum háskólans. Síðan var þessi áætlun til rækilegrar athugunar í ríkisstj., sem á sínum tíma, fyrir tveim árum, tók ákvörðun um að leggja til við Alþ., að þeirri áætlun væri hrundið í framkvæmd. Tvívegis áður hefur Alþ. samþ. stjfrv., sem byggjast á framkvæmd þessarar 10 ára áætlunar um kennarafjölgun við Háskóla Íslands. Þetta frv. er þriðja frv., sem flutt er í samræmi við þessa 10 ára áætlun. Hér er gert ráð fyrir stofnun þriggja nýrra prófessorsembætta, og hefur verið gert ráð fyrir fjárveitingum til þeirra embætta í fjárl. fyrir yfirstandandi ár, en þær fjárveitingar koma að sjálfsögðu ekki til framkvæmda, nema hið háa Alþ. fallist á að gera þetta frv. að lögum. Þau embætti, sem stofna átti á árinu 1967 skv. áætluninni og þetta frv. gerir ráð fyrir, að verði stofnsett, eru í lagadeild, læknadeild og viðskiptadeild. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja í einstökum atriðum þau rök, sem af hálfu háskólans voru flutt fyrir því á sínum tíma og fólgin eru í 10 ára áætluninni, en hún var upphaflega prentuð sem fskj. með 1. frv., sem flutt var til þess að hrinda henni í framkvæmd. Geri ég því ráð fyrir, að hv. alþm. séu þau almennu rök kunn, sem fyrir þeirri 10 ára áætlun lágu.

Þá er hér enn fremur gert ráð fyrir því að breyta tveimur dósentsembættum í læknadeild í prófessorsembætti, en þeir dósentar, sem nú gegna þessum dósentsstörfum, eru jafnframt yfirlæknar hvor við sína deild. Annar er dósent í kvensjúkdómum og hinn dósent í röntgenfræðum. Launakjör þessara yfirlækna, sem jafnframt gegna dósentsstörfum, eru nú þannig, að engin hækkun verður á heildarlaunum þeirra og því engin útgjaldaaukning fyrir ríkissjóð, þó að dósentsembættunum verði breytt í prófessorsembætti. Þeir mundu, m. ö. o., njóta sömu launakjara eftir samþykkt þessa frv. sem prófessorar og yfirlæknar og þeir njóta nú sem yfirlæknar og dósentar. En hér er um svo mikilvægar kennslugreinar að ræða innan læknakennslunnar, að læknadeild og háskólaráð hafa talið eðlilegt, að þeir, sem þessum kennslustörfum gegna ásamt yfirlæknisstörfum, beri prófessorsnafnbót.

Sjötta embættið, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er prófessorsembætti í verkfræðideild, og er það embætti utan við 10 ára áætlun um kennarafjölgun, það er m. ö. o. viðbótarembætti, sem ekki var gert ráð fyrir í kennarafjölgunaráætluninni. Hér er um að ræða embætti prófessors í jarðeðlisfræði og er ætlazt til, að hann veiti jafnframt forstöðu þeirri rannsóknarstofu í jarðeðlisfræði, sem þegar hefur verið komið á fót við Raunvísindastofnun háskólans, en hefur ekki fengið fastan forstöðumann ennþá. Vonir standa til þess, ef þetta frv. nær fram að ganga og prófessorsembætti í jarðeðlisfræði verður komið á fót, að um það embætti sæki þá Gunnar Böðvarsson verkfræðingur, sem er einn helzti sérfræðingur, ekki aðeins Íslendinga heldur og í heiminum, í jarðeðlisfræði og þá alveg sérstaklega á því sviði, sem við Íslendingar höfum sérstakan áhuga á, þ. e. a. s. á sviði jarðhita og jarðhitarannsókna. Prófessor Gunnar Böðvarsson gegnir nú prófessorsembætti í Bandaríkjunum, en hefur áður um margra ára skeið verið sérfræðilegur ráðunautur bæði alþjóðasamtaka og ríkisstj. annarra landa einmitt á sviði jarðhitamála og jarðhitarannsókna. Væri það mikill fengur fyrir Íslendinga og íslenzkar rannsóknir, sérstaklega á sviði jarðhitamála, ef Gunnar Böðvarsson fengist til þess að sækja um embætti við Háskóla Íslands og þá um leið tengjast hinni nýju og ungu Raunvísindastofnun háskólans. En til þess eru, eins og ég sagði, ákveðnar vonir, ef þetta frv. nær fram að ganga og embætti prófessors í jarðeðlisfræði verður stofnað, að þessi heimskunni vísindamaður sæki þá um það.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að gera nánari grein fyrir þessu frv. og vona, að hv. Alþ. taki þessu frv. vel, eins og þeim frv., sem ríkisstj. hefur áður flutt til eflingar Háskóla Íslands á undanförnum árum. Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 295, n. 357).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands og fengið á sinn fund rektor háskólans til að ræða við hann innihald frv.

Skv. þessu frv. er gert ráð fyrir 6 nýjum prófessorsembættum við Háskóla Íslands, og væri þó réttara að tala um 4 ný embætti, því að hvað tvo þeirra varðar, er aðeins um breytingar að ræða. Embættin eru þessi:

Það fyrsta er í læknadeild. Er ætlunin að aðskilja meina- og sýklafræði, sem nú er eitt embætti, og gera að tveimur. Þessu eina embætti gegnir nú próf. Ólafur Bjarnason og er talið mjög nauðsynlegt að skilja þætti þess í sundur.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir sjötta prófessornum í lagadeild og er reiknað með, að hann kenni refsirétt, sem talið er mikið verkefni, og mundi þar m. a. verða allmikið um rannsóknir. Í sambandi við umr. um prófessorsembætti í lagadeild kom það í ljós í n., að nokkur misskilningur hefur verið á milli alþm. og háskólans. Hér hefur verið upplýst, þegar prófessorum hefur verið fjölgað áður, að ætlunin væri að setja upp embætti t. d. í réttarsögu. Hins vegar var auglýst prófessorsembætti í lagadeild almennt, án þess að það væri tilgreint í hvaða grein lögfræðinnar hið nýja embætti ætti að vera. Alþm. munu hafa talið, að greinin yrði tengd beint við hið nýja embætti, en rektor upplýsti, að lagadeild hefði ávallt haft þann hátt á að auglýsa embætti sem almenn prófessorsembætti í lagadeild, en deildin síðan skipt með sér kennslugreinum innbyrðis. Enda þótt ekki hafi beinlínis verið auglýst eftir og skipaður prófessor í réttarsögu, heldur aðeins í almennum l., fullvissaði rektor háskólans menntmn. um, að niðurstaðan mundi verða hin sama, því að þessi fjölgun embætta mundi þýða, að einum prófessor yrði gert kleift að helga sig réttarsögu, þó að það verði deildarinnar að ákveða, nú eins og áður, hvort það yrði hinn nýi prófessor eða einhver hinna eldri.

Þriðja embættið er í viðskiptadeild og verður prófessorsembætti í þjóðhagfræði. Þar eru nú 145 stúdentar og lögð vaxandi áherzla á kennslu í hagfræði.

Fjórða embættið er í læknadeild, prófessorsembætti fyrir fæðingarhjálp og kvensjúkdóma. Þetta er nú dósentsembætti og er ætlunin að breyta því í prófessorsembætti. Því gegnir Pétur Jakobsson yfirlæknir.

Fimmta embættið er einnig í læknadeild, í röntgenfræði. Þar er sömu sögu að segja. Dósentsembættinu er breytt í prófessorsembætti og gegnir því nú Gísli Petersen yfirlæknir.

Loks er sjötta embættið í verkfræðideild. Það er prófessorsembætti í jarðeðlisfræði og standa vonir til þess, að Gunnar Böðvarsson muni sækja um það embætti og hann þar með fást til starfa hér á landi, en hann er nú prófessor í Bandaríkjunum.

Menntmn. er sammála um að mæla með samþ. frv. óbreytts.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 57., 58. og 59. fundi í Ed., 6., 7. og 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég bið hæstv. forseta og hv. dm. afsökunar á því, að ég skuli hafa látið hv. d. bíða eftir mér vegna þessarar framsögu. Ég vona, að öllum sé ljóst, að yfir stóð í hv. Nd. mjög löng atkvgr. um orkulagafrv., sem ég var að taka þátt í.

Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar fyrir skömmu með shlj. atkv. hv. dm., en frv. hafði hlotið einróma meðmæli hv. menntmn. d. Efni frv. er það, að stofna skuli 6 ný prófessorsembætti við Háskóla Íslands. 3 af þessum embættum eru stofnuð skv. þeirri 10 ára áætlun um fjölgun prófessorsembætta við háskólann, sem ríkisstj. samþykkti fyrir nokkru að beita sér fyrir við Alþ., að næði fram að ganga. Hafa áður verið stofnuð nokkur embætti skv. þessari áætlun, en áætlunin gerir ráð fyrir því, að á árinu 1967 skyldi stofna 3 ný embætti við háskólann, þ. e. a. s. prófessorsembætti í læknadeild, í lagadeild og í viðskiptadeild. Þá gerir þetta frv. ráð fyrir því að breyta tveimur dósentsembættum í prófessorsembætti, en þessi dósentsembætti eru jafnframt yfirlæknisembætti við Landsspítalann. Og er hér annars vegar um að ræða dósentsembætti í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum, en hins vegar í röntgenfræði. Stofnun þessara prófessorsembætta mun ekki hafa í för með sér neina útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð, vegna þess að hlutaðeigandi yfirlæknar, sem jafnframt eru dósentar, hafa þegar sömu laun og þeir myndu fá skv. þessu frv. sem prófessorar og yfirlæknar. Hér er því fyrst og fremst um að ræða breytingu á starfsheiti tveggja yfirlækna og dósenta við Landsspítalann.

Sjötta embættið er stofnun nýs prófessorsembættis í verkfræðideild, og er hér um að ræða embætti prófessors í jarðeðlisfræði og er gert ráð fyrir því, að sá, sem það embætti hlýtur, veiti jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í jarðeðlisfræði, sem þegar hefur verið komið á fót við Raunvísindastofnun háskólans, en enginn fastur endanlegur forstöðumaður hefur enn verið ráðinn við hana. Stofnun þessa prófessorsembættis er í nánum tengslum við það, að Gunnar Böðvarsson verkfræðingur, sem nú gegnir prófessorsstöðu í Bandaríkjunum, hefur

tjáð sig reiðubúinn til þess að hverfa aftur til Íslands og taka við prófessorsembætti við verkfræðideild háskólans í jarðeðlisfræði, ef slíkt embætti yrði stofnað og jafnframt forstöðu hinnar nýju rannsóknarstofu í jarðeðlisfræði. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að prófessor Gunnar Böðvarsson er ekki aðeins einn helzti sérfræðingur íslenzkur í jarðeðlisfræði og einkum að því, er snertir rannsóknir á hverahita og hagnýtingu hans til raforku og annarra þarfa, heldur er hann einn fremsti sérfræðingur veraldar á þessu sviði og hefur gegnt trúnaðarstörfum eða ráðunautsstörfum fyrir alþjóðastofnanir í þessum efnum og starfar nú að þessu við háskóla í Bandaríkjunum. Það yrði íslenzkum vísindum og Íslandi til ótvíræðs gagns, ef prófessor Gunnar kemur aftur til Íslands og helgar íslenzkum verkefnum og vandamálum mikils metna starfskrafta sína og vonir standa til þess, að það muni verða, ef stofnun þessa prófessorsembættis verður ákveðin. Með þessu móti held ég, að ég hafi gert ljóst efni þessa frv. og vildi mjög eindregið mælast til þess við hv. Ed., þótt langt sé liðið á þingtímann, að hún afgreiði frv. og vona, að jafnákveðin samstaða náist um framgang þess hér í þessari hv. d. eins og átti sér stað í hv. Nd.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég hef ekki annað en gott að segja um það frv., sem hér liggur fyrir um fjölgun prófessorsembætta, svo og um þá áætlun, sem hæstv. ríkisstj. hefur heitið að beita sér fyrir í þessum efnum og þetta frv. er einn liður í. En það er í sambandi við þetta mál eitt atriði, sem mig langar til þess að fá nokkra skýringu á, ef það væri unnt. Í frv. er gert ráð fyrir fjölgun prófessora í lögfræðideild um einn, þannig að þeir verði 6. Á þinginu í fyrra var einnig samþ. fjölgun prófessora í lagadeild um einn, þannig að þá var þeim fjölgað upp í 5. Með frv. því, sem hæstv. ríkisstj. lagði þá fram, fylgdi grg., m. a. frá þeirri n., sem undirbjó frv., og þar var okkur alþm. ótvírætt sagt, að hina mestu nauðsyn bæri til stofnunar nýs prófessorsembættis í lagadeild, 5. embættisins, því að það væri knýjandi nauðsyn að fá til lagadeildar prófessor í réttarsögu. Það er tekið fram í grg., að þetta eina prófessorsembætti í lagadeild skuli vera í réttarsögu. Þar er ennfremur, í mörgum fögrum orðum, talað um brýna og knýjandi nauðsyn á því, að að lagadeildinni fáist einmitt prófessor í réttarsögu. Þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Um nauðsyn á prófessorsembætti í réttarsögu hefur lengi verið rætt og raunar hefur það borið á góma í umr. á Alþ. Íslenzk réttarsaga er óplægður akur. Þar er feykilega mikið verk óunnið". Enn fremur segir svo í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Er nú svo komið, að víða er skarð fyrir skildi í almennri, íslenzkri sagnfræði sakir skorts á rannsóknum í íslenzkri réttarsögu. Er það mjög miður, þar sem íslenzk réttarsaga er mjög mikilvægt rannsóknarefni. Íslenzk lög þjóðveldisaldar eru að sínu leyti jafndýrmætur fjársjóður sem fornbókmenntirnar og eru þau meðal helztu andlegra stórvirkja norrænna manna, og ýmsir telja það lagaverk sambærilegt við rómverska réttarskipun. Það er brýn menningarleg skylda Íslendinga að búa fræðimönnum rannsóknaraðstöðu í réttarsögu, og verður það meðal helztu verkefna prófessors í réttarsögu, auk almennra rannsókna, að hlutast til um að kynna lögskipan þjóðveldis fyrir erlendum fræðimönnum og að fást við útgáfur á lögum þjóðveldisaldar á erlendu máli."

Hér fer ekki á milli mála, að alþm. eru hvattir til að samþykkja fjölgun um einn prófessor í lögfræði vegna þessa máls eingöngu eða vegna þessa máls fyrst og fremst. Þar segir einnig:

„Háskólaráð hefur sýnt mikinn skilning á nauðsyn á prófessorsembætti í réttarsögu með því að skipa þessu embætti í röð hinna fyrstu embætta, er það óskar nú lögfestingar á."

Lögfestingin fékkst í fyrra, en mér er spurn: Er það ekki rétt hjá mér, að þetta prófessorsembætti hafi verið auglýst og það sé búið að veita án þess að setja nokkur skilyrði um, að viðkomandi prófessor sé sérfróður í réttarsögu? Og ef svo er, verð ég að svo stöddu að víta slíkt, með því að prófessorsembættið í fyrra, sem hér er um að ræða, var af Alþ. veitt til þess arna og ekki annars.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fsp. hv. 9. þm. Reykv. er algerlega eðlileg og ég hef á því fullan skilning, að hún skuli koma fram. Það, sem hv. þm. sagði í ræðu sinni um aðdraganda hins nýja embættis í fyrra, var allt saman nákvæmlega rétt. Ég lagði það frv. fram skv. beiðni háskólans, og sú beiðni var rökstudd með nauðsyn þess að stofna embætti í réttarsögu. Mér var það persónulega mikil ánægja að geta flutt það frv., vegna þess að ég tel, eins og raunar kom fram í þeim orðum, sem hv. þm. las úr grg. háskólans fyrir frv., að sérstaka og brýna nauðsyn beri til þess að stofnað sé til sérstaks prófessorsembættis í íslenzkri réttarsögu. Og ég bar frv. fram skv. ósk háskólans og rökstuðningi hans, með beztu samvizku, og Alþ. samþykkti frv. auðvitað í því skyni, að stofnað yrði til embættis í réttarsögu. Mér var að vísu ljóst, að ekki væri völ á mörgum sérfróðum mönnum hér á Íslandi á þessu sviði, en helzti sérfræðingur núlifandi í íslenzkri réttarsögu er einmitt starfandi prófessor við lagadeildina, þ. e. a. s. núverandi rektor háskólans, prófessor Ármann Snævarr. Og ég hafði gert ráð fyrir því, að ef frv. næði fram að ganga, mundi hann taka að sér réttarsögukennsluna og helga sig þá um leið nauðsynlegum rannsóknum í

réttarsögu, enda held ég, að enginn muni draga það í efa, að hann væri til þess færastur íslenzkra manna.

Þegar frv. hafði hins vegar verið samþ. og lög voru komin á um þetta nýja embætti í lagadeildinni, var það auglýst nákvæmlega samkv. ákvæðum háskólalaga og eins og embættin við háskólann eru ávallt auglýst, en í háskólalögum segir, að ákveðin tala embætta sé í hverri deild, og deildin skiptir síðan sjálf verkum milli kennara sinna. M. ö. o.: samkv. ákvæðum háskólalaga eru prófessorsembætti aldrei auglýst í ákveðnum greinum, heldur eru þau eingöngu auglýst sem prófessorsembætti í hlutaðeigandi deild, og það er deildarinnar að ákveða, hvað hver einstakur kennari kennir, en ekki ráðh. Hann hefur engin skilyrði til afskipta af því.

Það, sem svo gerist, þegar þetta embætti er auglýst, er, að tveir umsækjendur sækja um það. Það er skipuð dómnefnd þriggja manna með venjulegum hætti, með einum frá háskólaráði, einum frá deild og einum frá menntmrh. Sú dómnefnd varð sammála um að telja báða umsækjendur hæfa til starfans. Þegar hún hafði lokið störfum, sendi ég umsögn nefndarinnar til deildarinnar með venjulegum hætti, og deildin staðfesti þann dóm dómnefndarinnar, að báðir væru hæfir til starfsins. Ég valdi því annan þeirra, báðir gátu að sjálfsögðu ekki hlotið embættið, og ég valdi þann þeirra, sem þegar hefur kennt við háskólann sem aukakennari í allmörg undanfarin ár, og mér vitanlega hefur engin gagnrýni komið fram á þá embættisveitingu. Ég hef a. m. k. ekki orðið hennar var. En hitt er rétt, sem hv. 9. þm. Reykv. vakti athygli á í ræðu sinni áðan, að réttarsögukennslan hefur ekki verið aukin í kjölfar stofnunar þessa embættis. Kennararnir fimm endurskiptu með sér verkefnum í deildinni, og í kjölfar þeirrar endurskiptingar hefur enn engin aukning orðið á réttarsögukennslunni og hún þá um leið ekki heldur háð skilyrðum til nýrrar rannsóknar í réttarsögu. Hitt er án efa rétt, að mjög brýn nauðsyn var orðin á almennri aukningu kennslukrafta í lagadeild sökum mjög vaxandi nemendafjölda. Fjórir prófessorar ásamt aukakennurum gátu með mjög illu móti annað nauðsynlegri, reglulegri kennslu í deildinni.

Ég hef það fyrir satt, því að ég hef athugað málið síðar, út frá alveg sama þankagangi og lá að baki ræðu hv. 9. þm. Reykv., og fengið þær upplýsingar, sem ég trúi, að skortur á kennslukröftum til almennrar kennslu í lagadeildinni hafi verið orðinn svo mikill, að það hafi beinlínis valdið því, að nám nemenda í deildinni hafi dregizt óeðlilega á langinn. Fjölgun þessara embætta úr 4 upp í 5 mun því tvímælalaust stuðla að því, að laganemar eigi þess kost að ljúka námi sínu á skemmri tíma eftir fjölgunina en áður. Einkum og sér í lagi mun þetta verða nemendum til hagsbóta og stuðla að auknum námsstarfa hjá þeim, þegar sjötta embættið verður stofnað, sem ég vona, að verði skv. þessu frv.

Ég held, að þrátt fyrir allt þurfi Alþ. ekki að hafa vonda samvizku af því að hafa samþ. embættið í fyrra og af því að samþykkja þetta embætti núna. Það auðveldar mjög alla kennslutilhögun í lagadeildinni og gerir kleift, að íslenzkt þjóðfélag fái laganema fyrr til starfa en ella hefði átt sér stað.

Um hitt er ég alveg sammála hv. 9. þm. Reykv., að ég harma það, að enn skuli ekki hafa verið efnt til þeirrar auknu kennslu og sérstaklega til þeirra auknu rannsókna í réttarsögu, sem ég var í góðri trú um, að mundi sigla í kjölfar samþykktar frv. í fyrra. Það er ekki á valdi mínu að ákveða neitt um þetta. Þó vil ég segja að gefnu þessu tilefni, að ég tel það mjög koma til athugunar að breyta ákvæðum háskólalaga um þetta efni. Ég tel þetta og fleiri tilefni vera til þess að taka það til alvarlegrar athugunar, ekki á þessu þingi, heldur á því næsta, hvort það sé rétt, að það sé algerlega á valdi einstakra deilda, hvað kennt sé í deildunum og hvernig kennslunni er skipt á milli kennaranna, og jafnframt, að það sé tekið til athugunar, hvort það eigi að vera algerlega á valdi einstakra deilda, jafnvel einstakra háskólakennara, hvað hver um sig kenni mikið. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að háskólinn hefur algert sjálfdæmi í þessum efnum, hver deild getur ákveðið, hvort kennari kennir þar einn tíma á viku eða hvort hann kennir þar 10 tíma á viku og allt þar á milli. Ég tel það vel koma til athugunar, í framhaldi af þessu og fleiru, að taka ákvæði l. um þetta efni til athugunar, ekki vegna þess að ég telji stjórnarráðið eða menntmrh. eiga að skipta sér í smáatriðum af starfsemi stofnunar eins og háskólans, heldur af því, að ég tel eðlilegt, að l. tryggi hliðstæða starfsemi einstakra deilda innan háskólans, en það gerir lagasetningin, eins og hún er nú, ekki. Nokkurt aðhald frá stjórnarráðinu eða hlutaðeigandi rn. hygg ég að öllum stofnunum sé hollt, a. m. k. ef því er beitt af hófsemi og sanngirni, og ég held, að engin ástæða sé til að óttast, að það mundi ekki gerast af hálfu menntmrn., hver sem svo þar er í forsvari.

Af því að ég hef fullan skilning á aths. 9. þm. Reykv. um þetta efni og finnst hún af hálfu hans og Alþ. vera algerlega eðlileg, skal ég að síðustu láta þess getið, að ég hef rætt þetta mál við forsvarsmenn háskólans og tel von til þess, þó að ég vilji ekki segja meira, vegna þess, að það er ekki á mínu valdi að taka neinar ákvarðanir um þetta efni, að þegar núverandi rektor, sem er tvímælalaust hæfasti sérfræðingur Íslendinga á sviði réttarsögu, lætur af rektorsstarfi, taki lagadeild þá ákvörðun að fela honum sérstaklega réttarsögukennsluna og þá um leið rannsóknir í réttarsögu. Ef þetta verður niðurstaðan af hálfu deildarinnar, þótt svolítið síðar væri, tel

ég, að málið hafi fengið farsæla lausn og vel hafi verið á því haldið. En ég undirstrika enn, að hér er um að ræða mál, sem lagadeildin ákveður sjálf án nokkurra afskipta af hálfu menntmrn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. menntmrh. greinargóðar upplýsingar, en af þeim má ráða, að öll lögfræðideild háskólans hefur óskað eftir fjölgun prófessora í fyrra, eingöngu vegna skorts á almennu kennaraliði, en ekki af þeirri ástæðu, sem gefin var upp. Þessu tel ég mjög miður farið, að fara þannig að við hið háa Alþ. og ekki sízt, þegar í hlut á Háskóli Íslands, að slá sér eitthvað út hjá Alþ. á fölskum forsendum. Auk þess hef ég áhuga á því, þótt ég standi nú allfjarri lögfræði, að prófessor í réttarsögu fái sem allra bezta starfsaðstöðu, ekki aðeins til kennslu, heldur og til rannsókna og er fyllilega samþykkur því, sem ég las hér áðan upp úr grg. frv. frá í fyrra. En hér er ekki við hæstv. ráðh. að sakast, mér er það ljóst, þvert á móti hefur hann sýnt áhuga á að gera vel til Háskóla Íslands m. a. með fjölgun prófessora og ber að þakka honum það.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki heyrt upphaf þessara umræðna, en mér skilst, að þær hafi nokkuð snúizt um prófessorsembættið í lagadeild, sem stofnað var til hér á Alþ. í fyrra. En með því frv. fylgdi grg. frá lagadeild, þar sem gert var ráð fyrir að sérstök nauðsyn væri á að stofna til prófessorsembættis í réttarsögu. Það er misskilningur hjá hv. 9. þm. Reykv., að sú grg. hafi verið byggð á nokkrum fölskum forsendum, eða það prófessorsembætti, sem þá var stofnað, hafi verið stofnað á röngum forsendum. Hins vegar var ekki tekið fram í sjálfu frv., að þetta væri prófessorsembætti í réttarsögu, heldur aðeins að um væri að ræða fjölgun prófessora við lagadeild háskólans, en þannig hefur formið verið á þessu, eins og mér skilst líka, að hæstv. menntmrh. hafi gert grein fyrir, að prófessorum við lagadeild hefur ekki í l. verið ákveðið sérstakt verkefni, heldur hafa þeir skipt verkefninu með sér sjálfir. En þar sem svona var í pottinn búið, þótti réttast að auglýsa prófessorsembættið sem almennt prófessorsembætti, enda hefur það tíðkazt, þegar átt hefur sér stað fjölgun prófessorsembætta í lagadeild, sem reyndar hefur nú ekki verið mjög oft, því að tala kennara við lagadeild var óbreytt miklu lengur en við nokkra aðra deild háskólans. Þá hefur það og verið venja, þegar nýju embætti var bætt við, að stokka upp, ef svo mætti segja, kennslugreinarnar, þegar sá nýi prófessor kom til sögu. Þess vegna þótti það rétt nú líka að auglýsa aðeins laust prófessorsembætti, án þess að í þeirri auglýsingu væri tekið fram, hverjar kennslugreinar þeim prófessor væru ætlaðar. Ég hygg, að það hafi verið gert í fullu samráði bæði við lagadeild og menntmrn., enda var það svo, að réttarsaga hefur verið kennd áður og ákveðinn prófessor hefur kennt hana, og það þótti ekki óeðlilegt að gefa honum eða eldri prófessorum kost á því að velja sér þetta prófessorsembætti í réttarsögu, ef þeir vildu það. En það hefur raunar alltaf verið gert ráð fyrir því, að þetta prófessorsembætti yrði nokkuð sérstaks eðlis, að því leyti til, að það hefur aldrei verið meining lagadeildarinnar að gera mikla kennslugrein úr réttarsögu, og líklega litlu meiri kennslu í sjálfu sér í henni en nú er, en ætlunin var og er að gera það prófessorsembætti að sérstöku rannsóknarembætti í réttarsögu.

Nú var þetta prófessorsembætti ekki veitt fyrr en í janúarlok í vetur, ef ég man rétt, svo að það var í raun og veru lítill tími þá til stefnu til þess að breyta mjög til um kennslutilhögun, það sem eftir var vetrar. Þess vegna var það ráð tekið að fresta fullnaðarákvörðun um skiptingu kennslugreina á milli prófessora, þangað til nú í vor. Einmitt nú alveg á næstunni verður þetta tekið til athugunar. Því fer mjög fjarri, að það sé að neinu leyti horfið frá fyrirætlun lagadeildar um það, að einn af þeim prófessorum, sem nú eru við lagadeildina, fáist sérstaklega við rannsóknir í réttarsögu, en hafi auðvitað jafnframt á hendi kennslu í henni og auðvitað ekki bundið alveg þannig, að hann kenni ekkert annað, heldur er allt eins líklegt, a. m. k. eins og nú háttar til, á meðan starfskraftar eru ekki meiri en þeir nú eru, að hann þurfi að kenna eitthvað jafnframt. Hver það verður, sem tekur þetta réttarsögustarf að sér sérstaklega, skal ég ekkert fullyrða um hér, en það liggur í augum uppi, að ef sá maður, sem hefur kennt réttarsöguna, og er, eins og hæstv. menntmrh. gat um áðan, vafalaust fróðastur í henni, kýs það embætti sér til handa, fær hann það að sjálfsögðu. Nú, ef hann kýs það ekki, er þeim nýja prófessor, sem veitingu hlaut, það auðvitað ljóst, að svo getur farið, að það komi í hans hlut að fást við réttarsögu. Það vissi hann, og hver sem sótti, að það gat komið til greina.

Þetta vil ég aðeins taka fram til þess að fyrirbyggja misskilning, af því að ég gat ekki fellt mig við það, sem hv. 9. þm. Reykv. gaf í skyn í því efni, að það prófessorsembætti, sem hér var samþ. í fyrra, hafi verið veitt á fölskum forsendum. Hins vegar má að sumu leyti taka undir það, sem hæstv. menntmrh. sagði, að það gæti verið allt eins eðlilegt, að prófessorsembætti væru bundin við alveg tilteknar kennslugreinar fyrir fram, og það væri auglýst. Það hefur augljóslega sína kosti, vegna þess að þá er frekar hægt að miða veitingu prófessorsembætta við sérfræðikunnáttu í alveg tiltekinni og afmarkaðri grein. En á hinn bóginn hefur hitt kerfið líka þá kosti, að menn geta skipt með sér verkum og hagað skiptingu kennslugreinanna eftir því, sem hentugt þykir, og það kemur sér ekki sízt vel,

þegar kennslukraftar hafa verið af skornum skammti, eins og þeir lengst af hafa verið í lagadeild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 295, n. 464).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þegar þetta mál var til 1. umr. hér í þessari hv. þd., gerði hæstv. menntmrh. ítarlega grein fyrir efni frv., og urðu allmiklar umr. um málið. Með vísun til þessa og þeirrar grg., sem frv. fylgir, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um efni þess. Það er í stórum dráttum það, að stofnuð verði sex prófessorsembætti við háskólann, þrjú þeirra skv. áætlun háskólaráðs, eða í samræmi við áætlanir háskólaráðs frá 1964, eitt nýtt prófessorsembætti við verkfræðideild og loks, að tveimur dósentsembættum verði breytt í prófessorsembætti.
Eins og fram kemur í nál. á þskj. 464, hefur menntmn. rætt frv. og leggur n. einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 531).

---

27. Jarðeignasjóður ríkisins

Á 20. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um jarðeignasjóð ríkisins [94. mál] (stjfrv., A. 189).

Á 35. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er samið af n., sem ég skipaði 29. sept. s. l., en sú n. studdist við frv., sem samið var í júlí og ágústmánuði s. l. af tveimur mönnum, sem ég þá kvaddi til. Það voru Pálmi Einarsson og Sæmundur Friðriksson, framkvstj. Stéttarsambands bænda. N., sem starfaði frá 29. sept., studdist við þetta frv. um Jarðeignasjóð ríkisins, og hefur því aðeins örlítið verið breytt frá því, sem það var, þegar það kom frá n. Ástæðan til þess að þetta frv. er til orðið, er sú, að það hefur lengi verið erfitt fyrir menn, sem hafa viljað bregða búi og taka sig upp af jörðum, sem eru illa í sveit settar eða litlar og hafa lítið ræktunarland og framtíðarmöguleika, að selja þessar jarðir og koma þeim í peninga. Hins vegar hefur þetta oft verið það eina, sem þetta fólk hefur átt, jörðin, húsin og örlítill bústofn, ef um litla jörð er að ræða. Það er þess vegna eðlilegt, að menn hafi hugleitt, hvort ekki væri rétt að koma til móts við þetta fólk og koma um leið í veg fyrir, að menn bindi sig jafnvel árum saman á lélegum jörðum, á jörðum, sem ekki gefa af sér það lífsviðurværi, sem krafizt er í nútímaþjóðfélagi og allur almenningur í landinu býr við. Með þessu frv. er ætlunin, eins og tekið er fram í 1. gr., að stofna sjóð, sem nefnist Jarðeignasjóður ríkisins. Hlutverk sjóðsins skal vera það að kaupa jarðir í þeim tilgangi að fella þær úr ábúð, enda leiði athugun, sem um ræðir í 1. þessum, í ljós, að það sé hagkvæmt. Heimild þessi tekur til jarða, sem svo er ástatt um, sem nánar greinir: Jörð, sem ekki selst með eðlilegum hætti, en eigandi hennar verður að hætta búskap vegna aldurs og vanheilsu, jörð, sem hefur óhagstæð búskaparskilyrði, jörð, sem ekki nýtur framlaga og lána, sem veitt eru til umbóta á lögbýlum, sbr. IV. kafla jarðræktarlaga, nr. 22 1965, jörð, sem er afskekkt og liggur illa við samgöngum. Þá er Jarðeignasjóði einnig heimilt að kaupa jarðir, sem hlunnindi fylgja og líkur eru til, að ekki verði nýttar til búrekstrar, en hafa sérstakt notagildi fyrir sveitarfélag eða ríki. Þá er Jarðeignasjóði einnig heimilt að veita lán til bónda, sem hefur haft jörð í ábúð undanfarandi 5 ár, sem er talin hafa góð búskaparskilyrði og vera vel í sveit sett, og lánið er þá ætlað til þess að bæta jörðina og tryggja varanlega ábúð á henni.
Skv. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að skipuð verði þriggja manna n., sem ákveður kaupin og metur, hversu hátt skuli fara með verðið. En við ákvörðun matsverðsins skal hafa hliðsjón annars vegar af gangverði hliðstæðra jarða og hins vegar af þeim fjármunum, sem eigandi hefur lagt í jörðina. En kaupverðið má þó aldrei vera hærra en fasteignamat jarðanna er á hverjum tíma.
Stofnframlag ríkissjóðs til Jarðeignasjóðs skal vera 36 millj. og greiðist það jöfnum greiðslum á næstu 6 árum, í fyrsta sinn á árinu 1967. Einnig má Jarðeignasjóður með samþykki fjmrh. gefa út skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs samtals að fjárhæð 36 millj. kr. Jarðir, sem ríkið eignast skv. l. þessum, má selja sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til. Að þessum aðilum frágengnum má selja þær öðrum félagsbundnum aðilum, svo sem

sumarbústaðaeigendum. Í sölusamningi skal það tilskilið, að jarðirnar megi ekki byggja til búrekstrar. Enn fremur má setja í sölusamninga frekari ákvæði um nýtingu og meðferð landsins. Þá er einnig heimilt skv. meðmælum Landnáms ríkisins að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi til þess að bæta búrekstraraðstöðu þeirra, og hefur verið talsvert að því gert undanfarin ár að sameina tvær litlar jarðir, jafnvel þrjár og gera úr þeim eina góða bújörð. Hefur þetta gefizt vel og Jarðeignasjóður gæti vitanlega stuðlað að því, að þetta yrði gert, jafnvel í enn ríkara mæli en verið hefur.

Við sölu jarðanna skal þriggja manna n., sem um ræðir í 8. gr. þessa frv., gera till. til landbrn. um söluverð og greiðsluskilmála. Landnámi ríkisins er skylt, áður en kaup fara fram, að rannsaka búrekstrarskilyrði þeirra jarða, sem ríkinu eru boðnar til kaups, og gera rökstudda álitsgerð um hverja jörð fyrir sig, þ. e. hvort réttmætt sé og æskilegt, skv. ákvæðum þessara l., að ríkið kaupi jörðina. Sérstaklega skal gerð grein fyrir því í álitsgerðinni, hver áhrif það hafi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag, ef lögð verði niður ábúð á jörðinni.

Þá eru þau ákvæði í 8. gr. frv., að landbrh. skipar þrjá menn í n. til fjögurra ára í senn til þess að meta kaupverð jarða, sbr. 4. gr. frv. Einn nm. skal skipaður skv. tilnefningu fjmrh., annar skv. tilnefningu Stéttarsambands bænda, en þriðji nm. skal skipaður skv. tilnefningu Hæstaréttar og er hann formaður n. Þá skulu varamenn skipaðir með sama hætti.

Álitsgerð sú, sem getur um í 7. gr., skal send n. þessari ásamt umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar um sölu jarðar til Jarðeignasjóðs, enda hafi sveitarsjóður áður afsalað sér forkaupsrétti. Þriggja manna n. sendir landbrn., jarðeignadeild, matsgerð ásamt till. og umsögn um jarðakaupin. Síðan tekur landbrh. ákvörðun um, hvort kaupin skuli gerð.

Þetta eru aðalatriði frv., og ef lánsheimild væri notuð og skuldabréfasalan ætti sér stað, hefði sjóðurinn að óbreyttum l. 72 millj. kr. til umráða á þessum sex árum og þó ríflega það með þeim tekjum, sem sjóðnum ættu að áskotnast. Reynslan verður vitanlega að skera úr því, hvort þessi fjárhæð er fullnægjandi eða ekki. Vitanlega verður að fara varlega í að kaupa upp jarðir. Það er alls ekki meiningin með þessu frv. að fara að auglýsa eftir jörðum eða fækka bændum á skipulegan hátt með því að svara eftirspurninni eftir því, hve mikið framboð er, heldur verður að stilla öllu slíku í hóf og kaupa aðeins þær jarðir, sem frá þjóðhagslegu sjónarmiði er talið eðlilegt, að verði teknar úr ábúð, og þær jarðir, sem eðlilegt er talið að kaupa, vegna þess að þeir, sem þurfa að fara frá jörðunum, geti annars ekkert fyrir þær fengið og verði slyppir frá að ganga.

Það er einsætt mál, að það er hættulaust, hvort það er fyrir ríki eða einstaklinga, að kaupa jörð. Ef einstaklingur hefur efni á því að eiga land, er það góð fjárfesting fyrir hann, því að það er öruggt, að landsverðið hækkar. Það er öruggt, að síðar gefst tækifæri til að nota það land, sem ekki eru e. t. v. beinlínis not fyrir í dag. Og þess vegna er það örugglega góð fjárfesting, að kaupa land, hvort sem það er ríkið, einstaklingur, sveitarfélag eða aðrir, sem það gera. En eignalitlir einstaklingar, m. a. gamalmenni, hafa ekki efni á því að binda allt sitt í jarðarverði, þeir verða að fá fé losað, m. a. til þess að geta eignazt þak yfir höfuðið og búið um sig í ellinni.

Ég hygg, að þetta frv., eins og það er hér lagt fram ásamt grg., skýri til fulls, hvaða hlutverk Jarðeignasjóði er ætlað að vinna og það sé að svo stöddu ekki þörf á að hafa öllu fleiri orð við þessa umr. málsins.

Herra forseti. Ég vil leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 189, n. 262).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 189 um Jarðeignasjóð ríkisins, efni þess og ástæður, var skýrt hér við 1. umr. af hæstv. landbrh., og landbn. hv. d. hefur haft það til athugunar á fundi sínum, svo sem álit hennar á þskj. 262 ber með sér. Hún hefur orðið ásátt um afgreiðslu þess og leggur einróma til, að á því verði gerðar nokkrar breyt., sem fluttar eru sem brtt. á sama þskj. Það er fyrst og fremst um orðalagsbreytingar að ræða. Þó vil ég aðeins benda á það, að í 6. gr. frv., þar sem fjallað er um jarðir, sem gert er ráð fyrir að megi m. a. selja sveitarfélögunum, segir, að í sölusamningnum eigi að taka það fram, að jarðirnar megi ekki byggja til búrekstrar. N. hefur orðið sammála um að leggja til að þetta ákvæði falli niður og má raunar segja, að það sé helzt til mikil stjórnsemi af hálfu Alþ. að leggja þannig fyrir um ráðstöfun jarða, sem sveitarfélög kynnu að vilja fá umráð yfir. En sem sagt, ég vænti, að þessar brtt. skýri sig nokkuð sjálfar. Ég geri ráð fyrir því, að það kunni að fara svo með þessi lög, þegar til framkvæmda kemur, að ýmis ákvæði þeirra þurfi endurskoðunar við. Það fer oft svo, þegar verið er að setja í lög það, sem er kannske að nokkru leyti nýmæli, að þegar til framkvæmdanna kemur, kemur eitt og annað í ljós, sem þyrfti að vera á annan veg, og ég skal játa það, að það eru ýmis fleiri ákvæði hér, sem kannske orka tvímælis. En sem sagt, n. hefur orðið ásátt um að standa að þeim brtt., sem liggja fyrir á

þskj., og leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Svo sem kunnugt er, er búnaðarþing nú að störfum hér í Rvík, og mér finnst alveg sjálfsagt, að búnaðarþing fái þetta frv. til athugunar og umsagnar. Formaður Búnaðarfélagsins mun hafa vikið að þessu máli í ræðu, sem hann flutti á búnaðarþingi, og kom þar fram hjá honum, að hann teldi, að það væru gallar á þessu frv., og mun hann því vilja gera á því einhverjar breyt. Ég vil leyfa mér að skora á hv. landbn. að senda frv. nú þegar til búnaðarþings með ósk um, að það taki málið til athugunar, og geri þá, ef því sýnist svo, einhverjar till. um breyt. á frv. Og ég vil vænta þess, að hv. n. geti fallizt á þetta, og einnig hitt, að málið verði ekki afgr. héðan úr þessari hv. d., fyrr en umsögn búnaðarþings liggur fyrir. Enn meiri ástæða er til að gera þetta vegna þess, að Búnaðarfélag Íslands mun ekki hafa verið kvatt til að eiga neinn hlut að samningu frv.

Ég vildi aðeins koma þessari áskorun á framfæri við hv. n., og jafnframt þá við forseta þessarar hv. d., að málið verði ekki látið ganga hér út úr d., fyrr en búnaðarþingi hefur gefizt kostur á að segja álit sitt um þetta mikilsverða mál.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu á málinu. Ég er ekkert sannfærður um, að brtt. hv. n. séu til bóta. En þær eru alls ekki til hins verra, e. t. v. til nokkurra bóta, og þess vegna get ég fallizt á þær.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) vill, að þetta frv. verði sent búnaðarþingi til umsagnar. Að sjálfsögðu getur búnaðarþing sagt sitt álit á þessu máli, og mér er sagt, að það sé ákveðið í að gera það, og að sjálfsögðu munum við heyra, hvað hv. búnaðarþing hefur um málið að segja, en ég tel enga ástæðu til þess að tefja málið í þessari hv. d., enda þótt við viljum hlusta á búnaðarþing, því að jafnvel þótt til þess kæmi, að fallizt væri á einhverja breyt. á frv. eftir ábendingu búnaðarþings, eftir að málið væri komið í hv. Ed., hefur nú annað eins skeð og það, að mál færi einu sinni á milli deilda. Ég mun þess vegna leggja áherzlu á, að málið verði látið ganga áfram, um leið og sjálfsagt er að hlusta á, hvað búnaðarþing segir í þessu máli.

Formaður Búnaðarfélags Íslands taldi í sinni setningarræðu, þegar búnaðarþing var sett, að frv. væri gallað, en fagnaði eigi að síður tilkomu þess. Formaðurinn fór ekkert út í það nánar í hverju gallarnir væru fólgnir, og má það teljast eðlilegt, því að tími hans var vitanlega takmarkaður þar. Hins vegar er það ekki alveg rétt, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, að Búnaðarfélagið hefði ekkert með þetta mál haft að gera. Ég man ekki betur en varastjórnarmaður Búnaðarfélags Íslands hafi tekið þátt í að semja þetta frv. ásamt formanni Stéttarsambands bænda. En um það ætla ég ekkert að ræða. Ég vil segja það, að ég vil hlusta á, hvað búnaðarþingsmenn og búnaðarþing hefur út á þetta mál að setja, en ég vil, að málið verði eigi að síður látið ganga áfram tafarlaust til hv. Ed.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég er dálítið hissa á því, að hæstv. landbrh. skuli hafa á móti því, að þetta stóra mál verði sent búnaðarþingi til umsagnar, úr því að það er hér að störfum. Það kom fram í setningarræðu form. Búnaðarfélagsins, að Búnaðarfélagið hefði ekki verið kvatt til að eiga hlut að samningu frv. Það hefur engan mann tilnefnt til þess. Mér finnst alveg sjálfsagt, að búnaðarþingi verði gefinn kostur á að segja álit sitt á því, og ég legg áherzlu á það, að við fáum að heyra þess álit hér í Nd., áður en málið fer út úr þessari d., því að okkur gefst e. t. v. ekki kostur á því að fjalla um það meira, eftir að það er komið til hv. Ed. Og það er engin hætta á því, að það vinnist ekki nægur tími til að afgreiða málið á þessu þingi, þó að beðið verði í fáeina daga eftir áliti búnaðarþings, beðið með afgreiðslu málsins hér út úr þessari hv. þd. Ég vil sem sagt, eins og ég hef áður sagt, leggja áherzlu á það, að þetta mál verði nú þegar sent búnaðarþingi og óskað eftir umsögn þess, svo fljótt sem það mögulega getur látið hana í té.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef e. t. v. ekki talað nógu skýrt áðan, þegar ég sagði, að það væri vitað, að búnaðarþing væri með þetta mál í athugun, og jafnvel að það væri komin fram brtt. á búnaðarþingi um málið. Það er þess vegna fjarri lagi að tala um það, að búnaðarþing fái ekki tækifæri til þess að fjalla um málið. Það, sem ég legg áherzlu á, er, að málið verði látið ganga áfram, um leið og sjálfsagt er að hlusta á, hvað búnaðarþing hefur að segja.

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur nú tekið það fram, sem ég ætlaði að segja, að mér er einmitt kunnugt um það, að þetta mál er til athugunar á búnaðarþingi. Eins og okkur öllum hv. þm. er ljóst, eru hér 6 umræður og þetta er aðeins 2. umr. í fyrri d. Ég sé ekki annað en það sé nægt tækifæri til þess, að þær aths., sem það kynni að hafa fram að færa, geti legið fyrir, áður en málið verður endanlega afgreitt frá þinginu.

ATKVGR.
Brtt. 262,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 262,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 26 atkv.
Brtt. 262,3 samþ. með 24 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 47., 48., 49., 51., 53., 54. og 56. fundi í Nd., 28. febr., 2., 6., 9., 13., 14. og 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 278, 297, 299, 331, 361).

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Aðaltilgangurinn með þessu frv. mun vera sá að gefa þeim bændum kost á að koma eignum sínum í nokkurt verð, sem verða að neyðast til þess að hætta búskap, og mér sýnist, að þetta sé reyndar eini tilgangurinn með frv. Það er hafið yfir allan vafa, að það er mikil nauðsyn á því, að þessi viðleitni, sem í frv. felst, geti borið nokkurn árangur. Fjöldi bænda um allt land, sem hefur orðið að hætta búskap, hefur orðið fyrir því að verða að ganga frá eignum sínum, sem eru aðallega óseljanlegar eyðijarðir, og hafa ekki getað komið þeim í neitt verð. Afleiðingin hefur svo orðið sú, að þessir bændur hafa ekki getað aflað sér eiginlega neinnar staðfestu annars staðar, þar sem eignir þeirra voru þannig bundnar og ekki hægt að koma þeim í peninga. Hefur þetta komið sér illa fyrir margan manninn, sem vegna heilsuleysis eða aldurs hefur orðið að hætta búskap. Hefur varla verið um neitt annað að ræða hjá mörgum þessara manna en að selja bústofninn og sjá svo af eyðijörðinni óseljanlegri. En ef l. eiga að bera einhvern árangur, sýnist mér, að það verði að tryggja bændum einhvern umtalsverðan hluta af verðmæti þessara eigna. Það verður að tryggja þeim andvirði einhvers umtalsverðs hluta af jarðeignum sínum, sem eftir eru og þeir geta ekki hagnýtt sér á annan hátt. En mér sýnist, að með þessu frv. sé gengið nokkuð skammt í þessu efni. Ákvæðin í 4. gr. frv. eru á þá leið, að mér sýnist ekki, að vonir standi til þess, að þessir bændur fái mikið verð fyrir jarðir sínar. Í 4. gr. frv. segir, að kaupverð jarða, sem Jarðeignasjóður kaupir skv. 1. gr. þessara l., skuli vera skv. matsgerð þriggja manna nefndar. En svo segir: „Við ákvörðun matsverðsins skal hafa hliðsjón annars vegar af gangverði hliðstæðra jarða, hins vegar af þeim fjármunum, sem eigandi hefur lagt í jörðina.“ Og loks segir, að kaupverðið megi þó ekki vera hærra en fasteignamat jarðanna er á hverjum tíma. Það eru tvær meginreglur settar þarna fram, sem takmarka mjög það verð, sem bændurnir geta fengið fyrir þessar jarðir. Önnur reglan er sú, að það skuli vera gangverð jarðanna. Við getum gert okkur í hugarlund, hvað muni vera gangverð óseljanlegra eyðijarða, en það eru fyrst og fremst þær, sem koma þarna til greina, jarðir sem ekki er hægt að selja með venjulegum hætti.

Ég held, að það sé tilgangslítið að setja það sem meginreglu, að þetta skuli verða matsverð jarðanna. En þetta á tvímælalaust að vera meginregla, því að í aths. með frv. um þessa 4. gr. segir: Hér er fylgt þeirri meginreglu, að kaupverð jarða skuli miðast við framboð og eftirspurn. Eftirspurnin eftir þessum jörðum er nú ekki meiri en þetta, að þær reynast í flestum tilfellum óseljanlegar og þetta á að vera meginreglan, sem á að meta jarðirnar eftir. Hin reglan, sem ég nefndi, er sú, að Jarðeignasjóður megi þó ekki kaupa jarðirnar hærra verði en á fasteignamatsverði. Að vísu á sú regla ekki að taka gildi fyrr en væntanlegt fasteignamat tekur gildi, þ. e. a. s. það er ekki bundið við núverandi fasteignamat, heldur á þetta að vera bundið við hið væntanlega fasteignamat. Ég held þó, að þó að þetta hámark verðsins sé ekki bundið við núverandi fasteignamat, breyti þetta ákaflega litlu, fyrst hitt á að vera aðalreglan, að það sé gangverð jarðanna, sem á að fara eftir. Og þegar gangverðið er nú ekki til, fara menn varla að meta jarðirnar langt yfir fasteignamat. En í aths. segir einmitt um þetta: „Þó er sá varnagli sleginn, að kaupverðið megi aldrei vera hærra en fasteignamat jarðarinnar á hverjum tíma.“ Þetta á þó að vera önnur aðalreglan um verð á þessum jörðum. Annars vegar gangverð jarðanna, sem er í raun og veru ekkert, og hitt er fasteignamatið. Þetta eru þá þeir fjármunir, sem bændur eiga von á að fá fyrir jarðir sínar, ef Jarðeignasjóður á að kaupa þær.

Nú er ekki vitað, hvernig næsta fasteignamat verður, en það er talið af ýmsum, að það muni verða verulega hærra en núgildandi fasteignamat er á jörðum, og það er ekki ótrúlegt, þó ekki væri vegna annars en þess, hvað peningar hafa rýrnað í verðgildi. Jafnvel þó að ekki hafi verið gerðar umbætur á jörðunum, ætti það að vera eitthvað hærra af þeim ástæðum. En er nú mikil von til þess, að það verði farið að meta jörð hærra en hún var metin síðast, eftir að hún er komin í eyði og er orðin óseljanleg, sem var þó í byggð, þegar núverandi fasteignamat fór fram? Ég held, að það séu ákaflega litlar líkur til þess að nokkur matsnefnd fari að meta jarðirnar hærra verði eftir að jörðin er komin í eyði og er ekki seljanleg. Mér sýnist því, að það beri allt að sama brunni um það, að verðið sem bændur eiga von á að fá fyrir þessar jarðir sínar, getur ekki orðið sem neinu verulegu nemur hærra en núverandi fasteignamat er á þeim, ef það verður þá ekki lægra. Það segir að vísu í þessari grein, að það skuli hafa hliðsjón af fjármunum, sem eigandi hefur lagt í jörðina. En það ákvæði hefur þó svo lítið að segja, þegar búið er að binda hámarkið við fasteignamatið. Mér þykir sennilegast, að ef einhverjar umbætur hafa verið gerðar á jörð, jafnvel þó að ekki hafi verið byggt nema eitt fjárhús eða hlaða, þá séu komnir fjármunir í jörðina, sem eru miklu meiri en fasteignamatsverðið, svo að það er ekkert gagn að þessu.

Ég hef litið yfir fasteignamat á jörðum í einu sveitarfélagi á Vestfjörðum, þar sem ég er kunnugur. Þ. á m. eru 14 jarðir, sem eru allar í byggð núna, en ég tel litlar líkur til, að það komi ábúandi á þær, þegar núverandi bændur hætta búskap, af því að jarðirnar eru litlar, hafa takmarkaða ræktunarmöguleika og eru ekki vel í sveit settar. Mér þykir það fremur ótrúlegt, að nokkur af þessum 14 jörðum byggist aftur, þegar núverandi bændur hætta. En hvað um fasteignamatið á þessum jörðum? Það er hæst 12200 kr. og lægst 3000 kr., en meðalfasteignamat á öllum 14 jörðunum er 5960 kr. Nú skulum við hugsa okkur, að þessar jarðir hækkuðu eitthvað í næsta mati, jafnvel þó að þær yrðu komnar allar í eyði og reyndust óseljanlegar. Ef til vill yrðu þær hækkaðar eitthvað, við skulum segja um 50%, og þykir mér það þó frekar ótrúlegt. Þetta eru þá fjármunirnir, sem þessir bændur eiga kost á að fá fyrir jörðina, það eru kannske 6, 8, 10 þúsund, hæst upp í 18 þús. kr., dýrasta jörðin af þessum 14. Ég held að þessir bændur standi nokkurn veginn jafnréttir, hvort sem þeir fá þetta verð fyrir jarðirnar sínar eða ekki.

Það á sérstök nefnd að meta þessar jarðir, áður en kemur til þess að Jarðeignasjóður kaupi þær, en þessi nefnd hefur ekki ýkjamikið hlutverk, því að hún má ekki, eða réttara sagt henni þýðir ekkert að meta þær hærra en fasteignamatið. Það eina, sem þessi matsnefnd ætti þá að gera, væri að úrskurða, hvort jörðin skyldi seld lægra verði en fasteignamatið er, því á hærra verði má ekki selja hana. Ég hef því lagt til í brtt., sem ég flyt á þskj. 299, að fellt verði niður úr 4. gr. frv. ákvæðið um, að fara skuli eftir gangverði þessara jarða, sem ég hef sýnt fram á, að er ekkert til, og legg líka til að fella skuli niður það ákvæði, að ekki megi kaupa jarðirnar hærra verði en fasteignamatið er. Mér sýnist alveg óhætt að gefa matsnefndinni frjálsar hendur um að meta þessar jarðir og setja mönnum ekki þannig stólinn fyrir dyrnar, að ekki megi kaupa þær hærra verði en fasteignamatsverðið er. Í fyrsta lagi þarf hvort sem er að leita álits landnámsstjóra um þessar jarðir, í öðru lagi þarf að leita álits viðkomandi sveitarfélags, svo að hin væntanlega matsnefnd mundi fá það fullnægjandi upplýsingar um verðmæti þessara jarða, að henni væri trúandi til að meta þær, og Jarðeignasjóði þá heimilt að kaupa þær með því verði, sem nefndin telur sanngjarnt, en vera ekki að setja þessar hömlur á, sem hér er gert ráð fyrir.

Þá er mér ekki ljóst, hvernig fara á um þær jarðir, sem fasteignaveðslán hvíla á. Nú er það trúlegt, að á öllum fjölda þessara jarða hvíli einhver lán, jafnvel þótt litlar umbætur hafi verið gerðar á þeim, einhverjar byggingar, einhver ræktun, þá hvíla á þeim mjög sennilega einhver fasteignaveðslán. Hvernig fer um þessa bændur eða jarðir þeirra, þegar þeir hætta og geta ekki selt jörðina, en vilja selja hana Jarðeignasjóði? Á jörðinni hvílir lán, ekki kannske neitt ýkjahátt, en þó miklu hærra en fasteignamatið er á jörðinni, kannske margfalt og þarf ekki mikið til. Getur Jarðeignasjóður keypt slíkar jarðir eða falla þær allar út, þannig að þær koma ekki til greina? Ég er ósköp hræddur um, að það fari svo, að Jarðeignasjóður kaupi engar slíkar jarðir, ef á þeim hvíla lán, sem nema meiru en fasteignamatinu, af því að það á að banna Jarðeignasjóði að kaupa jarðirnar dýrari en nemur fasteignamatsverðinu. Sé lánið hærra, getur Jarðeignasjóður ekki tekið það á sig, því að þá er hann að kaupa jörðina hærra verði. Hvað á þá bóndinn að gera? Á hann þá að greiða upp lánið fyrst og fara svo að selja Jarðeignasjóði jörðina fyrir ekki meira verð en þetta? Ég get ekki ímyndað mér, að það sé hugsað þannig, en það teldi ég stóran ágalla á lögunum, ef bændur yrðu allir útilokaðir frá að geta selt Jarðeignasjóði jarðir sínar, þar sem veðskuldir eru meiri en fasteignamatsverðið er.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að taka fram út af þessari grein, en ég endurtek, að það er ákaflega mikil nauðsyn, að koma þessum bændum til nokkurrar aðstoðar, sem ekki geta selt jarðir sínar, en að þessi aðstoð verður hégómi einber að mínum dómi, ef á að setja skorður við því, að enga jörð megi kaupa hærra verði en fasteignamatsverðið er, og í annan stað, að það eigi að fara eftir gangverði, gangverði á óseljanlegum eyðijörðum. Þess vegna hefði ég talið það mjög hyggilegt að lagfæra þessa grein og sé enga hættu á ferðum, þó að það væri gert.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það er nokkur tími liðinn síðan þetta frv. var til 2. umr. hér í hv. þd., en þá var það samþ. hér með shlj. atkv. með þeim breyt., sem landbn. hafði lagt til að á frv. yrðu gerðar. Stjórn Búnaðarfélags Íslands lagði þetta mál fyrir búnaðarþing, sem nýverið sat að störfum hér í borginni, og búnaðarþingið óskaði eftir því, að á frv. yrðu gerðar nokkrar fleiri breyt. en þær, sem landbn. hafði lagt til. Landbn. hefur athugað þessar brtt. búnaðarþings og fallizt á að gera þær að sínum og flytja þær allar nema eina, en sú brtt. búnaðarþings, sem við tókum ekki upp, var við 8. gr. frv., þar sem rætt um skipun n. til þess að meta kaupverð jarða. Í gr. stendur, að einn aðilinn, sem á að tilnefna í þessa n., sé Hæstiréttur, en búnaðarþing óskar eftir, að það verði Búnaðarfélag Íslands í stað Hæstaréttar, en þessa brtt. hefur n. ekki tekið upp. Hinar brtt. tók n. allar upp og flytur þær á þskj. 331.

Þar er fyrst lögð til sú breyt. við 3. gr., að aftan við hana bætist það ákvæði, að Jarðeignasjóði sé heimilt að veita sveitarfélögum lán til jarðakaupa, skv. ákvæðum 6. gr. frv. Með þessu yrðu sveitarfélögunum skapaðir auknir möguleikar til þess að eignast þessar jarðir og fá yfir þeim umráðarétt, fá umráðarétt yfir því landi, sem liggur innan umdæmis hvers

sveitarfélags, ef þau á annað borð óska eftir að kaupa þessar jarðir.

Í 6. gr. frv. er ákvæði um það, að Jarðeignasjóðnum sé heimilt að ráðstafa þeim jörðum, sem hann kann að eignast, og þá fyrst og fremst að selja þær þeim sveitarfélögum og upprekstrarfélögum, sem jarðirnar heyra til, eins og stendur í frv., og enn fremur öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi til þess að bæta búrekstraraðstöðu þeirra. Brtt. við 6. gr. er á þá lund, að selja megi einstaklingi jörð til varanlegrar ábúðar, ef það verður til þess að styðja byggð í sveitarfélaginu að dómi þeirra aðila, sem upp eru taldir í gr., þ. e. Landnáms ríkisins, Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi sveitarstjórnar, en það er einmitt ein af brtt., að lagt er til, að þarna bætist við tveir aðilar, þ. e. Búnaðarfélagið og viðkomandi sveitarstjórn. Við vitum, að það getur í ýmsu tilliti orðið sveitarfélaginu til baga, ef byggð grisjast þar mjög, og einnig er það svo, að í ýmsum sveitum er fólk, sem hefur jafnvel megintekjur sínar af öðru en beint af landbúnaði, og þetta fólk þarf þá náttúrlega ekki á miklu jarðnæði að halda.

Brtt. við 7. gr. er raunar í samræmi við þá breyt., sem lagt er til að gerð sé á 6. gr., þ. e. sem sagt að bæta þarna inn í Búnaðarfélagi Íslands og hlutaðeigandi sveitarstjórn, sem eiga að leggja fram rökstudda álitsgerð um það, hvort réttmætt sé og æskilegt skv. ákvæðum þessara laga, að ríkið kaupi jarðirnar.

Þá er lagt til, að á 10. gr. verði gerð sú breyt., að Jarðeignasjóði sé skylt að greiða fasteignaskatt af þeim jörðum, sem hann eignast með þessum hætti. Við vitum það, að gjöld sveitarfélaga, t. d. til sýslusjóða og almannatrygginga, eru m. a. viss hundraðshluti af fasteignamati, og við getum fallizt á það, að eðlilegt sé, að Jarðeignasjóður greiði fasteignaskattinn, sem rennur til sveitarsjóðanna. Þá er einnig lagt til, að Jarðeignasjóði sé skylt að taka þátt í fjallskilakostnaði vegna þeirra jarða, sem hann kann að eignast í fámennum hreppum með erfið fjallskil. Þetta fannst okkur líka eðlileg ósk og sjálfsagt að setja þetta inn í frv.,

Síðasta brtt., sem n. flytur á þskj. 331, er aðeins orðalagsbreyting, okkur þótti betur fara á því, að greinin væri orðuð eins og þar segir. Það kom engin ósk um það frá búnaðarþingi, að gerð væri breyting á 4. gr. frv., en hv. 3. þm. Vestf. hefur nú lagt brtt. fram, sem snertir þessa grein, og við flytjum sem sagt enga brtt. við hana heldur. Það er eflaust margt rétt í því, sem hv. þm. sagði, en það stendur nú í greininni, að miða skuli við hið nýja fasteignamat, sem á að taka gildi innan tíðar. Við vitum fyrir víst, að fasteignamat hækkar mjög verulega, þó að við vitum ekki, hve mikið það verður.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar. Landbn. leggur til, að þessar brtt. séu samþykktar, en hefur ekki tekið afstöðu til annarra brtt., sem fram hafa komið.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í 2. gr. þessa frv. segir, að Jarðeignasjóði skuli heimilt að kaupa jarðir, sem hlunnindi fylgja og líkur eru til að verði ekki nýttar til búrekstrar, en hafa sérstakt notagildi fyrir sveitarfélag eða ríki. Þegar ég las þetta, þá rifjaðist það upp fyrir mér, að fyrir nokkrum árum var samþ. hér á hinu háa Alþ. till. til þál. um ráðstafanir til að tryggja, að hlunnindajarðir haldist í ábúð, og athugun á því, hvers vegna góðar bújarðir fara í eyði. Þessi ályktun var samþ. 9. apríl 1963 og var þannig orðuð, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa 3 manna nefnd og sé hún þannig skipuð, að búnaðarmálastjóri og landnámsstjóri séu sjálfkjörnir, en landbrh. skipi þriðja nm. án tilnefningar. Verkefni n. séu að kynna sér ástæður fyrir því, að jarðir fari í eyði, og sé einkum athugað, að hve miklu leyti þær fara í eyði vegna þess, að einstakir menn kaupi þær eða sleppi ekki eignarrétti sínum af þeim vegna laxveiði eða annarra hlunninda, og í öðru lagi að safna gögnum um áhrif slíkrar þróunar á landbúnað annarra þjóða og ráðstafanir þeirra þjóða til varnar gegn henni.“ Síðan sagði, að n. skyldi hraða störfum, svo sem auðið væri, og skila till. til úrbóta svo fljótt sem verða mætti. Nú eru sem sagt senn liðin 4 ár, síðan þetta var samþ., og n. mun hafa verið sett á laggirnar. En ég minnist þess ekki, að það hafi nokkuð komið um þessa athugun. Ég minnist þess ekki, það hefur þá farið fram hjá mér, ef svo hefur verið. Ég vildi því leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. landbrh., hvað sé að frétta af störfum þessarar n. Ég man a. m. k. ekki eftir, að þetta hafi verið gert að þingmáli síðan.

Eins og þetta frv. var upphaflega lagt fyrir af hálfu hæstv. stjórnar, virtist það vera meiningin með því að kaupa jarðir með vissum skilyrðum eða þegar vissar ástæður væru fyrir hendi, og þá ekki gert ráð fyrir því, eins og frv. var uppbyggt, að þær yrðu teknar eða þeim yrði ráðstafað til ábúðar síðar. Að vísu er gert ráð fyrir því, að það væri heimilt að selja öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi jörð, sem ríkið hefur keypt skv. þessum lögum, ef frv. verður að lögum, til að bæta búrekstraraðstöðu þeirra, m. ö. o.: það er heimilt að selja þeim þær til að leggja við sínar jarðir. Auk þess stóð í frv., að það væri heimilt að selja þær sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til. En það virtist vera rauði þráðurinn í þessu, að þeim jörðum, sem yrðu keyptar skv. frv. eða lögunum, yrði ekki ráðstafað aftur til ábúðar.

Nú hefur hv. landbn. flutt brtt. við þetta á þskj. 331, þar sem segir, að enn fremur sé heimilt að selja einstaklingum jarðirnar til varanlegrar ábúðar, að fengnu áliti Landnáms ríkisins og Búnaðarfélags Íslands. Ég er meðmæltur þessari brtt. landbn. Hins vegar veit ég ekki, hvernig ætti að tryggja það, að þær yrðu seldar til varanlegrar ábúðar, því að það

er engin trygging fyrir því, þó að þær séu seldar einstaklingum, að það verði til varanlegrar ábúðar, eða ég sé ekki, að það sé hægt að tryggja það. En þetta er þó spor í rétta átt, því er ekki alveg slegið föstu, að þær eigi að leggjast í eyði um aldur og ævi.

Ég hefði viljað bæta dálitlu við þessa brtt. hv. landbn. og hef flutt um það brtt. á þskj. 361. Ég vil bæta við þennan staflið í till. hennar þessum orðum: „einnig er heimilt að byggja jarðirnar á erfðaleigu". Ég vænti þess, að hv. n. og aðrir geti á þetta fallizt, því að vel má vera, að einhver vildi taka jörð á erfðaleigu, þó að hann væri ekki reiðubúinn til að kaupa hana, og jörðin gæti alls ekki síður orðið í varanlegri ábúð með því móti.

En áður en ég flutti þessa brtt. og áður en till. landbn. komu fram, hafði ég lagt fram aðra brtt. við frv. Hún er á þskj. 297 og er um það, að 13. gr. frv. falli burt, en í 13. gr. segir, að um leið og lög þessi öðlast gildi, skuli falla úr gildi lög nr. 92 frá 1936, um jarðakaup ríkisins. Nú hefur hv. landbn. einnig flutt till. um þetta, en ég sé ekki annað en að hún sé efnislega alveg eins og greinin er í stjfrv., svo að það breytir engu. Í aths. með stjfrv. segir aðeins um þetta, að rétt þyki að fella þessi lög úr gildi, en það er ekkert sagt frá því, hvers vegna þetta þyki rétt. Að vísu er það sagt, að nú að undanförnu, skilst mér, hafi þessi heimild ekki verið notuð, ríkið hafi ekki keypt jarðir skv. lögunum, en ég vil benda á, að það getur hvenær sem er komið að því, að menn óski eftir að nota þessa heimild, að selja ríkinu jörð og fá hana á erfðaleigu, því að satt að segja árar ekki það vel fyrir þeim mönnum, sem vilja hefja búskap, að það getur vel komið til greina, að menn vildu einmitt eiga þess kost að fá jörð á erfðaleigu, jörð, sem ríkið ætti.

Það var nokkuð um það, að þessi heimild væri notuð fyrst eftir að lögin voru sett 1936. En síðan hefur það skeð, að allmargir af þeim, sem þá seldu ríkinu jarðir sínar og tóku þær á erfðaleigu, hafa fengið þær keyptar, því að löggjöfin hér er svo frjálsleg í þessu efni, að þeir, sem búa á erfðaleigujörðum og hafa búið þar fá ár, eiga rétt á því að kaupa jarðirnar með því skilyrði, að þeir geri þær að ættaróðulum. Þetta hafa allmargir gert, en svo eru líka margir, sem ekki hafa hirt um þetta og búa áfram á erfðaleigujörðum og hafa þar góð kjör.

Eitt af stærstu vandamálum landbúnaðarins nú er það, hve erfitt það er fyrir efnalitla menn að hefja búskap. Það kostar óhemjumikið fé að kaupa jörð, bústofn og vélar og allt, sem til búrekstrar þarf, og það er erfitt að fá þetta fé að láni, það er erfitt fyrir unga og efnalitla menn að hefja búskap við þessi skilyrði. Það hefur oft verið talað um það, og till. fluttar um að efla veðdeild Búnaðarbankans til að greiða fyrir jarðakaupum, en málinu hefur satt að segja lítið þokað áfram. Það var vist á síðasta hausti, þegar samið var um verð á landbúnaðarvörum, að hæstv. ríkisstj. gekk inn á að gefa fyrirheit um að leggja fram 20 millj. kr. á þessu ári, 1967, til veðdeildar Búnaðarbankans og var það hugsað þannig, að það væri til að greiða fyrir mönnum í sambandi við eigendaskipti á jörðum. Þetta segir náttúrlega ákaflega lítið, og nú er þannig ástatt með veðdeildina, að hún er algjörlega fjárvana, og það liggja fyrir allmargar umsóknir frá síðasta ári frá mönnum um lán, einmitt í sambandi við jarðakaup, sem ekki hefur verið hægt að sinna. Fyrir fáum dögum talaði ég við bankastjóra Búnaðarbankans, og þá var ekki komin ein króna enn þá af þessum 20 millj., þó að komið sé fram í marzmánuð, og virðist þar ekki hafður mikill hraði á, og getur það bent til þess, að þeir, sem sitja í ríkisstj., séu seinlætismenn eins og Sírak. En vonandi koma nú þessar 20 millj. og það verður auðvitað dálítil úrbót, þó að hún sé algjörlega ófullnægjandi.

En ég var að tala um erfiðleika manna, sem eru að hefja búskap, og það getur verið stórum auðveldara fyrir þessa menn, áhugasama menn, sem eru að hefja búskap í sveit, ef þeir geta fengið ríkisjörð á erfðaleigu, en þurfa ekki að leggja fé í jarðakaup og standa í því að fá sér lán til þess. Það verður satt að segja nógu erfitt fyrir þá, eins og nú er ástatt í okkar þjóðfélagi, að ná í peninga til að kaupa bústofn og vélar, því að bústofnslán fást engin nú, því miður. Náttúrlega þarf að bæta úr því. Og það er mjög aðgengilegt skv. þessum lögum frá 1936 og hentugt fyrir menn að fá ríkisjarðir á erfðaleigu, því að þær eru leigðar með góðum kjörum. Ég vil segja, að það sé meiri trygging fyrir því, að afkomendur þeirra manna, sem búa á erfðaleigujörðum, geti notið verka þeirra þar en þegar um sjálfseignarjarðir er að ræða. Það er a. m. k. ekki minni trygging, ég vil segja, að í mörgum tilfellum sé hún meiri, ef menn þurfa ekki stöðugt að vera að kaupa jarðirnar.

Það mun vera þannig nú, að meiri hluti bænda hér á landi eru sjálfseignarbændur, og meiri hluti bænda mun helzt kjósa það fyrirkomulag. Á meðan svo er, verður auðvitað meiri hlutinn af jörðum í sjálfsábúð. Það er sjálfsagt fyrir þá, sem telja það heppilegasta fyrirkomulagið að kaupa sínar jarðir og eiga þær, að gera það, hafi þeir möguleika til þess. En þó að ég telji það víst, að meiri hluti bænda sé þannig sinnaður, eru skiptar skoðanir um þetta mál eins og mörg fleiri í okkar þjóðfélagi. Það eru til menn, og þeir eru líka til í hópi bænda, sem líta svo á, að það sé ekkert sáluhjálparatriði fyrir fólk í sveitum landsins, að þar sé hver ættliðurinn á eftir öðrum að strita við að kaupa ábýli sitt og eyða oft til þess miklum hluta ævi sinnar. Þessir menn eru til og það má gjarnan virða þeirra skoðanir líka, því að þar sem ég þekki til er ekkert verr búið á erfðaleigujörðum í eigu ríkisins en á sjálfseignarjörðum yfirleitt, og þar hafa verið gerðar umbætur á síðustu árum ekkert síður

en á þeim jörðum, sem eru í sjálfsábúð. Menn hafa í raun og veru meiri möguleika til þess, ef þeir þurfa ekki stöðugt að vera að leggja fjármuni í það að eignast ábýli sitt.

En sem sagt, nú vill hæstv. ríkisstj. og landbn. líka fella þessa gömlu lagaheimild niður. Ég sé ekki, hvaða tilgangi það þjónar, ég sé ekki, að þessi l. frá 1936 séu nokkrum manni til meins. Skv. þeim er ekki tekinn eignarumráðaréttur af einum einasta manni yfir jörð, sem hann býr á, nema hann óski þess sjálfur. Og hvers vegna má ekki þessi heimild vera áfram í l., svo að það sé möguleiki fyrir ríkið að eignast jarðir og leigja þær mönnum, sem vilja fá ríkisjarðir á leigu og tryggja sér þar með varanlega ábúð og afkomendum sínum, ef þeir vilja? Hvers vegna má þetta ekki vera í lögum? Þess vegna hef ég, eins og ég sagði áðan, leyft mér að leggja fram brtt. um það, að 13. gr. frv. falli niður. Ég tel, að það sé sjálfsagt að hafa þessa heimild í l., eins og ég sagði, hún er engum til meins, en getur komið að góðu gagni. Mér þætti það ekkert ótrúlegt, þó að frv. verði samþ. núna eins og það er, að að því komi innan skamms, að slík heimild verði aftur sett í l., vegna þess að þörfin kalli á hana, þörf margra manna, sem vilja búa í sveit, en hafa ekki efni á því eða möguleika á því að kaupa jarðir dýru verði og vilja gjarnan nota sér þann möguleika að fá jörð, sem ríkið á, til varanlegrar ábúðar með hagstæðum erfðaleigukjörum. Það er á það að líta, að þeir, sem búa á ríkisjörðunum með erfðaleigukjörum, hafa algerlega sömu umráð yfir sinni ábúðarjörð til búrekstrar eins og þeir ættu hana sjálfir, það er enginn munur á því. Eini munurinn er sá, að þeir geta ekki gert sér vonir um að selja jörðina með ágóða, jörðina sjálfa, en það tel ég engan skaða vera, þó að þeir hafi ekki möguleika til þess. Það er nú þannig ástatt núna í sveitunum, að það er lítið um það, að menn græði á jarðarsölu, a. m. k. lítur ekki út fyrir, að þeir sjálfseignarbændur, sem nú á að bjarga skv. þessu frv. með því að kaupa af þeim jarðirnar, þegar þeir þurfa af vissum ástæðum að hætta að búa, græði peninga á því að hafa átt jarðirnar, það er ekki útlit fyrir það.

Já, herra forseti, ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Þessar brtt. mínar báðar liggja fyrir, sú fyrri um það að bæta inn í till. landbn. heimild til þess að byggja á erfðaleigu þær jarðir, sem keyptar verða eftir l., ef þetta frv. verður að l., jafnframt því sem heimilað verði að selja jarðirnar einstaklingum til ábúðar. Hin síðari er um, að 13. gr. falli burt og hér verði í l. áfram heimild fyrir ríkið til að kaupa jarðir með þeim skilyrðum, að þær verði byggðar á erfðaleigu. Ég tel heppilegt fyrir okkar landbúnað, að þetta geti hvort tveggja haldizt í hendur, sjálfsábúð fyrir alla, sem það kjósa og hafa möguleika til þess, og einnig erfðaleiguábúð á ríkisjörðum fyrir þá, sem ekki hafa möguleika til að kaupa jarðir eða kjósa hitt fyrirkomulagið heldur.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, og mætti þá byrja á hv. síðasta ræðumanni, sem lagði til, að 13. gr. frv. væri felld úr gildi, vegna þess að l. um Jarðakaupasjóð frá 1936 væru engum til meins, þó að þau væru látin halda gildi sínu. Þetta held ég, að sé alveg rétt, ég hygg, að það verði engum til meins, en engum heldur til gagns, vegna þess að þessi lög hafa verið óvirk núna í áratugi, og það er gerð grein fyrir því á fskj. með frv., hvers vegna lagt er til að fella þessi l. úr gildi. Segir hér orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, um 13. gr.: „Rétt þykir að fella niður með l. þessum l. nr. 92 frá 1936, um Jarðakaupasjóð ríkisins.“ Og hvers vegna? Engin jarðakaup hafa um langt árabil farið fram skv. þeim l., enda l. miðuð við tímabundnar aðstæður. Gögn Jarðakaupasjóðs eru í vörzlu jarðeignadeildar landbrn., og með jarðir, sem keyptar voru af Jarðakaupasjóði, er farið eins og aðrar þjóðjarðir. Eignir Jarðakaupasjóðs þar fyrir utan eru ekki aðrar en nokkur fjárhæð í sparisjóðsbók, aðeins nokkur fjárhæð, og þykir rétt, að hún renni í Jarðeignasjóð.

Það er enginn vafi á því, að það er tilgangslaust að hafa þessi l. lengur í gildi, vegna þess að þau eru óvirk. Ríkið hefur á undanförnum áratugum ekki treyst sér til að leggja til fé til að kaupa jarðir. Og það er rétt, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, að ef þessi l. verða felld úr gildi nú, gæti það orðið síðar, að eitthvað í þá átt, sem gömlu l. hafa að geyma, yrði aftur lögfest. Þetta er rétt, þetta gæti orðið. Það er vitanlega á valdi Alþ. hverju sinni að breyta l. En það er tilgangslaust að hafa í gildi dauðan lagabókstaf, sem ekki hefur verið virkur, vegna þess að það hefur ekki þótt ástæða til að notfæra sér l., og ég held, að það sé hreinn skrípaleikur að vera að hafa tvo jarðeignasjóði að nafninu til.

Með því frv., sem nú er ætlað að lögfesta um Jarðeignasjóð ríkisins, er gert ráð fyrir árlegu framlagi frá ríkissjóði í 6 ár, til þess að l. geti orðið virk, og það er einnig gert ráð fyrir heimild til lántöku eða skuldabréfasölu til þess að auka það fjármagn, sem Jarðeignasjóður hefur undir höndum. Þess vegna verða þessi l. ekki aðeins pappírsgagn, eins og gömlu l., og það er vitanlega miklu betra. Og ég held, að það sé rétt að stuðla að því, að þau l., sem eru afgr. hér frá hv. Alþ., séu gerð virk, og ég hélt, að hann væri alveg úreltur og kæmi ekki fram hér á hv. Alþ., sá gamaldags hugsunarháttur, að halda í þessu gömlu l., sem eru alveg ónýt.

Það var allt öðruvísi, sem hv. flokksbróðir hv. 1. þm. Norðurl. v. hugsaði í gær, þegar hann beinlínis kom hér upp í ræðustólinn til þess að gera aths. við það, hvort gömlu l. um búreikningaskrifstofuna yrðu ekki felld úr gildi, um leið og ný lög um það efni væru samþ. Sú aths. var vitanlega alveg rétt og í samræmi við það, sem við erum að byggja upp. En hv. 1. þm. Norðurl. v. vill halda í þessi l. frá 1936,

þótt viðurkennt sé af flestum, að þau séu gagnslaus og ónýt og hafi ekki verið virk um áratugi. Hv. þm. var að tala um það, að bændur græddu ekki á jarðasölu nú, og ég hugsa, að það sé rétt. Það hefur oft verið erfitt að selja jarðir, og þær renna ekki út núna frekar en áður, en þó er það nú svo, að þær jarðir, sem eru vel í sveit settar og góðar til búrekstrar, hafa nú selzt, og það hafa orðið ábúendaskipti á þeim, enda er l. um Jarðeignasjóð ríkisins ætlað að ná til þeirra jarða, sem eru lítt seljanlegar, vegna þess að þær eru ekki vel byggilegar og ekki vel í sveit settar.

Ég held, að hv. þm. hafi ekki talað um, að það væri aðeins núna erfitt að selja ýmsar jarðir í sveitinni. Ég held, að hann hafi ekki sagt, að það hafi alltaf verið ósköp auðvelt áður, t. d. áður en núverandi ríkisstj. komst til valda, en hann sagði: „Nú fást engin bústofnslán.“ Af því mátti draga, að bústofnslán hefðu fengizt áður. En það hefur oft verið rætt um, að það væri nauðsynlegt fyrir bændur og sérstaklega fyrir þá, sem eru að byrja búskap, að fá bústofnslán. Það hefur strandað á tvennu, það hefur oftast vantað fjármagn, og einnig hitt, að bústofninn hefur ekki verið talinn veðhæfur, lánastofnanir hafa ekki viljað lána út á bústofninn, viljað hafa eitthvert bakveð að auki, á þessu hefur þetta alltaf strandað. Það var talað um, að veðdeildin sé nú févana, það er eins og hún hafi alltaf áður haft fé, jafnvel þó að hún hafi ekki getað lánað nema 600 þús. á ári. Veðdeild Búnaðarbankans hefur þó fengið meira fé undanfarið en oft áður, og á þessu ári fær hún 20 millj. kr., og er það mesta framlag, sem þessi stofnun hefur fengið á einu ári. Um veðdeild Búnaðarbankans höfum við oft rætt hér á hv. Alþ., og mér finnst, að við eigum að ræða um hana eins og önnur mál, alveg af raunsæi, en ekki með einhverri tæpitungu og reyna að láta líta út sem þetta sé eitthvað verra nú en það hefur áður verið. Sannleikurinn er sá, að það er þegar byrjað að byggja veðdeild Búnaðarbankans upp, en ég skal fúslega viðurkenna, að vegna þess, hve verksvið deildarinnar er víðtækt og mikið, þarf hér meira til, og það þarf meira til til að tryggja rekstrargrundvöll hennar, svo að hún geti innt af hendi það mikilvæga hlutverk, sem henni er ætlað. En ekki meira um það, og tæplega ástæða til að fara nánar út í það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan.

En hv. flokksbróðir hans, hv. 3. þm. Vestf., talaði hér mikið um 4. gr. frv. og vildi afnema ákvæðið, þar sem kveðið er á um það, að kaupverð jarða megi ekki fara yfir fasteignamat, eins og stendur í gr. Hv. þm. talaði um, að ýmsar jarðir fyrir vestan væru í fasteignamati frá 3 þús. og upp í 12 þús. Það er vitanlega gamla matið, en nú kemur nýtt mat og það er alveg vitað, að það mun stórhækka. Og það er nýja matið, sem á að miða við, þegar jarðirnar verða keyptar. Jarðir, sem eru í gamla fasteignamatinu aðeins 3 þús. kr. virði, og jafnvel þó að þær séu 12 þús. kr. virði, hljóta að vera ákaflega litlar, það hljóta að vera ákaflega litlar byggingar og mannvirki á þeim jörðum, og af því leiðir, að það getur tæplega hvílt hátt lán á slíkri jörð, eins og hv. 3. þm. Vestf. var að tala um hér áðan, að það væri ef til vill ómögulegt fyrir Jarðeignasjóð að kaupa jörð, sem hvíldi lán á, vegna þess að fasteignamatið væri svo lágt, og kaupverðið mætti ekki fara upp fyrir það. En ég ætla, að þar sem mannvirki hafa verið gerð að verulegu leyti, byggð hús og annað þess konar, hafi farið fram millimat og ef fasteignamatið er svona lágt, eins og þm. talaði um, hlýtur að vera ákaflega lítið að kaupa, lítið að veðsetja og þá um leið lágt lán á slíkri jörð. Þetta held ég hljóti að vera. En það, sem þessum l. er ætlað að gera, er að kaupa jarðir, afskekktar jarðir, sem ekki eru hæfar til búrekstrar, þannig að þeir, sem eiga þær, þurfi ekki að standa uppi slyppir og snauðir. Og nýja fasteignamatið hlýtur að verða miðað við það verðmæti, sem á jörðinni er, og það er vitanlega ætlazt til, að það verði höfð hliðsjón af því. Mig minnir, að í reglugerð, sem fasteignamatsnefndirnar vinna eftir, sé kveðið svo á, að það eigi að hafa hliðsjón af því, sem lagt hefur verið í jarðirnar, ræktun, byggingar, girðingar og annað slíkt, og þá hlýtur fasteignamatið að verða að mestu í samræmi við þau verðmæti, sem á jörðinni eru, enda þótt fasteignamatsnefndin eigi líka að taka að einhverju leyti tillit til líklegs söluverðs.

Ég held, að þessi brtt. hv. 3. þm. Vestf. eigi ekki rétt á sér, og ég vil taka það fram, að frv. hefur fengið rækilega endurskoðun á búnaðarþingi. Frv. var samið af n., sem athugaði þetta mál mjög rækilega, og í þeirri n. voru ekki aðeins fulltrúar, heldur forustumenn bændanna (Gripið fram í.) og þeir hafa áreiðanlega gert sér grein fyrir því, hvað hér var um að ræða. Ég held, að það sé ákaflega mikilvægt, að l. um Jarðeignasjóð verði þannig virk, að það sé hægt skv. þeim að kaupa jarðir á sannvirði og tryggja eigendum þeirra, sem annars hefðu kannske orðið að fara frá jörðunum, án þess að geta selt, sannvirði og kannske að mestu það fjármagn, sem þeir hafa lagt í jörðina. Það er þetta, sem l. um Jarðeignasjóð er ætlað að gera.

Ég tel, að brtt., sem hv. landbn. flytur, og þær munu vera komnar frá búnaðarþingi flestar, séu sumar hverjar til nokkurra bóta, engin þeirra spillir málinu. Sumar þessar brtt. mætti þó telja óþarfar, t. d. þá, sem fjallar um útsvarsskyldu af landi. Það verða allir að borga útsvar af landi, sem þeir eiga, vegna þess að hreppsnefndirnar leggja útsvarsskyldu á ábúendur og jarðeigendur. Það er viss hundraðshluti af fjallskilakostnaðinum af fasteignum í hreppnum og viss hundraðshluti af fjáreigninni, þannig að enda þótt þetta væri ekki orðað

svona í till., væri skylt að taka þátt í fjallskilakostnaðinum.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. Ég vil þakka hv. landbn. fyrir góða afgreiðslu á málinu og vona, að það fái góðan framgang.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð, sem ég vildi segja til stuðnings þeirri till., sem flutt er á þskj. 299, af hv. 3. þm. Vestf., sem gengur út á að afnema það ákvæði í 4. gr., að það skuli ekki mega kaupa jörð á hærra verði en fasteignamat segir til. Hv. þm. nefndi nokkur dæmi um, hvernig jarðir væru metnar, þar sem hann þekkti til, og kom í ljós, að í einum hreppi var meðalverð jarða eftir fasteignamatinu gamla um 6 þús. kr. Það er að vísu vitað, að við nýja fasteignamatið verður mjög mikil breyting þarna víða á, en ekki er þó að vita, að hún verði sérstaklega mikil á þeim jörðum, sem afskekktastar eru og líklegastar til að fara í eyði. En jafnvel þó að verð kynni að tífaldast á slíkum jörðum, þá er þarna ekki um hátt verð að ræða. Ég álít óþolandi, að það sé verið að binda ríkið við það að mega ekki kaupa jarðir á hærra verði en fasteignamatsverðinu, jafnvel þótt miðað sé við það nýja.

Við skulum í þessu sambandi athuga ofurlítið það mat, sem við viljum leggja á vinnu og vinnuverðmæti annars vegar og brask eða braskverðmæti hins vegar. Við skulum athuga, hvort það væri ekki ástæða til að koma einhverri réttlætishugmynd að í sambandi við það mat og það verð, sem lagt er á jarðir þeirra bænda, sem eru að flosna upp eða vilja yfirgefa sínar jarðir, og hvort það sé rétt af okkur að miða alltaf einvörðungu við markaðsverð og sölumöguleika. Ef lóðareigandi hér í Reykjavík selur lóð, sem hann hefur aldrei gert neitt fyrir, aldrei unnið neitt að, aldrei hjálpað til á nokkurn hátt að gera hana verðmætari, þá er slík lóð seld, t. d. ef hún er nærri okkur í miðbænum, á 10—20 millj. kr. Það er einvörðungu þjóðfélagið sjálft, sem hefur skapað þetta verðmæti með aðgerðum sínum. Sjálfur hefur maðurinn ekkert gert. Tökum svo hins vegar bónda, sem hefur þrælað allt sitt líf og sett allt sitt vinnuafl og kannske sinnar fjölskyldu í jörðina. Þegar á að fara að selja hans jörð, þá er hún kannske metin á 5—10 þús. eða kannske 50 eða 100 þús., og þá á að banna með lögum, að ríkið borgi hærra verð fyrir. Það er vitað, að þær jarðir, sem ríkið kaupir núna, verða eftir eina eða tvær kynslóðir mjög mikils virði. Og spurningin er aðeins, hvort við viljum sýna einhvert réttlæti þeim mönnum, sem hafa lagt verk sinna handa í þetta allt sitt líf. Annars eiga viðkomandi hjón, sem máske eru orðin gömul, það á hættu, ef farið er eftir fasteignamatsverði, að sjá raunverulega allt, sem þau hafa unnið, fara fyrir gýg, á sama tíma sem það tíðkast og er algengur viðburður hér í Reykjavík, að menn, sem aldrei hafa snert á að gera nokkurn skapaðan hlut til þess að gera sína lóð dýrmætari, fái 10—20 milljónir króna fyrir hana. Svona er ekki hægt að fara að í þjóðfélagi, sem vill á einhvern hátt taka tillit til réttlætis og ekki bara láta allt vera á boðstólum fyrir fé og meta allt til fjár.

Hins vegar vitum við, að ef jörð er að fara í eyði og bóndinn að fara burt af henni og það skyldi vera þar einhver lækjarspræna, þar sem einhver silungur, ég tala nú ekki um lax, veiddist í, þá er viðkomandi jörð undireins komin upp í 800—900 þús. eða 1 millj. og einhver og einhver burgeis í Reykjavík, sem kannske borgar ekki einu sinni útsvar, er reiðubúinn að snara út milljóninni fyrir að fá að kaupa lækinn til þess að skemmta sér við hann stundum á sumrin, þó að jörðin sjálf fái að fara í eyði.

Ég held, að Alþ. eigi að reyna að sjá til þess, að vinna manna og framlag til þjóðfélagsins sé ekki metið á þennan máta. Ég held þess vegna, að við eigum að samþ. þessa till. á þskj. 299 og leggja það undir mat viðkomandi n. og síðan auðvitað hæstv. ríkisstj. sjálfrar, hvaða verð sé rétt að gjalda því fólki, sem er að yfirgefa sínar jarðir. Það hefði verið skynsamlegt og átt að gerast fyrir löngu að setja verðhækkunarskatt á lóðirnar í kaupstöðunum, eins og Reykjavík og taka þannig það verð, sem þjóðfélagið sjálft skapar með sínum aðgerðum, til þjóðfélagsins aftur. Þá hefði líka verið hægt að nota það fé til þess m. a., að borga þeim bændum, sem hafa lagt alla vinnu lífs síns í að gera sínum jörðum til góða, sæmilega fyrir þær, þegar þeir fara.

Vegna þróunar þjóðfélagsins er bóndinn að tapa eign sinni á sama tíma sem aðrir menn græða milljónatugi á þessari sömu þróun. Þarna hefur Alþ. vald til þess að skapa eitthvert réttlæti. Ég held þess vegna, að hv. d. gerði mjög rétt í því að samþ. brtt. á þskj. 299. Ég trúi því ekki, að það sé álit hæstv. ríkisstj., að allir þm. hennar séu skuldbundnir til þess að drepa alltaf allar brtt., sem koma fram frá einhverjum í stjórnarandstöðunni, og heilbrigð skynsemi og réttlætistilfinning megi aldrei komast að, svo framarlega sem um till. frá stjórnarandstæðingi er að ræða. Ég vil þess vegna leyfa mér að vonast til þess, að þessi till. geti náð fram að ganga. Það er sú minnsta sanngirni, sem Alþ. getur sýnt í máli eins og þessu.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun hafa kvatt mér hljóðs, þegar þetta mál var síðast til umr. hér í hv. d., en nokkuð er nú

liðið síðan, og má vera að eitthvað af því, sem ég ætlaði að segja um málið, sé mér nú úr minni liðið.

Ég hef ásamt öðrum landbnm. skrifað undir nál. um þetta frv., dags. 22. febr. s. l. Með þessu nál. voru af hálfu n. bornar fram 2 brtt. við frv., sem n. stóð að og samþ. voru við 2. umr., en með þessum brtt. var leiðrétt vansmíð, sem orðið hafði á 1. og 6. gr. frv. Undir þetta nál. skrifuðu nm. allir, með þeim fyrirvara, að þeir áskildu sér rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt., sem fram kynnu að koma. Þennan fyrirvara munu menn hafa gert með sérstöku tilliti til þess, að kunnugt var um, að málið var í athugun á búnaðarþingi, sem hafði fengið frv. í hendur og nm. vildu gjarnan kynna sér þær till., sem frá búnaðarþingi kæmu, svo sem eðlilegt var og sjálfsagt. Brtt. frá búnaðarþingi bárust síðan n. á milli 2. og 3. umr., ef ég man rétt, og hefur n. flutt allmargar af þessum till. sem brtt. við frv. á þskj. 331, en fyrir þeim till. hefur þegar verið gerð grein af hv. form. og frsm. n., sem nú hefur horfið af þingi um sinn. Fram hafa komið brtt. við frv. bæði á þskj. 299 frá hv. 3. þm. Vestf., og þskj. 297 og 361 frá hv. 1. þm. Norðurl. v. Þær liggja hér einnig fyrir og hefur n. sem slík, eins og gerð var grein fyrir af form., ekki tekið afstöðu til þeirra, en nm. greiða sjálfsagt atkv. um þær, eins og aðrir, þegar þar að kemur. Ég er að rifja þetta upp, vegna þess að svo langt er liðið, síðan málið var til meðferðar hér í hv. d., en aðalerindi mitt hér í þennan ræðustól nú er að gera grein fyrir því í fáum orðum, hvernig ég lít á þetta frv., sem hér liggur fyrir. Eins og tekið var fram í grg. og hæstv. landbrh. gerði einnig grein fyrir, þegar hann mælti fyrir þessu frv., er hér um samkomulagsmál að ræða í sambandi við ákvörðun verðlags á landbúnaðarvörum á s. l. hausti, en af hálfu ríkisstj. var á það fallizt, að stofnaður yrði Jarðakaupasjóður eða lagt fé í Jarðakaupasjóð, til þess að kaupa jarðir, sem sérstaklega stæði á um.

Í septembermánuði s. l. gaf hæstv. landbrh. út bréf um þetta efni, þ. e. a. s. um það, sem samningar tókust um í sambandi við verðlagsmálin. Ég hef litið svo á, að eðlilegt væri, að þetta samkomulag gengi fram hér á Alþ. á þann hátt, að stofnaður yrði þessi sjóður og tekið í l. að leggja í hann það fé, sem gert er ráð fyrir í 5. gr. frv., að í hann verði lagt. Hins vegar hef ég litið svo á, að hér væri ekki um stórmál að ræða. Aðalatriðið væri það, að fé væri lagt í Jarðakaupasjóð skv. samkomulaginu frá í haust og þegar byrjað á því, og síðan mætti ræða þessa hluti nánar. Á frv. hafa verið gerðar nokkrar breyt. með samkomulagi og aðrar liggja fyrir, sem líklegt er að gerðar verði með samkomulagi. Á hitt atriðið, hvort meiri breyt. verða á frv. gerðar, legg ég ekki mikla áherzlu. Mér finnst aðalatriðið vera þetta, að samþykkt verði að leggja fé í sjóðinn, eins og samkomulagið gerði ráð fyrir. En það mál, sem hér er hafið, er í rauninni miklu stærra en það, sem frv. fjallar um. Þar er um mál að ræða, sem ég hygg, að óhjákvæmilegt sé að gefa nánari gaum mjög fljótt eða á næstu þingum. En ég vil leyfa mér að benda á og minna á það, að fyrir þessu þingi liggur till. til þál. um þessi mál. Hún er lögð fram í Sþ. snemma á þinginu, er 16. mál þingsins og fjallar um endurskoðun l. um jarðakaup ríkisins o. fl. En í gildi eru, svo sem kunnugt er, lög, sem munu vera nálægt því 30 ára gömul, um Jarðakaupasjóð ríkisins, sem ekki hafa verið framkvæmd, að ég ætla, nú í seinni tíð, sakir fjárskorts og annmarka, sem eru á ákvæðum l. En þessi till., sem liggur fyrir á þskj. 16 og er 16. mál þingsins, er flutt að tilhlutun þingflokks framsóknarmanna af þm. Helga Bergs, Ólafi Jóhannesssyni og Ágúst Þorvaldssyni. Í samb. við þetta frv. held ég að það sé mjög til glöggvunar, að lesið sé upp meginmál þessarar till., því að það gefur í raun og veru hugmynd um það mál, sem fyrir liggur að fjalla um á næstu árum. En till. hljóðar svo: „Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu 7 manna n. til að endurskoða l. nr. 92, 23. júní 1936, um jarðakaup ríkisins og önnur gildandi lagaákvæði, sem varða kaup, meðferð og sölu ríkisjarða, og gera svo fljótt sem verða má till. um lagabreyt. og ný lagaákvæði, sem miða að því í fyrsta lagi að auðvelda þeim, sem hætta verða búskap, vegna aldurs eða annarra orsaka, að koma eignum sínum í verð og skapa jafnframt skilyrði fyrir betri skipulagningu, með því að ríkið kaupi eyðijarðir eða jarðir, sem ella færu í eyði, svo og aðrar jarðir, sem ekki eru nytjaðar með eðlilegum hætti.

Í öðru lagi að efla þá starfsemi Landnáms ríkisins, er lýtur að því að gera heildarskipulag fyrir landbúnaðarbyggðirnar, sbr. 22. gr. laga nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Í þriðja lagi að tryggja sem bezt umráða- og eignarrétt bænda á jörðum og opinbera aðstoð við eigendaskipti m. a. með stórauknu lánsfé til bænda til jarðakaupa, svo að þeim, sem vilja leggja stund á búskap, sé gert sem auðveldast að eignast jörð.

Jafnframt séu möguleikar athugaðir á því, að ríkisjarðir, sem felldar hafa verið inn í heildarskipulag byggðarinnar, séu seldar með hagkvæmum kjörum þeim, sem vilja nytja þær til ábúðar, í samræmi við staðfest skipulag.

Í fjórða lagi að tryggja sjálfseignarbændum eðlilegt öryggi um verðgildi eigna sinna og jafna aðstöðu þeirra og leiðuliða um þau efni.

Í fimmta lagi, að settar verði reglur um mat á jarðeignum til kaups og sölu í því skyni að skapa meiri festu í verðlagningu slíkra verðmæta."

Þáltill. gerir sem sé ráð fyrir, að settar verði reglur um slíkt mat. „N. skal leita aðstoðar þeirra embættismanna og sérfræðinga, sem um þessi mál fjalla, svo og Búnaðarfélags Íslands

og Stéttarsambands bænda.“ Í meginmáli þessarar till., sem ég hef nú leyft mér að lesa og nú liggur fyrir hinu háa Alþ. til afgreiðslu, ætla ég, að dregin sé upp mynd af þessu viðfangsefni, sem fyrir liggur, eins og það er í raun og veru. Frv., sem hérna liggur fyrir til meðferðar í þessari umr., er í raun og veru ekki nema lítill þáttur þess og getur ekki verið til annars ætlazt, eins og frá því er gengið. Hins vegar vil ég segja það, að ég hygg að þetta frv. myndi nú þegar geta gert nokkurt gagn, ef að lögum yrði. Það sem mér finnst t. d. að helzt muni verða að gagni, ef þetta frv. verður að lögum, væri það, að hreppum og sveitarfélögum kynni að verða gert kleift að eignast eyðijarðir, sem víða eru í reiðuleysi og óvíst hversu fer um á komandi tímum, en eðlilegt er að séu í eigu sveitarfélaganna.

Um leið og þetta frv. verður nú afgr. hér við 3. umr., og ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með því, vildi ég sem sé nota tækifærið til þess að gera grein fyrir þessu máli, eins og mér finnst það liggja fyrir, jarðeignamálinu, og minna á það, að till. um vinnubrögð í þessu máli liggur fyrir þessu þingi, sem nú situr. Það færi einnig mjög vel á því, — ég vil alveg sérstaklega beina því til hæstv. landbrh. — að um leið og þetta frv. um jarðakaupasjóðinn á þskj. nr. 278 er afgr., þá yrði einnig afgreidd frá Alþ. till. til þál. um endurskoðun laga um jarðakaup ríkisins o. fl. á þskj. 16.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Við upphaf þessarar umr. fyrir alllöngu gerði ég grein fyrir tveimur brtt., sem ég flutti við þetta frv. Önnur þeirra er á þskj. 361, og er þar um að ræða till. um breyt. á einni af till. hv. landbn., sem hún flytur á þskj. 331. Í þeirri till. n. er lagt til að inn í frv. verði sett ákvæði um, að heimilt sé að selja þær jarðir, sem keyptar verða skv. væntanlegum l., einstaklingum til varanlegrar ábúðar, eins og þar segir. Ég legg til, að við þennan tölulið og staflið bætist: „Einnig sé heimilt að byggja jarðirnar á erfðaleigu.“ Hin till., sem ég hef flutt og gerði þá einnig grein fyrir, er á þskj. 297 og fjallar um það að fella burt 13. gr. frv., en hún kveður svo á, að um leið og l. þessi öðlast gildi, skuli falla úr gildi l. um jarðakaup ríkisins frá 1936. Hæstv. landbrh. hefur nú viðurkennt, að það sé engum til meins, að sú löggjöf fái að halda gildi sínu áfram, l. frá 1936, og hann viðurkenndi einnig, að það gæti komið fyrir, að síðar yrði þörf fyrir slíka lagaheimild fyrir ríkið til að kaupa jarðir með það fyrir augum að leigja þær á erfðafestu. Ég tel því, að öll rök mæli með því að brtt. mín um að fella niður 13. gr. frv. verði samþykkt.

En við upphaf þessarar 3. umr. bar ég fram fsp. til hæstv. landbrh. og hún var um það, hvað væri að frétta af störfum n., sem skipuð mun hafa verið árið 1963, skv. þál. sem afgreidd var frá hinu háa Alþ. 9. apríl 1963, um ráðstafanir til að tryggja, að hlunnindajarðir haldist í ábúð, og athugun á því, hvers vegna góðar bújarðir fari í eyði. Hæstv. ráðh. talaði eftir að ég hafði borið fram þessa fsp., en minntist ekkert á málið, og ég vildi nú leyfa mér að ítreka þessa fsp. og þætti gott, ef hann gæti gefið upplýsingar um störf þessarar n. og árangurinn af þeim, því ég minnist þess ekki, að neitt hafi komið fram opinberlega um málið eða störf þessarar n.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Í 8. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að landbrh. skipi þrjá menn í n. til fjögurra ára í senn til þess að meta kaupverð jarða skv. 4. gr. Einn þessara nm. skal skipaður skv. tilnefningu fjmrn., annar skv. tilnefningu Stéttarsambands bænda, sá þriðji skv. tilnefningu Hæstaréttar og vera form. n. Það er þessi þriggja manna n., sem á að senda landbrn., jarðeignadeild, matsgjörð ásamt till. og umsögnum sínum um jarðakaup skv. þessu frv., en síðan á landbrh. að taka ákvörðun um, hvort kaupin skuli gerð. Ég tel, að þessi ákvæði 8. gr. séu alveg fullnægjandi til þess að l. nái tilgangi sínum um kaup á jörðum og skal ekki fjölyrða um mína afstöðu til málsins að öðru leyti en því, að ég tel að ákvæði í 4. gr., sem hljóðar svo: „Kaupverðið má ekki vera hærra en fasteignamat jarðanna er á hverjum tíma,“ sé algerlega óþarft og eigi að falla burt, eins og hér hefur verið lagt til. Þetta ákvæði getur gert það að verkum, að einmitt í þeim tilfellum, þar sem mest er ástæðan til þess, að Jarðeignasjóður ríkisins láti að sér kveða og hlaupi undir bagga með manni, sem verður að fara frá sinni jörð, fái hann engar bætur, sem neinu nema, og l. séu honum þannig engin hjálp. Þess vegna held ég, að frv. sé gert nálega gagnslaust með því að setja þetta ákvæði inn í 4. gr. Ég vil taka undir óskir þær, sem hér hafa verið bornar fram til þm. um það að auka gildi þessa frv., þessarar lagasetningar, með því að fella þetta hámarksákvæði í 4. gr. niður, sem er miðað við fasteignamat jarðanna, því það mundi þýða það, að margur bóndinn fengi svo litlar bætur, að það næmi honum engu, og þá væri tilgangi l. alls ekki náð. Ég legg því áherzlu á, að það fáist samkomulag um það, að ákvæðið í 4. gr. um að kaupverðið megi ekki vera hærra en fasteignamat jarðanna á hverjum tíma falli niður. Þó að við vitum, að nýja fasteignamatið muni nú hækka, þá er það alveg áreiðanlegt, að þetta ákvæði setur þarna of þröng mörk, og það ætti að mega fulltreysta n., eins og hún er skipuð skv. 8. gr., til þess að ákveða verð eða gera till. til ráðh. um verðið, en hann á svo að skera úr um, hvort verði af kaupum eða ekki. Mér virðast ákvæði 8. gr. vera alveg nægileg og þetta ákvæði eigi því að falla niður.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég get verið fáorður í þetta sinn, þar sem tveir hv. þm. hafa eindregið stutt þá brtt., sem ég flyt við þetta frv. á þskj. 299. Sé ég ekki þörf á

að endurtaka það, sem ég hef áður sagt um það, en ég vil þó benda enn á það, að höfuðreglan, sem matsnefndinni er skylt að fara eftir, er gangverð á þessum jörðum. Það er ekki aðeins, að ég leggi til að úr 4. gr. falli burt það ákvæði, að ekki megi kaupa jarðirnar hærra verði en fasteignamat er, heldur falli líka niður það ákvæði, að farið skuli eftir gangverði hliðstæðra jarða. Því að eins og ég hef sýnt fram á, þá er gangverð á óseljanlegum eyðijörðum bókstaflega ekkert til. Og það eru fyrst og fremst þessar óseljanlegu eyðijarðir, sem frv. er miðað við. Ég vil þó endurtaka eina fsp. mína til hæstv. ráðh., en hún er um það, hvernig eigi að fara að, þegar einhver vill selja jörð sína ríkinu eða Jarðeignasjóði og á henni hvílir skuld, sem er hærri en fasteignamatið. Er það þá ekki alveg ótvírætt, að allar þær jarðir eru útilokaðar frá því að Jarðeignasjóður kaupi þær? Ég skil frv. svo, ef á að halda sig við þetta ákvæði 4. gr., að allar þessar jarðir verði útilokaðar.

En hitt þarf ekki að fara mörgum orðum um, að hvíli á annað borð eitthvert lán á þessum jörðum, eitthvert umtalsvert lán, þá er það hærra en fasteignamatið. Það fyndist mér alvarlegur ágalli á þessum l., ef þau yrðu þannig úr garði gerð, að enginn bóndi gæti selt eyðijörðina sína, þó hann vildi, af því að það hvíldi kannske nokkrum þús. kr. hærra lán á henni en fasteignamatið væri.

Ég vænti þess, — og væri náttúrlega ekki til of mikils mælzt, — að hv. landbn. athugi nú þessar brtt., sem liggja fyrir, áður en endanlega er gengið frá þessu máli í þessari hv. d. En ég vænti þess einnig, að hv. þm. taki til greina þessar bendingar, sem hafa komið fram um 4. gr., enda skildist mér á frsm. landbn., sem nú er horfinn af þingi í bili, að hann teldi margt rétt í þeirri röksemdafærslu, sem ég viðhafði, er ég talaði fyrir þessari till. Hann sagði aðeins, að n. hefði ekki tekið afstöðu til till., en það væri margt rétt í þessu. Svo að ég býst við, að þeir finni það, að l. komi ekki að ýkja miklu gagni, ef frv. verður afgr. með þessum hætti.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hér eru þrjár brtt. við frv., sem hafa verið gerðar nokkuð að umtalsefni. Í fyrsta lagi brtt. hv. 3. þm. Vestf. við 4. gr., sem lýst hefur verið og rætt hefur verið um, og ýmsir hv. þm. hafa mælt með. Þeir mæla með þessari till., vegna þess að þeir telja, að ef hún verður ekki samþ., þá geti svo farið, að bændur sem vilja selja jarðir sínar fái alltof lítið fyrir þær, þar sem miðað er við það, að kaupverðið skuli ekki fara yfir fasteignamatsverð. En nú er það svo, og það vissi n., sem samdi frv., að það er að koma nýtt fasteignamat, og þetta nýja fasteignamat hefur til hliðsjónar þau verðmæti, sem komin eru í jarðirnar, og þær byggingar, sem á jörðunum eru. Þess vegna er það eðlilegt, að miðað sé við fasteignamatið og þegar lög um Jarðakaupasjóð ríkisins voru samþ. 1936, þótti sjálfsagt að hafa þennan hemil á. Það er ekki heimilt skv. þeim lögum að kaupa jarðir á hærra verði en fasteignamati, og það er meira í þeim lögum, sem ekki er í þessu frv. Þar segir orðrétt, að kaupverðið megi ekki fara fram úr þeim fasteignaveðslánum, er á jörðinni hvíla við opinbera sjóði og lánastofnanir, og aldrei yfir fasteignamat.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. leggur mikla áherzlu á það, að gömlu l. með þessum ákvæðum megi áfram vera í gildi, en hann vill alls ekki, að lík ákvæði þessum, sem þó eru ekki nærri eins ströng, verði í hinum nýju jarðeignasjóðslögum. Þetta fæ ég nú ekki skilið, og eins og það var eðlilegt 1936 að miða við fasteignamatið er það einnig eðlilegt nú, og það er réttlátara nú, vegna þess að nú er nýtt fasteignamat að koma, sem á að verða nokkuð í samræmi við þau verðmæti, sem á jörðunum eru. Þess vegna vil ég ekki mæla með þessari till., af því að ég tel hana óþarfa. Ég tel, að með nýja fasteignamatinu og öðrum þeim reglum, sem ráðgert er að fara eftir, muni hlutur þeirra bænda, sem selja jarðir skv. þessum l., vera nokkuð tryggður.

Hv. 3. þm. Vestf. er alltaf að tala um eyðijarðir. Jarðeignasjóði ríkisins er ekki fyrst og fremst ætlað að kaupa eyðijarðir, kannske miklu síður eyðijarðir, heldur kaupa jarðir, sem ekki byggjast eða líklega ekki byggjast, þegar fráfarandi bóndi fer, og eyðijörð er það vitanlega ekki, fyrr en fólkið er flutt í burtu.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. var að tala um það, að ég væri því nú raunverulega hlynntur, að gömlu jarðakaupasjóðslögin væru áfram í gildi. Þetta hefur nú eitthvað misskilizt, eða þá, þegar ég talaði hér síðast, að það hafi ekki verið nógu skýrt mælt. Ég skal ekkert fullyrða um það, en mig minnir þó, að ég hafi talið, að það væri alger óþarfi að hafa þessi l. í gildi. Það er rétt, að ég mun hafa sagt, að þau myndu engum tjón gera, vegna þess að eftir þeim hefur ekki verið starfað. Í meira en 20 ár hefur engin jörð verið keypt skv. þessum l., vegna þess að sjóðurinn hefur ekkert fé haft, og jafnvel þó að sjóðurinn hefði haft fé, hefði ekki verið sanngjarnt, núna síðustu árin a. m. k. að kaupa jarðir af bændum á því fasteignamati, sem hefur verið í gildi fram að þessu, því að það er, eins og við vitum, mjög lágt. Ég held satt að segja, að þó þessir hv. þm. hafi flutt till. um þetta, þá sæki þeir það nú ekki fast og hafi þegar gert sér grein fyrir því, að þetta er ekki sá kjarni eða aðalatriði málsins, sem tekur að sækja af kappi. Hitt er svo eðlilegt, að menn hafi skiptar skoðanir á þessu máli, eins og öðru, því að þetta getur verið álitamál, hvernig að skuli fara.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. flytur hérna till. á þskj. 361 um það, að það sé einnig heimilt að byggja jarðir á erfðaleigu. Það er náttúrlega ekkert, sem bannar það, skv. gildandi l., að byggja jarðir á erfðaleigu og ef það er vilji stjórnarvalda og þess, sem jörðina tekur, er ekkert í l., sem hindrar það eða bannar. Og

þess vegna er þessi till. hv. þm. heldur ekki nauðsynleg, og engin ástæða til að bæta henni við till. hv. landbn.

Um fsp., sem hv. þm. lagði fyrir mig nú og síðast, þegar þetta mál var hér til umr., um n., sem var skipuð 1963 til þess að endurskoða gildandi l. um þetta efni, hef ég það að segja, að ég hef því miður ekki ennþá séð nál. frá þessari n., og verður því að ætla, að hún hafi ekki ennþá lokið störfum. Ég hef ekki ennþá orðið var við þetta nál., en ég ætlaði mér fyrir þennan fund að vera búinn að kynna mér nánar, hvað störfum n. liði og hvenær von væri á nál., en það féll nú niður. En því get ég lofað hv. þm., að ég skal grennslast rækilega eftir því á hvaða stigi þetta er, en ég geri mér alveg grein fyrir því, að þessi endurskoðun er vandasöm og vil ekki segja neitt ljótt um það, þó störfum væri jafnvel ekki lokið. Við skulum vona, að það verði þá ennþá betri till., þegar þær koma, eftir langan undirbúning og mikla umhugsun um þetta mál, en sem sagt ég mun kynna mér á hvaða stigi þetta er nú.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þetta verða aðeins fáein orð. Hæstv. ráðh. telur, að hið nýja fasteignamat verði svo hátt, að hér muni bændur fá mjög viðunandi verð fyrir jarðir sínar. Í hverju liggur það, að þetta væntanlega fasteignamat verði svo hátt, umfram það, sem verðgildi peninganna hefur rýrnað? Í l. nr. 70 frá 1945 um fasteignamat eru fyrirmæli um það, hvernig skuli meta jarðir, og það er grundvöllurinn að því fasteignamati, sem nú er á jörðum. Þar segir, að fasteign skuli metin sanngjörnu söluverði, m. ö. o. það er þetta gangverð. Þannig var mælt fyrir í l., sem núverandi fasteignamat er byggt á. En auk þess skal hafa hliðsjón af tekjum af fasteign, leigumála, söluverði nágrannafasteigna, virðingum til lántöku og brunabóta. Svona voru l., sem núverandi fasteignamat er byggt á. En l., sem nú eru í gildi og hið væntanlega fasteignamat á að byggjast á, sem hæstv. ráðh. telur að muni verða svona hátt? Þar segir: Mat á fasteignum skal miða við það gangverð, sem líklegt er að þær myndu hafa í kaupum og sölu: Gangverð. M. ö. o. alveg það sama og stendur í frv. Það er gangverð þessara jarða, gangverð óseljanlegra eyðijarða, sem er höfuðreglan. Svo á að hafa til hliðsjónar, segir í þessum l., sem gilda fyrir væntanlegt fasteignamat, upplýsingar um kostnaðarverð mannvirkja, virðingar í fasteign til lántöku, virðingar á mannvirkjum til brunabóta o. s. frv. Þetta eru hér um bil nákvæmlega sömu fyrirmælin í hvorum tveggja l.

Ég get þess vegna ekki séð á hverju það er byggt, að væntanlegt fasteignamat verði miklu hærra en áður, að óbreyttum gæðum jarðanna, nema þá sem nemur rýrnun peningaverðs. Af þessu dreg ég þá ályktun, að fasteignamat á eyðijörðum geti aldrei orðið ýkjamikið hærra. Það getur vel verið, að það verði 50% hærra en það er núna, kannske 100%, en hverju ætli þeir væru nú bættari, þessir bændur í sveitarfélaginu, sem ég nefndi um daginn, þar sem meðalfasteignamatið er tæpar 6 þús. kr. á jörð á einum 14 jörðum í einum hreppi, þó að það tvöfaldaðist? Við skulum hugsa okkur það. Það er þó búið á þessum jörðum núna, en ef þær færu nú í eyði og bændurnir vildu fá eitthvað fyrir jarðirnar um leið og þeir verða að neyðast til að hverfa frá búskap, bjóða þeir Jarðeignasjóði ríkisins jarðirnar. Og þá segir hann: Jú, ég er til með að kaupa, en ekki hærra verði en þessi jörð myndi nú verða seld á frjálsum markaði og það er núll, og í öðru lagi aldrei fyrir ofan fasteignamat og fasteignamatið á að fara eftir þessu gangverði. Hvað kemur út úr þessu fyrir aumingja mennina? Ég held, að ég mundi bara alls ekki reyna að selja jarðirnar með þessum kjörum. Ég væri jafnefnaður hér um bil eftir sem áður, og nú segir hæstv. ráðh.: Þetta er ekki kjarni þessa máls. Hvað er þá kjarni þessa frv., ef ekki það, að bændur hafi eitthvert gagn af því? Og þetta frv. snýst aðallega um eyðijarðirnar, því að það þarf ekki að bjóða Jarðeignasjóði jarðir, sem seljast á annað borð á frjálsum markaði. Þær mundu þá seljast hærra en fasteignamatsverð og kæmu ekki til greina. Það fer enginn að bjóða Jarðeignasjóði jörðina sína, ef hann getur selt hana á frjálsum markaði fyrir sæmilegt verð, því að Jarðeignasjóðurinn mundi ekki kaupa hana fyrir það verð. Nei, þetta er einmitt kjarni frv. Þetta snýst fyrst og fremst um eyðijarðir og ennþá hefur hæstv. ráðh. engu svarað um það, hvað verður um jarðirnar, ef á þeim hvílir eitthvað hærra lán en fasteignamatsverðið er. Hann hefur engu svarað þessu enn og ég skil það mjög vel. Hann sér það alveg eins vel og ég, að þær koma ekki til greina, Jarðeignasjóður kaupir enga slíka jörð, og þá er nú komið skarð í frv. að mínum dómi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 7. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 331,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 299 felld með 16:14 atkv.
Brtt. 361 felld með 16:14 atkv.
Brtt. 331,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 331,3 samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 331,4 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 331,5 samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 297 felld með 17:9 atkv.
Brtt. 331,6 samþ. með 25 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 405).

Á 60. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. til l. um Jarðeignasjóð ríkisins var afgreitt frá Nd. með nokkrum breytingum. Það var brtt. frá landbn. á þskj. 262, sem n. flutti í byrjun, en síðar komu brtt. frá Búnaðarfélagi Íslands, sem höfðu verið athugaðar á búnaðarþingi og n. tók þær að mestu leyti óbreyttar upp og flutti þær. Voru þær allar samþ. Það er eins og sjá má hlutverk þessa frv. að stofna sjóð, Jarðeignasjóð ríkisins. Tilgangur sjóðsins er sá að kaupa upp jarðir, sem illa eru í sveit settar, of litlar og ekki góðar til búrekstrar og sem af þjóðhagslegum ástæðum mætti telja eðlilegt að færu úr byggð. Þetta er aðaltilgangurinn. Þá er gert ráð fyrir því, að Búnaðarfélag Íslands og Landnám ríkisins kynni sér ástand þessara jarða og meti, hvort æskilegt sé að ríkið kaupi jörðina með tilliti til þess, hver tilgangur frv. er, og gert er ráð fyrir því að hafa hliðsjón af því verðmæti, sem búið er að leggja í jörðina, þegar kaupverð er ákveðið, en kaupverð skal þó ekki fara yfir fasteignamat á hverjum tíma. Þetta var dálítið gagnrýnt í Nd., að binda verðið við fasteignamatið, en þess ber að geta, að nú er að ganga í gildi nýtt fasteignamat, og það verður að ganga út frá því, að hið nýja fasteignamat verði að mestu miðað við þau verðmæti, sem álitin eru vera í jörðinni, þótt einnig eigi að hafa hliðsjón af því, hvað líklegt söluverð væri. Þess má geta, að í sambandi við Jarðakaupasjóð ríkisins, sem var stofnaður 1936, þótti sjálfsagt að hafa þetta ákvæði í l., að verðið skyldi ekki fara yfir gildandi fasteignamatsverð, og í þeim hreinsunareldi, sem þetta frv. hefur verið í bæði hjá Búnaðarfélagi Íslands, búnaðarþingi og við samningu þess, þar sem forsvarsmenn bænda voru, þá var ekki talið fært að víkja frá þessu ákvæði. Þá er gert ráð fyrir, að þriggja manna n. hafi með framkvæmd þess að gera, þegar um jarðakaupin er að ræða, en að öðru leyti verði Jarðeignasjóðurinn í vörzlu jarðeignadeildar ríkisins. Þá er einnig lagt til, að l. um gamla Jarðakaupasjóðinn verði felld úr gildi. Sá sjóður hefur ekki verið starfræktur síðustu áratugina, það eru meira en 20 ár síðan hann hefur keypt nokkra jörð, og það þykir ekki ástæða til að vera með tvo jarðeignasjóði eða tvenns konar l. um þetta efni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frv. Það skýrir sig sjálft, en hugmyndin um það er ekki mín. Það hefur verið rætt á fundum bænda undanfarin þrjú, fjögur ár, að nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir til þess, að þeir menn, sem fara af jörðum sínum afskekktum, er ekki seljast á frjálsum markaði, þurfi ekki að ganga slyppir frá. Og á s. l. sumri, ég held það hafi verið í júlí eða ágústmánuði, voru samþ. drög að frv. um þetta. Það voru Sæmundur Friðriksson og Pálmi Einarsson, sem það gerðu, eftir minni beiðni, og í septembermánuði var skipuð sérstök n. til að endurskoða það frv., og samdi sú n. frv., sem hér liggur fyrir, og varð samkomulag um það í n. Í n. voru prófessor Ólafur Björnsson, Jón Þorsteinsson alþm., Gunnar Guðbjartsson, form. Stéttarsambands bænda, Kristján Karlsson fyrrv. skólastj. og Gunnlaugur Briem ráðuneytisstjóri, sem var formaður n.

Eins og ég sagði hefur þetta frv. fengið góða endurskoðun, bæði hér í hv. Alþ. og á búnaðarþingi, og a. m. k. í öllum aðalatriðum hefur verið fallizt á þær brtt., sem búnaðarþing gerði um málið.

Herra forseti, ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 405, n. 489, 495).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er 3. frv. um landbúnaðarmál, sem væntanlega verður samþ. á þessu þingi, l. um Framleiðnisjóð og l. um búreikningaskrifstofu hafa áður verið afgr. Öll þessi lagafrv. eiga að stuðla að hagkvæmari búrekstri, þegar á heildina er litið, og létta róðurr þeirra bænda, sem verst eru settir. Búreikningaskrifstofan á á þann hátt að finna tölulega, hvaða búgreinar henti bezt við mismunandi aðstæður og um leið hvað kosti raunverulega að framleiða búvörur, þegar meðaltal er tekið. Framleiðnisjóðurinn er myndaður af 50 millj. kr. framlagi á 4 árum og á að þjóna því hlutverki að styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miða að lækkun framleiðslukostnaðar á búvörum, stuðla að nauðsynlegum breytingum á framleiðslunni, veita lán og styrki til vinnslustöðva búnaðarvöru, ræktunarsambanda, vísindastofnana og einstakra manna.

Í 3. lagi er svo frv. það, sem hér liggur fyrir um Jarðeignasjóð. Stofnframlag sjóðsins er 36 millj. kr. eða 6 millj. kr. á ári í 6 ár. Á öllum tímum landsbyggðarinnar hafa bújarðir verið að fara í eyði suma tíma, en byggzt aftur aðra tíma. Næstliðna áratugi hafa mörg byggðarlög og einstakir bæir farið þessa leið og hafa eigendur þeirra jarða tíðast gengið slyppir frá eignum sínum. Jarðeignasjóði er ætlað að koma þeim til hjálpar, sem hér eftir verða að yfirgefa jarðir, sem ekki teljast búrekstrar-

hæfar, vegna þess hversu þær eru illa í sveit settar, með því að kaupa þær fyrir matsverð. Honum er einnig ætlað að kaupa jarðir, þótt vel séu í sveit settar, ef þær eru svo landlitlar eða snauðar að ræktanlegu landi, að þar teljist ekki vera hægt að stunda lífvænlegan búskap. Fleiri verkefni eru þessum sjóði ætluð skv. frv. Hér er þó ekki um neins konar valdboð að ræða, heldur heimildir eftir samkomulagi við hlutaðeigandi bændur, sem þannig stendur á fyrir, og sitja á því jarðnæði, sem ég drap á áðan.

Frv. þessi varðandi landbúnaðinn eru öll gerð í samráði við stéttarfélög bænda og allt eru þetta stjórnarfrv. Ég tel, að öll þessi frv. og ný lagaákvæði horfi til bóta, bæði fyrir bændastéttina og einnig landið eða þjóðina í heild, ef vel tekst um stjórn þessara mála hjá þeim mönnum, sem framkvæmdir hafa með höndum.

Um leið er vert að fagna því, að góð samvinna hefur í seinni tíð yfirleitt tekizt milli fulltrúa stéttarsamtaka bændanna og ríkisvaldsins, eða nánar tiltekið landbrn., um ýmis mál. En um leið og ég mæli með þessu frv., vil ég benda á, að mjög gætilega þarf að fara í sakirnar, ef leggja þarf niður búrekstur á jörðum. Byggðarlög eru háð því lögmáli, sem alls staðar gildir, að annaðhvort miðar þar aftur á bak ellegar nokkuð á leið. Fækki fólki í byggðarlögum, er vá fyrir dyrum. Ekkert byggðarlag þolir teljandi grisjun, nema til komi annað í skörðin. En í sveitum má stunda margt annað en okkar algengustu bústörf og búvöruframleiðslu og á þann veg eiga sveitabyggðirnar að dafna og eflast, þótt lélegustu jarðir hætti að vera bújarðir. En þetta er mál út af fyrir sig og stórmál, sem enn hefur verið of lítill gaumur gefinn. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál meira hér, það er miklu yfirgripsmeira en svo, að hér sé staður eða stund til þess, en endurtek að landbn. hefur mælt með, að þetta frv. verði samþ., en einstakir nm. skrifuðu þó undir frv. þetta með fyrirvara og hafa flutt brtt. við það á sérstöku þskj., og verður að sjálfsögðu gerð grein fyrir þeim af flutningsmönnum.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Frv. þetta er, eins og fram hefur komið í umr. hér á hv. Alþ., ávöxtur samninga, sem gerðir voru milli Stéttarsambands bænda annars vegar og ríkisstj. Íslands hins vegar í sambandi við verðlagningu landbúnaðarafurða á s. l. hausti. Það má að sjálfsögðu um það deila, hvort semja eigi um önnur mál í sambandi við verðlagningu landbúnaðarafurða heldur en þau, sem snerta verðlagið beint, og það má líka um það deila, ef samið er um vissa þætti mála, hvaða mál eigi að sitja í fyrirrúmi og hver ekki, því að af mörgu er að taka í landbúnaðinum, og sjálfsagt kann okkur nokkuð að greina á um það, hvað eigi að hafa forgang og hvað ekki. Þetta mál, Jarðeignasjóðurinn, er að sjálfsögðu þýðingarmikið, þótt ég líti þannig á, að það kæmi sér engu síður vel fyrir bændastéttina, að um ýmis önnur mál væri samið, og vil ég minna á nokkur mál, sem hér liggja fyrir hv. Alþ. og við höfum flutt, framsóknarmenn.

Ég vil í fyrsta lagi minna á frv. til l. um breyt. á l. um Búnaðarbanka Íslands, varðandi veðdeild Búnaðarbankans, en þetta frv. felur í sér verulega réttarbót fyrir bændastétt landsins. Nú mun kannske einhver segja, að um það hafi einnig verið samið á s. l. hausti, að veðdeild Búnaðarbankans fengi 20 millj. kr. að láni til útlána á þessu ári. Rétt er það, að veðdeildin á að fá 20 millj. kr., en þess vil ég geta í leiðinni, að veðdeild Búnaðarbankans skuldar meira en 20 millj. kr., þannig að hún er jafnnær eftir sem áður, til að taka myndarlega á útlánum, þótt hún fái þessar 20 millj., sem ennþá liggur ekki neitt fyrir um, hvenær kann að verða. En þörfin fyrir útlánastarfsemi veðdeildarinnar er allmikil, það vitum við allir.

Þá vil ég líka minna á það, að við framsóknarmenn höfum flutt frv. til l. um Bústofnslánasjóð, en það er ekki lítið í húfi hjá þeim, sem hefja búskap nú, vegna þess að þeir fá svo litla opinbera fyrirgreiðslu, að þeir eiga við mikla fjárhagsörðugleika að etja. Ég minni á þessi mál, ef til þess skyldi koma í framtíðinni, að samið yrði um viss málefni bænda í sambandi við verðlagningu, eins og það frv., sem hér liggur fyrir, ber með sér og er einn ávöxtur af þeim samningum. Það er fyrst og fremst stjórn Stéttarsambands bænda, sem hefur beitt sér fyrir þessu máli og öðrum þeim málum, sem hv. frsm. gat um, og nú hafa verið lögð fyrir Alþ. á yfirstandandi þingi.

Þá vil ég minna á það, að búnaðarþing gerði allmargar breyt. á frv. til l. um Jarðeignasjóð, og hafa flestar þær breyt. verið teknar til greina í hv. Nd. Ein till. frá Búnaðarfélagi Íslands varðandi 8. gr. frv. hefur þó ekki verið tekin til greina, en hún fjallar um það, hverjir eiga að taka þátt í að meta þær jarðir, sem Jarðeignasjóður kann að kaupa. En eins og till. okkar flm. á þskj. 495, þ. e. a. s. 2. till. varðandi 8. gr. frv., ber með sér, felur hún þá breyt. í sér, að í staðinn fyrir að Hæstiréttur tilnefni einn af þremur í matsnefndina, verði það Búnaðarfélag Íslands. Ástæðan fyrir því er í fyrsta lagi sú, að Búnaðarfélag Íslands hefur í höndum öll gögn varðandi framkvæmdir á jörðum í landinu, og þar eru menn, sem eru öllum málum kunnugir, að því er varðar jarðir og jarðasölur. Nú efast ég ekki um það, að Hæstiréttur, eða fulltrúi hans í þessum efnum, myndi geta aflað sér þessara upplýsinga, en þess ber að geta, að það hefur oft komið fyrir, að málaferli hafa risið út af jarðasölum, og ég tel því ekki rétt, að sá aðili, sem fer með æðsta dómsvald í landinu, hafi á frumstigi þessara mála aðstöðu til að fella úrskurð um verðlag. Það er því eðlilegra að fela það öðrum aðilum, og þá ekki síst Búnaðarfélagi Íslands, sem hefur tillögurétt og úrskurðarvald

í flestum þeim málum, sem varða bændastétt landsins. Ég tel, að það sé vel fyrir því séð, að fjmrn. hafi fulltrúa í þessari n. og að hann skuli jafnframt vera form. n., eins og við leggjum til og 2. till. á þskj. 495 ber með sér, og vænti ég þess, að hv. þm. samþ. þessa till., því að ég tel hana á allan hátt hyggilegri en eins og hún er nú orðuð í því frv., sem hér liggur fyrir.

Þá er það önnur breyt., þ. e. a. s. till. á þskj. 495, og hún er við 4. gr. frv., og felur það í sér, að kaupverð jarða þeirra, sem getur um í þessu frv., sé ekki háð fasteignamati, eins og gert er ráð fyrir í frv. Í sambandi við 4. gr. frv. er vitnað í fasteignamat, skv. l. nr. 28, frá 29. apríl 1963. Þetta mat átti að vera gengið í gildi fyrir nokkru síðan, en er ekki enn komið til framkvæmda, og enginn veit hvenær það öðlast gildi, og í öðru lagi hefur enginn hugmynd um, hvernig það verður, þ. e. a. s. hvað miklar hækkanir það hefur í för með sér. Þess vegna leggjum við flm. til, að það fasteignamat, sem kann að gilda í landinu, verði ekki látið ráða neinum úrslitum um verð eða mat á þessum jörðum. Ef það sýnir sig síðar, að þetta fasteignamat, sem kann að öðlast gildi eftir nokkur ár, verður réttlátt í öllum meginatriðum, er það hægur heima að breyta þessum l. á þann veg, ef það eitt sýnist rétt vera.

Ég skal ekki, herra forseti, tefja fyrir máli þessu, en ég tel það hafa lagazt mikið í höndum Alþ., því að blærinn á upphaflega frv. var alls ekki góður, þar sem 1. mgr. 1. gr. hljóðaði þannig, með leyfi forseta: „Stofna skal sjóð, er nefnist Jarðeignasjóður ríkisins. Hlutverk sjóðsins skal vera það að kaupa jarðir í þeim tilgangi að fella þær úr ábúð". Það var eini tilgangur þessa frv. í upphafi, en á þessu hefur orðið meginbreyting, og tel ég það vera til verulegra bóta. En hins vegar er ég sannfærður um það, að þar sem um jafnmikið stórmál er að ræða og hér er, á það eftir að sýna sig, að ekki verður hjá því komizt að endurskoða þessa löggjöf eftir nokkur ár, því að við eigum eftir að reka okkur á ótalmargt í sambandi við þetta mál, sem við sjáum ekki fyrir nú, og býst ég við að við verðum, áður en langir tímar líða, að taka þetta frv., ef að l. verður, til endurskoðunar. En þá koma tímar og þá koma ráð og þá geta menn breytt því á hagkvæmari hátt og kannske meira til heilla fyrir land og þjóð en við höfum möguleika á í dag. Ég vænti þess, að hv. þm. taki til greina þær till., sem hér liggja fyrir frá hv. 4. þm. Austf. ásamt mér, og samþ. þær. Ég veit, að það mun ekki valda neinum töfum á framgangi þessa máls á hv. Alþ., enda þótt nú sé talað um, að þingi eigi senn að ljúka, því að mér finnst, að það megi ekki hraða þingstörfum meira en það, að þau mál, sem afgreidd verða frá hv. Alþ., verði til sóma fyrir þingið, en ekki á annan veg, eins og ég ætla að muni verða kannske um sum þeirra mála, sem þingið kann að fjalla um þessa dagana.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. tók fram það, sem ég raunar hefði átt að gera hér áðan, að þetta frv. hefði tekið talsverðum breyt. í Nd. frá því að það var lagt fram og að þær breytingar séu til bóta, undir það vil ég hiklaust taka. Aðalbreytingarnar, sem þar voru gerðar á því, voru gerðar að ósk búnaðarþings og var það vel, að málið skyldi þangað fara. En hann gat líka um það, að þetta mál hefði verið samkomulagsmál milli ríkisstj. og Stéttarsambands bænda, og þannig var það lagt fram í þinginu, eins og þessir aðilar höfðu komið sér saman um. Allar brtt. búnaðarþings voru teknar til greina í Nd. nema ein, en hún fjallar um skipun stjórnar Jarðeignasjóðs.

Ég fyrir mitt leyti tel ekki, að það sé stórt atriði, þar sem Stéttarsambandið hefur þarna fulltrúa eftir frv. og landbrn. annan. Ég get ekki heldur talið það neitt óeðlilegt, þó Hæstiréttur tilnefni 1 mann í þessa stjórn, mér virðist, að það ætti einmitt að tryggja það, að vel sé frá öllum samningum um jarðakaup gengið. Hitt getur svo alltaf verið álitamál, hver eigi að tilnefna menn í stjórnir, en ég fyrir mitt leyti tel ekki ástæðu til að gera breyt. á þessu atriði, enda líklegt, eins og hv. frsm. fyrir brtt. vék að, að þess verði máske ekki langt að bíða, að einhverjar breyt. verði gerðar á þessu frv. Aftur á móti vil ég segja um hina brtt., að miða við fasteignamat, en ekki matsverð, að ég álít, að tæplega sé hægt að taka hana upp hér á þessu stigi, þar sem þetta var samkomulagsmál á milli ríkisstj. og stéttarsambandsins, og ekki einu sinni búnaðarþing sá ástæðu til að óska eftir því, að þessi breyt. væri gerð. Þess má vænta, að það fasteignamat, sem við verður miðað, gangi í gildi 1969, og ég ætla, að það verði eðlilegasta viðmiðunaratriðið um sölu slíkra jarða, sem hér um ræðir, sem finnanlegt sé, a. m. k. á meðan ekki verða verulegar verðbreytingar frá því, sem það fasteignamat miðast við. Þessar aths. eða brtt., sem hér hafa komið fram, voru til umr. í landbn., og meiri hl. n. gat ekki fallizt á að flytja þær og þar af leiðandi geri ég ekki ráð fyrir, að sá meiri hl. fallist heldur á að samþ. þær nú.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 495,1 felld með 9:6 atkv.
4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 495,2 felld með 9:6 atkv.
8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
9.—14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 532).

28. Ríkisreikningurinn 1965.

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1965 [111. mál] (stjfrv., A. 207).

Á 35. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið eftir ríkisreikningnum fyrir árið 1965, og er þar farið fram á, að Alþ. samþykki þær niðurstöður, sem orðið hafa á reikningnum. Svo sem í aths. með lagafrv. segir, er gert ráð fyrir, að reikningurinn sé lagður fyrir þingið samtímis frv., sem að sjálfsögðu er eðlilegt. Reikningurinn var lagður fram nú í haust, en án aths. yfirskoðunarmanna. Þeir hafa lokið sínum aths., og var ætlunin, að reikningnum yrði með aths. þeirra útbýtt hér í dag, en því miður hefur orðið á því dráttur í prentsmiðju, að hann væri til. Að sjálfsögðu er ekki nema eðlilegt, ef einhver hv. þdm. óskaði þess að fresta þessari umr. þangað til reikningurinn liggur fyrir með aths. Hins vegar held ég að það hafi aldrei orðið umr. um reikninginn við 1. umr. málsins, heldur eftir að hann er kominn frá hv. fjhn. og ef ekki koma fram andmæli gegn því frá hv. þdm., mundi ég leggja til, að þessari 1. umr. yrði lokið og frv. yrði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. og reikningurinn þá að sjálfsögðu ekki tekinn til meðferðar, fyrr en hann liggur hér fyrir með eðlilegum hætti og þm. hafa haft nægan tíma til þess að athuga hann, enda kemur frv. auðvitað ekki til athugunar í hv. fjhn., fyrr en reikningnum hefur verið hér útbýtt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 207, n. 280).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar. N. hefur lesið saman frv. og ríkisreikninginn og kom ekkert athugavert fram við það. En eins og nál. á þskj. 280 ber með sér, mælir n. einróma með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Ed., 7. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er til samþykktar á ríkisreikningnum fyrir árið 1965. Við 1. umr. fjárl. gerði ég ítarlega grein fyrir afkomu ríkissjóðs á því ári og skýrði þær umframgreiðslur, sem orðið hefðu á árinu annars vegar og orsakir umframtekna hins vegar. Ég sé því ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka þau rök hér. Frv. þetta er samið eftir ríkisreikningnum, sem hefur verið endurskoðaður og liggur hér fyrir hinu háa Alþ., ásamt með aths. yfirskoðunarmanna og svörum rn. við þeim og enn fremur úrskurði yfirskoðunarmanna á þeim svörum. Að svo miklu leyti sem kynni að vera ástæða til umr. um reikninginn, geri ég ráð fyrir, að það muni að venju fremur verða við 2. umr., eftir að frv. hefur verið athugað í n. Ég sé því ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið að sinni, en legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í umr. þeim, sem hafa farið hér fram á hv. Alþ. í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, hef ég fyrir hönd Framsfl. í framsögu lýst þeim viðhorfum, sem Framsfl. hefur til fjármálastjórnar núv. hæstv. ríkisstj., og gert aths. við þau vinnubrögð, sem ég hef talið þar athugasemdar verð. Af þeirri ástæðu hef ég fylgt þeirri reglu, og við aðrir, sem höfum unnið að endurskoðun ríkisreikningsins nú s. l. tvö ár, að vera ekki með neitt pólitískt nart í þeirri afgreiðslu okkar, enda höfum við allir afgreitt þær aths. sameiginlega, sem þar hafa komið fram.
Þetta vildi ég taka fram, vegna þess að eldri reikningar sýna önnur vinnubrögð í þessum efnum. En ég vil í sambandi við ríkisreikninginn nú víkja aðeins nokkrum orðum að þeim atriðum, sem ég tel, að þurfi mestrar athugunar við eftirleiðis og undirstrika það, sem ég sagði áðan, að hér er ekki um pólitískt mál að ræða, heldur almenn atriði, er varða rekstur ríkisins. Í sambandi við umframgreiðslur þær, sem fram fóru á s. l. ári, þá hafa þær verið skýrðar í reikningnum. Það eina, sem ekki hefur verið þar til umr., er, eins og venja er, alþingiskostnaðurinn, en hann fór verulega fram úr áætlun á þessu ári. Ástæð-

an til þess, að svo varð, var m. a. sú breyting, sem gerð var, þegar Alþ. tók á leigu Þórshamar og lét innrétta það hús til nefndarstarfa fyrir Alþ. Ég vil líka taka það fram, að inni í þessari tölu um alþingiskostnað er kostnaður við Norðurlandaráð og starfsemi Íslendinga í því ráði, sem mun vera um 1.7 millj. kr.

Við yfirskoðunarmenn gerðum við síðasta reikning og aftur nú aths. m. a. í sambandi við skil hjá hinum ýmsu innheimtumönnum ríkissjóðs. Það má segja um þau, að þau séu yfirleitt góð, en nokkur embætti voru þar mjög aftarlega í skilum og það svo, að athygli vekur. Nokkur breyting varð á þessu, meira var útistandandi við árslok 1965 en 1964, sem stafaði af því, að ríkisreikningi var lokað nákvæmlega 31. desember 1965, en svo hafði ekki verið árið áður og það því talið útistandandi, er þá lá hjá embættunum af innheimtufé og ekki hafði verið skilað inn til ríkisféhirðis. En það kom hins vegar í ljós, að nokkur embætti lágu með yfir 60% af ársinnheimtunni. Eitt embætti lá með um 67% af ársinnheimtunni. Það embætti hafði einnig legið með álíka háan hluta af innheimtunni árið áður og á þessu vildum við vekja athygli, hvort hér væri um eðlilega afgreiðslu að ræða og hvernig stæði á því, að þetta embætti væri svo seint á ferðinni og þau, sem við þar greinum í okkar aths., frekar en önnur. Við viljum undirstrika það, að hér er um óeðlilega tölu að ræða, þar sem mörg af embættunum voru búin að skila allt upp í 70%, eða þar yfir, af sinni innheimtu og hliðstæð embætti 60—70%, þó að það sé vitað, að mikið falli til af innheimtu einmitt á síðasta mánuði ársins og í kringum áramótin.

Í öðru lagi gerðum við aths. í sambandi við rekstur ríkisútvarpsins og innheimtu hjá ríkisútvarpinu. Árið 1964 kom í ljós, að yfir 20% af afnotagjöldum ríkisútvarpsins voru óinnheimt í árslok. Þetta hafði aukizt á árinu 1965, þrátt fyrir þá aths., sem við höfðum þá gert við þetta, og við töldum, að hér væri verið að telja til eignar fjármuni, sem án efa verður að einhverju leyti að afskrifa. Okkur finnst, að innheimta ríkisútvarpsins sé með þeim hætti, að óeðlilegt sé, að 20—25% af afnotagjöldum ríkisútvarpsins séu óinnheimt í árslok. Rekstur ríkisútvarpsins gekk erfiðlega á árinu 1965, varð hallarekstur og það hlýtur að verða ennþá fráleitara, þegar innheimtan gengur einnig svo illa sem raun ber vitni um.

Þá viljum við vekja athygli á því, í sambandi við rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins, að eignir stofnunarinnar hjá viðskiptamönnum hennar höfðu verulega aukizt á árinu. Í svari, sem ferðaskrifstofan gaf við aths. um þetta, eða viðskmrn. fyrir hennar hönd, kemur í ljós, að ferðaskrifstofan telur sér til eignar ýmsa hluti viðkomandi hótelrekstri sínum í skólum landsins. Ferðaskrifstofan hefur undanfarin sumur annazt hótelrekstur í ýmsum skólum, og hefur hún lagt þessum skólum til húsgögn og fleiri muni, sem að þeirra dómi hafa verið látnir þeim í té upp í endurgjald af húsnæði. Og þar sem ég þekki til, hafa þessar skólastofnanir talið, að þær ættu þessi húsgögn sem leigugjald eftir skólahúsnæðið, sem látið væri í té fyrir þennan rekstur ferðaskrifstofunnar. Nú kemur það hins vegar í ljós, að ferðaskrifstofan telur sig eiga þarna eignir í þessum stofnunum, og enn fremur höfum við uppfært á eignareikning ferðaskrifstofunnar halla af rekstri þeirra hótela, sem halli varð á. Nú er það skoðun okkar, er unnum að yfirskoðun ríkisreikningsins, að hér geti ekki orðið um eign að ræða. Þennan hallarekstur, sem þarna hefur átt sér stað, verði að afskrifa eða færa sem tapaðan pening nú þegar, því að það séu engar líkur til, að það batni, þó að rekstrinum verði haldið áfram. Á þessu viljum við vekja athygli, af því að við teljum, að hér sé ekki stefnt í rétta átt.

Þá gerðum við aths. við það, að á vegum ríkisins höfðu verið veitt ýmis embættislán, sem höfðu færzt nokkuð í aukana á árinu 1965. Við spurðumst fyrir um það, hvort um þessi lán væru fastar reglur, og í aths. við ríkisreikninginn svarar rn. því til, að hér hafi verið um að ræða lán til stutts tíma, sem hafi svo verið endurgreidd af kaupi viðkomandi starfsmanna. Þessi lán voru vaxtalaus, en rn. tekur undir þessa aths. og telur, að því sé hætt að veita þessi lán og teljum við það eðlilegt.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns, ætlaði ég ekki að fara hér út í pólitískar deilur í sambandi við ríkisreikninginn, því að það hef ég gert á öðrum vettvangi. En þar sem þessi ríkisreikningur var með öðrum hætti að því leyti, að loka varð reikningnum 31. desember, eins og ég áðan sagði og ekki er á honum að finna greiðsluyfirlit ríkissjóðs, vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvort það mundi ekki vera rétt hjá mér, að greiðsluhallinn hefði verið um 90 millj. á árinu 1965. Ég tel mig hafa fundið það út úr ræðu hans og upplýsingum, en af því að það er ekki tekið fram í reikningnum, vildi ég biðja hann að segja d. frá því.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl., sem er einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninga, hefur hér skýrt frá því, að hann hafi lagt áherzlu á að taka efnislega afstöðu til ríkisreikningsins og endurskoðunarinnar, en ekki að halda uppi í því sambandi neinni pólitískri gagnrýni. Ég tel ástæðu til að þakka það, hvernig endurskoðendur hafa tekið á þessu máli, ekki það, að ég sé að biðjast undan neinni gagnrýni, heldur tel ég, að það skipti meginmáli, að þeir, sem eru valdir til yfirskoðunar af hálfu Alþ., starfi einmitt í þeim anda að blanda ekki pólitískum deilumálum, varðandi grundvallarstefnu í fjármálum ríkisins hverju sinni, saman við störf sín

sem ríkisendurskoðendur. Ég tel, að þeim sé skylt að benda á allt, sem aflaga fer, og rn. sé skylt að sinna þeim ábendingum, að svo miklu leyti sem þær eru raunhæfar, og ég tel, að ríkisendurskoðendur, — og hann eigi síður en aðrir, sem hafa með þessi mál haft að gera þann tíma, sem ég hef þekkt í mínu starfi sem fjmrh., — hafi tekið á þessu á rökréttan og raunhæfan hátt, og allt það, sem þeir hafa vakið athygli á, hafi verið þess eðlis, að það hafi verið sjálfsagt að taka það til athugunar, þó sumt af því hafi að sjálfsögðu verið þess eðlis, að meginefni til, að það var hægt að skýra það með eðlilegum hætti, eins og þeir hafa líka tekið fullkomlega til greina. En það voru auðvitað viss atriði, sem hefðu mátt betur fara, það er alveg rétt, og er þá jafnskylt að sinna þeim ábendingum, en út í það skal ég ekki fara í einstökum atriðum, enda eru grg. með ríkisreikningnum mjög glöggar um þær aths., sem ríkisendurskoðendur og yfirskoðunarmenn hafa gert, og jafnframt svör viðkomandi rn. við þeim aths.

Að því má vitanlega finna, að í þessum ríkisreikningi er ekki það yfirlit, sem hefur verið í ríkisreikningi síðustu ár um greiðsluafkomu ríkissjóðs eða greiðsluhallann á árinu 1965. Ég skýrði hins vegar frá því í fjárlagaræðu minni, að það hefði verið illgerlegt, eða raunar ógerlegt, að birta sams konar yfirlit, vegna þess að reikningi var lokað með allt öðrum hætti, eins og hv. 3. þm. Vesturl. benti á, á árinu 1965 en undanfarin ár, vegna þess að verið var að gera skipulagsbreytingu í samræmi við hin nýju l. um undirbúning fjárlaga og meðferð ríkisreikningsins. Hins vegar mun slíkt yfirlit um greiðsluhalla eða greiðsluafgang koma með ríkisreikningi ársins 1966, því að þá verður þetta nýja skipulag farið að verka með eðlilegum hætti, en hlaut að verða nokkuð sérstætt það árið, sem breytingin væri gerð.

Hins vegar hefur auðvitað ekki verið hjá því komizt að gera upp það dæmi, hver hafi verið raunveruleg útkoma ríkissjóðs, og það er rétt, sem hv. þm. sagði, að hallinn á árinu 1965 var rúmar 90 millj. kr., ef það er gert upp með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár. Eins og hann gat um kemur það fram sem afleiðing af þessu breytta skipulagi, að það virðist í fljótu bragði vera um að ræða meiri vanskil á innheimtutekjum ríkissjóðs en áður hafa verið. Ef hins vegar skipulagsbreytingin er skoðuð, telja þeir menn, sem hafa með þetta að gera, að þau séu sízt meiri en undanfarin ár, enda hefur verið lögð á það rík áherzla, að tekjur ríkissjóðs væru innheimtar með meiri hraða, og á árinu 1966 hygg ég, að það hafi gerzt með meiri hörku en áður og það kannske svo, að ýmsum hefur þótt nóg um. Sérstaklega hefur verið sýnd ítarleg viðleitni í þá átt að koma í veg fyrir það, sem sums staðar hefur gerzt í landinu, að vörum hafi verið sleppt, án þess greiddir hafi verið af þeim tollar. Þetta hefur verið mjög mismunandi eftir héruðum, en það hefur verið lögð rík áherzla á að gera í því efni sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að slíkt geti gerzt áfram. Það hefur jafnframt verið lögð áherzla á, við þau embætti, sem hv. flm. minntist á, og ekki hafa gert skil í sama hlutfalli og önnur embætti, að á þessu yrði breyting, og ég vænti þess, að það hafi orðið á s. l. ári allveruleg breyting í því efni, sem mun að sjálfsögðu koma fram, þegar reikningur þessa árs kemur til endurskoðunar.

Varðandi þau atriði, sem hv. þm. minntist hér á, skal ég aðeins um þau segja örfá orð. Það er rétt hjá honum, að innheimta útvarpsins hefur ekki verið í æskilegu lagi, en það var hins vegar gerð ráðstöfun til þess á s. l. ári að taka upp breytt skipulag í þessum efnum og sett á stofn innheimtustofnun með innheimtustjóra, og ég hygg, að sú innheimta hafi skilað mjög góðri raun. Því er ekki að leyna, að því miður hefur það gerzt á undanförnum árum, að jafnvel afnotagjöld af útvarpi hafa fyrnzt, og það er auðvitað alger óhæfa, að slíkt skuli gerast, og því hin mesta nauðsyn, að á þessu verði breyting. Ekki sízt verður það nauðsynlegt, eftir að til kemur, að auki, sjónvarpið með sín háu og miklu afnotagjöld, að þetta sé með eðlilegum hætti, og vonandi að það geti orðið með þessu nýja skipulagi.

Varðandi ferðaskrifstofuna skal ég ekki mikið segja. Það er vafalaust rétt hjá hv. þm., að það eru nokkrar efasemdir uppi um það, hvernig eigi að líta á rekstur hótelanna, sem hafa verið starfrækt á vegum ferðaskrifstofunnar undanfarin ár á sumrin, og það er auðvitað eðlilegt, ef ferðaskrifstofan reiknar sér til eignar allan húsgagnakost, sem fram hefur verið lagður, að þá sé reiknuð einhver húsaleiga af viðkomandi skólum.

Um embættislánin er það rétt, að þau hafa þróazt nokkuð undanfarin ár, og reyndar um alllangan aldur, og byggjast á löggjöf, sem heimilar slík lán, þannig að hér er ekki um neitt ólöglegt að ræða. Hins vegar er ég sammála hv. þm. um það, að þessar lánveitingar séu óeðlilegar, enda hefur að undanförnu ekki verið um nein slík lán að ræða, og þessi lán, sem veitt hafa verið, munu smám saman hverfa úr sögunni, eftir því, sem þau greiðast.

Ég held ekki, að það sé frekari ástæða til umræðna um það, sem fram hefur komið, en legg aðeins áherzlu á það, að af hálfu rn. er það mjög vel séð, að yfirskoðunarmenn leggi sig fram um að gagnrýna ríkisreikninginn. Það er auðvitað alltaf margt, sem betur mætti fara, og ágætt, að einmitt frá slíkum aðilum komi ábendingar um það, og getur það í mörgum tilfellum beinlínis styrkt rn. í viðleitni þess til aðhalds, og á meðan þær athugasemdir eru gerðar á efnislegum grundvelli, er að sjálfsögðu ekki annað hægt að gera en fagna þeim.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 207, n. 474 og 500).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi til meðferðar og borið hann saman. Mælir meiri hl. n., eins og fram kemur á þskj. 474, með því að frv. verði samþ. óbreytt. Tveir nm. voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykn. var að mæla hér fyrir áliti meiri hl. fjhn., en það er nú reyndar ekki meiri hl., sem skrifar undir álitið, heldur aðeins 3 af 7 nm. En það er ekki enn búið að útbýta, og tæplega búið að prenta ennþá, nál. minni hl. Í honum er hv. 11. þm. Reykv. auk mín. Við erum búnir að skila þessu til skrifstofunnar, en það er ekki komið ennþá. En hins vegar, ef hæstv. forseti óskar þess, get ég talað fyrir okkar nál., þó að það sé ekki búið að útbýta því.

Þessi ríkisreikningur fyrir 1965 sýnir m. a. stórfelldar álögur á þjóðina, mikla eyðslu, en jafnframt mikla hlutfallslega lækkun á ríkisframlögum til verklegra framkvæmda. Yfirskoðunarmenn hafa gert nokkrar aths. við reikninginn, m. a. um miklar eftirstöðvar hjá innheimtumönnum og útistandandi skuldir hjá ýmsum ríkisfyrirtækjum, og hefur svo verið undanfarin ár.

Skömmu eftir að núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð, var allmikið talað um það af ráðh. og málsvörum þeirra, að nú mundi hafinn verulegur sparnaður í ríkisrekstrinum. Og ég minnist þess, að hæstv. fyrrv. fjmrh. kom með langan lista hér á Alþ. um sparnaðaratriði. Þau skiptu nokkrum tugum áreiðanlega, sem hann taldi, að væru til nákvæmrar athugunar hjá ríkisstj. Og fljótlega var sett á stofn af ríkisstj. eitthvert fyrirtæki, sem ég held, að hún nefni hagsýslu. Ég sé, að skv. þessum ríkisreikningi hefur verið varið til hagsýslunnar rúmum 700 þús. kr. Ég hef hins vegar ekki talið saman á ríkisreikningum fyrri ára, hve búið er að verja miklu fé samtals til reksturs á því fyrirtæki, en sjálfsagt er það orðin lagleg fúlga. En hins vegar hefur farið mjög lítið fyrir uppskeru af því sáðkorni. Ég vil aðeins nefna hér eitt dæmi um það, hvernig sparnaðarfyrirheit núv. ríkisstj. hafa reynzt í framkvæmdinni. Árið 1961 lagði stjórnin fyrir Alþ. frv. til nýrra laga um tekjuskatt og eignarskatt og fékk það frv. samþ. þá á þinginu. Það nýmæli var í þeim l., að skattanefndir í sveitarfélögum voru lagðar niður, en landinu skipt í 8 skattumdæmi með einum skattstjóra í hverju. Stjórnin og talsmenn hennar töluðu og skrifuðu um það sem mikið hreystiverk að leggja niður 219 skattanefndir með 657 mönnum og 24 yfirskattanefndir að auki, og um þetta sagði ríkisstj. m. a. í aths., sem fylgdu frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Fer ekki hjá því, að hér verði um talsverðan sparnað að ræða".

En hvað segir ríkisreikningurinn okkur um sparnaðinn? Síðasta árið, sem eldra fyrirkomulagið um skattálagninguna var í gildi, en það var 1961, var kostnaður við skattanefndir, skattstofur og ríkisskattanefnd samtals 11 millj. 200 þús. kr. En skv. þessum ríkisreikningi var kostnaður við skattstofur og ríkisskattanefnd árið 1965 32 millj. 148 þús. kr. Þannig hefur kostnaður við álagningu skattanna um það bil þrefaldazt á 4 árum. Þannig fór um sparnaðinn, sem stjórnin sagði, að nýja kerfið mundi hafa í för með sér. Nú skal ég ekki segja um það, hvort skattálagningin er nokkuð betur framkvæmd nú en áður var. Um það treysti ég mér ekki til að dæma. En hitt vita allir, að nýja kerfið er langtum seinvirkara en það gamla, og það hefur í för með sér m. a. það, að það seinkar innheimtu á opinberum gjöldum, hvað skattskrárnar koma seint fram víða um land. Þess munu dæmi nú á síðari árum, að sýslumenn hafa ekki getað haldið manntalsþing fyrr en á jólaföstu, en það var venja í gamla daga að halda þau að vorinu.

Ég læt þetta eina dæmi nægja til að sýna það, hvað sparnaðarfyrirheit stjórnarinnar hafa haft mikið gildi.

Fjhn. hefur fengið afrit af skýrslu ríkisendurskoðunarinnar dags. 10. janúar s. l., sem hún sendi yfirskoðunarmönnunum. En á þeirri skýrslu sést, hvað eftir var að endurskoða af reikningum ríkisstofnana, embætta o. fl. hinn 31. desember 1966, þ. e. a. s. hvað eftir var að endurskoða af reikningum fyrir árið 1965 eða eldri tíma. Einnig hefur n. fengið yfirlit dags. 12. þ. m., er sýnir, hvað unnið hefur verið að endurskoðun þeirra reikninga, síðan skýrslan var gefin út. Af þessum gögnum sést, að enn er ólokið endurskoðun allmargra reikninga fyrir árið 1965 og nokkurra frá fyrri árum. Við teljum í minni hl. fjhn., að ríkisreikninga eigi ekki að samþykkja á Alþ., fyrr en endurskoðun þeirra er lokið. Þess vegna leggjum við til við hæstv. forseta, að hann fresti nú afgreiðslu málsins, taki það út af dagskrá, og það verði ekki tekið fyrir á þingi, fyrr en upplýsingar liggja fyrir um það, að endurskoðun reikninganna, ríkisreikningsins og þeirra undirreikninga, sem hann byggist á fyrir 1965, sé lokið. Þetta er sú regla, sem ég tel, að eigi að fylgja, og þetta er í samræmi við það, sem ég hef haldið fram hér á undanförnum þingum. Ég hef bent á það til samanburðar, að sýslunefndir samþykkja reikninga sveitarsjóða, og það mun aldrei koma fyrir, að sýslunefndir samþykki óendurskoðaða hreppsreikninga, heldur er því máli þá frestað, þar til endurskoðun er lokið, og Alþ. ætti ekki að vera linara í

kröfum að þessu leyti með reikningsskilin en sýslunefndirnar. Þess vegna leggjum við það til, að málinu verði frestað, og ég vil beina því til hæstv. forseta.

Þegar menn sjá okkar nál., verður þar birt með þessi skýrsla ríkisendurskoðunarinnar, sem ég gat um frá 10. janúar og sömuleiðis bréf sömu stofnunar frá 12. apríl, og af þeim gögnum geta menn séð, á hvaða stigi endurskoðunin nú er.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 536).

---

29. Tollskrá o. fl.

Á 23. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl. [122. mál] (stjfrv., A. 223).

Á 39. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur gert hv. d. grein fyrir frv. um að leggja niður Viðtækjaverzlun ríkisins og hefur skýrt orsakir þess, að það mál er hér flutt, sem eru í stuttu máli þær, að fyrirtæki þetta hefur ekki lengur neinn eðlilegan starfsgrundvöll. Síðustu árin hefur afkoma viðtækjaverzlunarinnar verið það slæm, að tekjur hennar sjálfrar hafa ekki nægt til að standa undir reksturskostnaði, heldur hefur einnig orðið að nota hluta af því fé, sem innheimt hefur verið sem afgreiðslugjald frá öðrum aðilum, sem viðtæki selja, til þess að greiða hallarekstur fyrirtækisins. Eins og hæstv. menntmrh. gat um, hefur það komið í ljós, að ekki væri auðið að halda lengur áfram rekstri þessa fyrirtækis með neinum viðhlítandi hætti, enda augljóst, að öll aðstaða nú í dag er gjörbreytt varðandi þá þjónustu, sem hér er um að ræða. Það eru ótal aðilar í þjóðfélaginu nú, sem vinna að þessum málum, ríkissjóði að kostnaðarlausu, og ef hægt er að tryggja með eðlilegum hætti þær tekjur, sem ætlunin var að afla með starfsemi þessarar stofnunar, ætti að vera augljóst, að það er hagkvæmara á allan hátt en að efna til stórkostlegrar fjárfestingar í því skyni að koma fótum undir fyrirtækið aftur, sem þó er alls ósýnt að tækist, þegar þess er gætt, hve margir aðilar vinna nú að þessum málum.

Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. um tollskrá, er eingöngu í sambandi við niðurlagningu viðtækjaverzlunarinnar eða till. um þá niðurlagningu, og er þar gert ráð fyrir, að verðtollur á sjónvarpstækjum og útvarpstækjum hækki úr 80 í 100%, og er þá við það miðað, að upp vinnist sá tekjumissir, sem leiðir af því, að afgreiðslugjaldið af þessum tækjum fellur niður. En það gjald var að sjálfsögðu svipaðs eðlis og verðtollur. Með þessu frv. er ekki ætlunin að afla ríkissjóði neinna tekna. Tekjurnar af viðtækjaverzluninni hafa ekki runnið til hans beint, heldur til ákveðinna þarfa, sem ríkissjóður hefur nú tekið á sig að verulegu leyti, annars vegar varðandi Sinfóníuhljómsveitina og hins vegar Þjóðleikhúsið. Eins og hæstv. menntmrh. lýsti hér, er greiðslu byggingarskulda Þjóðleikhússins lokið og þeirri byggingu, þannig að ekki er þörf sérstaks tekjustofns af þeirri ástæðu, og einmitt með það í huga hefur verðtollsákvörðunin verið miðuð, þannig að það er ekki gert ráð fyrir því að afla ríkissjóði aukinna tekna, því að miðað við 100% verðtoll af hljóðvarpstækjum mundu tekjur ríkissjóðs af þeim verðtolli vera allmiklu minni en sá hagnaður, sem verið hefur af viðtækjaverzluninni. Lætur nærri, að sá tekjumissir samsvari einmitt þeirri upphæð, sem gert hefur verið ráð fyrir, að rynni af tekjum viðtækjaverzlunarinnar til greiðslu á byggingarskuldum Þjóðleikhússins. Það verður hins vegar nokkur hækkun á tekjum sjónvarpsins með því að ákvarða 100% verðtoll á sjónvarpstækjum. Þær tekjur renna ekki í ríkissjóð, því að eins og hv. þdm. er kunnugt, er sérstök heimild til þess að láta allar innflutningstekjur af sjónvarpstækjum renna til uppbyggingar sjónvarps. Um það hefur mikið verið rætt hér á hinu háa Alþ. að undanförnu, hversu mikil nauðsyn væri að hraða uppbyggingu sjónvarpsins, og mun hv. þdm. því væntanlega ekki þykja það nein goðgá, þó að tekjur sjónvarpsins hækki eitthvað af þessu gjaldi, enda þótt mönnum sé stundum nokkuð mikið í mun, að tekjur ríkissjóðs aukist ekki verulega. Það er sem sé ekki ætlunin, að það verði með þessum hætti. Hins vegar þótti eðlilegt, að bæði sjónvarps- og hljóðvarpstæki bæru sama verðtoll eða 100%.

Í grg. frv. er getið um, að 100% verðtollur á sjónvarpstækjum mundi hafa gefið á 9 síðustu mánuðum ársins um 1.5 millj. kr. meiri tekjur. Reyndin varð sú, að innflutningur sjónvarpstækja á s. l. ári varð miklum mun meiri en reiknað hafði verið með, þannig að miðað við endanlegar tölur í því efni, sem lágu fyrir, eftir að þetta frv. var afgreitt, mundi þessi tekjuauki hafa numið allmiklu meiru á s. l.

ári, eða nú um 4 millj. kr., en hins vegar hefði orðið um að ræða rýmun á tekjum af hljóðvarpsviðtækjum. Hvort hv. þdm. telja það óeðlilegt, að þessi hækkun komi fram á sjónvarpsviðtækjum, sem leiðir af sér nokkurn tekjuauka til uppbyggingar sjónvarps, skal ég láta alveg ósagt. Það eru ekki hagsmunir ríkissjóðs sem slíks, sem hér koma til greina, en það var, eins og ég hins vegar sagði, talið, að skilningur ríkti á nauðsyn þess að byggja upp sjónvarpið, að mönnum mundi ekki þykja það nein goðgá, þó að um smávægilega hækkun yrði að ræða á þessu gjaldi. Samtals verður sem sagt ekki um heildarálöguaukningu að ræða við ákvörðun gjalda, svo sem hér er lagt til, þar sem hljóðvarpstekjurnar minnka nokkuð á móti.

Það er gert ráð fyrir því í frv. að heimila að verja allt að 8% af þeim tolltekjum, sem innheimtar eru af hljóðvarpstækjum, til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hingað til hefur það verið eingöngu hljóðvarpstækjasalan, sem hefur staðið undir bæði rekstursкostnaði viðtækjaverzlunarinnar og einnig framlögunum til Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar, en sjónvarpsviðtækjatekjurnar hafa allar óskertar gengið til uppbyggingar sjónvarpsins. Þetta samsvarar því, að tekjurnar af hljóðvarpstækjum verði áfram notaðar til stuðnings Sinfóníuhjómsveitinni. Það má að vísu segja, að þetta skipti ekki öllu máli, þar sem Sinfóníuhljómsveitin er að verulegu leyti á framfæri ríkissjóðs og ríkisstofnana, en það þykir þó rétt að halda þessari aðferð, sem verið hefur í þessu efni, að þessar tekjur renni til hennar að hluta til.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara um þetta fleiri orðum. Ef hv. n., sem fær málið til meðferðar, kýs að fá um það nánari upplýsingar, verða þær að sjálfsögðu veittar, en ef ekki gefst tilefni til frekari umr., mun ég ekki orðlengja um málið meira að þessu sinni, en legg til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 7. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 223, n. 285 og 298).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er í rauninni fylgifrv. með frv. til l. um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum, sem nýlega hefur verið afgreitt héðan úr hv. d. Þegar viðtækjaeinkasalan hefur verið lögð niður, þá hlýtur auðvitað um leið að falla niður það einkasölugjald, sem krafizt hefur verið af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum, þannig að ef hið opinbera á ekki að missa verulega í tekjum vegna þeirrar ráðstöfunar, þá verður að afla þeirra tekna með öðru móti, og er þá auðvitað eðlilegt, að hækkaður verði tollur á þessum tækjum. Sú leið er líka valin skv. frv. því, sem nú liggur fyrir, að hækka tollinn úr 80% í 100%. Af tolltæknilegum ástæðum mun það varla framkvæmanlegt að hafa mismunandi toll á sjónvarpstækjum og hljóðvarpstækjum, þannig að til þess að tekjuöflunin verði sem næst því, sem verið hefur, þá hefur þessi leið verið valin, sem mundi þýða það, að útvarpstæki koma til með að lækka nokkuð í verði, eða um 8%, en sjónvarpstæki hins vegar hækka um því sem næst 6%. Fsp. kom fram um það í n., hvort þessi breyt. væri líkleg til þess að hafa nokkur áhrif á vísitölu framfærslukostnaðar og þá á hvern veg. Ég ræddi þetta mál því við hagstofustjóra, sem tjáði mér, að miðað við núv. vísitölugrundvöll mundi þetta engin áhrif hafa, blátt áfram af því, að hvorki útvarpstæki né sjónvarpstæki eru í honum. Varðandi nýjan vísitölugrundvöll, sem nú er unnið að, tjáði hagstofustjóri mér, að ekki væri að vísu hægt að segja um það með nákvæmni, hvaða áhrif þetta kynni að hafa á hann, þar sem ekki væri fullkomlega frá þessum grundvelli gengið. Hins vegar fullyrti hann, að þó að vísu væri gert ráð fyrir því, að bæði sjónvarpstæki og útvarpstæki væru þar með, þá hlytu áhrifin að verða mjög óveruleg og ekki unnt að segja um það, á hvern veg þau yrðu.

Hvað snertir afstöðu n. til þessa frv. þá er hún eðlilega í samræmi við þá afstöðu, sem tekin var til frv. um afnám viðtækjaeinkasölunnar, þar sem þetta frv. er aðeins í rauninni fylgifrv. með því, þannig að við 6, sem stöndum að meiri hl. nál. á þskj. 285, mælum með samþykkt frv., þó þannig, að einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja þeim. Einn nm., hv. 4. þm. Norðurl. e., hefur hins vegar skilað séráliti og vísar í því til afstöðu flokks síns til frv. um afnám viðtækjaverzlunarinnar og mælir þar af leiðandi ekki með því, að þetta frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið þá er þetta frv. fylgifrv. og bein afleiðing af því, að hv. d. hefur frv. til l. um afnám heimildar um einkasölu á viðtækjum til umr. Við umr. um það mál í d. gerði fulltrúi Alþb. í viðkomandi n., hv. 5. þm. Reykn., mjög rækilega grein fyrir afstöðu okkar til þess og flutti till. um, að þetta mál allt yrði athugað betur, áður en horfið yrði að því ráði að leggja þessa ríkisstofnun niður. Eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, þá er hér um sama málið að ræða. Hér er aðeins um hluta málsins að ræða, beina afleiðingu af því, sem áður hefur verið gert, og ég tel því við hæfi, að sá meiri hl., sem samþ. hið fyrra frv., taki einnig á sínar herðar ábyrgð á þeim ráðstöfunum, sem af því leiða. Hins

vegar vil ég segja það, að að hinu frv. samþ., þá tel ég þessar ráðstafanir eftir atvikum ekki óeðlilegar og mun þess vegna ekki beita mér gegn frv., en ég mun ekki heldur ljá því atkv. mitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 52. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er í rauninni fylgifrv. með frv. því um afnám heimilda til einkasölu á viðtækjum, sem hefur legið einnig hér fyrir þessari hv. d., og hefur þegar verið afgreitt frá n.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja orsakir þess, að það mál er hér flutt, en eins og hv. þdm. er kunnugt, var hagnaði af rekstri viðtækjaverzlunarinnar varið með tvennum hætti. Annars vegar til reksturs Sinfóníuhljómsveitarinnar og hins vegar til að greiða niður byggingarskuldir Þjóðleikhússins. Í annan stað var svo ákveðið, að allur hagnaður af innflutningi sjónvarpstækja, þ. á m. tolltekjur af innflutningi þeirra, skyldu renna til þess að greiða stofnkostnað sjónvarps. Þær tekjur hafa óskorað runnið til uppbyggingar sjónvarpinu, og hefur reksturskostnaður viðtækjaverzlunarinnar ekki verið greiddur af því fé, heldur af því, sem inn hefur komið, annars vegar fyrir sölu viðtækjaverzlunarinnar á hljóðvarpstækjum, og hins vegar af sérstöku leyfisgjaldi, einkasölugjaldi, sem þeir aðilar hafa orðið að greiða viðtækjaverzluninni, sem hafa fengið leyfi til þess að annast sjálfir innflutning og sölu hljóðvarpstækja.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að gerðar séu breyt. á tollskránni í þá átt, að verðtollur á hljóðvarps- og sjónvarpstækjum verði ákveðinn 100%. Með þessu móti mundu nokkuð aukast tekjur af sölu sjónvarpstækja og smávægileg verðhækkun verða á þeim, eða um 6%, en aftur á móti mundu hljóðvarpstæki lækka um 8% í verði og samdráttur verða nokkur í tekjum af þeim. Þetta mun þó ekki koma að sök varðandi hljóðvarpstækin, vegna þess að þegar er lokið greiðslum á byggingarskuldum Þjóðleikhússins, en þetta mundi gefa nokkrar tekjur til þess að standa straum af þeim kostnaði vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem hefur verið greiddur af þessum tekjulið. Hagnaður fyrir ríkissjóð yrði enginn af þeim ráðstöfunum, sem hér eru gerðar, vegna þess að verðtollurinn af sjónvarpstækjunum mundi að sjálfsögðu renna óskiptur áfram til uppbyggingar sjónvarpi. Af tolltæknilegum ástæðum þykir ekki eðlilegt að hafa mismunandi tollflokka á sjónvarpstækjum og hljóðvarpstækjum, enda þótt hér verði um smávægilega verðbreytingu að ræða. Ég geri einnig ráð fyrir því, að miðað við þann mikla áhuga, sem virðist vera hjá öllum um uppbyggingu sjónvarpsins, þyki mönnum það ekki nein goðgá, þótt tekjur þess aukist um nokkrar millj. kr. af þessum ástæðum.

Ég sé ekki ástæðu, nema tilefni gefist til, herra forseti, til að orðlengja frekar um málið. Það er mjög einfalt í sniðum, en ég legg til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst rétt að vekja athygli á því í sambandi við þetta frv., að upphaflega var svo til ætlazt, að allar tekjur af viðtækjaverzluninni rynnu til ríkisútvarpsins, og hélzt sú skipan allmörg fyrstu árin. En það gerðist hins vegar um skeið, að fjárhagsafkoma ríkisútvarpsins var sæmilega góð, og þá var horfið að því að svipta ríkisútvarpið þessum tekjum, sem það hafði af viðtækjaverzluninni, og þeim skipt á milli Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitarinnar. Nú er hins vegar sú breyting á orðin hjá ríkisútvarpinu, að í staðinn fyrir, að það var áður rekið með allverulegum tekjuafgangi, hefur það seinustu árin verið rekið með verulegum tekjuhalla. Á árinu 1965 var hallinn á rekstri ríkisútvarpsins nærri 2 millj. kr., og mér skilst, þó uppgjör liggi ekki endanlega fyrir, að á síðasta ári, 1966, hafi hallinn á rekstri ríkisútvarpsins alltaf orðið 5—6 millj. kr. og jafnvel meiri. Þess vegna er nú þannig komið, að mínum dómi, að útvarpið hefur orðið fullkomlega þörf fyrir þær tekjur, sem það hafði áður af viðtækjaverzluninni. Það er ekki aðeins, að það hafi verið rekstrarhalli á útvarpinu þessi 2 ár, heldur er fyrirsjáanlegt, að óbreyttum ástæðum, að verulegur rekstrarhalli muni verða á útvarpinu á þessu ári, nema dagskrá þess verði stórkostlega skorin niður. Þar við bætist, að útvarpið þyrfti, á allra næstu misserum, að ráðast í mjög dýrar framkvæmdir til þess að bæta hlustunarskilyrði úti um land. Hlustunarskilyrði eru nú mjög slæm á mörgum stöðum, eins og t. d. í Skagafirði, í Þingeyjarsýslum, í Skaftafellssýslu og á Vestfjörðum, og útvarpið hefur engar tekjur til að ráðast í þessar framkvæmdir, nema því verði séð fyrir einhverjum nýjum tekjustofnum.

Hæstv. ríkisstj. hefur ekki viljað fara inn á þá braut að hækka afnotagjaldið, þó að kannske væri ekki að öllu leyti óeðlilegt, að það væri heldur hærra en það er nú, en það hefur

hins vegar áhrif á dýrtíðarvísitöluna og hana vill ríkisstj. ekki láta hækka, og þess vegna er afnotagjaldinu haldið niðri. Á meðan svo er, er óhjákvæmilegt, að útvarpinu verði séð fyrir einhverjum nýjum tekjustofnum, til þess að það geti haldið uppi fullnægjandi dagskrá, sem þarf helzt að geta batnað, eftir að sjónvarpið kom til sögunnar, það þarf að heyja samkeppni við það, og til þess að geta ráðizt í þær framkvæmdir, sem mjög aðkallandi eru til að bæta hlustunarskilyrði úti um land. Þess vegna mundi ég telja eðlilegt, að þær tekjur, sem skv. þessu frv. eiga að renna til Sinfóníuhljómsveitarinnar, renni til ríkisútvarpsins. Ég hef alltaf talið það óeðlilegt, að Sinfóníuhljómsveitinni væri aflað tekna með þessum hætti, að það sé tekið frá útvarpinu, sem ríkið á raunverulega að greiða til hennar. Þess vegna ætti að breyta 3. gr. þessa frv. á þá leið, að þær tekjur, sem þar er ætlazt til að renni ekki í ríkissjóð, renni í framkvæmdasjóð útvarpsins, eins og upphaflega var gert ráð fyrir um tekjurnar af viðtækjaverzluninni. En ég legg aftur áherzlu á það, að það er mjög mikil nauðsyn á því, að tekjuöflunaraðstaða útvarpsins sé bætt, ef dagskráin á ekki að verða fyrir verulegum skakkaföllum og versna frá því, sem nú er, og ef útvarpið á að geta tryggt sæmileg hlustunarskilyrði um allt land. Mér finnst það ekki boðlegt gagnvart þeim, sem úti á landsbyggðinni búa, eftir að við hér í bænum erum búin að fá okkar sérstaka sjónvarp, að það sé þá ekki sýnd einhver viðleitni til þess að bæta hlustunarskilyrðin, þar sem þau eru enn mjög slæm úti um landið. En það hefur legið fyrir í útvarpsráði eins og ég sagði hér áðan, að á vissum svæðum í Skagafirði eru hlustunarskilyrði mjög léleg, einnig á vissum svæðum í Þingeyjarsýslum og í V.-Skaftafellssýslu. Einnig er kunnugt um, að oft eru miklar truflanir á útvarpssendingum á Vestfjörðum, eða Ísafirði, og þarf að gera ráðstafanir til að bæta úr því.

Ég vildi þess vegna beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að taka það til athugunar, hvort það sé ekki rétt, að þær tekjur, sem sérstaklega er ráðstafað skv. 2. gr., verði látnar renna í framkvæmdasjóð útvarpsins, eins og upphaflega var til ætlazt með tekjurnar af viðtækjaverzluninni, en Sinfóníuhljómsveitinni verði séð fyrir tekjum á annan hátt, því að sannast sagna borgar útvarpið núna sjálft til Sinfóníuhljómsveitarinnar svo stóran hluta, eða í kringum 30% af öllu sínu dagskrárfé, að það er óeðlilegt að þessi tekjustofn sé einnig tekinn af útvarpinu og látinn ganga til hennar. Ríkið verður að afla upp í sinn hluta af kostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar með öðrum hætti en að taka það þannig af útvarpinu.

Ég vildi sem sagt beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún athugi þetta sérstaklega, því það má ekki svo til ganga, að útvarpið sé rekið ár eftir ár með miklum halla og hafi ekki fjármagn til að bæta hin vondu hlustunarskilyrði, sem eru víða úti um landið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 223, n. 475).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. Nd. hefur haft mál þetta til meðferðar, og eins og fram kemur á þskj. 475 mælir n. með því, að frv. verði samþ. Tveir nm. voru fjarverandi, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 537).

---

30. Bátaábyrgðarfélög.

Á 7. fundi í Ed., 25. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um bátaábyrgðarfélög [35. mál] (stjfrv., A. 36).

Á 10. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er ekki nýtt. Það var, eins og fram kemur í upphafi grg. þess eða í aths. með frv., lagt fram á síðari hluta síðasta þings, en fékkst þá ekki útrætt. Ástæðan til þess, að svo var ekki, var m. a. sú andstaða Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem fram kom við 1. umr. þess á síðasta þingi.

Upphaflega er þetta frv. samið, eins og fram kemur í grg., að ósk aðalfundar L.Í.Ú. í nóv. 1964 og skv. þeirri áskorun um endurskoðun þessara laga, er í ályktun þess fundar fólst. Við síðari umr. í þessum landssamtökum voru hins vegar gerðar við frv. allveigamiklar aths. og lagzt gegn framgangi þess, eins og það

var lagt fyrir á síðasta þingi. Eigi að síður er talið rétt að flytja þetta frv. nú til þess að fá efnislega afstöðu Alþ. til málsins og gefa þm. kost á að ræða við þá menn, sem L.Í.Ú. hefur haft starfandi til athugunar á því síðan.

Ég tel ekki þörf á því að hafa langa eða mikla framsögu með þessu frv. og læt í því efni nægja að vísa til framsöguræðu minnar við umr. um málið á síðasta þingi, en þýðingarmestu breyt., sem í þessu frv. felast, eru þær, að fiskiskip, allt að 400 brúttórúmlestir, verði skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum, en núna er skyldutryggingin heimiluð til skipa um 100 rúmlestir. Í öðru lagi, að bátaábyrgðarfélögunum verði, með vissum skilyrðum, heimilað að taka að sér aðrar tryggingar fyrir útgerðina, aðallega slysatryggingar og ábyrgðartryggingar, sem útgerðarmenn hafa, með samningum við sjómannasamtökin, skuldbundið sig til að kaupa. Og í þriðja lagi, að vátryggingaskilmálar verði ekki lengur ákveðnir í lögum, heldur með reglugerð, að fengnum till. stjórnar Samábyrgðar íslenzkra fiskiskipa.

Þetta eru þær meginbreytingar, sem frv. þetta felur í sér, og var, eins og áðan sagði, höfð hliðsjón af ályktun aðalfundar L.Í.Ú. frá 1964 við samningu þess, en síðan hafa þau samtök gert aðra ályktun, þar sem þau óska frekari rannsóknar á þessu máli og einstökum ákvæðum frv. og hafa fært fyrir því ákveðin rök.

Ég vildi mega beina þeim eindregnu óskum til þeirrar n., sem málið fær til frekari athugunar, að hún hafi um það náið samráð og samstarf við þá n. á vegum L.Í.Ú., sem starfar í þessu máli nú, og vænti þess, að svo verði gert.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 392 og 403, 393).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. um bátaábyrgðarfélög er stjfrv., sem einnig lá fyrir síðasta Alþ., en varð þá ekki útrætt.

Á s. l. ári var málið sent til umsagnar ýmsum þeim, sem hagsmuna eiga að gæta í þessum efnum, og bárust n. þá svör frá þeim aðilum. Höfðu þá einnig borizt álitsgerðir fleiri aðila, sem hér eiga hagsmuna að gæta, en þeir höfðu snúið sér til n. með skriflegar aths. við frv.

N. hefur kynnt sér allar þessar álitsgerðir og aths., sem fram hafa komið við frv., og segja má, að aðalgagnrýnin, sem fram hefur komið, hafi beinzt að því að mótmæla því ákvæði frv. að hækka hámarksstærð þeirra fiskibáta, sem falla undir skyldutryggingarákvæði laganna, þ. e. að skipastærðin hækki úr 100 smálestum í 400 smálestir. Eins og fram kemur í nál. um málið, náðist ekki samstaða innan n. um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþ., en hefur leyft sér að flytja nokkrar brtt. við það, eins og fram kemur á sérstöku þskj.

1. brtt. meiri hl. n. er við 3. gr. frv., en hún er um, að skyldutrygging vélbátanna hjá bátaábyrgðarfélögunum skuli miðast við óbreytta hámarksstærð eða 100 rúmlestir. Það kemur greinilega í ljós í þeim umsögnum, sem ég gat um áðan, að mikil andstaða er gegn því á meðal útgerðarmanna, að sú breyt., sem frv. felur í sér í þessu efni, nái fram að ganga. Hefur meiri hl. n. fallizt á þetta sjónarmið, eins og brtt. felur í sér.

2. brtt. er fram komin eftir beiðni Samábyrgðarinnar, en hún er um, að skylt sé að vátryggja skip, þegar svo stendur á, að þau hafa ekki vegna ágalla haft haffærisskírteini samfleytt um tveggja ára skeið. Till. Samábyrgðarinnar var að vísu á þá leið, að ekki þyrfti nema eitt ár, sem skip hefði ekki haffærisskírteini, til þess að tryggingaskyldan félli niður. Í 3. gr. frv. er þetta ákvæði ekki nægjanlega ákveðið, að dómi Samábyrgðarinnar, en þar segir með leyfi forseta: „Eigi er skylt að vátryggja skip, sem vegna ágalla hefur ekki haffærisskírteini, enda leiði skoðun í ljós, að eigi sé útlit fyrir, að gert verði við skipið eða viðgerð hafi ekki hafizt innan eðlilegs tíma. Þegar svo stendur á, skal bátaábyrgðarfélag segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara."

Það er þetta ákvæði í gr., að viðgerð skuli hafin innan eðlilegs tíma, sem talið er of teygjanlegt og ekki nægjanlega ákveðið. Meiri hl. n. féllst á, að nauðsynlegt væri að kveða skýrar á um þetta, en telur, að eftir atvikum geti tíminn 2 ár talizt eðlilegur.

Þá er till. við 5. gr. frv., en hún er um, að gr. orðist svo með leyfi forseta:

„Ráðh. getur heimilað, að bátaábyrgðarfélögin taki að sér allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðartryggingar á sjómönnum."

Í þessari brtt. felst það, að heimildin til að taka að sér ýmsar aðrar tryggingar, er snerta útgerð fiskiskipa, er hér gerð viðtækari en fram kemur í frv. Sérstaklega er það vélatryggingin, sem er nýmæli. Útgerðarmenn minni bátanna hafa oft látið í ljós óánægju yfir því, að þeirra trygging hefur ekki náð til þess að bæta vélatjón á sama hátt og á sér stað með stærri fiskibátana. Hefur þetta í mörgum tilfellum komið sér illa fyrir útgerðina, sérstaklega þegar um stærri tjón er að ræða, eins og t. d. ef sveifarás brotnar eða annað slíkt á sér stað. Ég tel, að það geti verið álitamál, hve langt á að ganga í þessum efnum, en tel sjálfsagt, að útgerðin geti a. m. k. tryggt sig fyrir öllum stærri tjónum, sem eiga sér stað.

Aðrar till., sem meiri hl. n. flytur, tel ég, að

skýri sig sjálfar, og ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um það. Ég vil leyfa mér að vænta, að þessar brtt. verði samþ. og frv. þannig breyttu, að lokinni þessari umr., vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál., hefur ekki náðst samstaða í hv. sjútvn. um afgreiðslu þessa máls. Við hv. 3. þm. Norðurl. v. og ég teljum, að það þurfi að athuga þessi mál nánar í því skyni að tryggja sem hagkvæmastar vátryggingar fyrir bátaútveginn. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, er kostnaður við tryggingar fiskiskipanna mjög veigamikill þáttur í útgerðarkostnaðinum. 73% af útflutningsgjaldinu rennur til þess að standa undir tryggingarkostnaði fiskiskipa og skv. áætlunum, sem lágu hér fyrir hv. Alþ. í fyrra um útflutningsgjaldið, var talið, að það mundi nema um 280 millj. kr. og 73% af því eru rétt rúmar 200 millj. kr. á ári hverju. Hér er um miklar fúlgur að ræða og það skiptir miklu máli, hvernig þessum peningafúlgum er varið. Það var þess vegna ekki óeðlilegt, að þegar starfaði hér á s. l. ári n. til þess að kanna hag vélbátaútgerðarinnar, hinna minni fiskiskipa, sem stunduðu fyrst og fremst þorskfiskveiðarnar, beindi hún m. a. athygli sinni að tryggingamálunum. Í skýrslu hennar kom í ljós, að í gegnum Vátryggingasjóð fiskiskipa hafa á undanförnum 5 árum, árunum 1961—1966 runnið hátt á 7. hundrað millj. kr. Ég nefni þessar tölur til þess að við gerum okkur grein fyrir því, hvað hér er um stórt og þýðingarmikið mál að ræða. Það er mjög brýnt nauðsynjamál að það sé gert, sem hægt er, til þess að tryggja það, að þessu fé sé vel varið og þessi gífurlega mikli kostnaður sé lækkaður eins og frekast er unnt. Þegar á það er litið, að verðmætin, sem íslenzki fiskiskipaflotinn aflar, eru á árinu sem leið sennilega frekar innan við en yfir 3000 millj. kr., verður því ekki á móti mælt, að það er næsta óeðlilegt hlutfall, að bara til vátrygginga þessara framleiðslutækja skuli ganga kannske 200 millj. kr. Þetta frv. til l. um bátaábyrgðarfélög, sem nú liggur hér fyrir, felur í sér þrjár meginbreytingar frá gildandi l. Í fyrsta lagi, og er sú breyt. að sjálfsögðu langveigamest, er gert ráð fyrir því, að stærðarmörkin fyrir skyldutryggingunni hjá bátaábyrgðarfélögunum séu hækkuð úr 100 rúml. upp í 400. Þetta er talin eðlileg afleiðing þess, að bátaflotinn hefur verið sífellt að stækka, og nýjustu fiskiskipin eru nú yfirleitt allmiklu stærri en 100 rúml., enda flest á síðari árum smíðuð til síldveiða, eins og mönnum er kunnugt. Önnur breyt., sem þetta frv. felur í sér, er sú, að bátaábyrgðarfélögin geti tekið að sér fleiri tegundir trygginga en nú er, og lýtur raunar ein brtt. hv. meiri hl. sjútvn. að því að víkka þá heimild enn meir, og í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir því, að vátryggingaskilmálar séu ákveðnir með reglugerð. Þessi tvö síðari atriði eru trúlega til bóta, miðað við gildandi reglur, en fyrstnefnda atriðið er þó að sjálfsögðu langveigamest, og afstaðan til málsins hlýtur að verulegu leyti að ráðast af því, hvort mönnum finnst sú breyting eðlileg eða ekki. En einmitt gegn því atriði, hækkun stærðarmarksins, hafa á því tímabili, sem þetta frv. hefur legið fyrir hv. Alþ., streymt mótmælin frá þeim, sem þarna eiga hlut að máli, nefnilega eigendum þeirra skipa, sem með þessu féllu undir skyldutrygginguna. En frv. hefur nú legið fyrir Alþ. í rauninni í tvö ár, vegna þess — held ég, að sé óhætt að segja, — að það hefur í rauninni enginn haft verulegan áhuga fyrir framgangi þess, vegna þess að menn hafa ekki trú á því, að það feli í sér neitt, sem leysi í rauninni neinn vanda. En mjög margir eigendur hinna stærri fiskiskipa, 100—400 rúml., hafa sent mótmæli til Alþ., sem hafa verið til athugunar í sjútvn. Þessir útvegsmenn telja, að þeim sé það mjög mikið hagsmunamál að vera ekki bundnir með tryggingar sínar á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., heldur geti þeir haft frjálsræði til þess að leita þeirra hagkvæmustu skilmála, sem fáanlegir séu á markaðnum á hverjum tíma. Og það er bezt að segja það eins og það er, að með tilliti til afstöðu hv. meiri hl. til málsins í heild er það næsta undarlegt, að meiri hl. hefur fallizt á þau sjónarmið, sem þessi mótmæli hafa birt, með því að flytja nú brtt. um að færa stærðarmarkið aftur í hið fyrra horf, nema burt úr frv. þá veigamestu breyt. á gildandi reglum, sem það felur í sér. Ég get að sjálfsögðu fallizt á það, að þetta sé heldur til bóta, en finnst það bara alls ekki ganga nægilega langt, ekki vera nægur skilningur á þeim sjónarmiðum, sem ég tel, að hér beri að leggja til grundvallar. Ég fæ ekki séð, að nein nægilega veigamikil rök hnígi að því, að binda skuli hin minni skip við þessar skyldutryggingar, fyrst ekki er talið fært að binda meginþorra hinna nýrri fiskiskipa við þær. Við, sem stöndum að áliti minni hl. sjútvn., teljum, að með því móti að veita útvegsmönnum olnbogarými til þess að leita sér að hagkvæmustum kjörum, sem fáanleg eru, sé hægt að lækka tryggingakostnaðinn og þar með annað tveggja að lækka útflutningsgjaldið, sem undir þeim stendur, og þá verja þeim peningum á annan hátt, t. d. til hækkunar fiskverðsins, eða með öðrum hætti, að hagkvæmari tryggingakostnaður kæmi að sjálfsögðu útgerðinni til góða. Við erum þeirrar skoðunar, að bátaábyrgðarfélögin gætu, eftir sem áður, haft veigamiklu hlutverki að gegna sem frjáls samtök þeirra einstaklinga og félaga á útgerðarsviðinu, sem vilja hafa með sér frjáls samtök til þess að tryggja skip sín, bjóða tryggingar þeirra út eða koma á annan hátt fram sameiginlega á tryggingamarkaðinum. Við erum þeirrar skoðunar, að frjáls samtök

manna, framleiðenda og annarra, til þess að sjá hagsmunum sínum borgið séu vænleg leið til þess að auka hagkvæmni og framfarir í efnahag atvinnuveganna og einstaklinganna, en höfum litla trú á lögþvinguðum samtökum í því skyni. Það er þess vegna till. okkar, að þessu frv. til l. um bátaábyrgðarfélög, og raunar öðru frv., sem því fylgir og er á dagskránni síðar um Samábyrgð Íslands, verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún láti fara fram nýja athugun á þessum málum með þau sjónarmið í huga, sem ég hef hér verið að gera grein fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Ed., 10. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 403 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 13:6 atkv.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 393,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 393,2 (ný 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 393,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 393,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 393,5 samþ. með 13 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
11.—24. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 393,6 samþ. með 13 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 420).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed. (A. 420).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 420, n. 479).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið til þessarar hv. d. frá Ed., þar sem það hefur hlotið afgreiðslu með nokkrum breyt. En þetta frv. er reyndar gamall kunningi hv. d. Það lá fyrir þessari d. á s. l. ári. Tildrög þess, að frv. er samið, munu vera þau, að á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna í nóv. 1964 var gerð svohljóðandi ályktun:

„Aðalfundur L.Í.Ú. haldinn 26.—28. nóv. telur, að ekki megi lengur dragast að setja ný lög um vátryggingafélög fyrir fiskiskip, þar sem gildandi lög eru fyrir löngu orðin úrelt og á margan hátt ógerlegt að starfa eftir þeim. Fundurinn telur æskilegt, að skyldutrygging fiskiskipa verði miðuð við allt að 400 rúml. brúttó og bátaábyrgðarfélögin verði efld frá því, sem nú er, og verksvið þeirra fært út þannig, að þau annist allar tryggingar fyrir fiskiskipaflotann. Það er álit fundarins, að stjórn Samábyrgðar Íslands eða Sambands bátaábyrgðarfélaganna eigi að vera í höndum útvegsmanna sjálfra að verulegu leyti, en telur eðlilegt, að ríkisvaldið eigi þar einnig sinn fulltrúa. Fundurinn skorar á sjútvmrh. að leggja fram á Alþ. því, sem nú situr, frv. til l. um vátryggingafélög fyrir fiskiskip."

Þannig hljóðaði samþ. L.Í.Ú. 1964, sem var upphaf þess, að þetta frv. var samið. Eitt meginatriðið í þeirri ályktun er það, að stærðarmark þeirra skipa, sem tryggð skulu hjá bátaábyrgðarfélögunum, skuli hækka úr 100 rúml. brúttó í 400 rúmlestir og við það er frv. miðað. Það kom hins vegar í ljós, þegar þetta frv. var til meðferðar í sjútvn. d. á s. l. ári, að frá því í nóv. 1964 var afstaða L.Í.Ú., og þar með meginþorra þeirra aðila, sem þarna eiga mestra hagsmuna að gæta, orðin mjög á annan veg en fram kom í þeirri ályktun, sem ég las upp áðan. Á aðalfundi L.Í.Ú. 1965 var gerð svohljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur L.Í.Ú. telur, að frv. til l., sem nú liggja fyrir Alþ. og send hafa verið samtökunum til umsagnar, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og um bátaábyrgðarfélög, þurfi frekari athugunar við en hægt er að gera á þeim skamma tíma, sem aðalfundur stendur yfir. Þess vegna samþ. fundurinn að kjósa þriggja manna n. til þess að semja umsögn um bæði frv., og skal n. hafa samráð við stjórn samtakanna um efni hennar, áður en hún er send Alþ. Þó vill fundurinn taka eindregna afstöðu gegn hækkaðri skyldutryggingu úr 100 rúml. í 400 rúml."

Ástæðan fyrir því, að frv. þetta og annað skylt frv., þ. e. a. s. frv. um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem einnig liggur fyrir hv. d. í dag, voru ekki afgreidd í fyrra, var einmitt þessi breytta afstaða samtaka útvegsmanna til málsins. Hins vegar voru nm. í sjútvn. d. á

s. l. ári mjög á einu máli um það, þegar þeir könnuðu þetta mál, að það væri til mjög mikilla bóta fyrir bæði bátaábyrgðarfélögin og Samábyrgð Íslands, að þessi frv. næðu fram að ganga, jafnvel þótt þessu meginatriði yrði breytt þannig, að eftir sem áður yrði skyldutryggingin miðuð við 100 brúttórúmlestir. Aðilar þeir, sem hlut áttu að máli, töldu sig þá þurfa að athuga það betur, hvort þeir vildu, að málið yrði þannig afgreitt. Á þessu ári munu hafa komið fram óskir um, að þannig yrði málið til lykta leitt, og hefur hv. Ed. aðeins gert nokkrar minni háttar breyt. á frv., sem allar eru í samræmi við það, er samkomulag varð um í sjútvn. þessarar hv. d. á s. l. ári.

Skv. þessu eru þýðingarmestu breyt., sem í frv. felast í höfuðatriðum þær, að bátaábyrgðarfélögunum verður nú, með vissum skilyrðum, heimilað að taka að sér aðrar tryggingar fyrir útgerðina, aðallega slysatryggingar og ábyrgðartryggingar, sem útgerðarmenn hafa með samningum við sjómannasamtökin skuldbundið sig til að kaupa, og í öðru lagi, að tryggingarskilmálar verði ekki lengur ákveðnir í l., heldur með reglugerð, að fengnum till. stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Þetta síðara atriði er mjög veigamikið, því að í eldri l. um vélbátaábyrgðarfélögin voru vátryggingaskilmálarnir lögbundnir, og hefur ekki verið hægt að breyta þeim eftir ýmsum breytilegum aðstæðum, og hefur það háð Samábyrgðinni og bátaábyrgðarfélögunum talsvert í starfi þeirra. Ef frv. næði fram að ganga, eins og lagt er til, mundi það veita þeim meira svigrúm, bæði til að breyta tryggingaskilmálum og til þess að taka upp nýjar tryggingagreinar.

Í sambandi við bátaábyrgðarfélögin hygg ég, að þetta séu meginatriði málsins, og í sjútvn. d. er algert samkomulag um að mæla með því, að frv. nái fram að ganga, eins og það kom frá hv. Ed. En í Ed. mun hafa komið fram það sjónarmið, að rétt væri að gefa tryggingar fyrir minni vélbáta, eða vélbáta allt að 100 rúml., frjálsar, og munu talsmenn þeirrar skoðunar hafa talið, að það mundi verða til hagsbóta fyrir bátaeigendur að tryggja þannig. Ég er fyrir mitt leyti á gagnstæðri skoðun, og það hygg ég, að flestir eða allir nm. sjútvn. þessarar hv. d. séu, eins og ástatt er með minni bátana. Þeir eru flestir orðnir allgamlir. Ég hygg, að meðalaldur þeirra mundi reynast býsna hár, ef hann væri athugaður, þannig að þetta er áhættusöm trygging. Í frjálsu bátatryggingunum er hver bátur tryggður sem sérstök áhætta, þannig að ef hann fær á sig tjón, þá hækka iðgjöldin. Það mun vera dæmi þess, að bátar, sem hafa e. t. v. byrjað með 2½—3% iðgjöld, og hafa síðan fengið á sig mikil tjón, hafi komizt innan tíðar upp í 10—12% iðgjöld, eða jafnvel hærri. Aftur á móti eru iðgjöldin hjá vélbátaábyrgðarfélögunum og Samábyrgðinni þau sömu fyrir alla, sem tryggðir eru þar, og áhættunni þannig jafnað út. Það má auðvitað deila um, hvor aðferðin í slíkum tryggingum sé æskileg, og e. t. v. á fyrri aðferðin sér fleiri formælendur, en eins og ég sagði eru bátarnir, sem nú flokkast undir skyldutrygginguna, orðnir mjög gamlir og ganga ört úr sér, og þess vegna er heppilegra fyrir þá, sem þarna eiga hagsmuna að gæta, að hafa þennan sama hátt á enn um skeið. Það hefur því ekki fengið undirtektir í sjútvn. að mæla með því, að þessi trygging verði gefin frjáls, og eins og ég sagði, mælir n. með frv., eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2.—24. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 539).

---

31. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Á 7. fundi í Ed., 25. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum [36. mál] (stjfrv., A. 37).

Á 10. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. er eins konar fylgifrv. með því frv., sem var hér næst á undan á dagskránni og eiginlega bein og eðlileg afleiðing af því frv., og gilda fyrir flutningi þess sömu rök og ég minntist á, að rétt þykir, þrátt fyrir það, að d. hefur fjallað um það einu sinni áður, að fá efnislega afstöðu Alþ. til málsins í heild. Helztu breyt. á þessu frv. frá gildandi ákvæðum eru þessar: 1) Stjórn Samábyrgðarinnar verði nú skipuð fimm mönnum í stað þriggja áður og þrír verði skipaðir af ráðh., þ. á m. formaðurinn, sem sé jafnframt framkvæmdastjóri, en hinir eru tilnefndir af bátaábyrgðarfélögunum. 2) Samábyrgðin fái heimild til að taka að sér slysa- og ábyrgðartryggingar fyrir útgerðina, ýmist sem endurtryggjandi fyrir bátaábyrgðarfélögin, sem taka slíka tryggingu að sér, eða sem frumtryggjandi, ef bátaábyrgðarfélag á viðkomandi tryggingasvæði tekur ekki að sér slíkar tryggingar. 3) Að sett verði ákvæði um, að Samábyrgðin boði til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögunum eigi sjaldnar en þriðja hvert ár, þar sem kosnir séu

tveir menn í stjórn ábyrgðarinnar, skipzt á skoðunum og gerðar ályktanir í málefnum trygginganna. 4) Ákvæði núgildandi laga um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Samábyrgðarinnar séu felld niður.

Ég sé ekki þörf á því, fremur um þetta mál en hið fyrra, að hafa um það langa framsögu. Eins og ég sagði í upphafi liggja sömu forsendur fyrir flutningi beggja þessara frv.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði einnig vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, n. 394 og 404, 395).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum er eins konar fylgifrv. við það frv. sem n. hafði til umr. rétt áðan. Varðandi þetta frv. gegnir sama máli, að áliti meiri hl. sjútvn., um þær breyt., sem hann hefur leyft sér að flytja till. við frv. um og sem fram koma á sérstöku þskj. nr. 395. En þær eru í aðalatriðum til samræmingar við frv. um bátaábyrgðarfélögin. Í fyrsta lagi er það breyt. á 2. gr. frv., sem felur í sér víðtækari tryggingaheimild. 2. brtt. fjallar um stjórn Samábyrgðarinnar, á hvern hátt hún sé skipuð. Efnislega er ekki þar um aðra breyt. að ræða en þá, að í stað þess að ráðh. skipi form. stjórnarinnar er lagt til, að stjórnin velji sér form. og varaform. Þá kemur næst till. um tryggingaskylduna. Þegar svo stendur á, að skip hefur ekki, vegna ágalla, haft haffærisskírteini í tvö ár samfleytt, sé heimilt að fella niður tryggingu, en þá skal skylt að tilkynna það veðhöfum með minnst 14 daga fyrirvara. Við 12. gr. frv. er um þá breyt. að ræða, að gert er ráð fyrir, að matsmenn Samábyrgðarinnar, þ. e. þeir menn, sem meta skipin til verðs og einnig þau tjón, sem fyrir koma, skuli einnig fylgjast með því, hvort um fúaskemmdir sé að ræða í bátunum. Skal sú framkvæmd fara eftir reglum, sem stjórn Samábyrgðarinnar setur hér um, en hafa skal hún samráð við Skipaskoðun ríkisins að því er varðar reglurnar um fúaskoðunina. Skv. frv. segir í 13. gr. með leyfi forseta:

„Skipaskoðun ríkisins skal einu sinni á ári láta fara fram sérstaka rannsókn á hverju tréskipi til þess að leiða í ljós, hvort um sé að ræða fúaskemmdir þær, sem tryggt er fyrir í l. þessum. Ber að tilkynna Samábyrgðinni, ef vart verður slíkra skemmda."

Í erindi, sem n. barst frá skipaskoðunarstjóra varðandi þetta atriði frv., bendir hann á, að þetta ákvæði l. hafi aldrei komið til framkvæmda. Segir skipaskoðunarstjóri m. a. svo: „Þessi árlega rannsókn á bráðafúaskemmdum á hverju tréskipi, sem getið er um í l., hefur ekki farið fram", enda minnist hann þess ekki, að rn. né annar aðili hafi rætt um slíka skoðun við hann né Skipaskoðun ríkisins. Þetta atriði l., sem einnig er í því frv., sem hér liggur fyrir, hefur því ekki verið framkvæmt og telur skipaskoðunarstjóri, að slík árleg skoðun sé starfsliði skipaskoðunarinnar algerlega ofvaxin og auk þess geysikostnaðarsöm fyrir eigendur. Ef slík fúaskoðun, sem hér um ræðir, ætti að fara fram árlega, er talið nauðsynlegt að rífa allverulega af innsúð bátanna og byrðingi þeirra einnig. Þetta væri nauðsynlegt til þess að geta kannað bönd og aðra máttarviði, en jafnhliða því þurfi svo einnig að rífa upp vélar, tæki, vatnsgeyma o. fl. til þess að komast að stöðum til skoðunar. Sé meiningin að halda sig við þessi ákvæði l. og láta þau koma til framkvæmda, telur skipaskoðunarstjóri, að setja þurfi sérstakar reglur um þessa árlegu skoðun. Enn sem komið sé, hafi ekki verið gefin út reglugerð um skoðunina né gjaldskrá fyrir hana. Meiri hl. n. leggur til, að 13. gr. verði efnislega ný gr. og kveði hún á um það, hver skuli bera kostnað við fúaskoðun í þeim tilfellum, sem skoðun leiðir það í ljós, að ekki er um fúaskemmdir að ræða. Er þá lagt til, að í þeim tilfellum greiði eigendur og Samábyrgðin kostnaðinn að jöfnu.

Að síðustu er brtt. við 15. gr., en hún felur það í sér, að iðgjaldaprósentan skuli ákveðin árlega af ráðh. í samráði við Samábyrðina og þá ekki tilskilið, eins og nú á sér stað, að lagðar séu til grundvallar þriggja ára tjónagreiðslur. Það er talið heppilegra að hafa þessa ákvörðun ekki meira bundna en fram kemur í till. meiri hl. n.

Ég hef þá lokið við að lýsa þessum till., sem meiri hl. sjútvn. flytur við frv. Ég vænti þess, að hv. þdm. samþykki till. og frv. þannig breytt og því verði, að lokinni þessari umr., vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð til þess að tala fyrir nál. okkar í minni hl. sjútvn., hv. 3. þm. Norðurl. v. og mín, því að afstaða okkar til þessa máls hlýtur að mótast af till. okkar í því máli, sem var til umr. hér næst á undan á dagskrá þessa fundar. Ef farið yrði að till. okkar í því máli, liggur það í hlutarins eðli, að staða Samábyrgðarinnar hlýtur að koma þar til athugunar um leið, og því hljóta frv. að fylgjast að. Það er því till. okkar, að einnig þessu frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj. í trausti þess, að ný skoðun og athugun verði látin fara fram á þessum málum öllum. En mér þykir þó rétt að láta þess getið um leið, eins og ég sagði áðan í sambandi við bátaábyrgðarfélögin, að þau geta átt veigamiklu hlutverki að gegna, þó að skyldutryggingarákvæðin sjálf væru afnumin og sama máli gegnir um Samábyrgðina. Hennar hlutverki þarf ekki að vera lokið, þó að þessi mál yrðu framkvæmd í samræmi við þær skoðanir og hugmyndir, sem

ég lýsti hér áðan, heldur gæti Samábyrgðin að sjálfsögðu einnig gegnt veigamiklu hlutverki í frjálsum samtökum um þessi efni og í samkeppni við aðra tryggingaaðila. Með tilliti til þessa leggjum við í minni hl. það til, að einnig þessu frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Ed., 10. apríl, var fram haldið 2. umr. frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 404 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 14:6 atkv.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 395,1 samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 395,2 (ný 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

4.—8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 395,3 (ný 9. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

10.—11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 395,4 (ný 12. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 395,5 (ný 13. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

14. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 395,6 (ný 15. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

16.—20. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 421).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed. (A. 421).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 421, n. 478).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið til hv. d. frá Ed. og fylgir frv., sem var til afgreiðslu áðan um bátaábyrgðarfélög. Gildir í flestum atriðum það sama um þetta frv. og það, sem ég sagði um fyrra frv., og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það. Ég vil aðeins bæta því við, að með þessu frv. er það tryggt betur en áður hefur verið, að þeir aðilar, sem hagsmuna eiga að gæta hjá Samábyrgðinni og bátaábyrgðarfélögunum, fái ríkari aðild að stjórn Samábyrgðarinnar. Er nú gert ráð fyrir, að í stjórn Samábyrgðarinnar verði fimm menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar þrjá þeirra, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu L.Í.Ú., en hinir eru kosnir af bátaábyrgðarfélögunum.

Það er gengið betur frá því í þessu frv. en verið hefur, hvernig að skuli farið, ef skip liggur lengi, án þess að hafa haffærisskírteini. Þá er heimilt að fella það úr tryggingunni, eftir að tvö ár eru liðin frá því að haffærisskírteinið rann út, en fái skipið haffærisskírteini að nýju, skal það tekið í tryggingu, að lokinni fúaskoðun. Þegar þannig stendur á, að tryggingu sé sagt upp, hvílir sú skylda á Samábyrgðinni skv. frv., að tilkynna uppsögnina veðhöfum með 14 daga fyrirvara. Þá er einnig gerð sú breyt., að í stað þess að áður var skylt að fúatryggja súðbyrðinga, þá er það ekki lengur skylt, heldur aðeins heimilt. Einnig hefur verið gerð breyt. á ákvæðum er lúta að skoðun vegna bráðafúa. Um það efni gilda mjög ströng fyrirmæli, og slík skoðun er ákaflega kostnaðarsöm, ef framkvæmd er eftir ýtrustu fyrirmælum. Þess vegna hefur það verið tekið inn í frv. af hv. Ed., eftir ábendingu skipaskoðunarstj., að ef í ljós komi við þá skoðun, að ekki sé um bráðafúaskemmdir að ræða, þá skiptist kostnaður vegna skoðunar að jöfnu milli Samábyrgðar og eiganda skipsins.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða um þetta mál. Þetta frv. var, ásamt frv. um bátaábyrgðarfélögin mjög vandlega athugað í sjútvn. d. á s. l. ári, þegar það lá þar fyrir, og n. mælir öll með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

8.—16. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

17.—20. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 540).

32. Listamannalaun (stjfrv.).

Á 49. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um listamannalaun [151. mál] (stjfrv., A. 296).

Á 50. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á s. l. Alþ. var samþ. með shlj. atkv. alþm. í Sþ. þál. um að skora á ríkisstj. að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþ. löggjöf um úthlutun listamannalauna, og skuli við það starf haft samráð við Bandalag íslenzkra listamanna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að um langt skeið undanfarið hefur Alþ. árlega veitt fé á fjárl. til styrktar listamönnum. Hefur féð sumpart verið veitt til handa ákveðnum listamönnum og sumpart verið veitt tiltekin heildarfjárhæð, sem síðan skyldi skipt milli listamanna. Hin síðari ár hefur venjan verið sú, að Alþ. hefur sjálft kosið n. til að skipta hinni almennu fjárhæð. Áður hafði menntamálaráð um skeið úthlutun þessara listamannalauna með höndum. Það kom einnig fyrir, að samtökum listamanna var falið að annast úthlutunina, en aldrei hefur skapazt nein ákveðin regla um það, hvernig þessu fé skyldi varið, hvernig listamannalaunin skyldu ákveðin auk þess, sem ákvörðun hefur aldrei verið tekin um það nema til eins árs í senn, hverjir skyldu skipta þessu opinbera listamannalaunafé. Þetta hefur valdið því, að oft og einatt hafa spunnizt harðar deilur, ekki aðeins um úthlutunina hverju sinni, heldur einnig um það, hvernig úthlutuninni skyldi hagað í grundvallaratriðum. Af hálfu listamanna hefur mjög oft verið óskað eftir því, að fastari reglur yrðu settar um úthlutun listamannalaunanna.

Á undanförnum árum hafa einstakir þm. nokkrum sinnum — ja, mér er óhætt að segja, hvað eftir annað — flutt frv., þar sem settar væru tilteknar, fastar reglur um listamannalaunin. Sjálfur flutti ég á sínum tíma oftar en einu sinni þmfrv. um þetta efni, og það hafa einnig þm. úr öðrum flokkum gert. Á síðasta þingi voru t. d. flutt tvö þmfrv. um þetta sama efni. Síðan ég tók við forstöðu menntmrn. hef ég tvívegis gert tilraun til þess að ná samkomulagi milli listamanna annars vegar og milli ríkisstj. og listamannasamtakanna hins vegar um setningu löggjafar um þetta efni. En í bæði skiptin hefur farið svo, að ekki hefur náðst samstaða um flutning slíks frv. Í fyrra skiptið var fjölmenn n., sem fulltrúar allra listgreina áttu sæti í, orðin sammála um flutning frv., en þá reyndist ríkisstj., eða sá þingmeirihl., sem að baki henni stóð, ekki vera reiðubúin til að flytja það frv. Þetta var á stjórnarárum ríkisstj. Hermanns Jónassonar.

Seinni tilraunin, sem ég hef gert til þess að koma fram lagasetningu um þetta efni, var á stjórnarárum ríkisstj. Ólafs Thors. Þá var ríkisstj. og hennar stuðningsflokkar orðin sammála um flutning frv. um þetta efni, en þá reyndist að mínum dómi ekki nægileg samstaða meðal listamanna til stuðnings við það frv., svo að ríkisstj. ákvað að flytja það ekki, og við svo búið hefur setið síðan, eða þangað til Alþ. gerði á síðasta þingi þá ályktun, sem ég gat og rakti í upphafi máls míns.

Þegar á s. l. hausti, eða á s. l. sumri raunar, hófst ég handa um að semja frv. í samræmi við ályktun Alþ. frá því í fyrravor. Þegar samningu þess var lokið, hóf ég viðræður við stjórn Bandalags ísl. listamanna um það frv. — uppkast, sem samið hafði verið í menntmrn., og stjórn bandalagsins veitti því viðtöku og sendi það öllum aðildarfélögum Bandalags ísl. listamanna til athugunar og umr. Öll félögin sýndu mikinn áhuga á málinu og ræddu málið mjög ýtarlega. Og svo kom, að stjórn bandalagsins kom á fund til mín nú fyrir 2—3 vikum og tilkynnti mér, að í öllum aðalatriðum teldi Bandalag ísl. listamanna það frv., sem nú er hér flutt, vera til stórmikilla bóta frá því skipulagi, sem ríkt hefur um þetta efni. Get ég því skýrt frá því, að þetta frv. er samið í fullu samráði við öll aðildarfélög Bandalags ísl. listamanna. Stjórn bandalagsins tilkynnti mér að vísu óskir um nokkrar breyt. á frv., sem ég hef ekki treyst mér til að leggja til við ríkisstj., að hún tæki upp í frv., en það hefur komið í ljós, að þau framfaraspor, sem stjórn Bandalags ísl. listamanna telur þetta frv. fela í sér, eru mun stærri og mikilvægari en þær óskir, sem bandalagið setti fram og ég treysti mér ekki til þess að leggja til við ríkisstj., að orðið yrði við, þannig að í aðalatriðum má segja, að þetta frv., eins og það hér liggur fyrir, hafi stuðning Bandalags ísl. listamanna. Í þessu sambandi tel ég rétt að láta þess sérstaklega getið, að af hálfu stjórnar bandalagsins var skýrt frá því, að innan bandalagsins væru mjög skiptar skoðanir um það, hvers eðlis stuðningur hins opinbera við listamenn í raun og veru skyldi vera. Það form, sem hefur verið haft á í raun og veru frá upphafi, er, eins og öllum er auðvitað kunnugt, í því fólgið, að listamönnum eru veitt tiltekin laun, upphaflega nefnd styrkir, nú nefnd laun, á hverju ári, án nokkurra tengsla við verk, sem listamaðurinn er að vinna að hverju sinni. Stjórn bandalagsins tjáði mér, að mikill áhugi væri á því innan bandalagsins, að jafnframt yrði komið á fót kerfi, sem hún nefndi starfsstyrkjakerfi, og væri í því fólgið, að listamenn gætu sótt um opinberan styrk eða opinber laun, ef þeir hefðu ákveðin verkefni á prjónunum, sem þeir þá gerðu grein fyrir, og gæti þeim með aðstoð slíkra styrkja orðið kleift að helga sig ákveðnu verkefni í ½ ár, 1 ár, 1½ ár, jafnvel 2 ár, án þess að þurfa að hafa fjárhagsáhyggjur á meðan unnið væri að því verki. Var sérstaklega vitnað í þessu sambandi til þess starfsstyrkjakerfis, sem Visindasjóður hefur komið á fót, eftir að hann tók til starfa, en hann veitir einmitt

slíka starfsstyrki að upphæð nú 120 þús. kr. á ári.

Þegar ég hafði flutt ríkisstj. þessar skoðanir stjórnar Bandalags ísl. listamanna, varð það niðurstaðan í ríkisstj., að skipuð skyldi n., sem Bandalag ísl. listamanna ætti aðild að, til þess að athuga möguleika á því, að þeim listamannalaunum, sem Alþ. veitir nú árlega, skuli að einhverjum hluta breytt í slíkt starfsstyrkjakerfi, og auk þess skyldi varið til slíkra starfsstyrkja því fé, sem Alþ. kynni síðar að veita í þessu skyni. Það kom í ljós, að stjórn Bandalags ísl. listamanna og stjórnir aðildarfélaga þess lögðu mjög mikið upp úr þessari ákvörðun ríkisstj., töldu hana mjög stórt spor í rétta átt, og verður þessi n. að sjálfsögðu skipuð.

Þá skal ég í örfáum orðum gera grein fyrir því, hver háttur yrði hafður á um úthlutun listamannalauna, ef þetta frv. næði fram að ganga. Í samræmi við óskir Bandalags ísl. listamanna er gert ráð fyrir því, að Alþ. haldi uppteknum hætti að veita sjálft nafngreindum mönnum ákveðin heiðurslaun, en jafnframt veiti Alþ. ákveðna upphæð, sem ákveðin er á fjárl. hverju sinni, til skiptingar milli annarra ísl. listamanna. Samkomulag er um það við samtök listamanna, að þingkjörin n. skuli úthluta þessu fé, og að n. sú, sem það gerir, skuli ekki kosin til eins árs í senn, sem verið hefur allar götur síðan Alþ. tók að kjósa slíka n., heldur skuli hún kosin til fjögurra ára í senn eða réttara sagt kosin af sérhverju, nýkjörnu Alþ. og sé kjörtímabil n. hið sama og starfstímabil Alþ. Já, ef ég mætti aðeins bæta við rökum fyrir því, að það er talið til mikilla bóta að kjósa úthlutunarn. til allt að fjögurra ára í senn. Það hefur þótt há sérstaklega starfsemi hinna þingkjörnu n., að þær hafa ekki getað gert áætlun um það, hvernig úthlutuninni skuli hagað, hver n. hefur orðið að reikna með því, að þetta yrði í eina skiptið, sem hún úthlutaði, og hefur því engar fastar reglur getað sett sér varðandi vinnubrögð sín. Ef n. veit það, að hún er kosin til allt að fjögurra ára, getur hún gert allt að fjögurra ára áætlun um úthlutun fjárins og þannig t. d. getur það, þó að ákveðinn listamaður fái ekki listamannalaun í eitt sinn, legið í loftinu, jafnvel verið ákveðið, að hann skuli fá þau öðru sinni, vegna þess að n. úthlutar fénu oftar en einu sinni. Þetta mundi auka mjög öryggi allt varðandi vinnubrögð n. og gefa henni mun betra svigrúm í reynd heldur en átt hefur sér stað undanfarið.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv., og það er ein stærsta breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, að einungis verði um tvo launaflokka listamanna að ræða, en þeir hafa áður verið miklu fleiri. Undanfarin ár hafa þeir verið fjórir. Það, sem sætt hefur einna mestri gagnrýni af hálfu listamanna yfirleitt varðandi úthlutun listamannalaunanna, er það, hve flokkarnir hafa verið margir og listamenn hafa litið þannig á, að í skipun þeirra í fjóra, fimm eða jafnvel sex flokka sé fólgin einhvers konar einkunnagjöf til þeirra fyrir verk sín. Það hefur því mjög eindreginn stuðning stjórnar Bandalags ísl. listamanna að fækka launaflokkum ofan í tvo úr þeim fjórum, sem tíðkazt hafa undanfarið. Auðvitað fer það algerlega eftir því, hversu há listamannalaunin verða ákveðin, hversu margir muni fá þau. Af ákvæðum frv. hlýzt því ekki í sjálfu sér, að þeim, sem fá listamannalaun, hljóti að fækka frá því, sem verið hefur, en tala þeirra, sem hlutu listamannalaun í fyrra, var um það bil 130. Hins vegar getur væntanleg úthlutunarn. hæglega komið því þannig fyrir, að listamannalaunin hækki að meðaltali frá því, sem þau verið hafa til hvers einstaks, en ef sú hækkun á að verða veruleg, mundi af því hljótast, að þeim, sem fá listamannalaunin, mundi nokkuð fækka. Það ætti hins vegar ekki að þurfa að koma að sök, vegna þess að n., sem væntanlega verður kosin, ef frv. nær fram að ganga, hefur lengri starfstíma en eitt ár, þannig að hún gæti gert áætlun um það að láta þá, sem ekki fá listamannalaun í fyrsta skipti, fá þau í annað skipti eða þriðja skipti og þar fram eftir götunum. Gert er enn fremur ráð fyrir því í frv., að laun 2. flokksins séu helmingi hærri en hins flokksins, og er það ákvæði einnig sett í samráði við stjórn Bandalags ísl. listamanna. Þá er í frv. ákvæði um það, hvernig valið á þeim listamönnum, sem laun hljóta, skuli fara fram. Kjarninn í því kerfi, sem l. gera ráð fyrir, er sá, að samdir skuli kjörlistar yfir þá menn, sem einhver í n. hefur stungið upp á til þess að fá laun í öðrum hvorum flokknum, og síðan skuli fara fram skrifleg atkvgr. meðal hinna 7 nm. um það, hverjir skuli hljóta listamannalaunin í hvorum flokknum um sig. En gert er ráð fyrir, að í upphafi nefndarstarfanna ákveði n., hver skuli vera launahæðin í hvorum flokknum um sig og að því loknu geri hver einstakur nm., eða hver hópur nm., heildartill. um það, hvernig skipta skuli því fé, sem Alþ. hefur veitt til hinna almennu listamannalauna. Ætti þetta fyrirkomulag að auka mjög öryggi í vinnubrögðum n.

Í fjórða og síðasta lagi er svo það nýmæli í frv., sem mér er óhætt að segja, að sé annað merkasta nýmæli þess, að aðildarfélög Bandalags ísl. listamanna skuli eiga rétt á að tilnefna hvert um sig tvo fulltrúa til samstarfs við n., sem Alþ. kýs til þess að ákveða listamannalaunin. Ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar, að það væri rangt að fela listamönnum sjálfum eða samtökum þeirra úthlutun listamannalaunanna, og sömu skoðunar er stjórn Bandalags ísl. listamanna mjög eindregið. Ég vil láta það koma skýrt fram, að listamennirnir hafa ekki óskað eftir því sjálfir að fá úthlutun listamannalaunanna í sínar hendur. Hins vegar hefur það vafizt fyrir mönnum, bæði listamönnum, stjórnmálamönnum og öðrum, sem um þessi mál hafa hugsað, hvernig væri hægt að koma samt sem áður við nokkrum áhrifum listamannanna á það, hvernig og hverjir listamannalaunin hljóta. Það var mín hugmynd að ganga til móts við eðlilegar óskir

listamannanna um þetta efni á þann hátt að veita aðildarfélögum Bandalags listamanna rétt á að tilnefna hvort um sig tvo fulltrúa til samstarfs við n., sem úthlutar listamannalaunum og veita þeim rétt á að láta í ljós álit sitt á öllum till., sem koma fram í n. um það, hverjir skuli fá listamannalaun. Ég vek athygli á, að listamannafélögin eru ekki skyldug til þess að tilnefna slíka fulltrúa. Ef þau óska ekki eftir því að hafa afskipti af því, hverjir fá listamannalaunin, er þeim það að sjálfsögðu frjálst. En þeim er veittur réttur á að segja skoðun sína frá listrænu eða faglegu sjónarmiði, á sérhverri till., sem fram kemur innan úthlutunarn., um það, hverjir skuli fá listamannalaunin. Það hefur komið fram í ýtarlegum viðræðum mínum við fulltrúa listamanna, að ekki má telja ólíklegt, að einstök listamannafélög muni ekki tilnefna sína meðlimi sem þennan umsagnaraðila, heldur menn utan sinna samtaka, en sem þeir þó bera fullt traust til og telja, að muni hafa faglega þekkingu og listrænt vit á þeim efnum, sem hér er um að tefla. Með þessu móti er það tryggt, að n. gangi ekki til atkv. um till. um veitingu listamannalauna, nema því aðeins að menn, sem hafa vit, áhuga og skilning á listrænum störfum þeirra manna, sem um er verið að fjalla, hafi getað sagt skoðun sína á því, hvort till. sé réttmæt eða óeðlileg. Þetta er mikilsverður réttur fyrir listamennina og ég mundi einnig segja, að í þessu væri fólgið skynsamlegt og hóflegt aðhald fyrir þá fulltrúa fjárveitingavaldsins, sem úthluta því fé, sem Alþ. hefur veitt í þágu listamanna. Það kom í ljós í umr. við listamennina, að þeir lögðu mikið upp úr þessu ákvæði.

Sú uppástunga þeirra, sem þeir báru fram við mig og ég treysti mér ekki til þess að leggja til við ríkisstj., að lögtekin væri í frv., gekk út á það, að n. mætti ekki veita listamannalaun, nema því aðeins að fulltrúi hlutaðeigandi aðildarfélags bandalagsins hefði samþykkt till. M. ö. o., hugmynd þeirra gekk út á það að veita þessum umsagnaraðilum Bandalags ísl. listamanna eða aðildarfélaga þess algert neitunarvald um veitingu listamannalaunanna. Ég tjáði fulltrúum listamannanna, að mér þætti mjög ólíklegt, að Alþ. vildi fallast á að kjósa n. til þess að úthluta ríkisfé, en hafa það háð neitunarvaldi annars aðila, hverjir fengju féð, og ég teldi mjög ósennilegt, að nokkur alþm., eða menn yfirleitt, mundu taka að sér nefndarstörf, sem væru svo ströngum annmörkum háð, þar sem starf manna ætti að vera háð algeru neitunarvaldi annars aðila. Án þess að ég vilji eða hafi nokkurt umboð til þess að segja, að listamenn hafi fallizt á sjónarmið mín í þessu efni er mér þó óhætt að segja það, að þeim var ekki andmælt verulega. Og ég vona, að á því sé fullur skilningur af hálfu listamannanna, að ríkisstj. hefur ekki treyst sér til þess að taka þessa till. þeirra upp í þetta frv.

Ég teldi það til mikilla bóta, ef þetta frv. næði fram að ganga, og í raun og veru er hér í fyrsta sinn um það að ræða, að flutt sé stjfrv. um listamannalaun hér á hinu háa Alþ., sem segja má, að í öllum aðalatriðum hafi stuðning listamannanna sjálfra. Það er mjög mikils virði fyrir Alþ., fyrir ríkisvaldið, að sem bezt samstarf sé við listamenn um veitingu listamannalaunanna. Það samstarf tel ég, að hafi tekizt við undirbúning þessa frv., og það samstarf vona ég fastlega, að muni halda áfram við framkvæmd málanna, ef þetta frv. nær fram að ganga.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 3. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 296, n. 309, 327).

Frsm. (Axel Jónsson): Menntmn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um listamannalaun. Í apríl í fyrra var samþ. hér á hv. Alþ. eftirfarandi till.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi löggjöf um úthlutun listamannalauna. Skal við það starf haft samráð við Bandalag ísl. listamanna.“ Alþ. hefur um áraraðir veitt fé á fjárl. til styrktar listamönnum. Hefur fjárveitingin nú hin síðari ár verið annars vegar til handa ákveðnum listamönnum og hins vegar tiltekin fjárveiting, sem síðar var skipt milli listamannanna af til þess kjörinni n. á Sþ. Áður hafði menntamálaráð úthlutun listamannalauna með höndum, og fyrir hefur komið að samtökum listamannanna sjálfra var falið að annast úthlutunina. Ekki hefur verið til löggjöf um listamannalaun og raunar ekki fastmótaðar venjur um veitingu þeirra. Hin þingkjörna n., sem annaðist um veitingu listamannalaunanna, var aðeins kosin til eins árs í senn, og hefur sú tilhögun tvímælalaust leitt af sér sundurlausari vinnubrögð frá ári til árs, sem svo öllu frekara sundurþykki og óánægju og gerðu framkvæmdina miklu erfiðari en ef fastari reglum hefði verið eftir að fara. Vissulega hefur oft gætt nokkurrar óánægju með skiptingu listamannalaunanna, og auðvitað verða ekki nú settar þar um þær reglur, sem allir verða ánægðir með. En miklu varðar, að gerð sé tilraun til að skapa festu í vinnubrögðum varðandi úthlutun listamannalauna og um framkvæmd þess verks. Þm. hafa oft flutt frv. til l. um úthlutun listamannalauna, en þetta frv. er fyrsta stjfrv., sem flutt hefur verið um þetta efni. Af hálfu listamanna hefur oft verið óskað eftir því, að fastari skipan kæmist á þessi mál. Eins og ég vék að í upphafi míns máls, þá samþ. Alþ. í fyrra þál. um áskorun á ríkisstj. um að láta undirbúa, í samráði við Bandalag ísl. listamanna,

löggjöf um úthlutun listamannalauna. Þetta hefur verið gert, eins og frv. ber vitni um. Ég vil sérstaklega taka það fram, að frv. er samið í samráði við öll aðildarfélög bandalagsins. Það er skoðun stjórnar bandalagsins, að í öllum aðalatriðum sé það til mjög mikilla bóta frá því, sem verið hefur. Fram komu að vísu óskir um breyt. á smærri atriðum, sem þó var ekki talið mögulegt að verða við, enda ekki um algjöra samstöðu bandalagsfélaganna í því efni að ræða.

Eins og ég áður sagði, eru bandalagsfélögin samþykk öllum meginatriðum málsins, og einmitt þess vegna er nauðsynlegt að tryggja frv. framgang nú á yfirstandandi þingi.

Í 1. gr. frv. segir, að Alþ. veiti árlega fé á fjárl. til að launa listamenn. Getur það bæði veitt tilteknum listamönnum ákveðin heiðurslaun og að auki veitt eina upphæð, sem síðan er skipt af n. 7 manna, sem kosin verður af Sþ. að afloknum alþingiskosningum, en í fyrsta skipti þegar eftir að lög þessi öðlast gildi. Þarna er gert ráð fyrir því, að sami háttur verði á hafður hér eftir sem hingað til, að Alþ. veiti árlega fé á fjárl. til að launa listamenn. Þá er einnig kveðið svo á, að Alþ. geti einnig veitt tilteknum listamönnum heiðurslaun. Er þetta skv. eindregnum óskum Bandalags ísl. listamanna. Þá er í þessari grein og gert ráð fyrir því, að þingkjörin n. skipti fénu eins og verið hefur, en lagt er til, að kjörtímabil n. verði allt að fjögur ár, þ. e. a. s., að n. verði kosin að afloknum alþingiskosningum. En til þessa hefur n. verið kosin árlega. Það er einnig skv. óskum Bandalags ísl. listamanna, að þingkjörin n. annist skiptingu fjárins, og sú breyt. að kjósa n. til lengri tíma en áður var gert, er veigamikil og mun stuðla að skipulagðari vinnubrögðum og skapa meiri festu í framkvæmd.

Í 2. gr. frv. er þýðingarmikið nýmæli. Það er það, að launaflokkar þeir, sem n. er ætlað að skipa listamönnum í, verði hér eftir aðeins tveir, en undanfarið hefur verið um 4—6 launaflokka að ræða. Þessir mörgu launaflokkar hafa einmitt sætt mikilli gagnrýni listamanna og styður Bandalag ísl. listamanna eindregið það nýmæli að fækka launaflokkunum í tvo. Í gr. er kveðið svo á, að launin í öðrum fl. verði helmingi hærri en í hinum. Þá er í 2. gr. frv. kveðið á um, hvernig þeir listamenn verði valdir, sem launin hljóta. Enn fremur segir, að ef Alþ. hafi ekki veitt tilteknum listamönnum heiðurslaun, geti n. í upphafi starfs síns ákveðið að veita sérstök laun, sem séu hærri en launin í þeim tveim launaflokkum, sem gert er ráð fyrir í gr. þessari, og dregst þá heildarupphæð þeirra launa frá heildarfjárveitingu þeirri, sem n. úthlutar skv. reglum 2. gr.

Það er og merkt nýmæli, að skv. ákvæðum 3. gr. frv. er aðildarfélögum Bandalags ísl. listamanna veittur réttur hverju um sig til að tilnefna 2 fulltrúa til samstarfs við n. þá, sem Alþ. kýs til þess að ákveða listamannalaunin. Listamannafélögin eru ekki skyldug að tilnefna slíka fulltrúa. Þeim er það í sjálfsvald sett, hvort þau nota þann rétt sinn eða ekki. Fulltrúar bandalagsfélaganna eiga rétt á, áður en til atkvgr. kemur í n., að láta í ljós skoðanir sínar á tillögugerð um listamenn á því sviði, er hlutaðeigandi bandalagsfélag starfar á. Með þessu ákvæði er það tryggt, að n. gangi ekki til atkvæða, fyrr en fulltrúar þeirra félaga, sem vilja nota rétt sinn til umsagnar um till., hafa látið í ljós álit sitt. Þetta er mjög athyglisverður réttur fyrir listamennina, enda munu þeir sjálfir leggja mikið upp úr þessu ákvæði.

Þá er í 3. gr. frv. ákvæði um réttindi og skyldur nm. og fulltrúa bandalagsfélaganna, er lýtur að því, hvenær heimilt sé að skýra opinberlega frá till. og umsögnum varðandi val á listamönnum, er laun hljóta.

Það er rétt að geta þess, að eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. menntmrh. við 1. umr. málsins, kom frá listamönnunum till. um, að fulltrúar bandalagsfélaganna hefðu neitunarvald. Á þessa till. var ekki fallizt, enda mundi af samþ. hennar leiða margþætt vandamál, sem listamennirnir sjálfir mundu ekki kæra sig um að standa andspænis. Auk þess væri fráleitt að ætla þingkjörinni n. það hlutverk, að aðilar utan hennar geti stöðvað þær till., sem n. samþykkir.

Eins og hæstv. menntmrh. tók fram í sinni framsöguræðu, þá mun stjórn Bandalags ísl. listamanna hafa lýst sig alfarið mótfallna því, að listamennirnir tækju skiptingu listamannalaunanna í sínar eigin hendur. Það er vikið að því í grg. frv., að í viðræðum milli hæstv. menntmrh. og stjórnar Bandalags ísl. listamanna um þetta frv., hafi það komið mjög ákveðið í ljós, að innan bandalagsins sé mikill áhugi fyrir því að fá lögfest ákvæði um sérstakt styrkjakerfi til handa listamönnunum. Hæstv. menntmrh. vék að þessu í sinni framsöguræðu og gat þess, að eindreginn áhugi væri fyrir því meðal listamanna að koma á fót kerfi, sem gæti styrkt listamenn, sem t. d. ynnu að ákveðnum verkefnum, og gerði þeim þannig kleift að helga sig þeim í tiltekinn tíma, allt frá ½ ári að 2 árum. Eins og kemur fram í grg. hefur ríkisstj. því ákveðið að skipa n. til þess að athuga þetta mál, jafnframt því sem athugaðir verða möguleikar á því að samræma starfsemi sjóða, sem nú starfa á þessu sviði. Gert er ráð fyrir því, að Bandalag ísl. listamanna eigi fulltrúa í umræddri n. Bandalagið hefur, eins og ég áður sagði, mikinn áhuga á slíkri nefndarskipun.

Herra forseti. Af því, sem ég hef hér rakið, er augljóst, að það frv., sem hér um ræðir, miðar að því að koma á heilsteyptari skipan þessara mála og leggur grundvöll að meiri festu í vinnubrögðum við skiptingu listamannalauna en verið hefur til þessa. Þá eykur það mjög gildi frv., að listamennirnir eru samþ. öllum meginatriðum þess. Því er mikil nauðsyn á, að frv. verði að lögum nú á þessu þingi. Eins og fram kemur á þskj. 309 mælir menntmn.

þessarar hv. d. með samþykkt þess, en einstakir nm. lýsa þó yfir því, að þeir hafi óbundnar hendur við afgreiðslu þess.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur lagt hér fram brtt. á þskj. 327. Þar er lagt til, að allt að 10 tilteknum listamönnum verði ákveðin heiðurslaun. Ég tel eðlilegra, að núverandi skipan haldist áfram, sú sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., að þetta sé frjálst, já, og meira að segja, að Alþ. sé ekki skyldugt til að veita slík heiðurslaun, ef þannig er ástatt í landinu á einhverjum tíma, að engir séu taldir þeirra verðir og einnig spursmál, hvort binda á þá töluna endilega við tíu. Við getum einnig staðið andspænis því, að það séu fleiri, sem slíkt ættu að fá. Mér finnst það minna um of á visst kvótakerfi að nefna nokkra tiltekna tölu listamanna, sem eigi rétt á því að fá heiðurslaun frá Alþ. sjálfu. Einnig finnst mér ekki eðlilegt fyrir mitt leyti, að bundin sé í þessum l. ákveðin fjárupphæð, sem ákvarðast á fremur við afgreiðslu fjárlaga. Varðandi brtt. hv. 3. þm. Reykv. við 2. gr. frv. um val þeirra listamanna, sem launin hljóta, vil ég segja það, að ég tel rétt, að það mál verði skoðað betur og vönd að færi gefist til þess í n. að athuga þessi ákvæði enn frekar. Varðandi nýja gr. brtt., sem yrði 4. gr., vil ég vitna til þess, sem ég sagði hér um þá nefndarskipun, sem ákveðin er og um getur í grg. frv., og tel eðlilegt, að í stað þess að taka hana þegar inn í þessi l., þá skili sú n. áliti um þann þátt, sem þar um ræðir. Varðandi brtt. um nýja grein, 5. gr., þá tel ég að fela eigi það Alþ. hverju sinni að ákvarða þá upphæð, sem veitt er til þeirra, sem heiðurslaun hljóta, og þá upphæð, sem hin þingkjörna n. skiptir milli annarra listamanna.

Herra forseti. Eins og ég áður sagði, þá tel ég eðlilegt, að menntmn. þessarar hv. d. fái tækifæri til þess að fara yfir þær brtt., sem hér liggja frammi á þskj. 327 og óska því eftir því, að þessari umr. ljúki ekki fyrr en n. hefur verið gefinn kostur á því.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 14. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta mál um listamannalaunin hefur lengi verið erfitt viðureignar hjá okkur hér í þinginu. Í þessari n. varð samkomulag um það, sem er höfuðatriðið í þessu stjfrv. til l. um listamannalaun, að Alþ. skyldi sjálft, með því að kjósa þá n., sem þar ræðir um, taka að sér úthlutunina. Um þetta atriði er auðvitað mikið búið að ræða, stundum hafa komið fram till. um, að listamennirnir önnuðust þetta sjálfir. Einu sinni var jafnvel, svo að segja í blóra við þá, sett í gegn löggjöf þess efnis hér í þinginu, og gafst síður en svo vel, enda kannske ekki í þeim tilgangi gerð, að hún gæfist vel, og ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að þrátt fyrir alla þá ádeilu, sem fulltrúar Alþ. oft hafa hlotið og þær deilur, sem um þetta hafa staðið, verði ekki fundið öllu betra fyrirkomulag en að Alþ. taki á sig ábyrgðina á því, og þar með oft kannske líka leiðindin eða heiðurinn hins vegar af því, hvernig úthlutunin tekst. En um leið og við göngum inn á þessa höfuðreglu, sem hæstv. ríkisstj. leggur til, að þarna sé farið inn á, álít ég rétt fyrir okkur að athuga mjög gaumgæfilega, hvernig hentugast sé að framkvæma þetta í einstökum atriðum. Þess vegna var ég með þessu frv., eins og við allir í menntmn., en vil hins vegar biðja hv. d., og kannske hv. n., að athuga betur einstök atriði í þessu sambandi.

Þá er það fyrst þessi spurning: Á Alþ. að veita sérstök heiðurslaun á hverju ári? Eins og 1. og 2. gr. eru orðaðar nú, er þetta óákveðið. Alþ. er sem sagt sett það í sjálfsvald, hvort það veitir t. d. 5 eða 10 mönnum heiðurslaun, eins og nú hefur verið gert undanfarið, eða hvort það gerir það ekki. Sú upphæð, sem n. hefði til úthlutunar, mundi þá nokkuð breytast, eftir því hvort yrði. Ég held, að við eigum endilega að hafa þá reglu, að Alþ. skuli sjálft veita slík heiðurslaun, eins og venja var hjá okkur hér áður fyrr. Um þetta hefur hins vegar vissulega staðið mjög mikil deila, eins og þeir þm. þekkja, sem kunna sögu þessa máls alls. Var það svo hér áður fyrr, að í 18. gr., sem var álitin óhreyfanleg í fjárl., voru ákveðin heiðurslaun til nokkurra listamanna, og það var ekki fyrr en stofnað var til mjög harðrar og illvígrar deilu um þessi mál, að þessir menn voru teknir þarna út af, og notuð til þess alveg sérstök aðferð, og svo stórlækkaðir. Allt það ástand, sem þá skapaðist, er svo langt frá því að vera Alþ. til sóma, að þvert á móti ættum við að sjá til þess, að slíkt gæti ekki komið fyrir aftur. Ég vil minna menn á, að á árunum 1939 og 1940 var notuð alveg sérstök aðferð, sem sé sú, að fela menntmrh. úthlutun þessara launa, svo að allir þeir menn, sem höfðu verið inni á 18. gr., voru teknir út af henni, og þetta var m. a. gert til þess að geta klekkt á vissum mönnum, t. d. Halldóri Kiljan Laxness. Hann hafði haft 5000 kr. skáldalaun á 18. gr., og almennt var gengið út frá því, að þeir, sem á 18. gr. voru, yrðu þar ævilangt. Hann var þar með sömu upphæð og Einar H. Kvaran og Einar Benediktsson. En eftir að þessi háttur var upp tekinn að fela, ég held það hafi verið menntmrh., að úthluta launanum, var Halldór Kiljan einmitt færður úr þessum 5 þús. kr. launum niður í 1800 kr., ef ég man rétt. Það var til að refsa honum fyrir Sjálfstætt fólk, hann hafði vogað sér að semja það og gefa það út þá. Þessi laun voru allhá, eins og menn sjá, 5 þús. kr. samsvara áreiðanlega um 160 þús. kr. nú, þannig að þessi heiðurslaun, sem þá voru veitt, voru 60% hærri skulum við segja en þau, sem nú eru veitt, og þó að maður voni náttúrlega, að Alþ. framtíðarinnar hafi lært það mikið af því, sem gerðist á þessum tíma, að slíkt komi aldrei fyrir aftur, er hitt þó

skemmtilegra, að það sé alveg ákveðið, að Alþ. úthluti þarna sérstökum heiðurslaunum ævilangt svo að segja til þeirra manna, sem svo almennt samkomulag er um, að þeir komist þannig inn á fjárl. Ég álít ekki, að við þurfum að ákveða endilega einhverja tölu, ég hef sett þarna inn í „allt að 10 manna", það eru 5 menn núna, og ég er ekkert að leggja til að hækka það endilega, en það yrði Alþ. að ákveða ætíð jafnóðum. En óviðkunnanlegt þætti manni þó að fara að taka þessa menn þarna burtu, og það yrði alltaf litið á það sem einhverja tilraun til að svipta þá vissum heiðri, sem Alþ. hefði álitið, að þeir hefðu verðskuldað. Ég held því, að með tilliti til þess, sem áður hefur gerzt í þessum efnum, ættum við að slá þeirri reglu fastri, þegar við reynum að koma framtíðarskipulagi á úthlutunina, að það skuli vera þarna nokkur heiðurslaun og sú upphæð, sem sé veitt sérstaklega á fjárl., skuli vera þarna fyrir utan.

Þá kemur að næstu spurningunni, og hún er þessi: Á hvern hátt eigum við að reyna að tryggja sem bezt sem óhlutdrægast mat, bæði séð frá listrænu og stjórnmálalegu sjónarmiði, á þeim rithöfundum og öðrum listamönnum, sem við vildum veita svona laun? Það er nú svo, að ef við látum þetta eingöngu vera komið undir því, hvernig t.d. meiri hl. í þessu 7 manna ráði greiðir atkv. á þann venjulega hátt, sem tíðkast í slíkum n., getur hæglega svo farið, að þarna myndist eins konar bandalag t.d. tveggja sterkra aðila, sem ráði allri úthlutuninni, og þeir, sem þarna séu í minni hl., komist ekki að með sínar skoðanir. Við verðum að gera okkur ljóst, að þetta er alveg mögulegt, og þetta er hlutur, sem hvað eftir annað í okkar sögu hefur komið fyrir. Nú, en það þarf ekki að tala um það hér, hvað pólitíkin getur verið viðkvæm í slíkum efnum, það er ekki einungis hún, það eru líka oft eins harðvítuglega skiptar skoðanir um þau hreinu, listrænu sjónarmið — við skulum bara taka t. d. í málaralistinni — og í sjálfri pólitíkinni. Svo var það einnig hér á Alþ., þegar harðast var barizt um þessi mál 1940, að jafnvel viss listaverk, sem nú eru í Listasafni ríkisins, voru tekin hingað niður eftir til þess að hræða alþm. frá því að greiða atkv. með fólki, sem byggi til önnur eins verk, og tókst stundum. Ég hef þess vegna verið að íhuga, á hvern máta við gætum helzt fundið þarna út einhverja aðferð þannig, að mismunandi skoðanir, hvort heldur það væri í list, þjóðmálum eða öðru slíku, gætu haft meira jafnrétti, hægt væri að tryggja í heild óhlutdrægni í þessum efnum. Okkur lægi kannske næst hér á Alþ. að segja: það ættu þá bara að vera hlutfallskosningar. En ég býst nú ekki við, að menn vildu heldur ganga inn á að stuðla beinlínis að því, að myndaðar yrðu alls konar samsteypur í þessari 7 manna n. um hvaða menn skyldi kjósa til þessa heiðurs. Mér hefur dottið í hug, hvort ekki væri hægt að nota þarna þá aðferð, sem undanfarið hefur tíðkazt hjá Blaðamannafélaginu, þegar þeir hafa verið að úthluta vissum verðlaunum. Eins og kunnugt er, hefur það verið svo, að þegar silfurlampanum hefur t. d. verið úthlutað af leikdómurum blaða eða þegar íþróttafréttaritarar hafa verið að velja bezta íþróttamann ársins eða þegar helztu ritdómarar blaða hafa valið bezta höfund ársins, hafa þeir notað eins konar stigakerfi, þannig að hver maður getur númerað niður þá menn, sem hann vill láta, t. d. í þessu tilfelli, hljóta ákveðin listamannalaun. Það yrði ákveðin tala skulum við segja, hve margir ættu að hljóta sæti í efri flokknum og hve margir í neðri flokknum og síðan væri, eftir reglum, sem hæstv. menntmrn. mundi setja, ákveðin viss stigatala í sambandi við þetta, þannig að hver maður geti sem sé kosið svona og svona marga, en hann númerar þá í ákveðinni röð. Það fæst þá 100 út á þann, sem flokkast nr. 1, 90, eða hvað sem vera skal, út á þann næsta o. s. frv. Með þessu móti mundu nýtast áhrif allra manna í n., það mundi ekki vera bara einhver meiri hl. og hinni hl. Hver maður mundi greiða atkv. eftir sínu höfði og sínum smekk, og út úr þessu ætti að koma, þegar á heildina væri litið, nokkuð óhlutdrægt mat á þessu, þó menn hafi sínar mismunandi skoðanir, listrænar eða aðrar, á listrænu gildi verkanna og öðru í þessu sambandi. Ég held, að við ættum að athuga nánar, hvort þetta væri framkvæmanlegt, það er vafalaust nokkuð flóknara, þegar þarf að kjósa um svona marga menn, en þegar verið er að kjósa kannske einn, tvo eða þrjá. Samt held ég, að rétt sé að athuga, hvort við getum fundið með þessu móti einhverja nýja aðferð í þessum efnum, sem bjargaði okkur meira út úr öllum þeim hörðu deilum, sem risið hafa í þessu sambandi.

Þá hef ég enn fremur, fyrir utan að leggja til að breyta 2. gr. eða vissum þáttum hennar í þessa átt, lagt til að bætt væri við þarna tveim nýjum greinum. Hæstv. menntmrh. skýrði okkur frá því, og það er í lok grg. sagt greinilega frá því, að rn. muni skipa n. til að athuga um styrkjakerfi, og það er vitað, að þetta er mál, sem er mjög vinsælt hjá listamönnum og getur verið ákaflega praktískt í þessum efnum. Það, að geta í eitt eða tvö ár bókstaflega launað ákveðna menn við að vinna ákveðið verk, er okkur afskaplega dýrmætt, ekki aðeins í sambandi við, við skulum segja, að t. d. rithöfundar fái þannig tíma til þess að reyna að vanda sínar bækur sem bezt, heldur líka t. d. málarar til þess að vinna að stórum verkum. Við vitum hvað hefur staðið t. d. fyrir þrifum allri almennilegri málaralist hvað snertir söguleg málverk á Íslandi, sem varla eru til, og vart nokkur, sem verulegt gildi hafa. Það þarf venjulega svo langt stúdíum hjá málara, sem ætlar sér að mála sögulegt málverk, þannig að það verði ekki hálfgerð ómynd, að hann þarf til þess bókstaflega að setja sig inn í allar aðstæður mjög langan tíma, fyrir utan svo hitt að vinna verkið, þannig að einmitt með því að geta veitt mönnum svona

styrki 1—2 ár er ákaflega mikið fengið. Ég hef lagt til í 3. gr., að við reyndum að gera þetta ákveðnara þannig, að við lofuðum því sem sagt, að á fjárl. 1968 yrðu þessir starfsstyrkir teknir upp, og ég held, að það mundi varla vera talið, svona rétt fyrir kosningar, sérstaklega mikið af hálfu Alþ. að flotta sig nú með því að lofa slíku gagnvart listamönnum landsins, ekki sízt, þegar við hvort eð er erum búnir að gera ráð fyrir því í grg. frv., og hæstv. ráðh. hefur ítrekað, að þessi n. verði sett, þá held ég, að það væri ákaflega ánægjulegt, ef við gætum komið okkur saman um að segja þetta eitthvað ákveðnar.

Þá hef ég enn fremur lagt til, að bætt yrði við þarna gr. um, að þegar laun opinberra starfsmanna hækki, skuli þessi heiðurslaun, og almenn listamannalaun, líka hækka í sama hlutfalli. Stundum hefur þetta orðið og verið álitið sjálfsagt og er jafnvel nú. Gert er ráð fyrir því á vissan hátt í fjárl., hvað heiðurslaunin snertir, en það hefur viljað vera nokkur tröppugangur á hinu, jafnvel þó það sé rétt, að fyrir ítrekaða baráttu góðra manna hafi tekizt að hækka þó nokkuð þessi listamannalaun. Þó er það svona, að ennþá er þetta lægra hjá okkur en það var fyrir alllöngu síðan, þrátt fyrir framfarir á síðustu árum, þannig að ég álít, að það væri mjög gott, ef við gætum komið okkur saman um eitthvað svona, því þetta er nú hlutur, sem menn álíta hvort eð er, að sé sanngjarn.

Þá hef ég líka í þessum brtt. lagt til, að upphæðirnar væru ákveðnari í þessum efnum, t. d. að sú upphæð, sem væri ákveðin á fjárlögum, skuli vera 5 millj. kr. Það er slæmt að þurfa að berjast um þetta í hvert einasta skipti. Það færi betur, að við gætum komið okkur niður á, að við settum eina ríflega upphæð þarna frá upphafi, og síðan hækkaði hún í hlutfalli við, við skulum segja, laun opinberra starfsmanna, heldur en að menn þyrftu sífellt að standa í þessari baráttu. Þetta frv. er öruggt með að fara í gegnum þ., það er algert samkomulag um það, eins og menn vita, og það er hér í síðari deild, þannig að ég held, að það ætti ekki að tefja neitt þess framgang, þó að við gæfum okkur ofurlitinn tíma til þess að athuga þessar brtt. nánar í n. og hvort við gætum máske orðið sammála um að nýta eitthvað af þeim. Það mun verða fundur í n. í fyrramálið, þannig að það væri hægt að taka þetta þá fyrir. Ég vildi mælast til þess, ef hægt væri, að fá um það samkomulag, að þessari umr. væri frestað núna og okkur gæfist tækifæri til þess að athuga málið í n.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langar til að segja fáein orð um brtt. hv. 3. þm. Reykv., sérstaklega 2. till., sem hann raunar nefndi einkum í ræðu sinni áðan. Um hinar tvær, 1. og 3. till., get ég verið mjög fáorður. Ég treysti mér ekki til að mæla með samþykkt þeirra. Ég tel ekki eðlilegt, að ákveðið sé í sjálfum lögunum um listamannalaun, hversu margir skuli njóta heiðurslauna, né heldur, hver skuli vera heildarupphæð listamannalaunanna. Þetta tel ég, að Alþ. eigi að ákveða hverju sinni með afgreiðslu fjárlaga, svo sem raunar verið hefur öll undanfarin ár.

Um 3. till., sem fjallar um starfsstyrkina, er það að segja, að ríkisstj. hefur þegar ákveðið, skv. ósk Bandalags ísl. listamanna, að skipa n. til að fjalla um þetta mál í samráði við listamennina. Það kom greinilega fram í þeim viðræðum, sem ég átti við stjórn Bandalags ísl. listamanna, að skoðanir eru nokkuð skiptar um, hvernig haga eigi slíkum starfsstyrkjum, ef ákveðið verður að taka þá upp. Það koma ýmsar leiðir til greina, hugmyndina má framkvæma með mörgum hætti og ég tel sjálfsagt, að það mál verði rannsakað mjög ýtarlega, áður en sett eru annaðhvort lagaákvæði eða reglugerðarákvæði um það, hvernig starfsstyrkjunum skuli hagað. Einmitt í því skyni verður n. skipuð, eins og ríkisstj. hefur þegar ákveðið. Ég veit ekki betur en forsvarsmenn listamanna séu algerlega ánægðir með þá tilhögun á þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið, að athuga málið gaumgæfilega í n., áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar, og mér finnst ekki ástæða vera til þess, og það jafnvel vera nokkurt fljótræði, að taka inn í l. um listamannalaun bein ákvæði um það, að starfsstyrkir skuli teknir upp, áður en málið er rætt við listamannasamtökin sjálf, eins og nú hefur verið efnt til.

Varðandi seinni liðinn í 3. till. er það að segja, að öll undanfarin ár hefur verið framkvæmd hækkun á heildarupphæðinni, sem til listamannalauna er ákveðin, nokkurn veginn í samræmi við þær breyt., sem hafa orðið á vísitölu verðlags og launum opinberra starfsmanna. En þá kem ég að aðalatriði málsins, sem er 2. brtt. Ég get mjög vel skilið þá hugsun, sem þar er að baki, og finnst það algerlega eðlilegt, að menn velti fyrir sér, hvort ekki væri hugsanlegt annað form á vali þeirra manna, sem listamannalaun skulu hljóta, en einföld listakosning eða einföld meirihlutakosning. Það kemur mér síður en svo á óvart, að stungið skuli upp á öðrum hætti í þeim efnum en frv. gerir ráð fyrir og raunar er í grundvallaratriðum sami hátturinn og alltaf hefur verið á hafður um þetta. Hvort sem val listamannanna hefur verið í höndum þingkjörinnar n. eða í höndum annars aðila, svo sem menntamálaráðs, hefur aldrei fundizt nein önnur aðferð en einföld meirihlutakosning við valið á launþegum. Síðan þessi till. kom fram, hef ég athugað hana gaumgæfilega og rætt hana við ýmsa aðila, bæði menn, sem setið hafa í úthlutunarn. Alþ. undanfarin ár, og menn í stjórnum listamannafélaga. Og niðurstaðan af þessum athugunum og viðræðum er sú, að ég treysti mér ekki til þess að mæla með því, að þessi till. nái fram að ganga, að breyt. verði gerð á valaðferðinni, eins og hún gerir ráð fyrir. Skýr-

ingin er sú, að þótt margt mæli með slíkri aðferð, þegar um er að ræða að velja einn verðlaunahafa, tvo eða þrjá, kannske upp í fimm, eins og á sér stað, þegar valin er bezta bók ársins, þegar valinn er bezti íþróttamaður ársins, þegar valdar eru þrjár bækur til að fá verðlaun ritdómenda blaðanna, verður aðferðin svo flókin og svo mikil óvissa henni fylgjandi, að hún má teljast nær óframkvæmanleg, þegar um er að ræða að velja hundrað menn skv. aðferðinni eða nokkuð á annað hundrað menn, eins og hér er um að ræða. Einföld prófun á framkvæmd aðferðarinnar, sem ég sé ekki ástæðu til að þreyta alþm. á að lýsa hér, leiðir í ljós, að þegar um er að ræða val á á annað hundrað mönnum skv. slíkri stigaaðferð, getur niðurstaðan orðið algerri tilviljun háð, og það getur auðvitað ekki verið til bóta frá sjónarmiði neins. Það er því ekki að óathuguðu máli, heldur þvert á móti að gaumgæfilega athuguðu máli, sem ég tek það fram, að ég treysti mér ekki til þess að mæla með því, að till. nái fram að ganga. Hins vegar hef ég ekkert á móti því, ef hv. flm. óskar þess, að þessari umr. verði frestað, og skal gjarnan taka undir ósk hans um það, til þess að n. fái tækifæri til þess að ræða málið. Ég þykist þess fullviss, að þegar hún ræðir málið og gerir sér grein fyrir, hvernig þessi regla mundi vera í framkvæmd, komist hún að raun um, að hún væri ekki til bóta, vegna þess um hve marga menn er að tefla í því tilviki, sem hér er um að ræða.

Umr. frestað.

Á 55., 56., 57. og 58. fundi í Nd., 16., 20. og 21. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 6. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hafði gert nokkrar aths. við þær till., sem ég flyt á þskj. 327, og vildi ég í tilefni af því aðeins segja nokkur orð.

Ég vil nú fyrst taka það fram, að síðan hæstv. menntmrh. flutti sína ræðu hefur það komið í ljós, að þetta frv. sætir meiri gagnrýni af hálfu listamanna en okkur var þá kunnugt. Ég vil minna á, að Rithöfundafélag Íslands hefur birt í blöðunum þó nokkuð ýtarlega gagnrýni á þetta frv., og fer það nokkuð í bága við, að hæstv. menntmrh. hafði tjáð okkur í upphafi máls, að það væri allmikið samkomulag hjá listamönnum um málið. En hvað sem því nú viðvíkur, vil ég taka fram viðvíkjandi þeim till., sem ég flyt, nokkrar röksemdir út af mótbárum hæstv. ráðh. Það er í fyrsta lagi spursmálið um till. um fé. Ég hafði lagt til, að það yrði ákveðið, að í fjárl. yrði það ekki minna en 5 millj. kr., sem veitt yrði árlega. Hæstv. menntmrh. taldi óvarlegt að hafa slíka ákvörðun um fé þarna inni. Ég vil nú minna á, að a. m. k. að því er mér sýnist nú í hönd fara, mun koma nokkur gengislækkun eftir næstu kosningar, af því að hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til að framkvæma hana fyrir þessar kosningar og ef að vanda lætur, verður nokkuð erfitt að knýja fram þær hækkanir á fjárl., sem jafni nokkuð metin, eftir að slíkt hefði gerzt. Ég held þess vegna, að það væri nauðsynlegt fyrir Alþ. nú að reyna að skapa þarna nokkra tryggingu, sem sé hækka þann hlut listamanna, sem nú er samanlagt rúmar 4 millj., upp í 5 til þess að reyna nú þegar að gera nokkuð betur í þessum efnum en gert hefur verið undanfarið. Mín reynsla er sú, að ef ekki er hægt að koma slíku í gegn fyrir kosningar, sé ekki mikill möguleiki á fyrstu árunum eftir kosningar að fá slíkt fram.

Þá er í öðru lagi spurningin um, hvernig úthluta skuli. Ég hafði lagt til í mínum till., að það yrði ákveðið sérstaklega, hvað Alþ. legði sjálft til þeirra manna, sem væru á sérstökum heiðurslaunum hjá því. Það væri tekið út úr. Það var sú gamla venja, þegar þetta var á 18. gr. fjárl., það er núna inni á fjárl. og ég álít ekki, að við eigum að eiga það á hættu, að slíkt væri tekið út á ný. Ég álít þess vegna rétt, að það sé alveg hreint ákveðið, að það skuli veita á fjárl. allt að 10 tilteknum listamönnum ákveðin heiðurslaun og það skuli ekki víkja frá þessu. En aðalatriðið í aðfinnslum hæstv. ráðh. við mínar till. var það, að þar eð til greina kæmu um 120 listamenn, væri ekki hægt að nota þá aðferð, sem ég legg til að nota, sem sé þessa stigaatkvgr., ef svo mætti kalla. Ég legg þarna til í 2. brtt. minni, að það skuli notað þetta stigakerfi, sem nú hefur verið notað, t. d. við úthlutun af hálfu blaðamannanna til listamanna, s. s. leikara, rithöfunda og annarra slíkra. Þarna gætir nokkurs misskilnings hjá hæstv. ráðh. Ég meinti auðvitað ekki og veit ósköp vel, að svona kerfi væri ófært, ef það ætti að greiða í einu atkv. um 120 manns. Hins vegar hefur það verið svo fram að þessu, að skipt hefur verið niður í 4 flokka þeim listamönnum, sem eiga að fá listamannalaun, og nú er lagt til að skipta þeim niður í tvo flokka. En auk þess skiptast þessir listamenn af sjálfu sér niður í eina 3—4 undirflokka, eftir því hvaða list þeir fyrst og fremst stunda, myndlistarmenn, tónlistarmenn, bókmenntamenn og aðrir slíkir. Núna undanfarið hefur það t. d. verið svo, að alls hafa 16 listamenn verið í 1. flokki af þeim 4, sem hingað til hefur verið raðað í. Af þeim hafa verið 7 myndlistarmenn, 1 tónlistarmaður, en hins vegar 8 rithöfundar, skáld og aðrir bókmenntalistamenn. Það er þess vegna gefið, að ef sú aðferð er höfð við að úthluta þessu, að fyrst sé ákveðið, hve margir skuli vera í 1. flokknum, eins og mælt er fyrir í l., en síðan sé ákveðið, hve þar skuli vera margir myndlistarmenn, tónlistarmenn, rithöfundar, skáld, leikarar o. s. frv. og búið að skipta þannig niður í þessa 4 hópa, eru almennt ekki fleiri en í hæsta lagi 10 manns, stundum ekki nema 6—7 manns, stundum kannske aðeins 3—4 í hverjum hóp, þannig að þegar greidd væru atkv. eftir stigakerfi um

hvern flokk út af fyrir sig, nýttust alveg hreint þeir kostir, sem við þetta kerfi eru. Við skulum segja, að menn hafi komið sér niður á, að það séu t. d. 30—40 manns í 1. flokknum eftir nýju skiptingunni og af þeim séu kannske 10—15 myndlistarmenn og 20 bókmenntalistamenn. Síðan, þegar n. byrjar að ræða þetta, kemur hún sér saman um, hvort það séu einhverjir af þessum aðilum, sem allir séu sammála um. Og nú er það ætlið svo, að um svo og svo marga af þeim listamönnum, sem um er að ræða, eru allir sammála. Það fer oft þannig, að t. d. um helminginn af þessum listamönnum eru allir sammála, og þá eru þeir þar með ákveðnir. Við skulum segja, að þá sé eftir að taka ákvörðun um t. d. 10 rithöfunda og 5 myndlistarmenn. Þá er stigakerfið notað og það veit ég, að hæstv. menntmrh. mundi ganga inn á, ef hann væri hér staddur, því að þá kemur stigakerfið alveg að fullum notum og er réttlátasta kerfi, sem þarna er hægt að nota. Þess vegna er það hreinn misskilningur og ekki nægilega vel athugað hjá honum, þegar hann heldur, að það ætti að greiða atkv. um kannske 110—120 menn í einu. Þvert á móti, það yrðu yfirleitt aldrei greidd atkv. um fleiri en kannske 10, í hæsta lagi 15 manns í einu, og þá kemur stigakerfið að fullum notum. Þess vegna álít ég, að við eigum endilega að gera þessa breyt. nú. Ég vil vekja eftirtekt hv. alþm. á því, hver afleiðingin verður, ef þetta verður ekki gert. Það er kosið pólitískt í n., og síðan er það meiri hl. í n., sem ræður öllum mönnunum, þannig að það verður argasta pólitísk og listræn hlutdrægni, sem verður framkvæmd, ef farið væri eftir þeim till., sem hérna liggja fyrir. Ef farið verður eftir mínum till. aftur á móti, skiptist þetta allt öðruvísi. Þá komast þarna miklu fleiri sjónarmið að. Ég vil þess vegna eindregið heita á hv. þm. að setja sig nægilega vel inn í þetta, til þess að þeir skilji, hvað þarna er um að ræða og fylgi þessum brtt. mínum og þó alveg sérstaklega brtt. við 2. gr., sem eru nr. 2, a, b og c á þskj. 327. Að síðustu hafði ég svo lagt þarna til um starfsstyrkina og vildi ekki bíða eftir því, sem kynni að gerast eftir þing. Þar var fyrirheit um slíkt. Ég er allt of kunnugur því, hvernig kann að fara með slík fyrirheit, eftir að kosningar hafa farið fram og mönnum þykir e. t. v. eitthvað syrta í álinn. Það hélt ég, að hæstv. menntmrh. ætti að vera líka. Ég er hræddur um, að það heyrist hljóð úr horni eftir kosningarnar. Það verði farið að tala um, að nú hafi þjóðin lengi lifað yfir efni fram. Menn hafa kannske heyrt sönginn einhvern tíma áður. Nú þurfi að spara á öllum sviðum, og nú dugi ekki að fara að bæta við hinum og þessum styrkjum og slíku, sem menn hafa haldið í bjartsýninni fyrir kosningarnar, að væri mögulegt. Ég vil þess vegna aðeins vara menn við því, að ef menn ekki samþykkja þetta nú, er ég ákaflega hræddur um, að lítið verði úr efndunum eftir kosningar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 7. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 327,1 felld með 16:6 atkv.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 327,2 felld með 16:8 atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 327,3 felld með 17:7 atkv.
3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hefði frekar óskað þess, að hæstv. menntmrh. hefði verið viðstaddur hér. Hann var ekki við 2. umr. þessa máls, þegar afgr. voru nokkrar brtt., sem ég var með, og vegna þess að við lentum í nokkurri deilu um það, hvort framkvæma mætti þetta stigakerfi, sem ég lagði til, hefði ég gjarnan viljað heyra hans skoðun á þeim brtt., sem ég þá flutti. Ég hef því kosið að hafa þá aðferð að flytja nú skrifl. brtt. um aðeins eitt atriði úr því, sem ég flutti áður, og raunar er hún nokkurn veginn samhljóða, þó ekki alveg, þeirri brtt. minni, sem er 2. liður c á þskj. 327 og felur í sér að breyta 3. mgr. 2. gr. þannig, að fyrstu tveir málsliðirnir hljóði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Nm. gera till. um listamenn þá, er þeir álíta, að til greina komi, og hafa samráð við aðildarfélög Bandalags ísl. listamanna, svo sem segir í 3. gr., áður en endanlega er gengið frá till. Þegar till. eru fram komnar, skulu gerðir kjörseðlar með nöfnum allra þeirra, sem till. hefur komið fram um í hverri grein lista, að hljóta skuli hærri launin."

Og svo eins og var áður. Af því að þetta er 3. umr., hefði ég viljað mælast til þess, að hæstv. forseti frestaði þessari umr., til þess að við gætum heyrt, hvernig hæstv. menntmrh. lítur á þessa brtt. Þær aths., sem hann gerði við 2. umr. málsins, voru gerðar út frá því sjónarmiði, að um væri að ræða að greiða atkv. í einu um 120 listamenn, og þá kæmi stigakerfið ekki að notum og það er alveg rétt. En svo, eins og ég skýrði greinilega frá hér í gær, þegar búið er fyrst að skipa niður í hina mismunandi flokka, þegar búið er að afgreiða þá listamenn, sem allir eru sammála um, og eftir er við skulum segja í sambandi við fyrri flokkinn að gera út um 10—12 rithöfunda eða kannske 5—8 málara, hver af þeim skuli hljóta þessi laun, þá nýtist þetta stigakerfi fullkomlega. Ég vakti athygli á því sérstaklega við 2. umr. málsins, að svo fremi sem haldið verður fast við þetta kerfi, sem nú er fyrirhugað, þýðir það að láta meiri hl., sem kosinn er póli-

tískt, ráða því algerlega, hverjir eigi að fá launin, í staðinn fyrir að með því að beita stigakerfi, njóta hinar mismunandi persónulegu skoðanir manna, hvort heldur þær kunna að vera pólitískar, listrænar eða af öðrum toga spunnar, sín fullkomlega. Og af því að við erum nú að reyna með miklum erfiðismunum að finna eitthvert kerfi, sem gæti orðið varanlegt og ekki eins óvinsælt og það, sem farið hefur verið eftir undanfarið, finnst mér, að áður en við afgreiðum svona mál, eigi a. m. k. hæstv. menntmrh. að segja sína skoðun á því, þar sem það liggur nú fyrir á allt annan máta en það gerði, þegar 2. umr. fór fram. Ég vil þess vegna leyfa mér að afhenda þessa skrifl. till. hæstv. forseta og vonast um leið til, að hann gangi inn á að fresta málinu, þannig að hæstv. menntmrh. geti sagt sína skoðun á því.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hef kynnt mér brtt. þá, sem hv. 3. þm. Reykv. flytur við frv. við 3. umr., og hef um hana það eitt að segja, að ég treysti mér ekki til að mæla með samþykkt hennar. Ég tel að þetta frv., í því formi, sem það var lagt fyrir hið háa Alþ. og hefur verið afgr. við 1. og 2. umr., hafi hlotið svo rækilegan undirbúning og um það sé svo víðtæk samstaða, að varhugavert sé að gera á því breyt. með jafnóvissum afleiðingum og samþykkt þessarar brtt. mundi hafa í för með sér. Þess vegna legg ég til að brtt. verði felld.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 412) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 412 felld með 17:6 atkv.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 61. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason), Herra forseti. Þetta frv. var fyrir fáum dögum samþ. í hv. Nd. mótatkvæðalaust. Í hv. Nd. kom fram brtt. frá einum hv. þm., hv. 3. þm. Reykv., um eitt atriði frv. fyrst og fremst, þ. e. a. s. breytta tilhögun á vali þeirra, sem hljóta eiga listamannalaun hverju sinni. Ég treysti mér ekki til þess að mæla með samþ. þeirrar till., og náði hún ekki samþ. Aðrar brtt. komu þar fram, einnig frá sama hv. þm., fyrst og fremst sú að kveða á um heildarupphæð listamannalaunanna í löggjöfinni, en sú till. náði heldur ekki fram að ganga. Ég tel auk þess mjög óeðlilegt, að heildarupphæð listamannalaunanna sé ákveðin í löggjöfinni, heldur eðlilegra, að fjárveiting sé ákveðin á fjárl. hverju sinni eins og aðrar hliðstæðar fjárveitingar. Þetta frv. er flutt í samræmi við þál., sem samþ. var shlj. á Alþ. á s. l. vori, þar sem skorað var á ríkisstj. að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþ. löggjöf um úthlutun listamannalauna og skuli við það starf haft samráð við Bandalag ísl. listamanna. Þetta frv. var síðan samið í menntmrn. að höfðu samráði við stjórn Bandalags ísl. listamanna, sem fékk frv., meðan það var á undirbúningsstigi, til umsagnar, og mun það hafa verið rætt í öllum aðildarfélögum Bandalags ísl. listamanna. Skilaði síðan stjórn bandalagsins áliti um málið til mín, þar sem í meginatriðum var fallizt á efni þessa frv. En aðalatriði frv. eru þau, að kveðið er svo á, að Alþ. skuli árlega veita fé á fjárl. til þess að launa listamenn. Er annars vegar gert ráð fyrir því, að Alþ. veiti árlega tilteknum listamönnum ákveðin heiðurslaun, svo sem tíðkazt hefur undanfarið, og svo hins vegar eina heildarupphæð, sem síðan skuli skipt af 7 manna n., sem kosin væri hlutfallskosningu á Alþ. Þeim listamannalaunum, sem Alþ. hefur veitt um langt skeið undanfarið, hefur nú um nokkurra ára skeið verið úthlutað einmitt af n. kjörinni af Alþ. hlutfallskosningu. En sú n. hefur jafnan verið kosin til eins árs í senn. Hefur það bagað mjög n. í störfum sínum og valdið því, að ekki hefur verið tryggt, að föstum reglum væri fylgt frá ári til árs. Einn höfuðókostur þess skipulags, sem verið hefur undanfarið á úthlutun listamannalauna, hefur einmitt verið fólginn í því, að n., sem það starf hefur átt að annast, hefur verið kosin til eins árs í senn. Hér er gert ráð fyrir því, að n. verði kosin til allt að fjögurra ára, þ. e. a. s. hvert nýkjörið Alþ. kjósi n. og sé starfstími hennar sá sami og starfstími Alþ. Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir því í frv., að um tvo launaflokka listamannalauna verði að ræða, en um nokkurra ára skeið undanfarið hafa þeir verið 4. Þessi fjórskipting launaflokkanna hefur verið eitt þeirra atriða, sem listamenn hafa unað einna verst og margir þeirra líkt úthlutun listamannalaunanna við einkunnagjöf, fyrst flokkarnir hafa verið fjórir. Hér er því gert ráð fyrir því, og er það í nánu samráði við stjórn bandalagsins, að flokkarnir skuli vera aðeins tveir og má þá búast við því, að n. muni haga úthlutun sinni þannig, að í hærri flokknum verði menn, sem lítill eða enginn ágreiningur er um, að skuli njóta fastra heiðurslauna eða fastra listamannalauna og njóti þeirra þá sem fastalauna, þ. e. a. s. ár eftir ár, en frekar sé hugsuð breyt. á milli ára í lægri flokknum.

Í þriðja lagi eru svo í frv. settar ákveðnar reglur um það, hvernig 7 manna n. skuli velja þá, sem listamannalaun hljóta. Aðalatriðið í því er það, að atkvgr. skuli vera leynileg og liggja skuli frammi hreinar till. frá hverjum einstökum nm., eða hverjum hópi nm., um það, hvernig þeir vilji láta skipta því fé, sem Alþ. hefur veitt n. til ráðstöfunar.

Í fjórða og síðasta lagi er síðan svo kveðið á í frv., og það er algert nýmæli í sambandi við úthlutun listamannalauna, að aðildarfélög

Bandalags ísl. listamanna skuli eiga rétt á að tilnefna hvert um sig tvo fulltrúa til samstarfs við n., sem Alþ. kýs til þess að ákveða listamannalaunin. Áður en atkv. eru greidd í n. um þær till., sem fram koma, eiga sem sagt fulltrúar hvers aðildarfélags bandalagsins rétt á því að láta í ljós skoðun sína á þeim till., sem fram eru komnar. Þetta fyrirkomulag tryggir listamönnum, að því er ég tel, réttmæta þátttöku og réttmæta aðild að úthlutun listamannalaunanna, án þess þó, að þeim sé sjálfum fengið ákvörðunarvald um það, hverjir launin hljóta. Listamenn hafa sjálfir ekki óskað eftir slíku ákvörðunarvaldi í sínar hendur, og ég tel mjög óeðlilegt, að fulltrúar þeirra veiti listamannalaun og beri þannig ábyrgð á því, hvernig fé Alþ. er skipt. En hitt er annað mál, að það er réttlátt, að listamenn eða fulltrúar þeirra geti látið í ljós álit sitt á þeim till., sem fram koma, þannig að n. Alþ. fái þannig visst, faglegt aðhald, áður en hún gengur til atkv. um veitingu listamannalaunanna. Meðan n. er að starfi, er gert ráð fyrir því, að slíkar umsagnir séu leynilegar, trúnaðarmál, en þegar gengið hefur verið frá málinu er hins vegar gert ráð fyrir því, að umsagnaraðilar geti birt umsögn sína, hvort sem það er þá til stuðnings við það, sem gert hefur verið, eða til gagnrýni á því.

Með þessum orðum held ég, að ég hafi gert hv. Ed. grein fyrir meginatriðum þessa máls og leyfi mér því, herra forseti, að óska þess, að málinu verði, að lokinni þessari 1. umr., vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar, skal ég vera stuttorður við þessa umr. Listamannalaun og úthlutun þeirra hefur lengi verið mikið vandamál og deiluefni. Það er vissulega ekki vandalaust að setja löggjöf um þessi atriði á þann veg, að sæmilegur friður geti orðið um þau mál, það skal ég viðurkenna, enda hefur það dregizt hjá löggjafanum óeðlilega lengi að gera það. Sá háttur, sem hafður hefur verið á varðandi úthlutun listamannalauna nú í mörg ár, að fela úthlutunina n., kjörinni venjulega í lok hvers þings og til eins árs í senn, hefur að allra dómi reynzt miður vel. Það er þess vegna fyrir löngu tími til þess kominn, að sett verði löggjöf um þetta efni, og hafa listamenn barizt fyrir því árum saman. Ég verð að láta það í ljós, að þegar ég sá það frv., sem nú liggur hér fyrir þessari hv. d., frv. til l. um listamannalaun, varð ég fyrir verulegum vonbrigðum. Mér finnst þetta frv., satt að segja, furðu fátæklegt, og í því eru, því miður, fá þau nýmæli, að mínum dómi, sem gera það líklegt, að þetta geti orðið löggjöf til varanlegrar frambúðar í þessum málum. Ég hafði búizt við því, að slíkt frv. yrði innihaldsmeira, þegar það kæmi fram frá hæstv. ríkisstj. og sérstaklega hæstv. menntmrh., sem ég veit, að hefur lengi haft sérstakan áhuga á því að leysa þessi mál á viðunandi hátt. Ég hafði búizt við því, að það yrði myndarlegar tekið á en mér virðist gert með þessu frv.

Ég skal ekki á þessu stigi fara út í einstök atriði. Til þess gefst tækifæri við 2. umr., en ég gat ekki látið hjá líða, nú þegar við þessa umr., að lýsa yfir hinum mestu vonbrigðum mínum með það, hversu fátæklegt þetta frv. er og hversu lítið nýtt er í því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 63. og 64. fundi í Ed., 13. og 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 296, n. 462, 461).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fara fáeinum orðum um þetta mál almennt í sambandi við þessa umr. Skömmu fyrir síðustu aldamót byrjaði Alþ. að veita einstaka manni listamannalaun eða skáldalaun, eins og það var þá orðað. Þá var varla um aðrar listgreinar að ræða hér á landi en orðsins list, sem hafði verið þjóðinni öldum saman „ljós í lágu hreysi og langra kvelda jólaeldur", eins og Matthías kvað. Um þetta leyti voru að opnast augu manna fyrir því, hve hörmulega hafði farið um suma ljóðsnillinga landsins, eins og t. d. Bólu-Hjálmar og Sigurð Breiðfjörð, vegna skorts á „hinum þétta leir", eins og meistari Jón nefnir fjáraflann. Það er nú svo, að listin á sjaldnast samleið með því, sem í askana verður látið, og örðugt fyrir flesta að þjóna tveim herrum. Þótt við getum að vísu minnzt dæma, sem eru aðdáanleg, manna, sem ekki létu vinnudag, sem var helmingi lengri en nú er talið við hæfi, smækka sig, eins og t. d. Stephan G. Stephansson o. fl. Íslendingar. En listamenn geta verið miklir listamenn, þótt þeir séu ekki ofurmenni eins og Stephan G. Stephansson. Þegar Alþ. tók upp þessa nýbreytni, olli skáldastyrkurinn strax miklum deilum og má þar jafnvel til nefna nöfn eins og Þorstein Erlingsson, að ekki sé nú talað um ýmsa aðra sem miklu minni hylli nutu hjá þjóðinni fyrir list sína.

Síðan þetta var, hafa listamannastyrkir eða listamannalaun verið veitt í einhverju formi fram á þennan dag og jafnan þó valdið miklum ágreiningi og deilum, er hnigið hafa fyrst og fremst að því, hverjir væru verðugir og hverjir óverðugir. Framan af veitti Alþ. sjálft þessi listamannalaun eða skáldastyrki, og urðu oft deilur á þ. og í blöðum út af nöfnum einstakra manna, sem var mjög hvimleitt öllum, sem fyrir urðu. En er stundir liðu fram, var úthlutun þessi fengin þingkjörnum n. Eigi kann ég né hirði að telja upp öll fyrirbæri slíkra n.

næstliðna áratugi, en allar hafa þær orðið næsta skammlífar og safnast til feðra sinna eða mæðra saddar lífdaga, að því er ég hygg.

Um eitt skeið var úthlutunin falin listamannasamtökunum sjálfum og þótti gefast ákaflega illa, þ. e. a. s. valda þar misklíð mikilli. Eins og ég sagði var í fyrstu einkum ætlazt til að styrkir þessir gengju til skálda og rithöfunda, sbr. heiti á fjárlagalið: Til skálda og rithöfunda. Listamönnum mun síðar hafa verið bætt við. En er fram liðu stundir, komu myndlistarmenn mjög fram á sjónarsviðið hér á landi, og hafa margir gert ágæta vel, tónlistarmenn, leikarar o. fl. listamenn mætti telja. Stækkaði því sá hópur, sem skipting þessa fjár náði til, sem til umráða var hverju sinni. Allar þær n., sem úthlutað hafa listamannalaunum í umboði Alþ., hafa átt við þá erfiðleika að etja að hafa minna fé til umráða en þær hefði kosið. Þegar litið er yfir skrár hinna einstöku listamannasamtaka, kemur í ljós, að fjöldi einstaklinga, er við listsköpun fæst, er undarlega mikill og gleðilega mikill mætti raunar segja. Þar er þó auðvitað misjafn sauður í mörgu fé. En margir hafa til síns ágætis nokkuð, þótt dómarnir þar um verði að sjálfsögðu alltaf mjög sitt á hvað. Í framkvæmd hefur það því orðið svo, að öllum úthlutunarnefndum hefur þótt ástæða til að veita fleiri einstaklingum einhverja viðurkenningu fyrir það, sem vel hefur þótt gert, en fjárhagurinn hverju sinni leyfði, svo að smærra hefur verið skipt en æskilegt var, einkum í lægri flokka. — Lágar upphæðir hafa þó í mörgum tilvikum orðið ýmsum efnilegum byrjendum til mikillar uppörvunar og gleði, en öðrum oft til mikillar gremju, þeim er sjá sjálfa sig mjög stóra. Fyrir slíkt er auðvitað ómögulegt að girða, að óánægja rísi á eftir hverri úthlutun. Ofan á hefur svo bætzt það, að við hverja úthlutun hafa komið til álita a. m. k. þriðjungi fleiri nöfn en mögulegt hefur verið að sinna vegna fátæktar.

Til þessara róta allra má sjálfsagt rekja með vorkunnsemi sum blaða- og tímaritaskrif, sem aðallega eru þannig vaxin, að enginn vildi skrifað hafa, þegar frá líður, öfugt við það, sem sagt var um Lilju Eysteins Ásgrímssonar áður fyrr. Ég drep aðeins á þetta til þess að sýna, upp úr hvaða jarðvegi þetta frv. er sprottið. Hvað eftir annað hafa úthlutunarnefndirnar óskað löggjafar um þetta efni, ef á annað borð á að halda áfram styrkveitingum í svipuðu formi og verið hefur, sem er sannast sagt álitamál, laga, sem gætu verið rammi utan um starfssvið n. og helzt að fundin yrðu einhver ákveðin form að fara eftir, en slíkt er að sjálfsögðu ekki auðvelt, því að listin verður ekki mæld af lengdarkvarða né vigtuð á sauðavogir. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gengur nokkuð í þá átt, sem úthlutunarn. hafa óskað, en samt í allra stytzta lagi. Það, sem tvímælalaust er til bóta í þessu frv., er, að nú skuli kosin n. til 4 ára í staðinn fyrir til 1 áður, og að fækka eigi flokkum í 2, þ. e. a. s. þeim flokkum, sem úthlutunarn. hefur með að gera.

Fyrra ákvæðið tryggir fastara form, sem engin n., kosin til 1 árs, hefur treyst sér til að skapa. Síðara ákvæðið leysir einnig vanda, sem of langt er upp að telja eða útskýra, en hefur þó þann galla, að þeim, sem listalauna njóta, hlýtur að fækka frá því, sem áður hefur verið, miðað við þær tölur, sem talið verður að lægstar megi vera í flokkunum. Þriðja atriðið í þessu frv. er alveg nýtt, að Bandalag ísl. listamanna á nú að útnefna fulltrúa, tvo fyrir hvert bandalagsfélag, til ráðuneytis og tillöguflutnings á fundum úthlutunarnefndarinnar. Ég skal játa, að mér er þetta ákvæði nokkur þyrnir í augum og finnst það í ætt við fyrirkomulag, er gilti, þegar listamannasamtökin úthlutuðu sjálf og gafst ekki vel, eins og ég drap á áðan. En þar sem hæstv. menntmrh. hefur upplýst, að einmitt þetta ákvæði sé sett inn að ósk og vilja bandalagsins, tel ég rétt að gera tilraun með þetta og ef til vill tekst val þessara fulltr. samtakanna svo vel, að þeim takist að leiða hina eiginlegu úthlutunarn. inn á brautir réttlætis, betur en ella.

Menntmn. hefur orðið sammála um, að rétt sé eftir atvikum að mæla með frv. Þó hafa sumir nm. hitt og annað við það að athuga, og er sennilegt, að fyrir því verði gerð grein hér á eftir.

Þess skal að lokum getið, að n. hefur borizt bréf frá einu félagi listamanna, sem nefnist Myndlistafélag og er ekki í Bandalagi ísl. listamanna, og er það félag að vonum óánægt yfir því, að það hafi ekki rétt til að kjósa fulltrúa til skrafs og ráðagerðar við úthlutunarn. Þetta bréf er dags. 4. apr. N. sá sér ekki fært að gera brtt. við frv. til samræmis við óskir Myndlistafélagsins, en var sammála um það, að hún lýsti því yfir sem skoðun sinni, að eðlilegt sé að væntanleg úthlutunarn. bjóði þeim félögum listamanna, sem ekki eru í bandalaginu, að senda fulltr. á fund n. til að gera grein fyrir sínum skoðunum og óskum, áður en úthlutunarn. lýkur störfum hverju sinni.

Í öðru lagi kom það fram við athugun á þessu frv., að þar er ekki fram tekið beinum orðum, að úthlutunarn. skuli vera kosin hlutbundinni kosningu. Ég hef rætt bæði þessi atriði við hæstv. menntmrh., og hann hefur tjáð mér, að það hafi engum annað til hugar komið en að n. yrði kosin hlutbundinni kosningu, og einnig telur hann sjálfsagðan hlut, að sú úthlutunarn., sem væntanlega verður kosin í lok þessa þings, bjóði Myndlistafélaginu að senda 2 fulltr., ef það óskar þess, eins og önnur listamannafélög, sem eru í Bandalagi ísl. listamanna, hafa rétt til. Ég held, að það sé ekki ástæða til, þar sem þetta kemur fram hér við umr., að gera brtt. við þetta atriði um kosninguna, þar sem yfirleitt gildir sú regla hér í hv. Alþ., að n. sem þessi eru kosnar hlutbundinni kosningu, og þessi yfirlýsing liggur fyrir hjá hæstv. ráðh.

Svo að lokum vil ég geta þess, að hér er fram komin á sérstöku þskj. brtt. frá þeim hv. menntmnm., sem skrifuðu undir frv. með fyrirvara, sem þeir gera sjálfsagt grein fyrir.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Ed., 15. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Frsm. menntmn. í þessu máli, hv. 8. landsk. þm., er eini maðurinn, að ég held, í þessari hv. d., sem hefur reynslu af því að starfa í úthlutunarnefnd listamannalauna og meira að segja alllanga reynslu. Hann er óhvikull og heils hugar stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. Enginn mun geta vefengt það. Ekki var þó hægt að segja, að fagnaðarhljóð væri í framsöguræðu þm. í gær yfir hinu langþráða stjfrv. um listamannalaun. Hið eina, sem ég get heyrt, að hann teldi því til gildis, var, að skv. því ætti að kjósa úthlutunarn. launanna til fjögurra ára í stað eins árs í senn áður. Með því gæti fengizt meiri festa í úthlutunarstarfið. Það getur verið rétt, að þetta sé til bóta, en því aðeins þó, að ekki takist svo illa til með val í n., að þörf sé á að skipta strax um menn. Ég vil benda á, að aðalreglan, þegar kosið hefur verið í n. þessa á undanförnum árum, hefur verið að endurkjósa ár hvert og það virtist alls ekki koma þá að gagni. Lausn vandans er því varla fundin með þessu fjögurra ára kjörtímabili n., því er miður. Ég tel ólíklegt, að hv. 8. landsk. þm. hafi trú á því heldur, þótt hann teldi þetta til bóta til þess að segja eitthvað jákvætt um frv.

Ég skrifaði undir nál. um frv. þetta með fyrirvara. Sá fyrirvari var vegna þess, að mér virðist frv. lítilmótlegt og óburðugt mjög. Ég hafði átt von á myndarlegu frv. af hendi hæstv. menntmrh., sem er listunnandi maður, en svo kemur þessi óburður.

Á undanförnum árum og áratugum hefur úthlutun listamannalauna verið í miklu ófremdarástandi, eins og hv. frsm. n. talaði nokkuð um í gær. Allir virðast hafa verið óánægðir með ástandið í þessum efnum. Loks fól síðasta Alþ. ríkisstj. að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþ. löggjöf um úthlutun listamannalauna og hafa um það samráð við Bandalag ísl. listamanna. Ég legg áherzlu á það, að hæstv. ríkisstj. átti að undirbúa löggjöfina fyrir næsta reglulegt Alþ. Hvernig var við það staðið? Frv. þessu var fleygt inn á Alþ., þegar afgreiðsluös vegna væntanlegra þingslita var byrjuð, og við í seinni d. fáum það ekki til meðferðar, fyrr en í fullkomnum ótíma. Fyrsti og eini nefndarfundur í menntmn. var haldinn um það í fyrradag. Þetta eru vítaverð vinnubrögð af hendi hæstv. ríkisstj. Og niðurstaðan verður því sú, að enginn tími er til þess fyrir þm. að vinna að málinu, eins og þurft hefði og málið verðskuldaði, því að þetta er vissulega þýðingarmikið mál. Að byggja frv. upp með brtt. er ekki hægt, bæði vegna þess algera tímaleysis, sem þingið er komið í, og einnig vegna hins, — það vil ég taka fram — að uppistaða frv. er svo léleg, að hún tekur ekki á móti slíku ívafi, sem getur falizt í brtt. Það þyrfti að efna til nýrrar uppistöðu, setja upp vefinn allan að nýju, ef að gagni ætti að koma. Hvernig ætli hafi svo til tekizt með samráð það, sem Alþ. ætlaðist til, að haft yrði við Bandalag ísl. listamanna? Ég er því ekki kunnugur, en grunur er mér á, að það hafi ekki lánazt. Ræð ég það af raunalegum andvörpum af bandalagsins hálfu, sem heyrzt hafa í blöðum út af frv.

Seinlætið hjá hæstv. ríkisstj. í þessu máli, samhliða flaustursbandbragði, finnst mér furðulegt og óafsakanlegt af því líka, að málið er búið að vera svo lengi á döfinni, það er búið að vera á döfinni í mörg ár. Og n. þær, sem úthlutað hafa listamannalaunum, hafa beðið um löggjöf til að fara eftir. Frv. hafa líka áður komið fram um löggjöf í þessum efnum, bæði á vegum ríkisstj. og frá einstökum þm. Á síðasta þingi var tveim frv. vísað til ríkisstj. hér úr þessari hv. d., frv., sem ég flutti um listlaunasjóð, og frv., sem hv. 5. þm. Reykn. flutti um þessi efni. Ég fullyrði það, að í báðum þeim frv. var miklu ýtarlegar tekið á efninu en gert er í þessu frv., og í þeim er a. m. k. hægt að fá uppistöðu í betri vef en er í vefstólnum hér, settur upp af hæstv. ríkisstj.

Ég lít svo á, að það sé mjög misráðið, að Alþ. kjósi úthlutunarnefnd listlauna, eins og tíðkazt hefur og þetta frv. gerir enn ráð fyrir. Menn, sem stjórnmálaflokkar kjósa, verða jafnan kosnir eftir pólitískri afstöðu þeirra, og þeir líta á sig sem fulltrúa þeirra flokka, sem kjósa þá, þótt í listlaunanefnd sé kosið. Aðrir líta einnig á þá sem slíka, og margir ætlast beinlínis til þess, að þeir séu sér pólitískt hliðhollir. Engin trygging er fyrir því, að menn, sem stjórnmálaflokkar kjósa, séu að þekkingu, gáfum og smekk vel til þess hæfir að vera listdómendur, þó að þeir kunni að vera vel gerðir sem þm. Enn minni trygging er fyrir því, að 7 menn, sem 4 þingflokkar kjósa, hafi yfir að ráða forsvaranlegri þekkingu í öllum þeim listgreinum, sem þeir eiga að launa menn fyrir. Það er sannfæring mín, að þótt pólitík sé nauðsynleg og geti verið fullkomlega heiðarleg á sínu sviði, stjórnmálamenn geti verið fjölmenntaðir og fjölvitrir, eigi stjórnmálaflokkar ekki að velja listdómendur. Það er ekki á þeirra sviði. List og stjórnmál eiga ekki þannig suðu saman.

Í frv. mínu, því, sem ég áðan nefndi um listlaunasjóð, lagði ég megináherzlu á þetta, lagði áherzlu á, að menningarstofnanir þjóðfélagsins, svo sem háskólinn og menntamálaráð, tilnefndu menn í úthlutun listlauna í hverri listgrein og hlutaðeigandi samtök listamanna í listgreinum tilnefndu fulltrúa fyrir sig, sem þó hefðu þar sjálfir ekki eigin hagsmuna að gæta. Með því vildi ég tryggja, svo sem unnt

væri, að óviðkomandi öfl, eins og flokkapólitík, væru ekki í listdómarasæti, en þekking aftur á móti, og listgreinum væri ekki ruglað saman.

Skv. frv. því, sem hér er til umr., á Alþ. enn að kjósa listdómara. Í 2. gr. eru reglur um, hvernig listdómararnir skuli búa út kjörseðla og kjósa listamenn til launa. Allt er þar sem líkast því, sem gerist í pólitískri togstreitu. Í 3. gr. er að vísu svo ákveðið, að aðildarfélög Bandalags ísl. listamanna skuli eiga rétt til að tilnefna hvert um sig tvo fulltrúa til skrafs við n., sem Alþ. kýs, en ekki nema til skrafs. Gæti þá orðið haldinn rúmlega 20 manna fundur til umr. um úthlutun launanna. Mér er sem ég heyri kliðinn frá þeim fundi og sjái niðurstöður hans. Alger þagnarskylda á að vísu að vera um það, sem sagt er á þeim mannamótum. En þegar úthlutun er lokið, má þó hver segja frá því, sem hann sjálfur hefur sagt, en alls ekki, hvað aðrir hafa lagt til mála. Það þarf mikinn barnaskap til að halda, að hægt sé að skapa slíkan þagmælskuklúbb með löggjöf. Eða hverjum dettur það annars í alvöru í hug? En þetta eigum við nú að samþykkja og þetta á að vera ein af mikilsverðustu lausnum. Mig undrar ekki, þó að listamönnum finnist hálfpartinn, að hér sé verið að bjóða þeim upp á snuðferðir á fundi.

En hvað sem þessu líður, vil ég ekki bregða fæti fyrir frv. Ég afsaka þá afstöðu mína með því, að engu er hægt um að þoka vegna þess tímaleysis, þeirrar tímaleysissjálfheldu, sem málið er komið í vegna þess, hve illa hefur verið að því staðið hjá hæstv. ríkisstj. Úthlutun listamannalauna má ekki falla niður. Einhverja ráðstöfun verður Alþ. þetta að gera um það, að þau falli ekki niður að þessu sinni. Frv., þótt meingallað sé, sekkur auðvitað ekki landinu, og máske verður það til þess, vegna meingalla sinna, að reka verulega eftir Alþ. á næstu árum að koma sómasamlegri og menningarlegri skipan á þessi málefni, og þá er kannske hægt að segja, að framlagning þess hafi ekki verið til ónýtis, en varla er gildi þess annað.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., að ég lét ekki í ljós neina sérstaka hrifningu yfir þessu frv., sem ég þó mælti með, eins og hann einnig gerir. Hann vitnaði í það, að ég hefði þó sérstaklega látið í ljós í minni framsöguræðu, að ég teldi þau ákvæði frv. til bóta, sem gera ráð fyrir því, að úthlutunarn. sé kosin til lengri tíma en verið hefur. Þetta var vegna þess, að af þeim kunnugleika, sem ég hef af þessum málum, vissi ég, að úthlutunarn. hafa aldrei talið sér fært að skapa neinar reglur um úthlutun eða verulegan ramma, þar sem þær bjuggust ekki við að starfa nema árið. Ég álít, að sú úthlutunarn., sem tekur við þessum málum undir lagaákvæði þessu, geti þetta miklu frekar.

Hins vegar var það ekki rétt hjá hv. þm., að ég hefði lýst því yfir, að úthlutunarmálin hefðu ætíð verið í ófremdarástandi. Hinu lýsti ég nokkuð, að listamenn sjálfir og vissir menn, sem telja sig vera þeirra málsvara, hefðu ætíð verið óánægðir eða látið óánægju í ljós eftir hverja úthlutun, hverjir sem hana höfðu haft með höndum. Þar með er alls ekki sagt, að ég telji, að þar hafi verið ófremdarástand, að því er snertir úthlutunina frá hendi úthlutunarn., hvorki þeirra n., sem ég hef starfað í eða annarra. Það er langt frá því, né heldur þegar listamenn sjálfir úthlutuðu og munu hafa orðið óánægðari á eftir en nokkurn tíma í annað skipti. Ég var ekki heldur að segja, að það hefði verið ófremdarástand á þessum málum, þegar Alþ. sjálft úthlutaði, heldur var ég að segja hitt, að það er ákaflega örðugt að gera þessa svokölluðu listamenn ánægða. Og ég efast um, að þeir verði gerðir ánægðir, hverjir svo sem fara með þessi mál.

Hv. þm. vék að því, að það mundi ekki hafa verið höfð samvinna við Bandalag ísl. listamanna um flutning þessa frv. Honum hlýtur að hafa sézt yfir það, að í grg. frv. stendur, að það hafi verið höfð samvinna við bandalagið og því sent frv. til athugunar. Og bandalagið lýsti sig í aðalatriðum samþ. frv. Og til þeirrar n., sem hafði þetta mál með höndum, menntmn., kom ekkert erindi með ósk um breyt., hvorki frá bandalaginu né heldur einstökum deildum þess. Það kom aðeins eitt erindi, sem ég lýsti hér við framsögu í gær, þar sem látin var í ljós óánægja yfir því, að eitt félag, sem er utan bandalagsins, mundi ekki fá rétt til þess að senda þessa ráðuneytisfulltrúa á fund n., af því að þeir væru ekki í bandalaginu. En hin félögin eða þau, sem eru í bandalaginu, hafa ekki látið neitt frá sér fara til menntmn. Eitt félag hefur að vísu birt grg. í blöðum og ýmsar vangaveltur um þetta mál, en ekki þó tekið neina ákveðna afstöðu með frv. né heldur á móti því.

Það var dálítið rætt um þetta frv. í menntmn., og ég lét þar í ljós þá skoðun mína, að ég væri ekki ánægður með öll ákvæði frv. Hv. 1. þm. Norðurl. e. gerði það einnig og hv. 5. þm. Reykn., sem ekki er hér mættur, lét einnig í ljós, að hann væri óánægður með ýmis ákvæði frv. Það er því alveg satt, að það var engin sérstök hrifning yfir frv. í n., þó að allir nm. væru þó á eitt sáttir, að rétt mundi vera, að frv. næði fram að ganga, þar sem þetta mál, úthlutunin, mundi lenda í miklum handaskolum, ef frv. yrði ekki samþ. á þessu þingi.

Það er rétt að geta þess, að hér liggur fyrir brtt., sem ekki hefur enn verið mælt fyrir við þetta frv. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að a-liður þeirrar brtt. er á þá leið að ákveða aukið fjárframlag til þessara mála á árinu 1968, og breyt. í sambandi við úthlutun. Ég tel ekki tímabært að taka afstöðu til þessa atriðis nú, þar sem fyrir liggur í grg. frá hæstv. menntmrh., að ríkisstj. hafi ákveðið að skipa

n. til þess einmitt að athuga þessi atriði fyrir næsta þing og skila áliti. Þar af leiðandi tel ég ekki ástæðu til að samþ. þessa brtt., og um b-lið brtt. er einnig það að segja, að ég sé ekki ástæðu til að samþ. þann lið heldur, því að það er nú ekki ætlunin, að laun hækki á þessu ári og þar af leiðandi ekki tímabært að taka afstöðu til þess, hvort hækkanir verði á framlagi til listamanna eftirleiðis eða ekki. Treysti ég mér því ekki til að fylgja þessari brtt., hvorki a-lið né b-lið.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. hafa heyrt, ber okkur hv. 8. þm. landsk. ekki mikið á milli í þessu máli. Eins góður stjórnarstuðningsmaður og hann er, mundi hann hafa talað öðruvísi, ef hann hefði ekki talið þetta frv. vandræðagrip af hendi sinnar ágætu ríkisstj. Og ég verð nú að segja það, að eitt af því, sem mér þykir að undirbúningi hjá menntmrh., það er sjálfsagt ekki fjmrh., sem á neina sök í þessu máli, heldur mun sökin um slæman undirbúning vera hjá hæstv. menntmrh., er það, að mér þykir einmitt hafa vantað á hjá honum að hafa kvatt menn, sem hafa unnið að þessu máli í framkvæmd áður, til þess að vera með í því að semja þetta frv. Ég þóttist heyra það á öllum lotum, að hv. 8. landsk. hefði ekki komið nærri því að semja þetta frv., ekki verið til þess kvaddur, og þó hefur hann á undanförnum stjórnarárum þessarar hæstv. ríkisstj. setið fyrir hönd síns flokks í úthlutunarn. listamannalauna. Hann vildi mótmæla því, að hann hefði talið, að það hefði verið ófremdarástand á þessum málum þar að undanförnu, en sagan, sem hann sagði, fól nú í sér, að málin höfðu verið illa á vegi stödd. En til þess er vitanlega ekki ætlazt af honum, að hann kveði upp þann dóm í sínu nefndarstarfi, að það hafi verið slíkt ástand þá. Ég ætlast ekki til þess, en óbeint kom þetta fram í ræðu hans. M. a. sagði hann, að það hefði verið haft samstarf við Bandalag ísl. listamanna, enda væri sagt frá því í grg. frv. Ég taldi það nú ekki fyllstu sönnun fyrir því, að þetta samband hefði verið fullkomið, þó að það stæði í grg., og það, sem ég sagði áðan, var ekki rangt, því að ég sagði, að ég væri ekki kunnugur, hvort við þessu hefði verið orðið, en grunur væri mér á, að það hefði ekki lánazt þetta samband. Og ég sagðist ráða það af raunalegum andvörpum frá bandalagsins hálfu, sem heyrzt hefðu í blöðum, og ég vona, að einhver ykkar hafi orðið var við stunur, sem þar hafa komið fram, svo að þið vitið, að hér er farið rétt með af minni hálfu. Eitt af því, sem sýnir, hvað kastað hefur verið margvíslega höndum að þessu frv., er, að hér í 1. gr. segir, að n. skuli kosin af Sþ., 7 manna nefnd, en það er ekkert tilgreint, með hvaða hætti það skuli vera, hvort það skuli með hlutfallskosningu gert eða öðrum hætti. Slíkt mundi meiri hl. á þingi geta haft á valdi sínu í svona löggjöf. En reynt var að stoppa í þetta gat, að hnýta saman þráð þarna, með því að frsm. n. var falið, eins og hann gerði, að lýsa því yfir, að það væri meiningin, að hér yrði um hlutfallskosningu að ræða, því að ekki mátti breyta frv., svo mikið var tímahrakið, að ekki mátti laga það einu sinni í þessu efni, sem enginn ágreiningur gat verið um, og er þá reynt að hengja við það þessa yfirlýsingu. Ómynd er þetta í löggjöf.

Að því er snertir þá samvinnu, sem við listamenn átti að hafa, má geta þess, að eitt félag, Myndlistafélagið, sem hefur í sínum hópi um þriðjung myndlistarmanna landsins, á ekki, samkv. l., að hafa neinn rétt, og hefur því þó verið neitað um að ganga í Bandalag ísl. listamanna. Ekki gat það verið ætlun Alþ. og ekki eðlilegt, að löggjafinn bolaði því frá að mega hafa fulltrúa á skraffundinum, og úr þessu er ekki bætt með breyt. á l., því að tímahrakið leyfir það ekki, heldur er reynt að bæta úr því með yfirlýsingu, sem frsm. n. flutti. Og vonandi duga þær úrbætur, sem gefnar eru með þessum tveim yfirlýsingum, fyrir það, sem þau atriði snertir, en þetta er ekki að vinna, eins og vinna á að lagasetningu. Ég ætlaði nú ekki að gera þetta að umræðuefni, nema af því að hv. frsm. taldi, að samvinnan við listamennina mundi hafa verið í lagi, en hún hefur alls ekki verið í lagi, enda ekkert tillit tekið til þeirra, eins og ætti að vera í löggjöfinni og ætlazt hafði verið til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 461 teknar aftur til 3. umr.
3.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 296, 461).

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa frv. flutti ég 2 brtt. við frv., en þar sem ég hafði ekki tök á að vera á þingfundi, þegar 2. umr. fór fram, tók ég þessar till. aftur til 3. umr., en vil nú mæla nokkur orð fyrir þeim.

Eins og ég gat um við 1. umr. málsins, varð ég fyrir allmiklum vonbrigðum með það frv. til l. um listamannalaun, sem hæstv. ríkisstj. lagði fyrir Alþ. Ég hafði vænzt þess, að þegar að því kom loksins, að stjfrv. kæmi fram um þetta mál, yrði það að mörgu leyti fyllra og veigameira en þetta frv. reyndist að mínum dómi. Ég hafði alveg sérstaklega vænzt þess, þar sem mér er kunnugt um, að hæstv. menntmrh. hefur bæði fyrr og síðar haft áhuga á því að koma fram bættri skipan þessara mála.

Nú hefði það verið freistandi fyrir mig að flytja gagngerðar brtt. við þetta frv., nokkuð til samræmis við það frv. til l. um listamannalaun og listasjóð, sem ég hef flutt nú á 2 þingum og ekki hefur hlotið afgr. Með tilliti til þess, að samtök listamanna hafa, að því er virðist, kosið fremur að þetta stjfrv., eins og það er úr gerði gert, yrði samþ. en að una við óbreytt ástand, þ. e. a. s. enga ákveðna löggjöf um þessi úthlutunarmál, hef ég hætt við að flytja gagngerðar brtt. við frv. og eftir atvikum sætt mig við það, að það fái að reyna sig í framkvæmd. Þó vildi ég ekki láta hjá líða að taka upp tvö atriði, sem, einkum annað þeirra, ég tel með veigameiri atriðum úr frv. mínu, en það er ákvæði um það, að Alþ. leggi til á fjárl. hverju sinni tiltekna upphæð til sérstakrar úthlutunar til starfsstyrkja listamanna. En hugmyndin með slíkum starfsstyrkjum er fyrst og fremst sú, að listamenn, sem hafa sýnt, að nokkurs eða jafnvel mikils má af þeim vænta, ekki sízt ungir og álitlegir listamenn, eigi þess kost um nokkurt skeið að helga sig tilteknum verkefnum, meiri háttar verkefnum, og ættu þar með kost á því að sýna e. t. v. betur en ella hvað í þeim býr og hvers þeir eru megnugir, ef þeim gefst aðstaða til þess að sinna list sinni nokkru óskiptari en ella væri, ef þeir nytu ekki slíks styrks. Ég legg til í brtt. við þetta frv., að upp verði tekin ný gr. og þar ákveðið, að allt að 20 listamönnum verði veittir starfsstyrkir 2 eða 3 ár í senn og að þetta verði umtalsverðar upphæðir, sem verulega getur munað um, til þess að listamenn geti glímt við meiri háttar verkefni um tveggja eða þriggja ára skeið, án þess að um það sé að ræða, að þeir séu þar með komnir á föst listamannalaun á fjárl. Þetta væri þar með að vissu leyti nokkur hliðstæða við styrki Vísindasjóðs, sem vísinda- og fræðimenn njóta nú, ekki sízt ungir og efnilegir menn, sem eru að vinna að sérstökum vísindaverkum.

Hin brtt. mín við þetta frv. er ósköp einföld. Hún er um það, að tekið sé í l., að verði almenn hækkun á launum opinberra starfsmanna, þá skuli listamannalaunin, bæði heiðurslaun og hin almennu listamannalaun á fjárl., hækka í sama hlutfalli. Þetta tel ég mjög mikilvæga breyt. til þess að tryggja það, að þessi listamannalaun dragist ekki aftur úr með breyttu verðlagi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessar till., en vil leggja þær fram aftur nú við 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 461 felld með 10:6 atkv.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 583).

33. Almannavarnir.

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 9. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og fram kemur í aths. við lagafrv. þetta, fluttu nokkrir þm. þáltill. á síðasta þingi, l. flm. er hv. 3. þm. Austf., um endurskoðun laga um almannavarnir vegna hafíshættu o. fl. Þessi þáltill. kom fram svo að segja í þinglokin og hlaut þess vegna ekki venjulega afgreiðslu, en efni hennar var þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög um almannavarnir í því skyni að fella inn í þá löggjöf fyllri ákvæði, að því er varðar hættu af völdum náttúruafla, svo sem jarðskjálfta, eldgosa og hafíss, sem kynni að loka siglingaleiðum umhverfis land, einstökum höfnum eða svæðum. Enn fremur verði athugað að fella inn í lögin ákvæði um aðstoð til hjálparsveita, sem stofnaðar hafa verið eða kunna að verða stofnaðar, um þjálfun hjálparsveitanna og kaup á tækjum til þeirra. Áherzla sé lögð á, að endurskoðun þessari verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi".

Þannig hljóðaði þessi ályktun, og í umr. um málið lét ég þess getið, að mér fyndist eðlilegt, að þessi endurskoðun færi fram. Hefur svo verið unnið að því í dómsmrn. og þetta frv. flutt í framhaldi af því.

Breytingin, sem felst í þessu, er aðallega sú, að leggja meiri áherzlu á, að almannavarnir taki til ráðstafana og varna vegna náttúruhamfara, og kemur það strax fram í 1. gr. frv. Sem aths. með frv. fylgir álitsgerð skrifstofu almannavarna um þessa þáltill., sem ég gat um áðan, og þar er nánar gerð grein fyrir ástæðunum fyrir þeirri endurskoðun, sem felst í þessu frv.

Í 2. gr. eru ákvæði skýrari um þetta atriði, m. a. það, að forstöðumaður almannavarna hverju sinni skuli fylgjast með og stuðla að athugunum vegna hættu af ísalögum, eldgosum eða annarri vá, en skv. eldri lögunum var ekki gert ráð fyrir, að slík athugun eða íhlutun ætti sér stað, nema því aðeins að ráðh. gerði sérstakar ráðstafanir til þess.

Í niðurstöðum álitsgerðar almannavarna kemur fram í fjórum liðum viðhorf þeirra til málsins, þegar þeir voru beðnir um að framkvæma þessa athugun og endurskoðun, og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

1) Framkvæmd laga um almannavarnir hefur gengið mjög hægt, þannig að telja verður óeðlilegt og óæskilegt. Þetta stafar sennilega af því, að lögin taka til hernaðaráhrifa fyrst og fremst.

2) Viðbúnaður gegn hættum af völdum náttúruhamfara og hernaðar er í flestum tilfellum sama eðlis og krefst hliðstæðs undirbúnings. Þetta á við um margháttaðan undirbúning, búnað til björgunarstarfa, þjálfun, skipulagningu, fjarskipti og birgðasöfnun, svo að nokkuð sé nefnt.

3) Hætta af völdum eldgosa, jarðskjálfta og hafísa er mikil hér á landi. Viðbúnaður gegn meiri háttar áhrifum þessara afla er ekki fyrir hendi. Almennt mun hætta af þessum orsökum talin nálægari en þær hættur, sem af hernaðarátökum kunna að stafa.

Fyrir þessu er gerð nánari grein í álitsgerðinni, sem ég sé ekki ástæðu til að taka upp og þm. hafa haft aðstöðu til að kynna sér.

4) Slysa-, hjálpar- og björgunarsveitir, sem starfandi eru innan félagssamtaka áhugamanna, geta skapað kjarna almannavarnasveita og starfsemi þeirra mundi styrkjast almennt við aðstoð, sem almannavarnir geta látið í té, að því er varðar búnað og þjálfun.

Um þetta atriði snýst m. a. ein breyt., sem felst í þessu frv. En áður höfðu ýmsar hjálparsveitir, bæði skáta o. fl., snúið sér bæði til mín sem ráðh. þessara mála og forstöðumanns almannavarna um aðstoð, sem hins vegar var mjög erfitt að láta í té, miðað við lögin eins og þau voru. Ég hafði einnig á sínum tíma, eftir að hafís lagðist hér að í fyrra, beðið forstöðumann almannavarna að gera sérstaka könnun á möguleikum til birgðasöfnunar á þýðingarmiklum vörum, og þá fyrst og fremst eldsneyti og olíu, með hliðsjón af því, að slíkt kynni að endurtaka sig, að ís legðist eins og þá að landinu, og höfð yrði um það samvinna við olíufélögin, svo að nokkuð var þegar á þessum málum byrjað.

Þetta er aðalefni og ástæðan fyrir flutningi þessa frv., sem hér liggur fyrir, en eins og forstöðumaðurinn gerir grein fyrir í álitsgerð sinni, má segja, að eftir l. sé stofnun almannavarnanefnda forsenda þess, að ráðstafanir til almannavarna geti hafizt. Og það er í raun og veru það, sem á vantar enn, nema hér í Reykjavík. Ráðstafanir til almannavarna hafa, enn sem komið er, aðeins hafizt í Reykjavík, en almannavarnanefnd Reykjavíkur hóf störf í ársbyrjun 1964. Að þessu hefur verið vikið og nokkur gangskör að því gerð, en það þarf að vinna betur að því, að koma á fót almannavarnanefndum víðar en í Reykjavík, og er mér þá að sjálfsögðu efst í huga nágrenni Reykjavíkur, þar sem nú er orðin samfelld byggð svo að segja, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðahreppur og svo Keflavík.

Þó að hægt hafi gengið, eins og ég hef vikið að, framkvæmd almannavarnalöggjafarinnar, hefur verið varið til hennar nokkru fé á fjárl. á undanförnum árum, eins og hv. þm. er kunnugt um. Fyrst í stað var dr. Ágúst Valfells forstöðumaður almannavarna, en Jóhann Jakobsson verkfræðingur tók við starfi hans 1964, ef ég man rétt.

Í stórum dráttum má segja, að það, sem helzt hefur verið unnið að á undanförnum árum, er margs konar skýrslugerð, og nú á þessu ári hefur verið unnið að því að koma upp birgðastöð uppi í Mosfellssveit, sem kostar töluvert fé, en því miður hafa birgðir af hjúkrunargögnum og öðrum nauðsynjum, sem almannavarnanefnd Reykjavíkur á og ríkið hefur lagt fé til, verið nokkuð á við og dreif fram til þessa og erfiður aðgangur að því. Það hafa verið samdar reglur um skipulag almannavarna, um staðsetningu hernaðarmannvirkja, um frumáætlun um skýlakönnun á Íslandi, um vandamál Keflavíkur og nágrennis og einnig unnið að frumáætlun um aðvörunar- og fjarskiptakerfi og hegðun eftir árás. Einnig hefur verið unnið að því að útbúa leiðbeiningar til almennings, sem hægt væri að dreifa út með skjótum fyrirvara, ef hættu eða alvarlega hluti bæri að höndum.

Nokkrum sinnum hafa verið sendir menn á Almannavarnakennaraskólann í Danmörku, og reyndar annars staðar á Norðurlöndum, þar sem þessir aðilar hafa haft aðstöðu til að kynna sér almannavarnir og starfsemi þeirra hjá þessum nágrannaþjóðum okkar, og einnig hefur verið efnt til námskeiða hér á landi, síðast á Akureyri, til þess að veita nokkrar upplýsingar og þjálfun mönnum, sem hægt yrði að grípa til, þegar á þyrfti að halda.

Skv. því yfirliti, sem ég hef hér, er mismunurinn á fjárveitingum á árunum 1962—66 og kostnaði 4.5 millj. kr. Það er þá það fé, sem ekki hefur verið notað af því, sem veitt hefur verið til almannavarna fram til þessa. En nokkrum hluta þessa fjár er þegar ráðstafað til ýmissa þátta, sem nú eru í gangi, þ. á m. er þetta, sem ég vil gera grein fyrir. Það er kostnaður á skrifstofunni, sem er áætlaður 500 þús. kr. Það er birgðastöðin, eftirstöðvar á framlagi til birgðastöðvarinnar í Mosfellssveit 750 þús., búnaður, tjöld o. fl. 250 þús., fræðslubæklingur 100 þús. og námskeið á Ísafirði, sem er nýlokið, 100 þús. kr. Í athugun eru nú þessar framkvæmdir: Fjarskipta- og aðvörunarkerfið, stjórnstöð og búnaður hennar, öflun sjúkragagna, ca. 200 rúm, fullkominn búnaður, annaðhvort samstæður eða í minni einingum.

Ég vildi gera þessa smávægilegu grein fyrir því, sem unnið hefur verið að, jafnframt því sem ég hef áður gert grein fyrir aðalefni þessa frv. og ástæðunum fyrir því, að það er flutt.

Ég vildi svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Alfreð Gíslason: Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frv. að sinni.

Það er öllum kunnugt, að lög um almannavarnir voru á sínum tíma sett af hæstv. ríkisstjórn sem eins konar plástur á slæma samvizku. Hæstv. ríkisstj. getur sætt sig við herstöðvar og ýmiss konar önnur hervirki í landinu. Hæstv. ríkisstj. getur sætt sig við, að hér í þessu landi hreiðri um sig erlend þjóð, ein-

hver herskáasta þjóð nútímans, með her. Vitað er, að meginhættan, sem að okkur Íslendingum steðjar, ef til ófriðar kæmi, er frá erlendu herstöðvunum í landinu. Þess vegna er það ekki út í hött, þegar á það er bent, að beztu almannavarnirnar hér á landi séu að leggja herstöðvarnar niður og láta hinn erlenda her fara. En hæstv. ríkisstj. fæst ekki til að hlusta á þessa góðu ráðleggingu, og svo kemur hún því til leiðar, að sett eru lög um almannavarnir. Á þau lög ber að líta, eins og ég segi, sem eins konar plástur á slæma samvizku hæstv. ríkisstj. Gallinn er sá, eins og fram kemur í grg. með frv., að almenningur hefur engan áhuga á þessu tiltæki hæstv. ríkisstj., og ég get ekki láð honum það. Það er erfitt, og hefur reynzt erfitt á þessum 4 árum síðan gildandi lög voru sett, að fá almenning til að anza því, sem þar er lögboðið. Og það er ekki nóg með það, að almenningur sé andvígur því að leggja út í þann kostnað og þá fyrirhöfn, sem framkvæmd þessara laga mundi hafa í för með sér, heldur eru allflest sveitarfélög landsins því brambolti andvíg líka. Það er aðeins hæstv. ríkisstj., sem virðist hafa virkilegan áhuga á lögunum eða ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. hafi áhuga á þeim. Það má vera, að hæstv. ríkisstj. hafi fyrst og fremst áhuga á setningu laganna og gefi minna fyrir framkvæmdina. Það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. geti sætt sig við það, að þessi miklu lög séu sett, en að þau séu og verði pappírslög, eins og þau hafa verið síðustu 4 árin, frá því að þau voru sett. Þetta má vel vera. En annars hefði ég haldið, að ekki væri ólíklegt, að hæstv. ríkisstj. hefði áhuga á framkvæmd laganna. Það er eitt, sem getur skorið úr um það með öðru, hvort hæstv. ríkisstj. hafi nokkurn áhuga á, að lögin séu framkvæmd, og nú langar mig til að bera upp fsp., sem snertir þetta atriði. Í mörgum greinum laganna um almannavarnir er gert ráð fyrir því, að ráðh. setji nánari reglur um ákvæði viðkomandi greina. Það er gert ráð fyrir því, að ráðh. setji reglugerðir um eitt og annað, sem tiltekið er í lögunum. Nú vil ég spyrja:

1) Hefur hæstv. dómsmrh. sett þessar reglur? Það eru 4 ár síðan lögin öðluðust gildi. Eru þessar reglugerðir til? Ég spyr, ég veit ekki, hvert svarið er. Það getur vel verið, að þetta hafi verið gert, og þá upplýsist það. Hefur dómsmrh. t. d. sett reglur um starfsskyldur manna í þágu almannavarna og um hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar skv. 14. gr. laganna? Um þetta vildi ég spyrja í fyrsta lagi.

2) Hefur ráðh. gefið út reglugerð með nánari ákvæðum um einkavarnir, svo sem lagt er fyrir í 19. gr. laganna?

3) Ég vildi mega spyrja: Hve mörgum atvinnufyrirtækjum hafa borizt fyrirmæli frá almannavarnanefndum um öryggisráðstafanir á vinnustað í því skyni að draga úr afleiðingum tjóns vegna hernaðaraðgerða, sbr. 15. gr.?

4) Hvað hafa almannavarnanefndir ákveðið um skyldur húseigenda til að hafa í húsi sínu nauðsynleg björgunar- og eldvarnatæki?

5) Hefur ráðh. sett reglur um áætlun á framkvæmd brottflutnings manna af hættusvæðum, sbr. 20. gr.? Um allt þetta á að setja reglur, og flestar þær reglur á hæstv. dómsmrh. að setja eða hafa sett. Loks er það tiltekið í 26. gr., að dómsmrh. skuli setja reglugerðir skv. lögum þessum. Hafa þær reglugerðir verið settar? Hve mikið af þessu hefur þegar verið framkvæmt af hæstv. ráðh. og öðrum, og hve mikið er enn ógert? En eitt er víst, að til framkvæmda hefur ekkert af þessum atriðum, sem ég nefndi hér, komið. Húseigendum hafa t. d. ekki borizt neinar tilkynningar um ráðstafanir í húsum sínum. En þetta veit hæstv. ráðh. betur en ég, og það er heldur ekki svo, að ég sé að áfellast neitt, á meðan ég veit ekki, hvert svarið verður.

Þær breyt., sem um er að ræða hér í þessu frv. frá gildandi lögum, eru góðar að mínum dómi, en það er þó vert að athuga málið nánar í sambandi við þær. Það er sérstaklega þetta. Hér á landi er mjög öflugt slysavarnafélag, Slysavarnafélag Íslands, sem hefur deildir um allt land. Við höfum enn fremur Rauða kross Íslands með sínum deildum um allt land. Starfsemi þessara samtaka beggja er öflug og lífræn, enda skilin og studd af almenningi í stórum stíl með frjálsu framlagi fyrir utan lítils háttar styrk frá ríkinu. Nú er til þess ætlazt skv. lögunum, að almannavarnir gangi inn á svið þessara samtaka að verulegu leyti. Ég vil sérstaklega benda á, að það er eitt af hlutverkum Rauða kross Íslands hér á landi og um allan heim að vera við því búinn að veita hjálp, ef náttúruhamfarir valda tjóni. M. ö. o., skv. þessum lögum eiga almannavarnir að ganga inn á verksvið tveggja stórra og öflugra samtaka, sem fyrir eru í landinu. Hvað segja þessi samtök við þessu? Hefur verið haft samráð við stjórnir þeirra, þegar þetta frv. var samið eða hugsað? Ég vil ekki tjá mig samþykkan þeim breyt., sem felast í þessu frv., fyrr en ég veit svar við þessu. Auk þess verður að athuga það mjög vandlega, hvort rétt er á þessu stigi málsins, að ríkið með sínum almannavörnum fari að ganga mjög inn á svið þeirra stóru félagssamtaka, sem ég nefndi áðan. Hvort um einhvers konar samvinnu geti verið að ræða, veit ég ekki, en hefur það mál verið kannað við viðkomandi félög? Þetta finnst mér ástæða til að benda á þegar í upphafi málsmeðferðar hér á Alþ. Er meiningin að hafa þessa slysahjálp í þrennu lagi? 1) Almannavarnir ríkisins, 2) Rauða kross Íslands, 3) Slysavarnafélag Íslands? Fyrir svo utan það, að það eru enn fleiri félagasamtök, sem vinna að svipuðum málum. Hjálparsveitir skáta eru vel skipulagður hópur, sem vinnur í svipuðum anda og hér er um rætt. Flugbjörgunarsveitir, sem eru til víðs vegar um land, eru einnig þjálfaðar til þess starfs, sem hér gæti verið um að ræða. Það má segja, að með þessu frv. sé verið að bæta nýjum aðila við. Að vísu, eins

og fram kemur í aths. við frv. og hv. ráðh. tók fram, er ætlazt til einhvers konar samvinnu við þessa aðila, en hvernig er sú samvinna hugsuð? Og hver er afstaða félaganna til þeirrar samvinnu? Væri kannske rétt að leggja niður Slysavarnafélag Íslands og leggja allt undir almannavarnir og víkka hlutverk almannavarna enn meir, eða væri rétt að leggja niður Rauða kross Íslands og láta almannavarnir taka við þeirri starfsemi allri? Með því móti tel ég ekki útilokað, að gera mætti almannavarnir sæmilega vinsælar í landinu. Ég held, að þetta, sem hér er um að ræða nú, sé eingöngu komið til af því, að almannavarnir í sinni núverandi mynd eiga engan hljómgrunn hjá þjóðinni. Þetta kemur raunar mjög skýrt fram í fskj., álitsgerð skrifstofu almannavarna, þar er kvartað yfir áhugaleysi almennings. Orsakir eru taldar ekki hvað sízt vera efi um nauðsyn framkvæmda. Þetta held ég, að sé nú ekki rétt. Ég held, að það sé miklu frekar efi um gagnsemi framkvæmda, sem er orsök til áhugaleysisins. Ég held, að almenningur hafi opin augu fyrir því, að þetta, sem hér er um að ræða, er kák, og það eina, sem gera bæri, væri að leggja herstöðvar niður í landinu. Það yrðu beztu almannavarnir, sem hægt væri að gera, og það mundi almenningur skilja.

Ég held ekki, að ég þurfi að hafa um þetta fleiri orð á þessu stigi málsins, en ef til vill gefst tilefni til að ræða þetta nánar síðar.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Ed., 7. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil byrja á því að biðja herra forseta og hv. 9. þm. Reykv. afsökunar á því, að ég þurfti að hverfa frá umr., þegar þetta mál var hér síðast á dagskrá, og áður en hv. 9. þm. Reykv. hafði lokið máli sínu, en ég heyrði þó meginefni ræðu hans og hef einnig kynnt mér það, sem hann síðar sagði. Í ræðu hans fólust nokkrar fsp. í minn garð í sambandi við þetta mál, og ég ætla að leitast við að svara þeim nokkuð, ásamt því að víkja dálítið almennt að málinu í heild.

Hv. þm. sagði, að það væri alkunnugt, að lög um almannavarnir hefðu á sínum tíma verið sett af hæstv. ríkisstj. sem eins konar plástur á slæma samvizku. Hann sagði enn fremur, að vitað væri, að meginhættan, sem að okkur Íslendingum steðjaði, ef til ófriðar kæmi, væri frá erlendu herstöðvunum á landinu, og beztu almannavarnirnar hér á landi væru því að leggja herstöðvarnar niður og láta hinn erlenda her fara. Ég ætla nú ekkert að ræða þessi atriði, reynslan staðfestir allt annað en það, að við værum öruggir fyrir átökum í hernaði, ef ekki væru varnir hér, og heilbrigð skynsemi segir okkur allt annað. Ég ætla að láta það nægja um þessa staðhæfingu. En ég vil leiðrétta þann mikla misskilning, sem kemur fram hjá hv. þm. í því, vegna hvers lög um almannavarnir hafi verið sett á sínum tíma. Ég var nokkuð viðriðinn það mál af sérstökum ástæðum, fór þá með dómsmrh.-embættið um þriggja mánaða skeið, árið 1961, í veikindaforföllum þáv. forsrh., Ólafs Thors, og vann að því að undirbúa þetta frv., og var síðan eftir áramótin, þegar ég hafði látið af dómsmrh.-embættinu, falið það af þáv. dómsmálaráðherra, Bjarna Benediktssyni, að undirbúa frv. á grundvelli þess undirbúnings málsins, sem ég hafði beitt mér fyrir áður um haustið. En það kemur allgreinilega fram í aths. um það lagafrv. á sínum tíma, hverjar voru orsakir þess, að þetta mál væri undirbúið, frv. flutt og lögin sett. Þar var m. a. á það bent, að fyrstu ákvæði í íslenzkum lögum um loftvarnaráðstafanir (þá var takmarkað við loftvarnaráðstafanir), væri að finna í brbl. um loftvarnaráðstafanir frá 2. ágúst 1940. Það er ekki fyrr en ófriðurinn er skollinn yfir, sem við förum að gera bráðabirgðaráðstafanir og gefa út brbl. til varnar almenningi í landinu vegna hættu, sem af ófriðnum kynni að stafa. Síðan fékk Alþ. þessi brbl. til meðferðar, og þau voru svo gefin út sem lög um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna, því að þau voru gerð viðtækari í meðferð þingsins, gegn hættum af hernaðaraðgerðum. Það eru l. nr. 52, 27. júní 1941. Allshn. Nd. beitti sér fyrir þessum breyt. á brbl., þar sem segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Miðast brtt. n., sem hér fara á eftir, fyrst og fremst við það, að ekki sé einhlítt að einskorða varnir við ráðstafanir gegn loftárásum, þó að þær hljóti að vísu að vera aðalatriðið, heldur verði að hafa í huga hernaðaraðgerðir yfirleitt, hvers eðlis sem eru. Í annan stað þykir n. ekki verða komizt hjá að gera ráð fyrir þeim hörmungum, að fólk neyðist til að flýja heimili sín undan hernaði, ef til vill mjög skyndilega og hópum saman úr þéttbýlinu. Ef slíkt kemur fyrir, er auðsætt, að róttækra aðgerða getur orðið þörf þvílíku flóttafólki til flutnings.“

Það var alger samstaða um afgreiðslu málsins í þinginu þá og það var samþ. í báðum d. með shlj. atkv.

Það næsta, sem gerist svo í þessu máli, er 1951, en þá er með l. nr. 103 gerð breyt. á l. frá 1941, og það er enn sem fyrr, að sú breyt. er staðfesting á brbl., sem höfðu verið gefin út 24. maí 1951. En um ástæðuna til útgáfu þeirra sagði, með leyfi hæstv. forseta, að síðustu mánuðina hafi verið starfað að athugunum um það, hvað gera skyldi, ef til loftárása eða annarra hernaðaraðgerða kynni að koma hér á landi. Og segir síðan, að sú athugun hafi leitt í ljós, að hentugra væri og eðlilegra að hafa skipun loftvarnanefndar með nokkuð öðrum hætti en eldri lög ákvörðuðu, og var það eitt efni þessara brbl. Og enn varð enginn ágreiningur um málið á þinginu og það samþ. í báðum d. með shlj. atkv.

Þá var svo skipuð í júní-mánuði 1951 loft-

varnanefnd Reykjavíkur, sem tók þá þegar til starfa, en frá stríðslokum hafði öll þessi starfsemi legið niðri hjá okkur Íslendingum, þegar henni hins vegar var haldið áfram, eftir því sem ég bezt veit, í öllum nágrannalöndum okkar og sérstaklega Norðurlöndum, sem hafa lagt mjög mikla áherzlu á að halda áfram viðbúnaði í þessum málum, þó að beinum hernaðarátökum í álfunni hafi létt.

Það þarf svo ekki mörgum orðum um það að fara, að spennan hefur farið vaxandi og minnkandi, svona eftir atvikum, í heimsmálunum síðan, og stundum hafa menn staðið á öndinni yfir því, að ný átök byrjuðu. Í Kúbudeilunni á sínum tíma, þegar var verið að setja upp eldflaugastöðvar á Kúbu, held ég, að það sé ekki um það deilt, að öllum hafi verið ljóst, að allur loftfloti Bandaríkjanna hafi þá í einu verið á lofti, allur flotinn hafi verið viðbúinn, og kafbátaflotinn einnig, þegar síðustu orðsendingarnar fóru milli Kennedy forseta og Krúsjeffs, sem stöðvuðu það, sem menn héldu þá að væri byrjun á nýrri heimsstyrjöld. Og sennilega hefur þá hurð skollið nærri hælum, að slík átök byrjuðu aftur í stórum stíl, þó að það sé erfitt fyrir okkur Íslendinga að dæma um slíkt. Það er auðvitað á fleiri sviðum, sem ekki hefur byrlega blásið, og hættan getur verið mikil, að slík átök breiðist út. Út í þá sálma skal ég ekki heldur fara, en það er augljóst mál, finnst mér, að reynslan hefur kennt okkur, að við eigum að hafa hér viðbúnað, áður en hættan skellur yfir, og gera einhverjar þær minnstu ráðstafanir, sem krafizt verður af ábyrgum stjórnvöldum á hverjum tíma, til að firra almenning vá og vandræðum. Það var sem sagt haustið 1961, sem umr. hófust, eins og ég sagði áðan, innan ríkisstj. um það, að óverjandi væri að gera ekki gangskör að því að hefja hér rannsóknir og undirbúning almannavarna í víðtækari mæli en áður hafði verið. Þá höfðu verið sprengdar 30 vetnissprengjur á liðlega mánaðartíma við Novaja Semlja, og þ. á m. hinar stærstu sprengjur, 50, 70 og upp í 100 tonna sprengjur. Bæði Sovétríkin og Bandaríkin sprengdu þá mikið af þessum hættulegu vetnissprengjum. Út í þá sálma skal ég ekki fara, en af þeim var augljóst, að stafað gæti gífurlega mikil hætta af geislavirku ryki, sem frá slíkum sprengingum mundi dreifast, og enda þótt við hefðum engan her hér á landi og værum einir og það byrjuðu einhver hernaðarátök, sem væru á þessu sviði, er auðvitað alveg jafnmikil ástæða til þess að hafa viðbúnað hér gegn þeirri hættu, sem af geislavirku ryki gæti stafað, sem getur breiðzt um allan heiminn, þó að átökin séu hvergi nálægt okkur Íslendingum. Hitt er svo annað mál, að Íslendingum er auðvitað mjög framandi allt það, sem að hernaði lýtur og afleiðingum hernaðar, og þess vegna er það ekki nýtt, að maður heyri þessar spurningar: Hvaða ástæða er til þess að hafa almannavarnir? En almannavarnir eru einfaldlega sérhverjar þær ráðstafanir, sem að því lúta að forða frá mann- og eignatjóni, sem af hernaði eða árás kynni að leiða, eða bæta tjón af sömu sökum, líkna og hjúkra þeim, sem eiga um sárt að binda. Almannavarnir stefna m. ö. o. að því að bjarga mannslífum.

Að tilhlutun ríkisstj. 1961 fóru þeir utan til Norðurlanda til að kynna sér almannavarnir þar, Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri í Reykjavík og dr. Jón Sigurðsson borgarlæknir, og hingað komu svo til landsins fyrir beiðni ríkisstj. Holtermann, hershöfðingi, sem er yfirmaður almannavarna (Sivilforsvar) í Noregi, og Toftemark, yfirlæknir hjá heilbrigðisstjórninni dönsku. Hann veitir forstöðu þeim þætti almannavarna í Danmörku, er fellur þar undir. Og þessir menn veittu ríkisstj. og sérfræðingum hennar aðstoð við undirbúning frv. um almannavarnir, sem síðar um veturinn var lagt fyrir þingið. Það er svo augljóst mál, og reynsla annarra hafði sýnt okkur það, að það má alltaf búast við því, að margvíslegar þær ráðstafanir, sem gerðar eru á sviði almannavarna vegna yfirvofandi hernaðarhættu, geti komið í góðar þarfir til þess að verjast annarri vá, sérstaklega öllum náttúruhamförum, sem við Íslendingar þekkjum helzt í mynd eldgosa og hafísa, aðrar þjóðir í mynd fellibylja o. s. frv., sem ekki þarf að rekja. Og það, sem gert yrði á sviði almannavarna almennt, mundi þess vegna geta verið okkur mikil öryggisráðstöfun á viðtækara sviði en þegar aðeins er um hernað að ræða, og það kemur einmitt fram í því frv. til l. um breyt. á almannavörnum, sem nú liggur fyrir og er flutt eftir framkomnar ábendingar þar um frá sumum hv. þm. á síðasta þingi.

Um þessi mál almennt eru nokkur atriði, sem við verðum að gera okkur ljós, s. s. það að þróun hernaðartækninnar hefur leitt til þess, að bein hernaðaráhrif hafa náð langt út fyrir víglínu óvinaherjanna, og þetta er eitt af því, sem hefur orðið til þess, að t. d. nágrannar okkar Svíar, Norðmenn og Danir hafa lagt miklu meiri áherzlu á almannavarnir en áður. Ég hef nokkrar tölur til fróðleiks í þessu sambandi um mannfall í styrjöldum seinni ára, sem ég vil leyfa mér að gera hv. þd. grein fyrir. Í fyrri heimsstyrjöldinni er talið, að fallið hafi alls 9.8 millj. manna, þar af hermenn 95%, en almennir borgarar 5%. Í Spánarstyrjöldinni, borgarastyrjöldinni, féllu 650 þús. manns. Þar af var talið, að hermenn væru 57%, en borgarar 43%. Í síðari heimsstyrjöldinni eru 52 millj. manna taldir fallnir, þar af hermenn 52%, en almennir borgarar 48%. Og þetta er náttúrlega sá mikli munur frá fyrri heimsstyrjöldinni, þar sem tala hermanna nær 95% og almennra borgara 5%. En í síðari heimsstyrjöldinni tala fallinna hermanna 52% og 48% almennra borgara. Í Kóreustríðinu voru hlutföllin þau, að hermannatalan var talin 16%, en almennir borgarar 84%. Og þær styrjaldir sem hér um ræðir, eru þó háðar án þess, að til kæmu áhrif kjarnorkuvopna að nokkru ráði. En ef til slíkra óskapa kæmi, skapar það auðvitað voða hundruðum km frá skotmark-

inu, eins og menn gera sér, held ég, fulla grein fyrir. Við verðum þess vegna að líta á almannavarnir í dag sem almenna félagslega öryggisráðstöfun, og við sjáum, að uppbygging og styrkleiki almannavarna er mestur meðal þeirra þjóða, sem fremst standa um félagslega löggjöf og starfsemi, eins og t. d. Norðurlöndin eru skýrast dæmi um. Ég held þess vegna, að það verði jafnan talinn gífurlega mikill ábyrgðarhluti, ef stjórnvöld landa, og Íslands þá líka, láta algerlega undir höfuð leggjast að hafa hér nokkurn viðbúnað. Þó að löggjöf um almannavarnir og ráðstafanir á grundvelli þeirrar löggjafar mundu ekki verða nema nokkrum mannslífum til bjargar á komandi árum, mundu menn ekki sjá eftir því, að slík löggjöf hefði verið sett og unnið á grundvelli hennar. Þá mundi ekki heldur hv. 9. þm. Reykv. viðhafa orð eins og þau, að slík löggjöf hefði verið sett sem einhver plástur á vonda samvizku. Þetta er alvarleg spurning fyrir stjórnvöld hvers lands, eins og ég sagði, og fyrir hv. alþm. Er einhver þeirra, sem vill taka ábyrgð á því, að ekkert sé gert í þessum málum?

Hv. þm. varpaði fram ýmsum spurningum um það, hvað gert hefði verið á grundvelli löggjafarinnar, og það verður að viðurkennast, að það hefur gengið hægt með framkvæmd laganna, eins og ég gerði grein fyrir í minni fyrstu ræðu, og ég ætla ekki að afsaka mig neitt í þeim efnum. Það má vel vera, að ég hefði átt að ganga rösklegar fram í því, að hraðað yrði framkvæmd ýmissa atriða, sem fjallað er um í þessari löggjöf, og því vék hv. þm. að, hvort ég hefði sett hin og þessi reglugerðarákvæði, en þau eru flest þess eðlis, að það er einmitt á grundvelli þegar fenginnar samstöðu við sveitarstjórnir, sem fyrst er hægt að setja ýmis af þessum ákvæðum. En því miður er það svo, að það er bara hér í Reykjavík, sem stofnuð hefur verið almannavarnanefnd, sem er eðlilega frumskilyrði þess, að nokkuð geti gengið í þessum efnum, svo að um muni, til viðbúnaðar og framkvæmda. Mér er það mesta áhyggjuefni, eins og ég lét getið hér við 1. umr., að sveitarstjórnirnar hér í okkar næsta nágrenni, í hinu mikla þéttbýli Kópavogs, Garðahrepps, Hafnarfjarðar og Keflavíkur, skuli ekki hafa talið neina ástæðu til þess að setja á laggirnar almannavarnanefndir hjá sér til samráðs við ráðuneytið og stjórn almannavarna lögum samkvæmt.

Þetta var svona almennt um þessa fyrstu spurningu.

Varðandi aðra spurningu, hvort gefnar hafi verið út eða í ráði sé að gefa út reglugerð um nánari ákvæði um einkavarnir, sem fyrirmæli eru um, gegnir nokkuð sama máli. Í lögunum er kveðið svo á, að einkavarnirnar séu framkvæmdar undir eftirliti almannavarnanefnda, og á meðan slíkar nefndir hafa ekki hafið starf, skortir eðlilega grundvöll fyrir reglugerð um þetta atriði, a. m. k. af hálfu ráðh.

Spurningum 3 og 4, sem voru um það, hvað mörgum atvinnufyrirtækjum hafi borizt fyrirmæli frá almannavarnanefnd um öryggisráðstafanir, og hvað er ákveðið af almannavarnanefnd um skyldur húseigenda til að hafa í húsi sínu nauðsynleg björgunartæki o. s. frv., er að nokkru leyti svarað með því, sem sagt hefur verið í sambandi við spurningu 1 og 2, og ber hér enn að sama brunni um framkvæmd laganna og þátt almannavarnan. í því samstarfi, en þó er á það að líta, að þegar hefur farið fram töluvert mikil athugun á skýlingarhæfni húsa í Reykjavík, þeim eina stað, þar sem almannavarnan. er starfandi, og það er einmitt nokkur undanfari að því, hvaða ráðstafanir sé rétt að gera í húsum manna, ef hættu ber að höndum af hernaðarástæðum og einkum þó af geislavirkum efnum. Og í framhaldi af þessu, og nokkuð tengd þessu, er spurningin um, hvort eitthvað hafi verið gert í sambandi við brottflutning manna af hættusvæðum, en þar gegnir nokkuð öðru máli að því leyti, að skipulagning brottflutnings fellur undir skrifstofu almannavarna. Skipulag brottflutnings er eitt af þeim málum, sem skrifstofan hefur nú til athugunar og hefur reyndar haft áður til athugunar, og í árslok 1964 var gerð stutt yfirlitsathugun þar að lútandi, en þá lá ekki fyrir vitneskja um ýmsa þætti, sem sköpuðu vissan grundvöll fyrir slíka áætlun. Það er m. a. skýlingarhæfni húsanna, sem segir mjög mikið til um það og skýlingarrými í Reykjavík, hvað gera þarf ráð fyrir, að þurfi að flytja margt fólk í burtu með þeim hætti, að það verði þá til öruggari staða en þar, sem það þegar er. En eins og ég sagði áðan, er nú í smíðum áætlun um brottflutning, ef hættu bæri að höndum.

Hv. þm. vék að starfsemi áhugamannafélaga og sveita, sem unnið hafa og vinna mikið starf og gott. Starfsemi almannavarna miðast við það eitt að hafa tiltækan viðbúnað til að mæta stærri hættum og meiri ógnvaldi en því sem vænta má yfirleitt í daglegu lífi, og slíkur búnaður gæti um leið, eins og ég sagði áðan, bætt starfsaðstöðu félaga áhugamanna til að takast á við erfiðari og stærri verkefni en þeir almennt búast við. Við getum tæplega vænzt þess, að áhugamannasamtökin geti tekið á sínar herðar allt það starf og viðbúnað, sem félagslegt öryggi okkar krefst að haft sé til reiðu og við getum að mínum dómi og eigum að hafa til reiðu í þjóðfélaginu. Í grg. skrifstofu almannavarna, sem fylgir frv., var fjallað um þetta mál, og ég held þess vegna, að það ætti ekki að valda neinum misskilningi, eða að það geti orðið neinir árekstrar á milli áhugamannasveitanna og almannavarna, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Slysa-, hjálpar- og björgunarsveitir, sem starfandi eru innan félagasamtaka áhugamanna, geta skapað kjarna almannavarnasveita, og starfsemi þeirra myndi styrkjast almennt við aðstoð, sem almannavarnir geta látið í té, að því er varðar búnað og þjálfun.“ Það er, held ég, misskilningur að halda því fram, að lög um almannavarnir og framkvæmd þeirra skerði á nokkurn hátt

starfsemi áhugamannasamtakanna, þvert á móti sýnist mér augljóst, að lögin styrkja aðstöðu þeirra til starfa og geta, með milligöngu almannavarnanefnda, tryggt samræmingu í starfsemi þeirra, bætt búnað þeirra og aukið þjálfun, og það hefur beinlínis verið leitað eftir slíku af hálfu þessara samtaka og taldir vankantar á að veita þá aðstoð, sem almannavarnir gjarnan hefðu viljað veita, vegna þess hvernig lögin hafa verið. Gagnkvæmur skilningur milli skrifstofu almannavarna annars vegar og Rauða kross Íslands, sem sérstaklega var vikið að, og Slysavarnafélags Íslands, sem einnig var vikið að, mun örugglega vera fyrir hendi. Það lýsir sér m. a. í þátttöku Slysavarnafélagsins í námskeiði á danska almannavarnaskólanum fyrir milligöngu skrifstofu almannavarna, og að því er varðar Rauða kross Íslands í samvinnu um fast kerfi til notkunar við kennslu í slysahjálp. Ræðumaður ræddi kennslu í slysahjálp sérstaklega, og það er ekki nema gott um það að segja. Kennsla þessi hefur um langa hríð hvílt að mestu á einum manni, sem hefur á því sviði unnið merkilegt brautryðjandastarf. Þar á ég við Jón Oddgeir Jónsson, en hér þurfa fleiri til að koma. Skrifstofa almannavarna hefur í samræmi við þau ákvæði 4. gr. l. um almannavarnir, að forstöðumaður annist kennslu yfirmanna og leiðbeinenda, tekið þjálfun manna til að kenna slysahjálp inn á skrá um þau námskeið, sem skrifstofan hefur staðið fyrir og ég hef áður minnzt á. Þannig munu, held ég, fljótlega fást allmargir menn, sem munu geta veitt leiðsögn og kennt slysahjálp, og þeir menn verða að sjálfsögðu ekki bundnir við að sinna slíkri kennslu aðeins fyrir skrifstofu almannavarna, heldur væntanlega miklu fremur fyrir félög áhugamanna, enda eru þessir menn flestir tengdir slíkum áhugamannasamtökum. Almannavarnakerfið mun og þarf að þróast þannig, að efling þess byggist á eflingu áhugamannasamtaka þeirra, sem fyrir eru, alls ekki með því, og það hefur aldrei fyrir mér eða öðrum vakað í þessu sambandi, að sundra fylkingu þeirra, heldur á þann hátt, að gagnkvæmur skilningur ríki, sem leiði að því marki að koma í veg fyrir slys, hafa þjálfun og viðbúnað gegn vá og hafa hreinan skjöld gegn vandanum mesta, tortímingarkrafti atómhernaðar.

Mér er alveg ljóst, að það, sem kemur fram í grg. frv., að Íslendingum sé fjarstætt, að það sé nokkur hætta á hernaði eða hætta af völdum hernaðar, er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt. Við, sem ólumst upp á milli stríðsáranna, héldum, að það mundi aldrei verða stríð aftur, og þeirrar skoðunar voru miklu fleiri en við. Jafnvel Bretar voru svo óviðbúnir styrjöld, að þegar ég kom til Bretlands í septembermánuði 1938, þegar stóð yfir Súdetadeilan svokallaða, sem ég veit, að hv. þm. muna eftir, sá maður, að þeir voru að hlaupa um göturnar í London með einhverjar gamlar gasgrímur, sem var verið að afhenda á hinum og þessum stöðum, og grafa skotgrafir í Hyde Park til varnar í hugsanlegri styrjöld, sem gæti komið upp í framhaldi af Súdetastríðinu. Og ég minnist þess einnig, að veturinn 1939 hlýddi ég á fyrirlestur í University of London, þar sem einn af mjög kunnum prófessorum þess háskóla, Smith, var að tala yfir ungum Bretum, og aðalefni ræðunnar var það, að það væri eiginlega leitt fyrir þessa ungu menn, að þeir skyldu ekki lifa á tímum meiri tækifæra brezka heimsveldisins en þeir gerðu. Það hefði verið munur að vera uppi á Viktoríutímanum og Elisabetartímanum, þegar verið var að leggja grundvöllinn að heimsveldinu og yfirráðum brezka ljónsins á hafinu. Og það var ekki nema rúmu ári eftir þessi ummæli, sem hin unga kynslóð Bretlands fékk það stærsta og mesta tækifæri, sem hún nokkru sinni í sögu þjóðar sinnar hefur fengið, og lögð var á hana meiri ábyrgð en nokkru sinni áður. Og það var loftorrustan yfir Bretlandi, sem gat brugðizt til beggja vona, en þar sem hin brezka æska sigraði, sem hinn mikli foringi Breta í stríðinu, Churchill, hafði um þau eftirminnilegu orð „never have so many owed so much to so few". Við vitum sem sagt ekki, hvenær kallið kemur. Menn vita líka lítið um það, hvenær tækifærin eru mest, en það hvílir á okkur öllum almenn skylda til þess að hafa skynsamlegan viðbúnað á hverjum tíma til varnar almenningi, til hjúkrunar og hjálpar gegn almennri vá af völdum hernaðar og annarra hamfara.

Ég vona og vil ljúka máli mínu með því, að um þetta mál þurfi ekki að ríkja ágreiningur í þessari hv. d. og það verði hins vegar góð samstaða um að gera þær endurbætur á almannavarnalöggjöfinni, sem í þessu frv. felst.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör, sem hann hefur gefið við fsp. mínum um daginn. Af svörunum má ráða það, sem mig raunar grunaði, að lítið sem ekkert hafi verið gert af hendi hæstv. ríkisstj. til framkvæmda l. um almannavarnir frá 1962, og er líkt um hæstv. ríkisstj. að segja í þessu efni og um sveitarstjórnir og einstaklinga. Enginn virðist hafa áhuga á að framkvæma þessi lög.

Nú er það alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það þarf að hafa viðbúnað, áður en hörmungar af hvaða tagi sem eru dynja yfir. Þetta er rétt. Ekki vil ég frekar en aðrir taka á mig ábyrgð á því, að ekkert sé gert í þessu efni. En það, sem ég finn að, er, að ekkert er gert, það er staðreyndin, hvorki af hálfu hins opinbera né af hálfu einstaklinga. Það er þetta, sem ég sá ástæðu til þess að gagnrýna um daginn og geri enn.

Hafi ég verið allneikvæður eða virzt það í minni ræðu um daginn, vil ég nú gera bragarbót og reyna í þeim fáu orðum, sem ég segi hér til viðbótar, að vera jákvæður. Ef við lítum á almannavarnirnar, verðum við þess varir, að almannavarnir hæstv. ríkisstj. eru býsna vinafáar í landinu eða virðast vera svo. Það eru ekki vinsæl ákvæði þessara laga, og þess vegna

koma þau ekki til framkvæmda. Hins vegar höfum við nokkur félög, sem starfa að líku markmiði, koma í veg fyrir slys og hjálpa, þegar hörmungar dynja yfir. Það er sérstaklega Slysavarnafélag Íslands og Rauði krossinn. Þetta eru vinsæl félög. Lög um almannavarnir leggja á borgarana miklar kvaðir. Í þeim er að finna ákvæði um eins konar herskyldu. Þetta hygg ég, að sé ekki vinsælt og verði ekki vinsælt hjá áhorfendum. Félögin, sem ég nefndi áðan, virðast fá nóga starfskrafta af fúsum og frjálsum vilja. Menn vilja starfa hjá þessum félögum. Hér virðist vera reginmunur á. Þetta hafa þeir, sem standa að almannavörnunum, fundið og það kemur fram í þessu frv. og sérstaklega grg., að almannavarnir finna það, að þær standa uppi vinafáar með þjóðinni, en hins vegar eru til vinsæl félög, sem sinna líku hlutverki. Hæstv. ráðh. las upp setningu úr grg. hér áðan, sem sýnir þetta glögglega. Með leyfi hæstv. forseta segir þar: „Nefndirnar, — þ. e. a. s. almannavarnanefndirnar, — leiti samstarfs við starfandi félagssamtök, sem hafa slysahjálpar- og björgunarsveitir innan sinna vébanda. Þessar sveitir geta myndað kjarna almannavarnasveitanna, þótt þær séu hluti slysavarna-, Rauðakrossdeilda eða annarrar skyldrar starfsemi.“ Hér er blátt áfram farið inn á það, að þessi vinsælu félög og almannavarnirnar ættu að rugla saman reytunum.

Þá vaknar sú spurning, a. m. k. fyrir mér: kemur ekki til mála að leggja almannavarnir niður, eins og þær eru hugsaðar í lögunum? Afnema lögin og fela þessum mannúðarfélögum það, sem hér þarf að gera, og styrkja þau fjárhagslega rækilega til þess? Yrði viðbúnaðurinn ekki meiri, yrði starfið ekki lífrænna með því móti? Ég vil stinga upp á þessu og óska eftir, að þetta verði tekið til athugunar. Við erum búin að hafa lög um almannavarnir, sem ekki hafa komið til framkvæmda, nú í 4 ár. Við höfum miklu lengur, eins og hæstv. ráðh. tók fram, eða síðan 1941, haft almannavarnir, en þær hafa aldrei verið framkvæmdar í landinu utan Reykjavíkur a. m. k. Ég held, að það sé mjög athyglisvert að fela Rauða krossi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands það, sem hér er um að ræða, og styrkja félögin til þess af opinberum fjármunum. Til vara vil ég fara fram á það, að þetta frv. verði sent stjórn Rauða krossins og stjórn Slysavarnafélagsins og þeirra umsagna óskað um efni frv. Mér finnst ekki minna mega gera gagnvart þessum ágætu félögum, þar sem löggjafinn er að bollaleggja að blanda þarna saman starfsemi þessara félaga og starfsemi hins opinbera aðila, almannavarna. Ég teldi það mjög illa farið, ef einhver ákvörðun yrði tekin hér á Alþ., sem fæli það í sér, að ruðzt væri inn á svið þessara félaga, án þess að haft væri samráð við þau um það og hlustað á þeirra álit um það efni.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja það, að mér finnst alveg sjálfsagt, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, kalli til sín fulltrúa frá Slysavarnafélagi Íslands og Rauða krossi Íslands og ræði við þá um viðhorf þeirra til þessara mála. Hvort þeir vilji taka að sér almannavarnir eða hvernig n. vill haga máli sínu, ætla ég ekkert að skipta mér af, en ég tel það alveg sjálfsagt, að leitað verði álits og viðræðna við þessa aðila, eins og hv. þm. hefur vikið að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 267 og 270).

Frsm. meiri hl. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um breyt. á l. um almannavarnir nr. 94 29. des. 1962, eins og fyrirsögn þess gefur til kynna. Lög um almannavarnir fjalla fyrst og fremst um viðbúnað gegn hættu af völdum hernaðaraðgerða. Margir líta hins vegar svo á, að hætta af völdum hernaðaraðgerða sé öllu fjarlægari en hætta af völdum náttúruhamfara, s. s. eldgosa eða jarðskjálfta. Því var það, að á síðasta þ. var flutt þáltill. um, að Alþ. skoraði á ríkisstj. að láta endurskoða lög um almannavarnir í því skyni að fella inn í þá löggjöf fyllri ákvæði um almannavarnir gagnvart hættum af völdum slíkra náttúruhamfara. Till. þessi varð síðbúin og varð ekki afgr. af þeim sökum. Hins vegar hefur dómsmrn. af þessu tilefni látið semja frv. það, sem hér liggur fyrir, og notið til þess fulltingis forstöðumanns almannavarna og almannavarnaráðs. Efni frv. er í stórum dráttum það, að auk þess, sem hlutverk almannavarna er að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miði að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða, skuli þær einnig hafa viðbúnað til þess að mæta náttúruhamförum eða annarri vá, eins og það er orðað í frv., og veita líkn og aðstoð, þegar slíkt ber að höndum. 1. gr. frv. fjallar um þetta.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að bætt verði í 4. gr. l. ákvæði um, að forstöðumaður almannavarna skuli fylgjast með og stuðla að athugun vegna hættu af ísalögum, eldgosum eða annarri vá.

3. gr. frv. fjallar um, að bætt verði í 7. gr. l. ákvæði um, að ráðh. sé heimilt að ákveða, að landshlutar hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð. Er það einkum talið heppilegt eða nauðsynlegt í sambandi við fjarskiptaþjónustu að geta skipt landinu í nokkuð stór almannavarnaumdæmi, m. a. með tilliti til mismunandi þéttbýlis og mismunandi hættu.

4. gr. frv. felur í sér orðalagsbreyt. á 9. gr. l. til samræmis við væntanlega breyt. á 1. gr. þeirra.

Allshn. þessarar d. hefur fjallað um frv. nú um nokkurt skeið og hefur sent það til um-

sagnar Slysavarnafélagi Íslands og Rauða krossi Íslands. Rauði krossinn eða stjórn hans hefur ekki svarað bréfi n., en stjórn Slysavarnafélagsins hefur sent umsögn um frv. og gerir engar aths. við það, en lætur þess getið, að hún telji eðlilegt og mælir með því, að almannavarnanefndir hafi samstarf við björgunarsveitir Slysavarnafélags Íslands. 6 nm. í allshn. leggja til, að frv. verði samþ., en hafa áskilið sér rétt til að bera fram brtt. eða fylgja brtt., eins og greint er í þskj. nr. 267, sem er nál. meiri hl. allshn. Einn nm., hv. 9. þm. Reykv., hefur skilað séráliti. Hann leggur til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, og mun væntanlega gera grein fyrir þeirri skoðun sinni nú á eftir.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Ég gerði þetta mál að umtalsefni við 1. umr. og lét þá í ljós að ýmsu leyti mína skoðun á l. um almannavarnir, svo og um frv. það, sem hér liggur fyrir. Ég þarf þess vegna ekki að vera fjölorður um málið að þessu sinni. Við 1. umr. benti ég rækilega á, hvernig aðilar hefðu lagzt á eitt um að hafa l. um almannavarnir að engu. Hæstv. dómsmrh. viðurkenndi hér í þessari hv. d., að hann hefði ekki gert það, sem honum bar að gera í samræmi við lögin. Hann hefði vanrækt að setja þær reglur og reglugerðir, sem honum bar skv. ákvæðum laganna. Þetta var hans þáttur í framkvæmd þeirra. Einnig kom það í ljós og er reyndar viðurkennt, að langflestar sveitarstjórnir landsins eru með öllu mótfallnar því að framkvæma lögin að sínu leyti, eins og þau eru úr garði gerð.

Þannig er það um þessa aðila, sem eiga að framkvæma lögin. Þeir hafa ekki, af einhverjum ástæðum, kært sig um, að l. um almannavarnir kæmu til framkvæmda. Þess vegna hefur það lítt komið til kasta almennings að taka afstöðu til þeirra, en ég hygg, að ef framkvæma ætti ýmis ákvæði, sem í þessum lögum eru, mundi það mæta mjög harðsnúinni andstöðu almennings, og ég hygg, að það sé einmitt þetta, sem valdhafarnir óttist, og það sé einmitt þetta, sem gerir þá hikandi við að framkvæma l. um almannavarnir. Nú á að reyna að gera hér einhverja bragarbót á, hnýta við verkefnin, auka verksviðið. Það á að fara inn á verksvið Slysavarnafélagsins og inn á verksvið Rauða krossins og annarra viðlíka mannúðar- og hjálparsamtaka.

Ég er ekki alveg ósmeykur við þetta, eins og ég hef látið í ljós áður. Ég er hræddur um, að svo geti farið, að hin dauða hönd almannavarna legðist óþægilega yfir þessi ágætu félög eins og Slysavarnafélagið og Rauða krossinn, og þá væri vissulega verr farið en heima setið. Af þessum ástæðum óska ég þess, að þetta mál allt saman verði athugað miklu betur en gert hefur verið til þessa, að l. um almannavarnir verði tekin til athugunar og athugað verði betur en gert hefur verið um afstöðu áðurnefndra mannúðarfélaga til málsins. Ég vil taka saman í örfáum orðum það, sem ég meina með þessu. Það eru margir og augljósir gallar á l. um almannavarnir. Þess vegna þarf að endurskoða þau lög. Hugmyndina um, að almannavarnir rugli reytum við Slysavarnafélagið, Rauða krossinn og fleiri samtök, tel ég varhugaverða, öðruvísi en að mjög vel athuguðu máli, og það hefur ekki verið gert enn sem komið er. Og í þriðja lagi vil ég nefna, að það er mögguleiki á því að fela áðurnefndum samtökum allt verkefnið, sem hér er um að ræða, og leggja almannavarnir niður. Ég hef sérstakan áhuga á, að þessi möguleiki verði kannaður, að athugað verði, hvort ekki sé rétt að fela þessum lífrænu félögum, sem svo góð reynsla er fengin af í starfi, allt verksviðið, sem hér um ræðir, einnig það, sem nú felst í l. um almannavarnir, afnema lögin og leggja almannavarnir niður. Við erum búnir að vera að burðast með svokallaðar almannavarnir í 25 ár og það hefur aldrei nokkur skapaður hlutur verið gerður, sem gagn er í á því sviði, annað en eyða nokkrum tugum milljóna til einskis.

Þegar frv. til l. um almannavarnir var hér til umr. árið 1962, benti ég á margt af þessu, sem ég nú tala um. Því var ekki anzað, og nú átti svo sannarlega að fara að framkvæma þessa nauðsynlegu hluti, sem í frv. fólust, en hvað hefur skeð? Síðan eru liðin 4 ár, og enginn hreyfir hönd eða fót til þess að framkvæma ákvæði l. um almannavarnir. Ég tel það ekki, þó að skrifstofubákni sé komið upp og þó að nokkrum millj. kr. árlega sé varið til einhverrar skriffinnsku. Það hefur ekkert gagnlegt komið fram í sambandi við þessi lög ennþá. Og það má segja mér það, að svo muni haldast áfram. Lögin eru andvana fædd og þau verða líflaus, og ég tel hættulegt, eins og ég hef sagt, að ætla að gæða þau lífi, ætla að gæða þau blóði félaga, sem nú starfa við góðan orðstír og mikinn árangur. Það gæti orðið þessum félögum hættulegt. Þess vegna er það, að ég legg hér til, að málinu öllu verði vísað til hæstv. ríkisstj., það tekið til endurskoðunar og síðan teknar ákvarðanir í samræmi við niðurstöður hennar.

Frsm. meiri hl. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. hefur nú mælt fyrir till. sinni um að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá. Grg. hans um málið að þessu sinni var mjög á sömu lund og við 1. umr. málsins, en þá svaraði hæstv. dómsmrh. hv. þm., og þarf ég því ekki miklu við að bæta.

Ég hygg, að við getum tæplega vænzt þess, að félög áhugamanna geti tekið á sínar herðar allt það starf og allan þann viðbúnað, sem félagslegt öryggi okkar krefst, að haft sé til reiðu í þjóðfélaginu, og jafnframt er ég sannfærður um, að því mun fjarri fara, að þarna kunni að verða nokkrir árekstrar á milli almannavarna og þeirra ágætu félaga, Slysavarnafélags Íslands og Rauða krossins og annarra slíkra félaga. Slysavarnasveitir, hjálpar- og björgunarsveitir, sem starfandi eru innan

félagasamtaka áhugamanna, geta orðið og munu vafalaust verða kjarninn í almannavarnasveitum, og starfsemi þeirra mun áreiðanlega styrkjast við þá aðstoð, sem almannavarnirnar geta í té látið, bæði um búnað og þjálfun, og á það má benda, að nú þegar munu þessi félög hafa notið góðs af almannavörnum, t. d. með því að senda menn í almannavarnaskóla erlendis fyrir milligöngu almannavarnanna á Íslandi. Aldrei verður vitað, hvenær ósköp kunna yfir að dynja, og allur er varinn góður. Það er eðlilegt, að sú krafa sé gerð til löggjafarvalds og framkvæmdavalds, að uppi sé hafður skynsamlegur viðbúnaður til verndar almenningi og til hjúkrunar og hjálpar þeim, sem á þurfa að halda, ef ósköp kunna yfir að dynja. Annað væri ófyrirgefanlegt andvaraleysi, og ég er sannfærður um, að hv. 9. þm. Reykv. mundi, ekki síður en aðrir, ásaka stjórnvöldin fyrir vanrækslu, ef einhver slík ósköp kynnu yfir að dynja og enginn viðbúnaður hefði verið uppi hafður af þeirra hálfu til þess að mæta slíku. Ég held því, að það væri mjög óskynsamlegt að afgreiða þetta mál á þann veg, sem hv. þm. leggur til. Hvort tveggja er, að hér er um að ræða víðtækara og yfirgripsmeira mál en ætla má, að þessi ágætu félagasamtök, sem um hefur verið rætt, gætu ráðið við, og eins er á hitt að líta, að ekkert þessara félaga hefur látið í það skína, að þau hafi áhuga á eða bolmagn til að taka að sér þetta viðamikla verkefni. Þau hafa þó haft til þess tækifæri og tilefni.

Allshn. þessarar d. sendi bæði Slysavarnafélaginu og Rauða krossinum frv. til umsagnar, og Rauði krossinn hefur að vísu ekki neinu svarað, en hann hefur þó haft tilefni til þess, ef honum hefði þótt ástæða til, en umsögn Slysavarnafélagsins um frv. er á allan hátt mjög jákvæð. Og ég tel ekki nokkrum vafa bundið, að þessi ágætu félög munu fús til samstarfs við Almannavarnir ríkisins, hvenær sem á kann að reyna. Frávísun málsins mundi hafa í för með sér ástæðulausar tafir í framkvæmd þessa alvarlega máls, og enginn er kominn til að segja frá því nú, hvaða afleiðingar það kynni að geta haft.

Hv. 9. þm. Reykv. er óánægður með framkvæmd gildandi almannavarnalaga og telur hana hafa verið í molum. Ég skal nú ekki leggja dóm á þetta, en hæstv. ráðh. svaraði þessu við 1. umr. málsins. En hvað sem því líður, teldi ég ekki nema gott eitt um það að segja, ef þetta nýja frv. gæti orðið til þess að blása nýju lífi í framkvæmdina, og væri þá betur farið en heima setið.

Þá endurtók hv. þm. þá fullyrðingu sína, sem kom fram við 1. umr. málsins, að afnám herstöðva væri mikilvægasta ráðstöfun til almannavarna. Þessu svaraði hæstv. ráðh. á þann veg, að reynslan hefði sýnt okkur, svo að ekki yrði um villzt, að þessi staðhæfing væri röng. Þetta svar hæstv. ráðh. tek ég fullkomlega undir. Að öllu athuguðu hygg ég, að það væri mjög misráðið, svo að ekki sé sterkara til orða tekið, ef hin rökstudda dagskrá yrði samþ., og ég endurtek, að allur er varinn góður.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál að þessu sinni. Ég efast um, að nokkurs staðar, a. m. k. í hinum vestræna heimi, hafi læknir nokkurn tíma talað af jafnmiklum ófuggahætti og fávizku um almannavarnir og hv. 9. þm. Reykv. Og það sýnir sig bezt á því, hversu í raun og veru kjánaleg, frá hans sjónarmiði, er sú till., sem hann flytur. Hann flytur till. um það að vísa þessu frv. frá, þar sem gert er ráð fyrir því, að almannavarnir taki sterkar en áður til varnar gegn náttúruhamförum, hafísum, eldgosum og annarri slíkri vá. Og ef þetta yrði samþ., standa eftir gömlu almannavarnalögin, en enginn held ég, að dragi í efa, að það sé bót að því að fá þessa breyt. á þeim og meira til öryggis fyrir almenning. Sök sér væri, ef hv. þm. hefði flutt sérstaka till. um það að endurskoða almannavarnalögin, en ekki flytja hana með þessum hætti. Hitt fær svo engan veginn staðizt, að ekkert hafi verið gert á grundvelli þessarar löggjafar. Það er ég búinn að segja áður, get að vísu endurtekið og það liggur fyrir í þskj., og hefur ekki verið mótmælt. Það kemur fram í grg. frá forstöðumanni almannavarna, að á þeim tíma, sem liðinn er síðan þau tóku gildi, hafa ýmsir þættir almannavarna verið teknir til meðferðar og skýrslur og grg. samdar til undirbúnings þeim framkvæmdum, sem lögin kveða á um að gerðar verði og eru forsenda fyrir uppbyggingu almannavarnakerfisins. Er hér m. a. um að ræða fjarskipti, viðvörun, fræðslustarfsemi, könnun á skýlingarhæfni bygginga, námskeið fyrir leiðbeinendur, svo að nokkuð sé nefnt. Síðan hefur verið unnið að ýmsum öðrum atriðum, s. s. að útbúa gagnlegan upplýsingabækling fyrir almenning, sem tiltækur er, þótt ástæða hafi ekki þótt til þess enn að senda hann út. Svona staðhæfingar eins og þessar æ ofan í æ eru næsta furðulegar, þegar það liggur fyrir í grg. og er upplýst hér í ræðum, að sitthvað hafi þegar verið gert, sem hefur verulegt gildi. Hitt er viðurkennt og kemur fram í grg., að framkvæmd l. um almannavarnir hefur gengið hægt, og það er m. a. rakið til þeirra orsaka, að frumkvæðið á að vera hjá sveitarstjórnunum að setja upp almannavarnanefndir, en ekkert sveitarfélag hefur gert það nema Reykjavík. Mín skoðun er sú, að það sé alvörumál, að sveitarfélögin hér í nágrenni Reykjavíkur skuli ekki hafa sett upp almannavarnanefndir hjá sér, en ég get ekki sakast við þau um það, það er þeirra mál. En á meðan þau sjá ekki ástæðu til þess að gera neinar ráðstafanir til að koma á fót almannavarnanefndum, er það ekki á valdi dómsmrh. eða forstöðumanns almannavarna að hafa áhrif á gerðir þeirra. En ég endurtek það, að ég tel það alvörumál og andvaraleysi af hálfu fyrirsvarsmanna þessara sveitarfélaga að hafa ekkert gert í þessum efnum.

Ég tel fráleitt að tala um, að l. um almannavarnir geti orðið til að skyggja á eða hindra starfsemi félaga eins og Rauða kross Íslands eða Slysavarnafélagsins. Það liggur í augum uppi, að þetta fær ekki staðizt. Frá því er skýrt í nál. hér í d., að um þetta frv. hefur komið jákvætt svar frá Slysavarnafélagi Íslands, en forseti Rauða kross Íslands, dr. Jón Sigurðsson, var einn af aðalmönnunum við að semja frv. um almannavarnir í upphafi. Til ráðuneytis dómsmrh. á þeim tíma voru tveir íslenzkir menn kvaddir, lögreglustjórinn í Reykjavík og dr. Jón Sigurðsson, sem er form. Rauða kross Íslands, og það má nærri geta, hvort hann hefði unnið að því máli, ef Rauða krossi Íslands mislíkaði þessar aðgerðir. Þvert á móti hefur verið góð samvinna, að svo miklu leyti sem framkvæmdir hafa komizt á, á milli Slysavarnafélagsins og allt í fullu samráði við Rauða krossinn. Og þegar við fengum erlenda sérfræðinga til aðstoðar við samningu frv. á sínum tíma, var það yfirmaður „Sivilforsvaret" eða almannavarna í Noregi, og læknir frá Danmörku, sem var yfirmaður þeirra þátta almannavarna, sem lækningar og hjúkrun snerta, og hann hafði nokkuð aðra skoðun á þessu máli en fram hefur komið hér hjá hv. 9. þm. Reykv., sem er þó læknir líka sjálfur.

Ég nenni svo ekki að elta ólar við allan þennan öfuguggahátt, en vænti þess, að d. afgreiði þetta mál og það megi verða til góðs. Það er alveg rétt, að það getur enginn sagt fyrir um það, hvenær kemur að því, að það verði gagn og bót að því að hafa slík lög. En það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í, og hver einasta þjóð, sem við þekkjum til í nágrenni okkar, bæði austan og vestan járntjalds, hefur viðtækar ráðstafanir til almannavarna hjá sér, og ég hygg, að það mætti segja, að við Íslendingar værum nokkuð einkennilega gerðir, ef við styngjum algerlega höfðinu í sandinn, eins og strúturinn, og hefðumst ekkert að í þessum efnum.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. gat þess, að leitað hefði verið álits Slysavarnafélagsins og Rauða krossins um þetta frv., og svar hefði borizt frá Slysavarnafélaginu, en ekki frá Rauða krossinum. Svar Slysavarnafélagsins er jákvætt. Það er rétt. Það mælir með samþykkt frv. En ég hef sterkan grun um, að það svar sé gefið að lítt athuguðu máli. En nú er mér spurn: Hvers vegna svarar ekki stjórn Rauða kross Íslands? Hver er ástæðan til þess, að Rauði krossinn svarar ekki? Mér er ekki fullkunnugt um það, en ég vildi mjög skora á form. hv. heilbr.- og félmn. að kanna ástæður til þess, að ekkert svar berst frá því virðulega félagi. Lausnin á þeirri gátu gæti vel verið sú, að þeir hefðu ekki viljað styggja meiri hl. hér á þingi, en litist ekki á fyrirhugað samkrull almannavarna við Rauða krossinn. En það væri gott, ef áreiðanleg upplýsing gæti einmitt fengizt um þetta efni, áður en málið færi úr þessari hv. d.

Hv. talsmaður meiri hl. n. ræddi um það, að það væri ekki rétt að vera með ástæðulausar tafir í sambandi við þetta mál hér á þingi. Nákvæmlega sama höfðu talsmenn frv. til l. um almannavarnir uppi árið 1962. Það lá heil ósköpin á, og mátti ekki tefja málið. Það var ekki tafið hér á Alþ. þá. En hvað hefur skeð síðan, nú á fimmta ár? Lögin hafa ekki komið til framkvæmda. Hæstv. dómsmrh. taldi upp ýmislegt, sem gert hefur verið, og það er rétt, og ég hef viðurkennt það. Ég viðurkenni það í mínu nál., þar sem ég tala um, að komið hafi verið upp skrifstofubákni og nokkrum millj. kr. árlega sé varið í þessu skyni. En hvað er gert? Það er undirbúningur undir framkvæmdir, sem ekki eru hafnar á þeim 4—5 árum, sem síðan eru liðin (Gripið fram í.) Það heitir skrifstofa almannavarna. Er það ekki stofnun? Ég kalla það bákn, en um það má nú kannske deila, hvað sé bákn? Og hvenær er skrifstofa bákn og hvenær er hún ekki bákn? Það skal ég ekki ræða nú. En fyrst þetta er nú af talsmönnum þessa frv. og fyrirsvarsmönnum laganna svona mikið alvörumál og þetta mál megi ekki tefja að ástæðulausu og enginn viti, hvenær ógn geti dunið yfir, er mér spurn, og þeirri spurningu vil ég beina til hæsta aðila þessa máls, hæstv. dómsmrh., hvers vegna hefur hann vanrækt að framkvæma sinn þátt í þessum lögum? Hann gaf greið og góð svör og hreinskilin við 1. umr. þessa máls og viðurkenndi, að allt það, sem lögin leggja honum sérstaklega á herðar um framkvæmd l., hefur verið vanrækt. Hvers vegna var það vanrækt? Hvers vegna hefur hæstv. ráðh. ekki sett allar þær reglur og reglugerðir, sem eru undirstaða undir framkvæmd fjölmargra atriða laganna? Hvers vegna hefur hann ekki sett þessa reglugerð og reglur?

Hæstv. ráðh. gerði mikið úr minni fávizku (**Dómsmrh.:** Gerði ég mikið úr henni?), mjög mikið úr minni fávizku og taldi, að hvergi á byggðu *bóli mundi finnast læknir með slíkar* skoðanir sem ég hef. Ég skal ekki segja um það, en hitt veit ég, að það er ekkert einsdæmi, þótt hér á landi gangi illa að framkvæma almannavarnir. Það gengur alls staðar illa á Vesturlöndum a. m. k. Það gengur líka illa í Bandaríkjunum að framkvæma þær og hvers vegna? Af því að aðgerðirnar eru yfirleitt óvinsælar (Gripið fram í.). Það hefur ekki verið farið inn á réttar brautir í þessum efnum, og við, eins og vant er, gleypum hrátt það, sem erlent er, og ætlum að heimfæra það upp á okkur. Það tekst engu fremur hér en víða erlendis. En hvarvetna á Norðurlöndum, í Bretlandi, í Bandaríkjunum, þessi lönd veit ég um, þar gengur illa að framkvæma almannavarnir.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 45. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 270 felld með 12:3 atkv.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lét ég þess getið, að allshn. hefði á sínum tíma sent þetta frv. til umsagnar Slysavarnafélagi Íslands og Rauða krossi Íslands. Slysavarnafélagið hefði sent jákvæða umsögn, en Rauði krossinn hefði engu svarað bréfi allshn. Hv. 9. þm. Reykv., sem var andvígur frv., lét þá skoðun í ljós, að Rauða krossinum, eða forstöðumönnum hans, mundi e. t. v. ekki hafa getizt að frv. og jafnvel óttazt, að það yrði til þess að veikja og rýra starfsemi Rauða krossins og þar sé að leita orsakanna til þess, að hann léti ekki til sín heyra um frv. Auk þess kynni að vera, að forstöðumenn Rauða krossins hefðu ekki viljað styggja meiri hl. þann, sem var frv. fylgjandi. Þetta kom fram í ræðu hv. 9. þm. Reykv. við 2. umr. málsins.

Nú vill svo til, að umsögn Rauða krossins hefur borizt, eftir að 2. umr. um málið fór fram. Kemur þar fram, að stjórn Rauða krossins hefur fjallað um málið á fundi hinn 11. jan. s. l., og þá samið um það ályktun og umsögn. Skýringin á því, að þessi umsögn hefur ekki fyrr borizt til allshn., er einfaldlega sú, að orðið hafa á mistök starfsmanns á skrifstofu Rauða krossins, það gleymdist einfaldlega að senda allshn. umsögnina. Ég vil nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessa umsögn, hún er stutt og laggóð. Hún er dags. 27. febr. 1967 og er á þessa leið:

„Á fundi stjórnar Rauða kross Íslands hinn 11. jan. s. l. var tekið til umræðu hv. bréf yðar, dags. hinn 15. nóv. s. l., þar sem óskað er umsagnar um frv. til l. um breyt. á l. um almannavarnir. Rauði kross Íslands hefur ekkert við breytinguna að athuga, stjórn R.K.Í. getur því af sinni hálfu mælt með framangreindri breytingu. Varðandi atriði næstneðstu mgr. á 4. bls. frv., sem sérstaklega var óskað umsagnar um, vill stjórn R.K.Í. lýsa ánægju sinni yfir væntanlegu samstarfi við almannavarnir á sviði kennslu í slysahjálp fyrir hjálparog björgunarsveitir og almenning. Stjórn R.K.Í. vill í því sambandi benda hv. allshn. sérstaklega á samstarf Rauða krossins og almannavarna við skipulagningu í kennslustarfi í slysahjálp, sem R.K.Í. hyggst gefa út innan skamms.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða kross Íslands,
Ólafur Stephensen, framkvstj.
Til allshn. Ed. Alþingis."

Skv. þessari umsögn, sem ég nú hef lesið, eru áhyggjur hv. 9. þm. Reykv. af afstöðu Rauða krossins með öllu ástæðulausar.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður lét orð falla um það, að ég væri andvígur frv. því, sem hér lægi fyrir. Þetta er ekki alveg nákvæmt. Ég vildi frekar segja, að ég væri andvígur afgreiðslu frv. eða efni þess á þessu stigi. Ég er engan veginn andvígur því, að hafður sé sérstakur viðbúnaður, ef til tjóna kemur eða kæmi af völdum náttúruhamfara. Það er langur vegur frá því. Þvert á móti. Ég vil, að það mál sé sérstaklega vel undirbúið, en það tel ég ekki vera gert nægilega með því frv., sem fyrir liggur. Þetta er mín afstaða til frv. Annars viðurkenni ég það, að mikið af mínum ræðutíma við 2. umr. þessa máls fór í gagnrýni á gildandi l. um almannavarnir, og af því hefði mátt draga þá ályktun, að ég væri neikvæður í þessu máli yfirleitt. En ég er hvorki neikvæður gagnvart almannavörnum né gagnvart viðbúnaði við tjóni af völdum náttúruhamfara. Það er mesti misskilningur. Ég gagnrýndi frv. til l. um almannavarnir harðlega 1962, og hvað hefur ekki komið á daginn? Mín gagnrýni var á rökum reist, það hefur reynslan sýnt. Þessi lög, eins og þau eru í dag, eru óframkvæmanleg. Það er þetta, sem ég legg svo mikla áherzlu á. Ég vil hvorki um þetta efni né önnur hafa lög, sem ekki eru annað en pappírsgagn, sem ekki er hægt að framkvæma. Á þetta hef ég bent rækilega nú og áður, og það er ekki mín sök, ef illa tekst til nú, eins og illa tókst til árið 1962.

Það er stuðningur við hæstv. ríkisstj., að Slysavarnafélagið og Rauði krossinn skuli ekki hafa andmælt þessu, en ég hefði talið skynsamlegra af þessum samtökum, að þau hefðu athugað þetta mál gaumgæfilegar og gert við það þær aths., sem ég tel nauðsynlegt, að gerðar verði. Ég hefði, eins og ég hef áður sagt, vel treyst þessum félögum fyrir almannavörnum og öllum öðrum viðbúnaði í þessum efnum, en ég vantreysti samstarfi þessara aðila við almannavarnir vegna þess, hversu almannavarnir hafa reynzt gagnslausar, algerlega máttlausar, og ég var hræddur um, og er það enn, að þetta komi til með að bitna á þessum ágætu frjálsu samtökum um slysavarnir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., 2. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 49. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed., og eins og menn rekur minni til, var flutt þáltill., 1. flm. var hv. 3. þm. Austf., um það hér í lok síðasta þings, að skora á ríkisstj. að láta endurskoða l. um almannavarnir í því skyni að fella inn í þá löggjöf fyllri ákvæði að því er varðar hættur af völdum náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta, eldgosa og hafíss, sem kynni að loka siglingaleiðum umhverfis landið, einstökum höfnum eða svæðum. Breyt., er felst í frv. þessu um almannavarnir, er fyrst og fremst við þetta miðuð, og svo niðurlag till., sem stefndi að því, að ákvæði yrðu sett inn í lögin um aðstoð við hjálparsveitir, sem stofnaðar hafa verið eða kunna að verða stofnaðar, um þjálfun hjálparsveita og kaup á tækjum til þeirra.

Ég vona, að um þetta geti orðið gott samkomulag hér í hv. d., eins og reyndar í Ed., og leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 467, 504).

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. um almannavarnir nr. 94 frá 29. des. 1962. Á síðasta Alþ. fluttu nokkrir þm. till. til þál. um endurskoðun laga um almannavarnir vegna hafíshættu o. fl., eins og fram kom í þeirri till. Þessi till. var flutt mjög seint á þinginu og varð ekki útrædd, en í umr. um till. lýsti dómsmrh. því yfir, að hann teldi rétt, að nánari athugun yrði gerð á þessum atriðum, sem þáltill. fjallaði um, og að hann mundi hlutast til um, að athugað yrði, hvernig helzt kæmi til greina að fella ákvæði um þetta inn í l. um almannavarnir. Og með tilliti til þessa lagði hann fram þetta frv. hér um breyt. á l. um almannavarnir, og er tekið þar tillit til þeirra ákvæða, sem áðurnefnd þáltill. fjallaði um.

Sex nm. allshn. mæla með því, að frv. verði samþ., en einn nm., Ragnar Arnalds, gefur út sérálit í málinu, að því er ég bezt veit.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. n. skýrði frá, varð n. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls, og leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt, en ég kaus að skila séráliti og sértill. Því miður hefur mér ekki unnizt tími til þess að gefa út sérstakt nál. eða að láta útbýta till., en ég vil leyfa mér að gera það hér úr ræðustól og flytja hér á eftir skriflega till.

Ástæðan til þess, að ég er ekki reiðubúinn að mæla með samþykkt þessa frv., er ekki sú, að ég sé efnislega andvígur því, sem í frv. felst, heldur hitt, að ég tel, að málið þurfi frekari athugunar við og að lögin séu ekki nægilega vel grunduð og það skipulag, sem í þeim felst. Í l. um almannavarnir er núna gert ráð fyrir, að almannavarnakerfið grípi inn í, þegar um er að ræða náttúruhamfarir eða annað stórtjón á sér stað, og það helzta, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er einmitt að ítreka og leggja áherzlu á þessi atriði. Það er í raun og veru verið að leggja jafnþunga áherzlu á að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eins og ef um hernaðaraðgerðir er að ræða. Ég tel, að skipulag þessara mála hafi verið heldur klaufalegt frá byrjun og að þessi mál þurfi frekari athugunar við. Eins og kunnugt er, var almannavörnum upphaflega ætlað það hlutverk að hafa með höndum björgunarstarf, þegar um væri að ræða hernaðarárásir, sem að sjálfsögðu leiða af því, að í landinu er erlendur her og erlendar herstöðvar. Frá upphafi var ljóst, að raunhæfasta ráðstöfunin í almannavörnum væri sú að afnema herstöðvar á Íslandi og afstýra þannig þeirri hættu, sem herstöðvarnar kalla yfir þjóðina. Síðan þetta skipulag var fyrst upp tekið, hafa verið gerðar breyt. á lögunum, sem hafa stefnt í þá átt að víkka verksvið almannavarna, og nú síðast liggur fyrir sú breyt., sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Í sambandi við afgreiðslu þessa máls tel ég rétt að varpa fram hér einni spurningu.

Fyrir rúmum fjórum árum fól þáv. dómsmrh. forstöðumanni almannavarna að gera skýrslu um áhrif hernaðarárásar á Íslandi og líkur fyrir því, að slík árás ætti sér stað. Þáv. forstöðumaður almannavarna, dr. Ágúst Valfells, gerði þessa skýrslu, sem var mjög ýtarleg og greinargóð, og þá ekki síður mjög athyglisverð og fróðleg. Í þessari skýrslu kemur það fram, að þessi sérfræðingur telur rétt að álykta, að líkur fyrir árás á Ísland séu 75%. Hann telur 75% líkur til þess, að landið verði fyrir árás, og þessi sérfræðingur ríkisstj. telur einnig, að ástæða sé til að ætla, að 2/3 hlutar þjóðarinnar muni farast, ef slík árás á sér stað. Einnig kemur það glöggt fram í þessari skýrslu, að það eru fyrst og fremst herstöðvarnar, hinar erlendu herstöðvar í landinu, sem kalla háskann yfir þjóðina. Þessi skýrsla var því miður aldrei birt, en nokkur blöð hér í Reykjavík komust yfir eintak af henni og birtu kafla úr henni, sem vöktu mjög mikla athygli. Hins vegar voru það aldrei nema stuttir kaflar, sem birtust þarna, og sjálf skýrslan, sem er mjög ýtarleg og mun hafa verið um 150 blaðsíður að stærð, í nokkuð stóru broti, hefur aldrei verið birt. Hún mun hafa verið send þáv. hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktssyni, og ég held, að ég geti leyft mér að fullyrða, að hann hafi stungið þessari skýrslu undir stól og hún muni vera til í allstóru upplagi einhvers staðar í afkimum dómsmrn., a. m. k. hefur ekkert frétzt af örlögum hennar í seinni tíð. Ég held, að hv. þm. hljóti að vera það ljóst, að þessi skýrsla er langsamlega mikilsverðasta framtak, sem almannavarnakerfið á Íslandi hefur lagt fram,

og einmitt nú, þegar umræður um íslenzk varnarmál eru að losna úr hinni þröngu spennitreyju kalda stríðsins og menn eru farnir að reyna að átta sig á því, hvort hyggilegt er að hafa hér herstöðvar til frambúðar, og menn neyðast einnig til þess að átta sig á því, hvort rétt sé, að Ísland verði áfram í hernaðarbandalagi, nú, þegar þessi mál eru tekin til endurskoðunar og nýrrar athugunar, er óhjákvæmilegt og bráðnauðsynlegt, að eina skýrslan, sem gerð hefur verið um varnarmál Íslendinga og áhrifin af herstöðvunum, sé lögð fram og alþm. gert kleift að kynna sér hana og þá ekki síður, að hv. utanrmn. fái að kynnast niðurstöðum þessarar skýrslu. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. dómsmrh., hvort hann telji ekki rétt, að alþm. eigi kost á að kynna sér þessa skýrslu, og hún verði lögð fram hér á Alþ. sem mikilsvert gagn í varnarmálum Íslendinga.

Um frv. það, sem hér liggur fyrir, hef ég ekki annað að segja en það, sem ég nefndi hér áðan. Ég tel, að það sé ekki nægilega vel grundað og legg til, að málið allt verði tekið til nýrrar endurskoðunar. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja svofellda rökstudda dagskrá, sem ég vil leyfa mér að lesa hér upp, með leyfi forseta:

„Með tilliti til þess, að l. nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir, hafa ekki komið til framkvæmda nema að óverulegu leyti, og með því að ástæðan til þess virðist sú, að lögin séu reist á veikum stoðum, er geri þau í senn óvinsæl og lítt framkvæmanleg, telur d. nauðsynlegt, að fram fari allsherjarendurskoðun laganna, og að sérstaklega verði athugað í því sambandi, hvort það sé ekki líklegt til góðs árangurs að fela Rauða krossi Íslands, Slysavarnafélagi Íslands og öðrum skyldum samtökum að undirbúa og annast þá hjálparstarfsemi, sem um ræðir í lögunum og því lagafrv., sem hér liggur fyrir. Í trausti þess, að ríkisstj. hlutist til um þessa endurskoðun, telur d. rétt að fresta afgreiðslu frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og fram kemur í aths. með þessu frv., var það flutt vegna þáltill., sem fram kom í lok síðasta þings og náði þá ekki afgreiðslu. Ég gaf yfirlýsingu um það, að ég mundi láta fram fara þá endurskoðun, sem óskað var eftir, að l. um almannavarnir væru endurskoðuð í því skyni að fella inn í þá löggjöf fyllri ákvæði að því er varðar hættur af völdum náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta, eldgosa og hafíss, sem kynni að loka siglingaleiðum umhverfis land, einstökum höfnum eða svæðum. Þetta hefur verið gert, en flm. þessarar till. á síðasta þingi var Jónas Pétursson, hv. 3. þm. Austf.

Hér var talað um það áðan af hv. þm., sem síðast talaði, 5. landsk. þm., að l. um almannavarnir hefðu ekki nema að litlu leyti komið til framkvæmda. Að svo miklu leyti sem þau hafa ekki komið til framkvæmda, er það náttúrlega á ábyrgð sveitarfélaganna, sem ekki hafa hirt um að setja upp almannavarnanefndir, en það hefur verið gert í Reykjavík. Þá hafa átt sér stað ýmiss konar athuganir og undirbúningur þessara mála, fyrir utan almennan undirbúning, sem átt hefur sér stað á vegum forstöðumanns almannavarna. Eins og kunnugt er, eru í byggingu núna verulegar birgðaskemmur uppi í Mosfellsdal fyrir ýmsar birgðir, sem voru á við og dreif og ekki nægilega tiltækilegar, og einnig hafa farið fram margs konar athuganir á aðvörunarkerfi um allt landið, ef til ófriðar kæmi. Það hafa farið fram kannanir á skýlingu í kjöllurum í Reykjavík, og liggja fyrir um þetta allt saman ýtarlegar skýrslur. Það er þess vegna alveg ástæðulaust af þeim sökum, sem vitnað er til, að fresta nokkuð framkvæmd þessa máls. Um hitt skal ég svo ekkert segja, hvort lögin geti ekki verið betur úr garði gerð og mætti ekki endurskoða þau. Það geta þm. auðvitað tekið til athugunar, eftir því sem þeim sýnist. Það er talað um að gera þessa endurskoðun í samráði við Rauða kross Íslands og Slysavarnafélag Íslands. Það hefur alltaf verið haft samráð við þessa aðila, og þetta frv. var sent báðum þessum aðilum til umsagnar frá Ed., og báðir aðilar lögðu eindregið til, að frv. yrði samþ. Og forstöðumaður Rauða krossins, dr. Jón Sigurðsson, borgarlæknir í Reykjavík, var annar þeirra tveggja manna, sem ég á sínum tíma fékk til þess að undirbúa löggjöfina um almannavarnir. Það er sem sagt ekki meira um þetta af minni hálfu að segja. Ég tel mjög þýðingarmikið, að þetta frv. verði afgr. nú og einnig mjög þýðingarmikið, að við séum ekki svo andvaralausir, einir allra, að láta okkur ekki detta í hug að hafa nokkurn viðbúnað til almannavarna, ef til ófriðar kæmi. Ég vil þess vegna eindregið leggja að hv. þm. að ganga frá þessu máli nú. (Gripið fram í.) Já, ég var nú í Ed. í framsögu og heyrði hana ekki. Það var talað um að leggja fram einhverja skýrslu. (Gripið fram í.) Ég vissi ekki, hvaða skýrsla það var. (**RA:** Má ég með leyfi forseta endurtaka spurninguna? Ég spurði ráðh. að því, hvort hann vildi ekki leggja fyrir þm. þá skýrslu, sem forstöðumaður almannavarna samdi hér að tilhlutan dómsmrh. og var prentuð í allstóru upplagi, hún mun vera einhvers staðar niður komin.) Það liggur fyrir fjöldi skýrslna um almannavarnir í dómsmrn., og ég skal taka það til athugunar, hverjum þeirra þætti hæfilegt að gera þm. grein fyrir á sínum tíma.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 504 felld með 25:12 atkv.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 585).

34. Iðnlánasjóður (verðjöfnunargjald af veiðarfærum).

Á 55. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð [166. mál] (stjfrv., A. 356).

Á 56. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hæstv. iðnmrh. þurfti að skreppa frá og er þess vegna ekki við nú. Ég hafði ekki búið mig undir í forföllum hans að tala fyrir þessu frv. í einstökum atriðum, en vildi mælast til þess, að það yrði nú afgr. til n. og menn gætu þá tekið upp efnisumr. um það við 2. umr. og á síðari stigum málsins. En tilgangur þessa frv. er sá að bæta hag veiðarfæraiðnaðarins eftir öðrum leiðum en frv. lá fyrir um hér á haustþinginu, en um það mál varð mikill ágreiningur, eins og kunnugt er. Ætlunin nú er að stofna sérstakan sjóð eða sjóðsdeild, sem annist það verkefni, sem nánar er í frv. greint, og fé til hans á að veitast með þeim hætti, sem í frv. er gerð grein fyrir.
Ég játa, að þessi framsaga er ærið ófullnægjandi, en þar sem ég hafði ekki áttað mig á því, að ráðh. yrði ekki við, hafði ég ekki undirbúið mig um frekari grg.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 356, n. 428 og 437).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Í veikindaforföllum hv. form. iðnn. og frsm. leyfi ég mér að flytja framsögu fyrir meiri hl. hv. iðnn. varðandi frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 3. apríl 1963 um iðnlánasjóð á þskj. 356. Iðnn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og eins og kemur fram í nál. á þskj. 428, hefur n. klofnað. Meiri hl. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. mun skila séráliti eða sérálitum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. iðnn. gat um, var gert ráð fyrir því, að minni hl. n. skilaði sérstöku nál. um þetta mál. Í minni hl. eru, að ég ætla, þrír nm., og er ég einn þeirra. Mér er kunnugt um, að nál. minni hl. var lagt inn til prentunar í gærkvöldi eða morgun, en er ekki komið ennþá úr prentun, og frsm. minni hl. mun vera staddur á fundi annars staðar í húsinu. Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að málinu yrði frestað um stund, þangað til nál. kemur úr prentun. Það er sanngjarnt og vænti ég, að frsm. minni hl. verði þá staddur hér á fundinum.

Frsm. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í raun og veru gamall kunningi hér í d. Það var lagt fram í þingbyrjun í nokkuð öðru formi en það er nú, og var þá ágreiningur um það innan stjórnarflokkanna, til hvaða n. það ætti að fara. Þar sem frv. fjallaði um nýjan toll, sem átti að leggja á sjávarútveginn, var í raun og veru eðlilegt, að málið færi þangað. En hæstv. iðnmrh. hafði nú lagt til, að málið gengi til iðnn. og hann gat ekki sætt sig við það, að horfið yrði frá þeirri till. hans, en mun þó ekki hafa fengið meiri hl. fyrir henni í sínum flokki, og niðurstaðan varð þess vegna sú, sem var mjög óeðlileg hér á Alþ., að það var sett á laggirnar sérstök n. til þess að fjalla um málið. Af störfum hennar hefur hins vegar ekki neitt heyrzt, en þegar leið á þingtímann, var lagt fram það frv., sem hér er nú til meðferðar, og þetta mál flutt í talsvert öðru formi en það hafði áður verið, auðsjáanlega gert til þess að komast fram hjá veiðarfæranefndinni.
Annað hafði líka gerzt á þessum tíma af hálfu þeirra í stjórnarflokkunum, sem telja sig vera sérstaka málsvara sjávarútvegsins, eins og t. d. hv. 11. landsk. Hafði verið talað mjög rösklega á móti þeim tolli, sem hér átti að leggja á sjávarútveginn, og ég man ekki betur en hann hafi hér á þessum stað, þar sem ég stend nú, svarið og sárt við lagt, að þessi tollur skyldi aldrei ná fram að ganga. Og mér skilst, að einnig hafi hv. 7. landsk. tekið mjög skelegglega undir þetta hér í umr. á þinginu, sem þá fóru fram, og einnig hv. 3. þm. Sunnl., og í framhaldi af þeirri afstöðu þeirra skilst mér, að það hafi verið haldnir fundir í Landssambandi ísl. útgerðarmanna, og þar samþ. mótmæli gegn þessari nýju skattaálagningu. Síðan hefur nú hæstv. iðnmrh. farið að ræða við þessa stuðningsmenn sína, og niðurstaðan virðist vera sú, að nú sé úr þeim allur vindurinn og þeir séu orðnir samþ. þeirri skattaálagningu, sem þetta nýja frv. gerir ráð fyrir. En þó er nú ánægjan samt ekki meiri en það, að við í iðnn. sendum þetta frv. til umsagnar Landssambands ísl. útvegsmanna, og það hafði mjög ríflegan tíma til að svara okkur, en okkur bárust aldrei nein skrifleg svör þaðan. Þó munu bæði hv. 11. landsk. og hv. 7. landsk. eiga sæti í stjórn

þessara samtaka, en hins vegar barst okkur það munnlega, að Landssambandið mundi láta það afskiptalaust, þó að þessi tollur á útveginn, sem frv. gerir ráð fyrir, yrði samþ.

Ég verð nú að segja það sem mína skoðun, að mér finnst það ákaflega einkennileg afstaða hjá þeim, sem eiga að vera forsvarsmenn útvegsins, að þegar er verið að bæta á hann einum pinklinum til viðbótar öllum öðrum, sem áður hafa verið á hann lagðir af hv. Alþ., skuli ekki einu sinni fást skriflegt svar frá Landssambandinu um það, hvort það sé þessu samþ. eða ekki. Og mér þætti mjög fróðlegt að heyra, hvernig því víkur við, að afstaða t. d. hv. 11. landsk. og hv. 7. landsk., sem töluðu jafn skelegglega á móti þessum skatti og þeir gerðu hér á þingi fyrir jólin, skuli nú vera orðin svo breytt, að þeir kannske vilja ekki beinlínis mæla með því, að hann sé lagður á, en þeir ætla a. m. k. að láta það afskiptalaust og mótmælalaust og vilja ekki láta uppi neitt skriflegt álit um það. Hefur það kannske gerzt á þessum tíma, að afkoma útgerðarinnar hafi eitthvað batnað eða hefur vetrarvertíðin gengið svo vel, að útvegurinn sé betur undir það búinn að taka þennan skatt á sig en áður var? Það væri ákaflega fróðlegt að fá vitneskju um þetta. Og það má segja, að þetta sé kannske ekki stórmál í allri súpunni. Það séu ekki nema kannske 4, 5 eða 6 millj., sem þarna eigi að leggja á útgerðina og það sé nú ekki nein stórupphæð miðað við aðrar ennþá stærri upphæðir, sem þar er um að ræða. En mér finnst eigi að síður, að þetta sýni, að útgerðin eigi bæði hér á Alþ. og í landssamtökunum heldur lítið skelegglega forsvarsmenn. Þeir geta kannske við viss tækifæri talað allhraustlega um sína afstöðu og sagzt vera mjög áhugasamir um velgengni þessa atvinnuvegar. En einhvern veginn verður það nú svona, að ef einhver ráðh. tekur þá út í horn og talar við þá afsíðis, þá er allur vindurinn úr þeim farinn, og þá sætta þeir sig við það, að einum skattinum sé enn bætt ofan á þá, sem fyrir eru á útgerðina. En það hljóta allir þm. að gera sér ljóst, að það, sem veldur mjög miklu um þá erfiðu aðstöðu, sem útgerðin býr við í dag, er það, að það er alltaf verið að bæta á hana nýjum og nýjum sköttum, engum kannske verulega stórum í hvert skipti, en þegar pinklarnir koma saman í eitt, munar um þetta. Og ég held, að það hefði verið miklu skynsamlegra af meiri hl. Alþ. að gera eitthvað til að rétta við útgerðina að þessu sinni frekar en ráðast í þessar verðuppbætur, sem hér voru ákveðnar fyrir nokkru, að létta þessum pinklum af útgerðinni, alls konar sköttum, sem á hana eru lagðir, en eðlilegra væri, að ríkið aflaði sér með öðrum hætti, í stað þess að gera hana að þurfalingi með þessum uppbótargreiðslum, sem alltaf er verið að auka. En það verðum við að játa, og fram hjá því verður ekki komizt, að málum útgerðarinnar er svona komið að verulega miklu leyti vegna þess að þeir, sem hafa verið til forsvars fyrir hana í stéttarsamtökum útgerðarmanna, og þeir, sem hafa verið til forsvars fyrir hana hér í stjórnarflokkunum á Alþ., hafa ekki reynzt skeleggir talsmenn fyrir þennan atvinnuveg, og stjórnin hefur þess vegna getað farið því fram, sem henni hefur sýnzt í þeim efnum.

Þetta er nú aðeins inngangur, sem víkur að sjávarútveginum sérstaklega. En ég ætla þá að koma að þeirri hliðinni, sem snertir iðnaðinn. Það má segja, að þetta frv. sé tvíþætt. Annars vegar er, eins og ég áðan sagði, lagður sérstakur skattur á sjávarútveginn og hinn þátturinn er sá, að þennan skatt á að nota til þess að styrkja sérstaklega eitt iðnaðarfyrirtæki, Hampiðjuna. Nú játa ég það fullkomlega, að hér er um mjög merkilegt fyrirtæki að ræða, að það væri mikið óhapp, ef ekki væri hægt að halda uppi slíkum atvinnurekstri í landinu. En hitt verð ég að segja, að mér finnst það ákaflega skrýtið, að hæstv. iðnmrh. skuli ekki koma auga á nema þetta eina fyrirtæki, sem þannig er ástatt um, því að þeir erfiðleikar, sem Hampiðjan hefur við að glíma í þessum efnum, gilda um iðnaðinn yfirleitt. Það er komið nákvæmlega eins með iðnaðinn og landbúnað og sjávarútveg, vegna þeirrar efnahagsstefnu, sem hefur verið fylgt í landinu á undanförnum árum, þessi atvinnuvegur þarf á styrkjum og uppbótum að halda, ef hann á að geta haldið uppi eðlilegri starfrækslu. Þess vegna finnst mér það ákaflega undarlegt, að ríkisstj. skuli taka þetta fyrirtæki eitt út úr öllum hópnum og veita því sérstaka aðstoð, en ætla ekki að gera neinar ráðstafanir til stuðnings þeim iðnaðarfyrirtækjum, sem líkt er ástatt um.

Ástæðurnar til þess að svona er komið fyrir iðnaðinum, eru mjög augljósar. Þar er ekki eingöngu um verðbólguna að ræða, heldur líka misheppnuð afskipti ríkisstj. á ýmsum öðrum sviðum. Það hefur t. d. ekki lítið að segja, hvernig búið er að iðnaðinum í lánamálum. Iðnaðurinn býr við stórkostleg rekstrarfjárvandræði, miklu meiri en hann hefur nokkru sinni áður gert, og það gildir raunar um aðrar atvinnugreinar líka. Með þeirri sparifjárfrystingu, sem ríkisstj. hefur tekið upp, hefur viðskiptabönkunum verið gert ókleift að halda uppi eðlilegri þjónustu við atvinnuvegina, og því til viðbótar hefur Seðlabankinn stórlega dregið úr þeirri þjónustu, sem hann veitir atvinnuvegunum. Með því að búa þannig að atvinnurekstrinum í lánamálum, hefur rekstraraðstaða þeirra verið stórlega skert eða gerð miklu örðugri, og það hefur að sjálfsögðu komið fram í verri afkomu hjá fyrirtækjunum. Þessu til viðbótar hafa vextir verið stórhækkaðir og eru miklu hærri hér en í nokkru öðru nágrannalandi okkar. Ég fullyrði það, að í engu Evrópuríki finnast nálægt því eins háir vextir og hér eru borgaðir, og ég dreg meira að segja í efa, að hægt sé að finna dæmi um það í Suður-Ameríku, þó að margt sé hægt að finna þar, sem ekki er til fyrirmyndar. Því til viðbótar, að þannig hefur verið þrengt að iðnaðinum í láns-

fjármálunum, hefur það komið, að það hefur verið dregið mjög úr innflutningshöftum og fluttur inn erlendur iðnvarningur í stórum stíl. Ég tel, að það geti vel komið til greina, að slík samkeppni fari fram. En hún á því aðeins að fara fram, að áður sé búið að búa innlendan iðnað undir það að mæta slíkri samkeppni. En í staðinn fyrir það að búa iðnaðinn undir þetta, hefur verið þrengt að honum stórkostlega með þeim aðgerðum í lánamálum, sem ég hef nú vikið að og auk þess, sem verðbólgan hefur gert aðstöðu hans verri á allan hátt. Þess vegna álít ég, að undir þessum kringumstæðum hafi það verið rangt af ríkisstj. að hleypa hinum erlendu iðnaðarvörum eins mikið inn í landið og raun ber vitni um. Það er þessi innflutningur, sem veldur erfiðleikunum hjá veiðarfæragerðinni, en innflutningurinn veldur líka stórfelldum erfiðleikum hjá mörgum iðnfyrirtækjum öðrum. Við höfum t. d. fyrir augunum dæmi um það, að það hefur dregið stórkostlega úr atvinnu hjá járniðnaðarfyrirtækjum nú í vetur. Bæði er það, að þessi fyrirtæki hafa fækkað við sig starfsmönnum og því til viðbótar hefur svo að segja öll yfirvinna og eftirvinna fallið niður. En þegar þannig er komið, að búið er að fella þessa vinnu niður, er kaupgjaldið ekki hærra en það, að töluvert vantar á, að menn hafi sæmilega til hnífs og skeiðar. Þetta stafar af því, að það eru fluttar inn núna ýmsar vélar og ýmis tæki, sem járniðnaðurinn íslenzki hefur unnið, en sem hann getur ekki keppt við undir þeim kringumstæðum, sem nú eru fyrir hendi. Sama gildir að sjálfsögðu um ýmsan iðnað, sem starfar beint að útflutningi, t. d. á hinn merkilegi ullariðnaður á Akureyri, sem hefur á undanförnum árum flutt út talsvert af iðnaðarvarningi, nú í miklum erfiðleikum, vegna þess að hann er í raun og veru ekki lengur nægilega samkeppnisfær til þess að halda þessum útflutningi áfram. Með þetta allt í huga hefur okkur í minni hl. iðnn. þótt rétt að stórbreyta þessu frv. Í staðinn fyrir það, að það er tilgangur þessa frv. að koma upp verðjöfnunarsjóði innan iðnlánasjóðs fyrir eitt iðnaðarfyrirtæki, leggjum við til, að settur sé á fót verðtryggingarsjóður, sem veiti aðstoð ekki aðeins til þessa fyrirtækis, heldur annarra, sem svipað er ástatt um, iðnaðarfyrirtækja, sem annaðhvort selja vöru sína aðallega erlendis eða þurfa að keppa innanlands við erlendar iðnaðarvörur, sem eru fluttar inn án verulegra tolla. Og í stað þess, að lagt er til í frv. að afla fjárins með því að skattleggja útgerðina, leggjum við til, að þess sé aflað með því að taka nokkurn hluta af tekjuafgangi ríkissjóðs á s. l. ári, og leggja það fé í þennan verðtryggingarsjóð, sem við viljum að sé stofnaður. Ég held, að menn hljóti að vera sammála um það, að iðnaðurinn er það mikilvægur atvinnuvegur, að honum beri með réttu nokkur hluti af þeim mikla tekjuafgangi, sem orðið hefur hjá ríkissjóði á s. l. ári og það sé ekki fram á of mikið farið, þó að af þessum tekjuafgangi, sem nemur eitthvað um 500 millj., fari 1/10 til styrktar iðnaðinum á þann hátt, sem lagt er til í okkar brtt. Hitt er náttúrlega hrein fjarstæða að ætla í þessu sambandi að fara að skattleggja atvinnuveg, sem þegar er stórlega styrktur úr ríkissjóði, ég á við sjávarútveginn, með því að skattleggja innflutt veiðarfæri, eins og lagt er til í frv.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að bæði landbúnaður og sjávarútvegur njóta nú stórfelldra verðuppbóta á ýmsan hátt, og það er ekki nema eðlilegt, að iðnaður, sem svipað er ástatt um, sitji þar við sama borð. Það er í gildi hér, eins og í svo mörgum öðrum efnum, að það hefur minna verið hugsað um iðnaðinn en sjávarútveg og landbúnað, en þó er iðnaðurinn sízt þýðingarminni atvinnuvegur en þessir tveir. Ég vil segja jafnvel að sumu leyti þýðingarmeiri atvinnuvegur, því að það skulum við gera okkur ljóst, að í sambandi við þá fólksfjölgun, sem hér verður á komandi áratugum, munum við ekki geta komið að nema takmörkuðum hluta hennar við landbúnað og sjávarútveg, þar sem því eru takmörk sett, hve mikið hægt er að auka þessa atvinnuvegi, og þess vegna verðum við fyrst og fremst að efla margs konar iðnað í landinu til þess að tryggja næga atvinnu fyrir vaxandi þjóð á komandi árum.

Þessi verðtryggingarsjóður, sem við leggjum til, að sé settur á fót, miðast að vísu að mjög verulegu leyti við það ástand, sem nú er fyrir hendi, að fyrirtækin eru almennt hallarekin og þurfa þess vegna á aðstoð að halda. En við álítum, að hann hafi líka merkilegt framtíðarverkefni, þó að búið sé við venjulegt efnahagsástand. Eins og ég sagði áðan, er nauðsynlegt að efla iðnaðinn í landinu á komandi árum, og við verðum m. a. að leggja stund á að efla þann iðnað, sem framleiðir vörur fyrir erlendan markað. En það getur oft tekið sinn tíma að gera slíkan iðnað arðvænlegan. Það tekur sinn tíma að vinna markaði fyrir nýjar iðnaðarvörur erlendis, og það má vel búast við því, að slík fyrirtæki verði kannske rekin með einhverjum halla til að byrja með, og þá er það, sem við teljum, að sjóður eins og verðtryggingarsjóður, sem rætt er um í okkar till., geti komið að verulegu gagni með því að veita styrk eða framlög til þeirra fyrirtækja, sem þannig eru að vinna framleiðslu sinni sess á erlendum mörkuðum. Sama gæti að sjálfsögðu einnig gilt um fyrirtæki, sem framleiða fyrir innlendan markað, en þurfa að keppa t. d. við tollfrjálsar, innfluttar vörur.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að sinni að rökstyðja þessar brtt. okkar öllu nánar. Ég trúi því, að þegar þm. íhuga þessi mál betur, verði þeim ljóst, að hér er ekki nauðsynlegt að veita Hampiðjunni einni styrk, heldur líka öðrum gagnlegum og nauðsynlegum fyrirtækjum, sem líkt er ástatt um og þess vegna eigi að vinna að þeirri sjóðsstofnun, sem lagt er til, að gert verði í okkar brtt., en ekki sjóðsstofnun, sem bundin er aðeins við eitt iðnaðar-

fyrirtæki. Ég trúi því líka, að þm. eigi eftir að gera sér það ljóst við nánari athugun, að það er ekki rétt að afla tekna til þess arna með því að leggja nýja skatta á sjávarútveginn, sem þegar er búið að leggja á allt of mikið af slíkum pinklum, heldur sé eðlilegt að nota þann tekjuafgang, sem varð hjá ríkinu, til þess að leysa það verkefni, sem hér er fyrir hendi. Því vænti ég þess, að þessar brtt. okkar verði samþ., en ef hins vegar svo skyldi fara gegn von minni og okkar í minni hl., að þær næðu ekki fram að ganga, vildi ég bera þá ósk fram við hæstv. forseta, að hann léti fara fram sérstaka atkvgr. um 1. málsl. í 1. gr. frv., þ. e. a. s. þann málsl., sem fjallar um veiðarfæraskattinn, því að það er vel hægt að hugsa sér og er einnig eðlilegt, ef menn vilja afgreiða frv. í þessu formi, að það sé hægt, án þess að þessi skattur verði samþ., því að þá mundi tekjuöflunin fyrst og fremst byggjast á öðrum tölul., sem er framlag úr ríkissjóði.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en vænti þess, að þessar brtt. okkar fái nánari athugun þm. og góðar undirtektir.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Mál það, sem hér er nú til umr., hefur fyrr í vetur verið nokkurt hitamál hér í þessari hv. d. Það tókst ekki að afgreiða það á venjulegan hátt til hinnar föstu n. þingsins, heldur varð að skipa í það sérstaka þn., en svo er nú farið, að ekkert hefur frá þeirri n. heyrzt, og nú er komið hér fram nýtt stjfrv. um sama efni. Út af fyrir sig er engin deila um, að nauðsynlegt sé, að veiðarfæraiðnaður hafi lífvænlegan rekstrargrundvöll hér í okkar landi. Enginn neitar því. Hins vegar var það, sem menn greindi á um, sá skattur, sem átti að leggja á innflutt veiðarfæri til þess að standa undir þessari sérstöku aðstoð til eins fyrirtækis, Hampiðjunnar.

Við Alþb.-menn vorum á móti þeim 2% skatti, sem þá var gert ráð fyrir að leggja á innflutt veiðarfæri, og afstaða okkar er hin sama til þess 1% skatts, sem nú á að leggja á innflutt veiðarfæri skv. þessu frv. Frv. hefur sem sé tekið þeim breyt., að skatturinn á innflutt veiðarfæri er lækkaður úr 2% niður í 1% og einnig er gert ráð fyrir annarri tekjuöflun og gegn henni erum við að sjálfsögðu ekki. Við erum á móti þessum skatti á veiðarfærin, sem við teljum, að sé ranglátur, það sé algerlega skakkt að vera að skattleggja þann atvinnuveg, sem þegar þarf mjög margbreytilega aðstoð. En eins og ég hef áður sagt, teljum við, að hér sé stuðnings þörf við þessa atvinnugrein, svo og aðrar, og þess vegna hef ég gerzt meðflm. með þeim breyt. á frv., sem felast á þskj. 437 og nú hefur verið lýst hér, og ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi, að ég var staðráðinn í því að lýsa minni afstöðu til þessa máls burt séð frá því, hvort hv. 5. þm. Reykv. hefði beint til mín sérstökum orðum eða ekki. En ræða hans gefur kannske tilefni til að fara nokkrum fleiri orðum um þetta mál, því að hann ræddi það með þeim hætti, sem einkennir svo margar ræður þessa hv. þm. Hann lét í það skína, að hann vissi ósköp lítið, hver hefðu orðið afdrif þess frv. um verðjöfnunargjald af veiðarfærum, sem vísað var til sérstakrar veiðarfæranefndar. Þó býst ég við því, að jafn fróðleiksfús maður og hv. 5. þm. Reykv. er og fréttaþyrstur, hljóti að hafa fylgzt með afgreiðslu þessa máls í hinni svokölluðu veiðarfæran., svo að ég býst við því, að hér sé hann að látast og að hann viti betur. Það hefur greinilega komið í ljós, að sjálfsögðu hafa hans flokksmenn í veiðarfæran. engan veginn legið á því frekar en við hinir, að hjá veiðarfæran. fóru fram viðræður við ráðuneytisstjórana, sem stóðu að samningu þessa frv., og forstj. Hampiðjunnar. Að þeim viðræðum loknum kannaði form. veiðarfæran. viðhorf nm. til þessa frv., og kom þá í ljós, að stjórnarandstaðan, ásamt 2. landsk. þm. og mér úr stjórnarliðinu, var andvíg frv. í þeirri mynd, sem það lá fyrir. Þetta veit ég, að hv. 5. þm. Reykv. var vel kunnugt um og þar strandaði málið. Síðan hefur það gerzt, að ríkisstj., sem hefur haldið sér við það að leggja verðjöfnunargjald á veiðarfæri, en ekki haft til þess stuðning ákveðinna þm. úr stjórnarliðinu, og þar er ég meðtalinn, hún tekur til þess ráðs að taka ákveðin veiðarfæri út af frílista og þau eru háð leyfisveitingum eða kvóta. Þegar svo er komið, var mikil óánægja ríkjandi, bæði hjá innflytjendum veiðarfæra og útvegsmönnum almennt. Með því móti kemur einnig skattur, ½% leyfisgjald, eða yfirfærslugjald réttara sagt, á veiðarfæri, og við útvegsmenn kröfðumst þess almennt, að þessi veiðarfæri yrðu aftur sett á frílista og ekki háð leyfum. Við það vildi ríkisstj. ekki sætta sig, því að hún hugðist styrkja innlendan veiðarfæraiðnað, sem hv. 5. þm. Reykv. virðist bera mjög fyrir brjósti. Með því að ganga til samninga við ríkisstj., geng ég inn á frv. í þeirri mynd, sem það nú er. Þó að ég sé á engan hátt glaður eða ánægður yfir því að leggja nokkurn veiðarfæraskatt á, sætti ég mig við frv., þar sem fyrir liggur fyrirheit og loforð ríkisstj. um það, að veiðarfærin verði aftur sett á frílista og gjaldið lækkað um helming frá því, sem það var í vetur. Vil ég það heldur en búa við leyfisveitingu á innflutning veiðarfæra. Þetta er í fáum orðum mín afstaða til málsins.

En hún er einnig nokkuð ýtarlegri, því að mál þetta var lagt fyrir stjórnarfund í Landssambandi ísl. útvegsmanna fyrir nokkru síðan. Ég hafði þá ekki tekið endanlega afstöðu til málsins og vildi alls ekki gera það, fyrr en stjórn samtakanna hafði gert það. Þar samþ. stjórnin með öllum atkv. að falla frá mótmælum við 1% innflutningsgjaldi af veiðarfærum, ef öll veiðarfæri yrðu aftur látin á frílista, eins og áður var. Eins og alltaf, þegar menn þurfa að semja um hlutina, fá ekki allir það, sem

peir vilja. Ríkisstj. og meginþorri stjórnarliðsins vildu samþykkja verðjöfnunargjaldið á veiðarfæri eins og það lá fyrir með frv., sem flutt var hér í haust, eða 2%. Við einstakir stjórnarþm. vildum engan skatt á veiðarfærin og lögðumst gegn málinu, þ. á m. ég, sem hafði mig einna mest í frammi við 1. umr. málsins hér í þessari hv. d. Eftir það, sem hefur síðan gerzt, tel ég skynsamlegra að fallast á samninga, til þess að ríkisstj. falli frá því að láta veiðarfærin vera háð leyfisveitingum og taki þau aftur inn á frílista, þótt það kosti útgerðina nokkuð, þó að ég sé á engan hátt ánægður.

En það er mikill misskilningur hjá hv. 5. þm. Reykv. að halda það, að það sé nóg fyrir ráðh. að taka mann undir vegg, og þegar sé búið að tala við mann undir vegg, eins og hann komst að orði, sé allur vindur úr okkur, og þá segjum við ekki annað en já og amen. Það getur vel verið, að hv. 5. þm. Reykv. sé hlýðinn og auðsveipur við sína húsbændur og sína yfirmenn í Framsfl. og það sé nóg að taka hann undir vegg, þá sé allur vindur úr honum og það getur vel verið, að afstaða hans til min í þessu tilfelli mótist af þeim þrælsótta, sem hann virðist eiga við að búa og hafi kannske átt við að búa mestan hluta ævinnar, frá því að hann varð fullorðinn maður. En ég ætla að segja hv. 5. þm. Reykv. það í fullri hreinskilni og vinsemd, að þó að maður sé ráðh., ráðuneytisstj. eða opinber embættismaður, beygir hann mig ekki neitt til fylgis við sig, ef ég er á annarri skoðun. Hitt er svo annað mál, að í okkar þjóðfélagi og í lýðræðisþjóðfélögum þurfa menn oft að semja um hlutina. Það þarf að semja í vinnudeilum, það þarf að semja um alla hluti og þá fær enginn maður allt það, sem hann vill, ef á að ganga til samninga og láta hlutina fara friðsamlega fram. Þetta hygg ég, að jafngreindur maður og 5. þm. Reykv. skilji mæta vel, þó að hann láti í annað skína, þegar hann kemur hér í ræðustólinn.

Í sambandi við þá till., sem minni hl. iðnn. flytur um það að verja 50 millj. af tekjuafgangi til iðnaðarins og það, sem hv. ræðumaður sagði varðandi sjávarútveginn, að það væri meira gert fyrir sjávarútveg en iðnað, vil ég engan veginn ganga inn á það, að það sé meira gert fyrir eina atvinnugrein en aðra. Hins vegar verður þessi hv. þm. að gera sér grein fyrir því, að sjávarútvegurinn er með yfir 90% af útflutningsframleiðslu þjóðarinnar. Sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir stórum skakkaföllum á liðnu ári, eða í lok ársins 1966, með gífurlegu verðfalli á helztu tegundum sjávarafurða og til þess að koma til móts við sjávarútveginn, hefur ríkisvaldið orðið að hlaupa undir bagga. Þær eru upp á hvorki meira né minna en 250 millj. kr. skuldbindingar ríkisins, sem það hefur tekið á sig nú í byrjun þessa árs, eingöngu vegna verðfalls á sjávarafurðum erlendis, bæði til að koma til móts við fiskimennina og þá, sem afla bolfiskjarins, með fiskverðshækkuninni, sem ekki var grundvöllur fyrir, vegna þess að það hafði orðið lækkun á sjávarafurðum erlendis og sömuleiðis vegna hinnar miklu lækkunar, sem varð á frystu fiskinum, og ætlað er, að muni kosta þjóðfélagið um 140 millj. kr., en fiskverðshækkunin um 100 millj kr. Ég tel, að þessar greiðslur séu rétthærri og nauðsynlegri en nokkrar aðrar fyrirgreiðslur við atvinnurekstrinn, því að hér snertir það útflutningsatvinnuvegina, og þess vegna hefur verið tekið myndarlega á þessum málum, og það þolir engan samanburð við nokkra aðra starfsgrein í þjóðfélaginu, því að allar aðrar starfsgreinir standa og falla með því, að sjávarútvegurinn fái staðizt og geti gengið með eðlilegum hætti. Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég vona, að ég hafi sýnt hv. 5. þm. Reykv. og öðrum hv. þm. fram á það, að mín skoðun í þessu veiðarfæramáli er óbreytt, en það eru samningar, sem hér hafa átt sér stað, sem ég ætla að standa við með því að greiða þessu frv. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal nú ekki stofna til neinna meiri yfinga um þetta mál en ástæða er til. Sannleikurinn er sá, að ég hef haft töluverðar áhyggjur af þessu veiðarfæramáli. Ég dreg enga dul á það, en það eru líka fleiri, sem hafa haft áhyggjur af veiðarfæraiðnaðinum í landinu en ég, sem hafa verið í ráðherrastóli, og sannast að segja er því miður þá sögu að segja, að hvert fyrirtækið á fætur öðru hefur gefizt upp, sem hefur stundað þennan veiðarfæraiðnað, eins og hv. þm. er kunnugt um. Nú er þetta mál í því formi, að ég hef ástæðu til þess að ætla, að því sé tryggður framgangur hér í þinginu, og mér þykir vænt um það, að hv. þm., sem áður lýstu áhyggjum sínum yfir álögum, sem hér var lagt til, að lagðar yrðu á útveginn, hafa fallizt á málið í því formi, sem það núna er. Það er mjög mikill misskilningur hjá hv. 5. þm. Reykv., að þetta mál sé borið fram aðeins til þess að styðja við bakið á einu fyrirtæki, Hampiðjunni, eins og hann komst að orði. Það vakir fyrir okkur í ríkisstj. að reyna að stuðla að því, að hér komist upp öflugur veiðarfæraiðnaður almennt í landinu. Það er hins vegar rétt, að það er núna aðeins eitt fyrirtæki, sem stundar þessa atvinnugrein, svo að nokkru nemi a. m. k., en til þess að undirstrika áform og vilja ríkisstj. í þessu efni, hef ég, í samráði við mína starfsbræður í stjórninni, skipað 4 manna n. til þess að halda áfram frekari könnun á veiðarfæraiðnaðinum hér á landi og annars staðar með það fyrir augum að komast að niðurstöðu um það, hvernig stendur á því, að aðrar þjóðir geta haldið uppi öflugum veiðarfæraiðnaði og keppt við okkur, og hvernig stendur á því, að okkur heppnast ekki að reka hér þann iðnað í landinu, sem þó í raun og veru virðist augljóst,

að sætti að vera auðvelt að reka, vegna þess stóra markaðar, sem veiðarfæraiðnaðurinn hefur hér á landi. Í þessari 4 manna n. eiga sæti forstjóri Iðnaðarmálastofnunar Íslands, einn deildarstj. í iðnmrn., skrifstofustj. Fiskifélags Íslands og fulltrúi L.Í.Ú. Þessum 4 mönnum hef ég falið, fyrir hönd ríkisstj., að halda áfram að kanna þetta mál betur en gert hefur verið, og þó hefur þetta mál verið kannað töluvert miklu meir en oft áður hefur átt sér stað.

Eins og kunnugt er, var sérstakri n. falið að kanna ástand veiðarfæraiðnaðarins í landinu, og ég held, að þm. séu vel kunnar niðurstöður þeirrar n. Hér verður haldið áfram, og ég hef nýlega lagt fyrir þessa aðila að kynna sér til hlítar ástand þessarar atvinnugreinar hjá samkeppnisþjóðum okkar, eins og Portúgölum, Japönum, Norðmönnum og fleiri aðilum, þannig að við getum fengið, þm. og aðrir, viðhlítandi upplýsingar um það, í hverju þeir erfiðleikar, sem þessi atvinnugrein hefur átt við að búa hérlendis, eru fólgnir.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég veit það, og það kom í raun og veru fram við 1. umr. þessa máls, að allir hv. þm. hafa fullan áhuga fyrir því, að veiðarfæraiðnaður í landinu geti eflzt. En við höfum mismunandi skoðanir á því, hvernig það mætti verða. Ég vonast til, að þetta frv. verði a. m. k. til þess að viðhalda þessari einu veiðarfæragerð, sem hér er, en það er miklu viðtækara, eins og ég sagði áðan, því að efni málsins er það að styðja og örva til veiðarfæraiðnaðar í landinu, ekki aðeins þessa einu veiðarfæragerð, sem fyrir er, heldur skapa möguleika til þess, að aðrir geti fengið áhuga fyrir slíkum iðnrekstri, og sjálfur hef ég mikinn áhuga fyrir því, að það gætu komizt upp í landinu á ný fleiri veiðarfæragerðir. Það er að vísu rétt, að þarna er lagt dálítið gjald á útveginn. Það hefur þó verið dregið úr því til helminga, frá því sem upphaflega var ráðgert. Ég hef sjálfur þá skoðun, að það muni ekki hafa veruleg áhrif á verðlag veiðarfæra, vegna þeirrar miklu samkeppni, sem er í þessari atvinnugrein, frá þeim aðilum, sem selja okkur veiðarfærin, og það er líka komið til móts við þá menn, sem töldu rétt, að það kæmi einhvers staðar annars staðar frá eitthvert framlag. Ég hef fengið þarna 11,6 millj. kr. stofnframlag í þessa veiðarfæradeild í iðnlánasjóði, og það eru nokkrar tekjur, sem koma frá vöxtum og afborgunum af þessu. Jafnframt er gert ráð fyrir því, ef þurfa þykir, að heimilt sé að útvega lán til þess að hjálpa mönnum, sem vilja reyna að koma þessari iðngrein á meiri rekspöl en verið hefur fram til þessa. Ég veit, að ýmsir menn hafa lagt sig í líma við það að sætta mismunandi sjónarmið. Það hefur verið svolitill ágreiningur á milli ýmissa iðnrekenda, útvegsmanna og annarra í þessu. Það er mín ósk, að það sé hægt að koma á betra samkomulagi og meiri skilningi en verið hefur í þessu efni, og ég held, að þetta frv. geti skapað grundvöll til þess. Og ég vildi mega vona það, að við þyrftum ekki að efna til frekari ágreinings en orðinn er í þessu máli, því að í aðalatriðum held ég, að við hljótum að vera sammála um það, að það er auðvitað mjög mikils virði fyrir okkur Íslendinga að geta rekið okkar veiðarfæraiðnað þannig, að hvert fyrirtækið á fætur öðru þurfi ekki að gefast upp, og reyna að halda í horfinu við þá samkeppni, sem við þurfum að horfast í augu við frá öðrum þjóðum.

Frsm. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég komst víst þannig að orði hér áðan, að það hefði sín áhrif, þegar ráðh. færi með stjórnarþm. út í horn og ræddi við hann afsíðis, og ég held, að ég hafi nú fengið fullkomna sönnun fyrir þessu strax eftir að ég lét þessi ummæli falla, því að þeir þm., sem minnast hinnar skeleggu ræðu, sem 11. landsk. þm. flutti hér, þegar veiðarfærafrv. var til umr. á sínum tíma, og bera hana svo saman við þá ræðu, sem hann flutti hér áðan, hljóta að sannfærast um það, að það sem ég hef sagt um ráðherra og stjórnarþm., hafi við fullkomin rök að styðjast, því að ég man ekki eftir því, að það hafi verið öllu meiri vindur í þm. en hv. 11. þm. landsk., þegar hann reis upp og fór að mótmæla veiðarfæraskattinum, sem fólst í upphaflega frv. ríkisstj. Hann talaði þá mjög kröftuglega, og það svo kröftuglega, að margir þingbræður hans urðu hrifnir af honum, og einn meira að segja svo hrifinn, að hann flutti um hann á eftir mikla hólræðu í ríkisútvarpið og sagði, að það væri þó a. m. k. einn stjórnarþm. á Alþ., sem þyrði að standa uppi í hárinu á ráðh. Og mér er ekki grunlaust um, að þetta hól hafi átt sinn þátt í því, að Þorvaldur Garðar féll frá fundinum á Ísafirði, eins og frægt er orðið. Nú er Þorvaldur fallinn og ráðh. búinn að tala við þm., og þá kemur hann hér upp sem ljúfur og beygður maður, og ákaflega hógvær, eins og hann var hér áðan. Það sem hann hafði að gera hér upp í pontuna var eiginlega að rekja sína eigin píslarsögu, sem var í stuttu máli á þann veg, — jú, það er alveg rétt, að hann hafði talað skeleggilega á móti 2% veiðarfæraskattinum, — að hann hefði svarið og sárt við lagt, að hann skyldi sjá um það, að slíkur skattur skyldi aldrei ná fram að ganga, en ríkisstj. var nú heldur ekki ráðalaus til að beygja þennan óþekka þm., því að það, sem hún gerði næst, var að setja innflutningshöft á veiðarfærin. Þá var nú þannig komið, að hans dómi, að hann þurfti að fara að semja, og út úr því kom það, að ríkisstj. fékk hann til að fallast á 1% veiðarfæraskatt eða svona 4—5 millj. kr. álag á útgerðina. Ég held, að hv. þm. hefði farið allt öðruvísi að, ef hann hefði verið trúr og sannur fulltrúi fyrir þennan atvinnuveg, sem hann telur sig bera fyrir brjósti. Ég held, að hann hefði blátt áfram sagt það og staðið við það, að afkomu sjávarútvegsins væri nú þannig komið, að það væri ekki undir neinum kringumstæðum rétt að bæta á hann nýjum pinklum. Og ég held, að ef hann hefði nú bara

staðið eins fast í ístaðinu og ráðh. og ekki látið undan síga, hefði það orðið ríkisstj., sem hefði bognað, en ekki hann. Ég er ekki farinn að sjá það, ef þessi hv. þm. og einhverjir af hans flokksbræðrum hefðu haldið fast við þá afstöðu, sem þeir höfðu hér upphaflega í þinginu, að ríkisstj. hefði treyst sér til þess nú fyrir kosningarnar, að leggja þennan skatt á, í andstöðu við sína stuðningsmenn, hún hefði heldur ekki getað gert það, vegna þess að hún hefði ekki haft fylgi til þess. Og ég er alveg sannfærður um það, að ef þeir hefðu tekið nógu öfluglega í taumana, þegar innflutningshöftin voru lögð á veiðarfærin, hefðu þeir líka getað fengið þau felld niður, ef þeir hefðu bara staðið sig jafn hraustlega og ráðh. hafa gert í þessari viðureign við þá. Þeirra afstaða er vissulega sú, þeirra manna, sem eru fulltrúar fyrir sjávarútveginn nú, að þeir eiga ekki að þurfa að semja neitt um það, að það eigi að leggja skatt á þennan atvinnuveg, vegna þess að það er ekkert annað en fjarstæða og rangindi að halda slíku fram. Á hallarekinn atvinnuveg á ekki að leggja nýja skatta.

Hv. þm. talaði mjög fagurlega um það, að það mundi allt standa og falla með sjávarútveginum, og það er talsvert mikið rétt í því, en því aðeins verður sjávarútveginum haldið uppi og hann fær um að gegna því mikilvæga hlutverki, sem hann hefur í þjóðfélaginu, að þeir menn, sem sérstaklega telja sig valda til að vera forsvarsmenn hans, haldi fast á málum og bogni ekki, eins og hv. þm. hefur gert í þessu máli. Því að hans afstaða er vissulega þannig, og afstaða sjávarútvegsins er þannig, að þeir eiga ekki að þurfa að semja um að lagðir séu á hann neinir nýir skattar. Ef þeir standa nógu traustlega á verði gegn ríkisstj., sem vill leggja slíka skatta á, þá verða þeir ekki látnir ná fram að ganga. En það, sem hér hefur gerzt, er það, að með því að ráðh. hafa tekið þessa óþekku stjórnarþm. út í horn, hafa þeir vikið frá sinni upphaflegu afstöðu og ríkisstj. komið fram mestu af því, sem hún ætlaðist til með sínu upphaflega frv. Og niðurstaðan verður sú, að enn þá verður einum pinklinum bætt á sjávarútveginn til viðbótar. Og þess vegna var það líka ákaflega auðskiljanlegt, að hv. þm., sem var hér fullur af vindi fyrir 4—5 mán. síðan, þegar verið var að mótmæla þessum skatti upphaflega, var núna bljúgur og sagðist hafa þurft að semja. En sannleikurinn var bara sá, að þm. hafði slíkan málstað, að hann þurfti ekki neitt að semja. Og ég vildi að lokum segja það, að þessi hv. þm. þarf að öðlast þann skilning á afstöðu sjávarútvegsins og standa þar svo fast á verði fyrir hann, að í slíkum málum á hann ekki að vera að hugsa neitt um það að semja, heldur halda málstaðnum fram til hins ýtrasta, og þá getur hann verið viss um það, að þeir, sem á móti standa, láta undan, og það er aðeins með þessum eina hætti, sem hægt er að tryggja sjávarútveginum í framtíðinni þá aðstöðu, sem hann vissulega á að njóta.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. var eitthvað að tala um hina mjög svo miður skeleggu baráttu sjávarútvegsmanna hér á þingi áðan. Honum hættir til, eins og öðrum flokksbróður hans hér fyrr í vetur, að líta á okkur, sem erum í stjórn L.Í.Ú., eins og við séum fulltrúar L.Í.Ú. hér á þingi. En við erum ekki kjörnir á þing sem slíkir. Ég tók ekki til máls í sambandi við till. um veiðarfæraskattsfrv., sem lagt var fram hér í vetur. Þar var lagt til, að 2% skattur yrði lagður á veiðarfæra-innflutning. Vegna skrifa Tímans var ljóst, að ég væri á móti honum, þó talaði ég ekki í málinu. Tíminn var eina blaðið, sem sagði það. Það er vissulega fagnaðarefni, að dagblaðið Tíminn, sem hv. þm. er ritstj. við, hefur núna á undanförnum árum sýnt málefnum útvegsins meiri áhuga en það gerði áður. Það þarf ekki að fara lengra aftur en til haustsins 1963, þegar þetta virðulega blað minntist ekki á setningu aðalfundar L.Í.Ú., fyrr en eftir að ég hafði hnippt í sessunaut minn, hv. 1. þm. Austf., um að svo lítla virðingu sýndi þetta blað þessum samtökum, að þeir segðu ekki einu sinni frá setningu landsfundar þeirra. En sleppum þessu. Þó vil ég segja það, að það má fagna því, þegar málgögn fara að ræða áhugamál útvegsins, en það væri óskandi, að það yrði jákvæðara en það hefur verið oft og iðulega núna á s. l. vetri í málgagni framsóknarmanna. Í gær sagði hv. 5. þm. Reykv., að nú kæmi tollurinn til afgreiðslu, en ekkert svar hefði borizt frá L.Í.Ú. Ég sagði honum utan þingfundar, að ég mundi svara því við umr., hver afstaða stjórnar L.Í.Ú. er í þessu máli. Að ég tók ekki fyrr til máls, var vegna þess, að ég var ekki með bréfið með mér, en hef nú fengið það í mínar hendur, og í því sambandi vil ég segja, að það, sem stjórn L.Í.Ú. gerir, telur hún ástæðu til að láta sína meðlimi vita, og svarar fyrir þær aðgerðir á þeirra málþingum. Þegar hv. 5. þm. Reykv. er orðinn útvegsmaður, skal hann fá að heyra öll rök, og allt það, sem þar gerist, en vegna þess, að hann saknaði þess í sinni ræðu, að ekkert hefði heyrzt frá L.Í.Ú., vil ég hér lesa upp umburðarbréf, sem sent var öllum útvegsmannafélögum af stjórn L.Í.Ú. hinn 15. febrúar s. l., en það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og yður er kunnugt, flutti ríkisstj. frv. til l. á Alþ. í haust um 2% verðjöfnunartoll á veiðarfærum. Frv. þessu var harðlega mótmælt af flestum útvegsmannafélögum og aðalfundi L.Í.Ú. Þann 11. jan. s. l. gaf viðskmrn. út tilkynningu um frekari takmarkanir á innflutningi veiðarfæra en áður höfðu gilt. Innflutningur á köðlum, sem áður var 600 lestir, var takmarkaður við 400 lestir, innflutningur á fiskilínum var takmarkaður við 80 lestir, innflutningur á botnvörpu var takmarkaður við 40 lestir og innflutningur á garni í botnvörpur var bannaður. Takmarkanir þessar hafa verið að koma til framkvæmda undanfarnar vikur, og hafa ekki fengizt leyfi fyrir öllu því, sem sótt hefur verið um. Stjórn L.Í.Ú. kaus 3 manna n.

til þess að ræða þessi mál við ríkisstj. og skilaði hún áliti á fundi stjórnar L.Í.Ú. 9. þ. m. Með tilliti til þeirra viðræðna, sem n. átti við iðnmrh., samþykkti stjórn L.Í.Ú. með shlj. atkv. að falla frá mótmælum frá sinni hendi, að lagt verði 1% verðjöfnunargjald á innflutt veiðarfæri í eftirtöldum tollnr.," og hér eru talin upp sömu tollnúmer og eru í frv. á þskj. 356, en áfram segir í bréfinu: „Samþykkt þessi byggist á, að þau veiðarfæri, sem nú eru háð innflutningsleyfum, verði gefin frjáls og sett á frílista. Enn fremur að hér sé ekki um fordæmi að ræða gagnvart öðrum iðngreinum. Vér viljum vekja athygli á, að nú er ½% leyfisgjald á veiðarfærum, sem eru háð innflutningsleyfum, sem mun falla niður, ef þau verða sett á frílista. Stjórn L.Í.Ú. taldi rétt að skýra yður frá þessari samþykkt sinni." Og til viðbótar vil ég segja það, að frá útvegsmannafélögunum hafa ekki borizt nein mótmæli við þessari samþ. L.Í.Ú., og þó að ég sé í sjálfu sér ekki bundinn þessu hér, er það mín ákvörðun að fylgja því frv., sem hér liggur fyrir, enda samningar þar um, eins og hv. 11. landsk. þm. benti á. En ég vil benda á, að breytingin er ekki nema ½%. Ef farið væri inn á leyfaveitingar, eins og hv. framsóknarmenn eru svo mjög hrifnir af, væri ½% gjald tekið af veiðarfærum, sem ekki rynni í þennan sjóð, heldur til bankanna. Þetta er raunverulega breytingin í sambandi við tollinn, ekki nema ½%. En auk þess er allt annar svipur á málinu við stofnun þessa sjóðs, sem hér er um að ræða, og eins og hæstv. iðnmrh. sagði áðan, er þetta upphaf að auknum veiðarfæraiðnaði í landinu, sem vissulega væri mikið fagnaðarefni að gæti aukizt og blómgazt, því að með þeirri miklu veiðarfæranotkun, sem er landsmönnum nauðsyn, væri æskilegt að veiðarfæraiðnaður gæti aukizt verulega í landinu.

ATKVGR.

Brtt. 437,1 felld með 16:14 atkv.

1. tölul. 1. gr. samþ. með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, SÁ, SI, SvJ, AJ, BF, DÓ, EmJ, GuðlG, JÍ, GÞG, SB.

nei: HS, IG, JSk, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÓskJ, EðS, EOl, EystJ, GíslG, HÁ.

10 þm. (JR, LJós, ÓL, PS, RA, BGr, BBen, BP, EÁ, GeirG) fjarstaddir.

1. gr. að undanskildum 1. tölul. samþ. með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, SÁ, SI, SvJ, AJ, BF, DÓ, EmJ, GuðlG, JÍ, GÞG, SB.

nei: HÁ, HS, IG, JSk, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÓskJ, EðS, EOl, EystJ, GíslG.

10 þm. (JR, LJós, ÓL, PS, RA, BGr, BBen, BP, EÁ, GeirG) fjarstaddir.

Brtt. 437,2 tekin aftur.

2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BF, DÓ, EmJ, GuðlG, JÍ, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, SÁ, SI, SvJ, AJ, SB.

ÁÞ, ÓskJ, EðS, EOl, EystJ, GíslG, HÁ, HS, IG, SE, SkG, ÞÞ greiddu ekki atkv.

12 þm. (BGr, BBen, BP, EÁ, GeirG, HV, JSk, JR, LJós, ÓL, PS, RA) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26:10 atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., 13. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 64. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Á öndverðu þingi bar ríkisstj. fram frv. um innflutningsgjald af veiðarfærum eða verðjöfnunargjald, eins og það var kallað, og um það frv. var nokkur ágreiningur í Nd. Þetta frv. er svo fram borið til þess að koma í stað hins fyrra frv., og hef ég leitað samkomulags og samráðs um það við þm. og vænti þess því, að um afgreiðslu þessa máls geti orðið gott samkomulag í þinginu, í þessari hv. d. eins og Nd., m. a. vegna þess, að þó að ágreiningur væri um verðjöfnunargjaldið á veiðarfærunum, þá kom það fram frá þm. úr öllum flokkum, í umr. í Nd., að menn hefðu allir áhuga fyrir því að styrkja veiðarfæraiðnað í landinu. Nú er málið í því formi, að þar sem áður var gert ráð fyrir, að gjaldið skyldi verða 2% af tollverði hinna innfluttu veiðarfæra, þá er það í þessu frv. lækkað niður í 1%, en að formi til er það líka með öðrum hætti, því að gert er ráð fyrir sérstakri veiðarfæradeild í iðnlánasjóði, og þá er gert ráð fyrir að tekjur þessarar lánadeildar verði þetta 1% gjald og framlög, sem veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt, eins og vextir af stofnfé, en stofnfé með þessari deild er tilskilið frá ríkinu skuldabréf Síldarverksmiðja ríkisins, dags. 6. desember 1962, að eftirstöðvum 11,6 millj. kr. Svo er iðnlánasjóði, sem hefur þá með þessi mál að gera, heimilt, með fullu samþykki ríkisstj., að taka allt að 10 millj. kr. lán til starfsemi lánadeildar og veiðarfæraiðnaðar, og er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast slík lán. Meginhugsun bak við þetta frv. er ekki eingöngu það að styðja þá einu veiðarfæragerð, sem nú er starfandi hér í landinu, a. m. k. svo að nokkru nemi, heldur að reyna að leggja grundvöll að því, að komið verði á fót víðtækari veiðarfæraiðnaði, og þá verði veitt úr þessari lánadeild iðnlánasjóðsins til þess, annaðhvort beinlínis styrkir eða þá lán með mjög hagkvæmum kjörum,

eins og fram kemur í þessu frv. Ég vil láta þess getið, að ég hef skipað 4 menn til þess að halda áfram rannsóknum á því, hvaða meginorsakir liggja til þess að veiðarfæraiðnaður hefur átt svo erfitt uppdráttar hér á landi, en blómstrað á sama tíma í ýmsum nálægum löndum, sem við okkur keppa á þessum markaði, t. d. Portúgal, Danmörku o. fl. Fljótt á litið virðist einmitt, að hinn stóri veiðarfæramarkaður hér á landi ætti að gefa okkur betri aðstöðu en á öðrum sviðum iðnaðar til þess að reka hér veigamiklar og sterkar veiðarfæragerðir. Þessir 4 menn eru forstj. Iðnaðarmálastofnunarinnar, deildarstjóri í iðnmrn., fulltrúi frá Fiskifélagi Íslands og frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Í sérstakri nefnd hefur þegar farið fram veruleg athugun á veiðarfæraiðnaði á Íslandi, sögu hans og hvernig honum hefur reitt af, sem hv. þm. er kunnugt um, en ég ætlast til þess, að þessir menn reyni að halda áfram að kynna sér veiðarfæraiðnaðinn í öðrum löndum og leggja þá fyrir, á grundvelli framhaldsrannsókna, þegar tími hefur unnizt til, till. um það, hvort hér séð ráðlegt að hefjast handa í stórum stíl um veiðarfæragerðir til þess að fullnægja markaði okkar Íslendinga að verulegu leyti og e. t. v. svo að við getum orðið þess umkomnir að keppa á erlendum markaði, þessi mikla fiskveiðiþjóð með erlend veiðarfæri, ef svo ber undir. Það er tilgangurinn með störfum þessara manna, og þetta verður þeirra rannsóknarefni í framhaldi af þeim athugunum, sem áður hafa farið fram. Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en leyfi mér að vænta afgreiðslu málsins nú, sem vitanlega er orðið nauðsynlegt, þó að komið sé fram á elleftu stundu um þingstörfin, og vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 356, n. 547 og 548).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. um Iðnlánasjóð frá 3. apríl 1963 hefur verið til athugunar í iðnn. Nefndin gat ekki sameinazt um að mæla með frv., en meiri hluti hennar mælir með, að það sé samþ. óbreytt og skilar áliti á þskj. 547. Minni hluti skilar séráliti og ber fram brtt. á sérstöku þskj.

Í byrjun yfirstandandi þings lagði hæstv. iðnmrh. fram frv. í hv. Nd. um 2% gjald á innflutt veiðarfæri. Gjald þetta skyldi vera til verðjöfnunar, þannig að innlendur veiðarfæraiðnaður gæti staðizt þá hörðu samkeppni, sem honum er búin, sérstaklega frá Portúgal, en þar eru vinnulaun aðeins brot af vinnulaunum hér á landi. Svo furðulegt sem það er, þá sá þetta frv. ekki dagsins ljós úr svokallaðri veiðarfæranefnd, sem var sérstaklega kosin til að fjalla um málið. Hins vegar hefur hæstv. iðnmrh. nú lagt fram frv. það, sem hér um ræðir og koma á ísl. veiðarfæraiðnaði að sama gagni. Er því ætlað að gera honum kleift, að halda áfram eðlilegri starfrækslu, og til frekari uppbyggingar. Frv. þetta gerir ráð fyrir, að 1% gjald sé lagt á innflutning veiðarfæra, sem nánar er tilgreint í frv. Skal þessi fjárhæð ganga til sjóðs, sem stofnaður verði við iðnlánasjóð, lánadeild veiðarfæraiðnaðar. Skv. frv. leggur ríkissjóður þessari lánadeild í byrjun 11,6 millj. kr. Einnig er iðnlánasjóði heimiluð lántaka til deildarinnar, 10 millj. kr. með ábyrgð ríkisstj. Þá er gert ráð fyrir, að deildinni kunni að verða veitt frekara fé úr ríkissjóði. Tilgangur þessa sjóðs er sá, að styrkja þann litla vísi að veiðarfæragerð, sem enn er til í landinu, þannig að veiðarfæraiðnaður leggist hér ekki niður. Einnig er frv. ætlað að styðja uppbyggingu ísl. veiðarfæraiðnaðar almennt. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. iðnmrh., sem hann gaf í þessari hv. þd. við 1. umr. málsins s. l. föstudag, en þar kom fram, að hann hefur skipað 4 manna n. til að rannsaka orsakir þess, innanlands og erlendis, hvers vegna þessi grein ísl. iðnaðar á svo erfitt uppdráttar hér á landi, þrátt fyrir geysimikla notkun okkar á veiðarfærum. Frv. það, sem hér um ræðir, getur orðið grundvöllur þess, að hér á landi rísi upp þróttmikil atvinnugrein, veiðarfæragerð, sem ekki aðeins geti fullnægt ísl. útgerð, heldur einnig framleitt veiðarfæri til útflutnings. Þar sem ég er nátengdur ísl. iðnaði, fagna ég þessu frv., ekki aðeins vegna þessarar lagasetningar, heldur miklu fremur þeirrar óbeinu yfirlýsingar, sem felst í frv. og þeim yfirlýsingum, sem hæstv. iðnmrh. hefur gefið við umr. málsins, að ríkisstj. sé ákveðin í að stuðla að uppbyggingu ísl. veiðarfæraiðnaðar. Þess ber að vænta, að þetta frv. sé upphaf, en ekki endir þeirrar sóknar í iðnaðarmálum þjóðarinnar. Hér liggur fyrir nál. minni hluta iðnn. um frv. þetta. Þar eru sett fram sömu sjónarmið og fram koma í minni hluta áliti hæstv. iðnn. Nd. Þar er verið að fleyga inn í þetta sérstaka veiðarfæramál, sem nú er orðið alllangsótt hér á hæstv. Alþ., önnur iðnaðarsjónarmið, sem fyrirfram er sýnilegt að yrðu til að drepa þetta nauðsynlega mál.

Það yrði of langt mál að rekja hér, hvers vegna svo ambögulega hefur tekizt með veiðarfæragerð hér á landi, svo ekki sé minnzt á tilraunir Skúla með Innréttingunum um 1750, sem drepnar voru af erlendu kaupmannavaldi. Það er „sorgarkapituli" í sögu verkmenningar á Íslandi. Íslenzk veiðarfæragerð nú á dögum er önnur sorgarsagan. Því ber ekki að leyna, að

þar eiga hlut að máli erlendir veiðarfæraframleiðendur, innlendir kaupahéðnar og útgerðin, innlendu neytendurnir. Það er sannarlega kominn tími til að snúa við og huga betur að því, sem innlent er. Það kynni að fara svo, fyrr en varir, að það þætti ekki varhugavert að framleiða veiðarfæri á Íslandi til nota fyrir ísl. útgerð og til útflutnings.

Ég vænti þess, að hv. Alþ. beri gæfu til að samþ. frv. það, sem hér liggur fyrir, til stuðnings ísl. veiðarfæragerð.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hlutans gat um, var hér í upphafi þessa þings lagt fram stjfrv. á þskj. nr. 25, frv. um verðjöfnunargjald á veiðarfærum. Það frv. gerði ráð fyrir því, að lagt yrði á verðjöfnunargjald, 2% af tollverði innfluttra veiðarfæra, sem lagt yrði í sérstakan verðjöfnunarsjóð veiðarfæra og því fé sjóðsins varið til eflingar veiðarfæraiðnaðar í landinu. Það kom strax í ljós við 1. umr. þessa máls í hv. Nd., að þessar hugmyndir um skattlagningu sjávarútvegsins til stuðnings veiðarfæraiðnaðinum mættu mikilli andspyrnu, ekki bara hjá stjórnarandstöðunni, heldur einnig hjá drjúgum hópi áhrifamikilla stuðningsmanna hæstv. ríkisstj. Því frv. var vísað til sérstakrar n. og hefur ekki þaðan komið. Nú var hins vegar fyrir nokkru lagt fram annað frv. í hv. Nd., það, sem hér er til meðferðar. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að stofnuð sé sérstök deild í iðnlánasjóði til þess að annast það hlutverk að efla og styrkja innlendan veiðarfæraiðnað. Þetta frv. gerir enn ráð fyrir því, að lagt sé gjald á innflutt veiðarfæri, en nú helmingi lægra en í hinu fyrra frv., og auk þess gerir þetta frv. ráð fyrir því, að ríkisstj. leggi þessari starfsemi til skuldabréf, að upphæð 11,6 millj. kr. — Þetta er ekki lagt fram í reiðufé, eins og skilja mátti á máli hv. frsm. meiri hluta, heldur í skuldabréfum og er því ekki handbært um sinn. En eigi að síður er hér að sjálfsögðu um mikla breyt. til batnaðar að ræða frá því, sem var í frv. hið fyrra sinn.

Um það eru ekki skiptar skoðanir, að nauðsynlegt sé að efla og styrkja innlendan veiðarfæraiðnað þannig, að hann geti haldið áfram að starfa í landinu. Það er svo þýðingarmikið, að allir sjá og skilja það, að við, sem byggjum afkomu okkar svo mjög á fiskveiðum, hljótum að sækjast mjög eftir því, að hér í landinu sé starfrækt heilbrigð og eðlileg veiðarfæraframleiðsla. Þess eru dæmi úr sögu liðinna áratuga, að við höfum ekki getað fengið keypt veiðarfæri annars staðar frá, og það var fyrir nokkrum dögum rifjað upp af fiskimálastjóra í viðtali við útvarpið, að á stríðsárunum kom í ljós, hversu nauðsynlegt það er, að hér á landi séu framleidd veiðarfæri. Um það eru þess vegna ekki skiptar skoðanir.

En um leið og það er hugleitt, hvernig staða veiðarfæraiðnaðarins er í landinu nú um þessar mundir, hlýtur mönnum að koma í hug, að fleiri iðngreinar, sem hér starfa við litla tollvernd, eða framleiða hér vörur til útflutnings, eiga við mjög svipaða erfiðleika að etja og veiðarfæragerðir. Þess eru dæmi nú á seinustu árum, að fyrirtæki, sem hafði tekizt að koma vörum sínum á erl. markaði, hafa orðið að hætta útflutningi, vegna þess hvernig framleiðslukostnaðurinn í landinu hefur þróazt á undanförnum árum. Af þessum sökum teljum við í minni hluta n. eðlilegt, en í honum eru ásamt mér hv. 1. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Reykn., að um leið og gerðar eru ráðstafanir til stuðnings veiðarfæraiðnaðinum, sé ekki öðrum iðngreinum gleymt, heldur sé gert ráð fyrir því, að sá sjóður, sem hér er um að ræða, geti haft fleiri hlutverk en það eitt að styðja og efla veiðarfæraiðnaðinn, sem við þó að sjálfsögðu erum sammála um, að sé eðlilegt verkefni hans nú, eins og sakir standa. Við flytjum þess vegna brtt. um það, að stofnaður verði í iðnlánasjóðnum verðtryggingarsjóður iðnaðarins, sem hafi þann tilgang að efla og styrkja iðnað, sem selur framleiðslu sína á erlendum markaði eða keppir án verulegrar tollverndar við erlenda framleiðslu á innlendum markaði. Brtt. gera svo ráð fyrir því, að iðnmrh. setji með reglugerð, að fengnum till. iðnþróunarráðs, nánari ákvæði um starfsemi verðtryggingarsjóðs iðnaðarins. Í reglugerð skuli ákveða, eftir hvaða reglum styrkir og vaxtalaus framlög skuli veitt iðnaðarfyrirtækjum, sem hlut eiga að máli eða til greina koma, og eru þau ákvæði hliðstæð því, sem er í frv., eins og það liggur fyrir.

Við teljum enn fremur óeðlilegt, að þessum sjóði sé aflað tekna með því að leggja gjald á veiðarfæri, gjald sem þannig yrði að borgast af sjávarútveginum, sem þegar býr á flestum sviðum við hallarekstur, af nákvæmlega sömu ástæðum og iðnaðarfyrirtækin eiga í erfiðleikum. Og sjávarútvegurinn er ekki aðeins rekinn með halla á fjölmörgum sviðum, heldur beinlínis haldið gangandi með fjártilfærslum á vegum hins opinbera. Þess vegna teljum við óeðlilegt, að fjár sé aflað með því að skattleggja þennan atvinnuveg, en við teljum eðlilegt, að fjár til þessa sjóðs sé aflað með svipuðum hætti og gert var til verðtryggingarsjóðs hraðfrystiiðnaðarins, með því að leggja honum til fé af greiðsluafgangi ársins 1966 og gerum við till. um það í okkar brtt. Það kom fram í umr. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins hér fyrir páskana, að það var ekki talið óeðlilegt að nota greiðsluafgang til sjóðstofnunar af þessu tagi, þótt hv. alþm. stjórnarflokkanna hafi nú ekki verið hrifnir af því að ráðstafa greiðsluafgangi svona yfirleitt. En hér teljum við, að sé um nokkra hliðstæðu að ræða, sem geri þessa ráðstöfun eðlilega. Mér eru næsta óskiljanleg ummæli hv. frsm. meiri hlutans, sem hann lét falla hér í ræðu sinni áðan, þar sem hann sagði eitthvað á þá leið, að till. okkar gerðu ráð fyrir að fleyga inn í þetta mál önnur málefni iðnaðarins, sem

sýnilega mundu drepa þetta mál. Hér hlýt ég að gefast upp við að skilja hv. frsm. meiri hlutans. Hér leggjum við, eins og í öðrum hliðstæðum málum fram brtt. okkar, sem við teljum eðlilegar, og ef hv. meiri hluti þm. hér í þessari d. treystir sér ekki til að samþykkja þær, sem yrðu mér að vísu vonbrigði, þá væntanlega fellir hann þær, og þá samþykkir hann sitt frv. Ef hv. meiri hluti á hinn bóginn fellst á okkar skoðun, yrði frv. breytt til samræmis við það og hvernig flutningur okkar á þessum till. geti verið fleygur inn í þetta mál til þess að drepa það, er mér alveg óskiljanlegt. Og ef hv. frsm. meiri hlutans vill láta skilja sig, er ég hræddur um að hann þurfi að skýra það sjónarmið eitthvað betur.

Ég legg svo til, herra forseti, að þetta frv. verði samþ. breytt, eins og við leggjum til á þskj. 548.

ATKVGR.
Brtt. 548,1 felld með 10:7 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 548,2 tekin aftur.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Abrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, FS, US, MJ, ÓB, SvG, AuA, BGuðm, SÓÓ.

GilsG, HB, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, ÁB greiddu ekki atkv.

4 þm. (JÁ, ÞK, AG, BJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 586).

---

35. Bann gegn botnvörpuveiðum (stjfrv.).

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5 18. maí 1920, sbr. l. nr. 5 29. jan. 1951 og l. nr. 6 17. febr. 1959, um breyt. á þeim l. [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 7. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., 27. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og fram kemur í upphafi aths. við lagafrv. þetta, hefur verið rætt um það á undanförnum þingum, að tímabært væri að endurskoðuð yrðu ýmis atriði laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum. Hv. 5 þm. Austf. hefur á undanförnum þingum flutt frv. til breyt. á þessum lögum, og hafa þau verið til meðferðar bæði í þn. að sjálfsögðu og í dómsmrn. Ýmsar þær till., sem þar voru fram settar, eða meginbreytingarnar, sem hér er lagt til að gerðar verði, og um hefur verið rætt, hafa verið að verulegu leyti mjög lögfræðilegs eðlis og því þurft nokkuð gaumgæfilegrar athugunar. Eins og vitnað er einnig til í aths., afgreiddi sjútvn. Nd. frumvarp hv. 5. þm. Austf. í fyrra með eftirfarandi álitsgerð, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er sameiginlegt álit nefndarinnar, að lög nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum þurfi í heild endurskoðunar við. Enn fremur telur n., að við þá endurskoðun þurfi að taka tillit til þeirra atriða, sem frv. fjallar um, þótt ágreiningur sé hins vegar innan n. um einstakar breytingar, sem frv. hefur inni að halda. Og með hliðsjón af þessu leggur n. til, að frv. verði vísað til ríkisstj. til nánari athugunar í sambandi við heildarendurskoðun laganna, og leggur n. áherzlu á, að málið verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Þetta var úr áliti sjútvn. Í framhaldi af þessu hefur svo þetta frv., sem hér liggur nú fyrir, verið undirbúið og lagt fyrir þingið.

Það má segja, að einkum hafi þótt þörf endurskoðunar á ákvæðum laganna um viðurlög við brotum gegn þeim, og það kemur m. a. fram í áliti saksóknara ríkisins, sem hann lét sjútvn. Nd. í fyrra í té, dags. 26. marz 1965, en þar segir svo með leyfi hæstv. forseta: „Látlaus ásókn veiðiþjófa í fiskveiðilandhelgina virðist bera þess vott, að þau viðurlög, sem nú er beitt við fiskveiðibrotum, séu eigi til nægilegs varnaðar og þess vegna sé eðlilegt að gera þau strangari."

Í 2. gr. þessa frv. eru ákvæði, sem lúta að því að herða viðurlögin við þessum brotum, og þar er að finna veigamestu breytingarnar á lögunum, sem ráðgerðar eru með þessu frv. Þar er lagt til, að lágmark sekta skipa yfir 200 rúml. brúttó hækki um 50%, þ. e. úr 10 þús. í 15 þús. kr., og hér er átt við gullkrónur, en hámarkssekt verði 20 þús. eða 25 þús. kr. eftir stærð skipanna og miðað við 600 rúml. mark. Nú er á það að líta, að þrátt fyrir það, að ákvæði gildandi laga séu þannig, að sektir skuli miðaðar við gullkr. og þessi ákvæði hafi þess vegna tryggt það, að sektirnar hafi fylgt breyttu verðgildi peninganna, þá eru ýmsar aðrar ástæður, sem valda því, að það má teljast eðlilegt, að sektir verði nú hækkaðar. Eftir stækkun fiskveiðilandhelginnar hefur löggæzlan átt við erfiðara og meira viðfangsefni að etja. Það hafa svo komið til stórmiklar breytingar á skipunum, sem stundað hafa veiðarnar.

Þau hafa stækkað og tekið upp miklu veigameiri veiðarfæri og tækniútbúnað og þess vegna eðlilega öðlazt meiri möguleika til fiskveiða á skemmri tíma og freistast kannske fremur til þess, e. t. v. vegna þess að viðurlögin hafa ekki verið nægjanlega ströng, að fara inn í landhelgina á ólöglegan hátt heldur en ella mundi verið hafa.

Þessi hækkun, sem hér er lögð til, ætti að hafa veruleg áhrif í þessu sambandi. Svo er annað vandamál, sem skapazt hefur, þó að það sé ekki algengt. Við höfum dæmi þess, að það getur verið erfitt að koma fram refsiábyrgð gegn skipstjóra, þótt málsástæður geri viðurlögin eðlileg, og um það eru næsta óljós ákvæði í íslenzkum lögum hvernig fara skuli með slík mál. Við höfum um þetta eitt alþekkt dæmi, hið svokallaða Milwood-mál, þegar brezki togarinn Milwood var staðinn að ólöglegum veiðum í landhelgi og veitt eftirför á sínum tíma langt út á haf, en því lauk, eins og menn rekur minni til, með því, að skipstjórinn komst undan, en íslenzka varðskipið færði skipið til hafnar. Varð af þessu allveruleg málaflækja, eins og eðlilegt mátti teljast. Skipstjóranum voru birtar kærur á heimili hans í Skotlandi, ef ég man rétt, en hann sinnti ekki þeirri kröfu að mæta hér fyrir rétti. Það voru niðurstöður Hæstaréttar í því máli, að ekki væri unnt að höfða refsimál á hendur skipstjóranum, þar sem ekki væri hægt eftir okkar lagakerfi að fella dómsúrskurð í slíku máli, án þess að prófa skipstjóra fyrir rétti, en hann var hins vegar ákærður fyrir brot á almennum hegningarlögum og siglingalögum. Hins vegar þótti sýnt, að um brotið gegn fiskveiðum í landhelgi væri hægt að fjalla, og var svo gert og dæmdar sektir í því og gerð upptæk veiðarfæri og togarinn kyrrsettur til tryggingar því, að sektarákvæðum yrði framfylgt. Niðurstöður þess máls urðu þær, að Íslendingar fengu greiddar þær sektir, sem dómur hafði upp kveðið í málinu, en refsimálið gegn skipstjóranum var ekki höfðað. Nú má segja, að þarna hafi að vísu rætzt vel úr. Það lék nokkur vafi á um það, hvort sjálft fiskveiðibrotið yrði tekið fyrir, en íslenzkir dómstólar komust að þeirri niðurstöðu, að svo yrði gert. En hér er farið í þessu frv. inn á nýjar leiðir til þess að taka af öll tvímæli um möguleika til þess að ganga a. m. k. að þeim verðmætum, sem í skipinu kunna að felast, þó að ekki verði höfðað refsimál á hendur skipstjóranum, ef hann af einhverjum ástæðum skyldi komast undan. Þess vegna segir svo í 2. gr.:

„Einnig er heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Og upptöku má einnig beita, þótt ekki hafi verið höfðað refsimál út af broti og þótt refsimáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.“

Í þessu ætti að felast öryggi um það, að alltaf hljóti að vera einhver aðili, sem hægt væri að beina upptökumálinu gegn. Það er að sjálfsögðu almenn regla, þetta um upptökuheimildina fyrir utan refsiákvæðið, að það megi gera upptækt skip eða andvirði þess, en aðalreglan mundi að sjálfsögðu í framkvæmd verða sú, að slík upptökuheimild yrði notuð, ef ekki yrði komið fram refsimáli, og ég hygg, að fyrst og fremst yrði miðað við, hvernig sektarákvæðin eru greind á milli minni og stærri skipa, þar sem um hin stærri skip er að ræða, hina stærri togara, og þá auðvitað fyrst og fremst í þeim tilfellum, sem hætta er á því, að skipstjóri slíkra skipa komist með einhverjum hætti undan, en á því mundi ekki vera talin nein hætta með íslenzka skipstjóra. Inn í lok 2. gr. er svo tekið ákvæði, sem er nokkuð veigamikið. Í lok gr. segir: „Við upptöku skv. 1. mgr. og aðför skv. 3. mgr. fellur niður veðréttur eða aðrar kvaðir, sem hvíla kunna á upptækum verðmætum.“ Nú hygg ég, að íslenzkir dómstólar muni e. t. v. hafa talið sér heimilt að líta svo á, en þó ekki nema með lögskýringaraðferðum, en hér eru tekin af öll tvímæli um það. Um öll þessi lögfræðilegu atriði frumvarpsins hefur aðallega fjallað ráðuneytisstjórinn í dómsmrn., og ráðuneytið hefur einnig haft samráð við Þórð Eyjólfsson fyrrv. hæstaréttardómara þar að lútandi.

Í síðustu gr. er svo gert ráð fyrir því, að ef þetta frv. verður að lögum, skuli fella það inn í meginmál laganna frá 1920 með áorðnum breytingum og gefa þau út að nýju með fyrirsögninni „Lög um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu“. En það hefur áður verið vikið að því í grg. þessa frv., að texti laganna er orðinn nokkuð margsamsettur vegna breytinga, sem smám saman hafa verið á þeim gerðar, og því eðlilegt að gefa þau út að nýju, og þá er jafnframt lagt til, að breytt verði fyrirsögn laganna, og það er vegna þeirrar breytingar, sem varð 1959, er bætt var í lögin banni við veiðum með flotvörpu. En fyrir þann tíma var þetta aðeins bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Ég vildi mega vænta, að með þessu frv. sé komið til móts við þær óskir, sem uppi hafa verið hér á þingi um endurbætur á eldri löggjöf í þessu efni, og að takast megi að ná hér verulegum árangri til varnar gegn þeirri allt of miklu ásókn, sem er á íslenzku landhelgina.

Ég vildi svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið hér í ræðu hæstv. dómsmrh., er þetta frv. um breyt. á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi flutt í beinu framhaldi af frv., sem ég hef flutt hér nokkrum sinnum á Alþ. um þetta sama efni. Till. mínar höfðu aðallega beinzt að því að breyta þrem atriðum í gildandi lögum um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi.

Í fyrsta lagi hafði ég lagt áherzlu á það, að sektarákvæði yrðu hækkuð allverulega frá því, sem verið hefur, og ákvæðunum breytt þannig, að sektarupphæðin yrði mismunandi eftir stærð þeirra skipa, sem í hlut ættu. Ég hef gert till. um, að sektir við brotum skipa, sem væru undir 200 rúml., yrðu óbreyttar. En hins vegar yrðu sektirnar hækkaðar allmikið á stærra flokknum, frá 200 til 600 rúml., og enn þá meira í stærðarflokki þar fyrir ofan. Í þessu frv., sem hér liggur nú fyrir frá hæstv. ríkisstj., er gengið til móts við þetta sjónarmið mitt og fallizt á þessa stærðarskiptingu skipanna, en hins vegar er ekki fallizt á mínar till. um breytingar á sektarákvæðunum. Að vísu er lagt til, að sektirnar verði hækkaðar talsvert, en engan veginn eins mikið og ég hafði lagt til. Ég skal að vísu játa það, að það er alltaf nokkuð vafasamt, hvað á að stíga stór skref í einu í þessum efnum, hvað á að hækka sektirnar mikið. Og það má vel vera, að hækkun sektanna, þó að nokkru væri minni en ég hafði lagt til, kæmi hér að talsverðu gagni, en ég efast um, að sú hækkun, sem gert er ráð fyrir í frv. ríkisstj., sé nægjanleg. Það er ekkert um það að villast, eins og ég hef bent á og greinilega kemur fram í umsögn saksóknara ríkisins, að það hefur verið að undanförnu um óheyrilega ágengni erlendra skipa að ræða á íslenzka landhelgi. Allt bendir því til þess, að þeir, sem þar eiga hlut að máli, séu farnir að líta þannig á sektarfjárhæðina, að hún skipti þá ekki mjög miklu máli í samanburði við það, sem um er að tefla. Sannleikurinn er líka sá, að ef um er að ræða skip, sem kostar orðið 40—50 millj. kr. og aflar mjög oft í einum veiðitúr söluverðmæta, sem nema rúml. 2½ millj. kr. eða talsvert mikið á 3. millj. kr., þá er óttinn við sekt, sem ekki nemur hærri fjárhæð en 260 þús. kr. eða þar um bil, ekki ýkja mikill. Ég held því, að það þyrfti að athuga enn betur, hvort ekki er rétt, fyrst hreyft er við sektarfjárhæðinni, að hafa hækkunina nokkru meiri en lagt er til í frv., en þó með fullri viðurkenningu á þeirri hækkun, sem fram kemur hjá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, og ég tel að sjálfsögðu, að sú hækkun, sem lögð er til í frv., verði til bóta.

Í öðru lagi höfðu till. mínar beinzt að því, að sett yrðu skýr ákvæði í lög um það, að óheimilt væri að láta af hendi með nokkrum hætti veiðarfæri til þess aðila, sem staðinn hefur verið að veiðiþjófnaði, og honum væri ekki gefinn kostur á því að kaupa hin upptekna veiðarfæri aftur fyrr en í fyrsta lagi að mánuði liðnum. Ég tel fyrir mitt leyti, að ákvæði í þessa átt séu mjög mikilvæg og mundu raunverulega þyngja sektarupphæðina í framkvæmd mjög mikið frá því, sem verið hefur. Á þetta sjónarmið hefur hæstv. ríkisstj. ekki viljað fallast og ekki tekið það upp í þetta frv., og það þykir mér miður. Það má vera, að svo hafi verið litið á, að það væri ekki með öllu viðkunnanlegt að hafa slík ákvæði í lögunum, að gefa þeim, sem tekinn hefur verið að veiðum í landhelgi ekki kost á því, eins og og nú er, að fá veiðarfærin strax aftur, aðeins gegn fjárhagslegri tryggingu, sem hann setur. En í þessum efnum vil ég benda á það, að hliðstæð ákvæði þeim, sem ég legg til, að tekin séu upp varðandi þetta atriði, er að finna hjá öðrum þjóðum. Ég rak mig t. d. á það nú fyrir stuttu síðan, að sagt var frá því, að tvö norsk síldveiðiskip voru tekin innan brezkrar landhelgi vegna veiðibrota þar, og þau voru færð til skozkrar hafnar. Frá því var svo skýrt, að stjórnendur þessara skipa hefðu þurft að þola nokkrar sektir, en þó hefði sá hluti refsingarinnar verið langþyngstur, að veiðarfærin hefðu verið gerð upptæk og þeir ekki átt neinn kost á því að fá þau aftur. Um þetta var m. a. rætt í norskum blöðum og bent á það, að þarna giltu ströng lög í þessum efnum. Ég sé því ekki, að það ætti að vera neitt því til fyrirstöðu, að við hefðum í okkar lögum hliðstæð ákvæði og þetta og held t. d., að Bretar ættu ekkert gott með að finna að því, þó að við hefðum slík ákvæði, sem þeir hafa sjálfir hjá sér.

Í þriðja lagi hafði ég lagt til í mínum till., að tekin yrðu upp skýr ákvæði um það, að hægt væri að lögsækja vegna landhelgisbrota raunverulega eigendur þess skips, sem í hlut ætti, útgerðarfyrirtækið eða forsvarsmenn fyrirtækisins, þó að svo vildi til, að ekki yrði hægt að koma refsiákvæðum yfir skipstjóra skipsins. Þetta ákvæði hefur ríkisstj. fallizt á og tekið upp í frv. á þann hátt, sem ég tel fullnægjandi, þótt með öðrum hætti sé heldur en ég hefði lagt til, og mér sýnist, að á allan hátt sé gengið vel frá þessu atriði í því frv., sem hér liggur fyrir. Ég held, að það sé fyllilega þörf á því að breyta þeim lögum, sem hér er gerð till. um að breyta, og ég held, að við þurfum að gæta þess vel um leið og við breytum þeim lögum, að breytingarnar komi að því gagni, sem til er ætlazt, en það er að sjálfsögðu það að stugga alvarlega við veiðiþjófum í okkar landhelgi og fæla þá verulega frá því að gera tilraunir til þess að stela fiski úr okkar landhelgi. Ég fagna því, að ríkisstj. hefur í allveigamiklum atriðum fallizt á þau sjónarmið, sem fram hafa komið hjá mér, en vildi mælast til þess, að sú n., sem kemur til með að fjalla um málið, íhugi það, hvort ekki sé rétt að ganga nokkru lengra en gert er í þessu frv., bæði varðandi sektarfjárhæðina og eins varðandi það atriði að gera veiðarfæri veiðiþjófanna raunverulega upptæk, en afhenda þau ekki strax aftur á þann hátt, sem nú er gert.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ýmislegt í máli eins og þessu, sem getur verið álitamál og matsatriði, eins og fram kom í ræðu hv. 5. þm. Austf., og alveg sjálfsagt, að n. sú, sem fær málið til athugunar, athugi þau sjónarmið, sem hann setti fram, og mundi rn. að sjálfsögðu verða til aðstoðar, eftir því sem óskað yrði við athugun málsins, sem — eins og ég sagði áðan — er í verulegum atriðum nokkuð sérfræðilegs og

lögfræðilegs eðlis. Varðandi fyrsta atriðið, að hækkun sektanna sé ekki eins mikil og áður hefur verið lagt til af þessum hv. þm. og e. t. v. ekki nægjanlega mikil, vil ég þó benda á það, að um leið og sektirnar eru hækkaðar að því marki, sem hér er gert ráð fyrir, er einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta, svo að það gæti komið til, að sektir væru dæmdar í hámarki, en dómstóli fyndist málsatriði engu að síður slík, að hann vildi gera upptækt skip að hluta eða að öllu leyti, og það er auðvitað um mjög rúmt atriði að ræða, þegar verið er að meta það, hvernig sektarákvæðin eigi að vera.

Upptaka veiðarfæra með þeim hætti, að upptekin veiðarfæri megi ekki afhenda aftur eða selja, eins og hv. þm. gerði grein fyrir, gat að sjálfsögðu komið til álita. Um það voru þó uppi nokkrar efasemdir, sem m. a. komu fram í áliti saksóknara ríkisins til sjútvn., en hann sagði um það atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fjórða lagi tel ég fyrst og fremst vafamál, hvort heppilegt sé ákvæðið um veiðarfæri í niðurlagssetningu 1. mgr. 1. gr. frv." — hér er verið að tala um frv. hv. 5. þm. Austf. — „og eru þá einkum höfð í huga þau tilvik, að sakfellt sé í héraði, en sýknað í Hæstarétti."

Hins vegar finnst mér ekki nema eðlilegt, að þetta atriði sé athugað nánar, en það voru nú að mínu áliti eftir nánari athugun málsins helzt þeir meinbugir á, sem hér er vikið að, að við gætum haft af því nokkur vandræði. Kanna má betur hliðstæð ákvæði annarra nágrannaþjóða okkar, sem fiska hér á Norður-Atlantshafinu, og geri ég þá ráð fyrir, að hv. n. taki það nánar til athugunar, þegar hún fær málið til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 268).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og hæstv. dómsmrh. gerði grein fyrir við 1. umr. þessa máls, hefur hv. 5. þm. Austf. á undanförnum þingum flutt frv. um breyt. á 1. nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sem stefnt hafa í höfuðatriðum að því sama og frv. það, sem hér liggur fyrir.

Í fyrsta lagi lagði hv. 5. þm. Austf. til, að sektir fyrir landhelgisbrot yrðu hækkaðar verulega. Í öðru lagi lagði hann til, að bannað yrði að láta af hendi eða selja upptæk veiðarfæri þeirra, sem sekir hafa gerzt um landhelgisbrot, fyrr en í fyrsta lagi einum mánuði eftir að sektardómur hefur verið kveðinn upp. Í þriðja lagi lagði hann til, að sett yrðu ótvíræð ákvæði í lögin um það, að náist ekki í sekan skipstjóra á skipi, sem staðið hefur verið að ólöglegum veiðum, sé heimilt að dæma útgerðarfyrirtæki skipsins og gera það á allan hátt ábyrgt fyrir landhelgisbrotinu.

Í apríl 1965 lagði sjútvn. hv. d. til, að umræddu frv. hv. 5. þm. Austf. yrði vísað til ríkisstj. til nánari athugunar í sambandi við heildarendurskoðun laganna, og er frv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umr., árangur af þeirri endurskoðun.

Fyrsta og þriðja meginatriðið í frv. hv. 5. þm. Austf. eru tekin upp í þetta frv., en þau eru um hækkun sektanna og heimild til upptöku skips, ef refsiábyrgð verður ekki komið fram gegn sekum skipstjóra. Öðru atriðinu, um það að ekki megi afhenda upptæk veiðarfæri fyrr en að liðnum mánuði frá uppkvaðningu dóms, er sleppt í þessu frv.

Í sambandi við sektarákvæðin er í þessu frv. fallizt á till. hv. 5. þm. Austf. um flokkun skipa eftir stærð í þrjá flokka og misháar sektir í hverjum flokki. Í fyrsta flokki, þ. e. skipa allt að 200 rúmlesta, er gert ráð fyrir óbreyttum sektum, eins og var í frv. hv. 5. þm. Austf., en í 2. og 3. flokki ganga till. þessa frv. skemmra en till. hv. þm. gerðu. Getur þetta alltaf verið matsatriði og vafasamt, hvað á að stiga stór skref í einu í þessum efnum, eins og hv. 5. þm. Austf. viðurkenndi við 1. umr. þessa frv., þegar hann jafnframt lýsti þeirri skoðun sinni, að í þessu efni bæri að ganga lengra en gert er í frv. ríkisstj. Um þetta atriði geta að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir, og leyfi ég mér að benda á, að þegar sjútvn. hafði frv. hv. 5. þm. Austf. til athugunar 1965, fékk hún um það umsögn frá saksóknara ríkisins, þar sem hann taldi, að of mikið stökk væri í lágmarkssektarfjárhæð skv. till. hv. þm., þegar stærð skipanna fer yfir 200 rúmlestir brúttó. Einnig taldi saksóknari vafasamt, hvort nægileg ástæða væri til að hækka sektarviðurlögin svo mjög sem frv. hv. þm. gerði ráð fyrir. Loks varpaði saksóknari fram þeirri spurningu, hvort eigi mætti teljast eðlilegt og nauðsynlegt frá friðunarsjónarmiði og til samræmis við stærri skipin að hækka sektarfjárhæð skipa upp að 200 rúmlestum til samræmis við stærri skipin. Á þetta síðasta atriði hefur ekki verið fallizt, en greinilegt er af ábendingu saksóknara ríkisins, að hann telur viðurlög gegn landhelgisbrotum hinna minnstu skipa ekki nægileg til varnaðar. Aðrir mundu kannske segja, að þeim viðurlögum, sem í gildi eru, sé ekki nægilega röggsamlega beitt, og eins og ég áðan sagði, getur það alltaf verið matsatriði, hversu ströng slík refsiákvæði eigi að vera.

Ég hygg, að ég hafi þá gert nokkurn veginn grein fyrir því, sem á milli ber í þessu frv. og fyrri till. hv. 5. þm. Austf. Tillögur frv. um heimild til þess að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta falla saman við till. hv. 5. þm. Austf., og eins og fram kemur í grg. með frv., er hliðstæð ákvæði að finna í norskum lögum. Þar hefur slíkum ákvæðum verið beitt í ríkara mæli en sektarákvæðum.

Í sambandi við upptöku- og aðfararákvæðin í 2. gr. frv. hefur því nýmæli verið bætt inn í síðustu mgr. 2. gr., að við upptöku skv. 1. mgr. og aðför skv. 3. mgr. falli niður veðréttur eða aðrar kvaðir, er hvíla kunni á upptækum verðmætum. Út af þessu síðasta atriði bárust n. mótmæli frá Fiskveiðasjóði Íslands, þar sem segir m. a., með leyfi hæstv. forseta. Ég les aðeins niðurlag bréfsins:

„Það er því augljóst, að vér hljótum að mótmæla mjög eindregið öllum ráðagerðum um að setja í lögin ákvæði, er heimila dómstólum að gera að engu þær tryggingar, sem vér höfum fyrir lánum vorum, vegna lagabrota, sem í flestum tilfellum eru framin af öðrum aðilum (skipstjórnarmönnum) en þeim, sem tekið hafa lánin (útgerðarmanni eða fyrirtæki), og bera því enga ábyrgð gagnvart oss á greiðslu lánanna. Í trausti þess, að þér takið þetta sjónarmið vort til greina við afgreiðslu málsins."

Einnig mótmælti L.Í.Ú. þessu sama, og í umsögn þess er reyndar einnig mótmælt hækkun sektanna og heimildinni til upptöku skipanna skv. till. þeim, sem í frv. eru. Sjútvn. hefur í tilefni þessara aths. kynnt sér, eftir því sem kostur er, hvernig þessi ákvæði mundu verða í framkvæmd. Hafa þeir aðilar, sem n. hefur rætt við, upplýst, að upptökuheimildinni gagnvart skipunum verði því aðeins beitt, að ekki náist til skipstjóra, sem gerzt hefur sekur um landhelgisbrot. Hefur það enn þá ekki komið fyrir, að innlendir skipstjórar hafi forðað sér undan refsimáli, en dæmi er til um, að erlendum skipstjóra hafi tekizt það. Var þá lagt löghald á skipið, og þótt ekki væru þá til í íslenzkum lögum eins skýr ákvæði um þess háttar tilvik og frv. þetta gerir ráð fyrir, stóðust dómar í því máli samt sem áður. Einnig mun réttur þriðja manns þrásinnis hafa fallið niður, þegar afli og veiðarfæri hafa verið gerð upptæk.

Lokaákvæði 2. gr. frv., um niðurfall réttinda þriðja manns í upptækum verðmætum, er þannig aðeins til staðfestingar á því, sem praktíserað hefur verið, og þykir nauðsynlegt til þess að taka af tvímæli. Sjútvn. gengur þannig út frá því, að ákvæðið um heimild til upptöku skipa, ef ekki næst til skipstjórans, sem sekur hefur gerzt um ólöglegar veiðar í landhelgi, hafi eingöngu þýðingu, þegar erlendir menn eiga í hlut, sem neita að mæta og svara til saka fyrir íslenzkum dómstólum. N. sér heldur ekki ástæðu til að taka til greina mótmæli Fiskveiðasjóðs Íslands og L.Í.Ú. gegn síðustu mgr. 2. gr., þar sem niðurfelling á rétti þriðja manns í þeim tilfellum, sem um ræðir, er staðreynd í lögunum nú þegar skv. þeim lögskýringum, sem dómstólar hafa haft uppi, og ákvæðið er aðeins sett inn til þess að gera gildandi lagafyrirmæli skýrari.

N. leggur svo til, herra forseti, eins og fram kemur á þskj. 268, að frv. verði samþ., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram kom hér í ræðu frsm. sjútvn., er frv. þetta flutt í beinu framhaldi af frv., sem ég hafði flutt hér áður um sama efni, en nú hefur þetta frv. verið gert að frv. ríkisstj.

Það er rétt, sem kom hér fram hjá hv. frsm. sjútvn., að það hefur verið skoðun mín, að það væri réttmætt að ganga nokkru lengra en gert er í þessu frv. til breytinga á gildandi lögum, og á ég þar við hvort tveggja, að sektarákvæðin eða sektarfjárhæðirnar verði nokkru hærri en gert er ráð fyrir í þessu frv. og sérstaklega verði að taka upp ný ákvæði, sem fyrirbyggja það, að landhelgisbrjótar geti fengið afhent veiðarfæri, sem gerð hafa verið upptæk, þannig að þeir geti í rauninni hafið veiðar með þeim á nýjan leik svo að segja strax á eftir. Ég hefði óskað mjög eindregið eftir því, að sett hefði verið ákvæði í lögin um það, að óheimilt væri með öllu að láta af hendi slík veiðarfæri, sem gerð hafa verið upptæk, fyrr en að minnsta kosti 1 mánuði eftir upptekt þeirra, því að það hefði þá komið í veg fyrir það, að landhelgisbrjóturinn gæti e. t. v. notað þessi veiðarfæri til að halda áfram sömu iðju með þeim strax á eftir. En þrátt fyrir þá athugun, sem fram hefur farið á þessu máli í sjútvn., hafa ekki fengizt frekari breytingar en fram koma í þessu frv. til móts við till. mínar.

Ég mun ekki flytja hér brtt. við þetta frv. að þessu sinni. Ég tel, að þær breyt. á gildandi lögum, sem felast í þessu frv., séu það mikilvægar, að það eigi að reyna að vinna að því að koma þeim í gegn, þó að ekki sé gengið hér eins langt til breytinga og ég hefði óskað. Ég styð því frv. eins og það er og mun ekki flytja hér neinar brtt., vegna þess að ég óttast, að flutningur á slíkum till. gæti leitt til þess, að málið yrði enn þá látið liggja, en ég tel mjög mikilsvert að fá þó þessar breytingar fram, sem felast í þessu frv., þó að þær séu, að mínum dómi, ekki fullnægjandi og það verði að vinna að því, áður en langt líður, að breyta þessum lögum enn meir en gert er með þessu frv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það var aðeins örstutt aths. til skýringar á því, hvers vegna ekki hefur verið talið fært að taka upp í þetta frv. till. hv. 5. þm. Austf. um það, að ekki megi láta upptæk veiðarfæri af hendi, fyrr en mánuði eftir uppkvaðningu dóms.

Þegar sjútvn. hafði frv. hv. þm. til athugunar 1965 og fékk um það umsögn frá saksóknara ríkisins, gerði hann í þeirri umsögn einmitt þetta atriði að umtalsefni og benti á, að það gæti verið vafasamt, hvort heppilegt væri að taka slík ákvæði inn í lögin, einkum þegar höfð væru í huga þau tilvik, að sakfellt væri í héraði, en sýknað í Hæstarétti. En það veit ég, að allir hv. þm. kannast við, að það kemur iðulega fyrir í landhelgisbrotamálum, að Hæstiréttur hnekkir sektardómum

undirréttar, og ef farið væri inn á þessa braut að afhenda ekki veiðarfærin gegn fullkomnum tryggingum að sjálfsögðu, þegar þannig stæði á, gæti það bakað ríkissjóði skaðabótaskyldu. Þetta skilst mér, að sé meginástæðan til þess, að ekki hefur verið talið fært að taka þetta ákvæði upp í frv. það, sem hér liggur fyrir.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða málið frekar, en ég vil aðeins til upplýsingar geta þess, að ef þær till., sem í frv. felast um hækkun sekta á stærri skipum, ná fram að ganga, nemur hækkunin 50% frá því, sem nú er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 47. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 7. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd., en eins og hv. þm. er kunnugt um, þá hefur verið rætt um það á undanförnum þingum, bæði af einstökum þm. og einnig þingnefndum, að það væri tímabært, að endurskoðun yrði gerð á ýmsum atriðum í lögum nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum. Sérstaklega kom það fram á þinginu 1964—1965 í áliti sjútvn., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta, að það sé sameiginlegt álit n., að lög nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum þurfi í heild endurskoðunar við. Og enn fremur telur n., að við þá endurskoðun þurfi að taka tillit til þeirra atriða, sem frv. fjallar um, og er þá átt við frv. Lúðvíks Jósefssonar, sem nál. var um, þótt ágreiningur sé hins vegar innan n. um einstakar brtt., sem frv. hefur inni að halda. Þá var þessu máli vísað til ríkisstj., og síðan var málið tekið til athugunar og undirbúið í dómsmrn. Það er aðalefni frv. að hækka viðurlög við brotum fyrir botnvörpuveiðar í landhelginni. Það er að vísu svo, að sektirnar hafa áður verið og eru ákvarðaðar í gullkrónum, en það hafa ýmsar breytingar átt sér stað, veiðisvæðin hafa stækkað mjög og veiðiskipin einnig, svo að það hefur þótt ástæða til, eins og lagt er til í frv., að hækka hin almennu sektarákvæði.

Svo er annað atriði, sem mjög hefur verið til umræðu, en það er sá vandi, sem skapazt hefur, þegar ekki hafa verið tök á að koma fram refsiábyrgð gegn skipstjóra, þótt málsástæður geri viðurlög eðlileg. Og ákvæðin um það eru í 2. gr., en þar segir, að það sé einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta og upptöku megi einnig beita, þótt ekki hafi verið höfðað refsimál út af broti og þótt refsimáli verði ekki komið fram, og máli til upptöku megi þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess. Eins og hv. þm. sjá, þá er sjálfsagt óhætt að fullyrða, að til slíks mundi aldrei koma nema í sambandi við erlenda skipstjóra, sem af einhverjum sérstökum ástæðum næðist ekki til. Ég tel svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að frv. fái góða afgreiðslu í þessari hv. d. og það verði nokkur styrkur að því fyrir vörzlu og friðun landhelginnar og leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 8, n. 484).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta, sem er stjfrv., hefur sjútvn. haft til athugunar og er sammála um að mæla með samþ. þess með þeirri breyt., sem fram kemur á þskj. 484. Tveir nm. hafa þó undirritað nál. með fyrirvara. Frv. þetta felur í sér þá efnislegu breyt. á gildandi l., að sektarákvæði fyrir landhelgisbrot hækki verulega, frá því sem nú er. Að vísu er ekki um hækkun að ræða hjá minnstu bátunum, allt að 200 smálestum, en hækkunin er t. d. um 50% á stærðinni 200—600 smálestir.

Í 2. gr. frv. er um nýmæli að ræða, sem talið er vera að norskri fyrirmynd, en það er upptökuheimildin á skipi eða andvirði þessu að hluta, og í síðustu mgr. 2. gr. segir, með leyfi forseta: „Við upptöku skv. 1. mgr. og aðför skv. 3. mgr. fellur niður veðréttur eða aðrar kvaðir, sem hvíla kunna á upptækum verðmætum."

Út af þessu ákvæði frv. bárust hv. sjútvn. Nd. mótmæli frá L.Í.Ú. og frá Fiskveiðasjóði Íslands, sem telur, að þetta ákvæði frv. stefni

hagsmunum sjóðsins í mikla hættu. Við framsögu málsins í þessari hv. d. sagði hæstv. dómsmrh., að augljóst væri, að upptökuheimildin mundi aldrei koma til framkvæmda nema í sambandi við erlenda skipstjóra, sem af einhverjum sérstökum ástæðum næðist ekki til. Sjútvn. þessarar hv. d. er sammála því, að þessi forsenda varðandi íslenzka skipstjóra, þ. e. að ekki náist til þeirra, verði vart fyrir hendi. Þess vegna taldi n. rétt að kveða hér skýrar á og leggur til að breyta 1. mgr. 2. gr. þannig, að á eftir orðunum „svo og allur afli innanborðs, upptæk" komi: „Nú næst ekki í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft" o. s. frv. Ég vænti þess, að hv. þdm. geti fallizt á þessa breytingu, og legg til, að frv., þannig breytt, verði samþ. og því að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. gat um, þá hafa tveir nm., ég og hv. 6. þm. Sunnl., skrifað undir nál. með fyrirvara. Eins og frsm. gerði grein fyrir, þá er það nýmæli í þessu frv. að heimila upptöku skips.

Ég tel þá upptökuheimild ekki óeðlilega, einkanlega þegar ekki verður komið lögum yfir skipstjóra. Og með þeirri brtt., sem nú er flutt, þá er efni frv. um upptökuheimildina takmarkað við það, ef ekki næst í skipstjóra, eins og þar segir. Á þetta getum við sem sagt fallizt, en okkar fyrirvari laut að síðustu mgr. 2. gr., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Við upptöku skv. 1. mgr. og aðför skv. 3. mgr. fellur niður veðréttur eða aðrar kvaðir, sem hvíla kunna á upptækum verðmætum."

Það má vel vera, að þvílíkt ákvæði sem þetta sé nauðsynlegt, til þess að upptaka á skipi nái sínum tilgangi. En okkur er þó ekki ljóst, hverjar afleiðingar slíkt ákvæði sem þetta kann að hafa m. a. varðandi veðhæfni skipa. En ákvæði þetta er alveg fortakslaust og ákveður það, að niður skuli falla allar veðskuldbindingar, sem á skipinu hvíla, og aðrar kvaðir, þ. á m. t. d. lögveðréttur og þá auðvitað sjóveð eins og önnur veð, þau eiga niður að falla. Ég held, að það hefði verið æskilegt, að þetta mál hefði verið betur skoðað og reynt hefði verið að gera sér grein fyrir því, hvern dilk þetta getur dregið á eftir sér.

Yfirlýsing hæstv. dómsmrh. getur náttúrlega ekki breytt lögunum að neinu leyti. En það kann að vera, að þetta ákvæði valdi ekki vandræðum í framkvæmd, og í trausti þess, að svo verði, þá höfum við ákveðið að flytja ekki brtt. við þetta og greiða frv. atkvæði, en hins vegar töldum við rétt, að þessi aths. kæmi hér fram, svo að ljóst væri, að þetta hefði ekki farið fram hjá okkur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 484 samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 518).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 69. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 72. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 518, n. 581).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta frv. eftir þá breytingu, sem hv. Ed. gerði á því. Hún telur breytinguna vera til bóta og mælir með því, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 600).

---

36. Almenningsbókasöfn.

Á 49. fundi í Ed., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. um almenningsbókasöfn, nr. 22 frá 26. apríl 1963 [158. mál] (stjfrv., A. 317).

Á 52. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í gildandi lögum eru engin ákvæði um greiðslu til höfunda fyrir útlán bóka úr almenningsbókasöfnum. Í öðrum löndum, t. d. hinum Norðurlöndunum, hafa hins vegar verið settar um þetta reglur, þ. e. a. s. höfundum verið tryggt nokkurt gjald fyrir það, er almenningur fær rit þeirra til lestrar í almenningsbókasöfnum. Reglurnar um þetta annars staðar eru að vísu mjög mismunandi. Annars vegar er um að ræða greiðslu til einstakra höfunda í hlutfalli við raunverulega notkun bóka þeirra í söfnunum — stundum er um það að ræða, að höfundum er greitt í hlutfalli við tölu eintaka af hverri bók eftir höfundinn, sem í söfnunum eru. En það tíðkast einnig, að höfundarnir sjálfir fá alls engar beinar greiðslur, heldur greiðir ríki og/eða sveitarfélög í sérstaka sjóði, sem rithöfundarnir hafa umráð yfir og nota til styrkveitinga, verðlaunaveitinga, til þess að veita eftirlaun

höfundum og ekkjum þeirra eða ekklum og þar fram eftir götunum. Það er og mjög misjafnt, hversu mikið ríki og sveitarfélög greiða í þessu skyni á hinum Norðurlöndunum. Íslenzkir rithöfundar hafa að vonum verið óánægðir með það, að þeir skuli ekki fá greiðslu í neinu formi fyrir þær bækur, sem almenningur les eftir þá í bókasöfnum. Þess vegna var það, að ég skipaði 5 manna nefnd 11. marz 1963 til þess að athuga um höfundarrétt rithöfunda vegna útlána og afnota íslenzkra bóka í almenningsbókasöfnum. Í þessari n. störfuðu þeir dr. Finnur Sigmundsson, landsbókavörður, Guðmundur G. Hagalín, bókafulltr., Matthías Johannessen, rithöfundur, Stefán Júlíusson, rithöfundur og dr. Þórður Eyjólfsson, hæstaréttardómari, sem var skipaður form. n., en hann er helzti sérfræðingur íslenzkur í höfundarrétti. Þessi n. samdi frv., og var það kjarni þess, að höfundum skyldi greidd ákveðin upphæð fyrir hvert útlánað bindi af bókum þeirra úr íslenzkum söfnum, og skyldi greiðslan að öllu leyti koma úr ríkissjóði. M. ö. o., þessi n. lagði til að taka upp þá reglu að fylgjast með raunverulegum útlánum og láta ákveðna greiðslu koma til hvers höf. fyrir hvert einstakt útlán. Að athuguðu máli þótti okkur í menntmrn. og ýmsum embættismönnum þessi regla vera hæpin og öfluðum okkur upplýsinga um, að þar sem hún gildir, t. d. í Svíþjóð, hefur í kjölfar hennar siglt mjög mikil skriffinnska og jafnvel misnotkun, þannig að ég treysti mér ekki til þess að leggja til við ríkisstj. og Alþ., að þetta frv. yrði lögfest. Hins vegar var haldið áfram að vinna að málinu í samráði við Samband íslenzkra rithöfunda, og fyrir ári ákvað ríkisstj. og tilkynnti það rithöfundasambandinu, að ríkisstj. mundi fyrir þetta þing leggja fram frv., er tryggði höfundum greiðslu fyrir not bóka þeirra í almenningsbókasöfnum, og síðan óskaði ég eftir fulltrúa frá rithöfundasambandinu til þess að endurskoða fyrra frv. Tilnefndi sambandið Björn Th. Björnsson til þess verks, sem þá var formaður rithöfundasambandsins, og vann hann síðan, ásamt Knúti Hallssyni, deildarstjóra í menntmrn., að endurskoðun fyrra frv. Með fulltingi rithöfundasambandsins komu þeir sér saman um nýtt frv., þar sem ekki var byggt á þeirri reglu að greiða fyrir hvert einstakt útlán, heldur skyldi greiðslan til höfundanna miðuð við tölu binda af hverju einstöku verki, sem bókasafnið hefði til afnota. Hér er um miklu einfaldari reglu að ræða heldur en hina fyrri, og byggir það frv., sem hér er flutt, á þessu. M. ö. o., í frv. er því slegið föstu, að höfundar íslenzkra bóka og þýðendur bóka á íslenzku skuli eiga rétt á greiðslu, ef bækur þeirra eru til útláns í bókasöfnum, og greiðslan eigi að miðast við eintakafjölda bókanna, sem í safninu eru. Og greiðslurnar fyrir þessi afnot eiga að renna í sérstakan sjóð, sem nefndur er Rithöfundasjóður Íslands. 60% af þessu fé, sem höfundarnir fá í heild, á að verja til greiðslu fyrir afnotin sjálf, miðað við eintakafjöldann í söfnunum. 40% af heildartekjunum eiga hins vegar að ganga í sérstakan sjóð, sem nota skal til styrktar einstökum rithöfundum, til verðlaunaveitinga, til eftirvinnugreiðslu og þar fram eftir götunum. M. ö. o. er gert ráð fyrir því, að notaðar verði báðar þær ráðstöfunarleiðir á fénu, sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Þetta hefur fullan stuðning og hefur verið gert skv. till. rithöfundanna sjálfra. Ég lít svo á, að þeir eigi það fé, sem hér er um að ræða, og eigi því sjálfir að geta ákveðið, hvernig því er varið. En þessi ráðstöfun, sem hér er gert ráð fyrir, er skv. till. þeirra sjálfra. Í samræmi við það, að ég lít þannig á, að rithöfundarnir eigi þetta fé, sem hér er um að ræða, þá hafa þeir meiri hluta í stjórn sjóðsins, eða 2/3. Það er hins vegar skv. ósk þeirra sjálfra, að einn úr stjórninni á að tilnefnast af menntmrh. Rithöfundarnir óskuðu eftir því, að sú samvinna yrði við menntmrn., að fulltrúi þess fylgdist með störfum sjóðstjórnarinnar og öllum fjárreiðum sjóðsins. Í frv. er einnig það ákvæði, að stjórn sjóðsins má, að höfðu samráði við stjórn rithöfundasambandsins, ákveða, að allar tekjur skv. þessum lögum skuli renna í almenna sjóðinn, það er að segja að verja megi öllum tekjum sjóðsins í næstu þrjú ár til almennra verðlaunaveitinga, til styrkveitinga eða í öðru því skyni, sem stjórn sjóðsins kann að ákveða. Þetta ákvæði er einnig í frv. skv. beinni ósk stjórnar rithöfundasambandsins. Um fjármálin, um tekjur rithöfundasjóðsins er það að segja, að í frv. er kveðið svo á, að tekjur þær skuli vera 10% álag á árlega fjárveitingu til rekstrar bæjar-, héraðs- og sveitarbókasafna skv. fjárlögum annars vegar og svo hins vegar 10% álag á árleg lágmarksframlög bæjar-, sveitar- og sýslusjóða til almenningsbókasafnanna. Þetta er grundvallað á þeirri hugsun, að skv. gildandi lögum um almenningsbókasöfn eru þau stofnanir, sem reknar eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og í lögunum um almenningsbókasöfn eru ákveðnar reglur um það, hvernig sveitarfélög skuli greiða til almenningsbókasafnanna, en ríkið veitir síðan árlega fé á fjárlögum til þessara stofnana.

Fyrst það hefur verið ákvörðun löggjafans, og um það virðast allir alþm. hafa verið sammála, að almenningsbókasöfn skuli kostuð nokkurn veginn til helminga af ríki annars vegar og sveitarfélögum hins vegar, þá virðist vera mjög eðlilegt, að einnig þessi rekstrarkostnaður sé greiddur sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Því vissulega er það ekkert annað en almennur rekstrarkostnaður við rekstur almenningsbókasafna að greiða höfundum þóknun fyrir not almenningsbókasafnanna af bókum þeirra. Í raun og veru er enginn eðlismunur á því að greiða bókaverði laun eða greiða húsaleigu fyrir bækurnar annars vegar og svo hins vegar að greiða höfundum eða þýðendum bóka þóknun fyrir það, að hann leyfir að nota bók sína í almenningsbókasafninu. Og þess vegna er langeðlilegast, að þeirri reglu, sem almenningsbókasöfnin eru byggð á, þ. e.,

að þau séu sameiginleg stofnun ríkis og sveitarfélaga, sé einnig fylgt hér og báðir aðilarnir greiði hlutfallslega jafnt álag á þann kostnað, sem þeir að öðru leyti taka að sér. Þetta þýðir í raun og veru það, að rúmlega 10% af heildarrekstrarkostnaði almenningsbókasafnanna ganga til höfunda og þýðenda sem greiðsla fyrir það að leyfa afnot bókanna í þágu almennings í almenningsbókasöfnum. Miðað við yfirstandandi ár eru tekjur rithöfundasjóðsins 921 þús. kr. Gert er ráð fyrir því, að lögin taki þegar gildi, en þau geta ekki komið til framkvæmda fyrr en á næsta ári, vegna þess að það er allmikið verk að reikna út þær reglur, sem skipta ætti tekjunum eftir, og er gert ráð fyrir því, að fyrsta úthlutun fari fram í byrjun ársins 1968, og verður hún miðuð við raunverulega bindatölu í söfnunum skv. skýrslum um árið 1966. Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað að lokinni þessari 1. umr. til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 317, n. 465, 488).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Eins og fram kemur í aths. við þetta lagafrv., var í fyrra vor skýrt frá því í frétt frá menntmrn., að ríkisstj. hefði ákveðið að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþ. frv. til l. um greiðslu fyrir höfundarrétt vegna afnota af bókum í almennum söfnum og það frv. yrði að meginstefnu byggt á þeirri löggjöf, sem gildir í þessum efnum á Norðurlöndum.

Frv., sem hér liggur fyrir, hefur svo verið undirbúið í samráði við Rithöfundasamband Íslands.

Efni frv. er í stórum dráttum það, að stofnaður verði sjóður, Rithöfundasjóður Íslands, og 60% af árlegum tekjum hans verði úthlutað til ísl. eigenda höfundarréttar, en 40% leggist í sérstakan sjóð, sem verði m. a. varið til bókmenntaverðlauna, starfsstyrkja til höfunda o. fl.

Skv. frv. eru sjóðnum áætlaðar tekjur þannig, að í hann renni 10% álag á fjárveitingar á fjárlögum til almenningsbókasafna og 10% álag á árlegt lágmarksframlag úr bæjar-, sveitar- og sýslusjóðum til bókasafnanna. Slík lágmarksframlög eru ákveðin í 1. og 2. kafla l. um almenningsbókasöfn, og þau eru ákvörðuð sem viss prósenttala miðuð við hvern íbúa á bókasafnssvæði. En það mun vera allmisjafnt, hve miklu er varið úr bæjar- og sveitarsjóðum til bókasafnanna umfram lögákveðin framlög. Sums staðar má reikna með, að það séu jafnvel engar umframfjárveitingar, annars staðar eru þær margfalt hærri en lágmarksupphæðin skv. l. En gjaldskyldan til rithöfundasjóðsins er sem sé eingöngu miðuð við lágmarksframlag, eins og það er ákveðið í l. um almenningsbókasöfn.

Úthlutun úr þessum sjóði er skv. frv. í höndum sjóðstjórnar, og miðast úthlutunin til ísl. eigenda höfundarréttar við eintakafjölda rita þeirra í bókasöfnum.

Við 1. umr. málsins gerði hæstv. menntmrh. grein fyrir mismunandi leiðum, sem til greina gætu komið, þegar ákveðið er, eftir hvaða reglum sé farið um úthlutun, og nefndi þá að sjálfsögðu fyrst og fremst þessa leið eða þessa viðmiðun, sem frv. gerir ráð fyrir. Einnig nefndi hann t. d. útlánafjölda á ritum einstakra höfunda úr söfnunum. Það verður sjálfsagt seint fundin sú leið, sem allir telja, að fyllilega sanngjörn sé. Ég býst við, að það séu einhverjir annmarkar á þeim flestum. N. hefur ekki álitið rétt að benda á aðrar leiðir en þá, sem með frv. er gert ráð fyrir að þessu leyti.

Menntmn. sendi frv. til umsagnar stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, en eins og ég áðan gat um, gerir frv. ráð fyrir því, að greiðslur komi frá sveitarfélögunum. Umsögn sambandsins er sú, að á stjórnarfundi hefur verið gerð þar svohljóðandi samþykkt: „Stjórnin er andvíg frv., að því er snertir fyrirkomulag á framlögum sveitarfélaga, og felur framkvæmdastjóra að láta n. í té grg., þar sem færð séu rök fyrir þeirri afstöðu.“ Grg. fylgir með þessu, og skal ég lesa hér það atriði úr henni, sem að gjaldinu snýr, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Ákvæði frv. eru mjög óglögg. Í 36. gr., sem kveður á um framlag almenningsbókasafna til sjóðsins, segir t. d. ekki, hver eða hvenær eigi að inna framlag af höndum til sjóðsins. Stjórnin teldi eðlilegast og einfaldast, að allar greiðslur til sjóðsins kæmu beint úr ríkissjóði, í stað þess að ríkið greiddi fyrst styrk og þau (það er líklega þar átt við sveitarfélögin) endurgreiddu sjóðnum síðan hluta af styrknum. Trúlega mætti þó kveða á um slíka tilhögun í reglugerð.“ Síðar í þessari grg. kemur aftur að því. Þeir segja þar: „Niðurstaða þessarar grg. er hér sú, að ef frv. þetta nær fram að ganga á annað borð, óskar stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga eftir því, að breyt. verði á því gerðar, þannig að ljóst verði, að framlag rithöfundasjóðsins verði greitt úr ríkissjóði.“ Og hér stendur í svigum: „og jafnvel þótt það verði þá dregið af rekstrarstyrk safnanna.“ Enn fremur kemur fram í grg. — að því er ég hygg, að muni vera — að það sé erfitt að átta sig á því, hvernig ætlazt sé til, að þeirri skýrslugerð verði hagað, sem um ræðir í 38. gr. frv., þar sem segir, að úthlutun úr sjóðnum fari fram skv. skýrslum um eintakafjölda rithöfunda í söfnum.

Ég hef nú rakið það úr umsögn sambandsins, sem mér sýnist, að hér skipti máli. Menntmn. flytur ekki brtt. við frv., en mælir með samþ. þess, en 3 nm. undirrita þó frv. með fyrir-

vara, og sé ég, að þeir hafa flutt brtt. við frv., eina brtt., sem þeir munu svo að sjálfsögðu gera grein fyrir, og skal ég ekki að svo stöddu hafa fleiri orð um málið.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. í þessu máli með fyrirvara. Svo gerðu 2 aðrir hv. þm.

Fyrirvari minn er ekki í því fólginn, að ég sé því mótfallinn, að stofnaður sé Rithöfundasjóður Íslands og rithöfundar fái úr honum greiðslur vegna bóka, er almenningur nýtur fyrir miðlun bókasafna, og ég hygg, að sú sama sé afstaða meðnm. minna, sem skrifuðu undir með fyrirvara. En fyrirvari minn miðast við það, að ég tel sanngjarnara, eftir atvikum, réttara og einfaldara, að ríkissjóður gjaldi einn tillagið til rithöfundasjóðs, en sveitarsjóðir og sýslusjóðir taki ekki rúmlega helmingsþátt í því, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ber það til, að mér finnst mjög eðlilegt, að ríkið, þ. e. alþjóð, inni af hendi þetta gjald til rithöfunda sinna vegna almennings. Í öðru lagi tel ég afleita þá tilhneigingu hjá löggjafarþinginu, sem mér virðist oft koma fram, að vera að bæta útgjaldaböggum, smáum og stórum, í mörgum málum á sveitarfélögin án þess að gæta þess, að þau hafa þröngan skó og mjög takmarkaðar heimildir til tekjuöflunar.

Eins og hv. frsm. n. gat um, lá fyrir n. erindi frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, þar sem framlagi sveitarfélaganna er í raun og veru mótmælt, bæði sem auknum útgjöldum og líka vafningasömum framkvæmdum.

Ég held, að við ættum að setja þessa löggjöf þannig, að vera ekki með smásmugulega ágengni með því að fara í vasa sveitarfélaganna. Ég held, að það sé engin þörf fyrir það. Hér er ekki um svo stórt að ræða fyrir ríkissjóðinn. Og ég leyfi mér hér með að vísa fram brtt. á þskj. 488, sem ég ásamt 2 öðrum nm. úr hv. menntmn., þeim hv. 4. þm. Austf., Páli Þorsteinssyni, og hv. 5. þm. Reykn., Gils Guðmundssyni, flyt. Till. er mjög einföld. En hún er um það, að í stað þess, að ríkið greiði rithöfundasjóðnum fjárhæð, er nemi 10% álagi á árlega fjárveitingu ríkisins til bókasafna, sem áætlað er að verði 400 þús. kr. árlegt tillag í sjóðinn, og úr bæjar-, hrepps- og sýslusjóðum komi í sjóðinn 10% af framlögum þeirra til safna sinna, er talið er líklegt, að verði samt. rúmlega ½ milljón, þá greiði ríkið eitt 25%, en sú fjárhæð yrði samt. 1 millj., því að ef 10% gera í því sambandi 400 þús., gera 25% milljón. Yrði þetta skv. áætluninni 78 þús. 530 kr. ávinningur fyrir rithöfundasjóðinn, 600 þús. kr. hækkun fyrir ríkissjóðinn, en rúmlega ½ millj. kr. gjaldaléttir fyrir sveitarfélögin og miklu minni skriffinnska og innheimtuvafningar fyrir þá, sem þessa umsýslu annast. Getur okkur nú ekki öllum komið saman um að sleppa smámunalegri ágengni að þessu sinni við sveitarfélögin í þessu máli og samþ. þessa till.? Ég tel, að það yrði mjög mikil prýði á þessu annars litla frv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur nú gert grein fyrir þeirri brtt., sem 3 nm. í menntmn. flytja við frv.

Það er rétt að láta þess getið, að í n. var vakið máls á þessari brtt., en það varð ekki samstaða um, að n. flytti hana.

Í sambandi við umsögn sveitarfélagasambandsins vil ég taka það skýrt fram, að í henni er því ekki mótmælt, að gjaldið sé lagt á sveitarfélögin, heldur er það fyrirkomulagið á framlögum sveitarfélaga, sem sambandsstjórnin mótmælir, og áðan las ég hér upp það í grg., með þessum mótmælum, sem snertir þetta atriði, og þar segir bara, að stjórnin teldi eðlilegast og einfaldast, að allar greiðslur til sjóðsins kæmu úr ríkissjóði. Síðar í grg. er að því vikið, að það gæti þá jafnvel verið dregið frá rekstrarstyrk safnanna. Og ég tel, að það undirstriki enn þá betur það, að sveitarfélagasambandið mótmælir ekki gjaldinu út af fyrir sig, þegar það segir í grg., að það mætti trúlega kveða á um slíka tilhögun í reglugerð. Auðvitað dettur engum í hug, að í reglugerð sé hægt að leysa sveitarfélögin eða bókasöfnin undan gjaldskyldu, ef hún er í lögunum.

Það er rétt hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., að hér er ekki um háar fjárhæðir að ræða, en þá getum við sjálfsagt líka orðið sammála um það, að þetta komi ósköp létt niður á sveitarfélögunum. Það, að einhverjar stofnanir eru styrktar af ríkisfé, þarf ekki endilega að réttlæta það, að jafnframt sé þá létt af þeim stofnunum gjaldskyldu. Ég vil t. d. minna á, þó að það sé nú kannske ekki fyllilega sambærilegt, styrki, sem hafa verið veittir til leiklistarstarfsemi og þar sem hins vegar ríkið hefur hirt í skemmtanaskatti margfaldan styrkinn aftur af þeim samtökum, sem hans hafa notið. Mér finnst út af fyrir sig, eins og ég sagði, þetta ekki vera beinlínis röksemd, að þó að ríkið styrki einhverja starfsemi eða einhverja stofnun, fylgi það, að það eigi þá einnig að taka á sig að greiða þau gjöld, sem með l. yrðu ella lögð á viðkomandi stofnun. Ég get því, og ætla að ég mæli þar einnig fyrir munn meðnm. minna, annarra en þeirra, sem brtt. flytja, lýst því yfir, að ég mun greiða atkv. gegn þessari brtt.

Karl Kristjánsson: Hv. frsm. n. gerði þá aths., að í raun og veru mælti stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga ekki á móti gjaldinu sjálfu, heldur því, hvernig hugsað er að taka það. Ég sagði líka á þá leið, að stjórnin væri andvíg málinu og fyrst og fremst af því, að það væri fyrirhafnarsamt, en sú till., sem stjórnin samþ., hljóðar, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið: „Stjórnin er andvíg frv., að því er snertir fyrirkomulag á framlögum sveitarfélaga og felur framkvæmdastjóra að láta nefndinni í té grg., þar sem færð séu rök fyrir þeirri afstöðu."

Nú má skilja það á þessum orðum, að vitanlega er stjórnin andvíg gjaldinu, en hún er nú vön því, að mótmæli gegn slíkum álögum hafa ekki mjög verið tekin til greina, og þá

snýr hún sér fyrst og fremst að því að benda á það, að fyrirkomulagið sé óþægilegt og vafningasamt, og aðalatriði mótmælanna verða þau. En nú er það svo, að mér virðist, að það sé nóg á sveitarfélögin lagt. Þetta er menntamál. Ríkið styður almenningsbókasöfn af þeirri ástæðu og vill greiða fyrir því, að almenningur geti notið bókmenntanna, og þess vegna finnst mér það liggja mjög nærri, þó að hægt sé að deila um það, að það taki á sig þessa kvöð, þessa STEF-kvöð, gagnvart rithöfundunum algerlega og slái þá tvær flugur í einu höggi, geri frávik að því leyti að heimta framlag í hverju tilfelli af sveitarfélögum, þar sem eitthvað er skylt í notkun gjalda fyrir þau, og heimti þar ekki framlag og komi í veg fyrir þá skriffinnsku og þvæling, með ekki stærri fjárhæðir en þarna er um að ræða, sem sýnilega er stefnt að, og sem sveitarfélagasambandið eða framkvæmdastjóri þess telur, að sé mjög óþægilegt. Hér er ekki um stórar upphæðir að ræða, það er alveg satt, hvorki fyrir sveitarfélögin né ríkið. Þó virðist mér, að við ættum að líta svo á, að ríkið munaði minna um þetta. Og það er stórkostlegur blæmunur á því gagnvart sveitarfélögunum að afgreiða málið eins og við leggjum til, sem flytjum brtt., heldur en að vera með þennan kökuskurð, sem frv. felur í sér, skiptingu með smákökuskurði.

ATKVGR.
Brtt. 488 felld með 11:7 atkv.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og var samþ. þar síðdegis í gær með shlj. atkv. Ed.-manna. Aðeins ein brtt. hafði komið fram við frv. í hv. Ed., en hún laut ekki að meginefni eða meginmarkmiði frv., heldur var varðandi það, hver skyldi greiða þann kostnað, sem leiða mun af samþykkt frv., en það gerir ráð fyrir, að sá kostnaður skiptist milli ríkis og sveitarfélaga með sama hætti og gildandi lög kveða á um, að almennur kostnaður við almenningsbókasöfn skuli skiptast milli ríkis og sveitarfélaga. Till., sem fram kom, var um það, að ríkissjóður einn skyldi greiða allan þann kostnað, sem hlytist af framkvæmd l., þ. e. a. s. höfundarlaunin. Þegar sú till. hafði verið felld, var eining um afgreiðslu málsins í hv. Ed.

Þá skal ég í örfáum orðum gera grein fyrir meginefni frv. Fram að þessu hafa höfundar og þýðendur bóka engar greiðslur fengið vegna höfundarréttar, þótt bækur þeirra séu lánaðar til lestrar úr almenningsbókasöfnum, en í flestum nálægum löndum, m. a. á öllum hinum Norðurlöndunum fjórum, hafa verið sett í lög ákvæði til þess að tryggja höfundum og þýðendum bóka greiðslu, ef þær eru lánaðar út úr almenningsbókasöfnum. Nokkuð ólíkur háttur tíðkast þó varðandi greiðslu þessa gjalds. Sums staðar tíðkast það, að notendur bókanna, þeir, sem fá bækurnar lánaðar úr söfnunum, greiða ákveðna upphæð fyrir hvert einstakt útlán. Hins vegar tíðkast sú skipan líka, að greiðslur til höfundanna eru miðaðar við eintakafjölda af bókunum í söfnunum, og greiða þá ríki og sveitarfélög það gjald, sem höfundarnir fá og miðast við það, hversu mörg eintök af hverri bók hafa verið keypt til safnsins. Við samningu þessa frv. var haft náið samstarf eða samráð við Rithöfundasamband Íslands, og sú tilhögun, sem frv. gerir ráð fyrir í þessum efnum, er sett í samráði við stjórn rithöfundasambandsins. En skipanin, sem frv. gerir ráð fyrir, er sú, að greiðslur til höfunda og þýðenda skulu miðaðar við eintakafjölda í söfnunum og greiðslan skuli innast af hendi úr ríkissjóði og úr bæjar-, sveitar- og sýslusjóðum í sömu hlutföllum og gildandi lög um almenningsbókasöfn kveða á um, að kostnaður við rekstur safnanna skuli skiptast milli ríkissjóðs annars vegar og bæjar-, sveitar- og sýslusjóða hins vegar. Þá er ekki gert ráð fyrir því, að höfundarnir sjálfir eða þýðendur skuli fá alla þá upphæð, sem opinberir aðilar greiða vegna útlána bókanna. Höfundarnir eiga að fá til sín beint 60% hinnar opinberu greiðslu, 40% eiga aftur á móti að leggjast í sérstakan sjóð, Rithöfundasjóð Íslands, sem rithöfundasamtökin munu fá fullkomin umráð yfir, og er heimilt að nota tekjur hans til styrkveitinga, til þess að greiða ekkjum eða ekklum eftirlaun og með öðru þvílíku móti. Eru þessi ákvæði einnig sett með fullu samráði við stjórn rithöfundasambandsins. Sú greiðsla, sem höfundar mundu fá vegna þessa frv., mundi — miðað við árið 1967 — verða um 921 þús. kr., og úr ríkissjóði mundu þar af koma 400 þús. kr. og frá bæjar-, sveitar- og sýslusjóðum 521 þús. kr. Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 317, n. 527, 528).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. mælir einróma með samþykkt þessa frv., en nm. áskilja sér rétt til þess að standa að flutningi frekari brtt. eða styðja þær.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. tók fram, er n. sammála um frv. í aðalatriðum, en við erum þrír nm., sem flytjum brtt. við það. Auk mín eru það hv. 3. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Norðurl. e. Brtt. er á þskj. 528. Hér er lagt til í þessu frv. að stofna sérstakan sjóð, að nafni Rithöfundasjóður Íslands, og úr þeim sjóði á að greiða rithöfundum, sem eiga rithöfundarrétt að bókum í almenningsbókasöfnum. Tekjur sjóðsins eiga að vera 10% álag á fjárveitingar ríkisins til almenningsbókasafna og auk þess 10% álag á þá fjárhæð, sem bæjar-, sveitar- og sýslusjóðir leggja til þessara safna. Okkur sýnist, að einu sinni enn sé verið að íþyngja sveitarfélögum með slíkri till. sem þessari, þar sem á að fara að bæta þannig við skatti á framlög þeirra, sem þau leggja til bókasafna. Þetta er daglegur viðburður orðinn, að bæjarfélögum sé þannig íþyngt, og okkur finnst þetta alveg að ástæðulausu. Á þessum síðustu vikum er búið að koma við hagsmuni sveitarfélaganna á tvennan hátt, annars vegar er skorið niður framlag jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga, hins vegar er lagt til í skólafrv., að nú skuli sveitarfélög fara að greiða hluta af rekstrarkostnaði í ríkisskólunum. Og það þriðja í röðinni er svo þetta. Hins vegar hefur ríkissjóður sjálfur ekki lagt til þessara almenningsbókasafna það, sem maður skyldi ætla, að hann hefði getað gert, þegar þess er gætt, hvernig fjárl. hafa hækkað annars vegar, en hins vegar, hver framlög ríkisins hafa verið á undanförnum árum til almenningsbókasafna. En þessi framlög ríkisins hafa verið, síðan lög nr. 22 frá 26. apríl 1963 voru sett um almenningsbókasöfn: 1964 3 millj. 113 þús., 1965 3½ millj., 1966 3 millj. 760 þús. og 1967 4 millj. Á þessum árum hafa þá framlög ríkisins til þessara almenningsbókasafna hækkað um 28%. En á sama tíma hafa fjárl. hækkað úr 2700 millj. í 4700 millj. eða um 74%. Það sýnist því ekki vera neitt ofverk fyrir ríkissjóð að leggja fram þetta gjald til hins nýja rithöfundasjóðs, og þess vegna leggjum við til, að í staðinn, fyrir ákvæði í 1. gr. þessa frv. um framlag úr bæjar-, sveitar- og sýslusjóðum komi eitt framlag úr ríkissjóði, sem sé 25%, og mundi það þá vera aðeins ríflegra framlag til rithöfundasjóðsins heldur en hann fengi skv. frv. Það má geta þess, að þó að sýslusjóðir séu nefndir hér sem þriðji aðilinn til að greiða fé í þennan sjóð, er það ekkert annað en sveitarfélögin, því að sýslusjóðirnir hafa enga aðra möguleika en að hækka sýslusjóðsgjöldin, svo að sveitarfélögin verða að greiða meira.

Ég vænti þess, að hv. d. geti fallizt á þessa brtt. og frv. verði samþ. þannig.

ATKVGR.
Brtt. 528 felld með 17:15 atkv.
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 611).

---

37. Fjáraukalög 1965.

Á 22. fundi í Sþ., 8. febr., var útbýtt:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1965 [110. mál] (stjfrv., A. 206).

Á 23. fundi í Sþ., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það til fjáraukalaga fyrir árið 1965, sem hér liggur fyrir, er, eins og aths. við frv. bera með sér, flutt skv. till. yfirskoðunarmanna ríkisreikninga, en er í því fólgið að leita eftir aukafjárveitingum til þeirra umframgreiðslna, sem orðið hafa á einstökum liðum fjárlaga fyrir árið 1965.

Frv. til l. um staðfestingu á ríkisreikningnum hefur verið lagt fyrir hið háa Alþingi enn fremur, en því miður hefur enn ekki verið útbýtt ríkisreikningnum sjálfum með athugasemdum. Honum var útbýtt í haust, án athugasemda, og er því hægt að bera saman allar niðurstöðutölur, en vegna seinkunar í prentsmiðju hefur dregizt í nokkra daga, að honum verði útbýtt, en ég vonast til, að það verði núna alveg næstu daga, sem hann verður lagður fram.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að gera að umræðuefni þær umframgreiðslur, sem hér hafa átt sér stað — ég gerði það ýtarlega í sambandi við 1. umr. fjárlaga — ef ekki gefst frekara tilefni til þess, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 206, n. 305).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Fjvn. hefur yfirfarið frv. til fjáraukal. fyrir árið 1965. Frv. er samið skv. till. yfirskoðunarmanna ríkisreikninga á sama hátt og venja hefur verið til. N. hefur borið tölurnar í frv. saman við ríkisreikninginn og ekkert fundið athugavert. Leggur hún til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngJ, JóhH, JÁ, JP, KK, MB, ÓB, ÓL, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, SvJ, AuA, AJ, ÁÞ, BGr, BBen, BGuðm, ÓskJ, RJ, EmJ, FS, GeirG, GíslG, GuðlG, JÍ, HÁ, HS, BF.
JSk, ÓlJ, PÞ, RA, SE, SkG, EÁ, EystJ, GilsG greiddu ekki atkv.
19 þm. (IG, JÞ, JR, LJós, MJ, MÁM, ÞK, ÞÞ, AG, ÁB, BJ, BP, EðS, EggÞ, EOl, GÞG, HV, HB, HermJ) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FS, GeirG, GuðlG, JÍ, GÞG, HS, IngJ, IG, JóhH, JÁ, US, JP, KK, MJ, MÁM, ÓB, ÓL, PS, RJ, SÁ, SI, SÓÓ, SvG, SvJ, AuA, AJ, ÁÞ, BGr, BBen, BGuðm, ÓskJ, EmJ, BF.
EystJ, GilsG, GíslG, HV, HB, HermJ, LJós, ÓlJ, PÞ, RA, SE, SkG, ÁB, BJ, EðS, EÁ, EOl greiddu ekki atkv.
10 þm. (HÁ, JSk, JR, MB, SB, ÞK, ÞÞ, AG, BP, EggÞ) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 613).

---

38. Kjarasamningar opinberra starfsmanna.

Á 60. fundi í Ed., 10. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. til bráðabirgða á l. nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna [183. mál] (stjfrv., A. 418).

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem segir í grg. þessa frv., var skipuð snemma á árinu 1965 n. til þess að endurskoða l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þessi n. hefur síðan starfað að þessum málum, og það er þó sérstaklega nú í vetur, sem hún hefur unnið að endurskoðun l. Það þóttu nokkrar líkur til þess, að n. gæti lokið störfum, þannig að frv. hennar kæmi til kasta Alþingis, og er það ástæðan fyrir því, að þetta frv., sem hér er um að ræða, er svo seint fram komið.

Það hefur hins vegar komið í ljós við umr. um málið í n., að þar eru ýmis veigamikil atriði, sem þarfnast nákvæmrar athugunar, og það hefur tekið alllangan tíma frá beggja hálfu að gera sér grein fyrir því, hvort hægt væri að ná samstöðu um ýmis þeirra atriða.

Loks er rétt að geta þess, að það hefur gerzt í vetur, að allstórir hópar opinberra starfsmanna hafa gengið undan merkjum BSRB, og hafa komið fram mjög ákveðnar kröfur um það frá ýmsum hagsmunahópum, að Bandalag háskólamanna fengi samningsaðild. Það mál út af fyrir sig þarfnast mjög rækilegrar athugunar, vegna þess að þá þarf að gera allmiklu víðtækari breytingar á kerfinu í heild. Hvort úr þessu verður, skal ég engu um spá, en þetta veldur því, að það er útilokað með öllu, að n. geti lokið störfum þannig, að málið í heild geti komið til kasta yfirstandandi Alþingis. Það hefur þess vegna orðið að ráði og samkomulag orðið um það á milli fjmrn. og BSRB að óska eftir því við hið háa Alþingi, að teknir verði út úr þessu vissir þættir málsins og þeir lögfestir nú, þar sem þeir geta með engu móti beðið. Annars vegar eru óskir bandalagsins um það, að frestum verði nokkuð breytt, frá því sem er í kjarasamningalögunum, en eins og hv. þd. er kunnugt, eiga að fara fram nýir kjarasamningar opinberra starfsmanna seint á þessu ári og taka gildi um næstu áramót. Það hefur áður í sambandi við samninga verið breytt frestum, eftir því sem samkomulag hefur orðið um á milli samningsaðila, en það verður hins vegar ekki gert nema með sérstakri breyt. á lögunum. Þetta er annað atriði málsins. Hitt atriðið er ákvæði það til bráðabirgða, sem lagt er til hér að fá lögfestingu Alþingis á, en það er samkomulag á milli fjmrh. og BSRB um það, að nokkrum hluta af kjarasamningamálinu verði frestað fram yfir næstu áramót, þ. e. a. s. til ársloka 1968, og er þar um að ræða flokkun starfsmanna í launaflokka, sem hefur verið mjög mikið vandamál og báðir aðilar eru algerlega sammála um, að brýn nauðsyn sé að taka til rækilegrar endurskoðunar, þannig að það þurfi ekki að vera að hagga því í hvert skipti, sem kjarasamningar eru teknir upp á milli þessara aðila. Það varð að samkomulagi við rn., að fulltrúar frá því og bandalaginu færu til útlanda og kynntu sér, hvernig þessum málum væri fyrir komið í nokkrum löndum, þar sem líklegast var talið, að þetta væri orðið fastast í sniðum, og þetta hefur verið framkvæmt og í samræmi við það samkomulag, sem frv. getur um, hefur ákveðnum aðilum verið falið af beggja hálfu að hefjast handa um þessa endurskoðun. Það er hins vegar ekki

ætlunin, að þetta skerði í neinu kjör opinberra starfsmanna, þó að þessu seinki um þetta heila ár eða kunni að fara svo, að því seinki um það langan tíma, vegna þess að þær breyt., sem yrðu á launaflokkum, mundu engu að síður taka gildi frá 1. jan. 1968.

Þetta eru þau tvö atriði, sem hér er óskað lögfestingar á, og eins og ég sagði hefur orðið algjört samkomulag um það á milli fjmrn. og BSRB að taka þau út úr endurskoðun l. sem slíkri, og vænti ég þess, að með hliðsjón af því, að málið er áfram í endurskoðun með samþ. beggja aðila, geti hv. þdm. fallizt á að taka ekki upp önnur atriði málsins á þessu stigi, ekki fyrr en heildarendurskoðunin liggur fyrir og till. þar að lútandi, hvort sem um það verður þá samkomulag eða ekki á því stigi.

Eins og ég sagði, er það alveg nauðsynlegt, að þessar breyt. verði gerðar nú á yfirstandandi Alþ., en þar sem skammur tími er eftir, vildi ég leyfa mér að beina því til hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hún leitist við að hraða því, og vonast því til, að ekki þurfi um það að verða ágreiningur, þar sem hér er samstaða beggja aðila um málið.

Ég orðlengi svo ekki frekar um það, nema tilefni gefist til, herra forseti, en legg til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þar sem þetta frv. er byggt á samkomulagi þeirra aðila, sem hér að standa, ætla ég ekki að hafa neitt sérstaklega á móti því, en ég vil þó ekki láta hjá líða að benda á, að það verður að teljast mjög óhagkvæmt og óeðlilegt, að það liggi ekki fyrir ákvörðun um kjaramál opinberra starfsmanna, fyrr en 1. des. En skv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að kjaradómur hafi frest til 1. des. 1967 til þess að kveða upp sinn dóm. En það er öllum vitað mál, að ákvörðun um launakjör opinberra starfsmanna hefur afgerandi þýðingu fyrir afgreiðslu fjárlaga. Það er auðséð, að þau verða þá ekki afgreidd, fyrr en eftir 1. des. Það er nú sök sér, því að afgreiðsla fjárlaga hefur áður dregizt fram yfir þann tíma. En ég vil segja það, að það er ákaflega erfitt að gera sér hugmyndir um afgreiðslu fjárlaga, fyrr en eftir 1. des. — fyrr en ákvörðun um launakjör opinberra starfsmanna liggur fyrir. Á þetta vildi ég aðeins benda og enn fremur benda á það, að í grg. með frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna var það einmitt flutt fram sem rök fyrir því, hvernig frestirnir eru tilteknir í þeim l., að það væri nauðsynlegt vegna undirbúnings og samningar fjárlaga, að það lægi fyrir það snemma, sem sagt 1. okt., hver yrðu launakjör starfsmanna ríkisins á næsta ári. Á þetta vildi ég aðeins benda.

Í öðru lagi verð ég að láta í ljós þá skoðun mína, að endurskoðun laganna hafi tekið helzt til angan tíma, þar sem n. er skipuð 10. marz 1965 og hefur ekki enn lokið starfi.

Þá vil ég í þriðja lagi minnast á það, sem hæstv. fjmrh. vék að, þeirri ósk, sem komið hefur fram frá BHM um að fá aðild að kjarasamningum. Ég veit ekki betur en BSRB eða þess stjórn hafi látið í ljós samþ. við þeirri ósk, þannig að það ætti ekki að standa á þeim aðila að veita viðurkenningu á samningsaðild háskólamenntaðra manna. Ég verð að segja, að eins og þessum málum er nú komið, er vissulega ástæða til þess að viðurkenna þá samningsaðild í stað þess að láta skeika að sköpuðu og málin fara fram með þeim hætti, sem gert hefur verið að undanförnu, að það er verið að taka hvern starfshópinn á fætur öðrum út úr og semja við hann sérstaklega. Það er alveg gagnstætt þeirri hugsun, sem lá að baki l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þetta hefur það í för með sér, að nú eru starfskjör háskólamenntaðra manna orðin ákaflega misjöfn, þannig að ég fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um, að það eina eðlilega, úr því sem komið er, er það að veita BHM aðild að kjarasamningum, og þar sem mér skilst, að heildarsamtökin, BSRB, hafi út af fyrir sig síður en svo við það að athuga, heldur hafi fallizt á það, vænti ég þess, að það muni ekki standa á hinum samningsaðilanum, ríkisstjórninni, að fallast á það að viðurkenna BHM sem samningsaðila, en frá þeim samtökum hefur legið fyrir ákveðin ósk um það að vera viðurkenndur samningsaðili. Sú ósk lá fyrir, þegar frv. að kjarasamningalögum var hér til afgreiðslu í fyrsta sinn, en þá þótti ekki fært að sinna henni, vegna þess að það var talið eðlilegt, að aðeins væri samið við einn aðila. En eins og raunveruleikinn er orðinn, er búið að þverbrjóta þá meginreglu. Það er búið að taka upp samninga við einstaka starfsmannaflokka, auk þess sem öll sveitarfélögin taka sérstaklega upp samninga við sína starfsmenn. Ég mundi þess vegna gjarnan hafa kosið það, að hæstv. fjmrh. hefði getað talað öllu ákveðnar um afstöðu sína og ríkisstj. til þessa máls. En í öllu falli er þess þó að vænta, að þessi n., sem hefur nú haft 2 ár til síns starfs, muni skila af sér og skila áliti fyrir næsta reglulegt Alþ. og þá verði tekin hrein og bein afstaða til þessarar spurningar, hvort það á ekki að veita BHM samningsaðild.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hef í rauninni ekkert við það að athuga, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan um þetta mál í einstökum atriðum. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að það er auðvitað ekki gott að lengja þessa fresti. Það er hins vegar þannig ástatt, að bandalagið telur útilokað að gera kröfur sínar eins snemma og ætlazt er til skv. l., m. a. vegna þess að það telur líkur til, að það riki nokkur óvissa fram eftir ári um það, hvernig þróunin verður í þessum efnum á næsta hausti, og þess vegna verði erfitt að byggja kröfugerð upp, eins snemma árs og ætlazt er til skv. l. Ég fyrir mitt leyti

hef ekki viljað synja bandalaginu um þessa framlengingu, þó að vel megi segja, að það sé út frá ýmsum sjónarmiðum ekki hyggilegt að veita hana og geti skapað vissa erfiðleika við afgreiðslu fjárlaga að vita ekki nánar um framvindu þessara mála.

Hitt er annað mál, að það eru nú ekki ákaflega miklar líkur til þess, eins og þessi mál hafa þróazt hingað til, að það hefði hvort sem er legið svo ákaflega miklu ljósara fyrir fyrr en þá í nóv. eða svo, hvernig þessu væri háttað, og síðast, þegar breytingar urðu, var þessum málum til lykta leitt álíka seint og hér er gert ráð fyrir, þannig að menn urðu að hafa uppi töluverðar ágizkanir um niðurstöðurnar. Og það var veitt í einu lagi í fjárl. heildarupphæð til að mæta væntanlegum launahækkunum, enda er það snemma gengið frá sundurliðun launa í fjárl.frv. frá einstökum stofnunum, að það væri útilokað, jafnvel þótt hinir fyrri frestir giltu, að það væri hægt að vita nokkuð um það, áður en gengið er frá einstökum fjárlagaliðum, þannig að það verður þá að vera ein heildarupphæð, sem þar kæmi til greina.

Varðandi Bandalag háskólamanna, sem hv. þm. taldi sig hafa orðið fyrir nokkrum vonbrigðum af, að ég gæti ekki lýst nánar skoðun minni á, hvort ætti að veita aðild eða ekki, held ég nú naumast, að hv. þm. telji það neina goðgá, þó að ég vilji ekki gera það, vegna þess að þetta mál er miklu flóknara en svo, og enda þótt stjórn BSRB hafi fyrir sitt leyti ekki viljað setja fótinn fyrir það, að BHM yrði viðurkennt, er málið alls ekki svo einfalt, vegna þess að það eru allar líkur til, að BSRB gæti sundrazt enn meir. Menn gera sér alveg fullkomlega grein fyrir því, hvað kynni að gerast í þessum efnum, og það eru fjölmennir hópar þar, sem segja, að það sé þá full ástæða til, að þeir myndi sín sérstöku samtök. Munurinn á BSRB annars vegar og BHM hins vegar er sá, að í BSRB eru eingöngu starfsmenn þessara aðila, sem eru viðsemjendur, en í BHM er fjöldinn allur af fólki, sem er ekki á neinn hátt tengdur ríkinu, þannig að þessi samtök eru þar af leiðandi mjög mismunandi upp byggð, og það er ekki fyrr en í vetur, sem þessi þróun hefur fyrir alvöru orðið, að fleiri og fleiri félög hafa beinlínis sagt sig undan merkjum BSRB. Fram til þessa hefur þó allverulegur hluti af félögum háskólamanna einnig verið í bandalaginu, og það hafa komið upp í þessum viðræðum um samningana í vetur — sem ég skal einnig fúslega fallast á að hafa tekið óeðlilega langan tíma — ýmis atriði, sem eru þess eðlis, að þau hafa grundvallarþýðingu í því sambandi, hvort á að viðurkenna aðra samningsaðila en BSRB, hvort sem það er BHM eða þá ef til vill fleiri samtök. Og vandinn getur sá orðið í þessu, að þetta verði enn fleiri aðilar, sem komi til með að mynda sín samtök og geti þá gert kröfur um að verða sjálfstæðir samningsaðilar. Það er kannske ekki svo hættulegt, ef það eru bara BSRB — eða það, sem eftir verður af því — og BHM. En það liggur hins vegar ljóst fyrir eftir reynslu í öðrum löndum, að það er mesta ógæfa, ef það verða margir samningsaðilar um kjaramálin og skapar mikla erfiðleika, ef á að halda samræmi. Meðan það er t. d. einn aðili hér, eins og BSRB, þá hafa þeir fallizt á að flokka háskólamenn eftir vissum sjónarmiðum, sem mundu alls ekki lengur vera til staðar, ef þeir væru allir farnir úr BSRB.

Hvort þetta er til góðs eða ills, skal ég ekki um dæma á þessu stigi, en það skýrir kannske nokkuð, að ég vil ekki fara að gefa ákveðnar yfirlýsingar í þessu efni. Ég játa hins vegar, að menn verða að viðurkenna ákveðnar staðreyndir. Og ef það eru heilir hópar ríkisstarfsmanna, sem neita algjörlega að vera aðilar að BSRB og mynda sín eigin samtök, þá er ekki hægt að ganga fram hjá slíku. En einmitt þessi þróun síðustu mánuðina hefur ekki hvað sízt leitt til þess, að það er óumflýjanlegt að doka nokkuð við og sjá, hvernig þetta kemur til með að þróast. Og það hefði verið útilokað að leggja heildarendurskoðun laganna fyrir þingið án þess að taka jafnframt ákvörðun í þessu efni og gera þá upp við sig t.d., hvort menn eru reiðubúnir til að skikka þá alla aðra starfsmenn til að vera í BSRB eða ekki. Það verður erfiðara að gera það, ef búið er að samþykkja, að einn aðili geti klofið sig þarna út úr, sem sagt háskólamenntaðir menn. Er þá hægt að skipa hinum öllum að vera eftir þar, ef þeir óska þess að mynda sín eigin samtök? Ég held, að það verði ekki hjá því komizt, að menn hugsi um það töluvert alvarlega, hvaða afleiðingar það hefði, ef það á að veita a. m. k. almennan rétt, til þess að ríkisstarfsmenn geti bara myndað sín sjálfstæðu félög og orðið sjálfstæðir samningsaðilar einmitt út frá þeirri hugsun, sem ég álít, að sé góð, og óumflýjanlegt sé, að það þurfi að byggjá upp heilsteypt launakerfi, og það verður því erfiðara að ná samkomulagi um launaflokkun eftir því sem það verða fleiri aðilar, sem verða gagnaðilar ríkisins við samningaborðið á því sviði. Hitt er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að það þýðir auðvitað ekki að neita staðreyndum, og það kann vel að vera, að þessi samtök háskólamanna fastmótist og verði svo hreinar línur milli þeirra og BSRB, að það verði ekki um þar að ræða annað heldur en eftir atvikum að viðurkenna tvo samningsaðila. En ég treysti mér ekki á þessu stigi til þess að gefa yfirlýsingu um það og tel það ekki skynsamlegt. Ég segi það eitt, að ég tel sjálfsagt, að málið sé athugað í fullri alvöru og kostgæfni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 418, n. 432).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér liggur fyrir, og eins og nál. á þskj. 432 ber með sér, leggja allir þeir nm., sem staddir voru á þeim fundi, sem n. afgreiddi málið, til, að það verði samþ. óbreytt. Mér er fyllilega ljóst, að nauðsynlegar eru áður en langt um líður frekari breytingar á kjarasamningalögunum heldur en þær, sem í þessu frv. felast, og ég get í sjálfu sér alveg tekið undir það með hv. 3. þm. Norðurl. v., sem kvaddi sér hljóðs, þegar málið var til 1. umr., að æskilegt hefði verið að geta jafnhliða því, sem í þessu frv. felst, tekið fyrir aðrar nauðsynlegar breytingar á kjarasamningalögunum. Að mínu áliti er vel hægt að skilja það, að opinberir starfsmenn séu orðnir nokkuð langeygðir eftir árangri af skipun þeirrar n., sem fjallað hefur nú á 3. ár um kjarasamningalögin.

Hitt verðum við að gera okkur ljóst, og í því efni get ég fyllilega tekið undir með hæstv. fjmrh., að hér er um flókin mál að ræða, og það munu ekki nein einsdæmi, þegar slíkar opinberar nefndir eru skipaðar, gjarnan mönnum, sem störfum eru hlaðnir að öðru leyti, að störf þeirra dragist á langinn, ekki sízt, þegar um slíkt mál er að ræða sem hér, þar sem víðtækar athuganir þarf að gera á afleiðingum þess, ef breytingar verða gerðar. Það er því í sjálfu sér ekki að undra, þó að afgreiðsla mála dragist nokkuð á langinn, og munu þess vafalaust mörg dæmi, að slíkar n. hafi setið að störfum lengri tíma heldur en hér er um að ræða. Annars er það síður en svo ætlun mín að fara að ræða hér almennt um kjaramál opinberra starfsmanna, en það er einn þáttur þeirra, sem ég get þó ekki stillt mig um að fara nokkrum orðum um að gefnu sérstöku tilefni við 1. umr. málsins, og það er samningsréttur háskólamenntaðra manna.

Eins og flestum hv. þdm. er kunnugt, hafa verið uppi um það háværar kröfur frá BHM og einstökum aðildarfélögum þess bandalags að fá samningsrétt í eigin hendur fyrir meðlimi sína. Að vísu kemur það mér nú nokkuð á óvart, sem mér skildist, að hv. 3. þm. Norðurl. v. gæfi í skyn, að stjórn BSRB væri þegar fyrir sitt leyti búin að samþykkja ákveðna breyt. í þessa átt. En hvað sem því líður, get ég fullyrt það, að innan stjórnar bandalagsins er fullur skilningur á óskum háskólamenntaðra manna í þessu efni. Það er að vísu nú orðið á 3. ár síðan ég hef átt sæti í stjórn bandalagsins, þannig að ég get ekki talað hér sem neinn fulltrúi fyrir bandalagsstjórnina, en þessi mál var þegar oft farið að bera á góma, þegar ég síðast átti sæti í bandalagsstjórninni, og ég vænti þess ekki, að veruleg breyt. hafi orðið á viðhorfum bandalagsstjórnarinnar í þessu efni. Mér er kunnugt um það, að þáv. og raunar núv. formaður bandalagsins og bandalagsstjórnarmeðlimir almennt höfðu góðan skilning á þessum málum og munu út af fyrir sig vera reiðubúnir til að fallast á nýja skipan þeirra að því leyti, sem slíkt þó samrýmist hagsmunum heildarsamtakanna. Fyrir hinu má þó ekki loka augunum, að hér er ýmiss konar vandi á höndum, sem gera verður sér grein fyrir, hvernig leysa má, ef horfið verður í einhverri mynd að nýrri skipan þessara mála, og vil ég þá benda á, að málið er ekki svo einfalt, að það sé ákveðinn fjöldi félaga háskólamenntaðra manna í BSRB, þannig að hægt sé að leysa það á þann einfalda hátt, að umboð þeirra félaga, sem sum hver a. m. k. munu einnig vera aðilar að BHM, flytjist yfir til þeirra samtaka. Það hafa verið aðeins 4 félög háskólamenntaðra manna í BSRB. Það voru nánar tiltekið Prestafélag Íslands, Læknafélag Íslands, Félag starfsmanna Háskóla Íslands og Félag menntaskólakennara. Samanlögð tala meðlima þessara félaga mun varla hafa verið yfir 300, eða rúml. 5% af meðlimatölu BSRB í heild.

Eitt þessara félaga, Læknafélag Íslands, hefur síðar gengið úr bandalaginu, en í því sambandi má þó vekja athygli á því, að það var aðeins hluti af Læknafélagi Íslands, sem hafði aðild að bandalaginu, héraðs- og embættislæknar. Nei, flestir háskólamenntaðir menn í þjónustu ríkisins eru aðilar að öðrum félögum. Í einu tilviki, eða hvað snertir Landssamband framhaldsskólakennara, hafa háskólamenntaðir menn að vísu gengið úr slíkum samtökum og myndað sitt eigið félag, sem hefur aðild að BHM. En einmitt þetta, að háskólamenntaðir menn, sem starfa í þjónustu hins opinbera, hafa aðild að öðrum einstökum bandalagsfélögum, en eru yfirleitt ekki í sérfélögum, gerir þetta viðkvæmt vandamál líka innan þessara einstöku félaga. Og einn sá vandi, sem leysa þarf, áður en þessum málum er ráðið til lykta, er auðvitað sá, hvernig eða eftir hvaða reglum eigi að draga markalínurnar á milli BSRB og BHM í þessum efnum. Maður getur hugsað sér þá leið, að BHM fari með samningsumboð fyrir alla háskólamenntaða menn, sem eru í þjónustu ríkisins, óháð því, hvaða störfum þeir gegna. Og í öðru lagi væri hægt að hugsa sér það, að BHM færi með samningsumboð þeirra, sem gegna stöðum, þar sem krafizt er skv. l. og reglum, að háskólamenntun þurfi til að fá að gegna slíkum störfum. Í þriðja lagi gæti líka komið til greina að BHM fari með samningsumboð þeirra, sem í senn eru háskólamenntaðir og gegna störfum, sem háskólamenntun þarf til. En fyrir því verður auðvitað að gera sér grein, hvaða leið á að fara í þessum efnum og hver leiðin, sem valin mundi verða, mundi skapa sín vandamál án þess að ég reki það nánar. Ég skal vissulega taka það fram, að ég álít ekki, að hér sé um neinn óleysanlegan vanda að ræða, en það verður að gera sér grein fyrir því, hvernig þennan vanda skuli leysa, áður en málunum er ráðið til lykta, og margt er það fleira í þessu sambandi, sem auðvitað verður að gera sér grein fyrir, hvernig nánar skuli skipa, ef þessi leið verður valin.

Og annar vandi kemur hér auðvitað líka til, sem hæstv. fjmrh. drap á í ræðu sinni við 1.

umr. málsins, og það er þetta, að þó að háskólamenntaðir menn vissulega hafi sína sérstöðu, sem taka þarf tillit til, geta það verið fleiri starfshópar, sem óska eftir því sama, þannig að þá verður að finna þann gullna meðalveg í því efni að gæta þess annars vegar, að samningsrétturinn dreifist ekki á allt of margar hendur, sem getur orðið til þess að skapa meira eða minna öngþveiti í þessum málum, og svo hins vegar að taka tillit til þess, að allir starfshópar hafi a. m. k. aðstöðu til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, þegar samið er um kjaramál. Mér er óhætt að fullyrða það, hvað sem öllu öðru líður, þó að ég, eins og ég áðan tók fram, tali ekki hér sem neinn fulltrúi fyrir núverandi bandalagsstjórn, að BSRB hefur viljað taka fullt tillit til óska háskólamenntaðra manna við samningagerðina, og sýnir það sig m. a. í því, að það hefur alltaf þótt sjálfsagður hlutur, þrátt fyrir það, að þeir, sem eru meðlimir í félögum háskólamenntaðra manna, séu aðeins um 5% af tölu meðlima bandalagsins í heild, að þeir ættu a. m. k. 1 af 5 kjararáðsmönnum, sem fara með samningsréttinn fyrir hönd bandalagsins. Og þar sem það hefur alltaf þótt sjálfsagt, að formaður bandalagsins ætti sæti í kjararáði, hafa háskólamenntaðir menn þannig í rauninni ráðið 1 af 4, sem bandalagið hafði frjálsan rétt til að ákveða, hverjir ættu þar sæti í kjararáði. Á þetta vildi ég nú leyfa mér að benda. Enn fremur á það, að þó að háskólamenntaðir menn hafi vissulega ástæðu til þess að vera óánægðir með launakjör sín, hafa þó kjarasamningalögin þrátt fyrir allt verið stórt spor í áttina til þess, að nokkur leiðrétting fengist þó á þessum efnum, því að með fyrsta kjaradómi, sem upp var kveðinn, fengu háskólamenntaðir menn yfirleitt miklu meiri launahækkanir heldur en almennar voru hjá opinberum starfsmönnum, í mörgum tilvikum launahækkun um 80% eða jafnvel meira. Nú var það að vísu svo, að þessi launakjör voru mjög bágborin og orðin fráleit fyrir, en hér var þó um verulega leiðréttingu að ræða. Og á það má sérstaklega benda, að ég dreg mjög í efa, að slík leiðrétting hefði fengizt, ef það hefði ekki verið þannig, að það var bandalagið, sem tók það upp á sína arma að leggja sérstaka áherzlu á leiðréttingu á launakjörum þessara manna. Ég get í þessu efni talað af nokkurri reynslu, af því að ég hef verið formaður þessara samtaka lengur en nokkur maður annar hingað til og því átt í samningum um launakjör við ýmsa ráðh. af ýmsum flokkum. Og sameiginlegt öllum var það, að ef farið var fram á leiðréttingar fyrir láglaunafólk, sem gegndi hliðstæðum störfum hjá því opinbera eins og unnin voru á almennum launamarkaði, voru allir þessir ráðh. til viðtals um það út af fyrir sig að gera á því leiðréttingu og líta á þau rök, sem fram voru borin fyrir því.

Ef hins vegar var farið inn á að benda á það varðandi háskólamenntaða menn og þá, sem gegndu hæstu ábyrgðarstöðum, að nauðsynlegt væri að leiðrétta kjör þeirra jafnvel meira heldur en annarra, kom annað hljóð í strokkinn og sagt á þá leið, að ef það á að fara að hækka laun sýslumanna, lækna og presta meira heldur en annarra, þá verður allt vitlaust. Það held ég, að allir þessir ráðh. hafi sagt, hvar í flokki, sem þeir voru. Fólkið unir því ekki, þó að út af fyrir sig megi kannske færa einhver rök fyrir því, að slíkt sé réttmætt eða nauðsynlegt.

En svo tók bandalagið þetta upp á arma sína, því að innan þess náðist samkomulag um launaflokkun, og það samkomulag var svo á sínum tíma staðfest af fjmrn. Það var ekki Kjaradómur, sem kvað upp þann úrskurð, þó að hann ákvæði hins vegar launakjörin í einstökum flokkum. Þá var hægt að segja: „Það er láglaunafólkið í bandalaginu, sem stendur að baki þessum kröfum og styður þær.“ Ég hugsa, að það hafi verið fátt, sem hafi frekar skapað síðferðilegan grundvöll fyrir því, að hægt væri að gera þetta, en einmitt þessi staðreynd. Ég hugsa, að á þeim tíma hefði verið erfiðara að koma þessari leiðréttingu í kring, ef háskólamenntaðir menn hefðu einir farið með sinn samningsrétt.

Annað mál var það, að þó að samkomulag næðist um þetta innan samtakanna, er það öllum hv. þdm. í fersku minni, að viðbrögðin utan þessara samtaka við kjaradómnum 1963 voru annars eðlis, því að meginrökin fyrir þeim miklu launakröfum, sem voru bornar fram um áramótin 1963—1964, voru ekki þau, að atvinnuvegirnir gætu borið þær miklu kauphækkanir, sem þá var gerð krafa um, því að það var öllum ljóst, að var ekki mögulegt, heldur að opinberir starfsmenn höfðu fengið svona mikla hækkun og þess vegna þyrftu allir aðrir að fá sömu hækkun eða jafnvel meira. Það kom þá í ljós, að hjá almenningi vantaði skilning á því, að leiðréttinga væri í þessu efni þörf, og ég vil ljúka þeim orðum, sem ég mæli hér í þessu tilefni, með því að benda á það, að vissulega þarf að endurskipa þessi samningamál og taka það til mjög alvarlegrar athugunar m. a., hvort ekki er eðlilegt, að háskólamenntaðir menn hafi sinn eigin samningsrétt og fundnar séu leiðir til þess að koma því fyrir á hagkvæman hátt. En grundvallarvandamálið, sem hér er um að ræða, leysist þó að mínu áliti ekki með því einvörðungu.

Nú er það að vísu þannig, að þó að ég vitnaði áðan í þá ýmsu fjmrh. og aðra ráðh., sem ég stóð í samningum við, að það má ekki líta á það sem mína skoðun. Mönnum sést oft yfir það, að þó að laun háskólamenntaðra manna, t. d. lækna, verkfræðinga o. s. frv. séu hækkuð, þýðir það ekki tekjutilfærslu á milli þjóðfélagsborgaranna. Það er eðlismunur á slíku og t. d. því, þegar skattar eru heimtir af borgurunum til þess að greiða ellistyrki og aðrar bætur skv. almannatryggingum, þar sem um hreina tekjutilfærslu er að ræða. En hér er um að ræða greiðslu fyrir þjónustu, sem þessir aðilar inna af hendi, og að mínu áliti

einmitt sérstaklega, þegar um háskólamenntaða menn er að ræða, má fullyrða, að gæði þessarar þjónustu fara m. a. eftir því, hvað borgað er fyrir hana. Læknar, verkfræðingar, háskólakennarar o. fl. þurfa að fylgjast með í sínum vísindagreinum, og til þess að svo verði þurfa viðkomandi að kynna sér nýjungar í þessum málum erlendis öðru hverju, og til þess að standa undir kostnaði við það er í raun-inni yfirleitt ekki öðrum fjármunum til að dreifa heldur en launum þessara manna. Einn og einn maður getur að vísu fengið styrk úr opinberum vísindasjóðum eða á annan hátt frá því opinbera. En það hlýtur að verða mjög takmarkað og allir slíkir styrkir eins og kunnugt er, mjög undir smásjánni. En það er fyrst, þegar skilningur verður almennari heldur en nú er á þessum málum, sem von er til þess, að á þeim fáist eitthvað í áttina við það að vera viðunandi leiðrétting, og þó að það sé að mínu áliti sjálfsagt, eins og ég sagði, að vinna að því að koma skipulagi þessara mála í betra horf heldur en nú er, verða vandamálin aldrei leyst einvörðungu með því.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., það er óþarfi. Hér er um mál að ræða, sem allir eru sammála um og fullt samkomulag um. En ákveðin orð hjá hv. frsm. get ég ekki látið fram hjá mér fara án þess að gera við þau aths. Hann sagði, að sér kæmi það nokkuð ókunnuglega fyrir sjónir, að ég hefði gefið það í skyn í ræðu hér í gær, að stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefði fallizt á það eða samþ. það fyrir sitt leyti, að Bandalag háskólamanna fengi samningsaðild. Þessi orð hans má skilja svo, að ég hafi verið að fara þar með staðlausa stafi. En þetta er staðreynd. Það liggur fyrir samþykkt stjórnarinnar, hún hefur verið birt. Um það er ekkert að efast. Það þarf þess vegna ekki að láta sér það koma ókunnuglega fyrir sjónir eða vera að tala um það, að það hafi verið gefið í skyn, að svona sé þessu varið. Enda man ég ekki betur en það kæmi fram hjá hæstv. fjmrh. hér í gær, að hann kannaðist fyllilega við það, að þessi samþykkt hefði verið gerð. Um þetta atriði er þess vegna ekki hægt að efast eða deila. Stjórn BSRB hefur samþykkt það fyrir sitt leyti, að BHM fengi samningsaðild. Hitt er svo annað mál, hvort menn álíta það heppilegt eða óheppilegt. Ég get alveg út af fyrir sig tekið undir það með hæstv. fjmrh., sem fram kom hjá honum í gær og sem er kannske eðlilegt sjónarmið af hálfu fyrirsvarsmanna ríkisins, að það sé æskilegast að hafa einn viðsemjanda. En það, sem ég vil segja, er það, að eins og þessum málum er komið nú, þar sem það hafa verið teknir út úr ákveðnir hópar háskólamanna og við þá verið gerðir samningar sérstaklega, þá held ég fyrir mitt leyti, að þetta kerfi sé að nokkru leyti niður brotið og ekki verði við það unað til lengdar, að svo verði haldið áfram, sem byrjað hefur verið nú á. Og það verð ég þó að segja, að það hlýtur að vera hagkvæmara fyrir ríkið og fyrirsvarsmenn þess að semja við tvö bandalög, tvo aðila, heldur en kannske mjög marga aðila og flokka, eins og þróunin gæti orðið, ef hún heldur áfram í sömu stefnu eins og að undanförnu. Það eru þessi rök sérstaklega, sem ég vil færa fram fyrir því, að ég tel það eðlilegt, eins og komið er, að BHM verði veitt samningsaðild og það verði viðurkenndur samningsaðili. Ég sé nú ekki ástæðu til og vil ekki fara út í það að blanda inn í þessar umr. þeim atriðum, sem hv. frsm. n., hv. 8. þm. Reykv., taldi hér fram sem rök gegn því að veita BHM samningsaðild. Þau rök, sem hann taldi mæla þar í gegn, tel ég fyrir mitt leyti ekki sérstaklega þung á metunum. Sjálfsagt er það einhver vandi, sem við er að etja, hvernig þarna á að draga markalínurnar. En það er þó áreiðanlega ekki neinn óleysanlegur vandi, og þessi n., sem hefur fjallað um þetta, hefur haft á þriðja ár til þess að leysa þann vanda. Ég álít, að það hefði ekki átt að vera ofætlunarverk. Mér sýnist það tiltölulega auðvelt. Það hlýtur að mínum dómi að verða miðað við það, hvort störfin eru þess eðlis, að háskólamenntunar sé krafizt til þess að gegna þeim. Það er sú eðlilega markalína að mínum dómi. En auðvitað á ekki háskólamenntaður maður að hafa neina sérstöðu, ef hann gegnir ekki slíku starfi, sem sérstakt háskólapróf þarf til. Það finnst mér liggja alveg í augum uppi.

Ég ætla heldur ekki að fara sérstaklega út í það að tína fram hér rök fyrir því, að mér finnst eðlilegt að veita BHM samningsaðild, fram yfir það, sem ég hef reyndar þegar gert, þ. e. vegna þess ástands, sem ríkir nú í þessum efnum og hefur smám saman komizt á. — Ég vil ekki á neinn hátt gera lítið úr BSRB né þeim árangri, sem þar hefur náðst. En mér fannst nú hv. frsm. benda á nokkur gögn því til styrktar, að heppilegt væri, að BHM væri viðurkenndur sérstakur samningsaðili, þar sem hann gerði grein fyrir því, hve lítill hluti háskólamenn eru af öllum bandalagsmeðlimunum, og gerði líka rækilega grein fyrir þeirri reynslu, sem hann hefði haft í þessum málum, og hversu það hefði einmitt verið örðugt að ná leiðréttingum á kjörum þessara manna alveg sérstaklega, svo að það er ekki svo óeðlilegt, þó að þeir telji sér henta að hafa fyrirsvarsmenn sérstaklega fyrir sig í þessum samningum, sem hér er um að tefla. Ég er ekki í nokkrum vafa fyrir mitt leyti, að það líður ekki langur tími, áður en BHM verður viðurkenndur samningsaðili.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta nokkurn misskilning, sem mér fannst gæta í síðustu ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. Það, sem ég átti við, þegar ég talaði um, að það kæmi mér á óvart, ef bandalagsstjórnin væri búin að samþykkja samningsrétt BHM, var það, að þó að mér hafi að vísu verið kunnugt um það lengi, svo sem ég gat um í fyrri ræðu minni, að bandalagsstjórnin væri

því ekki andvíg, að BHM fengi þennan samningsrétt, ef það gæti orðið án þess að hagsmunum heildarsamtakanna væri stofnað þar í hættu, og má vel vera, það kemur mér ekki á óvart, að einhver almenn samþykkt hafi verið gerð þess efnis, þá er það ekki nóg, að samkomulag sé um það almennt, að BHM eigi að fá þennan samningsrétt, heldur verður þá líka, ef það á að koma til framkvæmda, að vera samkomulag um það, hvernig markalínurnar skuli draga á milli þessara bandalaga. Það finnst mér liggja í augum uppi, að það eigi líka að vera samkomulag um það, hverjir eigi að fara með samningsrétt fyrir hvern, og það var þetta, sem ég átti við, þegar ég talaði um, að mér kæmi á óvart, ef bandalagsstjórnin væri fyrir sitt leyti búin að ráða því til lykta, því að ég hef ekki einu sinni séð neinar ákveðnar till. um það, hvernig þeim málum skuli skipað í einstökum atriðum.

Ég vil nú líka leyfa mér að leiðrétta það, þegar hv. 3. þm. Norðurl. v. talaði um þau rök, sem ég hefði fært fram á móti því, að BHM fengi þennan samningsrétt. Ég var alls ekki að bera fram nein rök á móti þessum samningsrétti. Ég benti aðeins á það, að ákveðin vandamál þyrfti að leysa, áður en þetta kæmi til framkvæmda. Ég tók það fram, að ég teldi þessi vandamál ekki óleysanleg, en það verður að leggja vinnu í það að fá þar einhverja lausn. Það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. benti á í því sambandi og er í sjálfu sér ekki óeðlileg lausn, er þetta, að BHM, ef það fær samningsréttinn, semji fyrir hönd allra þeirra, sem gegna stöðum, sem háskólamenntunar er krafizt til. Slíkt kemur mjög til álita. Ég vil þó benda á ákveðinn vanda, sem mundi skapast, ef þessi leið væri farin. Ég minntist einmitt á Landssamband framhaldsskólakennara, að það hefði klofnað í tvö félög. Annað hefur sagt sig úr bandalaginu og er aðili að BHM. Hitt félagið, en í því mun nú vera allur þorri Landssambands framhaldsskólakennara, er aðili að bandalaginu. Mundi það ekki skapa vissan vanda ríkisvaldinu til handa gagnvart þessum samtökum, ef það ætti nú með l. að fyrirskipa það, varðandi Landssamband framhaldsskólakennara, sem nú er aðili að bandalaginu, og ég býst við, að það óski a. m. k. fyrst um sinn að vera aðili að því áfram, að því er snertir samningsrétt fyrir þessa kennara, sem ekki hafa að vísu háskólapróf, en gegna stöðum, sem háskólamenn hafa forréttindi til, þá skuli landssambandið afsala sér samningsréttinum fyrir sína hönd til BHM. Það má ekki skoða þetta sem nein andmæli í sjálfu sér gegn því, að BHM fái samningsréttinn. Ég tel víst, að sú verði þróunin, áður heldur en langt um líður. En einmitt til þess að slíkt geti komið til framkvæmda, þarf að horfast í augu við þau ljón, sem á veginum eru, og vinna að því að fá þeim rutt burtu.

Svo er það aðeins að lokum þetta: Hv. 3. þm. Norðurl. v. taldi, að sú tregða, sem hefði verið á því bæði fyrr og síðar, að hinir hærra launuðu embættismenn fengju leiðréttingu umfram aðra, væri bezta sönnunin fyrir því, að þessum málum bæri að skipa á annan veg, þannig að þessir hærra launuðu embættismenn færu sjálfir með sitt umboð. Ég tek nú vissulega ekki aftur þau ummæli, sem ég hafði hér um það, sem fjmrh. úr hinum ýmsu flokkum sögðu. Hvort orðalagið var nákvæmlega það sama, sem ég kom með, eða eitthvað annað, skal ég ekki fullyrða um, en hugsunin var þessi, að það mundi skapa óróa, sem ekki yrði ráðið við, ef það yrði farið að hækka laun lækna, sýslumanna og presta o. s. frv. frekar heldur en laun annarra. En þó að ég hefði vissulega ástæðu til að kvarta undan þeim móttökum, sem ég fékk, þar sem ég talaði þó við þessa menn í umboði 5 þús. opinberra starfsmanna, þar sem þorrinn var þó láglaunafólk þá, efast ég nú um, að formanni Dómarafélagsins hefði t. d. verið tekið öllu betur af þessum mönnum heldur en mér, svo að það er út af fyrir sig ekki nein örugg lausn á þeim vanda, sem hér er um að ræða, og ég veit, að við hv. 3. þm. Norðurl. v. erum sammála um, að vinna þurfi að að leysa. En með breytingu á fyrirkomulaginu einu, þótt hún sé góð og nauðsynleg, er ekki hægt að ráða þessum vandamálum til lykta.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Mér finnst, að ég geti ekki setið hjá við þessar umr., þar sem ég var nú einn af þeim mönnum, sem átti sæti í þeirri n., sem annazt hefur endurskoðun kjarasamningalaganna, og þeirri n., sem þetta frv. er komið frá, sem hér er til umr.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur haldið því fram, að BSRB muni fyrir sitt leyti geta fallizt á það, að BHM fái samningsrétt. Ég verð nú að játa það, að mér koma þessar upplýsingar nokkuð á óvart. Þessi mál voru talsvert rædd innan þessarar n., þar sem fulltrúar BSRB áttu fulltrúa, og ég stend í þeirri meiningu enn í dag, að BSRB fallist ekki á sjálfstæðan samningsrétt til handa BHM. Þessi hv. þm. vitnaði til einhverrar yfirlýsingar. Ef til vill hefur þetta verið einhver loðin yfirlýsing, sem hann hefur misskilið, en út af fyrir sig er kannske ástæðulítið að deila um þetta, vegna þess að það er ekkert annað en óska eftir skýrum svörum frá BSRB um þetta, en ég verð að fullyrða það, að í þessari n. kom sú afstaða bandalagsins ekki fram, að það myndi fallast á kröfur BHM um samþykkt. En þegar rætt er um kröfur BHM um sjálfstæðan samningsrétt, þarf að mínu áliti að skoða þetta nokkuð dýpra en aðeins að líta á þau vandkvæði, sem yrðu á að skipta einstökum ríkisstarfsmönnum og starfsmannahópum upp á milli þessara tveggja bandalaga, sem vissulega getur verið vandamál út af fyrir sig, eins og getið er um og hefur komið fram í þessum umr. Það, sem ég álít, að verði fyrst og fremst að skoða, er í raun og veru grundvallarástæðan til þess, að

menn, sem hafa einhverja tiltekna menntun, einhverja meiri menntun en aðrir starfsmenn ríkisins, hafi sérstakan samningsrétt. Er einhver grundvallarástæða til þess, að menn, sem eru háskólagengnir, semji sér? Gætu þá ekki alveg eins þeir, sem eru kennaraskólagengnir, samið sér, og aðrir, sem hafa sambærilega menntun, gætu þá samið sér, þó að þeir séu ekki háskólagengnir. Það er fyrst og fremst þetta, sem ég held, að á verði að líta. Og eftir nútímakenningum um uppbyggingu launþegasamtaka og samningsrétt, sem að vísu eru nú óvíða kannske komnar í framkvæmd, er það ekki stefnan að kljúfa sundur aðildina, heldur eiga allir þeir starfsmenn eða launþegar, sem vinna hjá sama fyrirtæki eða sömu stofnun, að semja út af fyrir sig. Þannig að ef það ætti að fara að kljúfa bandalagið eða láta marga aðila hafa samningsrétt gagnvart ríkinu, sem ég er þó alls ekki að mæla með, gæti alveg eins verið ástæða til þess að gera það á annan hátt, t. d. þannig, að þeir, sem störfuðu hjá tiltekinni ríkisstofnun, hefðu sérstakan samningsrétt, allir starfsmenn þar, alveg án tillits til menntunar eða ábyrgðar eða hvaða starfi þeir gegndu. Og ég er þeirrar skoðunar, að ef BHM fengi sérstakan samningsrétt, myndi þetta klofna. Þá myndu aðrir hópar koma í kjölfarið. Þá myndu t. d. Samband ísl. barnakennara, Símamannafélagið og önnur slík fjölmenn samtök fylgja á eftir. Þau myndu koma í kjölfarið, og þetta myndi allt leysast upp. En það er út af fyrir sig rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. segir, að þetta getur náttúrlega klofnað af öðrum ástæðum. Ef gert er mikið að því að semja við einstaka hópa utan við kjarasamningalögin, þá getur auðvitað þetta kerfi brostið, án þess að það komi til, að einhverju sérstöku bandalagi verði veittur sjálfstæður samningsréttur með lagaheimild. En ég held, að þegar menn eru að velta því fyrir sér, hvort BHM á að fá sjálfstæðan samningsrétt, verði maður að gera það upp við sig, hvort þessi hópur manna hefur einhverja þá sérstöðu umfram aðra hópa ríkisstarfsmanna, að það sé eðlilegt, að þeir semji sér. Út af fyrir sig verðum við að gera okkur grein fyrir því, að hver stétt ríkisstarfsmanna stendur í þeirri meiningu, að ef hún fái sjálfstæðan samningsrétt og semji sjálf um sín kjör, fái hún betri kjör, og háskólaborgarar eru engin undantekning í þeim efnum, en þetta geta allir aðrir sagt, sem kæmu á eftir: „Við viljum semja sér, við viljum ekki vera háðir einhverjum fjöldasamtökum.“ En ég er hræddur um, að þá myndi þetta kerfi fljótt brotna niður. En um þetta atriði, hvort BHM á að fá sjálfstæðan samningsrétt, má mikið ræða. Hér er e. t. v. ekki nægjanlegt tilefni til þess að eyða tímanum í þetta núna, af því að þetta mál er ekki beinlínis á dagskrá, þó að það sé skylt því frv., sem hér er verið að fjalla um og felur í sér minni háttar breyt. á kjarasamningalögunum, sem allir eru sammála um.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er auðvitað ekkert óeðlilegt við það, þó skiptar séu skoðanir á því, hvort veita eigi BHM samningsaðild eða ekki. Mönnum er frjálst að hafa þá skoðun á því sem þeir vilja, og hv. 4. landsk. þm. er að sjálfsögðu heimilt að hafa sína skoðun á því og vera andvígur því, að BHM fái samningsaðild að kjarasamningum. Ég hef aldrei haldið því fram og aldrei látið mér koma það til hugar, að það ætti að fara að skipta þessu upp í marga hópa, ég er ekki talsmaður þess. Ég hef einmitt bent á það, að þetta hlyti að vera varnarástæða gegn því skipulagi, sem hefur verið að myndast, að æ fleiri starfsmannahópar eru að kljúfa sig út úr og semja sérstaklega, þá hlyti það að vera vörnin, að BHM gengi saman og hefði sérstaka samningsaðild. En það, sem er síður afsakanlegt og leyfilegt hjá þessum hv. landsk. þm., sem setið hefur á þriðja ár í n. til þess að semja og endurskoða þetta frv., er það, að hann skuli koma hingað og segja, að sér sé ekki kunnugt um það, að stjórn BSRB hafi fallizt á það, að BHM sé sjálfstæður samningsaðili. Ég verð að segja, að þegar ég heyri þetta, fer ég að skilja betur, hvers vegna það hefur dregizt svona lengi, að þessi n. hefur skilað af sér. Mér skilst, að hann hefði átt að fylgjast betur með í þessum efnum. En það er óþarfi um það að deila, hvort þetta hefur gerzt eða ekki. Ég vil mælast til þess, að hann á næsta fundi n. leiti eftir því að fá upplýsingar um þetta á vegum bandalagsins, svo að það geti þá framvegis legið skýrt fyrir í þessari n. og það þurfi ekki að deila um svona atriði, sem hann ætti að vera öðrum mönnum kunnugri vegna þess starfs, sem hann hefur haft með höndum í sambandi við öll þessi mál, og þó alveg sérstaklega einmitt með setu sinni í þessari endurskoðunarnefnd.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni áðan, ætti nú ekki að þurfa að vera hér deila á milli mín og hv. 3. þm. Norðurl. v., því að það er í raun og veru auðvelt að leita til bandalagsstjórnarinnar og skera úr þessu. En ég vil a. m. k. ekki trúa því, að hv. 3. þm. Norðurl. v. haldi því fram, að ég hafi verið að segja ósatt frá því, sem gert hefur verið í þessari n. Staðhæfing mín um það, að BSRB hafi ekki samþ. sjálfstæðan samningsrétt til handa BHM, er byggð á því, sem fulltrúar BSRB sögðu í þessari n., sem hefur samið þetta frv. Og mér er ekki kunnugt um það, að afstaða bandalagsins hafi breytzt, en ég skal hins vegar ekkert fullyrða um það. Það er nokkuð síðan þessi n. kom saman síðast, og það getur vel verið, að BSRB eða stjórn þess eða fulltrúaráð hafi skipt um skoðun og hafi nýlega sent frá sér einhverja ályktun, sem hefur farið fram hjá mér. Það þori ég ekki að fullyrða, en ég þori að fullyrða það, og ég á að vita það betur en hv. 3. þm. Norðurl. v., hvað þessir menn sögðu á nefndar-

fundum, ég held, að það ætti ekki að vera nokkur deila um það. En hvort þeir hafa skipt um skoðun og einhver ályktun komið frá þeim nýlega, sem hefur farið fram hjá mér, þar sem þeir hafa breytt um stefnu, get ég ekki fullyrt, en ég sagði, að mér þætti það ótrúlegt. En hins vegar held ég, að það ætti ekki að vera nokkur vandi að fá hið rétta upplýst í þessu máli innan tíðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 66. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj atkv. og til fjhn. með 33 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 418, n. 572).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 572, þá mælir fjhn. með því einróma, að frv. verði samþ. óbreytt.

Jón Skaftason: Herra forseti. Þar sem nú er komið að lokum þessa þinghalds, þá gefst enginn tími til langra umr. um frv. þetta, enda er það e. t. v. ástæðulítið, þar sem fullt samkomulag er um efni þess hjá fulltrúum BSRB og ríkisvaldsins, sem nú vinna að endurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og mér vitanlega ríkir heldur enginn ágreiningur á hv. Alþingi um efni frv. En ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að mér er kunnugt um, að viss hópur opinberra starfsmanna í BHM hefur við meðferð málsins nú og reyndar margoft áður eða allt frá því snemma árs 1962, er lögin um samningsrétt opinberra starfsmanna voru í undirbúningi, sótt það fast að fá samningsaðild um kjör háskólamanna þeirra, sem starfa í opinberri þjónustu, en allar þessar tilraunir hafa engan árangur borið enn þá, og mér er ekki fyllilega ljóst, hvað veldur þessum langa drætti á, að einhver úrslit fáist um þessa ósk BHM. Ég vildi því nú leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort skilja beri þennan langa drátt á úrslitum málsins þannig, að hæstv. ríkisstj. sé andvíg samningsaðild BHM til handa við þær aðstæður, sem nú eru fyrir hendi í þjóðfélaginu í þessum málum, og ef hæstv. ríkisstj. er þessu andvíg, þá vildi ég gjarnan óska þess, að helztu ástæðurnar fyrir þeirri afstöðu hennar yrðu hér upplýstar.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég tel það nú miður farið, þegar verið er að ræða mál eins og þetta, að þá skuli fjmrh. ekki vera viðstaddur til að svara fyrirspurnum, sem fram kunna að koma, eins og t. d. varðandi það atriði, sem reifað var hér áðan. Mér finnst í framhaldi af því rétt að geta þess, að BSRB mun hafa tekið þá afstöðu til þessa máls, að það strandaði ekki á því, ef þessir aðilar, sem um var rætt, fengju sérstakan samningsrétt, heldur myndi það fallast á það fyrir sitt leyti, ef ríkisstj. gerði það, svo að það er eingöngu ríkisstj., sem hefur úrslitavaldið í þessum efnum, og stendur ekki neitt á öðrum samtökum opinberra starfsmanna. Ég sé nú, að forsrh. er hér viðstaddur, og hann gæti sennilega, varðandi þetta atriði, alveg eins svarað af hálfu ríkisstj., eins og fjmrh.

Mér finnst rétt, fyrst farið er að ræða þetta mál á annað borð, að láta þá skoðun í ljós, að ég hefði talið heppilegt, að önnur breyt. og viðtækari væri hér til umr. á l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna heldur en sú, sem við erum að ræða nú, þó að hún sé vafalaust réttmæt, svo langt sem hún nær. Ég álít, að það sé eðlilegt fyrirkomulag á þessum málum, að opinberir starfsmenn sitji við sama borð og aðrar launastéttir í þessum efnum, þ. e. að opinberir starfsmenn fái fullan samningsrétt. Á nýloknu flokksþingi framsóknarm. kom þetta mál m. a. til umr., og þar var einróma samþykkt, að það væri talið eðlilegt, að opinberir starfsmenn nytu í þessum efnum sömu réttinda og aðrar launastéttir, þ. e. að þeir hefðu fullan samningsrétt. Ég sé ekki neina ástæðu, sem réttlætir það, að opinberir starfsmenn njóti ekki sömu réttinda í þessum efnum og aðrar launastéttir. Ég held, að það sé ekki hægt að halda því fram með neinum rökum, að opinberir starfsmenn væru líklegir til þess að halda með meiri ósanngirni á þessum rétti en aðrar hliðstæðar stéttir, nema síður sé. Við búum í þjóðfélagi, þar sem við teljum rétt að stefna að auknu jafnræði og jafnrétti, og það stangast vissulega alveg á við þá stefnu að láta fjölmennan hóp launamanna, eins og opinbera starfsmenn, búa við allt önnur kjör í þessum efnum heldur en stéttir, sem eru hliðstæðar, þ. e. a. s. aðrar launastéttir. Þetta er líka að komast á í nágrannalöndum okkar meira og meira, að opinberir starfsmenn njóti sömu réttinda og aðrar launastéttir. Í Noregi hafa nýlega verið samþ. lög, sem veita opinberum

starfsmönnum fullan samningsrétt, og í Svíþjóð hafa einnig nýlega verið samþ. lög, sem ganga í sömu átt. Í báðum þessum löndum er að vísu gert ráð fyrir því, eins og í samþykkt okkar á flokksþingi framsóknarmanna, að um þær stéttir, sem vinna alveg sérstök þjónustustörf í þágu þjóðfélagsins, gildi sérreglur, og ég held, að það sé ekkert því til fyrirstöðu, að opinberir starfsmenn hér fallist á það, alveg eins og gert hefur verið í Noregi og Svíþjóð.

Ég tel, að það hefði verið heppilegt og réttlátt, að það frv., sem hér lægi fyrir, fjallaði um þetta efni, þ. e. að veita opinberum starfsmönnum fullan samningsrétt, og ég hefði talið æskilegt, að það hefði verið hægt að bera fram brtt., sem gengi í þá átt. Nú mun hins vegar hafa verið samið um það fyrirfram milli ríkisstj. og opinberra starfsmanna annars vegar og þingflokkanna hins vegar, að þetta frv. gengi fram, án þess að nokkrar breyt. yrðu á því gerðar, og það er vegna þess samkomulags, sem ég hef ekki talið rétt að flytja brtt., sem gengi í þá átt, sem ég hef nú verið að tala um. Þessi lög, kjarasamningalögin, munu nú vera til athugunar hjá sérstakri n., og ég vildi leggja áherzlu á það, að störfum hennar yrði hraðað sem mest. Ég hygg, að í þessari n. eigi sæti fulltrúar frá ríkisstj. og samtökum opinb. starfsm., og ég vildi, þar sem ekki er hægt að koma breyt. á í sambandi við þetta frv. eða flytja brtt. við það, leggja áherzlu á, að ríkisstj. gerði sitt til þess, að störf þessarar n. gætu gengið greiðlega og að það lægi ekki síðar fyrir en á næsta þingi, að gerð yrði breyt. á kjarasamningalögunum, er veitti opinberum starfsm. fullan samningsrétt til jafns við aðrar stéttir. Ég held, að það þurfi ekki að rekja það fyrir hv. þingheimi, að þau kjarasamningalög, sem nú eru í gildi, hafa verið mjög misnotuð gagnvart opinb. starfsm. Það eru ákvæði um það í l., að opinb. starfsm. eigi að hljóta launahækkanir til samræmis við aðrar stéttir, en þeir úrskurðir, sem Kjaradómur hefur fellt, hafa hvað eftir annað gengið gegn þessari meginreglu í l. Þetta hefur að sjálfsögðu skapað óánægju með þessi l. hjá opinb. starfsm., og þeir hafa þess vegna hvað eftir annað látið þá ósk uppi, að þeir vilji fá þeim breytt.

Ég tel það alveg víst, að jafnvel þó að reynt væri að sporna eitthvað gegn því, að opinb. starfsm. fái fullan samningsrétt, þá muni það ganga fram fyrr en seinna og því sé í alla staði eðlilegast og heppilegast, að sú breyt. verði gerð sem fyrst. Það hefur yfirleitt farið þannig, að við hér á landi höfum fylgt þeim félagslegu umbótum, sem hafa verið gerðar í nágrannalöndum okkar, og ég tel alveg víst, að það verði eins niðurstaðan hér í þessum efnum fyrr en síðar, að við fylgjum fordæmi Svía og Norðmanna í því að veita opinb. starfsm. fullan samningsrétt. Ég skal svo ekki lengja þessar umr. meira, en ég vil að lokum láta það uppi, að ég tel það ákaflega óheppilegt, að viðkomandi ráðh. séu ekki viðstaddir, þegar verið er að ræða þau mál, sem heyra undir þeirra rn., m. a. til þess að svara þeim fyrirspurnum, sem fram kunna að koma og snerta þeirra verkahring, og ég vildi þess vegna beina þeim tilmælum til forseta, að fresta þessari umr., þangað til viðkomandi ráðh. gæti mætt hér til að svara þeirri fyrirspurn, sem fram hefur verið borin.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur lögleg forföll, hann er bundinn við atkvgr. í hv. Ed. Auðvitað hefði verið hægt að fresta meðferð málsins hér, ef ástæða væri til, en hv. síðasti ræðumaður gerði sjálfur grein fyrir því, að það var samið um það milli flokka og við þá aðila, sem þetta frv. er flutt vegna, að öðrum atriðum yrði ekki blandað í meðferð málsins á þingi, og þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess að svara þeim einstöku atriðum, sem þessir hv. þm. minntust á. Hv. síðasti ræðumaður gat þess, að löggjöf þessi, heildarlöggjöf, væri til endurskoðunar hjá þar til skipaðri n., og þá koma auðvitað þau atriði þar til athugunar, sem hv. þm. gerðu að umtalsefni. Ég vek sérstaklega athygli á því, að hv. síðasti ræðumaður talaði hvað eftir annað um fullan samningsrétt, en ekki það, sem um er að ræða í raun og veru, verkfallsrétt opinberra starfsmanna.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Mér láðist í ræðu minni hér áðan að geta þess, að við afgreiðslu þessa máls barst fjhn. þessarar d. erindi frá BHM, en einmitt á þeim forsendum, sem hæstv. forsrh. gat um hér áðan, að hér væri frv., sem væri samkomulagsatriði milli ríkisstj. og BSRB annars vegar og þingflokka hins vegar, þá voru nm. á einu máli um, að það væri ekki hægt í þessu tilfelli að blanda þessum málum saman, hverjar skoðanir sem þeir annars hefðu á því erindi, sem barst frá BHM. Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh., að það mun hafa verið samið um það milli ríkisstj. og BSRB og þingflokkanna að láta frv. ganga í gegnum þingið, án þess að gerðar yrðu breyt. á því eða bornar fram brtt. En það útilokar að sjálfsögðu ekki það, að í sambandi við meðferð þessa frv. megi ræða um einstök atriði, sem almennt snerta þessi mál, og heldur ekki, að gerðar séu fyrirspurnir til ríkisstj. um einstök framkvæmdaatriði önnur en þau, sem þetta frv. fjallar um, og þess vegna getur hæstv. forsrh. ekki skotið sér á bak við þetta samkomulag, þegar hann neitar að svara hér fyrirspurnum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 614).

39. Skipaútgerð ríkisins.

Á 56. fundi í Ed., 21. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um Skipaútgerð ríkisins [173. mál] (stjfrv., A. 378).

Á 57. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Svo sem fram kemur í skýrslu, sem birt er sem fskj. með frv. þessu um Skipaútgerð ríkisins, skipaði samgmrn. hinn 28. apríl 1965 fjóra menn í n. til að rannsaka rekstur Skipaútgerðar ríkisins og athuga möguleika til að koma honum á hagkvæmari grundvöll, eins og sagt var í skipunarbréfi nm. Í n. áttu sæti: Árni Vilhjálmsson prófessor, Matthías Bjarnason alþm., Pétur Pétursson forstjóri og Birgir Finnsson alþm., sem jafnframt var skipaður form. n.

Lokaálit n. barst rn. um s. l. áramót. Skýrsla n. ásamt áliti, sem prentað er með frv., varpar allskýru ljósi á ástand og horfur í málefnum samgangna á sjó hér við land og þær gjörbreytingar á rekstri, sem hafa átt sér stað í samgöngumálum okkar almennt á s. l. árum. Þá kemur og einnig fram hin brýna nauðsyn á endurnýjun skipastólsins ásamt því að breyta afgreiðsluháttum við lestun og losun skipanna með tilkomu nýrrar tækni um borð í skipunum sjálfum. Höfuðniðurstöður eru þær, að verulega megi draga úr rekstrarhalla þeim, sem verið hefur hjá Skipaútgerð ríkisins undanfarin ár, og þá einkum með tvennum hætti:

Í fyrsta lagi að endurnýja skipastólinn til samræmis við breyttar aðstæður og breyttan tækniútbúnað skipanna.

Í öðru lagi að bæta aðstöðuna við aðalvöruafgreiðslu stofnunarinnar í Rvík, og hefur n. þá einkum í huga sérstaka flutningapalla við upp- og útskipun. N. kemst þó einnig að þeirri niðurstöðu, að hér sé um svo mikla og fjárfreka endurbót að ræða, að næsta vonlítið er talið, að aðrir aðilar en ríkið sjálft leysi það á viðunandi hátt. Í framhaldi þessarar niðurstöðu telur n. að starfrækja beri áfram Skipaútgerð ríkisins, og gerir tillögu um frv. til l. því til staðfestingar, sem hér er til umræðu. Í frv. er lagt til, að sérstök stjórnarnefnd þriggja manna verði sett yfir stofnunina, og í 4. gr. frv. er afmarkað starfssvið hennar. Stjórnarnefndarskipan sú, sem frv. gerir ráð fyrir, er nánari staðfesting á því fyrirkomulagi, sem verið hefur hjá Skipaútgerðinni nú í rúmt ár, eða frá 15. marz 1966. Þá voru skipaðir til bráðabirgða í stjórnarnefnd Guðjón F. Teitsson forstjóri, Gunnar Vagnsson, fulltrúi í samgmrn., og Höskuldur Jónsson, fulltrúi í fjmrn.

Samgmrn. og fjmrn. eru þau ráðuneyti stjórnarráðsins, sem mest samskipti hafa við Skipaútgerðina, og þótti því eðlilegt að tengja stjórn hennar ráðuneytunum með þessum hætti. Samstarfið í stjórninni á þeim tíma, sem liðinn er, hefur reynzt hið bezta, og er þar nú unnið af kappi að útboðslýsingum að smíði tveggja nýrra skipa skv. ákvörðun ríkisstj., sem stjórnarnefndinni var tilkynnt með bréfi dags. 7. nóv. 1966.

Opinberlega hefur verið að því fundið í nokkrum dagblöðum, hvað undirbúningur þessi hafi tekið langan tíma. Að gefnu þessu tilefni óskaði rn. eftir því, að stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar gerði grein fyrir því, hvað undirbúningsstarfi þessu liði. Með bréfi dags. 1. apríl s. l. svaraði forstjóri útgerðarinnar, Guðjón F. Teitsson, sem er jafnframt form. stjórnarinnar, þessari ósk rn. mjög ýtarlega og lýsti öllum stigum þessa undirbúningsstarfs. Telur forstjórinn í bréfi sínu, að á allra næstu dögum muni berast nýjar fyrirkomulagsteikningar af skipunum, en áður hefur verið lögð mikil vinna af stjórninni og tæknilegum ráðgjöfum hennar í athugasemdir og tillögugerð varðandi allan búnað skipanna. Tæknilegir ráðgjafar stjórnarinnar eru þeir Hjálmar R. Bárðarson skipaskoðunarstjóri og Guðmundur Pétursson, vélstjóri og umsjónarmaður. Í lok bréfsins til rn. segir forstjóri Skipaútgerðarinnar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ýmsir kunna að álíta, að umrædd undirbúningsvinna hafi verið og sé með of miklum silagangi, en í því sambandi skal bent á, að hér er verið að undirbúa smíði á vönduðum skipum af nýrri gerð, sem eiga væntanlega að uppfylla margþættar þarfir fjölda landsmanna á næstu 20 árum, og virðist því þýðingarmeira, að undirbúningur sé góður en það, hvort hin nýju skip koma nokkrum mánuðum fyrr en ella. Hefur á liðnum mánuðum frá því að umræddur undirbúningur hófst margt þokazt áleiðis í þessu máli, sem frá voru sjónarmiði er mjög mikilvægt, bæði með tilliti til stofnkostnaðar og síðan rekstrarkostnaðar."

Þannig hljóða lokaorð forstjóra Skipaútgerðarinnar í svari hans við fyrirspurn rn., sem ég áður nefndi. Ég tel svo persónulega ekki þörf á því, nema sérstakt tilefni gefist til, að rekja að öðru leyti skýrslur og einstakar till. n., þar sem hv. þdm. hefur gefizt kostur á að kynna sér efni nál. í þinghléinu. Ég vona, að hv. þdm. geti orðið mér sammála um það, að það sé vart vansalaust, að um jafnvelgamikið þjónustufyrirtæki og Skipaútgerðin er skuli ekki vera til neitt ákvæði í lögum og heldur ekki nein reglugerðarákvæði. Lagasetning þessi

ætti að geta orðið stofnuninni sem slíkri styrkur í starfi, ekki síst þegar hafðar eru í huga þær nauðsynlegu breytingar og umbætur, sem nú er að unnið af stjórnarnefndinni og verða munu verkefni stofnunarinnar í nánustu framtíð.

Tilraun hefur áður verið gerð, eða árið 1952, til að setja lög um Skipaútgerð ríkisins, en frv. það náði ekki fram að ganga. Það er von mín, að nú takist betur til. Rétt er að taka það fram, að frv. hefur verið borið undir stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar og hún samþykkt að mæla með framgangi þess.

Herra forseti, ég legg svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgmn. með 13 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 378, n. 440 og 469, 470).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um Skipaútgerð ríkisins, og í því felst, að settar eru lagareglur um þessa ríkisstofnun eða m. ö. o. tilvist hennar er lögfest, en þessi stofnun ríkisins hefur starfað nú í tæpa fjóra áratugi, án þess að bein lagaheimild væri til yfir hennar starfsemi. Í þessu frv. er skilgreint, hvert sé hlutverk Skipaútgerðar ríkisins og hvernig skuli fara með stjórn þess fyrirtækis. Þetta frv. fór til samgmn. til athugunar. Það var enginn ágreiningur í samgmn. um það grundvallaratriði, að það væri eðlilegt að setja lög um Skipaútgerð ríkisins. En ágreiningurinn var hins vegar um, hvert efni þeirra l. ætti að vera, og er fyrst og fremst fólginn í því, að meiri hl. n. vill skipa stjórn fyrirtækisins á þann hátt, sem gert er ráð fyrir hér í 4. gr. þessa frv., en minni hl. samgmn. vill, að stjórn fyrirtækisins sé þingkjörin. Nú er það út af fyrir sig rétt, að það er algengt, að stjórnir ríkisfyrirtækja séu þingkjörnar, en þar fyrir er ekki endilega nauðsynlegt, að það sé gert einnig í þessu tilfelli. Ég vil taka það fram, að ég er almennt ekki á móti því, að þingkjörnar stjórnir sitji í ríkisfyrirtækjum og stjórni þeim. En hér kemur nokkuð annað til álita. Í fyrsta lagi er hér verið að lögfesta skipan, sem þegar hefur gilt í eitt ár, því að það voru skipaðir stjórnarnefndarmenn fyrir Skipaútgerðina fyrir um það bil ári síðan, og þessi stutta reynsla, sem fengizt hefur af þessu fyrirkomulagi, hefur þegar borið árangur á þann hátt, að starfsemi Skipaútgerðarinnar hefur verið endurskipulögð, og rekstrarhalli á Skipaútgerðinni hefur minnkað, svo að um munar.

Í öðru lagi er hugmyndin á bak við þetta fyrirkomulag sú, sem reyndar kemur fram í aths. við frv., að með skipun þessarar stjórnarnefndar á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv., er verið að tryggja það, að í þessa n. veljist eiginlega tilsjónarmenn frá þeim rn., sem mest hafa með málefni Skipaútgerðarinnar að gera, þ. e. a. s. samgmrn. og fjmrn.

Í þriðja lagi tel ég ekkert á móti því, að um stjórn atvinnustofnana ríkisins sé farið inn á nýjar brautir, ekki endilega alltaf fetað í sömu fótsporin, heldur reynt eitthvað nýtt og séð, hvort sú nýbreytni getur ekki gefið góða raun og góðan árangur, en binda sig ekki alltaf á sama klafann í þessum efnum. Meiri hl. samgmn. hefur, eins og fram kemur í nál. á þskj. 440, mælt með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. og í ræðu frsm. meiri hl. samgmn., hlaut þetta mál þá afgreiðslu í samgmn., að við, sem skipuðum minni hl. og skilum áliti á þskj. 469, óskuðum þess að gera grein fyrir afstöðu okkar í sérstöku nál. Skipaútgerðin hóf starfsemi sína árið 1929 og hefur nú í nálega fjóra áratugi veitt mjög mikilvæga þjónustu með því að annast áætlunarferðir skipa, sem flytja farþega, póst og vörur meðfram ströndum Íslands. Það hefur ekki verið sett löggjöf um starfsemi stofnunarinnar, en þær reglur, sem hún hefur starfað eftir, hafa mótazt af langri reynslu, og stjórn stofnunarinnar hefur frá upphafi verið þannig fyrir komið, að forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur haft á hendi stjórn hennar undir yfirstjórn samgmrn. Þróun hlýtur alltaf að eiga sér stað í samgöngumálum, og þörf er að haga þeirri þjónustu á hverjum tíma í samræmi við þarfir og með hliðsjón eða með tilliti til aukinnar tækni. Þetta hefur hv. Alþ. verið ljóst, og m. a. þess vegna var kosin á hv. Alþ. mþn. til þess að athuga samgöngumálin í landinu á breiðum grundvelli, en sú n. var kosin og hóf störf á árinu 1956. Þetta var 5 manna þingkjörin mþn., og áttu sæti í henni tveir menn á vegum Sjálfstfl., 1 Framsfl.-maður, 1 Alþfl.-maður og 1 Alþb.-maður. Þessi þingkjörna n. skilaði áliti 8. febr. 1958, og í áliti hennar og því frv., sem hún sendi og stóð einhuga að, er kafli um Skipaútgerð ríkisins. Frv., sem samið var af hinni þingkjörnu mþn., hlaut þá meðferð, að samgmn. Nd. Alþ. flutti frv. inn í þingið haustið 1958, og stóð samgmn. Nd. einhuga að flutningi málsins. Þegar til þess kom, að þingið tæki endanlega afstöðu til þess frv., mæltu fulltrúar Framsfl. og Alþb. með samþykkt þess, en þá bar svo við, að fulltrúar Sjálfstfl. í samgmn. Nd. skiluðu séráliti og lögðu til, að frv. yrði vísað til ríkisstj. En þá hafði nýlega setzt að völdum ríkisstj. Emils Jónssonar, sem mynduð var seint á árinu 1958. Síðan hefur þetta frv. ekki verið hreyft, svo að mér sé kunnugt. Það hefur verið í vörzlu hjá hæstv. ríkisstj. allan þann tíma, sem núv. stjórnarflokkar hafa staðið saman að stjórn landsins.

Það komu fram í áliti mþn., sem ég geri hér

nokkuð að umræðuefni í sambandi við þetta frv., ýmsar till., sem ekki voru bundnar í lagafrv. sjálfu, heldur gerðar sem ábending og beinar till. til hæstv. ríkisstj. Mér virðist, að á stjórnartíma núv. stjórnarflokka hafi lítið verið gert með þessar till., sem voru þó bornar fram sameiginlega af fulltrúum allra þingflokka, annað en það, að það var tekið undir þá till. n. og hún framkvæmd að koma upp á vegum Skipaútgerðarinnar sérstöku vöruflutninga- og farþegaskipi, er annaðist fyrst og fremst ferðir milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Það er skipið Herjólfur. En um það gerði mþn. á sínum tíma þessa ábendingu orðrétt:

„Það er álit n., að Vestmannaeyingar þurfi að fá traust og gott skip, 350—400 rúmlesta, til að annast reglubundnar ferðir á milli lands og Eyja. Með slíku skipi er hægt að annast farþega- og vöruflutninga, svo að fullnægjandi sé. Því hefur n. mælt með, að fé verði veitt úr ríkissjóði til að kaupa slíkt skip sem fyrst."

Þetta var, eins og ég tók fram, framkvæmt, og þessi þjónusta hefur síðan verið veitt með skipinu Herjólfi, og hún hefur vissulega gefið góða raun. En mþn. benti á það fyrir nálega áratug, að þá þegar væri kominn tími til að fara að hugsa um að endurnýja skipakost Skipaútgerðarinnar. En enn þann dag í dag hefur ekki verið unnið að því fyrr en nú fyrir skömmu, að ákveðið hefur verið að láta smíða tvö strandferðaskip, að mig minnir, í stað þeirra, sem sett hafa verið á söluskrá. En vitanlega hefði þurft að gera samning um smíði þessara skipa miklu fyrr. Vegna þess hve það hefur dregizt, verður nú alllangur biðtími þangað til þau koma í þjónustu strandferðanna, og ekki er séð, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að veita landsbyggðinni fullnægjandi þjónustu á þessu sviði, meðan beðið er eftir hinum nýju skipum.

Þá gerði mþn. till. um það, að komið yrði upp vörugeymsluhúsum á fjórum stöðum á landinu, t. d. einu í hverjum landsfjórðungi, og hugðist með því létta á Skipaútgerðinni og gera um leið vörudreifinguna um landið hagfelldari heldur en nú er, en af því mundi leiða minni rekstrarhalla hjá stofnuninni heldur en verið hefur undanfarið ár. Um þetta sagði mþn. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„N. hefur mjög rætt, hvernig unnt væri að gera hér breytingar á, þ. e. a. s. um hallann hjá Skipaútgerðinni, og virðist henni, að ef reist væru vörugeymsluhús á fjórum stöðum, t. d. eitt í hverjum fjórðungi, væri unnt að beina flutningi þungavarnings meira í nágrenni viðtökustaðarins, án þess að millilandaskip þyrftu að eyða of miklum tíma í strandsiglingar eða ódrýgja lestarrými. Mundi þá stórum létta á Skipaútgerð ríkisins."

Mér er kunnugt um, að undir þessa till. hafi verið tekið hjá hæstv. ríkisstj. eða nokkur viðleitni höfð uppi um það að breyta og bæta rekstraraðstöðu Skipaútgerðarinnar á þennan hátt.

Einnig gerði mþn. till. um ýmis fleiri atriði, m. a. um bætta aðstöðu hér í Rvík með byggingu vörugeymsluhúss, um athugun á því að veita Skipaútgerðinni takmarkað sérleyfi til flutninga á vissum stöðum, um tilslökun á hafnargjöldum, sem mundi að vissu leyti verða tilfærsla, þannig að hafnirnar þyrftu á einhverjum stuðningi að halda í þess stað, og enn fremur var bent á breytingar á framkvæmdum um álagningu söluskatts í sambandi við starfsemi Skipaútgerðarinnar. En þó að hæstv. ríkisstj. og núv. stjórnarflokkar hafi ekki, svo mér sé kunnugt, tekið undir þessar till. eða haft uppi viðleitni til þess að framkvæma þær, þó að þær væru á engan hátt gerðar af stjórnarandstöðunni, heldur sameiginlega af mþn., skipaðri mönnum úr öllum flokkum, hefur á þessum tíma verið fjallað um málefni Skipaútgerðarinnar á ýmsan annan hátt. Það er kunnugt, að það voru uppi till. um það á sínum tíma að leggja stofnunina niður, og þær till. fengu allmikið fylgi, a. m. k. hjá öðrum stjórnarflokknum. Og þótt lítið hafi verið gert með till. hinnar þingkjörnu n., hafa nú á undanförnum árum verið kvaddir til erlendir sérfræðingar til þess að athuga um málefni Skipaútgerðarinnar. En ég er nú ekki kunnugur þeirra till. í einstökum atriðum og skal ekki gera þær að umræðuefni í sambandi við þetta mál, en mér skilst þó, að niðurstaðan sé sú, að lítill árangur hafi enn orðið af þeim uppástungum, sem þar komu fram. Meðan þessu hefur farið fram um málefni Skipaútgerðarinnar allt síðan í ársbyrjun 1959, hefur mjög verið haft á orði hér á hv. Alþ., að hallinn á rekstri Skipaútgerðarinnar væri geigvænlegur. Það er rétt, að það hefur á undanförnum árum verið nokkur halli á rekstri Skipaútgerðarinnar. Það er gefið yfirlit yfir það atriði í grg. með þessu frv., og þar kemur í ljós, að á tímabilinu frá 1957—1965 hefur hallinn eða beinar greiðslur úr ríkissjóði skv. ríkisreikningi verið lægst 10.6 millj. á ári og hæst 42 millj. kr. á ári. Vissulega er hér um nokkurt fé að ræða, og það er auðvitað sjálfsagt að mínum dómi og okkar, sem stöndum að minni hl. álitinu í þessu máli, að gætt sé fullrar hagsýni um starfsemi þessarar ríkisstofnunar, sem hér er um að ræða, eigi síður heldur en á öðrum sviðum. Og ber þá að sjálfsögðu að hafa í huga á hverjum tíma, hvað hægt er að gera til þess að koma rekstrinum í það horf, að hallinn verði sem minnstur. Þetta vil ég út af fyrir sig leggja áherzlu á. En hitt vil ég jafnframt láta koma hér fram, að ég tel ekki, að hv. þm. né aðrir megi mikla um of fyrir sér þessar greiðslur, sem inntar hafa verið af hendi úr ríkissjóði beint til Skipaútgerðarinnar, heldur beri að gera sér grein fyrir því, hvers eðlis þær eru og hvert hlutverk þessarar ríkisstofnunar raunverulega er. Skipaútgerðin er ekki stofnuð til þess að vera gróðafyrirtæki, og það er ekki aðalhlutverk hennar að haga starfseminni þannig, að hún skili hagnaði. Skipaútgerðin er fyrst og fremst þjónustufyrirtæki. Til hennar er stofnað og rekstri hennar haldið uppi

í þeim tilgangi að veita landsbyggðinni nauðsynlega, óhjákvæmilega þjónustu með vörudreifingu. Og sú þjónusta verður enn þá brýnni vegna þess skipulags — ja, eða skipulagsleysis, hvort sem menn vilja kalla það, að meginhlutinn af þungavörunni, sem flutt er til landsins, er lagður upp hér á hafnarbakkanum í Rvík í stað þess að dreifa innflutningi þungavörunnar á vissar hafnir í landsfjórðungunum og reisa þar vörugeymsluhús eins og mþn. gerði till. um á sínum tíma.

Sá halli, sem greiddur er beint skv. fjárl. ríkisins, hefur þau áhrif, að það er hægt að hafa innflutningsgjöldin lægri heldur en ella mundi. Hann dregur úr — þessar greiðslur hafa þau áhrif að draga úr mismuninum á vöruverði hér í Rvík, þar sem aðalþungavaran er lögð á land, annars vegar og hins vegar á höfnum úti um land, þar sem fólkið, sem lifir og starfar og heldur uppi nauðsynlegum atvinnurekstri úti á landsbyggðinni, verður að hafa sín viðskipti. Þessar greiðslur eru í eðli sínu eins konar verðjöfnun, og þær eru alveg hliðstæðar niðurgreiðslum á vöruverði.

Nú er það svo, að hallinn hjá Skipaútgerðinni er vissulega nokkur. Á fjárl. þessa árs er gert ráð fyrir því, að greiddar verði úr ríkissjóði til Skipaútgerðarinnar 29 millj. kr. En í fjárl. þessa árs er gert ráð fyrir því, að til niðurgreiðslu á vöruverði fari hvorki meira né minna en 708 millj. kr. Og þess eru dæmi, og þau eru ekki langt undan, að hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið niðurgreiðslur á vöruverði án samráðs við Alþ., eða hún hefur ákveðið breytingar á niðurgreiðslum á vöruverði án samráðs við Alþ., sem nema hærri upphæðum heldur en þessi halli, sem greiddur er til Skipaútgerðarinnar.

Ég hefði talið ástæðu til að víkja að þessum atriðum og rifja upp þessa sögu í stórum dráttum í sambandi við þetta frv., en vitanlega mætti fylla mjög mikið upp í þessa mynd, ef ég vildi verja tíma til þess. En nú, þegar frv. mþn., þar sem var lagt til að setja lagaákvæði um Skipaútgerðina m. a., hefur verið í vörzlu hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkanna í 8 ár, nú á allra síðustu dögum þessa Alþ. og þegar komið er alveg að lokum kjörtímabils þm., vaknar allt í einu að því er virðist mikill áhugi hjá stjórnarflokkunum fyrir því að koma nú fram löggjöf um Skipaútgerðina. Út af fyrir sig er ég ekki á móti því, og það er í samræmi við það, sem ég hef greint frá, að till. voru gerðar um á sínum tíma, að ákveða stöðu þessarar ríkisstofnunar með sérstakri löggjöf. En það skiptir vitanlega meginmáli í þessu sambandi, hvað í því frv. er efnislega séð, sem á að lögfesta. Og þá vaknar spurningin: Er þá eitthvað í þessu frv., sem örugglega bætir aðstöðu þeirra, sem njóta þjónustu Skipaútgerðarinnar, frá því, sem verið hefur og nú er? Eru í þessu frv. t. d. ákveðin ný fjárframlög eða ný skipakaup eða eitthvað því um líkt? Það fæ ég nú ekki fundið í þessu frv., en hitt er jafnskylt að taka fram, að það er heldur ekkert í þessu frv., sem miðar **að því að draga** úr þeirri starfsemi, sem nú er. Er þetta frv. þá flutt til þess að draga úr kostnaði við stjórn fyrirtækisins? Ekki hef ég nú komið auga á það, því að forstjóri Skipaútgerðarinnar á að halda stöðu sinni áfram skv. frv. Ráðh. skipar forstjóra í embætti og setur honum erindisbréf, segir í 3. gr. frv. Hann heldur vitanlega sínum launum skv. l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna. En til viðbótar þessu á svo að skipa stjórnarnefndarmenn, væntanlega þrjá, því að því er haldið opnu, að forstjórinn sé ekki einn af nm., og það kom fram hjá frsm. meiri hl., að með þessu ætti að lögleiða þá bráðabirgðaskipan, sem nú væri komin á á þessu sviði að tilhlutan ríkisstj. Ég hef það fyrir satt, að þeir tveir menn, sem settir hafa verið til bráðabirgða til þess að starfa með forstjóra Skipaútgerðarinnar, fái hvor um sig forstjóralaun í þóknun, þannig að stjórnarkostnaður hefur þá vaxið sem þessu nemur. Í þessu frv. er ekkert ákveðið um það, hver kostnaður verður í sambandi við þá stjórnarnefnd, sem á að skipa, en miðað við það, sem ég tel sannast um þetta mál, má ekki gera sér vonir um, að af þessu leiði nú sparnað við stjórn fyrirtækisins. En að mínum dómi er þetta þó ekki aðalatriði, heldur efnisatriði 4. gr. frv. að öðru leyti. Þar segir, að ráðh. skipi form. stjórnarnefndar Skipaútgerðarinnar og með honum í stjórnarnefndina tvo menn, annan skv. tilnefningu fjmrh. Gildir skipun stjórnarnefndarinnar til fjögurra ára í senn, og skal ráðh. ákveða laun hennar.

Nú sýnist mér sjálfsagt, þegar fjallað er um frv. sem þetta, að taka tillit til þess, sem almennt hefur átt sér stað eða hefur verið ákveðið um stjórn ríkisstofnana, því að við erum vitanlega ekki að fjalla um lagafrv. sem þetta með tilliti til einstakra manna, heldur erum við fyrst og fremst hér sem löggjafar, sem erum að setja reglur, sem eiga að gilda væntanlega um alllanga framtíð um þessa ríkisstofnun, og einnig ef í þessum reglum felast nýmæli, geta þær orðið fordæmi á öðrum sviðum. Af þessu finnst mér eðlilegt, að litið sé til þess, hvernig farið er með stjórn sambærilegra og annarra ríkisstofnana í þjóðfélaginu.

Þegar ég hef reynt að gera mér grein fyrir því, virðist mér, að það megi flokka ríkisstofnanir að þessu leyti í tvo flokka. Í annan flokkinn koma stofnanir, þar sem stjórninni er þannig fyrir komið, að forstjóri ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og er yfirmaður hennar, undir yfirstjórn rn. Stofnanir af þessu tagi eru t. d. Vegamálaskrifstofan, Póstur og sími og Innkaupastofnun ríkisins, sem á að gegna því hlutverki að kaupa í heildsölu fyrir líklega nálega allar ríkisstofnanir efnivöru og hlýtur að velta milljónatugum, jafnvel hundruðum milljóna á ári, þó að hún kannske hafi ekki mjög mikið í stofnfé, stofnkostnað. Þessum stofnunum er stjórnað þannig og fyrir því er löng reynsla, allt frá því að þær voru settar á laggir hér í þessu þjóðfélagi, að forstjóri ber ábyrgð

á rekstri þeirra og heyrir beint undir yfirstjórn rn. Landssmiðjan kemur í þennan flokk.

Svo er aftur annar flokkur ríkisstofnana, þar sem stjórninni hefur verið þannig fyrir komið, að Alþ. kýs hlutfallskosningu í Sþ. stjórnarnefndarmenn, fleiri eða færri, sem hafa stjórn stofnunarinnar með höndum, undir yfirstjórn rn. að sjálfsögðu, og síðan starfar framkvæmdastjóri við þessar stofnanir í samráði við og eftir fyrirmælum hinnar þingkjörnu n. Stofnanir, sem koma í þennan flokk, eru t. d. Sementsverksmiðja ríkisins og Áburðarverksmiðja ríkisins, að því er hlutdeild ríkisins tekur til, og Síldarverksmiðjur ríkisins, svo að dæmi séu nefnd. En nú ber svo við í þessu frv., að Skipaútgerðin á eftirleiðis að vera í hvorugum þessum flokki ríkisstofnana, heldur á að taka hér upp alveg nýja skipan mála og láta ráðherra skipa forstjóra, og ásamt honum þrjá stjórnarnefndarmenn. Ég veit ekki, hvort það á að líta svo á, að hér sé byrjað á framkvæmd einhverrar nýrrar stefnu, sem ríkisstj. hyggist nú fylgja eftirleiðis, ef hún hefur valdaaðstöðu. En mér virðist, að það bendi ekkert til þess, m. a. vegna þess að nú á þessum fundi vorum við að fjalla um frv., sem snertir mjög aðra ríkisstofnun, raforkumálastofnunina. Þar hefur verið þingkjörin n., raforkuráð, sem hefur haft vald til þess skv. l. að hafa afskipti af vissum þáttum þeirrar stofnunar. Nú er í frv., sem verið var að fjalla um á þessum fundi fyrir nokkrum mínútum, lagt til að draga úr — að þrengja verksvið raforkuráðs og draga úr valdi þess hjá raforkumálastofnuninni, svo að mér sýnist, að hér sé ekki nein ný heildarstefna á ferðum, heldur einungis sé um það að ræða, hvað hæstv. ríkisstj. eða kannske einstökum ráðh. kann að þykja hagkvæmt í þann og þann svipinn, eitt um þessa stofnun og annað um hina. Ég get ekki á þetta fallizt, og við, sem skipum minni hl. í samgmn., að löggjöf sé byggð upp á þennan hátt.

Hins vegar get ég út af fyrir sig fallizt á það, að Skipaútgerðin sé þarna færð milli flokka, þannig að stjórn hennar annist stjórnarnefnd, en ég tel alveg sjálfsagt, að sú stjórnarnefnd sé þingkjörin, eins og gert er um Sementsverksmiðjuna og aðrar þær stofnanir, sem ég hef nefnt dæmi um. Við, sem skipum minni hl., berum fram á sérstöku þskj. brtt. við 4. gr. frv., þar sem við leggjum til, að sú gr. verði umorðuð, og í stað þess, að ráðh. skipi stjórnarnm., kjósi Alþ. þá með hlutfallskosningu. Samgmrh. skipi síðan einn þeirra formann, og því er haldið, sem er í frv., að ráðh. ákveði laun stjórnarnm.

2. mgr. 4. gr. höfum við einnig látið prenta upp í brtt. okkar og gert á henni smávægis lagfæringu, sem ég vil leyfa mér að benda á, og hvað sem öðru líður um efnisatriði málsins tel ég eiginlega furðu gegna, ef meiri hl. fellst ekki á þá lagfæringu. Í frv., eins og það er orðað, segir, að verkefni stjórnarn. sé að taka, undir yfirstjórn rn., sameiginlegar ákvarðanir um öll meiri háttar mál, er varða rekstur Skipaútgerðarinnar, og síðan eru talin upp nokkur einstök atriði, og í lok mgr. segir: „svo og önnur þau mál, sem n. telur, að eigi falli undir dagleg störf forstjórans". Þessi orð leggjum við til, að falli niður. Það er í fyrsta lagi vegna þess, að störf forstjórans eru viðtækari en svo, að það séu eingöngu dagleg störf. Og í öðru lagi vegna þess, að ef ágreiningur kemur upp um það, hvort n. beri eða hún hafi rétt til að hafa afskipti af tilteknu atriði í starfsemi stofnunarinnar, er það alls kostar óeðlilegt, að n., sem er annar aðili, hafi um það sjálfdæmi, hvort hún á að hafa afskipti af því atriði eða ekki. Þess vegna leggjum við til, að þetta falli niður.

Við gerum þessa brtt., og við, sem skipum minni hl., teljum hana varða svo miklu, að verði hún felld, mun afstaða okkar til málsins í heild markast af því þannig, að við sjáum okkur ekki fært að fylgja þessu frv., ef brtt. verður felld.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég ætla að segja hér í sambandi við þær breyt., sem felast í till. minni hl. á þskj. 470, aðrar en þær, sem ég nefndi í minni fyrri ræðu, þ. e. a. s. aðrar breyt. en ágreiningsefni um það, hvort stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar skuli vera skipuð af ráðh. eða þingkjörin.

Í brtt. minni hl., í 2. mgr., kemur fram, að þar er fellt niður ákvæðið um það, að verkefni stjórnarnefndarinnar sé að annast um ráðningu starfsfólks og umboðsmanna. En það verður að telja eðlilegt, að stjórnarnefnd eða stjórn atvinnufyrirtækis hafi meiri og minni íhlutunarrétt eða ákvörðunarrétt um þau málefni, því að vísu getur ráðning starfsmanna verið mismunandi þýðingarmikil, eftir því um hvaða starfsmenn er að ræða, hvort það eru skipstjórar, skrifstofustjórar eða skrifstofufólk, sem er lægra sett. En meiri hl. n. álítur, að það sé rétt, að þetta standi áfram sem eitt af verkefnum stjórnarnefndarinnar, að annast ráðningu starfsfólks og umboðsmanna.

Síðara atriðið, þar sem segir í 4. gr. lagafrv.: „svo og önnur þau mál, sem n. (þ. e. stjn.) telur, að eigi falli undir dagleg störf forstjóra" er líka fellt niður í till. minni hl. Ég skal játa það, að þetta orðalag er kannske nokkuð klaufalegt, sérstaklega að vera að hafa þarna orðið „dagleg". Það færi betur á því, að stæði „sem n. telur, að eigi falli undir störf forstjórans". Skv. þessu á n. eiginlega að úrskurða, ef ágreiningur verður á milli hennar og forstjórans um valdmörk þessara tveggja aðila. Þá er ekkert óeðlilegt við það, að n., sem er yfir forstjóra, úrskurði það, enda lít ég svo á, að ef ágreiningur verður milli forstjóra Skipaútgerðarinnar og stjórnarnefndarinnar, þar sem báðir þessir aðilar eru undir yfirstjórn ráðh., þá hljóti ráðh. að skera úr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 470 felld með 10:7 atkv.
4. gr. samþ. með 10:5 atkv.
5.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 70. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur hlotið afgreiðslu Ed., og fylgir því, eins og fyrir þm. liggur, mjög greinargóð skýring á störfum þeirrar n., sem hæstv. fyrrv. sjútvmrh. skipaði 28. apríl 1965 til að rannsaka rekstur Skipaútgerðar ríkisins og athuga möguleika á að koma honum á hagkvæmari grundvöll. Þessi n. starfaði síðan fram eftir s. l. ári, og seint á því skilaði hún endanlega sínu nál., sem síðar var um stund til athugunar hjá ríkisstj., en er útbýtt hér sem fskj. með þessu frv. Ég ætla mér ekki að ræða einstaka liði þeirrar niðurstöðu og ályktanir n., sem fram komu í hennar nál., til þess er vart tilefni, nema það verði síðar gefið. En eitt af því, sem n. þessi lagði til í sínum bráðabirgðatill., var, að skipuð yrði sérstök stjórn fyrir Skipaútgerð ríkisins, svo sem áður hafði verið lagt hér til á Alþ. árið 1952, en það frv. náði þá ekki fram að ganga. Það verður vart talið vansalaust, að jafnmikið þjónustufyrirtæki og Skipaútgerð ríkisins skuli hafa starfað án laga eða reglna af hálfu Alþ. nú um nærfellt 37 ára skeið, en þetta er þó eigi að síður staðreynd. Frv. þetta er ekki mikið að vöxtum og þarf ekki mikilla skýringa við. Það var mat þeirrar n., sem samdi umrætt nál., að sérstakt frv. bæri að samþykkja um starfsemi stofnunarinnar, og kemur tilgangur þeirrar lagasetningar ljóslegast fram í 4. gr. frv. Gert er ráð fyrir, að tvö rn. tilnefni menn í þessa stjórn auk oddamanns hennar, og er talið eðlilegt af n. hálfu, að það séu þau ráðuneyti, sem mest samskipti hafa við þetta fyrirtæki, þ. e. a. s. fjmrn. og samgmrn.

Ég tel ástæðu til að leggja á það áherzlu, að þetta frv. nái fram að ganga af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að það standa fyrir dyrum mjög veigamiklar breytingar á starfsemi stofnunarinnar, endurnýjun á skipaflota hennar, sem er nú í undirbúningi hjá þeirri bráðabirgðastjórn, sem stjórnar fyrirtækinu nú, þ. e. a. s. fulltrúum frá fyrrnefndum tveimur rn. auk forstjóra Skipaútgerðarinnar, sem er formaður þessarar stjórnar. Bæði liggur fyrir að endurskipuleggja skipaflotann, og eru í undirbúningi útboðslýsingar með leyfi ríkisstj. að tveimur nýjum skipum í þessu skyni, auk þess sem grundvallarástæða er talin til þess að breyta aðstöðu þessarar stofnunar í landi og þá sérstaklega í aðalumskipunarhöfn hennar, Reykjavík, sem talin er hafa verið mjög mikill þrándur í götu þess, að hagkvæmni væri hægt að koma þar við svo sem bezt yrði á kosið. Vegna þeirra umr., sem ég hygg, að öll dagblöð bæjarins hafi þegar haft um þetta frv., þegar það var upphaflega flutt, þar sem skýrt var hlutlaust frá efni þess, tel ég óþarft að orðlengja frekar um það nú, nema sérstakt tilefni gefist til, en legg á það áherzlu, að n. sú, sem málið fær til umr., hraði svo störfum sínum, að málið nái fram að ganga á þessu þingi.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil ekki, að frv. um strandferðir eða um Skipaútgerð ríkisins fari svo hér í gegnum 1. umr. í þessari d., að ekki verði einhverjar umr. um þetta mikilsverða mál, þ. e. a. s. strandferðirnar.

Og satt að segja hefði verið ástæða til þess, að þau málefni hefðu verið meira rædd á þessu Alþ. en orðið hefur, en það hefur nú farið svo, að önnur mál hafa upp tekið svo hugi manna og dagskrárnar, að strandferðirnar hafa orðið út undan í umr.

Ég vil í sambandi við þetta láta í ljós megna óánægju með þá þróun, sem orðið hefur í strandferðunum undanfarin ár, því að strandferðunum hefur stórhrakað og það svo, að orðið hefur nú þegar til stórtjóns, bæði fyrir einstaklinga og atvinnurekstur víðs vegar um landið. Í rauninni eru þetta orðnar rytjur einar, sem eftir eru af strandferðunum, samanborið við það, sem var, þegar bezt var fyrir þeim séð. Og þau undur hafa gerzt vegna þeirrar vanrækslu, sem orðið hefur í því að afla nýrra skipa til strandferðanna, að gömlu, úreltu skipin hafa verið seld, án þess að önnur ný hafi verið til taks að taka við þeirra hlutverki, og hefur eymdin gengið svo langt í framkvæmd þessara mála af hendi hæstv. ríkisstj., að gripið hefur verið til þess úrræðis að leigja erlent skip til þess að halda uppi nokkrum hluta af því, sem lafir af strandferðunum. Og við Íslendingar höfum nú upplifað það á ný, að með ströndum fram gengur erlent skip með erlendum skipstjórnarmanni, og mundi margur hafa álitið, að slíkt ættu menn ekki eftir að lifa. Er þetta ekki sagt til þess að álasa þeim manni, sem þar á hlut að

máli, langt í frá, en það sýnir bara þann ómyndarskap, sem í þessum málum hefur verið, að annað eins skuli hafa skeð.

Þegar það kom í ljós, að hæstv. ríkisstj. hafði hugsað sér að selja eitthvað af strandferðaskipunum, án þess að önnur ný væru komin til að taka við, brá mörgum hastarlega í brún og m. a. sumum þm. Austf. og áreiðanlega víðar að af landinu, og urðu um það lítils háttar umr. og fsp. til hæstv. ríkisstj., þegar þetta var augljóst.

Og þá lýsti hæstv. samgmrh. eða ráðh., sem hefur þessi mál með höndum, því yfir alveg skýrt og skorinort, að þó að skipin yrðu seld, yrði ekki dregið úr strandferðaþjónustunni. Það er skýrt í þingtíðindunum, að þessi yfirlýsing kom fram, og þótti mönnum þó betra en ekki, að hún kom fram. En við þetta hefur ekki verið staðið. Strandferðum hefur hrakað eftir að hæstv. ráðh. gaf þessa yfirlýsingu, ferðum hefur fækkað, og þjónustan hefur versnað, og það er leiðinlegt að þurfa að segja það, að við þetta hefur ekki verið staðið, og af sjálfu leiðir, að óánægja er mjög megn út af þessu víðs vegar um landið, og tjón hefur orðið mikið í þessu sambandi, og mun þurfa að leita ærið langt aftur í tímann til þess að finna hliðstætt ástand í strandferðum eins og verið hefur nú um skeið, þrátt fyrir þessar yfirlýsingar hæstv. ráðh.

Þetta verður að segja í sambandi við þessi málefni, þegar þau ber á góma hér, því að þetta er ekki hægt að láta óátalið.

Nú er hér frv., sem hefur að geyma það ákvæði með öðrum fleirum, að það skuli vera sérstök stjórn, sem stýrir Skipaútgerð ríkisins. Okkur er sagt, að það hafi nú þegar starfað eins konar stjórnarnefnd eða stjórn fyrir þessu fyrirtæki, þó að það sé ekki ráðgert í l., að svo sé gert. Nú getur það sjálfsagt verið álitamál, hvort það eigi að leggja út í það eða hafa þá skipan á að hafa sérstaka stjórn fyrir einstökum greinum ríkisrekstursins, og ef út á þá braut á að leggja, kemur margt til skoðunar í því sambandi, t. d. eins og það, hvort á að kjósa sérstaka stjórn yfir vegamál, sem er ákaflega stórfelld grein í ríkisbúskapnum og margbrotin.

Hingað til hefur það ekki verið gert, heldur hefur vegamálastjóri verið yfir þeirri grein og heyrt beint undir ráðh. alveg eins og forstöðumaður strandferða var áður, þegar ekki var stjórn yfir þessari grein, og að l. gerir hann það enn, þó að þessi stjórnarnefnd hafi starfað um skeið.

Við getum nefnt í þessu sambandi t. d. hafnamálin og vitamálin, sem er mjög stórkostlegur þáttur. Þá kemur það auðvitað ekki síður til álita að setja sérstaka stjórn yfir þennan málaflokk, og vita- og hafnamálastjóri yrði þá framkvstj. þeirrar stjórnar, eins og hugsað er í sambandi við Skipaútgerð ríkisins. Og þannig mætti lengi telja einstaka þætti ríkisrekstursins, hvort það eigi að skipa þessum málum stjórnir eða ekki. Hér er því um æðiþýðingarmikið mál að ræða, bæði að gera sér grein fyrir því, hvort þetta er hagfellt, hvort hagfelldara er að dreifa þannig ábyrgðinni á stjórn og framkvstj. eða hvort það á að vera eins og verið hefur, að framkvstj. beri ábyrgð á þessu gagnvart ráðh. Hér er um mjög stórfellt atriði að ræða, ekki síst það, hvernig ábyrgðin á framkvæmdinni á að verða, til þess að mestar líkur séu fyrir því, að rösklega sé að þessum málum unnið.

Um þetta eru sjálfsagt mjög deildar meiningar, og í okkar stjórnskipun yfirleitt og framkvæmd hennar hefur þetta verið haft þannig, að það hafa ekki verið stjórnir yfir starfsgreinum. Það er t. d. ekki sérstök stjórn yfir Áfengisverzlun ríkisins. Það er ekki sérstök stjórn yfir Innkaupastofnun ríkisins, og þannig mætti endalaust telja. Það er yfir höfuð ekki það skipulag haft, og geri ég ráð fyrir því, að þar hafi tvennt komið til. Annars vegar, að þeim, sem hafa gengið frá þessum málum fram að þessu hefur fundizt, að það mundi vera sterkara að hafa ekki stjórnir, heldur framkvstj., sem bæri ábyrgð fyrir ráðh., sem sé að dreifa ekki ábyrgðinni. Hitt hefur vafalaust einnig komið til, að menn hafa séð, að ef það ætti að hafa stjórnir fyrir öllum þessum greinum, ekki bara þeim, sem ég hef nefnt, heldur mýmörgum öðrum greinum, fylgdi því stórfelldur kostnaður, og mönnum hefur sjálfsagt vaxið í augum öll sú gífurlega mannafjölgun, sem yrði í starfrækslukerfinu við slíkt. Hér er ekki um neitt smámál að ræða, því að mér hefur t. d. verið sagt það úr Ed., að það hafi komið fram þar í sambandi við nefndarstörfin að þessu máli, að hæstv. ríkisstj. hafi ákveðið þessum tveimur mönnum, sem hafa starfað undanfarið sem stjórn ásamt forstjóranum fyrir Skipaútgerð ríkisins, hálf forstjóralaun hvorum um sig, og að því er mér skilst einhver kostnaðarhlunnindi að auki. Hér er þess vegna ekki um neitt smámál að ræða kostnaðarlega séð. Náttúrlega er þetta hneyksli að ákveða slíkar þóknanir fyrir aukastarf af þessu tagi, alveg rakið hneyksli. En jafnvel þó að svona hneyksli endurtaki sig ekki í hverri einustu grein, yrði þetta dýrt spaug. En ætti þetta að útfærast í ríkiskerfinu, mundi það jafngilda því, að hverjir tveir stjórnarnefndarmenn yrðu til jafns við einn nýjan forstjóra. Ef þetta væri útfært í allri ríkisstarfrækslunni, þýddi það sama sem að fjölga forstjórunum um 50%. En við skulum nú segja, að þetta hneyksli endurtaki sig ekki í hverri grein, þá er þetta samt sem áður ákaflega mikið kostnaðaratriði og mikil spurning, hvort út í þetta á að leggja, hvort taka á upp þessa stefnu. Þetta þarf að mínu viti að skoða vandlega.

En svo er eitt í þessu, sem er verulegt prinsip-atriði líka, og það er, hvort það á, ef til kemur, að hafa stjórnskipaðar stjórnir eða þingkjörnar stjórnir. Og ég verð að segja, að ef það á að hafa stjórnir fyrir stofnunum af þessu tagi, finnst mér miklu eðlilegra, að það séu þingkjörnar stjórnir en stjórn-

skipaðar. Það mætti gera ráð fyrir því, ef þingið kysi þessar stjórnir, að þá yrði betri aðstaða fyrir Alþingi að fylgjast með í þessum stofnunum, og þá kæmu þar ný áhrif inn við slíkar kosningar í stjórninni. Þess vegna mundi ég vilja beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, ef ofan á verður á annað borð að samþykkja frv., að athuga vel, hvort ekki væri skynsamlegt að hafa þingkjörna stjórn fyrir þessu fyrirtæki, ef á að hafa þarna sérstaka stjórn. Ég veit, að það er mikið að gera, og ég skal því ekki segja nokkurt aukaorð, sem gæti orðið til þess að tefja. En ég taldi nauðsynlegt, að þessar aths. kæmu fram, bæði varðandi sjálfar strandferðirnar og eins til þess að vekja menn til umhugsunar um þá stefnu, sem tekin er upp með þessu frv., ef að lögum yrði.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Mér hefur því miður ekki gefizt tími til þess enn þá í því annríki, sem verið hefur nú síðan þetta frv. kom fram, að kynna mér það nákvæmlega og þó sérstaklega ekki þá grg. og fskj., sem frv. fylgja, en mér sýnist, að í þeim muni felast mikill fróðleikur um starfsemi Skipaútgerðarinnar á undanförnum árum, sem að sjálfsögðu væri æskilegt, að þm. gætu kynnt sér nú, þegar lagt er til, að sett verði sérstök lög um þetta ríkisfyrirtæki, Skipaútgerðina. En ég vil leyfa mér, af því að þetta mál er fram komið, hvernig svo sem því reiðir af, að minna á það, að á öndverðu þingi fluttum við 4 þm. úr Framsfl. í Sþ. á þskj. 24 till. til þál. um kosningu mþn. til þess að gera till. um endurnýjun strandferðaskipaflotans og skipulagningu strandferðanna. Fyrsti flm. og frsm. þessa máls var hv. 2. þm. Austf., en meðflm. hans voru auk mín hv. 3. þm. Vestf. og hv. 6. þm. Sunnl. Þessi till. var til meðferðar og til 1. umr. í Sþ., að ég ætla í nóvembermánuði, og var þá vísað til hv. fjvn. Hv. 1. flm. málsins, sem ekki mun vera staddur hér á þessari stundu a. m. k., flutti þá um það ýtarlega framsöguræðu. Ég vildi leyfa mér að beina því til hæstv. samgmrh. í sambandi við meðferð þessa frv., sem hér liggur fyrir, hvort hann mundi ekki vilja beita sér fyrir því, að þessi till. fengi afgreiðslu í þinginu, ef unnt er, og hún ætti náttúrlega ekki síður að geta fengið afgreiðslu heldur en lagafrv. og er nú búin að vera til meðferðar síðan í októbermánuði í þinginu. Þetta mál, strandferðirnar, er ákaflega brennandi áhugamál allis þorra almennings víða um land, þar sem menn einkum hafa not af strandferðunum. Og áhyggjur manna út af framvindu þeirra mála eru mjög miklar. Ég minnist þess, að ég var s. l. sumar staddur á fundi, sem boðað var til af þeim mönnum, sem vinna að svonefndri Norðurlandsáætlun, fulltrúum sveitarstjórna o. fl., á einum stað á Norðurlandi, og þar var eiginlega á þeim fundi meira rætt um þetta mál heldur en nokkur önnur, sem þar voru til meðferðar. Og er það aðeins einn vottur þess, sem ég nefndi áðan, að menn hafa áhyggjur út af framvindu þessara mála, bæði út af því, hvað komi í staðinn fyrir þau skip, sem eru að ganga úr sér og jafnvel hafa verið seld, og eins út af því, hvernig skipulag strandferðanna verði á komandi árum. Ég teldi ákaflega mikilsvert, að Alþ. setti nú niður fulltrúa sína, sem auðvitað ættu að vera skipulagðir a. m. k. að verulegu leyti eða kosnir úr hópi landsbyggðarmanna, sem búsettir eru hér og þar um landið og sérstaklega í þeim héruðum, sem þurfa á strandferðunum að halda, sérfróðum mönnum á sviði siglinga, að Alþ. fæli slíkum trúnaðarmönnum sínum að gera það nú upp við sig, hvernig eigi að leysa þessi mál. Og ég teldi það meira virði frá sjónarmiði okkar, sem mest þurfum á strandferðum að halda, að þessi till. næði fram að ganga heldur en það frv., sem hér liggur fyrir, þótt það út af fyrir sig komi vel til greina að setja lög um Skipaútgerð ríkisins. Þess vegna er ég nú að bera fram þessa ósk við hæstv. ráðh. Ég skal ekki ræða um frv. sjálft að öðru leyti. Hv. 1. þm. Austf. hefur rætt nokkuð um eitt atriði þess, sem ágreiningur var um í hv. Ed., þ. e. a. s. skipun stjórnar fyrir Skipaútgerðina. Ég skal ekki vera margorður um það, en ég er þess sinnis, eins og hv. 1. þm. Austf. var í ræðu sinni áðan, að slík stjórn ætti fremur að verða kjörin af Alþ. Mér finnst nú sérstök ástæða til þess, að Alþ. hafi töluverð áhrif á rekstur þessarar stofnunar, sem er alveg sérstaklega lífsnauðsynlegt þjónustufyrirtæki fyrir landsbyggðina, en hér á Alþ. eiga sæti fulltrúar hinna einstöku héraða í landinu. Og þó að siglingafróðir menn og aðrir sérfræðingar séu nauðsynlegir og dýrmætir á þessu sviði eins og öðrum, er hitt ekki síður nauðsynlegt og jafnvel enn fremur að kynna sér reynsluna og þarfirnar, þarfir landsmanna hér og þar í landinu á þessu sviði.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er nú ekki ástæða til þess fyrir mig að lengja þessar umr. frá því, sem þegar er orðið. Ég komst þó ekki hjá því að standa hér upp — þó ekki væri til annars en bera af mér þær sakir, sem hv. 1. þm. Austf. bar mér á brýn, þ. e. að ég hefði svikið þær yfirlýsingar, sem gefnar voru hér á Alþ. s. l. vetur um það, að þrátt fyrir fyrirætlanir, sem þá lágu í loftinu um sölu á skipum Skipaútgerðarinnar og breytingar á annarri starfsemi stofnunarinnar, mundi ekki dregið úr þeirri þjónustu, sem rækt hefði verið, og stæði ekki til að gera það, heldur auka hana og bæta. Ég endurtek þessa yfirlýsingu hér og hef ummæli þriggja stjórnarmanna, þ. á m. forstjóra Skipaútgerðarinnar, fyrir mér í því, þegar ég segi, að við þetta hafi verið staðið. Tvisvar sinnum hef ég séð ástæðu til að kalla þessa stjórnarnefnd fyrir mig vegna blaðaskrifa um, að þessari þjónustu hafi hrakað svo stórlega, og nú síðast, að ég hygg fyrir um það bil mánuði síðan, til þess að inna eftir því, hvort við þetta væri ekki staðið, eins og upphaflega hefði verið lofað af þeirra hálfu og ég túlka hér á Alþ. Og þeim bar öllum sam-

an um það, að þjónusta strandferðaskipanna væri sízt lakari nú heldur en hún hefði verið. Hins vegar hefðu ýmsar breytingar á starfsemi skipanna og skipaferðunum orsakað það, að staða þeirra fjárhagslega væri einnig jafnframt miklu betri. Það fer heldur illa saman, að á sama tíma og verið er að álasa ríkjandi ríkisstj. fyrir það, að hún sé með úrelt skip í þessari þjónustu, er deilt á það, að notuð séu þau tækifæri, sem bezt gefast til þess að losna við þessi skip, sem allir viðurkenna, að eru orðin úrelt, til þess að skapa grundvöll undir endurnýjun þessa flota. Þetta var gert, og að beztu og fróðustu manna yfirsýn var talið eðlilegt að nota þau tækifæri, sem gáfust til sölu á Heklu og síðar Skjaldbreið. Hefði ekki það óhapp komið fyrir, sem enginn gat séð fyrir, um rekstur Herðubreiðar, þá hefði burðartonnafjöldi flotans nú verið mun meiri heldur en alls þess úrelta flota, sem hv. þm. sætti sig mjög vel við, meðan hann sat í fjmrh.stól og gerði engar tilraunir í þá átt, að endurnýjun færi fram á þessum flota.

Ég ítreka því þessa yfirlýsingu mína frá síðastliðnum vetri hér alveg kalt og rólega og tel, að við hana hafi verið staðið. Um hitt atriðið, hvort eðlilegt sé, að einstakar stofnanir séu settar undir sérstaka stjórn, má að sjálfsögðu deila, og geta verið eðlilega skiptar skoðanir í þeim efnum og sitt sýnzt hverjum. En ég hygg, að það fari þó ekki á milli mála, að þegar um er að ræða jafnvíðtækt þjónustufyrirtæki og Skipaútgerðin er, sem kemur til með um ókomin ár að þurfa töluvert á ríkisaðstoð að halda í mismunandi mæli eftir árferði eins og gengur, þá sé eðlilegt, að stjórnvöld hafi þar verulega hönd í bagga og æskilegt, að náið samband sé á milli þeirra rn., sem um þessi mál fjalla mest, og sú aðferð var viðhöfð, eins og ég gat um í minum frumorðum, að till. þeirrar mþn., sem áliti skilaði skömmu áður en þetta frv. var flutt, að kveðja til sinn manninn úr hvoru rn., og ég vil taka það skýrt fram hér, að þessi ráðstöfun hefur gefizt mjög vel og samstarf þessara þriggja manna verið með ágætum. Fram kom sú till. í Ed., að þetta skyldi vera þingkjörin stjórn. Það mundi sjálfsagt í framkvæmd þýða það, að þetta yrði 7 manna stjórn, ef hún ætti að vera eitthvað í líkingu við þær þn., sem hér hafa verið kjörnar. Hv. 1. þm. Austf. blöskruðu mjög þær launagreiðslur, sem upplýst var um í Ed., að þessum tveimur mönnum væru greiddar. Það skal tekið fram, að þeir eru nánast á daglegum fundum og fylgjast með daglegum rekstri stofnunarinnar, og mér skilst, að það sé í þágu allra þeirra, sem þar vinna. Allir hv. þm. geta svo hins vegar gizkað á, hvort 7 manna stjórn mundi geta annað slíkum störfum eða væri til þess fær, þegar um stóran hóp er að ræða, og þá jafnframt, hvort launagreiðslur til þessara 7 manna yrðu hógværari eða minni heldur en þarna er um að ræða. Ég tel því vægast sagt hæpið, að sú ráðstöfun yrði til bóta í þessu efni.

Það er, eins og ég áðan sagði, verið að undirbúa smíði tveggja nýrra skipa, sem eiga að vera af fullkomnustu gerð, og það stendur til jafnframt að lagfæra lestunar- og losunarskilyrði á aðalhöfnum, þá fyrst og fremst þeirri, sem mest veltur á og lengstur tími fer í lestun og losun á, þ. e. a. s. Reykjavík, og bæta skilyrði stofnunarinnar þar. Það er höfuðástæðan til þess, að ég álít — og ríkisstj. í heild — að eðlilegt sé, að sérstök stjórn sé stofnuninni kosin, sem sjái um framkvæmd þeirrar nýbreytni, sem þarna er fyrirhuguð.

Að öðru leyti vil ég ekki tefja tíma hv. þdm. frekar en orðið er, því að ég veit, að það liggja hér mörg önnur mál fyrir, sem liggur á að afgreiða. En ég held, að þegar mönnum hefur gefizt tími til að skoða skýrslur n. og niðurstöður hennar af þeirri skýrslu, verði ekki um ýkjamikinn skoðanamun að ræða okkar í milli um framtíðarúrlausn í þessum efnum.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég tek hér til máls aðeins til að mótmæla því, sem hæstv. ráðh. sagði fyrr við þessar umr. þegar hann hélt því fram, að strandferðir hefðu haldizt í jafngóðu horfi og áður, þrátt fyrir sölu þeirra strandferðaskipa, sem látin hafa verið af hendi. Þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðh., því að ferðum hefur fækkað og þjónustan versnað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til samgmn. með 29 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 378, n. 579 og 596).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Samgmn. þessarar hv. d. hefur komið saman til að fjalla um frv. um Skipaútgerð ríkisins og hefur ekki getað orðið sammála um afgr. þess.

Frv. þetta má heita að sé aðeins um höfuðskipulagsatriði Skipaútgerðarinnar og bætir úr því ástandi, sem ríkt hefur síðan Skipaútgerðin hóf starfsemi sína, að um hana hafa engin l. verið til önnur en það, sem samþ. hefur verið í fjárlögum ár eftir ár, og þá venjulega um að ræða samþ. á því fé, sem ríkið þurfti að leggja til hennar.

Á allra síðustu árum hafa erfiðleikar þessarar útgerðar vaxið mjög verulega og tap á rekstri hennar aukizt. Hefur þetta leitt til þess, að ríkisvaldið hefur lagt mikla áherzlu á að rannsaka rekstur Skipaútgerðarinnar og reyna að finna möguleika til að koma honum á hag-

kvæmari grundvöll. Í þeim tilgangi var m. a. skipuð n. í apríl 1965, sem fjallaði mjög ýtarlega um málefni fyrirtækisins í heild. Þegar þessi n. hafði starfað um skeið, gekk hún á fund ráðh. og ræddi við hann um verkefni sitt. Benti hún þá þegar á, að engin l. væru til um Skipaútgerð ríkisins, og taldi, að rétt væri að bæta úr þeim ágalla. Þetta er raunar ekki í fyrsta skiptið, sem bent hefur verið á, að óeðlilegt væri, að ekki væri grundvallarlöggjöf um Skipaútgerðina. Frv. að l. um Skipaútgerðina mun hafa komið fram á þinginu 1952, en var þá ekki útrætt. Einnig lét mþn. í samgöngumálum frv. um þetta efni fylgja áliti sínu og till. til samgöngumála 1958, og hefur því verið rækilega bent á nauðsyn þess að lögfesta starfsgrundvöll fyrir Skipaútgerðina áður, þó að ekki hafi orðið úr því fyrr en nú.

Þá benti þessi n. ráðh. á, að mjög eðlilegt væri, að jafnstórt og þýðingarmikið fyrirtæki, sem ætti við jafn margvíslega erfiðleika að etja og Skipaútgerðin, hefði sérstaka stjórn, ekki sízt til þess að reyna að styrkja tengslin á milli fyrirtækisins og þeirra ráðuneyta, sem hafa með það að gera. Skv. þessum ábendingum skipaði ráðh. á sínum tíma 3 menn í stjórn fyrirtækisins, það mun hafa verið í marz 1966.

Það frv., sem hér liggur fyrir, bætir úr þessu tvennu, að sett verði grundvallarlöggjöf um starfsemi Skipaútgerðarinnar og að henni verði sett sérstök stjórn. Að sjálfsögðu má deila um það, hvort ástæða er til þess að hafa slíkar stjórnir yfir ríkisfyrirtækjum eða ekki, en að fenginni reynslu var gerð tilraun með það að setja slíka stjórn yfir Skipaútgerðina, og þann tíma, sem hún hefur starfað, líðlega ár, mun reynslan af þessari stjórn vera góð og talin af þeim, sem bezt þekkja til, benda til þess, að í þessu tilfelli a. m. k. sé það mjög til bóta að hafa slíka stjórn. Skipaútgerðin er nú af ýmsum ástæðum á tímamótum. Miklar breytingar hafa orðið á samgöngumálum í landinu, og flugið hefur aukizt og dregið til sín stóraukinn fjölda farþega, þ. á m. frá Skipaútgerðinni og öðrum skipafélögum. Þá hafa samgöngur á landi batnað verulega og dregið til sín flutninga, sem áður fóru með ströndum fram. Verkefni Skipaútgerðarinnar eru því ekki þau hin sömu og áður. Nú eru algjörar nýjungar á leiðinni í skipulagi vöruflutninga um allan heim, og má því segja, að óvenjuleg og sérstök verkefni séu framundan hjá fyrirtækinu og því rík ástæða til þess að skapa því þann fasta grundvöll, sem það hefur ekki haft, og fá því sérstaka stjórn, sem reynslan sýnir þegar, að sé til bóta.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa í umr. um þetta mál hingað til aðallega talað um, hvernig þjónusta Skipaútgerðarinnar sé, og hafa haft margt við hana að athuga. Hæstv. sjútvmrh. hefur svarað þessum ásökunum og fullyrt það, skv. upplýsingum, sem hann hefur haft frá þeim embættismönnum, sem fyrirtækinu stjórna, að ásakanir um versnandi þjónustu hafi ekki við rök að styðjast. Meiri hl. samgmn. mælir með því, að þetta frv. verði afgr. óbreytt, en minni hl. skilar séráliti.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er ósköp einfalt. Það er að setja stjórn fyrir Skipaútgerð ríkisins. Önnur ákvæði í þessu frv. eru eingöngu þau að staðfesta með l. það verksvið þessa fyrirtækis, sem verið hefur um marga áratugi, og breytir það engu. En hitt er breyting. Nú skal setja stjórn fyrir fyrirtækið. Á s. l. ári setti hæstv. ríkisstj. stjórn fyrir þetta fyrirtæki, án þess að nokkur l. mæltu svo fyrir. Það er raunar óviðkomandi þessu frv., hvað ríkisstj. ræður af starfsmönnum til eins eða annars til bráðabirgða, og kemur í raun og veru ekkert því máli við, hvort nú á að fara að lögskipa stjórn fyrir Skipaútgerð ríkisins. En nú á að setja 3 manna stjórn, þ. e. bæta við þremur nýjum embættismönnum í þetta fyrirtæki. En það á að gera meira, það á að tryggja það um leið, að ríkisstj. ráði öllum þessum mönnum. Hún á að skipa þá. Og meira en það, hún á að skipa forstjórann líka. Stjórnin á ekki að ráða forstjóra, eins og þykir viðeigandi, þar sem stjórnir á annað borð eru fyrir fyrirtæki. Nei, nei. Það á hún ekki að gera. Ráðh. á líka að skipa hann. Já, hæstv. ríkisstj. hefur þarna tögl og hagldir og á að hafa það, þrír nýir embættismenn, allir valdir af ráðh., og forstjóri líka. Það er nokkurn veginn séð um það, að Alþ. komi ekki nálægt þessum málum. Það hefur þótt viðeigandi hingað til, að Alþ. kysi stjórn í fyrirtæki, ef á annað borð á að hafa stjórn fyrir þeim. Nei, hér má Alþ. ekki koma til sögunnar. Það er vandlega um það búið í þessu frv. Ég veit ekki til, að þetta fyrirkomulag eigi sér stað hjá nokkru einasta fyrirtæki ríkisins. Ég hef ekki heyrt þess getið. Og mér þætti vænt um, að það kæmi fram í þessum umr., hvort nokkurt fordæmi er fyrir þessu, að ríkisstj. skipi alla stjórnarnefndarmenn hjá fyrirtæki og forstjórann í ofanálag. Það eru til mörg fyrirtæki, sem hafa enga stjórn, enga aðra en forstjórann, sem heyrir undir ráðh., og þannig var það með Skipaútgerðina, og þannig er það enn með Skipaútgerðina, því að það eru ekki nein lagafyrirmæli um þá stjórn, sem hefur verið látin starfa nú í 1 ár eða því sem næst.

En fyrst hæstv. ríkisstj. þykir nú þörf á að knýja slíkt frv. fram á síðustu klukkutímum þingsins, verða a. m. k. að koma einhver frambærileg rök fyrir því, að þörfin sé mikil á þessu. Hv. 1. þm. Austf. gerði þetta mál að umtalsefni við 1. umr. og lét orð falla á þá leið, að þjónusta þessa fyrirtækis við landsmenn hefði dregizt saman eða minnkað, en hæstv. sjútvmrh. svaraði honum fullum hálsi og sagði, að hann hefði, eins og satt var, lýst því yfir á síðasta þingi, að þrátt fyrir það að til stæði að selja sum skip útgerðarinnar, yrði þjónustan ekki minnkuð. Hins vegar var hv. 1. þm.

Austf. þeirrar skoðunar, að þjónustan hefði nú minnkað við landsmenn af hálfu þessa fyrirtækis. Ráðh. taldi þetta algerlega rangt, og hv. frsm. meiri hl. samgmn. hefur nú enn ítrekað það, að þetta séu algerlega rangar ásakanir, að þjónusta þessa fyrirtækis hafi minnkað eða dregizt saman. Ég hafði hugsað mér, um það leyti, sem þetta mál kom til samgmn., að leita mér upplýsinga um viðkomur skipa útgerðarinnar á hinar einstöku hafnir í landinu, annars vegar núna t. d. á þessum vetri, hins vegar einhvern tíma áður, en þetta fórst nú fyrir hjá mér, af því að annríkið var svo mikið, ekki síst hjá mér í skólakostnaðarmálinu, og ég sé ekki eftir því annríki, því að það vannst þó nokkur árangur í því máli á síðustu stundu, svo að ég tel, að það hafi verið unnið þarft verk að athuga það mál rækilega.

Ég hef hins vegar litið á opinber gögn, annars vegar um smálestatölu þeirra skipa, sem Skipaútgerð ríkisins hafði, áður en farið var að selja þaðan skip, og hins vegar um smálestatölu þessara skipa nú. Ég held, að ég muni það rétt, að hæstv. ráðh. minntist eitthvað á það, að þó að skipin væru færri, væri það engin sönnun fyrir því, að það væri dregið úr þjónustunni, því að það færi eftir smálestatölunni. Ég held, að þessi röksemdafærsla sé heldur en ekki hæpin. Eða ætli það skipti ákaflega miklu máli fyrir einhverja höfn, einhvern viðkomustað úti á landi, hvort skipið, sem kemur þangað, er t. d. 500 tonna eða 1000 tonna? Ætli það sé nóg fyrir slíkan stað að fá helmingi færri viðkomur skipsins, ef það er 1000 tonna en ef það væri 500 tonna? Eftir þessu að dæma ætti útgerðin að komast af með eitt skip, bara ef það væri nógu mörg tonn að stærð. Ég er hræddur um, að tonnatalan sé eitthvað vafasamur mælikvarði að þessu leyti.

Áður en farið var að selja skip útgerðarinnar, var brúttó smálestatala þeirra þessi: Hekla 1456 tonn, Esja 1347 tonn, Herðubreið 366 tonn, Skjaldbreið 366 tonn, Herjólfur 516 tonn og Þyrill 809 tonn. Samt. var smálestatala skipanna hjá útgerðinni 4860 tonn, áður en farið var að selja nein skipin. Síðan er búið að selja þrjú, Heklu, Skjaldbreið og Þyril, en um leið, eða í fyrra, er fengið eitt leiguskip frá Færeyjum, mig minnir að það væri ekki leigt nema til takmarkaðs tíma, og mér þykir líklegt, að sá leigutími sé brátt á enda. Þá verður smálestatala þessara skipa núna, sem Skipaútgerðin á, Esja 1347 tonn, Herðubreið 366 tonn, Herjólfur 516 tonn og Blikur, þ. e. leiguskipið, 499 tonn, eða samt. er þá smálestafjöldi skipanna 2728 tonn. En við þetta er það að athuga, að færeyska skipið Blikur hefur í raun og veru tvenns konar smálestatölu, eftir því hvort hann er skráður með lokuðum lestum eða opnum lestum, eins og það er kallað, en það er tækniútbúnaður, sem ég get ekki útskýrt fyrir hv. þm. Nú er hann skráður hér í siglingum við land með opnum lestum, og þá er smálestatala hans þessi, sem ég sagði, 499 tonn, en ef hann væri talinn á annan veg, er hann 394 tonnum stærri. Þá verður útkoman sú, að smálestatala allra skipanna var, áður en farið var að selja skipin, 4860 tonn, eins og ég nefndi, en núna 2728 tonn, með því að telja Blikur 499, en með því að telja hann með lokuðum lestum yrði þetta 3122 tonn. Hvernig sem dæmið er reiknað, hefur skipakosturinn minnkað hvað snertir smálestatölu um 43%, miðað við Blikur eins og hann er skráður hér í siglingum — 43%. Þetta er nú rýrnunin á þessu sviði. Ef tekið er farþegarými og miðað aðeins við það farþegarými, sem „kojur" eru fyrir, því að hitt er erfitt að reikna, hvað er hægt að taka marga menn í hvert skip, sem ekki hafa svefnpláss, er útkoman sú, að farþegarými skipanna til samans, áður en farið var að selja af skipastólnum, var 351, en er nú 193. Þarna er rýrnunin á farþegarýminu hjá skipunum 45%. Loks kemur þriðji mælikvarðinn, sem mætti nota, og það er hversu oft skipin koma á hafnirnar í kring um landið. Eins og ég sagði áðan, hef ég ekki haft tíma eða tækifæri í þessu annríki að rannsaka þetta. En eitt er held ég víst, að sú fækkun er ekki minni en hvað smálestunum hefur fækkað eða farþegarýmið hefur dregizt saman. Ég fullyrði, að það er a. m. k. nálægt 40%, sem viðkomunum hefur fækkað á höfnum landsins við það að selja 3 skipin á brott, þó að þetta eina leiguskip hafi verið tekið í staðinn. Af þessu verð ég að segja það, að hv. 1. þm. Austf. hefur ekki ofmælt, þegar hann sagði, að það hefði dregið úr þjónustu þessa ríkisfyrirtækis við landsmenn. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. 3. þm. Vestf., hvort hann treysti sér til að ljúka máli sínu á örfáum mínútum?) Hve mörgum? (**Forseti:** Gert er ráð fyrir, að fundur í Sþ. byrji kl. 5.) Ég skal fresta mínu máli. Ég á ekki mikið eftir, en þó mikið meira en þessum örfáu mínútum nemur. (**Forseti:** Þá vildi ég biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni.) Já, já, alveg sjálfsagt. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það fer nú að verða dálítið örðugt að taka til máls í þessari hv. d., ég mun ekki hafa verið búinn að tala í margar mínútur, þegar slitin var í sundur ræðan hjá mér af hæstv. forseta og hæstv. sjútvmrh. var ekki viðstaddur þá og er óðar kominn út úr dyrunum núna. Mætti ég nú ekki mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hlutist til um, að hæstv. sjútvmrh. verði hér viðstaddur, því að hann getur varla verið kominn út úr húsinu á þessum tíma. Eru einhver sjávarútvegsmál til umr. í Ed.?

Ég var þar kominn, þegar fundi var frestað, að ég hafði sýnt fram á, hvað væri aðalefnið í þessu frv., en það er, að ríkisstj. fái nú aðstöðu til þess að skipa þrjá nýja embættismenn við Skipaútgerð ríkisins. Það er eina efnið í frv., því að um hitt efnisatriði frv., hvert sé verkefni Skipaútgerðarinnar, þarf ekki frekar löggjöf nú en þurft hefur í þau 38 ár, sem útgerðin er búin að starfa, og yrði engin breyt. á því, þó að þetta plagg færi ekki í

gegnum þingið. Ég lýsi ánægju minni yfir, að hæstv. ráðh. er kominn í d., svo að ég geti rætt við hann um þetta frv., sem hér er til umr.

Ég benti jafnframt á, að það væri sérkennilegt við þetta frv. og þessa stjórn, að hún á að vera öll skipuð af ráðh., allir stjórnarnefndarmennirnir þrír og forstjórinn í ofanálag. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Er eitthvert ríkisfyrirtæki til, þar sem svona háttar til, að ráðh. skipi alla stjórnina og forstjórann líka? Ég man ekki eftir því, og væri óskandi, að ég fengi einhverja vitneskju um þetta. Nei, það er tryggilega gengið frá því, eins og ég sagði, að ríkisstj. hafi hérna töglin og hagldirnar, eins og þær leggja sig, og Alþ. eigi ekki að hafa nein afskipti af þessu ríkisfyrirtæki, og á það þó að starfa í þágu allrar þjóðarinnar. Ég held ég muni það rétt, að hæstv. ráðh. hafi látið þess getið, er hann var að svara hv. 1. þm. Austf. um daginn, að þjónusta þessa fyrirtækis við þjóðina hafi alls ekkert minnkað nú að undanförnu, en hv. þm. hafði látið orð falla um það, að það hefði dregið úr þessari þjónustu og vitnaði í fyrirheit hæstv. ráðh. um, að það skyldi ekki verða úr henni dregið, þó að skip væri selt. Ég man ekki betur, það getur verið að mér hafi misheyrzt, en samt man ég ekki betur en að hæstv. ráðh. hefði einhver orð um það, að smálestatala skipanna í heild, sem útgerðin hefur í þjónustu sinni, hafi minnkað. Ég vona, að hann leiðrétti mig, ef þetta er ekki rétt eftir honum haft. Í fyrri hluta ræðu minnar las ég hér skrá yfir smálestatölu skipanna eins og þau voru, áður en farið var að selja nein, svo og farþegarúm og bar það saman við smálestatölu skipanna, sem nú eru í þjónustu útgerðarinnar, og farþegarúmið þar. Og niðurstaðan er þessi, að smálestatalan hefur minnkað um 43%, og farþegarýmið hefur minnkað um 45%.

En þriðja atriðið, sem ég hefði gjarnan viljað hafa til samanburðar, er viðkomufjöldi á höfnum víðs vegar kringum landið, það hef ég ekki, af því að ég hef verið í annríki eins og fleiri undanfarna daga og hef ekki getað fengið yfirlit um það. Ég fullyrði það, að rýrnun á viðkomu skipanna á höfnum kringum landið er ekki minni en rýrnunin á smálestatölunni eða farþegarýminu. Það er því engum blöðum um það að fletta, að hér er um verulegan samdrátt að ræða. Og jafnvel þó að svo hefði nú verið, að smálestatala skipanna hefði staðið í stað eða þó að skipin gætu fullnægt vöruflutningunum með þeirri smálestatölu, sem þau hafa nú, er það ekki nóg, því að fólkið, sem býr á hinum ýmsu stöðum um landið, þarf að fá skipaviðkomur það oft, að það hafi þeirra full not, — að það hafi viðunandi samgöngur sjóleiðina, þegar landleiðirnar eru lokaðar. Þó að 1000 tonna skip komi á einhverja höfn í staðinn fyrir að 500 tonna skip hefur áður komið þar kannske tvisvar, þá er þetta ekki til að fullnægja þörfinni. Fólkið þarf að fá sitt af hverju með skipunum með ekki allt of löngu millibili, og smálestatalan ein getur ekki bætt þetta upp. Það er því um ótvíræðan samdrátt að ræða í þjónustustörfum þessa fyrirtækis við það, að 3 skip hafa verið seld, Hekla, Skjaldbreið og Þyrill.

Það er alveg eins og hæstv. ríkisstj. finnist nú, að hún geti bætt upp þrjú horfin skip með því bara að ráða þrjá nýja embættismenn í staðinn. Þarna geti það mætzt, maður á móti skipi. Það er einkennileg tilviljun, að um leið og hæstv. ríkisstj. hefur selt þrjú skipin, þá skuli hún koma með frv. um þrjá embættismenn. Ég er þeirrar skoðunar, að hv. Alþ. verði að spyrna fótum við þessari fjölgun embættismanna, sem nú er með meira móti, jafnvel enn þá örari þessa síðustu þingdaga fyrir næstu kosningar heldur en nokkru sinni áður, og hefur þó verið nóg um hana stundum. Ef ég hef fylgzt réttilega með, held ég, að nú í kvöld eða nótt eigi að afgreiða þrjú frv. hér frá Alþ., þ. e. frv. um orkumál, frv. um skólakostnað og frv. um Skipaútgerð ríkisins. Hvað ætli það sé m. a., sem felst í þessum þremur frv.? Það er fjölgun á embættismönnum. Í frv. um orkumál sýnist mér, að eigi að fjölga um sex nýja embættismenn, þ. e. tækninefnd Orkustofnunarinnar, þar eiga að koma sex nýir. Í skólakostnaðarfrv. á að koma á fót nýrri byggingardeild, og eiga að bætast við tveir tæknifróðir menn, byggingameistarar og byggingaeftirlitsmenn, sem enginn veit, hvað verða margir, færri en tveir geta þeir þó aldrei orðið, fyrst þar stendur „eftirlitsmenn". Þeir geta þá aldrei orðið færri en fjórir, sem eiga að koma þar nýir, getur vel verið, að þeir eigi að vera átta, þó að ég viti það ekki. Og þriðja frv. er svo Skipaútgerðin, þar eiga að koma þrír. Það er því lágmarkið, að skv. þessum þremur frv., sem öll á að afgreiða sem lög í kvöld eða nótt, eigi að koma þrettán ný embætti. Þetta er góður afli á ekki lengri vertíð að fá svona þrettán á skip. Ég veit, að hæstv. ráðh. finnst þetta ekki ýkjamikið, og þeir mundu sennilega segja eins og sjómennirnir stundum, þegar þeir afla vel og þeir segja „það var reytingur", og það getur vel verið, að þeir kalli þetta bara reyting. En þetta er meira en reytingur, ekki sízt þegar annað hliðstætt þessu er á undan gengið.

Ég get minnt á það svona í leiðinni, að Vestfirðingar hafa gert mjög eindregnar kröfur um það að fá Vestfjarðaskip, og ég held, að það séu 8 ár síðan flutt voru frv. um Vestfjarðaskip hér á Alþ., flest árin a. m. k., ef ekki öll, en alltaf hafa frv. verið svæfð, ár eftir ár, þing eftir þing. Það hefur verið minni áhugi á að bæta samgöngurnar á sjó við Vestfirði, þennan landshluta, sem er innilokaður frá öðrum héruðum þessa lands alla vetur, heldur en að fjölga embættismönnum. Ég held, að hv. frsm. meiri hluta samgmn. hafi eitthvað haft orð á því þarna áðan, að það væri farið að draga úr rekstrarhalla Skipaútgerð-

arinnar, hann væri eitthvað svolitið minni heldur en hann hafi verið fyrir einu eða tveimur árum. Það er ekki þrekvirki að draga úr rekstrarhalla Skipaútgerðarinnar með þessu móti, með því að selja 3 skip af 6 og leigja bara 1 um tíma í staðinn. Það er meira kraftaverkið! Ég gæti bezt trúað, að það mætti þurrka út allan rekstrarhalla með því bara að selja þau öll. Ég verð því að mótmæla harðlega þessari megintill. þessa frv., að nú skuli eiga að stofna þrjú ný embætti við Skipaútgerðina um leið og mjög hefur dregið úr störfum þar og öllu annríki, um leið og skipin eru orðin svona fá, utanlandssiglingarnar úr sögunni og öll skilyrði til að komast af með færri eða minni mannafla en nokkru sinni áður. En fari svo, að hæstv. ríkisstj. haldi fast við þessa útungunarstarfsemi sína, þá teldi ég eðlilegra, að hv. Alþ. kjósi þessa stjórn, láti ekki bjóða sér þetta, að samþykkja fyrst að óþörfu þessa starfsmannafjölgun og síðan vald ráðh. til að skipa alla mennina. Ég vil ljúka þessu máli mínu með því að benda á það, að ég held, að fyrirsögn frv. sé ekki nákvæm. Þetta ætti að heita „Frv. til laga um fjölgun og úthlutun embætta".

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:13 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 19:10 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:10 atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Við, sem skipum minni hl. samgmn., viljum freista þess, að breytt verði 4. gr. frv. um skipun þessarar nýju stjórnar fyrir Skipaútgerð ríkisins. Við leyfum okkur því að flytja hér skriflega brtt. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi kýs hlutfallskosningu þrjá menn í stjórnarn. Skipaútgerðarinnar til 4 ára í senn, samgmrh. skipar einn þeirra formann. Ráðh. ákveður laun stjórnarn. Verkefni stjórnarn. er að taka, undir yfirstjórn rn., sameiginlegar ákvarðanir um öll meiri háttar mál, er varða rekstur Skipaútgerðarinnar, þ. á m. áætlanir um ferðir skipanna, um far- og farmgjaldataxta, um meiri háttar viðgerðir og endurbætur á skipum, húsakynnum eða tækjum, um vátryggingar skipanna, um breytingar á rekstri, þar með talið um kaup eða sölu á skipum, öflun tilboða í því sambandi og mat á tilboðum, sem berast kunna. Nefndin skal halda gerðabók, sem löggilt er af rn."

Ég vænti þess, að hv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari skriflegu brtt., svo hún geti komið til umr.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 470) leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 470 felld með 18:17 atkv.
Frv. samþ. með 19:15 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 616).

---

40. Öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Á 57. fundi í Ed., 6. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum [178. mál] (stjfrv., A. 391).

Á 58. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhanna Hafstein): Herra forseti. Hér er á ferðinni lítið frv., sem ég vona, að geti fengið skjóta afgreiðslu í þinginu.

Það hafa, eins og segir í grg., orðið miklar breytingar á atvinnuháttum landsins síðan lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum tóku gildi 1952, og einkum og sér í lagi er það einkennandi, að stórvirkar vinnuvélar leysa nú í æ ríkari mæli hin ótal mörgu verkefni, sem að kalla, og fer notkun þeirra sífellt vaxandi.

Það hefur verið lengi í deiglunni að setja reglugerð um réttindi manna til vinnu og meðferðar vinnuvéla, en málið hefur strandað á því, að lagaheimild hefur verið talið vanta. Með samkomulagi dags. 10. nóv. 1965 samþykktu verkamannafélagið Dagsbrún og Vinnuveitendasamband Íslands m. a. að skipa samstarfsnefnd tveggja manna frá hvorum aðila, sem skyldi hafa það verkefni að semja reglur um nánari starfstilhögun og nýtingu tækja og öryggi starfsmanna. Jafnframt skyldi það vera verkefni n. að beita sér fyrir, að sett yrði hið fyrsta reglugerð um réttindi til handa stjórnendum stórvirkra vinnuvéla, enn fremur að vinna að því að koma á fót námskeiðum fyrir stjórnendur vinnuvéla, sem miðist við tvö stig réttinda. Frv. þetta er nú borið fram vegna eindreginna tilmæla fyrrnefndra samningsaðila, verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands, og þar sem talin er þörf þessarar lagaheimildar til að setja þær reglur, sem unnið hefur verið að, eins og ég áðan gerði grein fyrir, er þetta frv. fram borið og a. m. k. til að taka af öll tvímæli um það, að ráðherra hafi heimild til að setja þessa reglugerð. Ég vil þess vegna leyfa mér að vænta þess, að um þetta mál verði enginn ágreiningur og það geti fengið skjóta afgreiðslu

í gegnum þingið, þó að nú sé komið að síðustu dögum þess.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað, að lokinni þessari umr., til 2. umr. og sennilega til iðnn. þessarar deildar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 391, n. 446).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um það, að ráðh. verði heimilað að kveða svo á með reglugerð, að réttindi til stjórnar stórvirkra vinnuvéla skuli bundin við ákveðna starfsreynslu eða nám. Hæstv. ráðh. gerði við 1. umr. málsins grein fyrir tildrögum frv., og vísa ég til þess og að öðru leyti til athugasemda, sem því fylgja, sérstaklega þess, að heimild vantar í l., til þess að reglugerð verði sett um það efni, sem frv. fjallar um. Iðnn. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. eins og fram kemur í nál. Einn nm., hv. 2. þm. Reykv., var ekki viðstaddur á fundi n., þegar hún afgr. málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til 1. umr. núna, er búið að fara gegnum Ed. og með góðu samkomulagi. Það er ákaflega litið frv. Það hefur verið unnið að því að setja reglugerð, sem feli það í sér, að réttindi til stjórnar nánar tiltekinna stórvirkra vinnuvéla skuli bundin við ákveðna starfsreynslu eða nám og þykir vera til öryggis. Að þessu hafa unnið fulltrúar frá verkamannafélaginu Dagsbrún og fulltrúar frá vinnuveitendum auk fleiri. Talið var í rn., að slík reglugerð yrði ekki sett nema þeirrar heimildar væri leitað, sem í þessu frv. felst.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 391, n. 559).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 559, hefur iðnn. athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Mál það, sem hér er á ferðinni, virðist sjálfsagt ekki vera stórmál, en það er þó æði þýðingarmikið. Á undanförnum árum hefur stórvirkum vinnuvélum farið ákaflega mikið fjölgandi hér í okkar landi, en þannig hafa ástæður verið, að réttindi þeirra manna, sem fara með þessi miklu tæki, vandasömu til stjórnunar, eru engin í raun og veru. Það eru engar reglugerðir eða lög, sem kveða á um réttindi þeirra til þess að stjórna slíkum tækjum. Það getur í raun og veru hver og einn, sem svo býður við að horfa, tekið að sér stjórn þessara tækja, jafnvel innan um marga aðra menn, sem eru að vinna, og ekki er nokkur efi á því, að einmitt af þessum ástæðum hafa hlotizt slys. Það eru nokkur ár síðan sérstaklega verkamannafélagið Dagsbrún hóf baráttu fyrir því, að settar yrðu reglur um sérréttindi og skyldur þessara manna. Þetta hefur hins vegar gengið æði erfiðlega, einmitt vegna þess að það hefur ekki verið talið, að í l. væri stoð fyrir setningu slíkrar reglugerðar. Öryggismálastjóri hefur haft þetta mál æðið lengi með höndum og samið reglugerð hér að lútandi, en rn. taldi a. m. k. mjög vafasamt, að slíka reglugerð væri hægt að setja án breytingar á l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Í samningum verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur 1965 var einmitt sérstakt samkomulag milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambandsins um það, að þessi samtök beittu sér sameiginlega fyrir því, að settar yrðu reglur um störf þessara manna. Það dugði þó ekki til, en nú í vetur skrifaði verkamannafélagið Dagsbrún iðnmrn. og óskaði eftir því, að þessi breyting yrði gerð á l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Hæstv. iðnmrh. brá fljótt við, og sett var á laggirnar n., sem var skipuð fulltrúum bæði frá verkamannafélaginu Dagsbrún og Vinnuveitendasambandinu, svo og öryggismálastjóra. Nefndin kom sér saman um í öllum atriðum, hvernig þessu skyldi háttað, og reglugerð eða grundvöllur fyrir reglugerð er tilbúinn frá þeirra hálfu. Síðan hefur ríkisstj. flutt þetta frv. hér. Það er nú svo oft, sem við höfum ástæðu til þess að kvarta yfir seinagangi og leiðindum í sambandi við svona mál, en ég sé ástæðu

til þess að þakka hæstv. iðnmrh. fyrir viðbrögðin, sem hann hefur viðhaft í þessu máli. Ég vil gjarnan, að það komi eins fram og hitt, sem við höfum oft ástæðu til, að finna að þessum störfum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði veitt og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 617).

---

41. Lántaka vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967.

Á 31. fundi í Sþ., 7. apríl, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967 [179. mál] (stjfrv., A. 399).

Á 59. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í grg. minni til Alþ. um framkvæmdaáætlunina fyrir árið 1967 var skýrt í einstökum atriðum frá áætlun þeirri, bæði hvað fyrirhugað væri að framkvæma og enn fremur, hvernig áformað væri að afla fjár til þeirra framkvæmda.

Skv. áætluninni er gert ráð fyrir, að fjáröflunin verði tvíþætt. Annars vegar verður fjáröflun til framkvæmdasjóða atvinnuveganna eða stofnsjóða þeirra, og er gert ráð fyrir að leysa vanda þeirra með lánum frá Framkvæmdasjóði ríkisins, sem hann annaðhvort veiti sjálfur eða hafi milligöngu um að útvega, og þá gengið út frá því, að samningar geti tekizt við viðskiptabankana um svipaða hlutdeild í lánveitingum til stofnsjóðanna eins og verið hefur. Hins vegar eru svo fjárfestingaráætlanir eða fjárfestingarframkvæmdir á vegum ríkisins sjálfs, og er gert ráð fyrir því, að lána til þeirra verði aflað á vegum ríkisins. Með frv. því, sem hér liggur fyrir hv. Ed., er leitað eftir heimild Alþ. til þess að afla fjár til umræddra framkvæmda, og að sjálfsögðu ber þá um leið að líta á samþykkt þess sem samþykki á þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru skv. þeirri áætlun, sem ég hef gert hinu háa Alþ. grein fyrir.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að afla fjár með útgáfu spariskírteina á svipaðan hátt og gert hefur verið síðustu árin og að auka sölu þeirra úr 100 millj. í 125 millj. kr. Kjör á þessum bréfum hafa ekki enn verið endanlega ákveðin, en gert er ráð fyrir, að þau verði með mjög svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár, og er leitað heimilda til þess í frv. á sama hátt og verið hefur, að kjörin verði með sérstökum hætti, bæði vísitölutryggingu og jafnframt að þau verði undanþegin framtalsskyldu, eins og er um sparifé. Í grg. fyrir frv. er síðan nánar útskýrt, hvernig áformað er að skipta spariskírteinaláninu á milli einstakra framkvæmda, og sé ég ekki ástæðu til að rekja það, en vísa til þeirrar sundurgreiningar, sem er á sérstöku fskj., enda er það raunar bundið í lagafrv. sjálfu, hvernig fénu skuli ráðstafað, þannig að því verður ekki haggað af ríkisstj. umfram það, sem þar er skilgreint, og er það í samræmi við það, sem ég áður gat um, að fé þessu yrði varið til framkvæmda á vegum ríkisins sjálfs, en stofnsjóðirnir yrðu fjármagnaðir með öðrum hætti.

Þá er, eins og undanfarin ár, óskað eftir heimild til að taka lán, sem í ár er gert ráð fyrir að verði allt að 12,5 millj. kr., vegna flugvalla- og vegagerðar á Vestfjörðum, innan ramma Vestfjarðaáætlunarinnar. Hv. þdm. er kunnugt um þá áætlun, og þetta er þriðja árið, sem lán eru tekin í því skyni frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, en heimild skortir til að veita þeim lánum móttöku og ráðstafa þeim, og er því sótt eftir þeim heimildum í 6. gr. þessa frv.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir í 7. gr. að leita heimildar til kaupa á öryggistækjum vegna flugmála, lántöku vegna raforkumála og til landshafna, þar sem þetta eru allt framkvæmdir á vegum ríkisins og nauðsynlegt að afla sérstakra lánsheimilda í þessu skyni.

Í 8. gr. frv. er farið fram á heimild þingsins til þess að mega ráðstafa 53 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966 til tiltekinna framkvæmda, annars vegar 25 millj. kr. til vegagerðar, og eru þá hafðar í huga sérstaklega þær framkvæmdir, sem orðið hafa á ýmsum vegum og þó fyrst og fremst brúm vegna náttúruhamfara og sem ekki var að sjálfsögðu hægt að sjá fyrir, þegar vegaáætlun var samin, og fé skortir því til að leysa þann vanda. Þessum málum verða gerð nánari skil af hæstv. samgmrh. í sambandi við endurskoðun vegaáætlunar, þegar hún kemur til meðferðar í Alþingi.

Þar sem talið var kleift að verja nokkru meira fé eða 26 millj. kr. að auki til framkvæmdaáætlunarinnar af greiðsluafgangi, þótti sjálfsagt, að því fé yrði varið til þeirra framkvæmda, sem ríkinu ber beint að kosta og eðlilegt er, að kostaðar séu, eftir því sem tök eru á, með beinum fjárframlögum frá ríkissjóði, en það eru annars vegar skólabyggingar og hins vegar sjúkrahús.

Þá hefur, með fyrirvara um samþykki Alþ., verið leitað eftir kaupum og gerðir bráðabirgða-

samningar um kaup á fasteignum hér í miðbænum, þ. e. eignunum nr. 12 við Vonarstræti og Skjaldbreiðareigninni við Kirkjustræti og nokkrum lóðum öðrum, sem henni fylgja, og er það í framhaldi af þeirri ákvörðun Alþ. að heimila að kaupa eignir SÍS, sem heimilað var með fjárlögum fyrir árið 1967, en tilgangslaust er í rauninni að framkvæma þau kaup nema að fá tiltekinn skika hér samfelldan í miðbænum, ef það á að kóma að fullum notum, og með hliðsjón af þeirri stefnu, sem þá var mörkuð — og enda var þá gerð grein fyrir því, að það yrðu að fara fram frekari kaup eigna — hefur verið talið rétt að nota tækifæri, sem gefizt hafa, til þess að fá þessar eignir, og er af fróðum mönnum talið, að þetta hafi tekizt með viðhlítandi kjörum, þó að þetta sé að vísu dýrt, þá séu þetta tiltölulega hagstæð kjör miðað við það, sem gerist í þessum efnum.

Þá er loks óskað eftir heimild til að kaupa íbúðarhús á Laugarvatni, eftir eindregnum tilmælum samstjórnar skólanna þar, því að með einhverjum hætti verður að sjá fyrir mötuneyti og ýmsum öðrum þörfum vegna byggingarframkvæmdanna þar eystra.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls og svo sem séð verður af þessari grg. og þessu frv., er gert ráð fyrir að fjármagna hinar opinberu framkvæmdir innan fjáröflunar- og framkvæmdaáætlunar í ár, annars vegar með spariskírteinaláni, hins vegar með PL-480, sem verður nú nokkru minna en á s. l. ári, vegna þess að það eru minni vörukaup frá Bandaríkjunum en á því ári.

Þá er gert ráð fyrir, að einnig sé hægt að verja 25 millj. kr. af enska láninu til framkvæmda. Það eru endurgreiðslur, sem eru hraðari en greiðslur lánsins til lánveitenda og því talið, að endurlána megi það fé. Loks er fyrirhugað, að lagðar verði fram 53 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1966 til framkvæmdaáætlunarinnar og með þessum hætti sé hægt að afla þess fjár samtals, sem gert er ráð fyrir, að þurfi að fá til viðbótar öðrum fjárveitingum, til þess að hægt sé að ráðast í þær framkvæmdir, sem framkvæmdaáætlunin gerir ráð fyrir, að unnar verði á þessu ári innan hennar ramma á vegum ríkisins sjálfs.

Ég legg þá til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn. og vildi leyfa mér að beina því til hv. n., að hún leitist við að hraða afgreiðslu málsins eins og frekast er unnt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. gerði ráð fyrir því, að tekið yrði lán vegna Vestfjarðaáætlunar og sé raunar í þessu frv., að gert er ráð fyrir sérstakri lántöku vegna hennar. Sízt af öllu vil ég telja það eftir og er ánægður með, að sú áætlun skuli vera komin í gang og til framkvæmda. En mér er það kunnugt, að það hefur verið á döfinni svipuð áætlun fyrir Norðurland, og er nokkuð langt síðan, að sendimenn hafa farið þar um og átt viðtöl við fyrirsvarsmenn sveitarfélaga í þeim landshlutum, bæjarstjórnir og hreppsnefndir, og einhverjar skýrslur og áætlanir munu þeir menn, sem þar um ferðuðust, eða Efnahagsstofnunin sjálf hafa látið frá sér fara. Ekki hef ég nú enn, því miður, fengið þær skýrslur sendar, þar sem Efnahagsstofnunin, eða þeir menn, sem með þessi mál hafa að gera, telja ekki ástæður til að gefa þm. sérstaklega kost á að fylgjast með þessu máli. Er það nú satt að segja fullkomið umkvörtunarefni, að þm. skuli ekki sendar slíkar skýrslur, eða að þeir ágætu embættismenn, sem vinna í þessum stofnunum, skuli ekki telja sér neitt hagræði að því að hafa samráð við alþm. kjördæmisins, áður en þeir gera þessar áætlanir, og ég býst nú við, að þó sitthvað megi misjafnt um alþm. segja, þá séu þeir að öðru jöfnu kunnugri því, hvernig ástandið er í hverjum landshluta en flestir aðrir, og að þessum ágætu mönnum ólöstuðum efast ég alveg um það, að þeir á stuttri gegnumreið um þau einstöku kjördæmi fái gleggri yfirsýn yfir málefni en þm., sem hafa starfað þar, kannske árum saman.

En þessi Norðurlandsáætlun er talsvert umtöluð, enda þótt mér sé ekki kunnugt um, að hún hafi útgengið á prenti eða þeir aðilar, sem við var talað, bæjarstjórnirnar og hreppsnefndirnar, hafi fengið hana senda. En þó svo sé, að nokkuð sé á huldu enn, að því er virðist, um þessa áætlun, er manna á milli um hana talað, og eitt er víst, að við hana eru ekki svo litlar vonir bundnar. Það er ekki ofsagt, að talsvert hafi verið kveikt í mönnum með þeim vonum, sem látnar hafa verið í ljós í sambandi við hana. Og það er reyndar ekkert óeðlilegt, þó að ýmsar vonir vakni í sambandi við slíka áætlun í þeim landshluta, sem ég ber mest fyrir brjósti, Norðurl. v., vegna þess að á undanförnum árum hefur atvinnuástand í þeim landshluta verið alveg sérstaklega erfitt, og kaupstaðir og kauptún á því svæði hafa átt við sérstaka erfiðleika að etja, sem fyrst og fremst stafa af því, að síldveiðar hafa þar ekki verið að neinu ráði á móts við það, sem áður var, og einnig því, sem enn er ömurlegra, að þorskafli hefur brugðizt líka að verulegu leyti, þannig að ástandið á þessum slóðum er mjög ískyggilegt.

Það eru fyrir hendi alveg ótvíræðar skýrslur, sem sanna þetta, m. a. skýrsla Hagstofunnar um tekjuskiptingu, þar sem það sýnir sig t. d., að íbúar Sauðárkrókskaupstaðar eru tekjulægstu íbúar kaupstaða og atvinnuástandi á þessum stöðum, eins og Sauðárkróki, Siglufirði og Skagaströnd, hefur verið mjög ábótavant. Það er held ég öllum hugsandi mönnum, sem eru kunnugir þessum málum, ljóst, að það verður að gera alveg sérstakar ráðstafanir til aðstoðar á þessum svæðum. Það hafa verið skipaðar n. til þess að athuga þetta, a. m. k. einar tvær að ég hygg. Sú fyrri skil-

aði bráðabirgðaáliti. Sú n. var að vísu ekkert sérstaklega bundin við Norðurl. v., heldur átti hún að athuga, ef ég man rétt, ástandið í kaupstöðum og kauptúnum yfirleitt, en í sinni fyrstu og ég held raunar einu skýrslu, sem frá henni hefur komið, batt hún sig sérstaklega við Norðurland. En hún tók það fram í þeirri skýrslu, sem hún skilaði, að þar væri aðeins um bráðabirgðaskýrslu að ræða, og hún ætlaði að skila endanlegu áliti seinna. En af því varð nú ekki, því að önnur n. mun hafa komið til sögunnar, sem var talin leysa hana af hólmi að verulegu leyti.

Enn er svo í þriðja lagi komin til sögunnar Efnahagsstofnunin, sem hefur, að því er virðist, undirbúið sérstaka áætlun, svokallaða Norðurlandsáætlun. En einmitt af gefnu tilefni frá hæstv. fjmrh., þar sem hann talaði áðan um Vestfjarðaáætlun og lántöku vegna hennar, vil ég spyrja hann: Er hér gert ráð fyrir sérstökum lántökum vegna Norðurlandsáætlunar? Eða er hún ekki á þeim vegi stödd, að það sé nein þörf nú á því að afla lánsfjár vegna hennar? Það getur vel verið, að þessari fsp. sé ekki beint á réttan stað, vegna þess að ég veit, að um þessi mál fjalla aðrir en hæstv. fjmrh. að verulegu leyti, en ég geri þó ráð fyrir því, að um þessa hlið málsins sé honum kunnugt og hann geti gert grein fyrir því. Ef svo er, að svar hans sé neikvætt á þá lund, að það sé ekki gert ráð fyrir sérstakri lántöku vegna Norðurlandsáætlunar, er gott að fá þær upplýsingar, þá vita menn betur en fyrr, hvar þeir eru á vegi staddir. Vera má, og ég geng raunar út frá því, að segja megi, að sumt af því lánsfé, sem hér er gert ráð fyrir til ýmissa framkvæmda, sem þarna er fjallað um, geti komið þeim landshluta til góða með sama hætti og öðrum. Mér dettur ekki í hug að gera ráð fyrir því, að hann verði neitt afskiptur í því sambandi, en ég tel, að það þurfi að gera alveg sérstakar ráðstafanir nú, einmitt vegna ástandsins í þessum landshluta, og ég tel, að það hafi verið vaktar vonir um, að það mundi verða gert vegna þess undirbúnings að Norðurlandsáætlun, sem mikið hefur verið talað um. Ég vildi biðja hæstv. ráðh. að leyfa þm. að heyra, ef hann getur gefið einhverjar upplýsingar um þetta efni. Mér þykir ákaflega leiðinlegt, hvað margt virðist vera á huldu í þessu efni. Hér eiga ekki að vera á ferðinni nein leyndarmál og sízt af öllu fyrir þm. Ég veit nú ekki einu sinni, hvort Efnahagsstofnunin, sem vinnur að þessum skýrslum, lætur þær af hendi. Ég geri ráð fyrir, að hún sendi þær til ríkisstj. Mér er kunnugt um, að eitthvað af skýrslum frá henni hefur farið til Atvinnujöfnunarsjóðs, en það er eiginlega einkennilegt í öllu þessu skýrsluflóði, sem nú flæðir yfir Alþ., að það skuli ekki koma skýrsla um þetta efni. Það væri ákaflega æskilegt fyrir okkur, frambjóðendur í þessu kjördæmi, sem þarna á í hlut, að vita dálítið nákvæmlega um þetta, áður en við færum að tala við hv. kjósendur.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég get tekið undir allt það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði hér almennt um atvinnuástandið í þeim landshluta. Það var ekkert ofsögum sagt af því, að þar er við margvíslega erfiðleika að etja, og þarf mikið átak að gera til eflingar atvinnulífi, en við vitum raunar, að þessu vandræðaástandi þar veldur, eins og reyndar víðar fyrir Norðurlandi, mjög langvinnur aflabrestur, þar sem flest þessi byggðarlög, einkum við sjávarsíðuna, byggja afkomu sína að mjög verulegu leyti á útgerð.

Varðandi fsp. hv. þm. um, hvað líði Norðurlandsáætlun, vil ég mælast til þess að þurfa ekki í einstökum atriðum að svara því nú. Það verður gert hér á Alþ. mjög bráðlega í sambandi við fsp., sem liggur hér fyrir frá einum hv. þm., en mér er hins vegar ljúft að segja í almennum orðum frá því, hvernig það mál horfir við.

Það var hafizt handa um þessa áætlunargerð í framhaldi af samningum stéttarfélaga á Norðurlandi og ríkisstj. og var ákveðið, að hún yrði gerð í samráði við sveitarstjórnir og verkalýðsfélög á þessu svæði, og þetta hefur verið gert. Verkið var falið Efnahagsstofnuninni. Hún hefur unnið að því síðan, og ég hygg, að hún hafi unnið að því með öllum þeim hraða, sem auðið var. Það skal að vísu játað, að sú stofnun hefur mjög miklum verkefnum að sinna, og er alltaf verið að bæta á hana alls konar skyndivinnu, ef svo má segja, sem kemur inn á milli, í sambandi við margvíslegar rannsóknir og athuganir, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, og starfslið hennar er takmarkað. Engu að síður hefur hún gert mjög margvíslegar athuganir á þessu svæði, og það er jafnframt rétt, að það hafa verið gerðar mjög lauslegar bráðabirgðaskýrslur, sem hafa verið ákveðnar og gerðar aðeins í einum tilgangi, og hann er sá að vera nú þegar Atvinnujöfnunarsjóði til leiðbeiningar um lánveitingar og aðstoð við byggðarlögin á þessu svæði. Hins vegar á eftir að vinna þessar skýrslur miklu nánar út, til þess að þær séu á nokkurn hátt birtingarhæfar, og það á eftir að ganga frá skýrslum um t. d. samgöngumálin og félagsmálin og menntamálin, en ætlunin er, að þessi skýrslugerð fyrir Norðurlandið verði mjög fullkomin áætlunargerð og fullkomnari en gert hefur verið hér á landi áður varðandi byggðaráætlanir.

Fyrir Vestfirði er ekki í rauninni til nein heilsteypt áætlun nema samgöngumálaáætlunin, sem unnið hefur verið að eftir alveg ákveðnu plani og fjár aflað til, svo sem hv. þdm. er kunnugt um, en að öðru leyti hefur áætlunin fyrir Vestfirði verið mikil rammaáætlun, sem unnin var hér fyrst og fremst af norskum sérfræðingum á sínum tíma á vegum Framkvæmdabankans, og það á eftir að útfæra hana mun nánar, og verður það verkefni einnig leyst á næstunni. En eins og sakir standa í dag, liggur áætlunin fyrir Norðurland ekki fyrir

í þeirri mynd, að það sé hægt að marka ákveðin plön um það, hversu mikið eða hvenær þurfi sérstakt fé til þess að uppfylla þarfir hennar. Það er ákveðið í l. um Atvinnujöfnunarsjóð, að sjóðurinn vinni eftir þessum byggðaáætlunum, og ég geri ráð fyrir því, að þessu verði hagað þannig, að þegar skýrslugerðinni endanlega er lokið, muni Atvinnujöfnunarsjóður fá málið til athugunar í heild. Hvort það verður þá gefin út almenn skýrsla um það eða þeirra skýrslu útbýtt í Alþ., skal ég ekkert um segja á þessu stigi. Mér finnst ekkert fráleitt að hugsa sér það, en ég álít, að það geti verið mjög villandi að vera að útbýta bráðabirgðaskýrslum, sem eins og hv. þm. sagði, kunna í sumum tilfellum, ef þær eru unnar í skyndingu, að fela í sér einhverjar villur, þar sem þær eru byggðar á skyndiviðtölum, og ætlun stofnunarinnar er að afla miklu nánari upplýsinga um þessi atriði. En eftir að málið í heild liggur fyrir og stofnunin hefur endanlega unnið það, sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að áætluninni sem slíkri verði útbýtt. Það er stefnt að því, að áætluninni geti orðið lokið á þessu ári, en ég geri ráð fyrir, að þegar hv. þm. kynnast henni og sjá endanlega grg. um hana, geri þeir sér ljóst, að hér er um mjög umfangsmikið mál að ræða, því ég veit, að eins og hv. þm. áreiðanlega ekki síður gera sér grein fyrir en ég, þá eru atvinnumálin ekki nema einn þáttur þessa vandamáls, það eru bæði félagsmál og þó ekki hvað síst samgöngumál og menntamál, sem eru mjög mikilvægur þáttur í byggðaáætlunum. En atvinnumálin hafa af þeim ástæðum, sem hann sagði frá, verið látin sitja fyrir, og það hefur verið haft samráð við sveitarstjórnir og verkalýðsfélög á öllu þessu svæði um þau mál, og það þótti rétt að gera um það skyndiathuganir og skyndiskýrslur fyrir Atvinnujöfnunarsjóð, þannig að sjóðurinn gæti þegar á þessu ári haft þær til hliðsjónar. En áður en verður farið, eins og ég segi, að afla lántökuheimilda í víðari merkingu til einstakra framkvæmda, sem þurfa þá að vera kerfisbundnar og miða við nokkurra ára bil, þarf auðvitað endanleg skýrsla frá Efnahagsstofnuninni að liggja fyrir um þá þætti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 399, n. 459 og 463, 460).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur hún ekki náð samstöðu um málið, þannig að við 4, sem stöndum að meiri hl. nál. á þskj. 463, leggjum til, að það verði samþ. óbreytt, en 3 aðrir hv. nm. hafa skilað séráliti og vilja samþ. frv. með mjög verulegum breytingum.

Ég vil aðeins leyfa mér að fara örfáum orðum um þessar brtt. og gera grein fyrir því, hvers vegna við, sem í meiri hl. erum, teljum okkur ekki geta samþ. þær. Áður en ég kem samt að þeim brtt., sem verulegu máli skipta, vildi ég aðeins minnast á brtt. við 3. gr. frv., en hv. minni hl. vill að falli niður orðin: „að bréfin verði undanþegin framtalsskyldu.“ Það má í fyrsta lagi á það benda, að slíkt mundi tvímælalaust torvelda mjög sölu bréfanna og þar með þá tekjuöflun, sem hér er gert ráð fyrir, og það þarf auðvitað ekki nánari skýringar við. Í öðru lagi vildi ég fyrir mitt leyti leyfa mér að minna á það, sem ég hef stundum áður drepið á, þegar till. þessa efnis hafa verið til meðferðar í hv. d., að ég tel, að það sé nokkuð út í bláinn að samþ., að um framtalsskyldu skuli vera að ræða, án þess að ákvæði séu þá um viðurlög við því, að þessi skuldabréf væru ekki talin fram. Mér er ekki kunnugt um það, að undantekning sé frá því, að það fer alltaf saman, að eignir og tekjur, sem ekki eru skattskyldar, eru heldur ekki framtalsskyldar, og ástæðan til þess, að svo er, er auðvitað sú, að ef það ætti að gera vissar eignir eða tekjur framtalsskyldar, án þess að þær væru skattskyldar, þyrfti auðvitað að setja einhver viðurlög við slíku. Ef fara á inn á þá braut, sem ég út af fyrir sig tek ekki sérstaklega afstöðu til, þá verður að hugsa þetta mál, áður en slíkt er samþ. En ég fjölyrði annars ekki um þetta.

Þá kem ég að þeim brtt., sem ég tel öllu meira máli skipta. Það virðist svo sem hv. stjórnarandstæðingar, sem að þessu nál. standa, hafi fundið gullnámu, sem hægt sé að ganga í til þess að sækja peninga, bæði þá peninga, sem þarf til þeirrar framkvæmdaáætlunar, sem hér er um að ræða, og til annars. Hver er þessi gullnáma? Það er auðvitað Seðlabankinn, eins og ég kem að. En mér dettur í hug í þessu sambandi, hvort hér muni vera um að ræða lausnina á þeirri getraun, sem annað höfuðmálgagn stjórnarandstöðunnar, dagblaðið Tíminn, hefur undanfarna mánuði skemmt lesendum sínum með með því að leggja fyrir þá, nefnilega í hverju „hin leiðin“, sem svo hefur verið nefnd, er fólgin, en e. t. v. er það í þessu, sem lausnina á þeirri gátu er að finna. Annars er það annarra heldur en mín að fella úrskurð í þessu efni. Það er Seðlabankinn, sem hv. stjórnarandstæðingar ætla skv. till. sínum að bera hér hita og þunga dagsins. Það á að leysa þann vanda, sem útboð skuldabréfanna e. t. v. að einhverju leyti geta skapað viðskiptabönkum og sparisjóðum, vegna þess að hluti af því fé, sem varið kann að vera til kaupa á þessum skuldabréfum, verður e. t. v. tekinn út úr þessum lánastofnunum, með því að afnema heimild Seðlabankans, sem notuð hefur verið að undanförnu, til þess að binda hluta af sparifjáraukningu banka, sparisjóða og innlánsstofnana. Í öðru lagi vilja hv. stjórnarand-

stæðingar ganga miklu lengra í því efni að ráðstafa greiðsluafgangi ársins 1966 til þess að standa straum af þeim framkvæmdum, sem skv. þessu frv. á að afla fjár til. Mér skilst við lauslega athugun, að þeir vilji bæta 120 millj., eða raunar nokkurn veginn því, sem heimildin nemur, við þær 53 millj., sem frv. gerir ráð fyrir, að teknar verði af greiðsluafgangi ársins 1966. Auðvitað þýðir þetta ekki annað en að peningarnir eru einnig sóttir í Seðlabankann. Hver á að vera allsherjarlausn þessara vandamála? Mér kemur nú í hug í þessu sambandi, að í sjálfu sér eru þessar till. í fullu samræmi við málflutning hv. stjórnarandstöðu, eins og hann hefur verið að undanförnu. Ég heyrði, að það voru fleiri en einn þeirra hv. stjórnarandstæðinga, sem í fyrrakvöld tóku þátt í eldhúsumr., sem héldu því fram, að ein af meginorsökum dýrtíðarvaxtanna væri sá mikli tekjuafgangur, sem hefði verið á fjárl. á s. l. ári. Nú á að vera þannig komið, að þessi greiðsluafgangur á fjárl. á að vera ein aðalorsök dýrtíðarinnar. Hér er um nýtt sjónarmið að ræða, sem okkur, hagfræðingunum a. m. k., kemur ákaflega einkennilega fyrir sjónir, og á það má minna í þessu sambandi, að ég man ekki betur en að um áramótin 1965—1966, þegar verið var að afgreiða fjárlög fyrir árið 1966 og fyrir lá, að verulegur greiðsluhalli hefði orðið bæði á árinu 1964 og einnig, þó að hann væri minni, á árinu 1965, þá teldu hv. framsóknarmenn, að þessi greiðsluhalli sýndi, að það væri orðið svo mikið öngþveiti í fjármálum, að þeir vildu alls ekki taka neinn þátt í því að afgreiða fjárlögin. Þeir fluttu aðeins eina brtt. við fjárlögin, en tóku að öðru leyti lítt eða ekki þátt í afgreiðslu þeirra. Þá átti það að vera hallinn, sem skapaði öngþveitið, nú á aðalorsök dýrtíðaraukningarinnar að vera sú, hvað það hafi verið mikill greiðsluafgangur á fjárlögum.

Ég nenni nú annars ekki, enda er ekki ástæða til þess, að vera að elta ólar við slíkt, en það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi að síðustu leyfa mér að gera örstutta athugasemd við. Í nál. hv. minni hluta er talað um það, að ekki sé meiri ástæða til þess að greiða, eins og það er orðað, óreiðuskuld við Seðlabankann heldur en aðrar óreiðuskuldir ríkissjóðs, sem þeir kalla því nafni. Ég get nú ekki annað séð en hér sé um algerlega ósambærilega hluti að ræða. Ég tel, að það sé fyllilega réttmætt að tala um yfirdráttarskuld ríkissjóðs á hlaupareikningi hans í Seðlabankanum sem óreiðuskuld. Hér er um lántöku að ræða, sem engin heimild er að jafnaði til fyrir hjá fjárveitingavaldinu. Annað mál er það, að til þessarar leiðar er gripið sem neyðarráðstöfunar, ef ekki hefur verið séð fyrir nægilegri tekjuöflun ríkissjóði til handa til þess að standa undir lögboðnum útgjöldum sínum, frekar heldur en að stofna til þess, að ríkissj. beinlínis kæmist í greiðsluþrot. Þessi leið er þá heldur valin, og það út af fyrir sig hefur ekki verið gagnrýnt. Hér er því vissulega með verulegum rétti hægt að tala um óreiðuskuld.

En allt öðru máli gegnir, eftir því sem ég veit bezt, um þær skuldir, sem hér eru gerðar að umtalsefni í nál. hv. minni hluta, þar sem talað er um framkvæmdir til vega, hafna, skóla, sjúkrahúsa o. s. frv. Mér kæmi það nú að vísu á óvart, ef um það væri að ræða, að ríkissj. hefði ekki staðið við lögmætar skuldbindingar sínar. Það væri þá einkennilegt, af þeir aðilar, sem slíka peninga ættu að fá, hefðust ekki á einhvern hátt handa til þess að leita réttar síns með málshöfðun á hendur ríkissj. eða öðru slíku. Ég veit a. m. k. ekki til annars en að við slíkar lögbundnar skuldbindingar ríkissj., þar sem fastar reglur gilda um, að honum beri að greiða til skóla, sjúkrahúsa o. s. frv., hafi verið staðið. Hitt er svo annað mál, að af tæknilegum og öðrum ástæðum má vera, að slíkar greiðslur séu stundum eitthvað á eftir. Og í öðru lagi getur ástæðan til þessa halla, sem hér er talað um, blátt áfram verið sú, að í sérstökum lögum er ríkissj. heimilað að greiða ákveðinn hluta af kostnaði við tilteknar framkvæmdir, en það að öðru leyti bundið því skilyrði, að fjárveiting sé fyrir hendi hverju sinni, þannig að þó að slíkar heimildir hafi ekki verið notaðar að fullu, vegna þess að fjárveiting hefur ekki verið fyrir hendi, þá finnst mér fráleitt að tala um það sem óreiðuskuld.

Annars veit ég, að hæstv. fjmrh., sem þessum málum er auðvitað kunnugri en ég í einstökum atriðum, mun gera frekari leiðréttingar að lokinni framsögu hv. minni hluta, ef hann telur sérstakt tilefni til. Í sjálfu sér væri ástæða til að segja margt frekar um þá fráleitu fjármálastefnu, sem lýsir sér í þeim till., sem hv. minni hluti hefur lagt hér fram, en ég læt þó staðar numið að sinni.

Herra forseti. Samkvæmt þessu leggur meiri hluti n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Við í minni hluta fjhn. gerum, eins og þegar er komið fram í umr. nokkrar brtt. við þetta frv. Ég hefði nú að mestu getað látið nægja að vísa til nál. okkar, ef ekki hefðu þegar komið fram andmæli gegn þessum till., sem ég hlýt að fara um nokkrum orðum.

Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að út séu gefin á þessu ári til sölu ríkisskuldabréf eða spariskírteini ríkissj. að upphæð 125 millj. kr. Í sambandi við fjáröflunaráætlun ríkisstj., sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir fyrir nokkrum dögum í Sþ., kom í ljós, að ríkisstj. ætlar sér að gera samninga um það við bankana að knýja bankana til þess að kaupa skuldabréf fyrir 10% sparifjáraukningarinnar, sem gert er ráð fyrir, að verði 70—80 millj. kr. — hæstv. fjmrh. mun hafa nefnt 70. Úr öðrum áttum hef ég heyrt aðeins hærri tölur nefndar, en það skiptir ekki verulegu máli hvort er. Þetta hyggst hæstv. ríkisstj. gera á sama

tíma og í gildi eru reglur um bindingu sparifjár í Seðlabanka Íslands, sem nemur 20—30% af sparifjáraukningu. Hér er þess vegna gert ráð fyrir því að taka mjög verulegan hluta af sparifjáraukningu inn í Seðlabankann, inn í skyldulán, sérstaklega þegar að því er gáð, að reynslan hefur verið sú undanfarin ár, þegar út hafa verið boðin þessi ríkisspariskírteini, sem hafa bæði verið með háum vöxtum og vísitölutryggð en ekki skattskyld, að það fé, sem til þeirra kaupa hefur farið, hefur komið að mestu úr sparisjóðum bankanna og úr öðrum innlánsstofnunum. Það er alkunna og þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að lýsa því, að viðskiptabankarnir eiga nú mjög í vök að verjast með að uppfylla það meginhlutverk sitt að skaffa atvinnuvegunum nauðsynlegt rekstrarfé til þess að halda framleiðslu sinni gangandi. Við teljum í minni hluta n., að ekki geti farið saman allt þetta þrennt, sem hér er gert ráð fyrir að gera. Og fyrsta brtt. okkar gerir þess vegna ráð fyrir því, að Seðlabankinn noti ekki á þessu ári heimild sína til sparifjárbindingar af sparifjáraukningu þessa árs.

Við teljum það óhjákvæmilega nauðsyn, að ekki sé gengið lengra í því en þegar er orðið að gera viðskiptabönkunum ókleift að halda framleiðsluatvinnuvegunum í sæmilega eðlilegum rekstri, því að það er alkunna, að rekstrarfjárskorturinn hefur leitt til sívaxandi óhagkvæmni í rekstri. Ýmis rekstrarfyrirtæki hafa orðið að fara ýmsar óæskilegar leiðir og gera ýmsar óæskilegar ráðstafanir af þessum ástæðum.

Önnur brtt. okkar lýtur svo að því, að það skuli vera skylt að telja þessi bréf fram eins og aðrar eignir manna, þó að við höfum ekki neitt við það að athuga, að þau séu ekki skattskyld, þ. e. a. s. að ekki sé greiddur af þeim eignarskattur.

Það kom fram hjá hv. frsm. meiri hlutans hér áðan, að hann hafði einkum tvennt við þetta að athuga, og var hvort tveggja atriði, sem við höfum heyrt áður í líku sambandi. Annað var það, að þetta mundi torvelda sölu bréfanna. Ég fæ ekki skilið, að þetta geti torveldað sölu bréfanna, nema þá af þeirri ástæðu, að um sé að ræða, að til kaupa á þessum bréfum yrði notað fé, sem skotið hefur verið undan tekjuskatti. Með því að gera bréfin ekki framtalsskyld, þá mundi þeim, sem hafa undir höndum fé, sem ekki hafa verið greiddir af skattar, vera gert auðveldara fyrir að koma því fyrir. Hæstv. fjmrh. hefur á undanförnum árum beitt sér nokkuð fyrir ýmsum virðingarverðum ráðstöfunum til þess að auka skatteftirlit í landinu, og mér virðist það ekki geta orkað tvímælis, að þeim mun fleiri möguleikar, sem eru skapaðir til þess að skjóta fé undan og koma fé fyrir, sem ekki hefur verið talið fram til skatts, þeim mun frekar hlýtur sú viðleitni að torveldast. Að því viljum við ekki eiga hlut. Við viljum styðja skynsamlega viðleitni í þá átt að efla skatteftirlit í landinu, en ekki brjóta það niður með ráðstöfunum af þessu tagi. Auk þess er það skoðun mín, að þau kjör, sem hafa verið á þessum bréfum — og ég geri ráð fyrir, að kjörin á þeim bréfum, sem nú verða boðin út, verði í einhverju samræmi við það, sem verið hefur, ekki kannske nákvæmlega þau sömu, um það skal ég ekki segja, en ég geri ráð fyrir, að þau verði eigi að síður hagstæð eins og verið hefur — séu þannig, að ég held ekki, að hv. frsm. þurfi að bera mjög mikinn kviðboga fyrir því, að þessi bréf seljist ekki. Ég man ekki betur en að það hafi verið frá því skýrt í blaðafregnum og við ýmis tækifæri, að þessi bréf, sem boðin hafa verið út á undanförnum árum, hafi runnið út á svipstundu, og það er í sjálfu sér heldur ekkert að undra, þó að sparifjáreigendur, sem orðið hafa fyrir barðinu á vaxandi verðbólgu árum saman, þiggi það að koma peningum sínum fyrir í bréfum, sem bera hvort tveggja í senn, nokkuð háa vexti og verðtryggingu.

Hitt atriðið, sem hv. frsm. meiri hlutans hafði við þetta að athuga, var það, að það þýddi ekki að hafa ákvæði um skyldur, nema jafnframt væru sett ákvæði um viðurlög við að uppfylla ekki þær skyldur. Við þetta er nú tvennt að athuga.

Í fyrsta lagi það, að skattstjórar eða skattyfirvöld hafa almennar heimildir til þess að áætla á menn, sem staðnir eru að röngum framtölum, og mér er ekki kunnugt um, að það sé neitt skilyrði fyrir slíku, að hið ranga framtal hafi raunverulega haft áhrif á skattgreiðsluna.

Í öðru lagi eru nú sem betur fer æði margir af þegnum þessa lands, sem enn, þrátt fyrir það síðferði, sem farið er að tíðkast hér í sívaxandi mæli, hafa þó þann hugsunarhátt, að þeir vilja uppfylla lög og reglur og gera það með glöðu geði.

Það er þess vegna enginn vafi á því, að reglur geta haft mikil áhrif til góðs, þó að ekki sé beinlínis beitt viðurlögum, þó að ekki séu beinlínis ákveðin viðurlög við að brjóta þær.

Nú, í þriðja lagi vildi ég svo í sambandi við þetta segja, að ég er reiðubúinn til þess, ef þessi mótbára ræður úrslitum um afstöðu hv. þm. til þessarar brtt., að ræða við hann um að gera við 3. umr. brtt. um það, sem við getum orðið ásáttir um, að væru hæfileg viðurlög við slíku broti.

Þriðja brtt. hjá okkur í minni hluta gerir ráð fyrir því að auka töluvert ráðstöfun á greiðsluafgangi ársins 1966. Hæstv. fjmrh. mun hafa látið svo um mælt, að greiðsluafganginum, sem hann hefur talið nema 474 millj. kr., sé að fullu ráðstafað með þeim 53 millj., sem 8. gr. þessa frv. felur í sér. Hann hefur gert grein fyrir þessu á þann hátt, að 140 millj. hafi nú verið ráðstafað til verðjöfnunarsjóðs fyrir frystiiðnaðinn og 30 millj. til landbúnaðarhagræðingarsjóðs og 3 millj. vegna kals og að 247 millj. verði ráðstafað til þess að greiða niður skuld í Seðlabanka Íslands, og svo að meðtöldum þessum 53 millj. kr. virðist mér, að þetta dæmi gangi upp, en þar að auki hefur hæstv. fjmrh. nefnt

20 millj. í sambandi við togara, ef ég man rétt.

Við í minni hlutanum erum þeirrar skoðunar, að fjárveitingavaldið, hv. Alþ., eigi að taka afstöðu til þess, hvernig greiðsluafganginum er ráðstafað, og það hefur það ekki gert nema að litlu leyti. Við erum enn fremur þeirrar skoðunar, að þá skuld í Seðlabankanum, sem stofnað var til með umframeyðslu áranna 1964 og 65, sé ekki eðlilegt að greiða með umframskattlagningu á einu ári. Við lítum svo á, að þar sem nú er búið að taka þetta fé af þjóðfélagsþegnunum, þá sé eðlilegt, að því verði ráðstafað á ýmsan hátt eða einhverjum hluta þess a. m. k. þeim til hagsbóta, einmitt til þess að greiða fyrir og jafna þann skakka, sem orðinn er á opinberum þjónustuframkvæmdum, m. a. vegna niðurskurðar þeirra á undanförnum árum.

Það er einnig á það að líta, að ríkissjóður skuldar fleirum en Seðlabankanum. Hv. frsm. meiri hluta fjhn. var sammála mér um það, að skuldin í Seðlabankanum væri óreiðuskuld, enda var orðalagið frá honum komið. Hann hafði notað það í fjhn., en hann var hins vegar ósammála mér um það, að skuldahalarnir vegna lögboðinna framlaga ríkisins til ýmissa verklegra framkvæmda væru óreiðuskuldir. Nú er það auðvitað álitamál, hvernig nota beri slíkt orðalag, og ekki skal ég út af fyrir sig fara að deila við hv. frsm. fjhn. um það, hvort þetta orð sé hentugt í þessu sambandi, en hitt er alveg ljóst, að ríkissjóður á eftir að greiða hlut sinn í opinberum framkvæmdum víðs vegar um land, sem þó er lögboðinn, og þetta kemur fyrst og fremst niður á sveitarfélögunum, sem ekki hafa verið ofhaldin í seinni tíð, því það eru ekki nema nokkrar vikur síðan teknar voru af þeim 20 millj., sem þau áttu rétt á skv. lögum til þess að hjálpa til að greiða verðbólgukostnað hjá útgerðinni.

Við teljum þess vegna eðlilegra, að það sé reynt að gera nokkur skil á báðum þessum vígstöðvum og leggjum því til, að tæplega helmingur af þeirri greiðslu, sem hæstv. fjmrh. hefur hugsað sér, að fari til Seðlabankans, fari til þessara þarfa. Hv. frsm. meiri hlutans kallaði þetta að taka fé úr Seðlabankanum. Þetta fé var tekið úr Seðlabankanum 1964 og 1965. Spurningin er um það núna, hvort eigi að greiða það allt aftur eða hluta þess, og spurningin er raunar fyrst og fremst um það, við hvaða aðila ríkissjóður á að meta meira að standa í skilum eða hvort gera á nokkur skil hjá báðum, og við teljum það eðlilegustu leiðina.

Í sambandi við þriðju brtt. vil ég aðeins geta þess, að við höfum hækkað framlagið til vegagerðar úr 27 millj., sem gert er ráð fyrir í frv., upp í 94. Okkur virðist eðlilegt, að þegar ríkissjóður hefur þó þann afgang, sem raun ber vitni á árinu 1966, þá sé ekki ástæða til annars en að standa við þau hátíðlegu loforð, sem gefin voru hér við samþykkt vegalaganna, um það, að ríkisframlag til vegagerðar skyldi ekki verða lægra en 47 millj. kr. á ári, en nú hefur verið látið undir höfuð leggjast að samþykkja þær 47 millj. í tvö ár, þ. e. fyrir árin 1966 og 1967, og þykir okkur eðlilegt, að það sé leiðrétt við þetta tækifæri. Á hinum tveim liðunum, sem í 8. gr. eru í frv., höfum við ekki gert breytingar, en höfum lagt til, að 50 millj. skiptist nokkuð á hafnir, skóla, sjúkrahús og til félagsheimila.

En síðasta brtt. okkar er nokkuð annars eðlis. Við leggjum til, að inn í frv. komi ný gr., sem felur í sér í stórum dráttum efnisatriði frv., sem við framsóknarm. í þessari d. lögðum fram í upphafi þings um framleiðnilánadeild við Framkvæmdasjóð Íslands. Við erum þeirrar skoðunar, að það sé mikil nauðsyn á því og jafnvel meiri nú en oftast áður að gera öflugar ráðstafanir til þess að auka framleiðni og hagræðingu í atvinnuvegunum. Vegna vaxandi innlends framleiðslukostnaðar hefur samkeppnisaðstaða allra innlendra framleiðsluatvinnuvega raskazt, svo sem öllum hv. þm. er kunnugt. Eina færa leiðin, sem þessi fyrirtæki hafa til þess að mæta búsifjum, sem af því leiða, er sú að auka tækni sína, auka vélvæðingu sína, auka sjálfvirkni og gera hverjar þær ráðstafanir bæði tæknilegar og skipulagslegar, sem geta leitt til minnkandi framleiðslukostnaðar. Við teljum, að það skorti mjög tilfinnanlega lánastarfsemi í þessu sérstaka augnamiði, og það hefur iðulega verið rökstutt af okkar hálfu, ég sé ekki ástæðu til að fara að þessu sinni mjög ítarlega út í það, það hefur hvað eftir annað komið fram hjá ýmsum samtökum atvinnuveganna, og bæði Iðnaðarmálastofnun Íslands og Búnaðarfélag Íslands hafa mælt með samþ. frv. okkar um þetta efni, sem legið hefur fyrir þessari hv. d. á þremur þingum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að sinni, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta, en legg til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem við leggjum til á þskj. 460.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú reyna að gefa ekki tilefni til sérstakrar lengingar þessara umr., en ég geri ekki ráð fyrir, að hv. 6. þm. Sunnl., frsm. minni hl. n., telji óeðlilegt, að ég segi nokkur orð varðandi þær brtt., sem minni hl. hefur hér flutt.

Varðandi 1. brtt. verð ég að segja það, að ég álít það mjög óeðlilegt, að Alþ. taki ákvarðanir um, hvort Seðlabankinn notar bindingu eða ekki bindingu. Seðlabankanum er fengið það vald að fylgjast með fjármálaástandi í landinu og ástandi bankakerfisins. Ef hann í þessu sambandi, sem hér er um að ræða varðandi útgáfu spariskírteina, telur, að mjög sé þrengt að viðskiptabankakerfinu miðað við efnahagsástand í landinu, þá vitanlega tekur hann sínar ákvarðanir í samræmi við það. Það er hans skylda, ef svo má segja, að halda um púlsinn á efnahagslífinu og íhuga það, hversu sá straumur á að vera ör, blóðrás þess á að vera ör, þannig að það valdi hvorki háþrýstingi eða lágþrýstingi, ef svo má segja, og ég

álit, að það væri mjög varhugavert, að Alþ. færi að grípa inn í þetta hlutverk bankans, sem vissulega er þýðingarmesta hlutverk hans og þarf að gerast af miklu meiri yfirsýn á ástandi hverju sinni heldur en mögulegt er að slá föstu hér á Alþ. í sambandi við samþykkt frv. sem þessa. Ég skal ekkert um það segja nema það reynist rétt að minnka eitthvað bindingu, en það verður að skoðast hverju sinni eftir því, hvernig þar um er háttað.

Varðandi framtalsskyldumálið get ég verið hv. 6 þm. Sunnl. sammála um það, að þessi ákvæði um framtalsfrelsi sparifjár og skuldabréfa almennt séð eru mjög hæpin og skapa vitanlega ýmsa erfiðleika við að halda uppi nægilega traustu skatteftirliti. Og þetta þarf að takast áreiðanlega til heildarathugunar, þó að ég vilji á þessu stigi ekkert fullyrða um það, hver niðurstaðan yrði við nánari athugun þess máls, en mér sýnist a. m. k. óhætt að segja, að það sé vafasamt, hversu heppilegt sé, að þessum ákvæðum sé haldið við. Við þekkjum hins vegar, að þetta hefur verið lögfest af þeim ástæðum — og það verður einnig að líta á þær ástæður vegna skattasjónarmiðsins — að með þessu móti verði stuðlað að aukinni sparifjársöfnun og fé haldið að bönkum, sem annars er hætt við, að yrði utan bankakerfisins og mundi alveg með sama hætti verða svikið undan skatti hvort sem væri, þannig að það hefur þótt af þessum ástæðum eðlilegt að hafa þessi ákvæði.

Ég tel, að þetta mál eigi að takast til heildarathugunar og það ráði ekki úrslitum um skatteftirlit, hvort ákveðið verður að hafa hér annan hátt á með þessi spariskírteini heldur en önnur, sem út hafa verið gefin. Það tel ég ekki heppilegt. Og varðandi það, að það séu þó alltaf ærið margir, sem hafi l. í heiðri, jafnvel þótt viðurlög séu ekki til, og muni telja þessi bréf fram, þá mundi ég nú ekki segja, að það væri kannske rétt að breyta þeim af þeim ástæðum, því að það er nú yfirleitt ekki fólkið, sem svíkur undan, sem telur þau fram, heldur hinir, sem reyna að nota hverja smugu til þess að komast undan. Þeir mundu auðvitað ekki telja þau fram, nema einhver viðurlög væru við því. Þetta er ekki stórmál út af fyrir sig, en varðandi þriðja atriðið, sem er ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs, veit ég, að okkur greinir hér mjög á um skoðun á því máli.

Hér er ekki um neina venjulega skuld að ræða við Seðlabankann. Hér er um það að ræða, að Seðlabankinn, þar sem ríkissjóður hefur sinn viðskiptareikning, hefur leyft ríkissjóði að yfirdraga, sem er auðvitað mjög óeðlilegt, að þurfi að gera á þenslutímum, reikning sinn um mjög verulegar fjárhæðir á undanförnum árum. Og slíkur yfirdráttarréttur — þó að það væri nú þolað — hefur sínar hættur og annmarka í för með sér. En ég held, að það hljóti að vera öllum mönnum ljóst, og má taka dæmi um það, ef menn yfirdraga sína viðskiptareikninga í banka, að bankinn muni ekki una því, að það sé byrjað á því að ávísa aftur og skapa nýjan stórfelldan yfirdrátt, heldur sé reynt að greiða upp það, sem fyrir er, og halda þessu innan eðlilegra marka. Með því að fara nú að ráðstafa greiðsluafgangi ríkissjóðs á s. l. ári umfram það, sem þessum yfirdrætti nemur, er þar auðvitað ekki um annað að ræða en það sé verið að dæla fé út úr Seðlabankanum á nýjan leik. Ég held, að það séu ekki hyggilegir búskaparhættir, og allra sízt eru þeir hyggilegir á þenslutímum, sem óneitanlega eru, og þegar menn eru að tala um það, sem ég efast ekkert um, að allir hafi áhuga á að vinna gegn verðbólgu, er þetta ráðstöfun, sem er tvímælalaust verðbólguvaldur, að grípa til þess að ráðstafa fé Seðlabankans með þessum hætti, þó að það sé hægt formlega að segja, að hér sé um ráðstöfun á greiðsluafgangi að ræða, sem er þó ekki til af þessari ástæðu. Við vitum það líka, að það hefur sína stóru þýðingu fyrir bankakerfið, fyrir lánamöguleika bankanna, hvernig hagur ríkissjóðs er, og má á það benda, sem hefur sína miklu þýðingu og kannske skapar skilning á því, hversu þýðingarmikið það er, að ríkissjóður hafi góða afkomu, að á s. l. ári var lánað úr Seðlabankanum til bankakerfisins um 200 millj. kr. meira heldur en öll sparifjáraukning bankakerfisins á því ári nam. Og vegna hinnar góðu afkomu ríkissjóðs var hægt að gera þetta án þess að grípa til gagnráðstafana af hálfu Seðlabankans, þannig að hefði ekki verið þessi fjármyndun frá hálfu ríkissjóðs og ríkisstofnana, hefði þetta hlotið að leiða til alvarlegrar verðbólgumyndunar og verðbólguaukningar, ef ekki hefði þá verið gripið til annarra ráðstafana. Hv. þm. sagði, að það væri ástæðulaust að borga þetta allt á einu ári. Það hefur verið bent á það hér og raunar með fullum rétti, að það sé teflt mjög tæpt með fjárhagsafkomu ríkissjóðs á árinu 1967, og sumir hv. stjórnarandstæðingar hafa spáð því, að það mundi jafnvel verða halli, sem nemi hundruðum millj. hjá ríkissjóði á þessu ári, vegna þess að áætlun um tekjur sé svo hátt spennt. Þetta kann allt vel að vera, og þá gefur það auga leið, að því meiri ástæða er til þess að greiða þessar lausaskuldir frá fyrri tíma og því alvarlegra, ef við færum nú á þessu stigi að dæla út til nýrra framkvæmda þessu fé úr Seðlabankanum. Það hefur enn fremur verið á það bent, sem er augljóst mál, að það mun ganga á gjaldeyrisvarasjóðinn á þessu ári og kannske mjög alvarlega, ef áframhaldandi verðfall verður á útflutningsframleiðslunni, þar eð ekki hefur verið gripið til þess ráðs á móti að draga úr kaupgetu innanlands, heldur hefur verðlagi verið haldið föstu með niðurgreiðslum, þannig að þar verði ekki um neina kjaraskerðingu að ræða. Þá hlýtur náttúrlega miðað við óbreyttan kaupmátt að verða sama kaupgeta hjá fólki og þá ganga á gjaldeyrisvarasjóði.

Varðandi síðustu till. er það vitanlega alveg rétt hjá hv. þm., að það er mikil nauðsyn nú í dag að koma við aukinni hagkvæmni í atvinnuvegunum, og möguleiki til þess að tryggja

lífskjörin liggur auðvitað í því, að hægt sé að framleiða með sem ódýrustum og hagkvæmustum hætti. Síðustu árin hefur verulega verið að gert í þessum efnum, bæði með beinum ráðstöfunum stjórnvalda í þágu iðnaðar og nú síðast landbúnaðar og enn fremur hefur fjármunamyndun í vélum og tækjum verið meiri síðustu tvö árin en nokkru sinni áður, ekki hvað síst í sambandi við hagræðingu, sem atvinnuvegirnir hafa beitt sér fyrir sjálfir. Ég álít, að þessi till. eigi þó ekki heima hér af þeirri ástæðu, að Framkvæmdasjóði Íslands er ætlað að hafa forgöngu um það að afla lánsfjár til atvinnuveganna, þ. e. a. s. til stofnlánasjóðs þeirra. Stofnlánasjóðirnir hafa allir því verkefni að gegna að lána til stofnframkvæmda, og gera það auðvitað í stórum stíl, eftir því sem fjármöguleikar þeirra leyfa. Það er vitanlega á valdi Framkvæmdasjóðsins og í samráði við þessa sjóði að ráðstafa fé til þeirra, sem ætlað væri til slíkrar framleiðniaukningar, án nokkurra nýrra lagaheimilda, og Framkvæmdasjóðurinn hlýtur að meta það, hvort hann getur aflað meira fjár en gert er ráð fyrir nú í sambandi við framkvæmdaáætlunina til þessara þarfa. Það þarf heldur enga ríkisábyrgð fyrir Framkvæmdasjóðinn, vegna þess að hann hefur ríkisábyrgð á öllum sínum lánum, enda er gert ráð fyrir því hér í brtt., að þetta fé yrði endurlánað til sérstaks sjóðs. Ég sé nú ekki, að það væri æskilegt, að það væri sérstök framleiðnilánadeild við Framkvæmdasjóðinn, heldur eigi þetta að vera á vegum lánastofnana atvinnuveganna sjálfra, sem hafa bezt skilyrði til þess að hafa yfirsýn yfir það og dæma um, hvað sé nauðsynlegast að gera á þessu sviði. Ég tel þess vegna, að allir möguleikar í þessa átt séu opnir og það með eðlilegri hætti heldur en þó að farið yrði að gera þá breytingu, sem hér um ræðir, og ákveða hér stórfellda lántöku, sem mér skilst nú einnig, að gæti óneitanlega haft áhrif á greiðslumöguleika bankanna, ef þetta lán yrði tekið á innlenda markaði með verðbréfasölu eða einhverju slíku, sem gert er jafnvel ráð fyrir í till., að kunni að verða. Ég get sem sagt ekki fallizt á þessa brtt. Ég get heldur ekki fallizt á, að það sé rétt, að um neinar óreiðuskuldir sé að ræða hjá ríkissjóði við þá aðila, sem hér er lagt til, að féð gangi til af greiðsluafgangi. Það hefur verið greitt lögum samkvæmt það, sem skylt er að greiða, bæði til skóla og sjúkrahúsa. Það er greitt skv. þeim l., sem þar um gilda. Framlögin til hafna hafa að vísu safnazt fyrir, en það er engin óreiðuskuld að því leyti til, að það er ekki skylt að greiða þetta nema eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárl. Það má segja, að væri æskilegt að geta varið meira fé til hafnargerðar. Ríkisstj. hefur að sínu leyti greitt fyrir því síðustu árin í framkvæmdaáætlun sinni, að til hafnanna væri aflað lánsfjár.

Að lokum vil ég svo vekja athygli á því að þær 8 millj., sem gert er ráð fyrir, að renni til félagsheimila, eru ekki innan ramma þess, sem hinar aðrar fjárveitingar eru, vegna þess að fé til félagsheimila er ekki veitt úr ríkissjóði, og það hvílir þar af leiðandi engin skylda á ríkissjóði að veita fé til félagsheimila. Það er vandamál út af fyrir sig, hvernig á að leysa þeirra fjárhagsmál. En ég held, að það þurfi nú að gera sér grein fyrir því heildarvandamáli, hvernig á að leysa þá fjárþörf, áður en gripið er til þeirra úrræða að fara að verja beinlínis fé úr ríkissjóði til þeirra þarfa, nema það sé þá jafnframt hugsunin að setja einhverjar ákveðnar reglur um framtíðarsamskipti ríkissjóðs og félagsheimilasjóðs að þessu leyti.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ég vil nú ekki gera neitt til að koma í veg fyrir það, að hægt sé að ljúka þessum fundi fyrir kl. 4.30, en mig langaði þó að segja örfá orð í tilefni af ræðu hæstv. fjmrh. Það er nú síður, þegar menn koma úr óvæntum áttum og taka vel undir brtt. manna, að þakka fyrir undirtektirnar. Nú hefur hæstv. fjmrh. mælt hér gegn öllum mínum brtt., en það liggur við, að ég hafi samt tilhneigingu til að þakka fyrir undirtektirnar, vegna þess að hann talaði svo hlýlega um þær. En nokkrar aths. langar mig þó til að gera.

Hæstv. fjmrh. sagði í upphafi síns máls, að Alþ. ætti ekki að ákveða það, hvort Seðlabankinn byndi fé eða ekki, til þess skorti Alþ. yfirsýn, sem Seðlabankinn ætti að hafa. Ég verð nú að láta í ljós undrun mína yfir slíkri yfirlýsingu, því að ég veit í fyrsta lagi ekki betur heldur en sú heimild, sem Seðlabankinn hefur til þessara hluta, sé frá Alþ. komin, og í öðru lagi er bara í þessu frv. einu gert ráð fyrir lántökum upp á 200 millj. kr. — ekki þessu frv. nema 125, en svo 75 í sambandi við lánsfjáröflunina — sem eru í eðli sínu teknar af viðskiptabönkunum með ákaflega svipuðum hætti og hafa í rauninni á ýmsan hátt ákaflega svipuð áhrif eins og sparifjárbindingin sjálf. Til þess að ákveða slíkar lántökur get ég ekki betur séð en það þurfi svona ósköp svipaða yfirsýn eins og til þess að ákveða það, hvort binding sparifjárins skuli fara fram eða ekki, og mér fannst þess vegna ekki verulegt hald í þessum ummælum hæstv. fjmrh., en það var mjög athyglisvert, að hann sagði það í sambandi við þetta atriði, að það kynni að reynast rétt að minnka sparifjárbindinguna, og ég hlýt að láta í ljós ánægju mína yfir því, að það skuli þó votta fyrir nokkrum skilningi á því. Mér þótti einnig vænt um það, að hæstv. fjmrh. tók heldur hlýlega undir till. okkar um það, að þessi bréf skyldu vera framtalsskyld, og taldi nauðsynlegt að láta fara fram heildarathugun á þeim reglum, sem settar hafa verið um að undanskilja svona bréf einnig framtalsskyldu. Hins vegar hjó ég eftir því, að hæstv. fjmrh. notaði nú í annað sinn orð, sem hann einnig notaði í vetur einu sinni. Hann talaði um framtalsfrelsi, og mér þykir vera farið að nota orðið frelsi í seinni tíð í ákaflega víðtækri merkingu og held, að menn ættu að

vanda sig meira með notkun þess orðs en gert hefur verið um hríð. Ég vildi nú bara skjóta því að hæstv. ráðh. svona í fullri vinsemd.

Í þriðja lagi ætlaði ég aðeins að nefna, að fjmrh. komst svo að orði um þennan yfirdrátt í Seðlabankanum: „og þótt það væri þolað, að stofnað hefði verið til þessa yfirdráttar.“ Þolað af hverjum? Seðlabankastjórn. Já, þetta hlýtur eins og í sambandi við fyrsta atriðið, sem ég nefndi, um hvort Alþ. ætti að skipta sér af sparifjárbindingunni, að vekja til umhugsunar um það, hverjir það eiginlega eru, sem eiga að stjórna efnahagsmálum þessarar þjóðar, þegar hæstv. fjmrh. talar svona. Ég veit ekki betur en gert sé ráð fyrir í Seðlabankalögunum, að það skuli Alþ. og ríkisstj. gera, og ég man ekki betur en þar sé Seðlabankanum sérstaklega tryggður réttur til þess að gera aths. við þær ráðstafanir, sem Alþ. og ríkisstj. gera í efnahagsmálum, til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, en hins vegar sé það auðvitað alveg skýrt, að það er Alþ. og ríkisstj., sem ákveða efnahagsmálastefnur í þessu landi.

Mér þykir nú út af fyrir sig vænt um það, að hæstv. fjmrh. vill alltaf sýna mikla gætni í fjármálum, og þó að við ramman reip hafi verið að draga hjá honum nú um sinn, kemur þessi vilji hans alltaf mjög vel fram, og ég kann vel að meta hann. Ég hef út af fyrir sig ekki neitt við þá skoðun hans að athuga, sem iðulega kemur fram, að það eigi að tryggja greiðsluafgang hjá ríkissjóði, og ég get meira að segja vel fallizt á þá skoðun, að slíkum greiðsluafgangi eigi ekki ævinlega að úthluta, heldur geti í ýmsum tilfellum verið eðlilegt að leggja hann fyrir. En þetta hefði hæstv. ríkisstj. átt að hugsa um svolitið fyrr, á árunum 1964—1965, og ekki nú á árinu 1967 að vilja taka alla þá umframskattlagningu, sem lögð var á þjóðfélagsþegnana á árinu 1966 til þess að leiðrétta þær syndir á einu bretti.

Það voru nokkur fleiri atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem ég hefði nú kannske haft gaman af að ræða við hann, en ég held, að ég láti samt máli mínu lokið í trausti þess, að það gefist e. t. v. önnur tækifæri til þess að ræða um þau atriði, sem voru nú líka sum hver smávægileg.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Ed., 14. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 460,1 felld með 11:9 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 460,2 felld með 11:8 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 460,3 felld með 11:8 atkv.
8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 460,4 felld með 10:8 atkv.
11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hef gert hér á Alþ. grein fyrir framkvæmdaáætluninni fyrir árið 1967 og mun því ekki ræða það mál frekar í sambandi við þetta frv. En frv. er um að fá lántökuheimildir samþykktar vegna þessarar framkvæmdaáætlunar. Ég get verið stuttorður um skýringar á einstökum liðum frv. Varðandi efnið í heild vísa ég til grg. minnar um framkvæmdaáætlunina, og til efnislegra útskýringa á frv. sjálfu vísa ég til grg. og þeirrar töflu, sem þar með fylgir varðandi skiptingu á því fé, sem leitað er heimildar til að taka, og hvernig því verði ráðstafað. Í fáum orðum sagt eru heimildir þær, sem beðið er um í þessu frv., 6 að tölu. Það er í fyrsta lagi heimild til þess að gefa út innanlands spariskírteinalán, 125 millj. kr., og er gerð grein fyrir því í 4. gr. frv., hvernig því fé eigi síðan að verja. Í öðru lagi er leitað heimildar til að taka lán, allt að 12.5 millj. kr. vegna framkvæmdar á Vestfjarðaáætlun, en þetta er 3. ár samgönguáætlunar Vestfjarða. Í þriðja lagi er leitað heimildar til að taka lán vegna flugmála, raforkumála og landshafna, sem eru til viðbótar þeim spariskírteinalánum, sem ætlunin er að veita til þessara framkvæmda. Í fjórða lagi er leitað eftir heimild til þess að ráðstafa greiðsluafgangi ársins 1966, 27 millj. kr. til vegagerðar, og hefur verið gerð grein fyrir skiptingu þess fjár í umr. hér á Alþ. um vegáætlun, og 26 millj. kr. samtals til bygginga við menntaskólana og viðbyggingar Landsspítalans, en þetta eru hvort tveggja framkvæmdir, sem eru kostaðar algerlega af ríkisfé og því eðlilegt að nota greiðsluafgang til þeirra framkvæmda, að svo miklu leyti sem hægt er að nota hann til framkvæmda á þessu ári.

Í fimmta lagi er beðið um heimild til þess að halda áfram kaupum fasteigna hér í miðbænum í framhaldi af því, sem Alþ. samþykkti með fjárlögum, en þá var frá því skýrt, hvaða eignir væri talið nauðsynlegt að kaupa, til þess að fengist það athafnasvæði, sem að var stefnt að fá hér í miðbænum. Efnislega lýsti Alþ.

samþykki sínu við þá stefnu þá, en það hefur tekizt samkomulag með þeim fyrirvara, að samþykki Alþ. fáist til að kaupa umræddar eignir, sem nefndar eru í 9. gr. frv., og er lagt til, að Alþ. veiti heimild sína til þess, að þessar eignir verði keyptar. Þá er í sjötta lagi leitað eftir heimild Alþ. til þess að kaupa hús á Laugarvatni vegna sameiginlegra afnota skólanna þar. Það eru mjög eindregin tilmæli frá forráðamönnum á Laugarvatni, að þetta hús verði keypt, og í bili er brýn nauðsyn að fá þarna húsnæði vegna mötuneytis starfsmanna, sem þar vinna að framkvæmdum, og eftir athugun þeirra aðila, sem hafa með þessi mál að gera, hafa þeir allir lagt til, að þessi ráðstöfun verði gerð. Hins vegar vantar heimild til slíkra fjárráðstafana, og er því leitað heimildar í þessu frv. um það efni. Í töflunum, sem með fylgja, er að finna nákvæma sundurliðun á því, hvernig fé þetta verður notað til hinna einstöku framkvæmda, en eins og hv. þdm. er kunnugt og ég gerði grein fyrir í framsöguræðu minni um framkvæmdaáætlun, er framkvæmdaáætluninni tvískipt. Annars vegar eru framkvæmdir á vegum ríkisins, og til þeirra er ætlað að afla fjár með þessu frv. Hins vegar er um fjáröflun til fjárfestingarlánasjóðanna að ræða, en lausn þess máls hefur verið falin Framkvæmdasjóði ríkisins.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 399, n. 575 og 592).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft mál þetta til meðferðar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 575, leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef ásamt tveim öðrum hv. þm. í þessari d. skilað sérstöku nál. um það frv. til l., sem hér er til umr., en ég hef ekki séð, að þessu nál. og þeim brtt., sem við vildum við frv. gera, hafi verið útbýtt enn þá, og ég verð að segja, að það er ekki þægilegt að þurfa að ræða málin, áður en skjölum hefur verið útbýtt. Ég skilaði þessu nál. og brtt. til skrifstofunnar fyrir hádegið í morgun og tel því ekki við mig að sakast í þessu efni. Ég mun þó, með því að mér skilst, að ákaflega mikið liggi á að ljúka þessu þinghaldi, freista þess að gera grein fyrir þeim aths., sem við höfum við frv. að gera, án þess að þessum skjölum hafi verið útbýtt og í trausti þess, að ekki geti liðið nema örstutt stund þar til það verður gert.

Hér er um að ræða sams konar frv. og oft áður hefur verið lagt fyrir hv. Alþ. nú á síðari árum, heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar, nú fyrir árið 1967. Efnið er í fyrsta lagi að bjóða út ríkisskuldabréf eða spariskírteini fyrir 125 millj. kr. Þessi spariskírteini eða ríkisskuldabréf eiga að vera verðtryggð, bæði vextir og afborganir, og þau eiga að vera undanþegin skattlagningu og framtalsskyldu á sama hátt og þau bréf, sem áður hafa verið seld. Í öðru lagi er fjallað um ráðstöfun á þessu lánsfé og endurgreiðslum áður útgefinna spariskírteina. Það eru samtals 185 millj. kr., sem ráðgert er, að spariskírteinasalan og endurgreiðslan geri, og því er skv. frv. ráðstafað til lánveitinga í ýmsa þarfa hluti, sem ég tel ástæðulaust að telja hér upp. Það má vitanlega endalaust um það deila, hvað eigi að ganga fyrir af opinberum framkvæmdum, sem þörf er á að gera, og við munum ekki gera neina brtt. um ráðstöfun þessa fjár. Auk þess er svo í frv. ákvæði um aðrar lántökur. Það er ákvæði um lán vegna flugvallargerðar á Vestfjörðum 12½ millj., vegna öryggistækja fyrir flugmálin 3.8 millj., til raforkumála 17.4 millj. og til landshafna 3 millj. En það er ekki ákveðið í þessu frv., hvar þessi lán eigi að taka. Þá er í fjórða lagi í frv. að finna mjög takmarkaða ráðstöfun á greiðsluafgangi ársins 1966. Í 8. gr. frv. er ráðstafað 53 millj. kr. af þeim 474 millj. kr., sem greiðsluafgangur ársins 1966 var. Þessum greiðsluafgangi er ráðgert að ráðstafa þannig, að 27 millj. fari til vegagerðar, 13 millj. til bygginga við menntaskólana og 13 millj. til viðbyggingar við Landsspítalann, og munu víst flestir telja, að ekki muni af því veita. Og í fimmta lagi er svo í þessu frv. minni háttar ákvæði um fasteignakaup ríkisstjórnarinnar, sem ég sé ekki ástæðu til að ræða neitt frekar.

Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl., gat fjhn. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv., og við 3 nm., þeir hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Austf. ásamt mér, skiluðum sérstöku nál. og brtt. á sérstöku þskj. — Þessar brtt. voru í 4 liðum. Fyrsta brtt. laut að fjáröflun ríkissjóðs úr bankakerfinu, og till. okkar var sú, að sparifjárbindingin, sem gilt hefur undanfarin ár, yrði ekki notuð á þessu ári. Rökin voru þau, að svo mikið væri tekið af bankakerfinu með öðrum ráðstöfunum, að tæpast væri hægt að halda því öllu uppi samtímis. Og það, sem við er átt í þessu sambandi, er sú lántaka eða sala spariskírteina, sem hér er fyrirhuguð upp á 125 millj. kr., sem jafngildir 15% af sparifjáraukningu bankanna á s. l. ári, og sparifjáraukningin það sem af er þessu ári gefur ekki vísbendingu um það, að aukningin á þessu ári verði meiri. Þvert á móti hefur hún orðið miklu minni það sem af er árinu heldur en á sama tíma í fyrra, þannig að 125 millj. kr. eru vafalaust hærri prósenta af sparifjáraukn-

ingunni á þessu ári, ef ekki eiga þá eftir að verða stórfelldar breytingar, heldur en þau 15%, sem ég nefndi. En sú sala, sem fram til þessa hefur farið fram á spariskírteinum eða ríkisskuldabréfum, hefur sýnt það, að fjármagnið, sem til kaupa á þeim gengur, kemur að langsamlega mestu leyti, að ég segi nú ekki öllu leyti, úr bönkum og sparisjóðum, þannig að hér er um beina skerðingu á ráðstöfunarfé banka og sparisjóða að ræða. Þessi bréf eru þannig úr garði gerð, að þau eru ákaflega auðseljanleg, eins og reynslan hefur sýnt. Þau eru vísitölutryggð. Þau hafa verið með allháum vöxtum, og þau eru hvorki skattskyld né framtalsskyld. Sem dæmi um það, hversu góð fjárfesting kaupin á ríkisskuldabréfunum eru, vil ég nefna, að verðtryggð spariskírteini, sem gefin voru út í nóvember 1964, 75 millj. kr., voru með 6% ársvöxtum fyrstu 5 árin, en meðalvextir allan lánstímann voru 7.2%. Auk þess voru þau vísitölutryggð miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, sem hefur komið þannig út, að þegar skírteinin voru gefin út, var vísitala byggingarkostnaðar 220 stig, en sú vísitala, sem við höfðum síðast, þ. e. vísitalan, sem gilti frá 1. nóvember 1966 til 1. marz 1967, er 298 stig. Þannig hefur hækkunin orðið á þessum bréfum frá því í nóvember 1964 til dagsins í dag 35.45%. Og það er sú verðbót, sem leggst á höfuðstól og vexti. Þetta eru elztu bréfin. Alveg sömu sögu er að segja um yngri bréfin. Einnig á þau hefur þessi mikla vísitala lagzt. Skírteini, sem voru gefin út í maí 1965, hafa hækkað þegar um 25.74%. Spariskírteini, sem voru gefin út í nóvember 1965, hafa hækkað um 11.61%, og þannig náttúrlega lækkar þessi álagsprósenta eftir því sem tíminn er styttri, frá því að bréfin voru seld. En til samanburðar á þessu, ef menn vilja bera það saman við hagræði hinna háu vaxta, sem bönkunum er leyft að greiða, mundu t. d. 1 þús. kr., sem staðið hefðu á hæstu vöxtum í banka, vera nú orðnar 1295 kr., en 1 þús. kr., sem keypt hefðu verið fyrir spariskírteini ríkissjóðs, mundu í dag vera orðnar 1614.50 kr., þannig að það er ekki nein furða, þó að þessi bréf seljist, með svo aðgengilegum kjörum sem þau eru boðin, og það þarf ekki neinum getum að því að leiða, að fólk, sem hefur laust sparifé, vill fremur verja því til kaupa á þessum bréfum heldur en geyma það í bönkum, þegar mismunurinn er svona stórvægilegur. Þess vegna hygg ég, að því verði ekki á móti mælt, að sala slíkra bréfa sé að langsamlega mestu leyti skerðing á ráðstöfunarfé bankanna og annarra peningastofnana.

Önnur ráðstöfun, sem uppi hefur verið höfð nokkur undanfarin ár, er sú, að hæstv. ríkisstj. eða nú stjórn Framkvæmdasjóðs, hefur gert um það samning við viðskiptabankana, að þeir skuli kaupa ríkisskuldabréf eða ríkistryggð skuldabréf fyrir 10% sparifjáraukningar. Einnig nú fyrir nokkrum dögum hefur verið gengið frá slíkum samningi fyrir árið 1967. 70 millj. kr. af þessu fjármagni munu eiga að ganga til framkvæmdaáætlunarinnar, en 10 millj. til þess að bæta upp þann skakka, sem varð á áætlaðri sparifjáraukningu ársins 1966. Skiptir það í sjálfu sér engu máli fyrir bankana, hvernig því er varið. Auk þess er svo enn í gildi, eins og kunnugt er, sparifjárbindingin, hin almenna binding sparifjár í Seðlabankanum, 20—30%. Þegar þetta allt er lagt saman, sést, að rúmlega 50% af öllu nýju sparifé, sem kemur í þessar stofnanir, er af þeim tekið, er ráðstafað af öðrum. Það er vaxandi tilhneiging til þess að safna fjármagninu sem mest á eina hendi og verksvið stjórnenda bankanna, sem þó er lögð sú ábyrgð á herðar að útdeila lánsfé og til þess treyst, þeirra verksvið er þrengt meira og meira. Enda þarf ekki lengi að leita að árangrinum af þessari skerðingu. Ástandið í bönkunum ber því ljósast vitni. Biðraðirnar fyrir utan bankana og inni á stigagöngum þeirra hafa að ég held aldrei verið lengri en núna og eftirspurnin eftir lánsfé aldrei meiri og geta viðskiptabankanna — kannske of mikið að segja aldrei minni — en ákaflega lítil til þess að veita þessu fólki úrlausn. Það er skoðun okkar, sem stöndum að áliti minni hl., að það sé ekki hægt að gera þetta allt í senn, selja spariskírteinin fyrir ca. 15% af aukningunni, semja um 10% af aukningunni við bankana og taka af þeim 20—30% og láta þá aðeins hafa það, sem eftir er, til þess að sinna sívaxandi rekstrarfjár- og fjárfestingarþörfum viðskiptafyrirtækja sinna.

Önnur brtt., sem við flytjum, lýtur að því, að skylt skuli vera að telja þessi skuldabréf fram, eins og aðrar eignir. En það hefur mjög farið í vöxt undanfarið, að Alþ. ákveði það með l., að tiltekin skuldabréf þurfi ekki að telja fram. Það má segja, að það sé eðlilegt, að spariskírteinin, sem ríkissjóður selur, séu skattfrjáls á sama hátt og sparifé í bönkunum er skattfrjálst, þegar vissum skilyrðum er fullnægt. En það er algerlega óeðlilegt að okkar dómi, að ekki skuli vera skylda að telja þessar eignir fram, og ef við meinum eitthvað með því, hv. alþm., sem gert hefur verið undanfarin ár, að setja harðari ákvæði um skattaeftirlit, þá eigum við ekki á sama tíma að vera að opna leiðir fyrir þá, sem ekki hafa talið rétt fram, til þess að skjóta undan fjármunum. Þetta er svo augljóst, að ég held, að ekki þurfi að eyða mörgum orðum að rökstuðningi þess. En þrátt fyrir það, að þetta er augljóst, og þrátt fyrir það, að enginn efast um góðan vilja hæstv. fjmrh. til þess að bæta ástandið í skattamálunum, hefur hann aldrei fengizt til að breyta þessum ákvæðum og heldur ekki sinnt þeim till., sem bornar hafa verið fram um það að skrá skírteinin á nafn, sem stundum hefur þó verið freistað, eftir að hin önnur till. um framtalsskylduna hefur verið felld.

Þegar þetta atriði var rætt í hv. Ed., skilst mér, að komið hafi fram tvær mótbárur við því að skrá spariskírteinin eða gera þau framtalsskyld. Annars vegar sú, að framtalsskyldan torveldaði sölu þessara bréfa. Ég vísa þeirri mótbáru algerlega frá, vegna þess að í fyrsta

lagi tel ég, að þau kjör, sem boðin eru á bréfunum, séu góð, að ekki þurfi að efast um að bréfin seljist, og ég gerði grein fyrir þeim áðan, hvernig þau eru, og ætla ekki að endurtaka það. Hin mótbáran var sú, að talið var þýðingarlaust að hafa framtalsskyldu án þess að hafa þá í l. jafnframt viðurlög við því að sinna ekki þeirri framtalsskyldu. Ég verð nú að segja það í fyrsta lagi, að ég tel þessa mótbáru heldur veigalitla, vegna þess að sem betur fer, þrátt fyrir vaxandi, ja, hvað á ég að segja, óreglusemi í meðferð fjármuna og umgengni við þá, er þó sem betur fer allur þorri manna það löghlýðinn, að hann mundi telja sér skylt að hlíta því ákvæði, sem í l. væri í þessu efni. Í öðru lagi er hægurinn hjá fyrir þá, sem ekki bera þá þetta traust til ráðvendni almennings, sem ég geri, að skjóta inn í l. viðurlögum við því, ef framtalsskyldan er brotin, svoleiðis að ég tel, að báðar þessar mótbárur séu haldlitlar, einskis virði mundi ég vilja segja, og ég vænti þess, satt að segja, að í þetta sinn verði skilningurinn á nauðsyn þess að tryggja framtal þessara bréfa ofan á í þessari hv. þd.

Þriðja brtt. okkar gerir svo ráð fyrir því að auka talsvert ráðstöfun Alþ. á greiðsluafgangnum 1966. Ég minntist á það áðan, að skv. skýrslu hæstv. fjmrh. nam þessi greiðsluafgangur 474 millj. kr. Hæstv. fjmrh. telur, að þessum greiðsluafgangi sé nú fullráðstafað með þeim 53 millj. kr., sem þetta frv. fjallar um. Þar er ég á annarri skoðun. Ég hef ekki orðið þess var, að Alþ. hafi ráðstafað þessum greiðsluafgangi í nándar nærri svo ríkum mæli. Ég skal ekki fullyrða, að ég hafi tæmandi upplýsingar um allar þær ráðstafanir, sem hv. Alþ. hefur gert á greiðsluafgangnum, en skv. þeim upplýsingum, sem ég veit réttastar, hefur verið ráðstafað, sem hér segir: 140 millj. kr. til verðjöfnunarsjóðs fyrir fiskiðnaðinn, 30 millj. kr. til hagræðingarsjóðs landbúnaðarins, 3 millj. til ráðstafana vegna kals í túnum og svo nú 53 millj. kr. hér skv. þessu frv. Við leggjum til, að nokkuð lengra sé gengið í því að ráðstafa greiðsluafgangnum af Alþ., því að það teljum við réttan aðila til að ráðstafa þessum tekjum ríkissjóðs eins og öðrum og höfum þess vegn gert till. um það í nokkrum liðum að auka ráðstöfun hans og þá einkum til þess að greiða ógoldin ríkisframlög til hafna, skóla, félagsheimilasjóðs og e. t. v. í fleiri staði, auk þess sem við viljum nota tækifærið, þegar þessi góða afkoma er hjá ríkissjóði, til þess að standa við það loforð, sem gefið var um greiðslu vegafjár og ekki hefur verið staðið við, eins og kunnugt er. Þetta þýðir það, að minna verður greitt af yfirdráttarskuld ríkissjóðs hjá Seðlabankanum en gert er ráð fyrir skv. till. hæstv. fjmrh. Munar þar eitthvað um 130 millj. kr., og um það bil helmingur af þeirri yfirdráttarskuld verður yfirfærður til næsta árs. Ég sé ekki, að það sé neitt við það að athuga. Þegar ekki er hægt að gera upp við alla, er það algeng regla að reyna að gera öllum einhver skil, og það er sú framkvæmd, sem hér er stungið upp á.

Ég lofaði því að tala stutt fyrir þessum brtt. Ég skal reyna að standa við það, og ég á aðeins eina eftir. Sú till. er um lántöku, nýja lántöku til framleiðnisjóðs. Eins og ég sagði áðan, hef ég ekki þessi þskj. og verð að flytja þetta eftir minni. Ég bið afsökunar á því, ef það er eitthvað stirðara heldur en annars mundi vera, en það er ekki við mig einan að sakast um það. Þessi 4. brtt. fjallar sem sagt um það, að ríkissjóði verði heimilað að ábyrgjast 200 millj. kr. lántöku, sem Framkvæmdasjóður taki til þess að stofna sérstaka framleiðnilánadeild. Þessi till. er í samræmi við frv., sem flutt hefur verið hér á nokkrum þingum án þess að fá afgreiðslu. Það var t. d. flutt á þessu þingi sem 21. mál á þskj. 21, en hefur ekki fengið fullnaðarafgreiðslu. Minni hl. hv. fjhn. Ed. hefur skilað áliti, en meiri hl. ekki. En hér er um það að ræða, eins og áður sagði, að stofna nýja framleiðnideild við Framkvæmdasjóð. Við teljum mikla nauðsyn á því og jafnvel meiri nú en oft áður að gera öflugar ráðstafanir til þess að auka framleiðnina og hagræðinguna í atvinnuvegunum.

Vegna vaxandi framleiðslukostnaðar hefur samkeppnisaðstaða atvinnuveganna versnað, og vegna fjárskorts eru ýmis fyrirtæki alveg vafalaust rekin með óhagkvæmara hætti en vera þyrfti, ef aðgangur væri að hæfilegu lánsfé til þess að bæta framleiðni þeirra og afkastagetu. Ég veit nú, að það eru allir sammála um það, sem þessi till. fjallar um, og tel ekki þörf á að rökstyðja hana í löngu máli. Menn kann að greina á um leiðirnir til þess að ná þessu marki, og eftir því sem fram kom í hv. Ed. er nú sýnt, að hæstv. fjmrh. er ekki inni á þessari leið til að ná þessu marki, enda þótt hann eftir því, sem mér hefur skilizt, tæki undir nauðsyn þess, að eitthvað yrði gert í málinu. En við viljum freista þess nú í lok þingsins að fá nokkurn hluta fram af því stóra máli, sem það frv., sem ég áðan gat um, fjallar um, því að hér er ekki nema um örlítinn hluta af efni þess frv. að ræða.

Ég skal svo, herra forseti, láta máli mínu lokið.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna lítillar brtt., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. 4. þm. Sunnl. Brtt. er um það, að við 8. gr. bætist „6 millj. kr. til greiðslu ríkisframlags vegna vatnsveitna".

Eins og kunnugt er, er mjög víða í landinu verið að eiga við vatnsveituframkvæmdir, og á Suðurlandi eru a. m. k. 5 sveitarfélög í slíkum framkvæmdum, og hafa forsvarsmenn þessara sveitarfélaga mjög komið að máli við okkur þm. Sunnl. um það að reyna að leysa að einhverju leyti með þeim fjárhagsvandræði, sem þeir eru í vegna þessara framkvæmda. Það er nú hin stóra vatnsveituframkvæmd þeirra í Vestmannaeyjum. Á Stokkseyri eru þeir

að leggja vatnsveitu um þorpið hjá sér. Sömuleiðis eru Eyrbekkingar að hefja slíkar framkvæmdir fyrir sig. Í Þykkvabænum er þessum framkvæmdum sennilega að verða lokið, og í Austur-Landeyjum mun vera fyrirhugað að ráðast í slíkt fyrirtæki nú á næstunni. Þetta er það, sem ég veit um á Suðurlandi, en ég hygg, að svona sé þetta víðar um landið, að það sé mikil þörf fyrir vatnsveitur, en styrkur sá, sem skv. l. kemur nú til þessara framkvæmda, er bæði lítill og dregst að fá hann, og það væri mikil nauðsyn, að einhvern veginn yrði útvegað fé til að styðja þessar framkvæmdir með lánum, og því er þessi till. fram borin. Vænti ég þess, að hún fái góðar undirtektir hér hjá hv. alþm.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Í 6. gr. þessa frv. segir: Ríkisstj. er heimilt að taka lán allt að 12½ millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerðar á Vestfjörðum. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hvaða vegagerðir eru þetta? Eru þetta vegir, sem eru á vegáætlun núna með fjárveitingar eða er þetta eitthvað nýtt? Og að hve miklu leyti eru þessar 12½ millj. kr. til vega og að hve miklu leyti til flugvalla? Það er ekki nefnd nein Vestfjarðaáætlun í þessari gr., sem ekki er nú kannske von, því að ég hef grun um, að hún sé ekki til enn, þessi Vestfjarðaáætlun. Hún hefur aldrei verið birt Alþ., og fyrir ekki löngu síðan frétti ég, að hún mundi ekki vera tilbúin enn. Það er því viðkunnanlegra að fá vitneskju um það, fyrst þessa heimild á að veita, hvort hér er um einhverjar nýjar vegaframkvæmdir að ræða bara til að fullnægja fjárveitingum á vegáætlunum, sem áður er búið að ákveða fyrir tveimur árum. Og eins hitt, til hvaða flugvalla á þetta fé að fara og hve mikið til hvers fyrir sig, flugvalla og vega? Ég býst fastlega við, að þetta liggi alveg á borðinu hjá hæstv. ráðh. og hann geti svarað þessu mjög fljótt og auðveldlega. Ég vildi gjarnan fá einhverja vitneskju um það í leiðinni, ef það væri hægt, hvort þessi svokallaða Vestfjarðaáætlun muni vera til nú eða hvort hún muni verða til t. d. á næsta kjörtímabili eða hvenær það verði. En að verða til, þar á ég við að hún sé birt þm., en sé ekki eitthvert einkaplagg í stjórnarráðinu.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég geri nú ráð fyrir því kannske, að hv. 3. þm. Vestf. afsaki það, þó að ég hafi ekki í höfðinu allar tölur sundurliðaðar, ekki einu sinni í sambandi við Vestfjarðaáætlun, en ég hélt hins vegar, að hv. þm. væri það kunnugt — þetta er þriðja árið, sem tekið er fé að láni hjá Viðreisnarsjóðnum í sambandi við samgöngumál Vestfjarða, og það er ákveðið að úthluta því með nákvæmlega sama hætti, þessu fé, eins og áður hefur verið gert. Það er ekkert launungarmál, hvernig það er gert. Varðandi vegina er þetta inni í lántökukafla vegáætlunar, og það hefur verið reiknað með því, að það yrði unnið í samræmi við vegáætlun að þessum vegum og hins vegar gengið út frá því, að þetta lánsfé yrði til ráðstöfunar þennan tiltekna árafjölda frá Viðreisnarsjóðnum. Og það er ósköp auðvelt fyrir hv. þm. að fá upplýsingar um það, hvernig það skiptist á einstaka vegi. Um flugvellina er það að segja líka að þetta er ákveðið hvert ár á framkvæmdaáætlun flugvallagerða. Ég veit ekki, hvort er nákvæmlega búið að deila því niður í ár eða ekki, en það er auðvelt fyrir hv. þm. að fylgjast með því, og vegáætlun Vestfjarða er vissulega raunveruleiki, þannig að enda þótt ég ætli ekki að fara að nota tímann hér til þess að ræða um framkvæmdaáætlun almennt, er það margrætt mál og öllum hv. þm. vitanlegt, ekki síst væntanlega hv. þm. Vestfjarða, að varðandi framkvæmdaáætlun Vestfjarða hefur vegáætlunin verið framkvæmd á þennan hátt og eftir ákveðnum till. með aðstoð Viðreisnarsjóðsins að þessu leyti og svo þeim fjárveitingum, sem fyrir hendi hafa verið hverju sinni frá Alþ. eftir öðrum leiðum að öðru leyti. Framkvæmdaáætlun Vestfjarða sem heildarmál. Að því hefur verið unnið, og það hefur verið upplýst hér, held ég, oftar en einu sinni í Alþ., að það liggur fyrir viss rammaáætlun, sem þarf að fylla út í varðandi atvinnuvegina á Vestfjörðum og félags- og menningarmál. Því er ekki enn lokið. Samgönguáætlunargerðinni hefur verið lokið, og ég hygg, að það hafi sézt mörg merki þess, að unnið hafi verið að þeim málum með jákvæðum árangri.

Ég ætla ekki að fara að orðlengja mikið út af ræðu hv. 11. þm. Reykv., sem flutti hér hógværa ræðu eins og hans var von og vísa. En það liggur auðvitað í augum uppi, að hvað sem við álítum um fjárhagserfiðleika í þjóðfélaginu almennt, verður eins og hann sagði auðvitað að velja og hafna, og ég hef ekki heyrt enn þá neina gagnrýni á því, að það sé nauðsynlegt að vinna að öllum þeim opinberu framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir í þessari framkvæmdaáætlun, og meira að segja hafa menn talið, að þar væri fremur of skammt gengið heldur en hitt, og það er í rauninni sama, hvaða leið er valin til fjáröflunar í þessu skyni, hún hlýtur að koma einhvers staðar við menn. Það er alveg rétt, að sala spariskírteina hefur áhrif á bankakerfið að töluverðu leyti. Þó er ástæða til að halda, að nokkuð af spariskírteinum hafi alltaf selzt og þar hafi verið um aukinn sparnað að ræða einmitt vegna þess, hve þarna er um góð kjör að ræða, þannig að fólk, sem ekki hefur kært sig um að taka þá lægri vexti, sem hv. þm. upplýsti réttilega, að bankarnir hafi möguleika til að greiða, hafi aukið sparnað sinn með því að kaupa þessi skírteini, sem nú hafa verið verðtryggð. En staðreynd málsins er sú, að ef við viljum vinna að þessum framkvæmdum — það er sjónarmið út af fyrir sig að segja, að við eigum að fresta þeim — verður aldrei komizt fram hjá því, að sparnaðurinn verður skertur að þessu leyti, hvort sem við veljum spariskírteinaleiðina eða lántökuleiðina, að svo miklu leyti sem við förum þá ekki

yfir í erlend lán, og það vitanlega, hygg ég nú, að allir hv. þdm. séu mér sammála um, verður að gerast með hófi og verður nú fyrst og fremst að miðast þá við eflingu útflutningsframleiðslunnar. En að öðru leyti, hvort sem farin er skattálagningarleið, spariskírteinaleið eða tekið af bundnu fé, hefur þetta í rauninni allt sömu áhrif, að þessir peningar verða ekki notaðir til annarra þarfa, þannig að hér er deilt um keisarans skegg, ef svo má segja, hvaða úrræði eru fengin, nema menn því aðeins vilji segja, að við eigum ekki að gera þetta, jafnvel þótt við notum af greiðsluafgangi, þá yrði þar um að ræða takmörkun á fjármagni eftir öðrum leiðum, sem yrðu til úthlutunar. Það veit ég, að hv. þm., sem er bankastjóri og þaulkunnugur fjármálakerfinu, er mér sammála um.

Ég get svo ekki stillt mig um að segja það að lokum varðandi till. um hina stóru lántöku í framleiðnisjóðinn, að þótt ég sé honum alveg sammála um, að það sé æskilegt að vinna að framleiðnimálunum, og það hefur verið gert með ýmsum hætti, þá er ég ósköp hræddur um, að þar yrði einnig um að ræða skerðingu á ráðstöfunarfé bankakerfisins, því að naumast er það hugmynd flm., að slíkt fé ætti alltaf að takast með erlendu láni, enda er ég nú ekki viss um, að slíkt lán fengist, þannig að við sjáum bara á þessari hugmynd, að þarna er um gott og þarft mál að ræða út af fyrir sig. Við verðum þarna eins og annars staðar að velja á milli, hvað við eigum að ganga langt til þess að ráðstafa því fé, sem við höfum til ráðstöfunar hverju sinni, og getum auðvitað ekki ráðstafað sömu krónunni nema einu sinni. Ég vildi svo aðeins vekja athygli á því varðandi framleiðnisjóðinn, að ég tel, að að öðru leyti sé það mál, sem ekki eigi að blanda saman við þetta frv., sem við erum með hér, lántöku vegna framkvæmdaáætlunar. Þetta er allt annars eðlis og auk þess, eftir að framkvæmdasjóður ríkisins er tekinn til starfa, er það á hans valdi innan þess ramma, sem hann telur mögulegt að afla fjár, að afla fjár til stofnsjóða atvinnuveganna, og ég mundi nú álíta, að heppilegast væri, að hann hefði í sínum höndum framleiðniaukningarmál hverrar atvinnugreinar fyrir sig.

Ég ætla svo ekki, herra forseti, að lengja þessar umr. meira, þó að vitanlega hefði verið hægt að ræða um mörg atriði, en læt þetta nægja.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skil svör hæstv. ráðh. á þá leið, að þessi upphæð hvað snertir vegagerð sé í samræmi við það, sem stendur í vegáætlun. En þar af leiðandi er hér ekki farið eftir neinni sérstakri Vestfjarðaáætlun um vegi og flugvelli, heldur er þetta skv. vegáætluninni, sem nú er í gildi og búin er að vera í gildi í meira en tvö ár. Og það er rétt, að það eru 12½ millj. kr. fjárveitingar af lánsfé til vega á Vestfjörðum á þessu ári í vegáætlun. En hvað er þá til flugvalla? 12½ millj. er í þessari gr. 12½ millj. er í gildandi vegáætlun til vega á Vestfjörðum af lánsfé. Hvað er þá til flugvalla, eins og stendur í þessari gr.? Ég sé það ekki.

Hæstv. ráðh. talar um, að hún sé ekkert launungarmál, þessi framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði. Hún er launungarmál fyrir mér. Ekki hef ég séð hana. Hvaða þm. hafa séð hana? Vegáætlun er ekkert launungarmál, það veit ég. En Vestfjarðaáætlun, ef hún er til, þá er hún a. m. k. launungarmál fyrir þm. Ég held, að það sé alveg áreiðanlegt — enda var hæstv. ráðh. að impra á því — að það er eftir að fylla út í hana, og það er það, sem ég var einmitt að tala um, að það muni kannske taka eitthvað fram eftir næsta kjörtímabili að fylla út í hana að óbreyttum ástæðum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða almennt um það frv., sem hér liggur fyrir um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967. Þau fáu orð, sem ég segi hér, eru sögð eingöngu í tilefni af orðaskiptum hv. 3. þm. Vestf. og hæstv. fjmrh., um Vestfjarðaáætlun. Hv. 3. þm. Vestf. spurðist fyrir um þessa áætlun, hvort henni mundi verða lokið og hvort hún mundi verða birt eða hvenær. Hæstv. fjmrh. svaraði því, ef ég tók rétt eftir, að búið væri að gera það, sem hann nefndi rammaáætlun um Vestfirði, eftir væri að fylla út í rammann, a. m. k. að verulegu leyti, og nefndi sem dæmi um það, sem ætti að koma í rammann, þegar hann væri útfylltur, atvinnumál og menningarmál. Nú er það að vísu svo, að það sýndist nú vanta æðimikið í rammann, ef t. d. atvinnumálin vantar, og einnig allmikið, þar sem eru menningarmálin. Og ég vildi í framhaldi af þessu leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvenær vænta mætti, að þessari Vestfjarðaáætlun yrði lokið og hún birt. Ég er ekki að spyrja að þessu vegna þess, að ég hafi sérstaklega með höndum öðrum fremur að gæta hagsmuna Vestfjarða, það hafa þeir fyrst og fremst, þm. þess landshluta. En ég spyr vegna þess, að eins og kunnugt er, hefur verið skýrt frá því, að unnið hafi verið undanfarin ár að Norðurlandsáætlun. Í grg., sem mér hefur borizt í dag eins og fleiri þm. Norðurlandskjördæmanna að ég ætla, er skýrt frá því, að nú sé verið að vinna að þeirri áætlun í Efnahagsstofnuninni, en þegar þeirri athugun, sem nú stendur yfir, sé lokið, sé það ætlun Efnahagsstofnunarinnar, að skýrsla hennar verði rædd við fulltrúa sveitarstjórna og verkalýðssamtaka á Norðurlandi. Um það er auðvitað ekki nema gott að segja og sjálfsagt, að málin séu rædd við þessa aðila og ef til vill fleiri, en ég tel, að það væri mjög mikils virði fyrir slíka umræðufundi, sem haldnir kynnu að verða á Norðurlandi með fulltrúum Efnahagsstofnunarinnar og sveitarstjórnum og verkalýðsfélögum, að Vestfjarðaáætlun-

in lægi þá fyrir opinberlega, þannig að hægt væri að hafa nokkra hliðsjón af henni við þær umræður, en fram fara væntanlega á sínum tíma og að mér hefur nú skilizt á næsta sumri. Þess vegna vildi ég endurtaka þetta, að ég vil spyrja um það í tilefni þessarar umr., sem fram hafa farið, hvort þess megi vænta, að Vestfjarðaáætlunin verði tilbúin og kunngerð, áður heldur en þessir boðuðu umræðufundir fara fram á Norðurlandi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Í frv. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna framkvæmdaáætlunarinnar árið 1967 er 6. gr. á þá lund, að ríkisstj. sé heimilað að taka lán allt að 12½ millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerðar á Vestfjörðum. Sennilega er það í tilefni af þessu, sem Vestfjarðaáætlun svokölluð hefur dregizt inn í þessar umræður.

Vestfjarðaáætlunin hefur áður dregizt inn í umr. hér á hv. Alþ., og í skýrslum ríkisstj. hefur hún stundum verið nefnd og þá ekki verið annað að heyra en að hún væri fullgerð og eiginlega að mestu leyti komin til framkvæmda, og mætti a. m. k. ætla, ef hún er fullgerð og verið að framkvæma hana, að hún væri a. m. k. kunnug í heild og í einstökum atriðum þm. Vestfjarðakjördæmis. En það hefur gerzt nokkrum sinnum, þegar þessi áætlun hefur borizt í tal hér á Alþ., að ég hef gengið mig upp í Efnahagsstofnunina og óskað eftir sem Vestfjarðaþm. að fá áætlunina í hendur. En alltaf hefur það farið svo, að ég hef farið áætlunarlaus til baka og með þær upplýsingar, að áætlunin væri ekki til og hana væri ekki hægt að afhenda. Einu sinni man ég það, að mér var sagt, að það væru að vísu til drög að samgöngumálaþætti hennar á norsku, en það er ekki búið að þýða þann kafla enn þá — á norsku, já, á norsku. Ég sagðist kunna dálítið í norsku og mér mundi notast þessi kafli, ef ég fengi hann óþýddan. En þá bar að því, að það var ekki talið ráðlegt að gera það að sinni, en það skyldi athugað síðar.

Nú í des., rétt fyrir jólafrí þingsins, barst Vestfjarðaáætlunin í tal hér á þingfundi. Ég held, að það hafi bara verið af tilefni hæstv. fjmrh. í sambandi við fjárlög eða einhverja skýrslu, sem hann gaf þinginu, og hann talaði um Vestfjarðaáætlunina sem plagg, sem Norðurlandsáætlunin mundi að einhverju leyti miðuð við og byggð á. Þarna væri komin reynsla í sambandi við Vestfjarðaáætlunina. Ég hringdi því í Efnahagsstofnunina og bað í símann um þann mann í stofnuninni, sem hefði sérstaklega með Vestfjarðaáætlunina að gera. Stúlkan, sem svaraði í símann, sagði: Já, það er Bjarni Einarsson, og ég gef yður samband við hann. Og ég fékk samband við Bjarna Einarsson. Ég sagði honum hver ég væri og óskaði eftir því, að ég fengi nú í hendur Vestfjarðaáætlunina, sem unnið hefði verið að í nokkur ár og oft dregizt inn í opinberar umræður. Já, því miður, hún er nú ekki tilbúin, og auk þess höfum við fengið fyrirmæli frá ríkisstj. um það að afhenda hana engum. Ekki einu sinni þm. kjördæmisins? spurði ég. Nei, engum, og til þess að það verði gert, verðið þér að fá heimild ríkisstj. sérstaklega. Svo ræddum við nokkuð um þetta mál, og hann vildi fáar upplýsingar gefa, en sagði: Það er bezt ég gefi yður samband við forstöðumann stofnunarinnar, Jónas Haralz. Já, það er ágætt, sagði ég, og ég fékk samband við forstöðumanninn. Já, Vestfjarðaáætlunin, það hefur ekki verið samin nein Vestfjarðaáætlun, segir hann, nema kafli inn um vissa þætti samgöngumála, þ. e. a. s. um flugvelli og vegi. Ekki alla þætti samgöngumálanna? spurði ég. Ekki um samgöngur á sjó? Nei, ekkert við því snert. Og það er eiginlega ekkert til um þetta annað en þau drög að áætlun, sem norsku sérfræðingarnir gerðu, sem ferðuðust nokkuð hér um fyrir nokkrum árum til athugunar á undirbúningi að vissum þáttum Vestfjarðaáætlunarinnar. Og hefur ekki verið unnið að áætluninni nú upp á síðkastið? spurði ég. Nei, ekkert síðan 1965, og sannast sagna þá höfum við engan vinnukraft til þess að sinna þessu verkefni, hérna í stofnuninni. Þetta skrifaði ég niður hjá mér þarna jafnóðum og símtalið fór fram og á það minnisblað í fórum mínum, þótt ég hafi það ekki hér við hendina. En ég hef nokkrum sinnum litið á þetta furðublað og held þess vegna, að ég fari nokkurn veginn rétt með það, sem á því stendur. Þessir þættir samgöngumálanna, sem búið er þó eitthvað að vinna og setja á blað, segi ég, hverjir eru meginþættirnir í því? Jú, það er í raun og veru ekkert annað en lántakan og það að verja þessari lántöku að ákveðnum hluta til flugvallanna á Patreksfirði, í Sandodda og við Ísafjörð og til vegalagningarinnar á milli þessara flugvalla. Það er þátturinn um samgöngurnar, sem unnið hefur verið, og annað felst ekki í honum en þetta. Hinn þátturinn, sem einnig varðar samgöngu- og atvinnumálin, er sá, að láninu, erlenda láninu, hefur að öðru leyti verið varið til hafnarbóta á Vestfjörðum, þ. e. a. s. til Patreksfjarðar, til Þingeyrarhafnar, til Suðureyrarhafnar, og núna á s. l. sumri var unnið fyrir þetta lánsfé í Bíldudalshöfn, og til stendur á næsta ári að vinna í Flateyrarhöfn.

Hafið þér ekkert meira að upplýsa um þetta? spurði ég. Nei, það er ekkert annað. Vestfjarðaáætlunin, það, sem til er af henni, er þetta. Það er hin erlenda lántaka. Það eru drög að till. norsku sérfræðinganna og síðan að ákvarðanir hafa verið teknar um að verja þessu lánsfé til flugvallanna, vegagerðarinnar á milli þeirra og til nokkurra hafna. Verður unnið að áframhaldi áætlunarinnar? spurði ég. Það var einmitt þá, sem hann svaraði því: Nei, við höfum engan vinnukraft til þess, og við þessu verkefni hefur ekki verið snert síðan 1965. Ég fékk ekki þessi slitur af samgöngumálaþætti áætlunarinnar, þrátt fyrir það að ég óskaði þess eindregið, og var sagt, að það, sem

Bjarni Einarsson hefði um það sagt, væri rétt. Ríkisstjórnin hefði bannað að afhenda þetta, — það litla, sem til væri af drögum að áætlun. Ég verð að segja það, að mér finnst það furðulegt, að það skuli vera árum saman búið að tala um Vestfjarðaáætlunina sem einhverja staðreynd, vitna til hennar af þm. og ráðh. og meira að segja í opinberum skýrslum til þingsins, og svo skuli það sannast og reynast, að engin slík áætlun er til.

Vestfjarðaáætlunin átti að fjalla, að því er manni skildist, um samgöngumál á sjó og landi og í lofti. Hún átti að fjalla um atvinnumálin á Vestfjörðum, hún átti að fjalla um menningar- og menntamál, félagsmál, og auðvitað má ekki í slíka áætlun vanta raforkumál. En engir þættir eru til, það er fullupplýst. Það er upplýst hér nú, að látið sé í veðri vaka, að það verði rætt við sveitarstjórnir á Norðurlandi, en svo mikið er víst, að ekki hefur þannig verið að staðið á Vestfjörðum. Tveir menn frá Efnahagsstofnuninni — ég hygg, að það hafi verið Valdimar Kristinsson og Bjarni Einarsson — fóru einu sinni um Vestfirði með norsku ráðgjöfunum í þessum málum og hittu sýslumenn á Vestfjörðum og sýslunefndir í þremur sýslum. Til einnar sýslunnar komust þeir ekki og hafa ekki komizt enn. Það var svo vont í sjóinn fyrir Horn, að það var snúið aftur, svo að Strandasýslu fundu þeir nú aldrei. Menn urðu sjóveikir, og það hefur aldrei verið talað, svo ég viti, við nokkra sveitarstjórn, aldrei við nokkurt verkalýðsfélag, við enga framámenn á Vestfjörðum, og sízt af öllu hafa þm. Vestfjarða fengið nokkuð um þetta undrabarn að vita, þó að við höfum haft mikla eftirgangsmuni um að fá upplýsingar um málið. Og kalla þetta svo áætlun fyrir heilan landsfjórðung! Vinna svona að málinu. Mér finnst það furðulegt a. m. k. Ég veit ekki til, að Vestfjarðaáætlunin sé annað en erlend lántaka og ráðstöfun þess fjár án samráðs við þm. Vestfjarða nema þá einhverja fáa af þeim, og þetta eru engan veginn góð vinnubrögð. Ef ég hef eitthvað missagt um þessi fræði, þætti mér vænt um, að á þessum fundi kæmu fram leiðréttingar um það.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegar brtt. (sjá þskj. 565 og 593) leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 593,1 felld með 20:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÓskJ, EÖS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HS, IG, LJós.

nei: RJ, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, EmJ, GuðlG, JÍ, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, ÓL, PS, SB.

5 þm. (BP, HÁ, HV, JSk, JR) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 593,2 felld með 20:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÓskJ, EÖS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HS, IG, LJós.

nei: RJ, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, EmJ, GuðlG, JÍ, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, ÓL, PS, SB.

5 þm. (BP, HÁ, HV, JSk, JR) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

4.—7. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 593,3 felld með 19:14 atkv.

— 565 felld með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÓskJ, EÖS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, IG, LJós.

nei: MB, MÁM, ÓL, PS, RJ, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, EmJ, GuðlG, JÍ, GÞG, IngJ, JóhH, JP, SB.

4 þm. (BP, HÁ, JSk, JR) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 593,4 felld með 20:18 atkv.

11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mál hér fyrr í dag var felld, að viðhöfðu nafnakalli, brtt. frá mér og tveim öðrum þm. við 3. gr. frv. um að fella niður ráðgerða undanþágu frá framtalsskyldu skuldabréfanna og spariskírteinanna, sem um ræðir í frv. Satt að segja furðar mig mjög á þessari afstöðu þessarar hv. d., því ég get með engu móti séð, hvaða rök hníga að henni. Ekki getur það verið vegna þess, að menn óttist, að skuldabréfin verði síður seljanleg. Ég lýsti fyrr í dag þeim kjörum, sem þau eru boðin út á, og því, hvað vísitöluákvæðin hafa þegar hækkað þau mjög í verði og gert þau aðgengileg í samanburði við sparifjársöfnun í bönkum, ekki sízt þar sem verðtrygging sparifjár, sem hér hefur þó verið samþykkt, virðist ekki ætla að verða framkvæmanleg, a. m. k. ekki alveg á næstunni. Nú, varla getur ráðið þessari afstöðu heldur umhyggja fyrir þeim, sem þurfa að fela fjármuni sína, ég trúi því ekki. Það er einu sinni búið að samþykkja hér möguleika manna til þess að öðlast fyrirgefningu synda, ef svo mætti segja, í sambandi við brot á skattalögunum, og ég sé enga ástæðu til þess að gera það aftur, en auk þess er búið að samþykkja og selja ríkisskuldabréf, sams konar og hér um ræðir, fyrir 250 millj. kr. Ég þykist þvert á móti fullviss um það, að hæstv. fjmrh. a. m. k., og þá væntanlega aðrir ráðherrar og stjórnarsinnar líka, séu fullir af áhuga fyrir því að hafa hendur í hári skattsvikara og herða skattaeftirlitið og koma á betra siðferði í fjármálum, enda sannast sagna engin vanþörf á því. Ég trúi því, sem þessir ágætu menn

hafa sagt um það, og er ekki ástæða til annars. Þess vegna hef ég ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Austf. viljað freista þess að fá hér nokkra lagfæringu á með því að bera fram skriflega brtt. nú við 3. umr. málsins um það, að skuldabréfin og spariskírteinin skuli skráð á nöfn eigenda. Með því móti væri skattaeftirlitið auðveldað. Úr því að komið hefur í ljós, að hv. meiri hl. vill ekki lögleiða framtalsskyldu, þá er hér farið þess á leit, að nafnskráning verði upp tekin til þess að auðvelda skattaeftirlitið, auk þess sem það er beggja hagur, bæði hins opinbera og þeirra, sem spariskírteinin kaupa og ekkert hafa að fela og engu að leyna.

Ég treysti því, að hæstv. forseti vilji leita afbrigða fyrir þessari till., svo hún geti komið til umræðu og afgreiðslu nú við 3. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 610) leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 610 felld með 18:16 atkv.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 619).

42. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 41. fundi í Ed., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum [129. mál] (stjfrv., A. 245).

Á 42. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er gamall kunningi hv. þdm. og hefur verið flutt árlega nokkur undanfarin ár. Þær einar breyt. eru frá fyrri l. í þessu frv., að nú er gert ráð fyrir annars vegar að til samtaka sjómanna, sem nú munu vera í þrennum heildarsamtökum, renni 0,79% eða sami hundraðshluti og til LÍÚ hefur gengið á undanförnum árum.

Í öðru lagi er lagt til, að á þessu ári a. m. k. verði útflutningsgjöld af loðnumjöli og loðnulýsi, samkvæmt 2. gr. laganna ekki innheimt, og eru færð fyrir því rök í aths. við frv. þetta, af hvaða ástæðum það er, og er hér um framkvæmd að ræða á samkomulagi, sem aðilar komust að í verðlagsráði sjávarútvegsins við verðlagningu þessara afurða, nú fyrir skömmu.

Við umr. málsins hér fyrir um það bil ári síðan var mjög rætt um hið fyrra atriði, sem ég nefndi, þ. e., að samtökum sjómanna yrði veittur úr þessum sjóði sami hundraðshluti og útvegsmönnum eða það sama og til þeirra hefur verið veitt, og hirði ég ekki um að endurtaka þau rök, sem til þess liggja, en upphaflega var þetta gjald til komið vegna þeirra starfa, sem LÍÚ innti af hendi í sambandi við bátagjaldeyriskerfið svonefnda, en hefur síðan staðið óbreytt, þrátt fyrir niðurlagningu þess kerfis. Þótti því eðlilegt, að samtök sjómanna fengju hér sömu hlutdeild að.

Endanlega hefur mér ekki borizt samkomulag sjómannasamtakanna um skiptingu þessa fjár, en ég hygg þó, að það sé að mest öllu leyti frá því gengið, og þau þrenn samtök, sem hér eiga hlut að máli, þ. e. a. s. Sjómannasambband Ísl., Alþýðusamband Ísl. og Farmanna- og fiskimannasamband Ísl., muni skipta þessum hundraðshluta í þrennt sín á milli, en eins og ég sagði, hefur ekki enn þá frá þeim borizt endanlega þeirra samkomulag, en við þessi samtök mun verða haft samráð um setningu þeirra reglna, sem gert er ráð fyrir, að sjútvmrh. setji skv. þessum l.

Ég tel ekki þörf á að hafa nánari skýringar, nema sérstakt tilefni gefist til með frv., en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 245, n. 502).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 502 skilar sjútvn. einróma áliti um breyt. á l. nr. 4 frá 28. apríl 1966 um útflutningsgjöld af sjávarafurðum. Till. er einnig til breyt. frá n. um ákvæði til bráðabirgða skv. 2. gr. á sama þskj. Er till. um það, að útflutningsgjald af grásleppuhrognum skuli ekki greiða af framleiðslu ársins 1967. En bráðabirgðaákvæðið skv. frv. er um það að fella niður gjald af loðnumjöli og loðnulýsi vegna hins mikla verðfalls, sem orðið hefur á þessari útflutningsvöru. Að grásleppuhrognum er hér bætt við, kemur til af sömu ástæðu. Breyting á skiptingu útflutningsgjaldsins er einungis sú, að nú er gert ráð fyrir, að sjómannasamtökin fái sömu aðild að þessu gjaldi og Landssamband ísl. útvegsmanna hefur haft um árabil. Gjald þetta er nú 0.8% til Landssambands ísl. útvegsmanna, en lækkar niður í 0.79% af þessum sökum. Önnur deiling útflutningsgjaldsins breytist prósentvís á sama hátt, þar sem þessi nýi liður, 0.79% til sjómannasamtakanna, kemur inn til lækkunar á öllum öðrum gjöldum. Gengið er út frá því, að útflutningsgjaldið á yfirstandandi ári nemi 240—260 millj. kr. Er því hér um að ræða upphæð til sjómannasamtakanna, sem nemur um 2 millj. kr. Frv. þetta er flutt að tilhlutan hæstv. ríkisstj. í samræmi við yfirlýsingu hæstv. sjútvmrh. á síðasta Alþ. og hæstv.

forsrh. í byrjun þings. Landssamband ísl. útvegsmanna fékk fyrst hlutdeild að útflutningsgjaldi til sinna félagslegu þarfa með l. nr. 81 frá 1947. Síðan hefur þessu gjaldi verið við haldið, enda inna þessi samtök þjóðnýt störf af höndum í þágu útgerðarinnar. Þegar verðgrundvöllur vélbátanna er útreiknaður, mun vera gengið út frá því, að þetta gjald, svo og vátryggingagjöld til bátanna falli á útgerðina. Á sama hátt verður að ganga út frá því, að þetta gjald til sjómannasamtakanna falli raunverulega á hlut sjómanna. Hæstv. sjútvmrh. upplýsti hér í þessari þd. við 1. umr. málsins, að ekki hefur verið gengið endanlega frá skiptingu þessa gjalds, en aðilar, sem taldir eru eiga að fá þetta gjald, eru Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands. Þessi samtök eru öll landssamtök, sem vinna hvert á sínu sviði störf í þágu sjómannastéttarinnar. Allir, sem vinna að félagsstörfum, vita, hversu erfitt er að halda uppi félagsstarfi nema gegn fullri greiðslu til þeirra, sem að þessum störfum vinna. Sjálfboðastarf hefur fallið meira og meira niður. Landssambönd, sem fá gjald af sérfélögum innan sambandanna, eru enn verr á vegi stödd í þessum efnum heldur en sjálf félögin, sem að samböndunum standa. Sjútvn. hafa borizt mótmæli gegn samþykkt þessa gjalds frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna og frá Vinnumálasambandi Sambands ísl. samvinnufélaga. Í sjálfu sér er ekki að undra, þótt slík mótmæli komi fram frá atvinnurekendasamtökum, en sjútvn. mælir samt með frv. með þeim breytingum, sem ég hef áður lýst. Segja má, að hér sé raunverulega um innheimtuaðferð að ræða. Tel ég ekki eftir, þótt ríkissjóði sé falin innheimta á raunverulegum félagsgjöldum sjómanna, ef svo má kalla þetta gjald, svo mörg gjöld verða a. m. k. atvinnurekendur að inna af hendi fyrir ríkissjóð, án þóknunar. Gjald það, sem hér um ræðir, samsvarar 300—400 kr. á hvern starfandi sjómann í landinu.

Í mótmælum sínum bendir Vinnuveitendasambandið m. a. á, að það skapi hættulegt fordæmi, að gjöld til stéttarfélaga greiðist af opinberum styrkjum, eins og þeir segja orðrétt í mótmælum sínum. Stéttarsamband fiskiðnaðarins ritar n. einnig bréf og fór þess á leit, að þeim samtökum yrði einnig úthlutað útflutningsgjaldi til félagslegra þarfa sinna. Þetta mál hefur hins vegar fleiri hliðar. Stefna sú, sem upp var tekin af hæstv. ríkisstj., að kjarasamningar spanna nú raunverulega yfir stærra svið en áður, hefur m. a. það í för með sér, að heildarsamtök eins og þau, sem hér um ræðir, hafa sýnt meiri skilning á marghátt-uðum vandamálum atvinnurekenda en áður var. Væntanlega á þetta eftir að breytast enn þá meir, þannig að slíkum samtökum, sem hér um ræðir, aukist skilningur á nauðsyn þess t. d., að tækninýjungar eru ekki einungis útgerðinni til góðs, heldur einnig þeim, sem að aflanum vinna. Mér hefur stundum fundizt, að sum verkalýðsfélög hugsi meir um aukna krónutölu, sem meðlimir þeirra fengju, heldur en raunverulegt gildi krónunnar eða það, sem lýtur að almennum þroska meðlimanna. Hér hefur pólitík að sjálfsögðu gripið inn í og síður en svo til bóta. Landssamtök þau, sem hér eiga hlut að máli, hafa sýnt, að slík samtök geta haft þroskandi áhrif á meðlimi sína og komið mörgu góðu til leiðar. Farmanna- og fiskimannasambandið hefur staðið að útgáfu myndarlegs sjómannablaðs, sjómannablaðsins Víkings, um 30 ára skeið. Ég nefni Dvalarheimili aldraðra sjómanna, eitt myndarlegasta dæmið og eflaust það, sem sjómannasamtökin hafa stórkostlegast tekizt á hendur, og rekið af myndarskap við sívaxandi vinsældir allra landsmanna.

Herra forseti. Eins og kom fram í nál., eru allir nm. sammála um að mæla með þessu frv. og er þess því að vænta, að það fái afgreiðslu þessarar hv. þd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 502 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 529).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 71. fundi í Nd., 17. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv. útbýtt á fundinum eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 529, n. 570).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., er komið frá Ed., þar sem það hlaut greiða afgreiðslu. Þetta er stjfrv. flutt skv. fyrirheiti sjútvmrh. á s. l. vetri og forsrh. í þingbyrjun á s. l. hausti. Það er flutt

vegna eindreginna óska samtaka sjómanna og auk þess hafa verið sett inn í frv. ákvæði til bráðabirgða varðandi útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi, en samkomulag mun hafa orðið um það í verðlagsráði sjávarafurða að óska eftir því við ríkisstj., að ákvæði þess efnis yrðu flutt í sambandi við þetta mál. Ed. breytti þessum ákvæðum á þann veg, að inn voru tekin sams konar ákvæði varðandi grásleppuhrogn. Frv. var samþ. þar samhljóða og var n. sammála um að mæla með því í Ed. Eins er hér hjá okkur í Nd. Sjútvn. d. mælir með því, að frv. verði samþ., eins og það kemur frá Ed., en 2 nm. skrifa undir nál. með fyrirvara.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að fara að ræða efnislega um frv., það er ekki heldur svo langt, að það sé erfitt að gera sér glögga grein fyrir því. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs er sú, að við 1. umr. í Ed. um þetta mál komst hæstv. sjútvmrh. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„En upphaflega var þetta gjald til komið vegna þeirra starfa, sem LÍÚ innti af hendi í sambandi við bátagjaldeyriskerfið svonefnda, en hefur síðan staðið óbreytt, þrátt fyrir niðurlagningu þess kerfis. Þótti því eðlilegt, að samtök sjómanna fengju hér sömu hlutdeild að".

Þjóðviljinn tók þetta upp hinn 22. febrúar og vakti athygli á þessum ummælum ráðh. Ég veit það, að þessi ummæli ráðh. eru ekki til orðin vegna þess, að hann hafi viljað fara hér með rangt mál, heldur vegna þess að embættismennirnir munu ekki hafa gefið honum réttar upplýsingar. Sannleikurinn er sá, að það var 5. júní 1947, sem ákveðið var, að innheimta skyldi útflutningsgjald, er rynni til samtaka útvegsmanna. Það var hv. fjhn., sem hafði með þetta að gera í báðum d., og í grg. þeirri, sem fylgdi því frv., var sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er nýmæli í frv. þessu, að með því er ætlazt til eins og áður segir, að lítill hluti útflutningsgjaldsins renni til heildarsamtaka útvegsmanna hér á landi. Þykir það ekki ótilhlýðilegt, þar sem í fyrsta lagi er um sérstakt gjald útvegsmanna um land allt að ræða, í öðru lagi, þar sem sambandið hefur með höndum síaukin verkefni, bæði vegna útvegsins sjálfs og ríkisvaldsins í heild og í þriðja lagi ekki sízt vegna þess, að meginþátturinn af starfsemi samtakanna beinist að því að gera útgerðinni kleift að rækja hlutverk sitt í þjóðfélaginu og þar með tryggja afkomu þjóðarinnar allrar."

Enn fremur sagði frsm. fjhn. í Nd., núv. hæstv. dómsmrh., þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og frv. þetta ber með sér, er tilgangur þess að fá með þessu fé til starfsemi Landssambands ísl. útvegsmanna, því að eins og vitað er, er starfsemi þess orðin mjög mikil og gerir mikið fyrir útgerðina og þá um leið fyrir þjóðina í heild. Það er því nauðsynlegt, að þessi starfsemi hafi nokkurt fé til umráða, en sá er tilgangur þessa frv."

Og þá sagði einnig frsm. fjhn. Ed., fyrrv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, þessi orð:

„Eina efnisbreytingin er sú, að útflutningsgjaldinu er að mjög óverulegu leyti breytt. En breytingin er sú, að fjhn. lagði til, að Landssamband ísl. útvegsmanna fengi 1/8 af útflutningsgjaldinu. Meiri hl. fjhn. telur þetta eðlilegt og sjálfsagt, þar sem LÍÚ er í forsvari fyrir útvegsmenn. Það hefur unnið mikið þjónustustarf og því sjálfsagt, að það fái stuðning úr ríkissjóði."

Hann segir „úr ríkissjóði", en það er vissulega ekki rétt, vegna þess að hér er um skatt á útgerðina að ræða, sem ríkissjóður eða sýslunarmenn ríkisins innheimta og á ekkert skylt við fé ríkissjóðs, enda ekki bókfært þar. Þetta var á sínum tíma 0.125%, en er nú komið niður í 0.048%. Ég vildi vekja athygli á þessu og ekki hvað sízt vegna þess, að það var í rammagrein, sem Þjóðviljinn sló þessu upp og segir: „LÍÚ enn á stórum styrk fyrir starfsemi með bátagjaldeyrinn". Það fer náttúrlega ekki á milli mála, við hvaða LÍÚ er átt. Það er ekki átt við Líú þann kínverska, heldur Landssamband ísl. útvegsmanna. En ég taldi ástæðu til þess að leiðrétta þetta, til þess að þessu yrði ekki ómótmælt í þskj., því að þessi ákvörðun er tekin þrem árum og 233 dögum áður en bátagjaldeyriskerfið var tekið upp, en það var tekið upp 24. janúar eða skv. ráðuneytisbréfi 24. janúar 1951, og eins og ég sagði áðan, ætla ég ekki að fara að ræða efnislega um frv. Ég veit, að samtök útvegsmanna hafa ekki verið hrifin af því, telja að hér sé farið inn á hæpna braut og hafa talið, að í samningum hafi útvegsmenn gengið inn á afgreiðslu til ýmissa sjóða sjómannasamtakanna. En eins og ég segi, ég ætla ekki að ræða þessa hlið málsins. Ég vildi gera tilraun til þess að leiðrétta missögn hæstv. sjútvmrh., en ég veit, að hún er ekki til orðin vegna þess að hann hafi viljað halla réttu máli, heldur vegna rangra upplýsinga frá embættismönnum ríkisins.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. sjútvn. með fyrirvara. Það stafar m. a. af því, að ég tel, að sú braut, sem lagt er inn á með meginefni þessa frv., sé mjög hæpin, vægast sagt mjög hæpin, en vegna þess að hér er um samkomulag að ræða, sem hæstv. ráðh. hefur gert við fjölmenn stéttarsamtök, þá mun ég ekki greiða atkv. gegn þessu, út af fyrir sig, en ég tel hins vegar, að það sé þörf á því að gera aðra breytingu á þessu frv., breytingu, sem varðar efni bráðabirgðaákvæða frv. Þar er í rauninni fjallað um allt annað mál en í 1. gr. frv., sem er meginefni þess, því að í bráðabirgðaákvæði við frv. er gert ráð fyrir því, að útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi — og svo hefur Ed. bætt þar við grásleppuhrognum — skuli ekki innheimt á árinu

af framleiðslu ársins 1967. Ég tel, að mjög brýn þörf sé á því að gera einnig breytingar á útflutningsgjaldi af bræðslusíldarafurðum, eins og nú er komið. Það er vitað, að sá háttur hefur verið hafður á, að innheimta miklu hærra útflutningsgjald af bræðslusíldarafurðum en öðrum sjávarafurðum, og þannig hefur síldarútvegurinn verið skattlagður til þess að standa undir ýmsum öðrum greinum framleiðslunnar. Samkv. gildandi lögum er útflutningsgjald af bræðslusíldarafurðum nú 8% af fob.-verðinu. Það vita allir, sem nokkuð þekkja til þessara mála, að það hlýtur að koma til þess, að um stórfellda verðbreytingu verði að ræða á þessu ári á síldarafurðum, og talað er um, að það muni þurfa að stórlækka síldina til bátanna og til sjómanna, frá því sem var á s. l. ári, enda hefur sú orðið verðbreytingin á útflutningsvörunni.

Þegar svona stendur á, tel ég að það komi auðvitað ekki til mála að halda uppi svona óeðlilega háu útflutningsgjaldi af bræðslusíldarafurðum eins og gert er og vil því leggja hér fram skriflega brtt. við bráðabirgðaákvæði frv., og með leyfi hæstv. forseta vildi ég lesa þessa brtt., en hún er þannig, að við ákvæði til bráðabirgða bætist: „Útflutningsgjald af síldarlýsi, síldarmjöli og síldarsoðkjarna skal af framleiðslu ársins 1967 vera 4% af fob.-verði, eða lækka um helming.“

Mér þykir mjög sennilegt, að þetta 8% útflutningsgjald, sem nú er í gildi, muni nema af bræðslusíldarafurðunum a. m. k. 160 millj. kr., eins og búast má við framleiðslunni nú. Með þessu gjaldi er því verið að taka af framleiðslunni ekki litla fjárhæð, og þegar litið er á það, að sjómennirnir á síldarskipunum munu hafa svona í kringum helminginn af andvirði aflans, þá sjá menn, að hér er vitanlega einnig um þungan skatt á sjómenn að ræða. Ég tel því, að þegar svona stendur á, að líkur eru til þess, að það verði talið óhjákvæmilegt að lækka verðið á síldinni til síldveiðiskipanna og síldveiðisjómanna, að þá eigi að lækka þennan sérstaka skatt, sem hefur verið lagður á bræðslusíldarafurðir, og skapa þannig möguleika til þess að halda uppi eins háu síldarverði og tök eru á. Það hefði að mínum dómi verið réttmætt að leggja til, eins og nú standa sakir, að afnema þetta útflutningsgjald af bræðslusíldarafurðum með öllu í ár, með sérstöku tilliti til þess aukaskatts, sem lagður hefur verið á bræðslusíldarafurðir fram til þessa, en mín tillaga miðar aðeins að því að lækka þetta gjald um helming, færa það niður í 4%, og myndi þá útflutningsgjaldið af bræðslusíldarafurðum liggja nærri meðaltali þess útflutningsgjalds, sem greitt er af öðrum sjávarafurðum.

Ég vil að þessi afstaða mín komi hér skýrt fram, með sérstöku tilliti til þess, sem ég tel alveg fullvíst að eigi eftir að koma upp innan skamms í þessum málum. Ég tel þessa skattlagningu ekki lengur réttlætanlega á nokkurn hátt, hvorki gagnvart síldveiðiflotanum né gagnvart síldveiðisjómönnum, og má satt að segja mikið vera, ef hægt verður á næsta sumri að komast af með að lækka þó ekki þetta útflutningsgjald meira en gert er í minni till., en í von um það, að hún gæti fengið samþ., þá hef ég miðað þetta við það að lækka gjaldið um helming. Ég vil svo óska eftir því, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari till., sem ég hef flutt hér skriflega, svo að hún geti komið hér til afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 599) leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér aðallega hljóðs til þess að skýra hér frá erindi, sem barst til sjútvn. beggja d., til þm. Vestfjarða og til sjútvmrh. í sambandi við þetta mál. Þetta erindi er frá Alþýðusambandi Vestfjarða og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Í sambandi við fyrirhugaða breytingu á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, þ. e. að sjómannasamtökin fái sams konar hlutdeild af útflutningsgjaldinu og LÍÚ nú nýtur, teljum vér ástæðu til að vekja athygli yðar á þeirri mikilvægu staðreynd, að Alþýðusamband Vestfjarða hefur allt síðan árið 1952 samið við vestfirzka útvegsmenn um kaup og kjör háseta, matsveina og vélstjóra á Vestfjörðum. Samningar þessir taka til sjómanna á bátum, sem stunda veiðar með línu, þorskanetum, botnvörpudragnót og humarvörpu, og einnig til þeirra, sem stunda síldveiðar. Með tilvísun til þeirrar staðreyndar, að Alþýðusamband Vestfjarða hefur allan umræddan áratugi algjörlega haft með höndum og borið uppi kostnað og fyrirhöfn af umræddum hagsmuna- og samningamálum vestfirzkra sjómanna, væntum vér þess, að fullt tillit verði tekið til þess við endurskoðun téðra laga og þessum heildarsamtökum vestfirzkra sjómanna verði tryggð hlutfallslega sama aðild og sambærileg hagsmunasamtök sjómanna koma til með að öðlast.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Vestfjarða,
Björgvin Sighvatsson.“

Mér þótti rétt að skýra frá þessu erindi í sambandi við afgreiðslu málsins hér. Það er enginn ágreiningur í n. um það, að málið verði afgreitt eins og það liggur fyrir, en eins og kemur fram í 1. gr. frv. þá er gert ráð fyrir, að þeim 0.79% af útflutningsgjaldinu, sem renna eiga til samtaka sjómanna, verði skipt skv. reglum, sem sjútvmrh. setji. Ég vil taka það fram fyrir mitt leyti, að ég greiði frv. atkv. í fullu trausti þess, að sjútmrh. og aðalsamtök vinnustéttanna, sem fá þennan hundraðshluta af gjaldinu, taki fullt tillit til framkominna óska Alþýðusambands Vestfjarða, þegar þessu gjaldi verður skipt. Mér er einnig kunnugt um,

að það mun í höfuðdráttum liggja fyrir, hvernig gjaldinu eigi að skipta milli Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands.

Herra forseti. Þetta var aðalerindi mitt í ræðustólinn, en í tilefni af þeirri skriflegu brtt., sem hv. 5. þm. Austf. lýsti hér áðan, vil ég aðeins upplýsa það, að það mál, sem sú till. fjallar um, var alls ekki rætt í sjútvn. d., þegar hún afgreiddi þetta mál, og hafa nefndarmenn ekki haft tækifæri til að kynna sér þá till. Ég verð nú að segja, að mér finnst það vera nokkuð mikið í ráðizt, að ætla sér með einu pennastriki að breyta 8% gjaldinu í 4%, eins og hv. 5. þm. Austf. leggur til, án þess að gera þá á nokkurn hátt grein fyrir, hvernig eigi að sjá fyrir þeim hlutum, sem þetta gjald stendur undir. Það fer, eins og hv. alþm. er kunnugt, til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, það rennur til Fiskveiðasjóðs Íslands, til Fiskimálasjóðs, til rannsóknastofnana sjávarútvegsins, til byggingar haf- og fiskirannsóknaskipa og svo loks til Landssambands íslenzkra útvegsmanna, og nú til samtaka sjómanna, ef þetta frv. verður samþ. Mér er að vísu ljóst, að verðfall á síldarlýsi og síldarmjöli hlýtur að skapa mikla örðugleika, og það má vel vera, að það þurfi að taka mál þetta í heild til endurskoðunar, þegar að því kemur að ákveða síldarverð fyrir sumarvertíðina, en að samþykkja þessa till. hv. 5. þm. Austf., út af fyrir sig, sé ég ekki að þjóni neinum tilgangi, því að ég álít, að málið í heild, þ. e. a. s. það vandamál, sem stafar af verðlækkuninni, — mundi eftir sem áður vera óleyst. Ég legg því til, fyrir mitt leyti, að þessi till. verði felld.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég sá nú ekki ástæðu til þess, í minni örstuttu framsöguræðu, að fara að ræða þetta mál efnislega, vegna þeirrar samstöðu, sem var ekki aðeins í sjútvn. þessarar d., heldur og í Ed. um málið. Hins vegar er það alveg rétt, eins og kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, að erindi barst frá Alþýðusambandi Vestfjarða, og hafa þm. nú heyrt efni þess. Til frekari skýringar skal ég geta þess, að það hefur náðst fullt samkomulag á milli þeirra þriggja landssamtaka, sem hafa sjómenn innan sinna vébanda, en það eru Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands, um jafna skiptingu þessara nýju fjármuna, sem til samtakanna renna. Og auðvitað munu þau félög, sem hafa með sjómannasamninga að gera ein um sig enn þá og þurfa á slíkri aðstoð að halda frá sínum heildarsamtökum, eins og mér virðist vera farið fram á í erindi Alþýðusambands Vestfjarða, geta leitað til viðkomandi samtaka um það. Og það eru auðvitað fleiri, sem þar koma til greina, s. s. Sjómannafélag Vestmannaeyja, Sjómannafélagið Jötunn í Vestmannaeyjum og Sjómannafélag Akureyrar. Hins vegar vænti ég persónulega, að til þessa þurfi ekki að koma, því að flestum þm. mun kunnugt um það, að það standa yfir mjög alvarlegar tilraunir til þess innan Alþýðusambandsins að lagfæra skipulag þeirra þýðingarmiklu samtaka. Það var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta á síðasta Alþýðusambandsþingi, að unnið skyldi að því, að Alþýðusambandið yrði byggt upp af landssamböndum, sem þegar eru nokkur fyrir hendi, og vil ég t. d. nefna þau stærstu, Verkamannasambandið, Landssamband verzlunarmanna og Sjómannasambandið. Ég vænti þess því, ef af þessari heils hugar samvinnu, sem fyrirhuguð er, getur orðið, að þá eigi þessi sjómannafélög úti um land innan fárra ára sína aðild að Sjómannasambandinu og þar verði haft samráð um þau sameiginlegu mál, sem þessi félög þurfa að framkvæma.

Ég vissi það reyndar fyrr, að hv. 5. þm. Austf. var illa við þetta mál og vildi helzt sjá það dautt strax í fæðingu, en mig hefði ekki órað fyrir því, að honum væri svo illa við það, að hann skuli, án þess að hafa gert neinar athugasemdir við það í sjútvn., henda hér fram við næstsíðustu umr. í þinginu, á síðasta starfsdegi deildarinnar, slíkri till., eins og hann gerði, sem ég álít að sé eingöngu gert til þess að reyna að drepa aðalmálið, en ekki vegna hins, sem ég þó skal taka undir með honum, að er ákaflega þýðingarmikið mál, en við ráðum bara ekki fram úr því hér með einni einfaldri brtt. á síðasta degi þingsins. Þótt einhver þm. hendi inn slíkri till., þá ráðum við ekki fram úr þeim vandamálum, sem hafa skapazt vegna verðfalls á síldarafurðum, það er alveg ljóst. Og það var hárrétt tekið fram hjá síðasta ræðumanni, hv. 2. landsk. þm., sem hér talaði áðan, að með samþ. þessarar till. 5. þm. Austf. erum við auðvitað að stofna í voða starfsemi þýðingarmikilla sjóða, s. s. Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs og reyndar fleiri stofnana, og áður en við getum samþ. slíka till. verðum við að gera okkur einhverja grein fyrir því, hvaðan við eigum að fá fjármuni í staðinn til þess að eðlileg starfsemi geti haldizt uppi, ekki aðeins hjá þessum sjóðum heldur og önnur sú starfsemi, sem útflutningsgjaldið stendur undir, þannig að ég tek hiklaust undir það, sem síðasti ræðumaður sagði, og mun greiða atkv. gegn þessari till. 5. þm. Austf., þótt ég hins vegar geri mér fulla grein fyrir þeim vandamálum, sem hann drap á í ræðu sinni. En við munum ekki ráða fram úr þeim hér á síðasta degi þingsins með því að samþykkja svona einfalda brtt., eins og hann leggur til að við gerum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það voru nokkur orð í tilefni af þeim brtt., sem hv. 5. þm. Austf. hefur flutt um útflutningsgjald af síldarafurðum. Það er nú ekkert langt síðan, að hækkað var verulega útflutningsgjald af síldarafurðum og leizt mörgum ekki á blikuna í því sambandi, að slíkt gæti staðizt til frambúðar, og ég vil minna á það, að í vor sem leið,

þegar síld og síldarafurðir voru verðlagðar, lagði ég það til í Síldarverksmiðjustjórn ríkisins, að hún skoraði á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að sú hækkun, sem þá hafði nýlega verið gerð á útflutningsgjaldi af síldarafurðum, yrði látin ganga til baka. Nú er miklu erfiðara að verðleggja síld en var í vor sem leið, þótt það væri erfitt þá, margfalt erfiðara, og ég tel nokkurn veginn víst, að það verði ekki hægt að verðleggja hana öðruvísi en að breyta grundvellinum, þ. á m. útflutningsgjaldinu. Ég geri ráð fyrir, að það komi greinilega í ljós, að það standist alls ekki að taka 8% af þessum afurðum í útflutningsgjöld, og ég er hv. þm. sammála um, að það sé eðlilegra að ganga í þetta mál núna strax og að Alþingi geri það heldur en að farið verði að fjalla um þessi mál utan Alþingis síðar, þegar það er búið að ljúka störfum, og sé skynsamlegt að horfast í augu við þetta strax. Ég mun því greiða atkv. með þessari brtt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við það, sem hér hefur verið sagt um mína till. Það er fundið að því, að þessi till. skuli koma hér fram seint á þinginu, en ekki get ég gert að því, þetta mál er komið hingað í þessa deild til afgreiðslu nú rétt nýlega. Það er ekki mín sök, að frv. er þetta seint á ferðinni, heldur þeirra, sem standa að því að flytja frv. og eru svona seint á ferðinni með það. En eðlilegt er hins vegar, að mín till. sé flutt við frv., sem gagngert fjallar um það vandamál, sem **ég hafði** hér vikið að. Þá er það sagt gegn minni till., að hún kunni að setja í vanda ýmsa gagnlega sjóði sjávarútvegsins. Ég er hræddur um, að þeir geti komizt í meiri vanda, þeir ágætu sjóðir sjávarútvegsins, ef lítið eða ekkert yrði gert út og stofnað yrði til stórra deilna í sambandi við sjálfa undirstöðuframleiðsluna, vegna þess að boðið væri upp á þannig kjör, að það fengist enginn til að gera út. Svo bezt fær nú Fiskveiðasjóður, sem fær aðeins nokkurn hluta af sínum tekjum og tiltölulega lítinn hluta eftir þessari leið, svo bezt fær hann sínar tekjur, að það sé eitthvert fjör í þeirri útgerð, sem hér er um að ræða. En það er mjög athyglisvert, að það hvarflar ekki að þessum sömu þm., að það sé neinn vandi, þó þeir séu að berjast fyrir því að taka hluta af þessu útflutningsgjaldi, sem annars á að renna til Fiskveiðasjóðsins og annarra slíkra, og deila því til þessara samtaka eða annarra samtaka, og það má undanþiggja loðnuafurðir og þess háttar, þegar vandi ris upp þar, það er allt í lagi, en ef sjálf meginundirstaðan á í hlut, þá þora menn ekki að horfast í augu við vandann. Það er vitað mál, að það stendur þannig á nú þegar, að sá sjóður, sem fær meginhlutann af þessu útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, hefur ekki nægilegar tekjur. Það þarf að afla honum viðbótartekna. Hann hefur verið rekinn með talsverðum halla. En mín tillaga miðast við það að setja bræðslusíldarafurðirnar á svipað stig og aðrar sjávarafurðir. Ég geri hreinlega ráð fyrir því í minni till., að það verði innheimt útflutningsgjald af bræðslusíldarafurðum, sem nemur 4%. En það mun vera mjög nærri því að vera meðaltalsgjald, sem nú er tekið af útfluttum sjávarafurðum. Ég vil því fyrst og fremst á þessu stigi málsins afnema þá aukaskattlagningu, sem verið hefur á bræðslusíldarafurðum til þess að standa undir ýmsum öðrum vandamálum, sem við höfum verið að glíma við. Og ég tel fyrir mitt leyti, að þeir sem ekki vilja fallast á það nú, einmitt þegar verið er að hreyfa við þessum lögum, að afnema á þessu stigi þá sérstöku skattlagningu, sem nú á sér stað á síldarafurðunum og er að finna í l. um útflutningsgjald, að þeir hafa ábyggilega ekki gert sér grein fyrir þeim vanda, sem við stöndum frammi fyrir í þessum efnum. Ég held mér því fast við mína till. og vænti þess, að hún fáist samþykkt hér í deildinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 599 felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, JSk, LJós, SE, SkG, ÞÞ, ÁÐ.

nei: EmJ, GuðlG, JÍ, GÞG, JóhH, JP, MB, MÁM, ÓL, PS, RJ, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BBen, SB, BF.

IG greiddi ekki atkv.

4 þm. (HÁ, IngJ, JR, RA) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Birgir Finnsson: Herra forseti. Auk þess sem ég tel, að þessi till., ef samþykkt yrði, mundi kippa fjárhagsgrundvellinum undan m.a. Tryggingasjóði fiskiskipa, Fiskveiðasjóði, Fiskimálasjóði o. fl., þá álít ég, að hún mundi einnig raska þeim grundvelli, sem byggður hefur verið upp til þess að koma á því bolfisksverði, sem nú gildir, og þess vegna segi ég nei.

Bráðabirgðaákvæði samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 620).

43. Tekjuskattur og eignarskattur (stjfrv.).

Á 62. fundi í Ed., 11. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [189. mál] (stjfrv., A. 438).

Á 63. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í skattalögunum er svo ákveðið, að draga skuli frá tekjum sjómanna á fiskiskipum fjárhæð, sem nemi 500 kr. á mánuði, miðað við þann tíma, sem þeir eru skráðir á skip, og svari sú upphæð til hlífðarfatakostnaðar þeirra. Í l. um tekjustofna sveitarfélaga er heimild til þess að taka til greina þá frádrætti, sem veittir eru skv. skattal., og er því ekki sérákvæði um þetta efni þar. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til að veita sams konar friðindi öðrum sjómönnum, og þykir það við nánari athugun málsins sanngjarnt og eðlilegt, miðað við kjör þeirra og alla starfsaðstöðu, að þessi réttur nái til allra sjómanna á íslenzkum skipum. Með frv. er gert ráð fyrir, að um sams konar útreikning verði að ræða eða útreikningsreglur varðandi aðra sjómenn, eins og sjómenn á fiskiskipum og sams konar réttur muni þá að sjálfsögðu vera veittur með hliðsjón af ákvæðum tekjustofnal. sveitarfélaga um þetta efni. Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að ræða málið nánar. Það er mjög einfalt í sniðum og auðskiliið, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 438, n. 503).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Að undanförnu hafa sjómenn á íslenzkum fiskiskipum notið þeirra skatthlunninda, að þeim hefur verið heimilað að draga frá skattskyldum tekjum sínum nokkurn kostnað vegna hlífðarfata. Efni þessa frv. er það, að þessi hlunnindi skuli einnig ná til farmanna og annarra sjómanna á íslenzkum skipum.
Fjhn. hefur haft mál þetta til athugunar, og eins og nál., sem útbýtt hefur verið, ber með sér, leggur hún einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 69. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 71. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í gildandi l. um tekju- og eignarskatt er svo ákveðið, að draga skuli frá tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum sem svari 500 kr. á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar. Það þykir sanngjarnt, að þessi réttur nái einnig til annarra sjómanna á íslenzkum skipum, og er með þessu frv. lagt til, að sami réttur verði veittur þeim. Frv. er einfalt í sniðum, og sé ég ekki ástæðu til þess að gera lengri grein fyrir því. Frv. var samþ. shlj. í hv. Ed., og vil ég leyfa mér að vænta þess, að hv. Nd. muni einnig taka málinu vel. Ég legg til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjhn. með 31 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 438, n. 573).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 573 í nál. frá hv. fjhn., þá mælir hún með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 621).

44. Orkulög.

Á 35. fundi í Nd., 6. febr., var útbýtt:
Frv. til orkulaga [105. mál] (stjfrv., A. 201).

Á 36. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hinn 29. des. 1965 var skipuð n. til að endurskoða raforkulög. Í þessa n. voru skipaðir Gísli Jónsson rafveitustjóri, Jón Sigurðsson deildarstjóri og Valgarð Thoroddsen verkfræðingur. Var Jón Sigurðsson deildarstjóri skipaður formaður n. Í skipunarbréfi n. var tekið fram, að n. skyldi sérstaklega ætlað að gera glögg skil milli verksviðs embættis raforkumálastjóra og verksviðs rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins, jafnframt því sem skipulag raforkuvinnslu og raforkudreifingar á vegum ríkisins verði athugað í ljósi þeirrar stefnu, sem mörkuð hefur verið með setningu l. um Landsvirkjun. Er n. hafði starfað um hríð, bar hún fram þá till., að verksvið hennar yrði víkkað þannig, að henni yrði falið að endurskoða í heild þau lög, er fjölluðu almennt um nýtingu innlendra orkulinda, og steypa þeim saman í frv. að einum lagabálki um orkumál. Var á þetta fallizt og að athuguðu máli talið mikils virði að samræma löggjöfina í eina heild. Lögð var áherzla á það, að Jakob Gíslason raforkumálastjóri og Eiríkur Briem, páv. rafmagnsveitustjóri, störfuðu með n. og væru henni til ráðuneytis við samningu frv. Haukur Pálmason framkvstj. Sambands ísl. rafveitna starfaði einnig með n. og Páll Sigurðsson, rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins, starfaði einnig með n. og gaf ráð um það, sem varðaði rafmagnseftirlitið. Ritari n. var Magnús Thoroddsen lögfræðingur.

Það eru ekki gerðar róttækar breytingar á gildandi l. í raforkumálum, en eins og áður er sagt, eru þau samræmd og felld saman í einn lagabálk. Þykir mikið við það unnið. En helztu nýmæli frv. varða stjórn orkumála. Það er gert ráð fyrir að koma á fót sérstakri Orkustofnun, er annist rannsóknir, áætlana- og skýrslugerðir á sviði orkumála og verði ráðh. til ráðuneytis í þeim efnum, jafnframt því, sem stofnun þessari er ætlað að auðvelda samvinnu allra þeirra aðila, er starfa að orkumálum. Framkvæmdastjóri Orkustofnunar verður sérstakur embættismaður, orkumálastjóri, sem svarar til þess embættis, sem nú heitir raforkumálastjóri, en honum til ráðuneytis í tæknilegum og fjárhagslegum efnum er sérstök n., tækninefnd Orkustofnunar, skipuð af ráðh. Í þessari n. eiga m. a. sæti fulltrúar frá þeim aðilum, er helzt hafa hagsmuna að gæta á vettvangi orkumála. Fulltrúar þessir mundu því hafa sérstaka reynslu og þekkingu á þeim málum, sem kæmu til úrlausnar í n. N. er ætlað að tryggja samræmingu á starfsemi allra þeirra, sem vinna á sviði orkumála. Þá hefur verið gert ráð fyrir í frv. þessu að afnema einkarétt ríkisins til þess að reisa og reka raforkuver, en í reyndinni hefur þetta ekki mikið að segja, þar sem leita verður til Alþ. um leyfi til þess að reisa eða reka raforkuver. Þá er í frv. leitazt við að gera glögg skil á milli starfssviðs raforkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra ríkisins.

Orkumálastjóri mun sjá um rannsókn áætlana og skýrslna á vettvangi orkumála, en rafmagnsveitustjóri annast stjórn og rekstur rafmagnsveitna ríkisins og mun hann hér eftir heyra beint undir ráðh., en eigi orkumálastjóra eða raforkumálastjóra, eins og áður hefur verið.

Þá gerir frv. ráð fyrir því, að raforkusjóður og jarðhitasjóður verði sameinaðir í orkusjóð. Orkuráði, sem kemur í stað raforkuráðs og kosið er í samvinnu við Alþ., er ætlað að fara með stjórn orkusjóðs jafnframt því að gera till. um ráðstöfun stofntillaga til lagningar rafmagnsveitna í strjálbýli, sem raforkuráð hefur áður haft með höndum. Þá er rétt að geta þess, að frv. ráðgerir, að héraðsrafmagnsveitur ríkisins verði sameinaðar rafmagnsveitum ríkisins, enda hafa þær annazt rekstur héraðsrafmagnsveitnanna.

Þetta eru hin helztu atriði, sem fram koma í frv. Þetta frv. er í 11 köflum, eins og sjá má, og er I. kaflinn um Orkustofnun. Samkv. 2. gr. frv. er skilgreint, hvert hlutverk Orkustofnunar er, og tel ég ekki ástæðu til þess að lesa það upp. Þá er í 3. gr. frv. kveðið á um skipun framkvæmdastjóra Orkustofnunar og að hann heiti orkumálastjóri. — 4. gr. frv. gerir ráð fyrir tækninefnd, sem starfar til ráðuneytis orkumálastjóra, og er gert ráð fyrir, að í henni eigi sæti ásamt orkumálastjóra tæknimenntaðir fulltrúar, tilnefndir af Landsvirkjun, Sambandi ísl. rafveitna, Sambandi ísl. hitaveitna, rafmagnsveitum ríkisins, rannsóknaráði ríkisins og hagfræðimenntaður fulltrúi Efnahagsstofnunarinnar. En þar til Samband hitaveitna á Íslandi verður stofnað, tilnefnir Hitaveita Reykjavíkur fulltrúa í þess stað. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

II. kafli frv. er um vinnslu raforku og kveður á um það, hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi, til þess að raforkuver verði byggð og rekin. En til þess að reisa og reka raforkuver stærra en 2000 kw. þarf leyfi Alþ. Til að reisa og reka raforkuver 200—2000 kw. þarf leyfi ráðh. raforkumála.

III. kaflinn er um vinnslu jarðhita og kveður á um rétt landeiganda til þess að hagnýta sér jarðhita, einnig um rétt ábúanda jarðar og einnig rétt ríkisstj. til þess að hagnýta jarðhita í landareign annarra, en það skal heimilt, þegar almenningsheill krefur. Nánari ákvæði eru í þessum kafla um vinnslu jarðhita, sem ekki er sérstök ástæða til þess að rekja að sinni. En um hagnýtingu og vinnslu jarðhitans í eigu ríkisins skal leita umsagnar Orkustofnunar í hvert sinn, áður heldur en til framkvæmda kemur.

IV. kafli er um héraðsrafmagnsveitur, og er

kveðið á um það, hvert verkefni héraðsrafmagnsveitna er, en það er nánar tiltekið í ýmsum greinum þessa kafla, en það er að veita raforku um tiltekið orkuveitusvæði og selja hana neytendum innan þeirra takmarka. Ráðh. sá, sem fer með raforkumál, ákveður orkuveitusvæði hverrar rafmagnsveitu. Þá er nánar kveðið á um ýmis atriði héraðsrafmagnsveitnanna í þessum kafla, sem ekki er ástæða til þess að lesa hér upp, enda liggur það ljóst fyrir.

V. kafli er um hitaveitur og kveður á um það, að ráðh. sé heimilt að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi með þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, til þess að starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum eða öðrum orkugjafa. Þeir aðilar, sem nú hafa einkaleyfi til að starfrækja hitaveitu, skulu halda þeim rétti. Þá er ríkisstj. heimilt að ábyrgjast lán til hitaveitufram kvæmda fyrir sveitarfélög, sem vilja ráðast í hitaveitufram kvæmdir, og gæti ábyrgðin orðið allt að 80% af kostnaðinum.

VI. kafli er um varnir gegn hættum og tjóni af raforkuvirkjum og eftirliti með þeim. Eru nokkuð ströng ákvæði um þetta efni og nokkuð strangari heldur en verið hefur, enda hefur reynslan sýnt, að þörf er á miklu eftirliti með raforkuvirkjum og að fyllstu varúðar sé gætt í hvívetna um það efni, því að sé ekki fyllsta varúð viðhöfð, getur stafað af því mikil hætta. En þetta eftirlit hefur með höndum rafmagnseftirlit ríkisins, og er því ætlað að hafa það, eins og verið hefur.

VII. kaflinn er um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim. Það er tekið fram, að óheimilt sé að spilla jarðhitasvæðum, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns, sem frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt samkv. matsgerð til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita, sem heimil er að lögum.

VIII. kaflinn er um jarðboranir ríkisins. Hér er ekki um breytingu að ræða frá gildandi l. nema orðalagsbreytingar í samræmi við frv., eins og vera ber.

IX. kafli er um rafmagnsveitur ríkisins, og er þar kveðið svo á, eins og í gildandi l., að ríkisstj. starfræki rafmagnsveitur, sem eru eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir umsjón þess ráðh., er fer með raforkumál. Stofnunin skal heita Rafmagnsveitur ríkisins, en eins og áður er lýst, eru rafmagnsveitur ríkisins nú skildar frá raforkumálastjóraembættinu eða orkustofnuninni, eins og það nú heitir, og framkvæmdastjóri rafmagnsveitna ríkisins heyrir nú beint undir ráðh., en var áður nánast sagt undirmaður raforkumálastjóra. Rafmagnsveitur ríkisins taka við eignum og rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins, sem stofnaðar voru með l. nr. 12 2. apríl 1946, en eins og kunnugt er, voru gildandi raforkulög sett þá, og er því fengin allmikil reynsla af framkvæmd þeirra og ekki nema eðlilegt, að nú þyki tímabært að gera nokkrar breytingar á þeim, þótt l. í heild haldi sínu markmiði og efnisbreytingar séu tiltölulega litlar.

Ráðherra skipar rafmagnsveitustjóra ríkisins og honum til ráðuneytis nefnd þriggja manna, og skal einn þeirra tilnefndur af orkuráði, en tveir af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Annar þeirra er fulltrúi strjálbýlis, en hinn þéttbýlis. Starfssvið n. skal nánar ákveðið í reglugerð. Það þótti rétt að skipa þessa n. til ráðuneytis rafmagnsveitustjóra, til þess að breikka grundvöllinn undir starfssviðinu, og gæti það aldrei verið til annars en góðs, ef skipan n. á annað borð ætti nokkuð að þýða, en skipun hennar er þannig, að í henni ættu að eiga sæti menn, sem þekkja vel til þessara mála, bæði í strjálbýli og þéttbýli.

X. kaflinn er um orkusjóð, og er tekið fram, að orkusjóður sé eign ríkisins, er ber ábyrgð á skuldbindingum hans. Orkusjóður tekur við öllum eignum raforkusjóðs og jarðhitasjóðs eins og þær eru við gildistöku þessara laga og öllum skuldbindingum beggja sjóðanna, en báðir þessir sjóðir hafa starfað sitt í hvoru lagi, og þykir fara betur á því að sameina þá í einn sjóð, þar sem verksvið þeirra er vissulega mjög skylt og náið. En stjórn orkusjóðs er í höndum orkuráðs undir yfirstjórn ráðh. þess, sem fer með raforkumál. Sþ. kýs með hlutfallskosningu 5 menn í orkuráð til fjögurra ára í senn. Það er kosið með sama hætti og raforkuráð hefur verið kosið. Ráðh. skipar formann úr hópi kjörinna ráðsmanna. Orkumálastjóri er framkvstj. orkusjóðs. Þá er gert ráð fyrir, að orkusjóður verði í vörzlu Seðlabanka Íslands, en það hefur raforkusjóður eða jarðhitasjóður ekki verið áður, og að Seðlabankinn sjái um ársuppgjör, skýrslugerð og bókhald. Hlutverk orkusjóðs er skilgreint í 71. gr. frv., og er óþarfi að tilgreina það nánar. Það er skýrt tekið þar fram, en það er sama hlutverk og raforkusjóður og jarðhitasjóður báðir gegndu áður.

Þá er XI. kaflinn, almenn ákvæði, og skýrir hann sig sjálfur. En eins og áður hefur verið vikið að, er með frv. þessu lagt til, að lög um raforku- og jarðhitamál verði samræmd í einum lagabálki. Það er byggt á 20 ára reynslu og margt fært til betri vegar og við hæfi nútímans. Það gefur og nokkra tryggingu fyrir því, að rétt hefur verið að farið, að við samningu frv. störfuðu hinir hæfustu menn á sviði raforkumála og þeir, sem bezt þekkja til þessara mála að fenginni langri reynslu. Það er von mín, að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi og hv. alþm. sannfærist um, eftir að hafa kynnt sér málið, að það sé til bóta frá gildandi lögum og það megi verða til þess, að framkvæmd þessara mála verði einfaldari en áður og sniðin við það, sem nú er helzt krafizt.

Ég tel, herra forseti, ekki ástæðu til að fara

fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. að lokinni þessari umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta er mikill lagabálkur, sem hér er um að ræða, og ég efast ekki um, að ýmislegt kunni að vera nýtilegt þar í, og verður vafalaust, um leið og frv. verður rætt í n., athugað um afstöðuna til þessa máls. En það er tvennt í því, sem mér finnst, að þurfi sérstaklega athugunar við af þeim ákvæðum, sem ég álít neikvæð. Það fyrsta er, að með þessu frv. er dregið úr því einkavaldi ríkisins, sem slegið var föstu með raforkulögum 1946, og það er mál, sem þarf a. m. k. vel að athuga, áður en það er gert, því að almennt er það nú svo með þróunina í raforkumálum, að hún hefur heldur þótt erlendis eiga að ganga í þá áttina að sameina bókstaflega allt raforkukerfið undir einn þátt en að sundra því. En þetta er hlutur, sem þarf vel að athuga.

Hinn þátturinn í þessu frv., sem mér finnst neikvæður, er, að hér er enn verið að draga úr og veikja og sundra raforkumálastofnuninni. Þegar Landsvirkjunarlögin voru til umr. hjá okkur hér á Alþ., gerði ég þá aths. þar við, að ég áleit, að hið nýja orkuver, sem þarna ætti að reisa, ætti beinlínis að heyra undir ríkið og raforkumálastofnunina og með því að koma upp sérstakri Landsvirkjunarstjórn, væri verið að nokkru leyti að skapa tvöfalt ríkiskerfi þarna í, tvöfalt, opinbert kerfi, ópraktískt og að ýmsu leyti athugavert að mínu áliti. Nú er gengið enn lengra í þessu. Nú á að taka þarna rafmagnsveitur ríkisins undan raforkumálastofnuninni og gera að sérstakri ríkisstofnun. Ég veit ekki ástæðurnar til þess. Almennt hefur stundum a. m. k. verið talað um það, að frekar þyrfti að reyna að spara í ríkisapparatinu, en hér virðist tilhneigingin vera sú að skapa nýjar ríkisstofnanir, nýjar stjórnarnefndir og annað slíkt þar í kring. Ég held einmitt, að raforkumálastofnun ríkisins hafi verið með bezt reknu embættisstofnunum íslenzka ríkisins. Máske er það þess vegna sérstaklega, sem þótt hefur rétt að veikja hana. En ég álít margt í þessu, þó að efalaust sé margt til framfara, vera spor aftur á bak frá þeim lögum, sem sett voru hér á Alþ. 1946 undir forustu hæstv. núv. utanrrh. En ég skal ekki orðlengja neitt um þetta nú. Þetta er mikið frv. og ýmislegt nýtt í því og þarf sinnar stúderingar við á milli umr. nú og umræðna í flokkunum til þess að taka endanlega afstöðu til þess.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Það er ekki ástæða til þess að fara að taka upp langar umr. um þetta mál að svo stöddu. En vegna þess að hv. 3. þm. Reykv. (EOl) var að tala um tvö atriði, sem hann taldi vera spor aftur á bak, þegar dregið væri úr, eins og hann kallaði, valdi ríkisins í þessum málum, vil ég taka það fram, að það er í rauninni ekki. Það er ráðgerð sú breyting að afnema einkarétt ríkisins til þess að reisa og reka raforkuver, það er þannig orðað. En hins vegar er þannig um hnútana búið, að ríkisvaldið hefur allt að einu í hendi sér, hverjir fá leyfi til þess að reka raforkuver, vegna þess að það verður að bera það undir Alþ., og hv. 3. þm. Reykv. er þó allavega sammála því, að meiri hl. Alþ. fái að ráða, hvort út af því verður brugðið, að einhverju sveitarfélagi yrði gefið leyfi til þess að virkja. En þetta atriði verður nú allt ljósara, þegar hv. þm. hafa skoðað málið og það verður til meðferðar hér í þinginu. Þessu frv. var útbýtt í gær, og það er ekki eðlilegt, að hv. Alþ. hafi kynnt sér það til hlítar síðan.

Annað atriðið var það, að það væri verið að sundra raforkumálastofnuninni. Það er alls ekki hægt að segja, að það sé verið að sundra henni. Það er verið að skilgreina nánar verksvið tveggja aðila, annars vegar raforkumálastjóra, orkumálastjóra og hins vegar rafmagnsveitustjóra. Það er ekki verið að setja á stofn nýtt ríkisbákn. Það er alveg misskilningur, ef einhver heldur það. Það er ekki verið að auka kostnað við rekstur rafmagnsveitnanna eða við rekstur orkumálanna. Það er ekki verið að því. Og hv. 3. þm. Reykv. sannfærist um það, þegar hann hefur kynnt sér frv. betur. Það er ekki verið að lýsa vantrausti á raforkumálastofnunina, það er ekki með þessu frv. verið að segja, að hún hafi verið illa rekin. En þessi starfsemi öll er svo víðtæk og hefur orðið víðtækari en áður hin síðari ár, að það þykir eðlilegt að skilgreina betur á milli rafmagnsveitna ríkisins, sem jafnframt eru héraðsrafmagnsveiturnar, og Orkustofnunarinnar, og þegar þetta frv. er lesið yfir og menn gera sér grein fyrir þeim verkefnum, sem hvor aðili hefur um að sjá, orkumálastjóri og rafmagnsveitustjóri, held ég, að öllum ætti að vera ljóst, að verkefni þeirra er vissulega það umfangsmikið, að það er eðlilegt, að þessir forstjórar tveir séu sjálfstæðir aðilar, sem heyra hvor um sig undir ráðherra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 23:4 atkv.

Á 56., 57., 58. og 59. fundi í Nd., 20. og 21. marz, 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 201, n. 339, 347 og 358, 340, 348, 381).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. það, sem hér er til umr., til meðferðar og fjallað um það á allmörgum fundum, sem n. hélt. Eins og fram kemur í áliti meiri hl. fjhn., varð ekki samstaða um afgreiðslu málsins, og klofnaði því n. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt., sem fluttar eru á þskj. 348. Annar minni hl., hv. framsóknarmenn, leggur til, að frv. verði samþ. með brtt., sem

þeir flytja á þskj. 340, en annar minni hl., hv. þm. Lúðvík Jósefsson, leggur til, að frv. verði fellt. Þær brtt., sem fluttar eru á þskj. 348, eru þannig fluttar af meiri hl. Enda þótt 1. minni hl. fjhn. sé sumum þeirra að verulegu leyti sammála, var þessi háttur hafður á, að meiri hl. flytti till., þar sem 1. minni hl. var auk þess með aðrar breyt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni frv. hér, hæstv. raforkumálaráðh. gerði það hér við 1. umr. En ég ætla að leyfa mér að fara örfáum orðum um þær brtt., sem meiri hl. flytur, svo og um meðferð málsins í hv. fjhn.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl., voru kvaddir á fund n. þeir aðilar, sem sömdu þetta frv., þeir Jón Sigurðsson hagsýslustjóri, Valgarð Thoroddsen, rafmagnsveitustjóri ríkisins og Gísli Jónsson, rafveitustjóri í Hafnarfirði. Þá kom einnig til viðræðna við n. raforkumálastjóri, Jakob Gíslason, og lagði hann fyrir n. nokkrar aths. við frv., og voru þær lagðar fram hér á hv. Alþ. Þá bárust n. einnig brtt. frá Sambandi íslenzkra rafveitna, svo og Tæknifræðingafélagi Íslands og Félagi löggiltra rafvirkjameistara. N. fór yfir allar þessar aths., og eru þær till., sem fram eru komnar og bornar fram í nafni meiri hl., sprottnar af þeim aths., sumum hverjum, en þær ekki allar teknar til greina. Bréf þau, sem bárust frá Tæknifræðingafélagi Íslands, svo og Félagi löggiltra rafvirkjameistara, voru tekin til greina hér í brtt. meiri hl., en bréf Tæknifræðingafélagsins fjallaði um, að ekki væri ástæða til þess, að í embætti forstjóra rafmagnseftirlits ríkisins né heldur rafmagnsveitna ríkisins væru verkfræðingar, þar gætu tæknimenntaðir menn eins komið til greina til starfa. Nm. voru sammála um, að hér væri á ýmsan hátt bent á rétt atriði, og leggja því til, meiri hlutinn, í 8. brtt. svo og 11., að þar sem stendur í frv. í 39. og 56. gr.: „og skal vera verkfræðingur að menntun", falli það niður í báðum tilfellum, og sé það látið á vald veitingarvaldsins á hverjum tíma, hvort í þessi störf eru ráðnir verkfræðingar eða tæknifræðingar, því að vel getur einnig komið til greina, að í þessi embætti séu skipaðir menn, sem e. t. v. hafa einhverja aðra menntun en þá, sem hér hefur verið rætt um. Í sambandi við bréf Félags löggiltra rafvirkjameistara hafði verið á það bent af hálfu raforkumálastjóra, að við 41. gr. væri réttara orðalag það sem kemur hér fram í brtt. á þskj. 348. Ég ætla þá í örfáum orðum að rekja brtt. Það er þá fyrst, að við 1. gr. bætist: „Stofnunin tekur við öllum eignum og tekur á sig efndir á skuldbindingum embættis raforkumálastjóra að undanskildum þeim, er um ræðir í 56. gr.", en þar er tekið fram, að rafmagnsveitur ríkisins taki við eignum og rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins, og þótti því eðlilegt, að sams konar ákvæði væri um Orkustofnunina í sambandi við yfirtöku á eignum svo og skuldbindingar raforkumálastofnunarinnar.

Við 2. gr. er nánari skýring á hlutverki Orkustofnunar, skv. till. raforkumálastjóra, þ. e. að á eftir orðunum „sé fullnægt", komi: „og orkulindir landsins hagnýttar". Þetta er nánari skýring. Niðurlag 2. tölul. orðist svo: „aðrar rannsóknir á sviði orkumála, eftir því sem tilefni gefast, og ef við á gegn greiðslu". Hér stendur hins vegar í frv.: „aðrar rannsóknir á sviði orkumála, eftir því sem tilefni gefast, og sérstakar rannsóknir fyrir orkufyrirtæki eftir beiðni í hvert sinn og gegn greiðslu". Þetta er nánast orðalagsbreyting, og það er reynt að halda sér við, að stofnunin taki að sér rannsóknir á sviði orkumála eingöngu, eftir því sem tilefni gefast, og ef það er fyrir stofnanir, sem eru ekki á vegum Orkustofnunar, sé það gegn greiðslu, ef þannig hagar málum. Svo er það 4. töluliður. Í stað þess, sem stendur í frv.: „um þetta skal Orkustofnun hafa samvinnu við aðrar ríkisstofnanir og stofnanir, sem ríkið er aðili að, og annast áætlanagerð til langs tíma," er lagt til, að orðalagið verði: „um þetta skal Orkustofnun hafa samvinnu við aðrar ríkisstofnanir og aðila, sem vinna að áætlunargerð til langs tíma," sem sagt að binda þetta við aðrar ríkisstofnanir og svo þá aðila, sem fara sérstaklega með þessi mál, þ. e. a. s. áætlunargerð til langs tíma.

3. brtt. er við 6. gr., og felur í sér, að í stað orðsins „einstaklingum", komi: „öðrum aðilum", þ. e., að binda þetta ekki við einstaklinga.

Við 7. gr. er hins vegar gerð veigameiri brtt. Í frv. er gert ráð fyrir því, að heimilt sé að reisa og reka topp- og varastöð, allt að 1000 kw., án sérstaks leyfis. Hér er lagt til, að orðin „topp- og" falli niður, þ. e. a. s. að greinin hljóði svo: „þá er heimilt að reisa og reka varastöð, allt að 1000 kw., án *sérstaks leyfis*". Það kom fram í n., að um þetta eru menn ekki sammála. Hins vegar var n. þeirrar skoðunar að athuguðu máli, að heimila bæri að reisa og reka varastöðvar, sem væru allt að 1000 kw., án sérstaks leyfis, en n. féllst ekki á að mæla með slíkri heimild varðandi toppstöðvar, sem mundu þá verða, ef til kæmu, meira og minna verkandi inn á rafmagnskerfið, og leggur því til, að þessi orð falli niður.

5. till. er orðalagsbreyt. við 12. gr. Í stað orðsins „álitið" komi: „skoðað" — Brtt. er við 18. gr., þ. e., að aftan við 2. málsgr., þar sem stendur: „ráðherra sá, sem fer með raforkumál, ákveður orkuveitusvæði hverrar héraðsrafmagnsveitu", bætist: „að fenginni umsögn viðkomandi sveitarfélags." — N. telur eðlilegt, að leitað sé álits viðkomandi sveitarfélags um orkuveitusvæðið, áður en það er ákveðið.

Í 26. gr. leggur n. til, að þar sem stendur: „ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast lán allt að 80% upphaflegs stofnkostnaðar héraðsrafmagnsveitna að fenginni umsögn Orkustofnunar", skuli orðið „upphaflegs" falla niður. Þegar þeir, sem sömdu þetta frv., voru beðnir skýringar á því, hvað við væri átt með þessu orðalagi, kom það nánast fram hjá þeim, að þeirra hugsun væri, að heimilt væri að ábyrgjast lán allt að

80% stofnkostnaðar hvers áfanga hjá héraðsrafmagnsveitum, og að athuguðu máli var talið, að þetta orð gæti fallið niður, enda upphaflegur kostnaður nánast ekkert annað en stofnkostnaður. Það, sem talið var, að verið væri að fyrirbyggja með þessu, var, að þegar nýir áfangar væru byggðir, væri ríkisstj. ekki heimilt að ábyrgjast nema 80% af stofnkostnaði hins nýja áfanga, það væri ekki heimilt að endurmeta það, sem eldra væri, þó að til verðhækkana hefði komið, og veita 80% út á það nýja áætlunarverð, sem þá væri komið.

Ég hafði áður gert grein fyrir 8. brtt. svo og fyrri lið þeirrar 9., þ. e. a. s. að orðin „og skal vera rafmagnsverkfræðingur að menntun" í 39. gr. féllu niður, og við 41. gr., e-lið, að í stað þess, að í frv. er sagt „löggildingu á hæfum rafvirkjum og um menntun og hæfni eftirlitsmanna með raforkuvirkjum," þá stæði „löggildingu til rafvirkjunarstarfa og um menntun og hæfni eftirlitsmanna með raforkuvirkjum." Það, sem hér er átt við, er, að ráðh. setur í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til varnar gegn hættu og tjóni af þeim og til varnar gegn truflunum af starfrækslu virkja, sem fyrir eru eða síðar kunna að koma. Og í reglugerð skal m. a. setja ákvæði um löggildingu aðila til þess að annast rafvirkjunarstörf. Það var þetta, sem félag rafvirkja benti m. a. á og þarna er tekið til greina. Við f-lið, þar sem ákveðið er að í reglugerð skuli sett heimild handa rafmagnseftirliti ríkisins til að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuvirkja, var talið eðlilegt að bæta inn í „eða héraðsrafmagnsveitum í umboði þess". Undir mörgum kringumstæðum væru héraðsrafmagnsveiturnar tiltækari aðili til að taka ákvarðanir, og þá er hlutunum þannig hagað, að það sé gert í umboði rafmagnseftirlitsins og þannig, að það yrði þá sá aðili, sem síðast mundi kveða upp úr um það, hvort þær stöðvanir, sem héraðsrafmagnsveiturnar hefðu ákveðið, væru rétt metnar.

Við 53. gr. er 10. brtt., sem er orðalagsbreyting. Ég gerði áður grein fyrir 11. brtt. í sambandi við menntun forstjóra rafmagnsveitna ríkisins. — 12. brtt. er við 62. gr., þ. e. að 2. tölul. orðist svo: „Verð fyrir orku selda beint til notenda" í staðinn fyrir, að þar stendur: „Verð fyrir orku selda og afhenta við húsvegg kaupenda eða notkunarstað þeirra."

13. brtt. er við 63. gr., og hún er á þá lund, að á undan orðinu „eignaaukningu" komi orðið „óhjákvæmilegri". Það er talið, að með þessu sé lögð áherzla á, að tekjum rafmagnsveitna ríkisins af raforkusölu skuli varið til að mæta rekstrarkostnaði þeirra og eðlilegri og óhjákvæmilegri eignaaukningu, þar með talin orkukaup, stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og fyrning eigna.

Síðast er brtt. 14 við 74. gr., að í staðinn fyrir orðið „hefur" í eftirfarandi málsgrein: „Orkustofnun hefur eftirlit með þeim framkvæmdum, sem orkusjóður veitir fé til" komi orðin „getur haft", — þannig að það sé ekki beint ákveðið í frv., heldur að það sé orðað með þessum hætti.

Eins og ég gat um áðan, þá mælir meiri hl. n. með því, að frv. verði samþ. með þessum brtt. og a. m. k. 1. minni hl. mun vera sammála um allar þær brtt., sem hér eru lagðar fram, og sé ég því ekki ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir afstöðu meiri hlutans.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Nál. frá 1. minni hl. fjhn., þ. e. a. s. hv. 11. þm. Reykv. og mér, liggur fyrir á þskj. 339. Við viljum gera nokkrar breyt. á þessu frv. og flytjum till. um það á þskj. 340. Fyrst viljum við breyta 7. gr. frv. Við viljum, að einkaréttur ríkisins til að reisa og reka orkuver yfir vissa stærð haldist óbreyttur eins og hann nú er í lögum. Þess hefur ekki orðið vart, að þau ákvæði hafi orðið neinum aðila fjötur um fót í þessum efnum. Og við viljum láta haldast þá heimild handa ráðh., sem nú er í raforkulögunum um að veita sveitarfélagi, einstökum manni eða félagi leyfi til að reisa og reka raforkuver, allt að 2 þús. kw. að stærð til að fullnægja rafaflsþörf sinni, ef rafmagnsveitur ríkisins eða héraðsrafmagnsveitur geta eigi eða óska eigi að láta rafafl í té. Þetta er þannig nú í lögum og við viljum láta þessa heimild ráðh. haldast óbreytta, en að öðru leyti verði óbreytt einnig ákvæði um rétt ríkisins í þessu efni.

Gert er ráð fyrir því, að þegar þetta frv. verður að lögum, þá falli úr gildi raforkulögin, sem sett voru árið 1946. Skv. þeim l. hefur þingkjörið raforkuráð gegnt þýðingarmiklu hlutverki við meðferð raforkumála. Það er vitanlega úr sögunni um leið og raforkulögin verða afnumin. Verkefni ráðsins hefur verið að fylgjast með stjórn og framkvæmdum í raforkumálum, gera till. um þau efni og vera ríkisstj. til ráðuneytis í þeim málum. Skv. lögum hefur raforkuráðið fengið til athugunar og umsagnar till. um að reisa ný orkuver og orkuveitur, till. um gjaldskrá rafmagnsveitna ríkisins, reikninga og fjárhagsáætlanir þeirra fyrirtækja o. m. fl. Nú á að hverfa úr sögunni þetta ráð, en hins vegar er í þessu frv. í kaflanum um orkusjóð gert ráð fyrir, að Alþ. kjósi svonefnt orkuráð, en verkefni þess á að vera það eitt að fara með stjórn orkusjóðs undir yfirstjórn ráðherra. Hinu nýja ráði er því ætlað miklu þrengra verksvið og valdsvið en raforkuráðinu, sem nú starfar. Við getum ekki fellt okkur við þetta og flytjum því till. um, að inn í frv. verði bætt nýjum kafla um stjórn orkumála, sem kæmi í staðinn fyrir kaflann um stjórn raforkumála, sem nú er í gildandi l., og hliðstæðum honum. Og í þeim kafla verða að sjálfsögðu ákvæði um kosningu orkuráðs, eins og þau eru nú í ákvæðunum um orkusjóð, og verkefni orkuráðsins verði þar ákveðin, með hliðsjón af fyrirmælum gildandi laga um verkefni raforkuráðs. Um þetta er 4. brtt. okkar, þennan nýja kafla um stjórn raforkumála, þar

sem verði sett ákvæði í 5 greinum um kosningu orkuráðsins, óbreytt eins og þau eru í frv., en síðan í næstu greinum ákvæði um verkefni ráðsins, og er það eins og ég sagði áðan hliðstætt við verkefni raforkuráðs skv. gildandi l. Sumar þessar brtt., sem við flytjum, þurfa ekki skýringa við, en ég vil nefna hér eina og hún er við 71. gr. frv., þ. e. 11. brtt. á þskj. 340. Í 71. gr. frv. er ákvæði um það, að orkusjóði skuli heimilt að veita einstökum bændum eða fleiri saman lán til að reisa vatnsaflsstöðvar til heimilisnota utan þeirra svæða, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til, og megi lánin nema allt að 2/3 stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjunar og línulagna heim að bæjarvegg. Við leggjum til að í staðinn fyrir, að heimilt sé að lána allt að 2/3, komi allt að 4/5.

En síðasta brtt. okkar, sú 12., sem við teljum þýðingarmesta og viljum leggja mesta áherzlu á að verði samþ., er um það, að við frumvarpið bætist eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða, sem ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa:

„Á árunum 1967 til 1969 skal leggja rafmagnslínur frá rafmagnsveitum ríkisins til allra heimila, sem ekki hafa áður fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða minni. Skal framkvæmdunum skipt sem jafnast á árin. Rafmagnsveitustjóri skal gera kostnaðaráætlanir um raflínulagnir frá rafmagnsveitum ríkisins um þær byggðir, þar sem meðallínulengd milli býla er 2—2½ km og 2½—3 km. Einnig geri hann tillögur um uppsetningu dísilstöðva til rafmagnsframleiðslu á þeim heimilum, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja til þeirra raflínur frá samveitum og ekki hafa hagstæð skilyrði til vatnsaflsvirkjunar, og séu till. við það miðaðar, að notendur slíkra stöðva njóti ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum. Áætlanir þessar og tillögur verði gerðar og lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóv. 1967."

Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þessar brtt. okkar.

Um s. l. áramót munu rúml. 3800 sveitabýli hafa haft rafmagn frá samveitum og sérstökum vatnsaflsstöðvum. Má því áætla, að það séu nálægt því 1500 heimili, sem hafa hvorugt þetta. Miðað við þá áætlun, sem raforkumálaskrifstofan gerði árið 1964, má gera ráð fyrir, að um það bil helmingur af þessum 1500 býlum sé á svæðum, þar sem meðalvegalengd milli heimila er 2 km eða minni. En skv. till. okkar í 1. minni hl. eiga þau að fá raflínur frá samveitum á þessu og næstu 2 árum, þ. e. fyrir árslok 1969. Verða þá eftir sennilega 600—800 sveitaheimili, sem ekki hafa rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum. Og við leggjum til í till. okkar um bráðabirgðaákvæði, að gerðar verði áætlanir nú á þessu ári um kostnað við að leggja raflínur til býla, þar sem meðalvegalengd er í fyrsta lagi 2—2½ km og í öðru lagi 2½—3 km. Þetta er áreiðanlega auðvelt verk fyrir raforkumálaskrifstofuna og það er nauðsynlegt að fá slíkar áætlanir, til þess að Alþ. geti tekið ákvörðun um, að hve miklu leyti raforkuþörf fólksins verður fullnægt með línum frá samveitum. En sjálfsagt er að ganga svo langt í því efni sem mögulegt þykir kostnaðar vegna, því að á þann hátt fá menn bezta og öruggasta þjónustu. En hvað sem ofan á verður í því efni, má gera ráð fyrir, að nokkur hundruð býli geti ekki fengið rafmagn frá samveitum vegna fjarlægðar, og þá er að leita að úrræðum fyrir þau. Trúlegt er, að eitthvað af þeim hafi skilyrði til sérstakrar vatnsaflsvirkjunar til rafmagnsframleiðslu, og þarf að aðstoða þau við að nota þá möguleika, ég nefndi þarna áðan brtt. okkar um að hækka lánin til þeirra. En þar sem þeir möguleikar eru ekki fyrir hendi, mun tæplega um annað að ræða en mótorstöðvar, og í till. okkar er rafmagnsveitustjóra ætlað að gera till. um uppsetningu þeirra. Allmörg býli hafa nú mótorstöðvar til raforkuframleiðslu. En ég tel þau ekki hér með rafvæddum heimilum, því að þar er í mörgum tilfellum um ófullkomið bráðabirgðaúrræði að ræða, á meðan beðið er eftir öðru betra. En eins og áður segir, leggjum við til, að gerðar verði áætlanir um uppsetningu slíkra stöðva fyrir þá, sem ekki eiga völ á öðru betra, þó að sú úrlausn sé mjög ófullkomin í samanburði við rafmagn frá samveitu. Tillögur þessar eiga að miðast við það, að notendur þeirra fái ekki minni opinberan stuðning en þeir njóta, sem fá rafmagn frá samveitum. Þar gæti komið til greina, að rafmagnsveitur ríkisins setji stöðvarnar upp og eigi þær og láni með sanngjörnum kjörum. Aðstoð í öðru formi getur líka komið til greina, ef hentara þætti, en þetta er rannsóknarefni.

Við leggjum áherzlu á, eins og ég sagði áðan, að till. okkar um bráðabirgðaákvæði verði samþ. Það má ekki dragast lengur að láta fólkið, sem enn er án rafmagnsins, vita, hvers það má vænta. Og ákvarðanir í þessu efni hafa þegar dregizt lengi. Það er ekki hægt, nú á síðasta þriðjungi 20. aldarinnar, að ætla fólki að búa á rafmagnslausum heimilum. Það er lítið fjárhagslegt átak að ljúka því verki að koma rafmagninu til allra landsmanna á allra næstu árum. Vilji er allt, sem þarf.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá fjhn., varð nefndin ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég hef skilað sérstöku nál. varðandi afstöðu mína til málsins, og hún er sú, að ég er andvígur þessu frv. og vil því láta fella það. Ég hef ekki flutt neinar brtt., af því að þetta er mín meginafstaða til málsins, að hér sé ekki stefnt í rétta átt, heldur í þveröfuga átt við hið rétta í rafmagnsmálum okkar. Ég neita því þó ekki, að það sé hægt að betrumbæta þetta frv. eins og það liggur fyrir, með því að fá þar samþ. nokkrar brtt., en ég tel,

að meginefni frv. sé óæskilegt og af því eigi fyrst og fremst að fella frv. Það er því nokkur ástæða til þess að reyna að glöggva sig á því, hvert er í rauninni meginefni þessa frv. Að hverju er verið að stefna í raforkumálum okkar með flutningi þessa frv., og hvað er það, sem virðist sérstaklega vaka fyrir hæstv. ríkisstj. í raforkumálum landsins með flutningi þessa frv.? Ég veit, að allir hv. alþm. kannast vel við það, að það var í rauninni mörkuð ný stefna í raforkumálum landsins með raforkulögunum, sem sett voru árið 1946. Fram að þeim tíma hafði meginþunginn í raforkumálum landsins hvílt á bæjar- og sveitarfélögum. Hin einstöku bæjar- og sveitarfélög urðu að hafa forgöngu um það að leysa sín rafmagnsmál eða rafmagnsmál þeirra svæða, sem skiptu þau mestu máli. Fram að þeim tíma voru hér flutt frv. eða till. á Alþ. margar um svipuð efni, svo að segja á hverju þingi. Þá var það ýmist bæjar- eða sveitarstjórn á Norðurlandi, Austurlandi, Vestfjörðum eða annars staðar á landinu, sem sótti til Alþ. með beiðni um það að fá ríkisábyrgð fyrir svo og svo miklu láni til framkvæmda í raforkumálum. Og þá var það, fram að þessum tíma, að aðstoð ríkisins var veitt í sambandi við raforkumál fyrst og fremst í því formi að veita bæjar- og sveitarfélögum ríkisábyrgðir fyrir lánum, sem áttu að ganga til raforkuframkvæmda. Einnig var um það að ræða, að ríkið hafði sína stofnun, sem veitti nokkrar tæknilegar upplýsingar til framkvæmda í þessum efnum. Og ég skal ekki fara lengra út í það að þessu sinni að rekja þetta ástand, sem hér var. En með raforkulögunum frá 1946 er mörkuð ný stefna hér á Alþ. í raforkumálum þjóðarinnar, og það var ekki vitað, að neinn flokkslegur ágreiningur væri um þá stefnu, sem þá var upp tekin. Það voru að vísu ekki allir á einu máli um það, hvernig þessum málum skyldi skipað, en það var ekki um það að ræða fyrst og fremst, að sá ágreiningur væri af flokkslegum toga spunninn. Á þessum tíma höfðu í rauninni allir sannfærzt um það, sem eitthvað höfðu skipt sér af þessum málum, að það væri orðið nauðsyn að taka upp nýja stefnu í raforkumálum landsins, stefnu, sem miðað gæti að því að leysa raforkumál þjóðarinnar á hagkvæmari hátt en áður hafði verið gert. Og þá var sú stefna mörkuð, að ríkið skyldi taka að sér forustuna um það að rafvæða landið, reisa stærstu orkuverin, koma upp stærstu orkuveitulínunum um landið og reyna að sjá landsmönnum, hvar svo sem þeir ættu heima, og atvinnurekstrinum í landinu, reyna að sjá þessum aðilum fyrir þeirri raforku, sem þeir þyrftu á að halda. Það var alveg augljóst mál öllum, að gamla fyrirkomulagið leiddi til margra rafveitna, margra smárra orkuvera dreifðra um landið, sem eðli málsins samkvæmt væri óhagstætt í rekstri. Nú, meðan þetta gamla kerfi var í gildi, þá varð ríkið auðvitað í mörgum tilfellum að hlaupa undir bagga og standa undir þeim lánum, sem það hafði tekið að sér ábyrgð á, og jafnvel að greiða hinum einstöku rafveitum beina fjárhagsstyrki.

Frá þessu öllu átti að hverfa stig af stigi með þeirri stefnu, sem mörkuð var með raforkulögunum frá 1946. En í upphafi þeirra laga segir, að ríkið eitt skuli hafa heimild til að reisa og reka raforkuver, sem séu stærri en 100 hestöfl. Með þessu var því slegið föstu, að ríkið skyldi hafa einkaréttaraðstöðu til þess að koma upp raforkuverum í landinu. Síðan var að vísu að því vikið vegna þessa ástands, sem fyrir var, að þeir aðilar í landinu, sem komið höfðu upp raforkuverum og stæðu að mörgu leyti með hálfnað verk, hefðu ekki fullvirkjað, t. d. þau vatnsföll, þar sem þeir höfðu þegar reist fyrri hlutann eða fyrsta hlutann af sínu orkuveri, að þá yrði þessum aðilum þó með sérstöku leyfi ríkisvaldsins heimilað að halda áfram að fullvirkja, þar sem verkið var hálfnað, en þó gert ráð fyrir því, að ríkið gengi inn í þessi orkuver jöfnum höndum að auknum hluta og að ríkið yrði varðandi öll stærri orkuverin a. m. k. helmingseignaraðili og stefnt að því, að ríkið eignaðist þessi meginorkuver öll. Í þessari 1. gr. raforkulaganna frá 1946 var svo eitt heimildarákvæði handa ráðh., að hann mætti þó veita heimild til þess að koma upp orkuveri, sem væri innan við 2 þús. hestöfl, ef sérstök meðmæli frá raforkumálastjóra lægju fyrir í slíku tilfelli. En með löggjöfinni hafði einmitt verið ákveðið, að raforkumálastjóri skyldi vera æðsti maður landsins í raforkumálum þjóðarinnar.

Með þessu frv. er alveg augljóst, hvað vakir fyrir hæstv. raforkumrh., sem stendur að flutningi þessa máls, og ríkisstj. væntanlega allri, að taka nú upp nýja stefnu í raforkumálum þjóðarinnar, breyta frá þessari meginstefnu, enda er það alveg augljós tilgangur með þessu frv. Það er skýrt tekið fram í grg. frv., sem hér liggur nú fyrir til umr., að eitt meginatriðið í þessari væntanlegu löggjöf sé einmitt það að afnema einkarétt ríkisins í raforkumálum, og síðan koma frv.-gr., sem beinlínis opna stórlega frá því, sem áður var, möguleika til þess að aðrir geti tekið þátt í byggingu raforkuvera og rekstri þeirra eftirleiðis. Í 7. gr. frv., eins og það liggur fyrir, er sagt, að til þess að reisa og reka raforkuver stærra en 2 þús. kw. þurfi leyfi Alþ. En sem sagt, raforkuver upp að 2 þús. kw. getur ýmist ráðh., hver svo sem hann er, veitt leyfi fyrir, eða þá að beinlínis er gert ráð fyrir, að hægt sé í sumum tilfellum að koma upp sérstökum topp- og varastöðvum upp í 1000 kw., án þess að leitað væri eftir slíku leyfi. Það er alveg augljóst mál, að með þessu er verið að marka stórfellda stefnubreytingu í raforkumálum þjóðarinnar. Á því er vitanlega gífurlega mikill munur, hvort það er bundið í l., að ríkið eitt skuli hafa heimild til þess að koma upp raforkuverum eða hvort gengið er út frá því, að viðkomandi raforkumálaráðh. geti veitt einstökum aðilum heimildir til þess að koma upp sínum raforkuverum. Með því að opna fyrir þennan möguleika á

nýjan hátt, er verið að snúa til gamla skipulagsins, sem hér var ríkjandi, sem leiddi af sér stórfelld vandkvæði í ýmsum tilfellum. Ég skal nú nefna dæmi um það, hvers konar hættur vofa hér yfir alveg augljóslega. Ef slík ákvæði sem þessi væru sett í lög, væri það orðið í hendi viðkomandi raforkumálaráðh., hvort hann heimilaði að reisa raforkuver, sem væri undir 2000 kw. Hann þyrfti ekki að leita til Alþ. með það, það væri hans mál. Mér er nú sem ég sjái t. d. núv. hæstv. raforkumálaráðh., ef kæmu til hans aðilar, t. d. úr hans kjördæmi, sem þrýstu á hann svona á passlegan hátt og vildu fá að reisa raforkuver, af því að það þætti standa svona sæmilega af sér þar með að koma upp raforkuveri, sem væri innan við 2000 kw. Og sá staður vildi þá taka sig út úr því svæði, sem hann er á, og leysa sín raforkumál með sérvirkjun. En 2000 kw. virkjun er hreint ekki lítil virkjun. Miðað við þá raforkunotkun, sem lengst af hefur verið lögð til grundvallar hér á landi, mundi vera talið, að 2000 kw. virkjun, sem væri svona sæmilega örugg með orku, væri mjög góð fyrir svona 4000 manna bæ og þó væri hún fullgóð, þar sem um það væri að ræða, að hægt væri að skjóta inn toppstöðvum þar á milli, þegar orkuna þryti eða eitthvað drægi úr henni. Ég er ósköp hræddur um það af fenginni reynslu, að núv. hæstv. raforkumálaráðh. og ekki hann einn, heldur margir aðrir ráðherrar líka og ekki aðeins ráðh. í núv. ríkisstj., heldur í flestum þeim ríkisstj., sem ég hef þekkt til, að þá gæti farið svo fyrir þeim ráðh., að hann yrði við beiðni heimastaðar síns, sem væri í hans kjördæmi, þetta stór og vildi draga sig úr og leysa sín raforkumál með því að virkja einhverja heimasprænu, sem þó hefði yfir þessari orku að ráða. En þetta gæti orðið til þess, að nærliggjandi svæði, jafnvel heil sýsla, tvær sýslur eða heill landshluti, hann yrði þannig settur, eftir að slík sérvirkjun hefði verið gerð á einum stað, að það væri í rauninni brostinn grundvöllurinn fyrir því, að leysa raforkumál viðkomandi heildarsvæðis á vitlegan hátt fyrir framtíðina með því að nýta staðina alla saman og reyna að leysa raforkumál þeirra á sem hagstæðastan hátt yfir heildina. Þá hefði sem sagt þurft að hafa þennan stað, sem ég var hér að gera ráð fyrir að e. t. v. óskaði eftir að leysa sín mál út af fyrir sig, þá hefði þurft að hafa hann með í heildinni. Það er því veruleg hætta á ferðum, að þetta ákvæði geti leitt til þess, að aftur komi upp sérvirkjanir og smávirkjanir og dreifing, aukin dreifing á orkuframleiðslunni, sem verði mjög óhagstætt, þegar litið er á málið frá heildarsjónarmiði séð. En þeir, sem flytja þetta frv., telja þetta einmitt eitt aðalatriði málsins að hverfa frá þeirri stefnu, sem mörkuð var með raforkulögum frá 1946, og að taka upp að meira eða minna leyti möguleika á því, að aftur verði horfið inn á gamla kerfið, sem hér var gildandi fyrir 1946. Ja, ég geri nú svo sem ráð fyrir því, að hæstv. raforkumrh. kunni að segja sem svo, eins og þeir menn segja, sem finna það, að þeir eru komnir í nokkurn vanda, að það sé ekki nein ástæða til að ætlast til þess að ráðh. raforkumála, hann geri ekki yfirleitt það, sem bezt sé fyrir heildina í þessum málum, og veiti þar af leiðandi ekkert svona leyfi, þar sem svona standi á. En ég segi: það á að marka stefnuna í löggjöf alveg skýrt, og það á ekki að breyta þeirri meginstefnu nema með ákvörðun Alþ. Sú meginstefna á ekki að vera undir geðþótta einstakra ráðh., því að við höfum þá reynslu, að einn þeirra getur litið svona á málið og annar á hinn veginn. Og auðvitað meina þeir, sem þetta ákvæði vilja setja inn í lög, eitthvað með því, þeir eru hér að opna fyrir þennan möguleika.

Þegar grein er gerð fyrir því hér í aths. við frv., hvað hafi vakað fyrir hæstv. ráðh. með skipun sérstakrar n. til þess að endurskoða raforkulögin frá 1946, þá segir, að í bréfi ráðh. til n. hafi staðið, „jafnframt því sem skipulag raforkuvinnslu og raforkudreifingar á vegum ríkisins verði íhugað í ljósi þeirrar stefnu, sem mörkuð hefur verið með setningu laga um Landsvirkjun.“ Hvaða stefna var mörkuð í raforkumálum þjóðarinnar með lögum um Landsvirkjun? Ég veit ekki betur en lögin um Landsvirkjun hafi verið túlkuð þannig hér á Alþ., að það hafi beinlínis verið ætlunin í upphafi að koma þar upp raunverulegri landsvirkjun, þ. e. a. s. stórvirkjun í raforkumálum, sem ætti í rauninni að vera fyrir landið sem heild. Og upphaflega var þannig staðið að málinu, að það var ekki aðeins allt Suðvesturlandið, sem stæði að Landsvirkjun, heldur var ætlunin, að tengilína yrði á milli Suðurlands og Norðurlands og Norðurlandsveitukerfið tengt við Suðurlandsveitukerfið og síðan var meiningin, að samtenging yrði á öllu raforkukerfi landsins í framtíðinni. Það er rétt, að það kom fljótlega í ljós, að forustumenn í núv. ríkisstj. virtust ekki kæra sig um það, að ríkið — að íslenzka ríkið — hefði á hendi fullkomna forustu í þessari landsvirkjun. Þeir vildu ganga þannig frá yfirstjórn fyrirtækisins, sem var verið að koma upp, að íslenzka ríkið átti ekki að vera nema helmings aðili á móti Reykjavíkurborg einni. Og þó að ísl. ríkið yrði að sjálfsögðu að leggja til svo að segja allt það fjármagn, sem þurfti til að ráðast í Búrfellsvirkjun, þá var þó gengið svo frá yfirstjórn á þessu fyrirtæki, að þess var vandlega gætt, að íslenzka ríkið sem heild mátti ekki hafa eina gráðu fram yfir Reykjavíkurborg í valdi í þessu fyrirtæki. Hvor aðili um sig, íslenzka ríkið annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar máttu tilnefna tvo menn í stjórn fyrirtækisins, en oddamanninn mátti íslenzka ríkið ekki tilnefna. Nei, ef þessir tveir aðilar, Reykjavíkurborg og íslenzka ríkið, ekki gátu orðið sammála um þennan oddamann, þá átti hæstiréttur að skera úr, hver persónan ætti að vera. Það var auðvitað augljóst, að hér lágu pólitískar hvatir til í sjálfu sér. Það var verið að reyna að hafa áhrif á það, hvernig farið yrði í framtíðinni með stjórn þessa mikla fyrir-

tækis. En í rauninni er ekki hægt að segja, að með lögunum um Landsvirkjun hafi verið mörkuð nein ný stefna út af fyrir sig í raforkumálum landsins, því að það var a. m. k. ekki látið uppi þá, að það væri ætlunin, að Landsvirkjun næði aldrei nema aðeins yfir Suðvesturlandssvæðið og síðan ætti að deila upp öðrum hlutum landsins í tilsvarandi fyrirtæki, kannske mörg fyrirtæki, sem öll ættu að vera byggð upp á sams konar grundvelli eins og Landsvirkjunarfyrirtækið um Þjórsárvirkjunina var byggt upp. Það kom ekki fram og því var ekki neinni slíkri stefnu slegið fastri í sambandi við setningu l. um Landsvirkjun.

Meginbreytingarnar varðandi okkar raforkumál, sem felast í þessu frv., eru að mínum dómi þessar:

Í fyrsta lagi er stefnt að því með þessu frv. að breyta um forustuhlutverk ríkisins í raforkumálum. Það á að rýmka heimildir til einkaaðila til þess að koma upp raforkuverum og reka raforkuver. Og það á mjög að rýmka heimild ráðherra til þess að hafa áhrif á það, hvernig raforkumálin í landinu þróast. Það á sem sagt að hverfa frá því, frá þeirri meginstefnu, að ríkið eigi að reisa aðalraforkuverin í landinu, eigi að hafa forustu um það að leggja aðalveitulínurnar og eigi að hafa á hendi rekstur þessara mannvirkja.

Í öðru lagi er stefnt að því með þessu frv. að leysa í rauninni upp núverandi raforkumálaskrifstofu ríkisins. Þessi raforkumálaskrifstofa hefur verið ein stærsta framkvæmdastofnun ríkisins nú um nokkurra ára skeið. Hún hefur ekki aðeins haft í sínum höndum mjög viðtækar rannsóknir á þessu þýðingarmikla sviði orkumálanna og ekki aðeins verið til ráðuneytis ríkisstj. á hverjum tíma, heldur hefur hún staðið í beinum stórframkvæmdum við að koma upp orkuverum, sem hafa átt að fullnægja raforkuþörfinni í heilum landshlutum, og hún hefur staðið fyrir því að leggja aðalorkuveitur og að taka síðar að sér raforkusölu í stórum stíl. Nú er stefnt að því að splundra þessari skrifstofu, þessari raforkumálastofnun og í rauninni á að gera hana algerlega að áhrifalausri stofnun.

Í þriðja lagi felur þetta frv. það í sér, að rafmagnsveitur ríkisins, sem áður höfðu verið undir beinni stjórn raforkumálaskrifstofunnar, þar sem gert var ráð fyrir, að meginframkvæmdavaldið væri í okkar raforkumálum, að þær verði nú skildar frá embætti raforkumálastjóra og hans skrifstofu og rafmagnsveitur ríkisins gerðar að sérstöku rekstrarfyrirtæki, með sérstökum framkvæmdastjóra, sem á að heyra beint undir raforkumálaráðherra. Áður hafði að vísu verið gert ráð fyrir því, að ráðinn yrði sérstakur rekstrarframkvæmdastjóri fyrir rafmagnsveitur ríkisins, og það var ráðinn sérstakur rekstrarframkvæmdastjóri, sem var undir yfirstjórn raforkumálastjóra. Svo að það þurfti ekki að gera þessa skipun þess vegna, enda beinlínis gert ráð fyrir því í raforkulögunum frá 1946, að sá háttur yrði á hafður, að sérstakur rekstrarstjóri yrði ráðinn fyrir þetta fyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins. En ætlunin er líka greinilega að breyta um hlutverk rafmagnsveitna ríkisins. Í raforkulögunum frá 1946 var það skýrt tekið fram í 6. gr. l., hvert væri hlutverk og hver væri skylda rafmagnsveitna ríkisins. En upphaf 6. gr. l. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Rafmagnsveitur ríkisins skulu hafa það verkefni að afla almenningi og atvinnuvegum landsins nægrar raforku á sem hagfelldastan og ódýrastan hátt, með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá öðrum orkuverum eða orkuveitum" o. s. frv.

Sem sagt skýrt tekið fram, að þær skulu hafa það verkefni að afla almenningi og atvinnuvegum landsins nægrar raforku. Skyldan var færð yfir á þessa stofnun, það var þessi stofnun, sem átti að afla nægrar raforku og sjá um, að hún væri til fyrir atvinnulífið í landinu og fyrir almenning í landinu. Og þannig hefur verið á þessu haldið. Það hafa verið gerðar kröfur frá bæjar- og sveitarfélögum og frá atvinnulífinu til rafmagnsveitna ríkisins um það, að þær sæju um það á hverjum tíma, að næg raforka væri fyrir hendi. Og þær hafa reynt að leysa þetta alveg eftir því, sem geta hefur frekast verið til. En sem sagt, þeir aðilar, sem áður töldu það vera skyldu sína, og það var þeirra skylda, sveitarfélaganna í landinu, að leysa raforkumálin, þeir hurfu úr þessari skyldu, en skyldan færðist yfir á þessa ríkisstofnun í staðinn. En skv. þessu frv., sem hér liggur fyrir nú, á ekki lengur að hvíla þessi skylda á rafmagnsveitum ríkisins. Nú er verkefni rafmagnsveitna ríkisins á allt annan hátt, sem sagt á þann hátt, að það skuli blátt áfram verða verkefni þeirra að framleiða og selja raforku. Sem sagt fyrst og fremst greinilega við það miðað að reka þau fyrirtæki, sem fyrir eru í landinu. En skyldan er tekin af. Þetta fyrirtæki getur auðveldlega sagt skv. þessum lögum á eftir, að á því hvíli engin sérstök skylda til þess að afla atvinnuvegunum í landinu eða almenningi nægrar raforku við sem hagstæðustu verði. Skylda rafmagnsveitna ríkisins er að reka þær veitur, sem rafmagnsveitur ríkisins ná yfir á hverjum tíma, og svo er það þeirra mál, hvort lengra verður haldið eða ekki. Hér er alveg greinilega um stefnubreytingu að ræða.

Nú, það eru fleiri ákvæði í þessu frv., sem bera það augljóslega með sér, að það er stefnt að því að breyta verulega til um stefnu í raforkumálum landsins. Með þessu frv. er alveg augljóslega verið að draga einnig úr áhrifum Alþ. á yfirstjórn raforkumálanna í landinu. Skv. núgildandi raforkulögum kaus Alþ. raforkumálastjórn, stjórn eða raforkumálaráð, eins og þau annars hafa heitið, en raforkumálaráð hafði mjög viðtæk verkefni skv. lögunum og átti að fylgjast með öllum meiri háttar framkvæmdum í raforkumálum landsins og gat gert um þær till. Þar hafði Alþ. sitt íhlutunarvald um framkvæmd málefna, en með þeirri

skipan, sem nú er gert ráð fyrir að taka upp skv. þessu frv., má segja, að Alþ. sé sett út úr hvað áhrif snertir varðandi öll meiri háttar atriði um orkumál. Alþ. á að vísu að fá að kjósa áfram í svonefnt orkumálaráð, en þá er bara þess gætt með ákvæðum um þetta orkumálaráð, að það á hreinlega ekkert að gera. Það er að vísu gert ráð fyrir því, að orkumálaráð megi gera till. til ráðh. um skiptingu á því fé, sem Alþ. er þá búið að ákveða fyrir hvert einstakt ár til dreifiveitna um sveitir landsins. Nú hefur raforkumálaráð raunverulega verið yfirstjórn hins mikla raforkusjóðs ríkisins, sem er orðið mikið fyrirtæki. Skv. upplýsingum, sem fjhn. fékk, var eignarhlíðin á reikningi raforkusjóðs nú í árslok 1966 talin rúmlega 800 millj. kr. Skuldir voru að vísu þar á móti talsvert miklar, hér er ekki um hreina eign að ræða. Skuldlaus eign sjóðsins er talin vera skv. reikningum 205 millj. kr., en þessar tölur sýna, að raforkusjóður var þegar orðinn býsna mikil stofnun, og yfirstjórn hans hafði því vitanlega talsvert mikið um þessi mál að segja. Þær reglur höfðu verið á um langan tíma, að yfirstjórn raforkumálanna gat ráðstafað fjármunum raforkumálasjóðs í þágu rannsókna og ýmissa undirbúningsframkvæmda varðandi framkvæmdir í raforkumálum, og á þann hátt var raforkumálastjórnin ekki algerlega bundin við þær fjárveitingar, sem ákveðnar voru á fjárl. hverju sinni til undirbúningsframkvæmda í raforkumálum eða til rannsókna við þau fjölbreytilegu atriði, sem koma fram í undirbúningi að virkjunum, en með þessu frv. er ákveðið, að breyting skuli verða á í þessum efnum, og það kom fram við viðræður í n. við þá menn, sem staðið höfðu að því að semja frv. f. h. ríkisstj., að það væri sérstakt kappsmál að sjá um það, að stjórn orkumálanna, eins og hún á að heita skv. frv., hefði enga möguleika til þess að notfæra sér neina sjóði eins og áður um raforkumálasjóð, til þess að standa undir rannsóknum eða undirbúningsframkvæmdum varðandi þessi mál, og það skýrt tekið fram, að þessir aðilar fengju ekki að standa að neinum framkvæmdum eða ráðstöfunum í þessum efnum, nema samkvæmt þeim ákvörðunum, sem Alþ. hefði tekið fyrir hvert einstakt ár við afgreiðslu fjárlaga, og þannig átti sem sagt að hafa meira aðhald að þeim mönnum, sem stjórnað hafa þessum málum, en hingað til hefur verið. Nú er það alveg vitað mál, að rannsóknarstarfsemi eins og fram hefur farið á vegum raforkumálaskrifstofunnar á undanförnum árum og undirbúningsvinna, sem þar var unnin, er mjög breytileg frá ári til árs, eftir því hvernig á stendur með verkefni. Og þar sem tiltölulega stór verkefni geta komið upp jafnvel í miðri rannsókn og verða ekki auðveldlega séð fyrir, hefur það verið mjög þýðingarmikið fyrir yfirstjórn raforkumálanna að hafa möguleika til þess að ráða sér starfsmenn, m. a. vísindamenn á þessu sviði, sem ekki var kannske of auðvelt að ná til, og geta tryggt sér starfskrafta þeirra um eins eða tveggja ára skeið, eftir því sem á stóð. En það er mjög hætt við því, ef hitt skipulagið verður tekið upp, að orkumálastjórnin megi ekki ráða sér menn til slíkra starfa nema skv. fyrirframgerðri áætlun í sambandi við fjárl. hverju sinni, þá liggi margar slíkar athuganir eftir og dragist úr hömlu. Ég tel því, að þetta nýja fyrirkomulag, sem þarna er markað í þessu frv., það sé mjög til hins verra, enda lagði raforkumálastjóri fram till. til breytinga á frv. í þessa átt og lagði á það mjög ríka áherzlu, að fallizt yrði á þetta sjónarmið hans. En þó að fram hefði komið í n. að mínum dómi mjög viðtæk viðurkenning á því frá mörgum nm., að rétt væri að athuga þessa beiðni raforkumálastjóra, ja, þá komu skilaboð frá hæstv. ríkisstj. fljótlega til n. um það, að við þessu væri alls ekki hægt að verða, því að þetta skyldi standa á þann veginn, að yfirstjórn orkumálanna hefði ekki þessa möguleika nema skv. sérstakri samþykkt frá Alþ. fyrir hvert einstakt ár.

Það eru enn þá fleiri breyt. en þær, sem ég hef gert hér að umtalsefni, sem felast í þessu frv. Með frv. er gert ráð fyrir því, að sett verði á stofn allmikil n., sem kölluð er tækninefnd og á að verða ráðgefandi um orkumál. Það er ekki hægt að sjá, að þessi nefnd hafi neitt vald út af fyrir sig. Skv. frv. er gert ráð fyrir því, að í þessari tækninefnd verði fulltrúar frá ýmsum orkufyrirtækjum í landinu og svo frá þeim stofnunum, sem ekki eru nú víst að dómi ríkisstj. neinar minni háttar orkustofnanir, eins og Seðlabankinn og Efnahagsstofnunin, því að þær verða vitanlega að hafa sína fulltrúa inni til þess að fylla upp tölu fulltrúanna í þessari tækninefnd.

Þegar spurt er um það, hvert eigi í raun og veru að verða verkefni þessarar tækninefndar, fást ekki nein svör við því. Svo einkennilega er frv. upp byggt, að í þeirri grein, sem ein fjallar um þessa tækninefnd, segir með leyfi hæstv. forseta, orðrétt: „Nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti tækninefndar Orkustofnunar skulu sett í reglugerð. Ráðherra ákveður starfskjör tækninefndarmanna.“ Og áður hefur aðeins verið sagt, að hún skuli vera til ráðuneytis um orkumál. Ekkert frekar er sagt um verkefni þessarar tækninefndar. Ekki neitt. Þetta er auðvitað mótgun við Alþ. að leggja fram svona frv. Að gera ráð fyrir því, að sett sé á stofn fjölmenn n., sem sagt er að eigi að vera til ráðuneytis um orkumál, en nánar um verksvið nefndarinnar er ekkert sagt í l., ekkert minnzt á það í grg., engin skýring um það í framsögu með frv., og þegar óskað er eftir upplýsingum um það í þeirri n., sem fjallar um málið, hvert eigi að vera verkefni þessarar n., nánar tiltekið, þá fást engar upplýsingar. Hér er ráðh. auðvitað aðeins að biðja um heimild til þess að mega ráða því einn, hvaða reglur eigi að gilda um verksvið þessarar n.

Þá er í þessu frv. að finna ákvæði það, að í þeim tilfellum, þar sem héraðsrafmagnsveitur, þ. e. a. s. rafmagnsveitur einstakra staða, eins og einstakra kaupstaða, óska eftir fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins til þess að koma upp orkuveri, þá skuli sú ríkisábyrgðarheimild, sem um langan tíma hefur verið í l. og verið miðuð við 85%, lækkuð í 80%. Það er enn ein breyt., sem felst í þessu frv.

Ég hef nú gert hér nokkra grein fyrir því frá mínu sjónarmiði, hvað það er, sem fyrst og fremst felst í þessu frv. til orkulaga, sem hér liggur fyrir, og þá sérstaklega reynt að gera grein fyrir því, hvaða breyt. er um að ræða frá þeirri stefnu, sem gildandi hefur verið í raforkumálum okkar. Í þessu sambandi tel ég eðlilegt, að menn reyni að gera sér grein fyrir því, að hverju er æskilegt að stefna í raforkumálum þjóðarinnar. Er æskilegt að stefna til eitthvað svipaðs fyrirkomulags um byggingu raforkumannvirkja og hér var fyrir 20 árum og leiddi óhjákvæmilega af sér byggingu tiltölulega margra raforkuvera og tiltölulega smárra? Eða er æskilegt að stefna að því, að raforkuþörf landsmanna verði leyst með allra stærstu virkjunum, sem mögulegt er að koma við hverju sinni? Ég held, að enginn vafi sé á því, að það eigi að stefna að þeim möguleika, eflaust stig af stigi, að við getum leyst raforkumálin í landinu sem mest með stórvirkjunum, og síðan eigi að stefna að því að tengja saman þau orkuver, sem fyrir eru í landinu, eða aðalorkuveitusvæðin. Að þessu held ég, að eigi að stefna, alveg eins og ákveðið var í raun og veru með raforkulögunum frá 1946. Það er í rauninni ómögulegt að vinna að þessu markmiði, svo að vel sé, nema með því að það sé ríkið, sem hafi forustuna í raforkumálum landsins og taki að sér að leysa öll stærstu verkefni þar. Það er ennþá meiri þörf á þessu hér á landi en víða annars staðar, vegna þess hvað hér er um fámenna þjóð að ræða og tiltölulega dreifða, en þó er það svo, að í flestum löndum, þar sem við þekkjum til, þar er beinlínis stefnt að þessu marki. Í hverju landinu af öðru hér í Vestur-Evrópu er einmitt stefnt að aukinni þátttöku ríkisins í lausn orkumálanna og þar hefur átt sér stað einmitt þjóðnýting í mjög stórum stíl í raforkumálum, t. d. bæði á Ítalíu og Frakklandi og miklu víðar. Menn hafa alls staðar komizt að raun um, að það er miklum vandkvæðum bundið að ná fram hagstæðustu lausn í sambandi við virkjanir, nema þar sem ríkið eða einn mjög stór aðili stendur að lausn orkumálanna. Og menn hafa líka rekið sig á það, að samtenging orkuvera og samtenging orkusvæða er mjög erfið í framkvæmd, þar sem margir eignaraðilar eru að orkuverunum. Þetta gefur alveg auga leið og þarf í rauninni ekki sérfróða menn í rafmagnsmálum til þess að sjá það. Sama máli gegnir um allar rannsóknir, sem eru nátengdar lausn raforkumálanna, þær verða ekki heldur unnar hér á landi, svo að vel sé, nema af ríkinu, og slík rannsóknarstörf þurfa að vinnast í mjög nánu samstarfi við þá, sem hafa með rekstur raforkuveranna að gera. Það er mjög mikil hætta á því, að ef frumkvæði eða forusta ríkisins verður ekki viðhöfð í þessum málum, fari svo, að ýmis einstök svæði í landinu, sem eitthvað liggja lakar við í sambandi við lausn raforkumálanna, verði afskipt. En mér dettur t. d. til hugar, af því að það hefur verið umræðuefni stundum hjá okkur á Austurlandi, að þar koma alveg augljóslega upp slík vandamál. Það er enginn vafi á því, að ef á að knýja fram það skipulag um lausn raforkumála á Austurlandi, að það verði að vera Austfirðingar sjálfir, sem myndi með sér fyrirtæki til þess að leysa raforkumál sín, er mjög hætt við því, að þá kunni að vísu að taka sig saman nokkrir stærstu staðirnir, sem tiltölulega bezt liggja við, og leysi sín orkumál saman á þann hátt, sem þeir telja bezt fyrir sig, en þeir segi, að það sé vafasamt fyrir þá að leggja í mjög kostnaðarsamar línulagnir um langar leiðir til þess að leysa á þann hátt orkumál tiltölulega fámennra sveita, sem þar eiga hlut að máli. En það er skoðun okkar margra, að þetta sé miklu eðlilegra hlutverk ríkisheildarinnar að leysa raforkumál þjóðarinnar allrar, en ef uppdeilingarstefnan, ef svo mætti kalla hana, að deila landinu upp í mörg orkuveitusvæði og mörg orkuframleiðslufélög, ræður, er mjög hætt við því, að einstakar sveitir og jafnvel einstaka sýslur kunni að lenda þar út úr í sambandi við lausn raforkumálanna. Og eigi að keppa að því markmiði að reyna að hafa sama raforkuverð um allt landið, er alveg augljóst mál, að það er nauðsynlegt, að það sé einn aðili, sem fyrst og fremst stendur að því að leysa raforkumálin. Það er því mín skoðun, að meginefni þessa frv. stefni í öfuga átt. Það sé mjög óheppilegt. Ég sé ekki heldur, að það hafi verð nein þörf á því að rugla þessum málum á þann hátt, sem gert er með þessu frv., þó að hæstv. raforkumálaráðh. hafi verið ákveðinn í því að ráða sérstakan forstöðumann fyrir rafmagnsveitur ríkisins og koma embætti hans fyrir með einhverjum sérstökum hætti. Ég held, að það hefði mátt leysa þann vanda án þess að þurfa að rugla þessu meginkerfi, sem ákveðið hefur verið í uppbyggingu raforkumála okkar, og því sýnist mér það vera svo, að það hljóti í rauninni að liggja á bak við flutning þessa frv. alveg mótuð stefna hjá hæstv. ríkisstj. Hún vilji hverfa frá þeirri stefnu í raforkumálum landsins, sem mótuð var með raforkulögunum frá 1946, og taka upp nýja stefnu, sem miðar greinilega að því að slíta raforkukerfið í sundur og hafa hér marga aðila, sem eiga raunverulega að hafa á hendi forustu og stjórn í raforkumálunum. Ef þetta frv. á að tákna það, sem það hlýtur nú í rauninni að tákna að einhverju leyti, að þetta sé aðeins vantraust núv. ríkisstj. á raforkumálastjóra landsins og þeirri stofnun, sem hann hefur veitt forstöðu, held ég, að þeir hefðu getað komið því áliti sínu fram á annan hátt en ætla að rugla á þennan hátt til með raforkulög lands-

ins, en á því er auðvitað enginn vafi, að flutningur þessa frv. í því formi, sem það er, er hið mesta vantraust á raforkumálastjóra, og þýðir ekkert fyrir ríkisstj. að vera að reyna að breiða einhverja dulu yfir það. Það er réttast fyrir hana að viðurkenna það, því að það er alveg greinilegt. En þó að ríkisstj. þurfi að koma fram einhverju slíku vantrausti, hélt ég, að hún kynni nú kannske að líta á þau stóru mál, sem hér er um að ræða og eru ein þau stærstu í íslenzkum þjóðmálum, svo alvarlegum augum, að hún þyrfti ekki að flytja frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, til þess að koma slíkri vantraustsyfirlýsingu sinni á framfæri. Vantraustið á raforkumálastjóra kemur m. a. fram mjög skýrt í einu ákvæði í þessu frv. ásamt svona með öllum öðrum meginefnisatriðum frv. En það er einmitt í síðustu gr. frv., en hún hljóðar þannig, að lög þessi taka gildi 1. maí 1967. Það er sem sagt gert ráð fyrir því, að ef það takist nú að berja þetta frv. gegnum þingið á þessum fáu dögum, sem eftir eru til þingloka, en þeir munu nú ekki vera öllu fleiri en svona 9—10 vinnudagar, því að ég veit ekki betur en það sé fullákveðið, að síðasti starfsdagur þingsins verði 20. apríl, það hefur mér verið sagt, þá er samt sem áður gert ráð fyrir því, að frv., sem yrði nú gert að lögum hér í kringum 20. apríl, skuli ganga í gildi og byrja að framkvæmast 10 dögum síðar, eða 1. maí. Raforkumálastjóri hefur bent á það hjá fjhn., að hann teldi þetta í rauninni gersamlega óframkvæmanlegt, auk þess, sem hér væri eiginlega um hina sverustu móðgun að ræða bæði við sig og stofnunina. Og því var það, að ýmsir menn úr fjhn. fóru fram á það, að þessu ákvæði yrði breytt, lögin yrðu þá ekki látin taka gildi fyrr en nokkru síðar á árinu. En frá ráðh. kom alveg þvert nei við því. Það var ekki hægt að fá neitt samkomulag um það. 1. maí skyldi þetta taka gildi, þessi lög. Nú er hér gert ráð fyrir með þessu frv. að umturna þessari stóru ríkisstofnun, sem hefur fjölda manns í sinni þjónustu. Það á að skipta henni upp í nokkrar rekstrareiningar og einn starfsmaðurinn á að fara til þessa húsbónda og annar til hins. Hér er, eins og raforkumálastjóri orðaði það við fjhn., hér er um stofnun að ræða, sem miðað við árslok 1964 var komin með stofnkostnað upp á rúmar 1200 millj. kr. Hér er því ekki um neitt smáræðis fyrirtæki að ræða, en svo mikið liggur hæstv. raforkumálaráðh. á í þessum efnum, að hann þarf að reyna að þjösna því í gegn á þann hátt bæði á síðustu dögum þingsins, þessu máli, og vill knýja það fram 1. maí í síðasta lagi, eða 10 dögum eftir að málið yrði samþ. hér á Alþ., að skipta stofnuninni upp, og er hann ekki til viðtals um það að hnika þar neitt til. Það sjá auðvitað allir og vita, hvað hér er á ferðinni. Hæstv. ráðh. vill standa þannig að afgreiðslu þessa máls, að hann virðist óttast það, að e. t. v. komi til þess, að eftir 11. júní eða svo kunni að vera úti um hans valdadaga í ráðherrastól, e. t. v. kunni svo að fara og þá vill hann ekki á neitt hætta. L. skulu vera komin í gildi, hann skal vera búinn að koma þessu öllu í framkvæmd áður, hvað svo sem líður því, sem við á að taka um stjórn landsins. Honum er ekki nóg, að Alþ. hafi sett lög, ákveðið reglur og hann getur ekki ímyndað sér það, að neinn annar geti tekið við þessum l. og séð þá um það, að þau verði framkvæmd. Þetta á allt að snúast um hans persónu. Þetta eru auðvitað alveg furðuleg vinnubrögð. Og sá ráðh., sem reynir að halda því fram, að hér sé ekki um verulega móðgun að ræða við raforkumálastjóra landsins og hans starfslið, hugsar einkennilega.

Ég hef nú vikið að þeim atriðum í þessu frv., sem ég tel, að skipti mestu máli. Hér er auðvitað fyrst og fremst um að ræða stefnumótandi afstöðu í mjög þýðingarmiklu máli. Afstaða okkar Alþb.-manna til raforkumálanna er í þessum efnum alveg ljós. Við teljum, að meginatriðin, sem voru lögð til grundvallar í raforkulögunum frá 1946, hafi verið rétt. Þar hafi verið tekin upp rétt stefna og það hafi átt að vinna skv. þeirri stefnu. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því, að það tekur talsverðan tíma að nálgast það eða ná því marki, að allt raforkukerfi landsins verði samtengt og hægt verði að leysa raforkuþörf manna á Austurlandi og Vestfjörðum með stórvirkjun, sem kann að verða ráðizt í hér á Suðurlandi, eða stórvirkjun, sem þætti hagstætt að ráðast í á Austurlandi og þjónaði ekki eingöngu Austfirðingum, heldur jöfnum höndum öðrum landsmönnum eftir því, sem hagstætt þætti. Við teljum hins vegar, að að þessu eigi að stefna, en ekki að slíta raforkukerfið í sundur, ekki splundra þeirri forustu, sem byggð hefur verið upp á undanförnum árum á vegum ríkisins um framkvæmdir í raforkumálum. Það teljum við vera ranga stefnu, hættulega stefnu. Og því vil ég ekki trúa, að jafnvel þó að takist í þetta skipti að rugla nokkuð til um þessi mál, að það rugl fái þá að standa lengi. Ég trúi því ekki, að það komi ekki þeir tímar fljótlega, að leiðrétt verði slík mistök varðandi lausn á raforkumálum okkar og hér verði þá miklu frekar um svona auka- eða víxlspor að ræða. En ég er algerlega andvígur meginatriðum þessa frv. og tel, að þau séu til óþurftar í raforkumálum okkar og legg því til, að frv. verði fellt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég mun hafa færri orð um þetta mál en hv. síðasti ræðumaður, sem talaði hér og byggði sitt mál upp á fullum misskilningi, þar sem hann heldur því fram, að það sé verið að taka úr höndum ríkisins alla forustu í raforkumálum. En það er ekkert undarlegt, þótt það sé dálítill misskilningur hjá hv. þm., þegar hann ræðir um þessi mál, þar sem hann spurði að því hér áðan, hvaða stefna hefði verið mótuð með Landsvirkjunarlögunum. Og það virtist sem hann hefði alls ekki gert sér grein fyrir því, hvaða stefna þá var mótuð. En þegar tekið

var eftir því, hvað hann hafði að segja, var nú svo margt líkt í hans stefnu og þeirri stefnu, sem mótuð var með Landsvirkjunarl., því að hv. þm. talaði um það, að það ætti að stefna að því að hafa sem víðast stórar virkjanir. Það ætti að stefna að því síðar að tengja þessar virkjanir saman, koma landinu sem mest í eitt net og þá vitanlega til þess að skapa sem mest öryggi og sem jafnasta aðstöðu fyrir alla landsmenn. Og með Landsvirkjunarl. var þessi stefna mótuð. Þess vegna var talað um það, að það mundi á sínum tíma koma lína frá Búrfellsvirkjun norður í land. Það hefur verið talað um, að það kæmi lína frá Laxárvirkjun austur á land eða lína frá Lagarfossvirkjun vestur um Norðurland, lína frá Laxárvirkjun vestur um Norðurland og þannig koll af kolli, þannig að það verði eitt allsherjar rafvæðingarnet um landið. Og þessari stefnu lýsti ég, þegar rætt var um Laxárvirkjunarl. Mér kemur þess vegna alveg á óvart, þegar hv. þm. spyr að því, hvaða stefna hafi verið mótuð með Landsvirkjunarl., og það er ekkert undarlegt, þótt það vefjist fyrir honum, hvaða stefna sé mótuð með þessu frv., úr því að hann hefur ekki, hv. þm., gert sér grein fyrir því, hvaða stefna var mótuð með Landsvirkjunarl. Og að halda því fram, að það sé verið að taka forustu úr hendi ríkisins skv. þessu frv., er náttúrlega hrein fjarstæða. Hv. þm. byggir það á því, að það sé verið að taka forustuna úr hendi ríkisins með því að það sé verið að skipta raforkumálastjóraembættinu, að það sé þarna skýrari verkaskipting heldur en áður hefur verið. Raforkumálastjóra er ætlað m. a. sem aðalverkefni undirbúningur og rannsóknir að virkjun, rafmagnsveitustjóra hins vegar að dreifa rafmagni meðal landsmanna á vegum rafmagnsveitna ríkisins. Þetta ætti að verða hægara og leysast betur með þessari verkaskiptingu en ef það væri aðeins einn embættismaður, sem hefði með það að gera, og það er hrein fjarstæða og algerlega rangt, þegar hv. þm. er að gefa það í skyn, að með þessu frv. sé flutt nokkurs konar vantraust á raforkumálastjóra, sem hefur gegnt mikilvægu og umfangsmiklu embætti um áratuga skeið. Það á raforkumálastjóri alls ekki skilið, og það er ekki viðeigandi af hv. þm. að vera með slíkar getsakir. Raforkumálastjóri hefur verið með í því, hann hefur verið ráðunautur og unnið með n., sem samdi þetta frv. Hann hefur í einstökum atriðum verið með brtt., en alls ekki svo veigamiklar, að það umturni stefnunni og hægt sé að segja það, að það sé verið að taka frumkvæðið úr hendi ríkisins, þó að það megi virkja án leyfis allt að 1000 kw. og ráðh. geti veitt leyfi til að koma upp stöð allt að 2000 kw. Sannleikurinn er nú sá, að það mun reynast bezt að hafa orkuverin sem stærst. Rafmagnið verður ódýrast frá stóru orkuverunum. Þess vegna munu ekki margir vera, sem óska eftir því að fá rafmagn frá litlum orkuverum. Auk þess er það alveg öruggt, að það verður ekki komið upp orkuveri upp að 2000 kw. og sennilega alls ekki heldur upp að 1000 kw. án þess að fá aðstoð frá Alþ., fá ríkisábyrgð, fá aðstoð með lánveitingu og þannig er þetta það smæsta enn þá í höndum Alþ., þótt þetta frv. verði gert að l. Ég tel rétt, að þetta komi fram, og það er hrein fjarstæða að halda því fram, að það sé verið að umturna raforkulögunum frá 1946 með þessu frv. Það er lagt til að breyta þeim í nokkrum atriðum, og er þá byggt á fenginni reynslu. Raforkulögin, sem eru meira en 20 ára gömul, þurftu endurskoðunar við, og með þessu frv. hafa þau verið endurskoðuð og þetta frv. leggur til að færa löggjöfina í það horf, sem hentar nútímanum og reynslan hefur sýnt, að þurfti að lagfærast. Og þegar hv. 5. þm. Austf. og hv. 1. þm. Norðurl. v. tala um raforkuráð og hv. 5. þm. Austf. sagði, að raforkuráð hefði raunverulega verið yfirstjórn raforkumálanna á undanförnum árum, þá vil ég ráðleggja hv. þm. að lesa raforkulögin betur, því að raforkuráð hafði aldrei neitt vald, það var aðeins ráðgefandi stofnun. Það gat samþ. till. til ráðh., en hafði ekki vald, og hv. 1. þm. Norðurl. v. og ég höfum báðir átt sæti í raforkuráði lengi. Okkur er báðum kunnugt um valdsvið raforkuráðs, okkur er báðum kunnugt um, hvað það var, sem raforkuráð fjallaði aðallega um. Og hvað var það? Hv. 1. þm. Norðurl. v. veit það. Það var það sama og orkuráði er ætlað að fjalla um nú. En í 69. gr. þessa frv. er tekið fram hvert verksvið orkuráðs sé. Orkuráð semur árlega fjárhags- og greiðsluáætlun fyrir raforkusjóð og sendir ráðh. svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrv. til Alþ. Raforkuráð hefur fylgzt með starfsemi raforkusjóðs og oft gert till. um lánveitingar úr honum. Nú er hér rætt um orkusjóð og orkuráð í staðinn fyrir raforkusjóð og raforkuráð áður. Orkuráð gerir till. um lánveitingar og einstakar greiðslur úr orkusjóði, alveg eins og gert var áður úr raforkusjóði skv. fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins, og leitar staðfestingar ráðh. á þeim till. Orkuráð gerir enn fremur till. um ráðstöfun stofntillaga til lagningar rafmagnsveitna í stjálbýli skv. 2. mgr. 59. gr. Aðalverkefni raforkuráðs hefur verið að gera till. um rafmagnsveitur í strjálbýlinu og það verður aðalverkefni orkuráðs skv. þessu frv. Munurinn er harla lítill, og ég held, að þessir hv. þm., sem hafa talað, hafi ekki gert sér grein fyrir því eða ekki munað þá stundina, sem þeir voru hér uppi í pontunni, að raforkuráð var aðeins ráðgefandi aðili, sem ekki hafði vald til ákvörðunar.

Þetta eru nú aðalatriðin, aðalkjarninn í því, sem hv. 5. þm. Austf. talaði um hér í sinni löngu ræðu áðan, og ég tel ekki ástæðu til að fara nánar út í ræðu hans. Og ég veit það, að hv. þm. hafa sumir hverjir borið þetta frv. saman við raforkul. frá 1946, og þá sannfærast menn um það, að hér er ekki verið að stíga spor aftur á bak. Hér er ekki verið að vinna að því að gera rafvæðinguna í landinu erfiðari en áður, heldur jafnvel auðveldari. Og þegar hv. 5. þm. Austf. talar um tækniráðið

og hneykslast á því, að það sé ekkert um það í þessu frv., hvert verkefni þess er, hefur hv. þm. alveg gleymt að lesa 2. gr. þessa frv., því að þar er beinlínis fram tekið, hvert hlutverk Orkustofnunar er, og tækninefndinni er ætlað að vera orkumálastjóra til ráðuneytis til þess að fullnægja þessu hlutverki, sem Orkustofnun er ætlað að inna af hendi, og þegar hv. 5. þm. Austf. talar um það, að rafmagnsveitur ríkisins eigi ekki að hafa sama hlutverk og þeim er ætlað skv. raforkul., virðist hv. þm. hafa gleymt að lesa 58. og 59. gr. þessa frv. Ég held, að það hefði verið betra fyrir hv. þm. að lesa þessar gr., áður en hann fullyrti það, að rafmagnsveitur ríkisins ættu ekki að inna af hendi svipað skv. þessu frv. og skv. l., því að það er beinlínis sagt hér: „Rafmagnsveitur ríkisins skulu hafa það verkefni, annaðhvort einar sér eða í samvinnu við önnur fyrirtæki, að framleiða, dreifa og selja raforku hvort heldur er í heildsölu eða í smásölu á tilteknu orkuveitusvæði, enda gegni önnur héraðsrafmagnsveita eigi því hlutverki. Til þess að ná tilgangi þessum hafa rafmagnsveitur ríkisins heimild til hvers konar samninga við aðra aðila, enda sé í öllu fylgt fyrirmælum laga þessara við gerð þeirra.“ Þá er sagt í 59. gr., að rafmagnsveitur ríkisins afli fjár til nýrra mannvirkja með heimtaugagjöldum neytenda, með lántökum og ráðstöfun fjár úr fyrninga- og varasjóði rafmagnsveitna. Rafmagnsveitur ríkisins fá enn fremur stofntillag, eftir því sem fé er veitt á fjárl., til byggingar veitna í strjálbýli, þegar áætlanir sýna, að tekjur af veitunni muni ekki nægja til að standa straum af kostnaði hennar. Þegar þetta er athugað, er séð, að fullyrðingar hv. 5. þm. Austf. hér áðan fá ekki staðizt.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. ræddi hér um brtt., sem hann og flokksbróðir hans flytja á þskj. 340, og gerði grein fyrir þeim. Hv. þm. taldi, að réttur ríkisins væri minni skv. þessu frv. en skv. raforkul. og nefndi þar rýmkaða heimild til þess að virkja án leyfis eða koma upp stöð án leyfis allt að 1000 kw. í stað þess, að í raforkul. er aðeins miðað við 100 kw. En ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég sagði um þetta hér áðan, því að það á við ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. eins og hv. 5. þm. Austf., og ummælum hv. 1. þm. Norðurl. v. um raforkuráð er áður svarað.

Þá er í rauninni ekki um annað að ræða heldur en bráðabirgðaákvæði, sem þarf að taka sérstaklega til athugunar í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. Bráðabirgðaákvæði eins og þetta á ekki heima í orkulöggjöf. Ég er sammála hv. þm. um það, að það eigi að hraða því að ljúka rafvæðingunni. Ég held, að okkur greini ekkert á um það. Ég held, að okkur greini heldur ekkert á um það, að það eigi að gera áætlun um þetta, enda hefur raforkumálaskrifstofan unnið að áætlunargerð, og raforkumálaskrifstofan og starfsmenn hennar hafa nokkuð nákvæma áætlun fyrir hendi og nú er unnið að rafvæðingunni þannig, eins og hv. þm. vita, að það eru lagðar línur á þá bæi, sem eru með vegalengdina 1—1½ km. Þessu miðar nokkuð vel áfram. Á s. l. ári mun hafa verið tengt við 200 bæi, eða þar um bil, ég man það ekki nákvæmlega, og það er unnið að þessu, eftir því sem mögulegt er. Og það er rétt, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, þetta er að komast á síðasta snúning. Þetta er herzlumunurinn, sem eftir er, og ég held það sé ekki neinn ágreiningur milli okkar um það, að þetta eigi að gerast, a. m. k. að tengja bæi, sem eru með vegalengdina 1—1½—2 km. Hinir, sem hafa lengri vegalengd, verða a. m. k. að bíða eftir línu og verða þá að láta sér nægja dísilvélar. Það eru margir bændur, sem kaupa dísilvélar núna og eru í þessari fjarlægð, yfir 2 km, t. d. 210 á s. l. ári. Það er gert ráð fyrir, að það verði ekki færri, jafnvel fleiri á þessu ári. Það mun vera alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það hafi verið um síðustu áramót 3800 eða um 4000 býli, sem hafa rafmagn frá samveitum eða einkastöðvum, vatnsaflsstöðvum, en ég hygg, að það séu nærri 1000 býli, sem hafa þegar fengið rafmagn frá dísilvélum, og þá eru það 500 eða 700 býli, sem eru alveg rafmagnslaus. Ég hef hugsað mér, að það yrði lokið við rafvæðinguna ekki seinna en 1970, en hv. 1. þm. Norðurl. v. sagðist ekki kalla, að þeir hefðu rafmagn, sem hafa dísilvélar. Það er nú ekki rétt að fullyrða þetta, því að víst hafa þeir rafmagn, en það má segja, að það sé ekki sambærilegt, ekki eins gott eða ekki eins þægilegt og að hafa það frá samveitum. Fyrst um sinn, — ég vil ekki fullyrða, hversu lengi — verða þau býli, sem eru með meira en 2 km vegalengd milli bæja, að fá rafmagn frá dísilstöðvum, og það á fremur að hvetja bændur, sem þannig eru settir, til að fá sér dísilstöðvar en að vera rafmagnslausir. Raforkumálastjórnin hefur ýtt undir þetta með því, að á s. l. ári hefur verið varið allt að 10 millj. kr. til lána í þessu skyni. Lánin út á þessar vélar hafa verið um 80%. Síðar, þegar línur hafa verið lagðar til þeirra bæja, sem hafa tveggja km fjarlægðina, kemur vitanlega til álita og athugunar, hvort ekki á að leggja línur á bæi, þótt vegalengdin sé kannske upp í 2½ km eða eitthvað meira. Það verður að fara eftir efnum og ástæðum, og það verður að vera á valdi ríkisstj. og Alþ. á þeim tíma, hversu hratt skuli í það farið, en ég er hvatamaður að því, að þeir, sem ekki geta fengið rafmagn frá samveitum á næstu 2—3 árum, fái sér dísilstöðvar, og þess vegna hefur verið stuðlað að því, að þeir gætu það, með því að hækka lánin á s. l. ári til muna frá því, sem áður var. Þetta bráðabirgðaákvæði á ekki heima í þessu frv., og þess vegna legg ég til, að það verði ekki samþ. Hins vegar er ég samþykkur því, að gerð verði áætlun um þetta og grg., sem væri birt við tækifæri, engin ástæða til að draga það, og það mun gleðja okkur alla, að það vantar ekki nema herzlumuninn til að ljúka þessu. Hvort það verður

1969 eða 1970, eða jafnvel dregst eitthvað fram á árið 1971, ætla ég ekki að fullyrða, en þetta er allt að nálgast.

Herra forseti. Svo vil ég að lokum flytja hér skriflega brtt., sem ég var nú búinn að skrifa áður en hv. 5. þm. Austf. talaði hér áðan, en brtt. er við 82. gr., og hún er ekkert merkileg. Hún er aðeins þannig, að í staðinn fyrir orðin 1. maí komi 1. júlí. Það er ekki rétt, sem hv. 5. þm. Austf. sagði hér áðan, að það hefðu komið boð frá mér í hv. fjhn. um það, að ég vildi alls ekki breyta þessari dagsetningu í frv. Ég lagðist aldrei gegn því, og ég hef rætt um þetta við raforkumálastjóra, það er nokkuð langt síðan ég gerði það, og hann taldi, að það væri miklu heppilegra vegna bókhaldsins að miða við mitt ár, 1. júlí, heldur en 1. maí. Það er náttúrlega því síður ástæða til að miða við 1. maí, þegar dregst fram undir aprílok, að lögin verði sett. Ef hv. Alþ. felst á að samþ. frv., getur það þó ekki orðið fyrr en á síðustu dögum. Þrátt fyrir þær fullyrðingar, sem hv. 5. þm. Austf. hafði hér uppi áðan, verður það vitanlega ekki látið verða til þess að spilla fyrir því, að till., sem áður var fyrir löngu ákveðin, verði flutt. Ég vil þess vegna, herra forseti, leyfa mér að afhenda þessa litlu brtt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið að sinni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 406) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs vegna brtt., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 381 við 71. gr. frv., 3. tl. Ég ætla ekki að ræða það frv. almennt, sem hér liggur fyrir á þskj. 201 til orkulaga, en aðeins segja það þó, að við lauslegan lestur þessa frv. hef ég ekki fundið í því neitt, sem mér finnst gera það nauðsynlegt að eyða frá öðrum málum dýrmætum tíma þingsins nú undir lokin til að fjalla um þennan mikla frumvarpsbálk í 82 gr., sem er mjög seint fram kominn. Þykir mér reyndar trúlegt, að niðurstaðan verði sú, að þetta verði ekki afgr. í þinginu. Öðru máli þætti mér gegna, ef samþ. yrðu till. frá hv. minni hl. fjhn., sem liggja fyrir á þskj. 340, því að þá væri hér orðið um meiri háttar mál að ræða, sem ástæða væri til þess að gera gangskör að að afgr.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð almennt um frv., en koma að brtt. á þskj. 381 með örfáum orðum.

Það orkar víst ekki tvímælis, að þau muni vera nokkuð mörg býlin í sveitum þessa lands, sem ekki fá rafmagn frá samveitum eða frá einkarafaflsstöðvum nú fyrst um sinn, eða jafnvel á næstu árum. Um allmörg býli hér og þar um landið er það náttúrlega í nokkurri óvissu, hvort þau yfirleitt fá raforku á þennan hátt. Þessi býli þurfa á raforku að halda, ekki síður en önnur, og úrræðið er þá þetta, sem hér var minnzt á áðan, m. a. af hæstv. ráðh., að koma upp dísilstöðvum á heimilunum. Ég lít svo á, að aðstöðumunurinn á milli þeirra, sem verða að sætta sig við rafmagn frá dísilstöðvum á heimilum, og hinna, sem fá það frá samveitum, verði svo mikill, að þjóðfélagið eigi að leggja sig fram um það að greiða fyrir þeim, sem svo stendur á fyrir. Ég hefði álitið, að eðlilegasta leiðin í því efni, þar sem vonandi verður hér ekki að lokum um mjög mörg býli að ræða, væri sú, að ríkið ætti dísilstöðvarnar, sem ættu að vera á þessum heimilum, og bændurnir fengju þær á leigu með eðlilegu gjaldi, sanngjörnu, og að ríkisrafveiturnar sæju um eftirlit á stöðvunum. Meðan ekki er á það fyrirkomulag fallizt, sem mér finnst eðlilegt og á sér fordæmi á öðrum sviðum, finnst mér eðlilegt, að greitt sé að öðru leyti fyrir þessu svo sem unnt er. Þess vegna hef ég lagt það til í brtt. minni, að lán til slíkra dísilstöðva á sveitabýlum geti numið öllum stofnkostnaði. Ég held að það sé ekki nein ofrausn miðað við það, sem gert er á öðrum sviðum. Auðvitað eiga þessir menn að borga lánin og þá vexti, sem í gildi eru á hverjum tíma, en máli skiptir, að þeir geti fengið sem hæst lán. Ég hef einu sinni eða tvisvar skrifað raforkuráði um þetta mál og mælzt til þess, að ráðið tæki það til athugunar að fara þessa leið, en það hefur ekki viljað gera það, a. m. k. ekki gert það. Má vera, að það hafi talið sig skorta heimild til þess í l., en ef þessi brtt. væri samþ., er sú lagaheimild fyrir hendi. Ég vildi mega vænta þess, að þessari till. yrði vel tekið.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 8. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. landbrh. sagði á fundi hér í gær um þetta mál, að valdsvið raforkuráðs skv. gildandi l. væri það sama og orkuráði er ætlað nú í því frv., sem hér liggur fyrir, en þessi ummæli hans hljóta að vera byggð á misskilningi, því að verksvið og valdsvið orkuráðs er miklu minna skv. frv. en raforkuráðsins nú. Hins vegar, ef brtt. okkar í 1. minni hl. fjhn. um þetta atriði verður samþ., brtt. um að ákveða starfssvið orkuráðs, eins og þar er lagt til, verður þetta það sama eins og verksvið raforkuráðs er nú. Og ég gat nú ekki skilið ummæli hæstv. ráðh. öðru vísi en svo, að hann vildi, að þetta væri þannig, og ætti hann því að samþykkja okkar till., til þess að þetta verði það sama eins og nú er.

Þá sagði hæstv. ráðh., að bráðabirgðaákvæði, sem við gerum till. um, ætti ekki heima í þessu frv. eða þessum væntanlegu l. Ég fæ ekki skilið þessi ummæli hæstv. ráðh., því að vitanlega á þetta fullkomlega heima í l. Ég get ekki

séð aðra skýringu á þessu en þá, að hæstv. ráðh. hafi verið orðinn mjög syfjaður, þegar hann sagði þetta, enda var þá mjög liðið á kvöldið. Bráðabirgðaákvæði okkar er fyrst og fremst um það, að á þessu ári og næstu tveimur árum skuli lokið við að leggja raflínur frá samveitum til allra heimila í landinu, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða minni. Þetta er mjög vel framkvæmanlegt að gera á þessum tíma og skylt að bæta úr raforkuþörf fólksins, svo fljótt sem mögulegt er. Í öðru lagi leggjum við til, að rafmagnsveitustjóra verði falið að gera áætlun nú á þessu ári um, hvað kosta muni að leggja línu frá samveitum til býla, þar sem meðalvegalengd milli heimila er 2—3 km. Þetta ætti að vera fljótlegt að gera. Ég vil minna á það, að þegar þessi mál voru til umr. hér í hv. Alþ. 5. febr. 1964, fyrir rúmum þremur árum, og rætt var um slíka áætlunargerð, sagði hæstv. ráðh. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar ætti að vera fljótlegt og það er sjálfsagt að verða við þeirri ósk að gera sér grein fyrir því, hvað það kostaði að miða fjarlægðina við 2½—3 km. Það ætti ekki að vera svo mjög seinlegt og sízt af öllu, þegar það kort, sem ég áður nefndi, er til og bæirnir taldir þar upp."

Þetta sagði hæstv. ráðh. fyrir rúmum þremur árum og af þessu má sjá, að það er einnig hans skoðun, að mjög auðvelt sé að framkvæma þessa áætlun. En hún er nauðsynleg undirstaða til þess að byggja á ákvarðanir um, að hve miklu leyti raforkuþörf fólksins, sem enn vantar rafmagn, verður fullnægt með línum frá samveitum. Þegar þessar áætlanir liggja fyrir og séð er, hver kostnaður er við þetta, er hægt að taka ákvörðun um það, og verður að taka ákvörðun um það þá þegar á Alþ., hvað eigi að leggja af línum um þessi svæði.

Í þriðja lagi leggjum við til í bráðabirgðaákvæðinu, eins og ég hef áður rakið, að rafmagnsveitustjóri geri áætlun um uppsetningu á dísilstöðvum til þess að þeir, sem verða utan við samveitukerfið, hafi þó eitthvert rafmagn, þó að mjög ófullkomið sé samanborið við raflínur frá samveitum. Þetta eru hlutir, sem þarf að gera nú þegar, því að það er skylt að taka ákvarðanir um þessi mál. Það eitt hefur mjög mikið að segja, að fólkið, sem býður með óþreyju eftir rafmagninu víðs vegar um landið, fái að vita, hvers það má vænta í þessu lífshagsmunamáli. Þetta er þegar búið að dragast allt of lengi, og það má ekki draga það endalaust á langinn að láta fólkið vita, hvað á að gera. Þess vegna þarf að taka ákvarðanir um þetta, í fyrsta lagi það að ljúka því á þessu ári og næstu tveim árum, eða fyrir árslok 1969, að leggja raflínur um þau svæði, þar sem vegalengdin að meðaltali er 2 km eða minni, og síðar á þessu ári þarf svo að taka ákvörðun um, á hvern hátt verði séð fyrir raforkuþörf hinna, sem þar eru fyrir utan. Og þetta bráðabirgðaákvæði á fyllilega heima í frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Sannleikurinn er, að svo mikill lagabálkur, sem hér liggur fyrir, þarf, ef það á að vera nokkur mynd á afgreiðslu hjá Alþ., miklu lengri tíma til athugunar en nú hefur gefizt. Og það hefur oft undanfarið þótt hjá ríkisstj. eðlilegt að hafa það svo, þegar miklir lagabálkar væru lagðir fram, að þeir væru lagðir fram svo að segja á fyrra þingi, til þess að menn gætu kynnt sér þá og rætt um þá, en síðan væri seinna meir á næsta þingi á eftir málið lagt fyrir í byrjun þings og þar með séð um, að það næði fram að ganga.

Í þessu lagafrv., sem hér liggur fyrir, eru stórar og margar breytingar á öllu því kerfi, sem hingað til hefur verið um raforkumál ríkisins. Það er nú hálfleitt, að enginn þm. Alþfl. skuli vera hér inni nú, en mér finnst það dálítið kaldhæðið, að l. um raforkumálastofnun ríkisins, sem voru flutt af ráðh. Alþfl. 1946, þegar þau voru sett, og voru þá mjög merkileg lög, sem mörkuðu tímamót og voru alveg sérstaklega eftirtektarverð hvað snerti þann ríkisrekstur og þá samsöfnun allra raforkumálanna og yfirstjórn þeirra á einn stað, sem í l. fólst, — mér finnst það dálítið hart í raun og veru fyrir Alþfl., að hann skuli nú standa að því að framkvæma lög eða setja lög, sem sundurlima þessa stofnun og eyðileggja hana að meira eða minna leyti, eins og gert er með þessu frv. Það er alveg greinilegt, að það er tekin þveröfug afstaða hér á Íslandi miðað við það, sem tíðkast yfirleitt í Vestur-Evrópu, Frakklandi eða öðrum löndum, þar sem þróun þessara mála þykir vera í sæmilegu horfi. Þar þykir það alls staðar sjálfsagt að miða meira við það, að ríkið hafi með öll raforkumálin að gera og ríkið eigi í raun og veru ekki aðeins að sjá um sjálfar virkjanirnar og ekki aðeins um línurnar, sem fara út um landið, heldur meira að segja taki líka að sér dreifinguna á rafmagninu í bæjunum sjálfum. Hérna aftur á móti er farin alveg þveröfug leið. Hér er í fyrsta lagi verið að draga úr valdi ríkisins í þessum efnum, það er verið að gefa meira svigrúm, ef einhverjir aðrir aðilar færu að leggja út í þetta. Það er verið að sundra þeim ríkisstofnunum, sem þarna eiga hlut að máli, það er verið að eyðileggja nokkurn veginn raforkumálastofnun ríkisins og skipta henni upp í tvær til þrjár stofnanir, eftir að búið var að gera þann óskunda á s. l. þingi að gera landsvirkjunina að sérstakri stofnun í staðinn fyrir að láta raforkumálaskrifstofuna hafa með hana að gera. Nú er haldið áfram í því sama, og það má mikið vera, ef það kæmi ekki nokkru seinna að þegar núv. ríkisstj. væri búin að gera ríkisreksturinn eins ópraktíska og vitlausan og hægt væri, þá kæmi hún og segði, að þessi ríkisrekstur væri nú ekki rétt góður. Það yrði nú helzt að fara að leggja hann niður á eftir, láta einkaframtakið taka við honum. Fyrst að eyðileggja og spilla ríkisrekstrinum eins og hægt er, hafa hann eins ópraktíska og mögulegt er og síðan að reyna

að drepa hann á eftir. Ég álít þess vegna í fyrsta lagi, að sú stefna, sem felst í þessu frv., sé alröng, það að draga úr því valdi, sem ríkið sjálft á að hafa í þessum efnum. Raforkumál eru yfirleitt þess eðlis, að það er rökrétt, að þau séu rekin út frá einni heildarstofnun. Meira að segja sjálft sölufyrirkomulagið, eins og heildsalan og smásalan í raforkumálunum, er satt að segja ákaflega ópraktískt. Nú, ég skal nánar koma inn á þá hluti, en það er strax atriði hér, sem ég vildi benda á í sambandi við III. kafla þessa frv. um vinnslu jarðhitans. Ef við erum að setja lög, nákvæmari en áður giltu um þessa hluti, er óhjákvæmilegt að ganga þarna miklu betur frá málunum. Hverju viljum við slá föstu um eignarrétt á jarðhita á Íslandi? Er það meiningin, að sá maður, sem átt hefur jörð, þ. e. yfirborðið til ræktunar, eigi líka að eiga hitann, sem þarna er undir, alveg ótakmarkað, hann eigi einkaeignarrétt á honum? Ég álít það vera hringavitlausa hugsun. Það, sem hægt væri að halda fram í slíku sambandi, það er e. t. v., að slíkur eigandi ætti jarðhitann eða réttindi til hans, réttara sagt, notkunar til vissra hluta svo og svo marga metra niður í jörðina.

Ég man eftir, að það var einu sinni lagt hér fram stjórnarfrv., þar sem, ef ég man rétt, lagt var til, að landeigendur skyldu eiga jarðhitann allt niður í 100 metra, en það, sem þar væri fyrir neðan, ætti ríkið. Og það er nauðsynlegt að setja löggjöf um þetta, og það væri alveg hreint rangt að líta svo á, að landeigandi ætti að eiga þarna alveg ótakmarkaðan rétt. Við vitum, að við höfum áður deilt um svona hluti mjög skarplega hér á Alþ., og ekki voru það sízt sögulegar umr., sem fram fóru í sambandi við réttindi til vatnsaflsins á þingunum 1919—1922, þegar því var haldið fram af ýmsum, að landeigendur bókstaflega ættu vatnsaflið, og héldu þar með fram þeim undarlega hlut, að hvern dropa, sem rynni fram hjá í einni á, ætti landeigandinn og þegar sami dropi væri kominn að næsta landi, ætti næsti landeigandi hann. M. ö. o., þá væri það mál útkljáð praktískt á þann máta, að ríkið bannaði öllum hagnýtingu til raforku nema sjálfu sér og tæki þannig valdið og réttinn til notkunar á vatnsaflinu úr höndum landeigenda, án þess raunverulega að þetta viðkvæma eignarréttarspursmál væri til lykta leitt. Ég held, að þegar við förum nú að setja á ný ákveðnar reglur, ákveðin lög um jarðhitann, verðum við að athuga þessi mál alvarlega. Það er hægt að grafa 2 og 3 þús. metra niður í jörðina. Meinum við það virkilega, að landeigandi, sem upphaflega hefur keypt sitt land eingöngu til að rækta það, eigi að eiga þessi auðæfi? Við vitum, að í sambandi við ýmsa aðra hluti, í sambandi við námur og annað slíkt, gilda um þetta allt önnur lög hjá okkur. Þá hefur ríkið svo og svo mikinn rétt. Og þetta er mál, sem getur orðið mjög brýnt þá og þegar, þ. e. eignarréttur þjóðarinnar á jarðhitanum, með einhverjum vissum takmörkunum, skulum við segja, vegna eignarhalds landeiganda á yfirborði landsins o. s. frv. Það er orðið nauðsynlegt að setja löggjöf um þetta, og þegar Alþ. er að hreyfa við gildandi löggjöf um þessi mál, eiga þessir hlutir að koma þarna inn í. Það er sitt hvað, að þau lög, sem nú stendur til að breyta, eru, eins og þau hafa verið, ófullkomin. En þegar verið er að setja ný lög, þá verður að reyna að bæta það, sem ófullkomið var í þeim gömlu. Ég álít þess vegna alrangt, að því skuli vera alveg sleppt í þessu frv. og rétturinn til umráða og hagnýtingar jafnvel gerður enn þá ótvíræðari hjá hverjum landeiganda, án þess að nokkur takmörk séu þar fyrir sett. Ég held, að þetta sé alrangt. Nú, svo er vitanlegt, að annað mál snertir þetta í mjög ríkum mæli. Það er vitað, að langstærstu jarðhitasvæði landsins eru uppi á afréttum, og eignarréttarafstaðan í sambandi við jarðhitahlunnindi er a. m. k. að sumra áliti bót við þær. Ég vil taka það fram, að ég álít, að svo sé ekki. Ég álít, að það sé alveg hreint skýlaust, að ríkið sjálft eða almenningur, hvernig sem við viljum taka það, þjóðarheildin, þjóðfélagið, eigi jarðhitann á slíkum stöðum. Og þó að hreppar hafi átt þar afréttir til þess að reka fé á beit, snertir það ekki eignarréttinn á þeim auðæfum, sem í jörðinni eru. Ég held þess vegna, að það sé flanað að þessum málum með því að taka sig nú til og semja ný lög, m. a. um vinnslu jarðhitans, án þess að ganga úr skugga um þessa hluti og gera þetta alveg hreint ótvírætt. Þarna var mikil þörf á að ríkið skæri sjálft úr um, hvernig þessu sé háttað, svo að um þetta geti ekki risið neinar deilur. Ég vil bara minna á það, að fyrir nokkrum árum var það kannað hér á Íslandi, hvort mundi borga sig að vinna þungt vatn með því að nota jarðhitann. Eitt mesta jarðhitasvæðið á Íslandi er uppi í óbyggðum, norðan Eyjafjallajökuls held ég, jarðhitasvæði, sem hefur að geyma meiri hlutann, held ég að ég muni rétt, af öllu vinnanlegu hitamagni í jörð á Íslandi. Það var einkum þetta svæði, og svo hitasvæðið við Hengilinn, sem athugað var, vegna þess ógrynnis hitamagns, sem þar var, og þá kemur í ljós, að raunverulega er allt óklárt með eignarréttinn á þessum hlunnindum. Og við getum rétt hugsað okkur, hvernig fer, ef við höfum ekki tekið ákvarðanir um þessa hluti, áður en svona mál eru orðin brýn, áður en það er allt í einu um að ræða milljóna og kannske tuga og hundraða milljóna verðmæti, sem deilt er um, hver eigi. Það er þess vegna alveg nauðsynlegt, þegar við erum að fjalla um svona lög, að þannig sé gengið frá þeim, að það geti ekki leikið neinn vafi lengur á, hvernig eignarrétti er þar háttað. Þetta vildi ég nú alveg sérstaklega benda á í sambandi við III. kaflann.

Þá vík ég enn fremur hér að VI. kaflanum. Mér skilst, og ég vona, að það verði leiðrétt, ef það er ekki rétt hjá mér, að þar sé meiningin að gera rafmagnseftirlit ríkisins að fjárhags-

lega sjálfstæðri stofnun, taka það undan raforkumálastofnuninni, sem sé liða raforkumálastofnunina í sundur og gera rafmagnseftirlitið að alveg sérstakri stofnun. Við vitum nú, hvað það þýðir venjulega, þegar verið er að búa til slíkar sérstakar stofnanir. Það þýðir venjulega að dubba upp einhverja dýra forstjóra með tilheyrandi skrifstofuhaldi í kringum sig, þar sem venjulega er haldið mun sparar á málum, hvað það snertir, ef þessir hlutir eru í einni stofnun. Ég rek augun í orðalagið í upphafi 38. gr.: „Orkustofnun hefur í umboði ríkisstj. yfirumsjón með eftirliti af hálfu ríkisins.“ Má ég spyrja: Er ekki farið að gera leik að því að reyna að gera ríkiskerfið hjá okkur sem allra flóknast og fyrirferðarmest, og það einmitt af hálfu ríkisstj., sem hefur þótt vera alveg hlynnt einkarekstri, m. a. vegna þess, að hún hefur haldið því fram, að einkarekstur væri oft praktískar rekinn en stofnanir ríkisins? Er unnið að því vitandi vits að reyna að gera ríkisstofnanirnar sem flóknastar og dýrastar og flestar, til þess seinna meir að eiga auðveldara með að reyna að drepa þær? Orkustofnun á í umboði ríkisstj. að hafa umsjón með eftirliti af hálfu ríkisins. Mér finnst þetta orðalag þannig, að a. m. k. þessir hæstv. ráðh., sem eru sérstaklega hlynntir praktískum vinnubrögðum og því, að ríkið ætti frekar að vera til fyrirmyndar í rekstri en hitt, ættu nú að fást til að endurskoða ofurlítið lagagreinar, sem eru á þessa leið. Ég hef tekið eftir þeirra tilhneigingu að reyna að gera alla þá hluti, sem ríkið snerta, sem allra flóknasta, reyna að setja í kringum þá ráð, sem skipuð séu helzt ótal öðrum ríkisstofnunum, þannig að oft sé það orðið svo, að þeir menn, sem í ríkisstofnunum eiga að vinna, séu helzt í svo mörgum ráðum, að þeir séu farnir að flækjast í þeim sjálfir, og sumir þeirra, sem þyki jafnvel ómissandi til þess að vera þar, séu kannske komnir í svona 10—20 mismunandi ríkisstofnanir.

Þegar bók var rituð hér um árið um Parkinsonslögmálið svokallaða, var því nú almennt haldið fram, að þetta væri eins konar ónáttúra, sem sýndi sig í sambandi við ríkiskerfið, að vilja alltaf hrúga þarna öllu mögulegu utan um það. Því hefur almennt ekki verið trúað, að það væri beinlínis tilgangur vissra ríkisstjórna að reyna að gera ríkiskerfið sem flóknast, fyrirferðarmest, sem allra sundurlimaðast og ópraktískast, til þess að það væri betra að ráðast á það á eftir. Hins vegar, hvort sem það er nú Parkinsonslögmálið, sem er þarna að verki, eða jafnvel eitthvað annað enn þá verra, verð ég að segja, að þegar svona frv. koma hérna fram, er það það minnsta, sem hægt er að gera, að þau fáist almennilega athuguð og rædd og ekki sé reynt að pína þau í gegn á síðustu dögum þings, þegar yfirdrifið er að gera og þegar ríkisstj. á það yfirleitt einvörðungu undir hollustu stjórnarandstöðunnar, að mál, sem endilega þurfa þó að ganga í gegn, komist áfram. Það er vitanlegt, að vinnubrögðin hjá hæstv. ríkisstj. eru svoleiðis, að það er dyngt hér inn málum á síðustu stundu, sem síðan er ætlazt til, bara af hollustu stjórnarandstöðunnar, að gangi helzt svo að segja umræðulaust í gegnum þingið. Og svo er um leið farið að hafa þann hátt á að undirbúa þessi mál, þegar það eru t. d. stórmál, á þann máta, að það eru eingöngu settir menn úr stjórnarliðinu til þess að útbúa frv., í staðinn fyrir að hér áður fyrr þótti rétt, þegar stór mál voru á ferðinni, að setja þau í mþn., til þess að stjórnarandstaðan hefði þó einhverja möguleika til þess að athuga þessi mál. Ég vildi a. m. k. fá úr því skorið, hvort þetta er misskilningur hjá mér eða hvort það er meiningin að taka rafmagnseftirlit ríkisins þarna út úr og láta það verða fjárhagslega sjálfstæða stofnun. Og ég vildi þá um leið mega spyrja og heimta að fá þá hér yfirlit um: Hvað kostar Landsvirkjunin og hver er hennar skrifstofukostnaður og hvernig er háttað þar launum verkfræðinga og annarra slíkra, sem þar vinna? Ég kann ekki við, að það sé verið að taka út úr höndum ríkisins svo og svo mikið af fyrirtækjum og síðan sé máske farið að reka svo og svo mikið af því, sem slík fyrirtæki ættu að vinna, sem eins konar einkafyrirtæki, og ég mundi vilja biðja hæstv. ráðh. um að gefa okkur upplýsingar um það hér, hvernig háttar til með Landsvirkjunina, sem hér var með meirihlutavaldi ákveðið, að skyldi vera sjálfstæð stofnun í staðinn fyrir að fela raforkumálastofnun ríkisins hana. Hvernig er rekstur hennar? Hvað kostar hann? Eins og við vitum, er Landsvirkjun sameign ríkisins og Reykjavíkurbæjar og við fáum þess vegna ekki hér í sambandi við fjárl. og annað slíkt hennar reikninga, en það væri æskilegt, áður en haldið er áfram með þetta mál, að það lægi fyrir. Mig langar til að vita, hvað svona ríkisstofnanir kosta. Ég hafði hér um tíma nokkuð með þessa hluti að gera, á meðan Sogsvirkjunin starfaði, og ég benti á það hér í umr., sem fóru fram, þegar l. um Landsvirkjun voru sett. Á meðan Sogsvirkjunin starfaði, þótti það vera réttur mórall af hálfu ríkisins að reyna að gera hluti ódýra fyrir almenning. Það var þá ekki farið að leitast við að gera allt sem allra dýrast, til þess að auka verðbólguna sem mest. Þá var það svo, að þegar Sogsvirkjunin var sett, var það ákveðið með l. frá Alþingi, að það mætti einvörðungu leggja 5% á rafmagnið í heildsölu til bæjanna. Þegar Landsvirkjun var sett á stofn, var allt slíkt afnumið. Þá voru meira að segja gerðir sérstakir samningar um lán við útlenda banka, þar sem voru undangengin sérstök skilyrði um, að það yrði að leggja svona og svona mikið á, þannig að álagning skyldi vera til að safna í sjóði og annað slíkt, eins skynsamlegt og það er að safna í sjóði á meðan verðbólga gengur með 10—15% hækkun á ári, sama sem að kasta fénu í ekki neitt. Og þetta var

pínt hér í gegn í fyrra að gera þessar breytingar. Það var horfið burtu frá því að reyna að hugsa þannig, að almenningur gæti fengið ódýrt rafmagn. Það voru teknar ákvarðanir um, að það skyldi okra á rafmagninu. Á tímum Sogsvirkjunarinnar var það haft svo, að það var tekin sú ákvörðun af stjórn Sogsvirkjunarinnar að fela rafmagnsveitunni í Reykjavík að reka það fyrirtæki, þannig að allt bókhald og slíkt yrði sem ódýrast, eins og líka reyndist rétt. Sogsvirkjunin kom sér aldrei upp sjálfstæðu fyrirtæki með sérstökum forstjóra, sérstökum gjaldkera og sérstökum bókara, sérstöku fólki til að vinna. Mönnum þótti þá rétt að hugsa þannig, að það væri rétt að reyna að spara, jafnvel þó að ríkið og Reykjavíkurbær ættu í hlut. Menn skoðuðu það sem sitt verkefni að reyna að framleiða ódýrt rafmagn, en ekki að reyna að gera það sem dýrast. Meira að segja, þegar allar eignir Reykjavíkurbæjar voru afhentar Sogsvirkjuninni, voru þær afhentar á því bókfærða verði, sem þá var, en ekki með því endurmatsverði, sem nú er farið að tala um, einmitt til þess, að það skyldi vera sem hægast fyrir Sogsvirkjunina að hafa rafmagnið sem ódýrast. Nú er kominn annar tími. Nú eru fyrirskipanirnar um að okra og samið um það við útlenda aðila, sem lán eru tekin hjá, og það dýr og ópraktísk lán. Og ég vildi mega heyra hér: Hvernig standa málin núna viðvíkjandi Landsvirkjun og hvernig er útlitið þar? Hvernig eru hennar reikningar og hvað er kostnaðurinn þar, og hvernig er það til samanburðar við raforkumálastofnunina? (Gripið fram í.) Já, ég vonast nú til, að hæstv. ráðh. fylgist ofurlítið með þessum málum, og ég vona, að fyrirlitning núv. ríkisstj. á Alþ. sé ekki orðin slík, að Alþingi geti ekki fengið lagðar fyrir þær upplýsingar, sem krafizt er. Það er það minnsta, sem einn ráðh. getur gert, sem fer fram á, að mál séu afgr. á síðustu stundu, að sýna Alþingi fulla virðingu í slíku sambandi. Það er orðið hneyksli, hvernig núv. hæstv. ríkisstj. hugsar sér Alþ. eingöngu sem afgreiðslustofnun fyrir sig. Núv. ríkisstj. er að eyðileggja algerlega þingræðið á Íslandi, hún er að lítillækka Alþingi niður í það að eiga að vera eins og skrifstofa fyrir Stjórnarráðið. Og þegar rætt er um byggingu nýs alþingishúss, liggur manni helzt stundum við að ætla, að það ætti að búa til ofurlítið kot á stjórnarráðstúninu til þess að menn gætu komið þar inn og skrifað nafnið sitt, meiri hluti Alþingis, undir það sem ríkisstjórnin áliti að ætti að gera. Það er orðið svo í smáu og stóru, að meira að segja þm. stjórnarflokkanna mega ekki hafa sannfæringu eða framfylgja henni um nokkurn skapaðan hlut, hve smátt sem það er, ekki einu sinni í sambandi við fjárlög, sem lengst af hefur þó tíðkazt, á meðan Alþingi hefur starfað. Það er þess vegna ekki nóg fyrir hæstv. ráðh. að kalla bara fram í og segja: „Reikningar Landsvirkjunar verða birtir.“ Við viljum, áður en við gefum ráðh. meiri heimild en gefin er nú þegar, fá að vita ofurlítið, hvernig það hefur tekizt hjá honum þetta nýja bragð, sem hann vildi setja á rekstur ríkis og þess opinbera í sambandi við að koma upp Landsvirkjuninni. Við viljum vita, hvað hún hefur kostað, og hvort það hefði kannske ekki verið eins praktískt að láta raforkumálastofnunina sjá um hana, eins og Rafmagnsveita Reykjavíkur sá um rekstur Sogsvirkjunarinnar á meðan hún var og hvað er það, sem þarf að fela í þessu sambandi. Nú, ég fæ þá sem sé út úr þessari 38.—39. gr., að það eigi að taka rafmagnseftirlit ríkisins út úr raforkumálastofnuninni og gera það að sjálfstæðri stofnun, og ég veit, hvað slík sjálfstæð stofnun þýðir venjulega, og þess vegna langaði mig til þess að vita, hvað Landsvirkjunin kostaði.

Þegar kemur að rafmagnsveitum ríkisins, sýnist mér líka, að það eigi að taka rafmagnsveitur ríkisins út úr raforkumálastofnuninni. Þær hafa verið í henni fram að þessu. Ég er nú enn þá ekki búinn að skilja vitið í því. Er það vegna þess, að hæstv. ráðh. líti svo á, að þetta sé glimrandi gróðafyrirtæki? Það hefur nú ekki reynzt fram að þessu með rafmagnsveitur ríkisins. Af hverju er verið að taka þetta þarna út úr? Hvaða ástæða er til þess? Ég hef ekki heyrt nokkur rök færð fram fyrir því enn þá. Er það kannske bara vegna þess, að einhvern mann langi til að verða forstjóri? Er það vegna þess, að Sjálfstfl. þurfi að koma fyrir svona og svona mörgum forstjórum og þurfi að flýta sér fyrir kosningar til þess? Hvað er það, sem þarna er um að ræða? Hafa rafmagnsveitur ríkisins ekki verið reknar sæmilega í sambandi við raforkumálastofnunina? Hefur eitthvað verið að því þar? Hvaða ástæða var til þess að sundurliða þetta? Í 57. gr. er mælt svo fyrir, að ráðh. skipar forstjóra rafmagnsveitna ríkisins. Hann skal heita rafmagnsveitustjóri ríkisins, og þetta á að vera alveg sjálfstæð stofnun og heyra beint undir þann ráðh., sem fer með raforkumál. Þá fara þær að verða svona 3—4—5 stofnanirnar, þar sem gat verið ein. Ég get ósköp vel skilið frá hálfu Sjálfstfl., ef hann vill reyna að eyðileggja ríkisrekstur eins og hægt er, að fara inn á þetta. Þá er bezt fyrir hann að segja það. En ef hann vill láta ríkisreksturinn vera sem praktískastan, reyna a. m. k. fésýslumenn, þegar þeir reka sín fyrirtæki, heldur að hafa þau frekar stærri og þar með ódýrar rekin en að skipta þeim upp í mörg. Ég fæ ekki séð annað en hér sé verið að vinna hreint skemmdarverk. Ég veit ekki, af hverju er verið að vinna þetta skemmdarverk, en e. t. v. er það vegna þess, að raforkumálastofnun ríkisins, eins og hún hefur verið rekin, hefur verið einhver bezt rekna ríkisstofnunin í landinu. Raforkumálastofnun ríkisins hefur verið rekin með mikilli fyrirhyggju. Það hafa verið tekin upp þar og haft framtak þar um mörg mál, sem máske mátti stundum segja, að væri á tak-

mörkunum, að heyrðu undir hana, en hafa engu að síður komið þjóðfélaginu að gífurlegum notum, og lengi vel voru þeir menn, sem nú eru að verða viðurkenndir meðal beztu vísindamanna heims, einmitt starfandi hjá raforkumálastofnuninni, eftir að þeir höfðu lokið sínum embættisprófum, og raforkumálastofnunin tók við þessum mönnum, notfærði þeirra sérþekkingu til þess að rannsaka einmitt auðlindir þjóðar okkar og benda á, og það yfirleitt með miklum og góðum árangri, hvernig hagnýta mætti þessar auðlindir sem bezt. Þetta gat raforkumálastofnun ríkisins gert, vegna þess að hún var stórt fyrirtæki með sæmilega rúman fjárhag og hafði sínar mörgu deildir undir sér, sem hún réði yfir. Nú á sem sé að láta þetta fyrirtæki svona að hálfu veslast upp, og það er hart einmitt þess vegna, að þarna er um eitt af beztu ríkisfyrirtækjunum að ræða. Og mér finnst það alveg sérstaklega hart af Alþfl. að ljá máls á því að eyðileggja þetta fyrirtæki, vegna þess hvern hlut Alþfl. átti í því, hans ráðh. einmitt 1946, að gera frv. um raforkumálastofnun ríkisins að lögum, það mikla þjóðnýtingarmál, sem þá var sett í gegn, góðu heilli. Það er ákaflega hart, að það skuli verða hlutverk Alþfl., nú í þessari ríkisstj. að hjálpa til þess að eyðileggja þá ágætu löggjöf, sem hann átti þá vissulega heiður skilið fyrir. Ég held þess vegna, að það væri virkilega tími til kominn að stoppa hér við og athuga betur allan gang í þeim málum. Það var í þessu sambandi minnzt hér áðan á orkuráðið og þess hlutverk. Ég hef nú satt að segja verið að leita að fyrirmælunum um orkuráðið í þessari löggjöf, var nú búinn að finna hér ósköp lítinn kafla áðan, en það fór nú svo lítið fyrir honum, að ég hélt endilega, að það hlyti að vera eitthvað meira. Það var sem sé í 69. gr., þar sem mælt er fyrir um orkuráðið, og ég vildi spyrja: Er það virkilega rétt hjá mér, að það séu einu fyrirmælin um orkuráð, þessi í 69. gr.? Með leyfi hæstv. forseta: „Orkuráð semur árlega greiðslu- og fjárhagsáætlun fyrir orkusjóð og sendir ráðh. svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrv. til Alþingis. Orkuráð gerir till. um lánveitingar og einstakar greiðslur úr orkusjóði, skv. fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins og leitar staðfestingar ráðh. á þeim till. Orkuráð gerir enn fremur till. um ráðstöfun stofntillaga til lagningar rafmagnsveitna í strjálbýli o. s. frv." Ég hef ekki fundið mikið annað. Það er kannske einhver yfirsjón hjá mér. Þá verð ég að biðja afsökunar. Er það annars staðar, eða er þetta rétt hjá mér? (Gripið fram í.) Ég skal lofa hæstv. ráðh. að heyra, hvað raforkuráð á að gera. Ég skal lesa það fyrir hæstv. ráðh., ef honum skyldi ekki vera alveg ljóst, hvaða vald raforkuráð hefur. Spurningin er ekki um, hvað hin og þessi ráð kunna að gera af því, sem þeim er falið, heldur hitt, hvaða vald þau hafa. Og ef það hefur tekizt smátt og smátt að láta raforkuráð hafa minna umfangs en æskilegt væri og heldur en það hefur lögum samkv., er það ekki til neinnar fyrirmyndar. Þá hefði satt að segja raforkumálaráðh. fyrir löngu átt að segja við raforkuráð: Ja, viljið þið nú ekki hugsa um þetta hérna líka, sem ykkur er falið? Og nú skal ég lesa fyrir hæstv. ráðh., með leyfi hæstv. forseta, hvert hlutverk orkuráðs er. Ef hæstv. ráðh. má vera að að hlusta, vildi ég lesa þetta fyrir hann, sem sé, svo að honum sé alveg ljóst, hvert vald er gefið raforkuráði með núverandi lögum og hvert vald hann hins vegar ætlar því með því frv., sem hann vill nú fá fram. 53. gr. núverandi raforkulaga hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Raforkuráð skal eiga kost á að fylgjast með rannsóknum raforkumálastjóra og rekstri rafmagnsveitna ríkisins. Ráðinu skulu send til athugunar og umsagnar: 1. Till. raforkumálastjóra um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu. 2. Till. ríkisstj. til Alþ. um að reisa ný orkuver og koma upp nýjum orkuveitum eða festa kaup á slíkum mannvirkjum. 3. Frv. að gjaldskrám rafmagnsveitna ríkisins. 4. Efnahags- og rekstrarreikningar rafmagnsveitna ríkisins og kostnaðarreikningar mannvirkja í smíðum, svo og skýrslur raforkumálastjóra um rekstur rafmagnsveitna ríkisins. 5. Fjárhagsáætlun rafmagnsveitna ríkisins og till. um lántökur, önnur fjárlög og ráðstöfun fjár úr raforkusjóði. 6. Frv. að reglugerð um rafmagnsveitur ríkisins. 7. Erindisbréf, sem ráðh. gefur út handa starfsmönnum hjá raforkumálastjóra, rafmagnsveitum ríkisins og rafmagnseftirliti ríkisins. 8. Till. um ákvörðun orkuveitusvæðis héraðsrafmagnsveitna. 9. Frv. að reglugerðum og gjaldskrám héraðsrafmagnsveitna, ef ráðið óskar þess sérstaklega. 10. Till. um nýjar héraðsrafmagnsveitur ríkisins ásamt kostnaðar- og rekstraráætlunum um þær. 11. Frv. að reglugerð og gjaldskrám rafmagnsveitna ríkisins. 12. Ársreikningar og fjárhagsáætlun héraðsrafmagnsveitna ríkisins. 13. Frv. að reglugerð um raforkuvirki. 14. Till. til breytinga á raforkulögum og 15. Umsóknir um lánveitingar úr raforkumálasjóði samkv. 35. gr., tölul. 3 og 4."

Þetta er 53. gr., sem tekur svona nákvæmlega fram um þetta. Í 52. gr. stóð enn fremur, að verkefni raforkuráðs sé að fylgjast með stjórn og framkvæmdum í raforkumálum, gera till. í þeim efnum og vera ríkisstj. til ráðuneytis í raforkumálum. Raforkumálaráð var upphaflega hugsað sem stofnun, sem Alþ. raunverulega notaði til þess að fylgjast með þessum málum og geta haft ýmiss konar frumkvæði í þeim. Raforkuráð hefur að vísu ekki orðið nærri því sú stofnun, er hún hefði gjarnan átt að verða. Engu að síður, ef einhver stofnun rís ekki undir því, sem hún ætti að vera samkv. lögum, ber að reyna að sjá til þess að breyta henni þannig, að hún rísi undir því. En þá ber ekki að reyna að svipta hana svo að segja öllu valdi og öllum möguleikum, öllu því eftirliti, sem Alþ. ætlast til að hún hafi, og gera hana bara að hjákátlegri, lítilli n., sem ein, tvær litlar línur í l. mæla fyrir um, hvernig

starfa skuli. Það hefur nefnilega verið mjög eftirtektarvert, að það er eins og stefnan gangi út á það að reyna að draga úr valdi þeirra stofnana, sem Alþ. þannig kýs, en hlaða aftur á móti upp, eins og gert var t. d. í sambandi við rannsóknaráð ríkisins, ótal nefndum, tvöföldum t. d. þar, sem mestmegnis sé skipað af embættismönnum ríkisins, að embættismenn ríkisins, forstjórar hinna og þessara stofnana séu sjálfskipaðir í ótal ráð á þennan máta. Þess vegna er alveg greinilegt, að það er verið að gerbreyta því valdsviði, sem raforkuráð hefur haft fram til þessa, og þess vegna álít ég, að inn á það eigi Alþ. ekki að ganga. Það er nógu rík tilhneiging til þess að gera, eins og ég gat um áðan, Alþ. að afgreiðslustofnun í höndum ríkisstj. og það hefur verið árátta hjá fleiri ríkisstj. en þessari, þó að þessi gangi mjög langt í því, og það þarf að stinga þar við fótum. Ég vil sem sé alveg eindregið mótmæla því, að þetta frv. sé látið ganga fram nú, bæði vegna þeirrar óheillavænlegu stefnu, sem í því felst, vegna þeirrar sundurlimunar á ríkisfyrirtæki, sem í því felst, og vegna vanhugsaðra og illa undirbúinna kafla, sem í því eru, eins og kaflans viðvíkjandi jarðhitanum. Ég vil þess vegna eindregið leyfa mér að mælast til þess við hæstv. ráðh., að hann sé ekki að reyna að keyra þetta frv. nú í gegnum þingið. Það kann engri góðri lukku að stýra fyrir hæstv. ríkisstj., ef hún vill hafa gott samstarf, eins og hún þarf á að halda, til þess að koma öllum þeim fjölda mála í gegn, sem nú bíða, ef á að beita í sambandi við mál, sem eru harðvítug deilumál og að mínu áliti mikil ógæfumál eins og þetta, þeim aðferðum að kúska þetta gegnum þingið, hvað sem það kostar.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Í umr. þeim, sem hér fóru fram í gærdag um þetta mál, gerði hæstv. ráðh. nokkrar aths. við það, sem ég hafði hér sagt. Aths. hæstv. ráðh. voru nú að minni vitund býsna einkennilegar, og gat ég nú eiginlega ekki áttað mig á því, hvernig stóð á því, að hann brást þannig við mínum málflutningi, sem hann gerði. Hann vildi láta líta svo út, að ég hefði ekki lesið það frv., sem hér væri um að ræða, og vitnaði þar ekki í minna en einar þrjár greinar, taldi, að það benti allt til þess, að ég hefði ekki lesið þessar greinar og lagði til, að ég læsi þær betur. Og svo langt gekk hæstv. ráðh. í þessum efnum, að þó að ég hefði í minni ræðu lesið upp viðkomandi greinar hér yfir honum sem öðrum, fór hann enn fram á það, að ég læsi þessar greinar. Hitt verð ég aftur að segja, að málflutningur hæstv. ráðh. varðandi þau atriði, sem hann var nú þar að tala um, um lestur á þessum greinum, var þannig, að það var engu líkara en hann hefði ekki gert sér grein fyrir efni þeirra greina, sem hér var um að ræða í frv., og svo aftur þeirra greina, sem einnig var verið að ræða um úr gildandi raforkulögum. En ég hafði einmitt sýnt fram á það með upplestri úr hvoru tveggja hér, að á þessu var mikill munur, mikill efnismunur. Þær greinar í frv., sem hæstv. ráðh. vitnaði í og lagði til, að ég læsi aftur, voru m. a. 58. og 59. gr. frv., sem fjalla um verkefni rafmagnsveitna ríkisins. En ég hafði einmitt lesið upp úr þessum gr., og þar kemur mjög skýrt fram, að samkv. frv. er það ákveðið sem verkefni rafmagnsveitna ríkisins að annast rekstur rafmagnsveitnanna, standa fyrir framleiðslu á raforku og dreifingu hennar. Það er sem sagt almennt tekið fram í gr., að þetta séu verkefni þessarar ríkisstofnunar, en í gildandi l. er þetta ekki orðað svona, heldur á hinn veginn, að það er skylda, sem er lögð á herðar rafmagnsveitum ríkisins, að afla almenningi í landinu nægrar raforku og sjá atvinnuvegum landsmanna fyrir nægri raforku. Þessi skylda er nú tekin af rafmagnsveitum ríkisins. Þetta er alveg augljóst mál. Og hafi hæstv. ráðh. ekki áttað sig á þessu fyrr en nú, ber honum auðvitað að endurskoða till. sínar. Sé það meining hans að halda við fullkominni skyldu á rafmagnsveitum ríkisins til þess að annast þau verkefni, á vitanlega að breyta orðalagi 58. og 59. gr. frv. En hið rétta er auðvitað það, sem ég sagði, að það er augljóslega unnið að því að breyta um stefnu í þessum efnum frá því, sem áður var. Áður var við það efni miðað, að ríkið tæki þessi verkefni yfir á sig, skylduna í þessum efnum, en nú er hins vegar verið að leggja til að draga úr þessum skyldum ríkisins og gert hreinlega ráð fyrir því, að hér geti aðrir aðilar komið til. Sama var það, sem hæstv. ráðh. sagði hér viðvíkjandi verkefni tækninefndar, sem um getur í 4. gr. frv. Auðvitað var það fullkomlega rétt, sem ég sagði þar um tækninefnd. Allt, sem um hana segir í þessu frv., er að finna í 4. gr. Þar er aðeins sagt, að þetta skuli vera ráðgefandi nefnd um orkumál og síðan skuli um verkefni hennar sett sérstök reglugerð og þar ákveðið, að hverju hún skuli vinna. En hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að öll þau verkefni, sem talin eru upp í 2. gr. og talin eru sérstakt hlutverk Orkustofnunar, séu þau verkefni, sem tækninefnd á að fjalla um. En það segir hvergi í þessu frv., það er mesti misskilningur. Það er hvergi minnzt á það. Ef það hefði verið svo, hefði vitanlega orðalagið átt að vera allt annað en er á 4. gr. frv. En annaðhvort er það, að hér er um það að ræða, að frv. sé sérstaklega illa samið eða þá að hæstv. ráðh. hefur hreinlega ekki gert sér grein fyrir því, hvað stendur í hinum einstöku gr. frv.

Hæstv. ráðh. tók aths. mínum þannig, að hann sagði, að með l. um Landsvirkjun hefði einmitt sú stefna verið mótuð, sem ég hefði hér í mínum málflutningi að verulegu leyti verið að tala fyrir, þ. e. a. s. að stefnt skyldi að því að koma upp stórum orkuverum, sem gengið væri beinlínis út frá, að næðu fyrr eða síðar til landsins alls. Þetta er vitanlega alveg reginmisskilningur hjá hæstv. ráðh. Í þessum

efnum er ekki um það að ræða, að Landsvirkjunarlögin marki neina nýja stefnu. Alveg ótvírætt er það hins vegar stefnumarkandi í raforkul. frá 1946, að þá átti að því að stefna, að ríkið tæki þessi mál í sínar hendur og miðaði að því að leysa raforkumál landsmanna sem mest á hinn hagkvæmasta hátt með samvirkjun. En l. um Landsvirkjun viku nokkuð frá þessari almennu stefnu að því leyti til, að þar var ekki um að ræða algera forustu ríkisins, heldur var ákveðið, að að því mannvirki, sem þar var fjallað um, skyldu tveir aðilar standa, þ. e. a. s. Reykjavíkurborg annars vegar og ríkið hins vegar. Þetta var í eðli sínu frávik frá meginstefnu raforkul. frá 1946. En þó að með l. um Landsvirkjun væri ákveðið að ráðast í stórvirkjun í Þjórsá, var ekki verið að taka upp neina nýja stefnu. Hefði verið ráðizt í Búrfellsvirkjun samkv. þeim áætlunum, sem lágu fyrir, þegar l. um Landsvirkjun voru ákveðin í fullu samræmi við raforkul., hefði vitanlega ríkið átt að hafa algera forustu um þessa framkvæmd og verða eigandi að þessu nýja mannvirki og sjá um rekstur þess. Sú eina nýja stefna, sem þarna kom því fram, var þetta frávik frá því, að ríkið hefði þessa forustu og svo það að taka upp þennan hátt að deila þessu hlutverki á milli Reykjavíkurborgar og ríkisins, sem auðvitað var óeðlilegt. Það var ekkert eðlilegt, að Reykjavíkurborg skyldi vera helmingsaðili að framleiðslu á raforku og dreifingu á henni hér um allt Suðvesturland. Vissulega var Reykjavíkurborg hér stór aðili að, en það var með öllu óeðlilegt, að Reykjavíkurborg færi að taka að sér sérstaklega það verkefni að standa í forsvari í sambandi við lausn á raforkumálum alls Suðvesturlandsins. Það, sem eðlilegt var í þeim efnum, var auðvitað, að ríkið annaðist þetta. En hæstv. ríkisstj. var nú á þeirri skoðun, að það færi betur á því, að yfirstjórn Landsvirkjunarinnar væri í höndum Reykjavíkurborgar og ríkisins heldur en aðeins í höndum ríkisins, og eins og ég sagði hér í minni ræðu í gær, er enginn vafi á því, að pólitískar ástæður lágu til þess, að þetta fyrirkomulag var tekið upp. En það er í rauninni leiðinlegt í sambandi við jafnmikilvægt mál og hér er um að ræða, stefnuna í raforkumálum, að raforkumálaráðh. skuli ekki fást til þess að ræða þetta mál efnislega og á eðlilegan hátt. Ég ræddi hér um það í minni ræðu í gær og sýndi fram á það alveg ljóslega, að með þessu frv. er verið að víkja í ýmsum grundvallaratriðum frá þeirri stefnu í raforkumálum landsins, sem upp var tekin með setningu raforkulaganna árið 1946. Með þeim l. var hreinlega gengið út frá því, að ríkið eitt ætti að annast byggingu meiri háttar raforkuvera í landinu og dreifingu raforkunnar um aðalorkuveitulínur, og það ætti að stefna að því, að ríkið annaðist lausn á þessum þýðingarmiklu málum. En það fer auðvitað ekkert á milli mála, að skv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, er verið að gera ráð fyrir því, að raforkumálaráðh., hver sem hann er á hinum einstöku tímum, geti veitt hér öðrum aðilum leyfi til þess að koma upp raforkuverum og reka þau. Þetta er vitanlega gífurlega mikið frávik frá þeirri stefnu, sem hér hafði verið mörkuð. Hæstv. raforkumálaráðh. hefur ekki reynt á nokkurn hátt að færa hér fram rök fyrir því, hvað það er, sem kallar á þessa breytingu, hvað það er, sem rökstyður það að taka upp þessi vinnubrögð aftur. Hann hefur ekki viljað ræða það á neinn hátt. Í hvaða tilfellum er það, sem hann vill gera ráð fyrir því, að það sé rétt, að ráðh. hafi heimild til þess, án þess að leita til Alþ., að heimila einstökum aðilum í landinu að koma upp raforkuverum, sem geta framleitt allt upp í 2000 kw.? Í hvaða tilfellum er það, sem slíkt ætti að teljast hagkvæmt og rétt að fara inn á þá stefnu? Ef hann getur ekki nefnt nein tilfelli, sem hann hefur í huga, — til hvers þá að vera að breyta gildandi l. um þetta og gera ráð fyrir þessu?

Þá vildi hæstv. raforkumálaráðh. láta líta svo út í því, sem hann sagði hér, að það væri misskilningur, að þetta frv. fæli í rauninni í sér neina meginstefnubreytingu í raforkumálum landsins, og það væri líka misskilningur, að hér væri um nokkurt vantraust á raforkumálaskrifstofuna að ræða eða á núv. raforkumálastjóra. Og hann lét orð liggja að því, að raforkumálastjóri hefði verið með í samningu þessa frv. og hann væri í rauninni ekki svo mikið á móti því. Á þeim fundi eða fundum, sem raforkumálastjóri mætti í fjhn., kom það m. a. fram hjá honum, að hann taldi sig fyrst og fremst höfund raforkulaganna frá 1946. Hann sagðist hafa átt meginþátt í því að leggja til það efni, sem í þann lagabálk hefði verið sett, og hann sagði einmitt, að sín meginstefna í raforkumálum landsins kæmi fram í þeirri löggjöf. Og hann lýsti því svo enn fremur yfir, að hann væri andvígur ýmsum ákvæðum í þessu frv., og einnig lýsti hann því yfir, að hann hefði ekki staðið að því að semja þetta frv., enda kemur það skýrt fram í grg. frv., að það voru til kvaddir aðrir menn en hann í þá n., sem átti að semja frv. Hann hafði hins vegar af skiljanlegum ástæðum rætt talsvert við þá n., sem vann að því að semja frv., og látið ýmis sjónarmið sín koma fram. Að sumu leyti hafði n. tekið upp hans ábendingar og í öðrum tilfellum ekki. Og í sumum þeim atriðum, sem raforkumálastjóri sagðist hafa lagt mesta áherzlu á og þar sem nefndin varð við óskum hans, brást aftur hæstv. ráðh. svo við, að áður en hann lagði frv. fyrir Alþ. tók hann þessi meginatriði, sem raforkumálastjóri hafði lagt til við nefndina, að tekin yrðu inn í frumvarpið, út úr frumvarpinu aftur. Þetta kom allt saman mjög skýrt fram í þeirri n., sem fjallaði um málið, m. a. þær þrjár greinar, sem raforkumálastjóri lagði til, að teknar yrðu upp eða þrír nýir liðir í 71. gr. frv., en þessir liðir fjalla einmitt um það, sem ég gerði

hér nokkuð að umtalsefni í gær, þeir fjalla um möguleika orkumálastjóra eða núv. raforkumálastjóra til þess að geta haldið uppi með eðlilegum hætti rannsóknarstörfum að orkumálum og vinnu í sambandi við undirbúning að framkvæmdum í þessum efnum. En raforkumálastjóri benti einmitt sérstaklega á það, að það væri mjög mikilvægt fyrir stofnunina að geta ráðið yfir fjármagni raforkumálasjóðs eða orkumálasjóðs til þess að standa undir slíkum rannsóknarkostnaði og undirbúningskostnaði, en hann væri ekki að öllu leyti bundinn við þær fjárveitingar, sem ákveðnar hefðu verið í þessu skyni fyrir hvert einstakt ár, vegna þess að það vill auðvitað oft koma fyrir, þegar unnið er að undirbúningi eða stórframkvæmdum, að það koma beinlínis upp á óvæntan hátt verkefni, sem þarf að halda áfram athugun á og kostnað leiðir af, en eftir því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., væri ekki möguleiki fyrir orkumálastjóra að ráða sér starfsmenn til þess að halda slíkum verkefnum áfram, og hann yrði að bíða eftir því, að næst yrðu samin fjárlög og fjárveitingavaldið hefði samþ. nýja fjárveitingu í þessu skyni. Sem sagt, meiri hl. þeirra manna, sem sömdu þetta frv., hafði fallizt á þetta sjónarmið raforkumálastjóra og tekið inn þessar till. hans í þau drög að frv., sem n. lagði fyrir ráðh., en ráðh. hafði aftur fellt þessi ákvæði út. Og þó að einstakir nm. í fjhn. hafi nú óskað eftir því, að þessi ákvæði yrðu tekin inn í frv. aftur, hefur hæstv. ráðh. ekki viljað á það fallast. Það er því vitanlega algerlega villandi, þegar hæstv. raforkumálaráðh. talar þannig um þetta mál hér í d., að hann vill láta líta svo út, að raforkumálastjóri sé í rauninni höfundur að þessu frv., hann standi með þessum breytingum, sem hér er um að ræða. Það er auðvitað algerlega villandi frá skýrt. Ég hef svo sagt það hér í þessum umr., að ég tel auðvitað engan vafa vera á því, að flutningur þessa frv. í þeim búningi, sem það er, er auðvitað hin mesta vantraustsyfirlýsing á raforkumálaskrifstofuna og stjórnendur hennar og alveg sérstakt vantraust á raforkumálastjóra. Það er ómögulegt að túlka þetta á annan veg.

Það vakti svo athygli mína líka í málflutningi hæstv. ráðh., hvernig hann reynir að því litla leyti, sem hann hefur nú uppi tilburði í þá átt, hvernig hann reynir að réttlæta ýmis ákvæði í þessu frv., sem stefna til breytinga frá því, sem verið hefur. T. d. það ákvæði, þar sem gert er ráð fyrir því, að ráðh. geti heimilað einstökum aðilum að ráðast í virkjunarframkvæmdir allt að 2000 kw. án þess að leitað sé til Alþ., þá rökstyður ráðh. þetta á þann veg, að þetta geri nú ekki mikið til, þó að ráðh. fái þessa heimild, því að líklega verði nú í flestum tilfellum þeir aðilar, sem fái slíka heimild ráðh., hvort sem er að koma til Alþ. og leita þar eftir t. d. ríkisábyrgðum fyrir lánum og öðru slíku, svo að þeir geti ráðizt í framkvæmdirnar. Til hvers þá að vera að breyta þessu? Til hvers þá að vera að breyta l. frá 1946, sem gerðu ráð fyrir því, að Alþ. hefði valdið í sínum höndum og ákvæði það eitt, hvort aðrir ættu að standa að virkjunarframkvæmdum en ríkið sjálft? En ráðh. vill sem sagt fá í hendurnar heimild til þess að geta hleypt hér öðrum að í sambandi við virkjunarframkvæmdir, en reynir þó að afsaka málið á þann veg, að í rauninni breyti þetta engu. Þetta er áfram í höndum Alþ. Auðvitað ætti ráðh. að tefla fram einhverjum rökum fyrir því, vegna hvers hann er að breyta ákvæðunum frá gildandi raforkul. Af hverju er hann að skapa þessa heimild? Til hvers? Hvað er hann að leysa?

Þá hafði ég bent einnig á það hér eins og fleiri, að með þessu frv. væri enn verið að skerða áhrifavald Alþ. í því að hafa áhrif á það, hvernig staðið er að framkvæmdum í raforkumálum landsins með því, að það orkumálaráð, sem nefnt er í þessu frv., þó að það eigi að kjósast af Alþ. er það alveg ótvírætt, að valdsvið þessa orkuráðs er miklu takmarkaðra heldur en valdsvið raforkuráðs, sem verið hefur. En hæstv. ráðh. vill ekki viðurkenna þetta. Hann neitar þar auðvitað alveg tvímælalaust staðreyndum og segir svona, að bezt sé fyrir menn að lesa lagagreinarnar betur. En þó að það sé lesið yfir hæstv. ráðh., hvað um þetta segir, virðist það ekkert duga. Í 53. gr. raforkul. frá 1946 eru talin upp í 14 töluliðum verkefni, sem raforkumálaráð á að láta sig skipta, atriði, sem ýmist eiga að leggjast fyrir raforkuráð til umsagnar og athugunar eða sem raforkumálaráð, þ. e. hið þingkjörna ráð, hefur fullt valdsvið til þess að fá allar upplýsingar um og fylgjast með. Það kann vel að vera, að í framkvæmdinni hafi verið stigið yfir ýmislegt af þessu og það hafi ekki allt komið til framkvæmda. En hvað um það, l. gerðu ráð fyrir því, og sú þingkjörna nefnd, sem þarna átti hlut að máli, hafði aðstöðu til þess að fylgjast með þessu, hún hafði lagalega stöðu til þess að láta þessi mál sig skipta. En það er alveg augljóst, að skv. frv. hefur orkumálaráð nálega engin verkefni, eða eins og hæstv. ráðh. sagði hér í sínu máli, það er í rauninni aðeins ætlazt til þess, að orkumálaráð fái að úthluta eða gera till. til ráðh. öllu heldur um úthlutun á því fjármagni, sem á að ganga á hverju ári til lagningar á raforkulínum um sveitir landsins. En gert er svo hins vegar ráð fyrir því, að það verði Alþ., sem ákveður það fyrir hvert einstakt ár, hve mikið fé á að renna til slíkra framkvæmda. Verkefni þessarar þingkjörnu n., þessa orkuráðs, verða því að teljast sáralítil og miklu minni en gert var ráð fyrir í raforkul., að verkefni raforkumálaráðs væru. Það er eins og hér hefur verið sagt af öðrum, að ef hæstv. ráðh. væri raunverulega á því, að rétt væri, að hið nýja orkuráð fengi sama verkefni og raforkuráð hefur haft, ætti hann vitanlega að styðja till., sem liggur hér fyrir um breytingu í þá átt. Það, sem hér skiptir mestu máli í sambandi við þetta mál, er það

að gera sér grein fyrir því, að hverju er verið að stefna í raforkumálum landsins. Er það æskileg stefna, að aðilarnir, sem standa fyrir virkjunarframkvæmdum í landinu og dreifingu raforku, verði margir og þar af leiðandi fremur smáir, eða er hitt æskilegra, að að því verði stefnt, að það verði einn aðili fyrst og fremst, sem á að leysa þau þýðingarmiklu verkefni að afla þjóðinni nægilegrar raforku á sem hagkvæmastan hátt? Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að það er langtum heppilegra, að að því verði stefnt, að það verði einn aðili, sem hefur á hendi þetta mikla verkefni, og þá getur ekki verið um neinn annan eðlilegan aðila að ræða en ríkið, og það er því íslenzka ríkið, sem á að standa fyrir því að reisa orkuverin og sjá um aðaldreifilínurnar og vinna að því að tengja saman öll orkuveitusvæði landsins og skapa þannig grundvöll að því, að hægt sé að virkja á hagkvæmastan hátt hverju sinni. Að þessu á að stefna, en þá vitanlega með því að sjá um, að ríkið hafi á hendi forustu í þessum efnum og taki þá auðvitað á sig skyldurnar í sambandi við lausn á þessum málum. En hitt er röng stefna að hverfa frá því, sem ráðgert var með raforkul. frá 1946, og ætla sér að fara að koma upp mörgum aðilum eða efna til þess, að upp rísi margir aðilar, sem eiga að leysa raforkuþarfir landsmanna. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar alveg tvímælalaust að því að draga úr forustuhlutverki ríkisins og dreifa þessu framkvæmdavaldi. Frv. miðar að því að leysa upp að verulegu leyti raforkumálaskrifstofu ríkisins, sem var orðin sú miðstöð, sem hafði á hendi fyrir hönd ríkisins framkvæmdir í þessum efnum. Hana á að leysa upp í margar smærri einingar og í rauninni að skilja svo við raforkumálaskrifstofuna, að hún verði aðeins einhver rannsóknardeild með mjög takmörkuð fjárráð. Það atriði, sem snýr að sérstökum forstjóra fyrir rafmagnsveitum ríkisins, er, eins og ég hef bent hér á áður, algert aukaatriði þessa máls. Í gildandi raforkulögum var beinlínis gert ráð fyrir því, að ráða mætti sérstakan framkvæmdastjóra, rekstrarframkvæmdastjóra fyrir rafmagnsveitur ríkisins, og þannig var því háttað um margra ára skeið. Núverandi forstjóri hinnar miklu Landsvirkjunar var einmitt framkvæmdastjóri rafmagnsveitna ríkisins, en svo, þegar hann fór úr því starfi og núverandi ráðh. vildi ráða nýjan mann í starfið, fannst ráðh. nauðsynlegt að kljúfa þennan hluta frá raforkumálaskrifstofu ríkisins, kljúfa þennan þáttinn frá og gera þennan nýja forstjóra fyrir rafmagnsveitum ríkisins að sjálfstæðum forstjóra, sem heyrði beint undir raforkumálaráðh., en mátti ekki heyra áfram undir raforkumálastjóra, eins og áður var. Það var vitanlega engin nauðsyn, sem kallaði til þessarar lagabreytingar, sem hér er gert ráð fyrir. Þó að ráðh. hefði nú viljað endilega gera þennan forstjóratitil svolítið hærri og meiri en þann, sem fyrir var, er engin nauðsyn að ætla að rífa upp raforkulög landsins á þann hátt, sem gert er með þessu frv., og taka hér upp stefnubreytingu varðandi raforkumál landsins í meiri háttar atriðum.

Ég hlýt svo að vekja athygli á því enn einu sinni, að það er í rauninni alveg furðulegt, þegar jafnmikilvægt mál liggur hér fyrir þinginu eins og þetta, að hæstv. raforkumálaráðh. skuli ekki gera neina tilraun til þess að rökstyðja þær breytingar frá gildandi l., sem felast í frv. og hvað það sé, sem raunverulega kallar á þessar breytingar. Ég held, að hér sé verið að stíga skref aftur á bak í áttina til þess fyrirkomulags, sem var á lausn raforkumálanna í landinu fyrir árið 1946, en þá var ástandið einmitt þannig, eins og ég hef vikið að áður, að á hverju þingi komu fram beiðnir frá mörgum bæjar- og sveitarfélögum eða mörgum aðilum héðan og þaðan af landinu um aðstoð frá ríkinu, til þess að þessir aðilar gætu leyst sín raforkumál hver fyrir sig. Þetta gamla skipulag leiddi til þess, að raforkuverin í landinu urðu mörg og smá og ríkið þurfti að hlaupa undir bagga og veita þeim beinan fjárstuðning í mjög mörgum tilfellum. Og ég minni enn þá á það, að þegar raforkul. voru sett árið 1946, voru það menn úr öllum flokkum hér á Alþ., sem tóku höndum saman um það, að breyta um stefnu frá þessu gamla fyrirkomulagi og marka þá stefnu, að unnið skyldi að lausn raforkumála landsmanna með öðrum hætti, og þá var sú leið valin, að það skyldi fyrst og fremst vera verkefni ríkisins að leysa þessi mál, og þá var því slegið föstu í löggjöfinni, að ríkið hefði einkarétt á því að reisa raforkuver og selja raforku í heildsölu, en aðeins gert ráð fyrir því um tíma, að þeir, sem fyrir voru með raforkuver, gætu fengið rétt til þess að reka þau og til þess að fullvirkja þau fallvötn, sem þeir voru byrjaðir að virkja, en þó gert ráð fyrir því, að ríkið yrði hlutdeildaraðili í þessum fyrirtækjum og síðar yrði að því stefnt, að ríkið yfirtæki orkumálin þannig sem heild. Ég efast ekkert um það, að hæstv. raforkumálaráðh. hefur gert sér grein fyrir því, að þessi mál voru svona og svona, og svona hefur þetta gengið til, en það vekur undrun mína, að hann skuli vera á því nú að ætla að hverfa að meira eða minna leyti til gamla fyrirkomulagsins og deila þessu upp í margar einingar. Með því að ákveða það, að ríkið taki þessi verkefni í sínar hendur, er vitanlega ekkert um það sagt, hvar ráðizt verður í virkjanir hverju sinni. Það á aðeins að fara eftir því, sem hagstæðast er. Vitanlega kemur til þess og yrði um það að ræða, að reist yrðu raforkuver líklega í öllum fjórðungum landsins, því að alls staðar eru til miklir möguleikar í þessum efnum, en það er eins og ég sagði hér í umr. í gær, það er vitanlega ekkert aðalatriði, þegar ráðizt verður í virkjun t. d. Lagarfoss á Austurlandi, að sú raforka verði einvörðungu handa Austfirðingum. Sú orka, sem þar er framleiðanleg, má gjarnan

flytjast til annarra landshluta til hagnýtingar þar, alveg eins og raforka frá öðrum landshlutum á að flytjast austur, eftir því sem haganlegast og hagkvæmast er á hverjum tíma. Þær þjóðir, sem eru miklu stærri en við, hafa talið sér nauðsynlegt að taka einmitt upp þá stefnu í raforkumálum, sem hér var mörkuð með raforkul. frá 1946, þ. e. a. s. að gera ráð fyrir því, að það sé viðkomandi ríki fyrst og fremst, sem á að leysa raforkumálin. Því er það jafnt í auðvaldslöndum eða kapítalískum löndum sem hinum sósíalisku löndum, að um það er að ræða, að raforkumálin séu rekin fyrst og fremst af ríkisheildinni. Þessi mál eru þess eðlis, að það er miklum mun hagkvæmara fyrir þjóðarheildina að hafa þennan hátt á. En ef aðilarnir eru margir, koma upp svo margvísleg vandamál varðandi samtengingu og samrekstur mismunandi orkuvera, að það er mjög erfitt að koma því við. Því held ég, að það eigi að halda sig við þá stefnu, sem mörkuð var með raforkul. frá 1946, og það sé óheillaspor, sem markað er með þessu frv., þar sem beinlínis er að því stefnt að deila þessu upp á meðal margra aðila.

Ég minntist lítillega á það hér í umr. í gær, hvernig þetta gæti komið út, hættur í sambandi við þær heimildir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og benti á það, að þó að hér væri nú ekki um heimildir að ræða fyrir því, að byggð yrðu raforkuver nema upp að 2000 kw., er það alveg augljóst mál, að í okkar tiltölulega dreifðu byggð og þar sem er um jafnmarga smáa staði að ræða, mundi vel geta komið til þess í mörgum tilfellum, að einstakir staðir óskuðu eftir því að reisa orkuver, sem væru í kringum 2000 kw. að stærð, en slíkt orkuver samsvarar mjög ríflegri notkun hjá um 4000 manna bæ. Og ég er mjög hræddur um það, að ef raforkumálaráðh. fær heimild til þess að veita leyfi til slíkra framkvæmda, kunni svo að fara, bæði hjá núv. hæstv. raforkumálaráðh. og öðrum, sem kynnu að vera í hans embætti, að þeir létu undan beiðnum einstakra aðila, sem vildu taka sig út úr og reisa slík mannvirki, og heimiluðu þeim að reisa slík orkuver, en það gæti þá orðið til þess, að viðkomandi svæði, allmikið svæði, jafnvel heill landsfjórðungur ætti í erfiðleikum með að fá sín raforkumál leyst, eftir að búið væri að taka kannske kjarnann af svæðinu út úr. Og það er einmitt það, sem menn höfðu í huga með setningu raforkulaganna frá 1946, þegar ríkinu var áskilin hér einkaréttaraðstaða til framkvæmda í þessum efnum, þá var við það miðað, að reynt yrði að leysa raforkumálin á hinn hagkvæmasta hátt, en smástöðvafyrirkomulagið yrði lagt niður. En það þýðir eflaust ekki að ræða þessi mál öllu meira en gert hefur verið. Hæstv. ráðh. virðist ekki hafa mikinn áhuga á að ræða málið. Hann leggur það aðeins hér fram, og honum er mjög brátt að reyna að koma málinu í gegn, og ég býst við því, að það sé þegar búið að negla nægilega marga til þess að samþykkja þetta og það sé því í rauninni ósköp þýðingarlítið að ætla að ræða hér öllu lengur en gert hefur verið svona efnislega um málið.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það virðist nú vera þannig, að þó að farið sé að líða á þingtímann, sé talið, að þingið hafi rúman tíma, fyrst hægt er að eyða löngum tíma eða taka tíma til að ræða þetta mál frá öðrum málum, sem eru óneitanlega miklu stærri og meira aðkallandi. Hér í þessari d. hafa verið lögð fram á þessu þingi fjöldamörg merk mál, sem liggja í nefndum og hafa ekki fengizt afgreidd þaðan, og væri óneitanlega miklu ríkari ástæða til þess að ræða þau en þetta mál, sem hér liggur fyrir. Ég gæti talið upp fjöldamörg mál, sem fyrir þessari d. liggja, en eru látin liggja í salti á meðan mál, sem eru miklu minna aðkallandi eins og þetta, sem hér liggur fyrir, eru látin sitja í fyrirrúmi. Ég álít, að hæstv. forseti hefði átt að ganga ríkar eftir því við ýmsar nefndir hér í þinginu en gert hefur verið, að þær litu eftir þessum málum, og það hefði verið meira aðkallandi en að halda sérstakan laugardagsfund til þess að koma þessu máli áleiðis.

Ég vil fyrst segja það um þetta frv., að ég álít, að hér sé ekki um neitt stórmál að ræða né að aðkallandi sé að breyta þeim raforkulögum, sem nú eru í gildi og sem ýmsir merkir menn telja sig hafa átt mikinn þátt í og telja, að þeir eigi heiður skilið fyrir það. Ég álít, að þau rök séu það fullkomin og fullnægjandi, að það sé þess vegna engin ástæða til þess að vera að hraða þessu frv., sem hér liggur fyrir, og þess vegna mætti vel gilda um það eins og marga slíka lagabálka, að rétt væri að láta það fá athugun á tveimur þingum. En sem sagt, það er nú lagt það ofurkapp á að koma þessu máli fram, að það er efnt til sérstaks laugardagsfundar til að ræða um það, meðan fjöldamörg miklu meira aðkallandi mál eru látin liggja í salti. Þó er það tekið fram í grg. þessa frv., sem er alveg rétt, að hér sé ekki um neinar róttækar breytingar að ræða og þar af leiðandi ekki neinar aðkallandi breytingar að ræða. Og þess vegna mætti þetta mál eins og ýmis slík mál, stórir lagabálkar vel bíða nánari athugunar á næsta þingi. Það er ágætt, að það hefði þá verið lagt fram á þessu þingi og menn gætu kynnt sér efni þess, en samt fengist betri aðstaða til þess að íhuga það fyrir næsta þing.

Mér sýnist annars fljótt á litið, að þegar sleppt er ýmsum minni breytingum, þá séu það tvö meginatriði, sem felast í þessu frv. Annað atriðið er það, að stefnt er að því að þenja út embættismannakerfið, skipta upp stofnun, sem nú starfar sem ein heild, í fleiri einingar. Óhjákvæmilega hlýtur þetta að leiða til þess, að þessi starfræksla eða þessi þjónusta verður miklu dýrari en nú er. Þetta sýnist mér, að sé annað aðalatriði frv. Og ég held, að það sé einmitt þetta atriði, sem veldur því, að hæstv. ríkisstj. leggur svona gífurlega

áherzlu á að koma þessu máli fram. Hún vill fá þetta afgreitt fyrir kosningar og til þess að hún geti raðað í hinar nýju stöður og ný embætti fyrir kosningar. Af þeim ástæðum má þetta mál ekki dragast til næsta þings, til þess að fá ýtarlegri og betri athugun. Nei, það verður að leggja allt kapp á að afgreiða það fyrir kosningarnar vegna þess, að ekki er víst að núverandi ríkisstj. muni fara með völd eftir kosningarnar og þess vegna verður að ráðstafa hinum nýju embættum skv. þessu frv. fyrir kosningar. Ég mun koma nokkuð nánar að þessu atriði síðar, en víkja áður að því, sem mér sýnist að sé annað aðalatriði þessa frv. og það er þáttur í þeirri stefnu að draga alltaf meira og meira vald úr höndum Alþ. í hendur embættismanna. Hér á t. d. að leggja niður raforkuráð, sem hefur haft talsvert mikil völd og þingið hefur kosið, en kjósa svo eiginlega algjörlega valdalausa n. í staðinn.

Alþ. hefur haft áður í hendi sinni að fjalla um byggingu allra rafveitna, sem eru stærri en 100 hestöfl, má ég segja. En nú á stórlega að rýmka þessa heimild. Það er orðið ákaflega mikið einkenni á okkar stjórnarstefnu á undanförnum árum að skerða vald Alþ. og auka embættismannavaldið í landinu. Þetta álít ég ákaflega varhugaverða og hættulega stefnu. En að sjálfsögðu þarf að vera til embættismannavald í landinu og verður alltaf að vera, en ég held, að því fylgi margvísleg hætta að gera það mjög sterkt, og löggjafarvaldið þurfi mjög að gæta sín og hafa hæfilegt aðhald að því, sem hinar opinberu stofnanir sýsla.

Ég kem þá aftur að því, sem ég tel vera fyrra meginatriði þessa frv., það er að þenja út embættismannakerfið. Ég held, að það sé kominn tími til þess, að þm. fari að átta sig á því, hvort kostnaðurinn við embættismannahald alls konar og ýmsan slíkan rekstur sé ekki orðinn það mikill, að það eigi frekar að sporna við fótum og reyna að færa reksturinn saman, — færa opinberan rekstur saman en að þenja hann út. Ég held, að það sé mjög athyglisvert fyrir okkur í því sambandi að gera nokkurn samanburð í tilefni af því, að hér á Alþ. í dag var lagt fram yfirlit um tekjur og gjöld ríkissjóðs á s. l. ári. Af þessu yfirliti má mikið læra um það, hvernig kostnaðurinn við embættismannahaldið og ríkisrekstrinn hefur stórkostlega vaxið á undanförnum árum. Það er t. d. fróðlegt að bera þetta yfirlit saman við rekstrarreikning ríkisins frá 1958. Ég ætla aðeins að nefna nokkur dæmi um, hver þenslan hefur orðið í þessum efnum.

Árið 1958 var t. d. kostnaður við æðstu stjórn ríkisins, þ. e. forsetaembættið, 1.1 millj. kr. eða kannske réttara sagt, 1,2 millj. kr. Skv. yfirlitinu, sem lagt var fram í dag, hefur þessi kostnaður orðið 3—3.3 millj. kr. á s. l. ári, þessi kostnaður hefur m. ö. o. næstum því þrefaldazt. Um kostnað við Alþ. gildir nokkuð svipað. Árið 1958 er kostnaðurinn við Alþ. 8 millj. kr. Mér sýnist, að á s. l. ári hafi hann orðið 32 millj. kr. eða hann hefur m. ö. o. fjórfaldazt á þessum tíma. Og þá kem ég að stjórnarráðinu. Kostnaðurinn við það varð árið 1958 14 millj. kr., en á s. l. ári hefur hann orðið 49 millj. kr. Það er ekki mjög fjarri því, að hann hafi fjórfaldazt á þessum 8 árum. Þá kem ég að utanríkisþjónustunni. Hún kostaði árið 1958 skv. rekstrarreikningi ríkissjóðs tæpar 11 millj. kr., en á s. l. ári hefur kostnaðurinn við hana skv. yfirliti, sem lagt var fram í dag, orðið 45 millj. kr. Kostnaðurinn við utanríkisþjónustuna hefur m. ö. o. næstum því fjórfaldazt á þessum átta árum.

Það má halda þessari upptalningu áfram, sem sýnir, hversu gífurleg þessi útþensla hefur orðið. Ég kem næst að dómsmálunum. Árið 1958 hefur kostnaðurinn við þau orðið 58.4 millj. kr., en á s. l. ári hefur kostnaðurinn við þau, dómsmálin, orðið 220 millj. kr. skv. þessu bráðabirgðayfirliti eða rösklega fjórfaldazt. Og þó eru ekki öll kurl komin til grafar, því að þetta yfirlit virðist aðeins ná til desemberloka. Þá er komið að innheimtu tolla og skatta. Kostnaðurinn við það á árinu 1958 var tæpar 24 millj. kr., en hefur orðið á s. l. ári og þó aðeins til desemberloka 96 millj. kr. Kostnaður við innheimtu tolla og skatta virðist m. ö. o. hafa rösklega fjórfaldazt á þessu tímabili. Það er kannske ekki úr vegi að rifja þetta upp, vegna þess að hæstv. viðskmrh. er hér viðstaddur, og mig minnir að það hafi verið eitt af aðalloforðum Alþfl. fyrir hinar frægu haustkosningar 1959 að draga úr kostnaði við innheimtu skatta og tolla, sérstaklega við innheimtu skattanna. Voru þá í Alþýðublaðinu birtir miklir útreikningar um það, hve skattheimtan væri dýr, en það sést nú á þessu, að það er betra að leggja heilræðin en að halda þau. Því að í stað þess, að hér hafi orðið nokkur sparnaður við skattheimtuna, þá hefur hún fjórfaldazt á þessu 8 ára tímabili.

Ég held, að það megi alveg fullyrða það, þó að það sé ekki rétt að gera eins náinn samanburð í sambandi við embættismannahaldið á öðrum greinum ríkisrekstrarkerfisins en þeim, sem ég hef nú nefnt, að þá hafi niðurstaðan orðið sú á þessu 8 ára tímabili frá 1958 til 1966, að kostnaðurinn við embættismannahaldið hefur í mörgum tilfellum þre-, fjór- og fimmfaldazt. Þetta stafar að sjálfsögðu nokkuð af því, að laun hafa hækkað verulega á þessu tímabili vegna dýrtíðarþróunarinnar í landinu, en þó hins vegar ekki síður vegna þess, að embættismannakerfið hefur stórkostlega þanizt út. Það hefur verið bætt við nýjum störfum og nýjum embættum og nýjum stofnunum. Sumt hefur verið eðlilegt og leitt af þeirri þróun, sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu á þessum tíma. Það hefur þurft að auka hina opinberu starfrækslu vegna fólksfjölda og aukinna viðskipta o. s. frv., en með margt gildir það tvímælalaust, að stjórnarflokkarnir hafa þurft að koma nýjum mönnum að í ýmis embætti, og þess vegna hafa störfin verið búin til. Ég held, að menn hljóti að gera sér það

ljóst, að ef þannig verður áframhald á þessu, að kostnaður við embættismannahald ríkisins eykst miklu meira en annar kostnaður í þjóðfélaginu, þá hefur það voðann fólginn í sér. Og þess vegna ætti það að vera annað, sem væri keppt að núna síðustu daga þingsins, annað en það að búa til ný embætti og nýjar stöður og nýjar stofnanir, eins og þetta frv. vissulega gerir ráð fyrir. Það væri miklu frekar ástæða til þess að vinna að samfærslu og sameiningu í þessum efnum og reyna að gera embættiskerfið ódýrara á þann hátt. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er alveg stefnt í öfuga átt, hvað snertir starfskerfið sjálft. Það hefur verið stefnt í þá átt að færa þetta enn þá meira út en verið hefur og gera þennan rekstur miklu dýrari en hann hefur verið hingað til. Ég held, að þm. hefðu gott af því að bera saman, eins og ég hef nú gert, embættiskostnaðinn á undanförnum árum og hver hann er í dag og gera sér ljósa grein fyrir því, hversu stórfelld aukning hefur hér orðið. Og það virðist eiginlega vera svo, að eftir því sem meira er talað um hagsýslu í störfum ríkisins eða stofnunum ríkisins og eftir því sem bætt er við fleiri hagsýslustjórnum og hagsýslumönnum, þá þenst kerfið enn þá meira út. Ég sé ekki betur en einn af þeim mönnum, sem hafi samið þetta frv., þar sem stefnt er til útfærslu á ríkisbákninu, sé hinn nýskipaði hagsýslustjóri ríkisins. Ég hygg, að það sé Jón Sigurðsson, sem hafi verið formaður þessarar n. Ef þetta er misskilningur hjá mér, þá leiðrétti ég það að sjálfsögðu og biðst þá afsökunar á því, ef ég kann að hafa hann fyrir rangri sök, en mér sýnist, að eins og skýrt er frá starfstitli hans þarna í grg., þá sé hér um sama manninn að ræða.

En um ríkisstj. er það að segja og til þess bendir sú málsmeðferð, sem þetta frv. á að hafa hér í d., að hún virðist síður en svo hafa komið auga á þá öfugþróun, sem hér á sér stað. Því ef hún hefði gert sér grein fyrir henni, þá mundi hún ekki með laugardagsfundum seinustu þingvikurnar vera að reyna að knýja þetta mál fram, á meðan fjöldamörg önnur miklu meira aðkallandi mál eru látin liggja í salti.

Ég vildi nú beina því til hæstv. raforkumálaráðh., ef hann er hér einhvers staðar nálægur, hvort hann sem gamall og a. m. k. áður fyrr ráðsettur sveitamaður, vildi ekki taka til endurskoðunar þá stefnu, sem felst í þessu frv. og ég hef verið nú að víkja sérstaklega að, þá útþenslu á embættismannakerfinu, sem það fjallar um. Ég vil í þessu sambandi minna hann á það, að nú man hann illa eftir þeim kenningum, sem í eina tíð var haldið uppi af þeim mönnum, sem höfðu forustu í Sjálfstfl. eða sem þá að vísu kallaði sig Íhaldsflokk, mönnum eins og Jóni Þorlákssyni, Jóni Magnússyni og Magnúsi Guðmundssyni. Þessir menn héldu því fram, að það ætti að reyna að halda embættisrekstrinum innan viðráðanlegra takmarka fyrir ríkið og frekar að reyna að draga úr því, ef hægt væri, en hið gagnstæða. Og það má fullkomlega viðurkenna, að þeir fylgdu þessari stefnu, a. m. k. að mjög verulegu leyti, þegar þeir höfðu stjórnina með höndum. En nú eru auðsjáanlega komnir nýir menn og nýir húsbændur í Sjálfstfl., a. m. k. hvað þetta snertir. Þó að flokkurinn sé enn Íhaldsflokkur á mörgum sviðum, eins og t. d. sýnir sig í því, að hann vill halda í frelsi einkabrasksins og spákaupmennskunnar, láta þetta tvennt hafa sem frjálsastar hendur, hann er vissulega áfram Íhaldsflokkur hvað það snertir, þá er hann sannarlega hættur að vera Íhaldsflokkur, hvað það snertir að halda uppi nokkrum sparnaði í rekstri ríkisins. Og það gerðu ýmsir sér vonir um, þegar núverandi fjmrh. tók við fjármálastjórninni, að nú mundi kannske einhver breyting verða í þessum efnum og hann að einhverju leyti tilheyra hinum gamla skóla í Sjálfstfl. Mér finnst leiðinlegt að þurfa að segja það, en ég fæ ekki betur séð en þær vonir í sambandi við hann hafi algjörlega brugðizt. Ég held, að þenslan í ríkiskerfinu hafi einmitt aldrei verið öllu meiri og stórfelldari en núna tvö seinustu árin. Um það bera ríkisreikningarnir alveg ótvírætt vitni og ekki sízt það yfirlit, bráðabirgðayfirlit um tekjur og gjöld ríkisins árið 1966, sem var lagt fram í dag og þm. hafa nú til athugunar, og sem ber það með sér eins og ég áðan lýsti, að embættiskostnaður ríkisins hefur á mörgum sviðum þrefaldazt, en á miklu fleiri sviðum fjórfaldazt og fimmfaldazt frá því, sem var á árinu 1958. Þetta er svo alvarleg þróun, að menn þurfa að stinga hér fótum við. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því, að á næstu árum þarf ríkið að halda uppi stórfelldum og margháttuðum framkvæmdum. Við þurfum að byggja mikið af skólum, við þurfum að byggja spítala, við þurfum að leggja vegi, byggja hafnir o. s. frv. En ekkert af þessu tekst okkur — eða lítið af þessu, — nema okkur takist að halda embættismannabákninu, ríkisbákninu, meira í skefjum en átt hefur sér stað á undanförnum árum. Og við sjáum líka, hver þróunin er í þessum efnum. Á sama tíma og kostnaðurinn við embættismannahaldið er alltaf að stóraukast, þá er verið að smáminnka alltaf framlögin til hinna verklegu framkvæmda, sem ríkið heldur uppi. Þessi framlög voru skorin niður, minnkuð, miðað við það, sem áður var, þegar við afgreiddum fjárlögin á s. l. hausti eða rétt fyrir jólin í vetur, en það hefur ekki þótt nóg. Síðan hafa verið sett lög á Alþ., sem hafa lækkað þessi framlög um 10%, lækkað framlög til skóla, spítala, hafnargerða og annarra slíkra framkvæmda um 10%. En á meðan þetta á sér stað og meðan ríkisstj. vinnur að þessu, þá er hún seinustu þingdagana að berjast við það að koma í gegn frv., sem óhjákvæmilega mun hafa aukinn embættismannakostnað í för með sér, því að það leiðir af sjálfu sér eins og hefur verið rakið mjög greini-

lega í þeim ræðum, sem hafa verið haldnar hér á undan, að kostnaður við framkvæmd og stjórn orkumálanna hlýtur að verða miklu meiri með þeirri breyt., sem hér á að gera en hann er nú. Það er verið að stofna til nýrra embætta og leysa þessa stofnun, sem nú er fyrir, upp í fleiri einingar, og það hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér eins og hér hefur mjög rækilega verið rakið, að kostnaðurinn við þessa starfrækslu hlýtur að vaxa, — að embættiskostnaðurinn við þessa starfrækslu hlýtur að vaxa. Og það er af þeim ástæðum, sem ég sá sérstaka ástæðu til þess að kveðja mér hljóðs í sambandi við þetta mál. Ég get viðurkennt, að það sé kominn tími til þess að einhverju leyti að endurskoða raforkulögin, sem voru mjög vel samin á sínum tíma, um það fjölluðu margir ágætir menn. En ég sé ekki, að sú endurskoðun eða athugun sé svo aðkallandi, að það þurfi endilega að drífa hana í gegn núna fyrir þinglokin. Ég álít, að þetta mál megi vel bíða til næsta þings og það mundi þá fá vandaðri athugun en við getum látið það fá að þessu sinni, og sérstaklega tel ég það mikilvægt, að ef málið næði ekki fram að ganga nú, yrði það til þess að menn endurskoðuðu þá stefnu, sem í frv. felst, að leysa raforkumálaskrifstofuna upp í fleiri einingar og gera reksturinn dýrari. Það mundi einnig þykja eðlileg niðurstaða að sameina þessa starfsemi enn betur en að leysa hana upp. En þm. verða að gera sér grein fyrir því, að það er fullkomið alvörumál. Ríkisbáknið hefur verið að vaxa hratt seinustu árin. Eins og ég áðan sagði, þá þarf ríkið að halda uppi stórfelldum framkvæmdum á næstu árum, ef vel á að vera og fullnægja því, sem nauðsynlegt og aðkallandi er. En jafnframt verða menn að gera sér grein fyrir því, að það er alveg komið í hámark, sem hægt er að leggja á almenning í landinu í sköttum og tolli, og er löngu komið í hámark í þeim efnum. Við getum ekki byggt vonir okkar um auknar framkvæmdir ríkisins á því, að skattana og tollana sé hægt að hækka. Við getum ekki byggt þessar vonir á öðru en því, að okkur takist að halda embættismannakerfinu meira í skefjum en átt hefur sér stað á undanförnum árum. Ég tel rétt í þessu sambandi að taka það fram, að ég álít, að opinberir starfsmenn eigi að vera vel launaðir og margir þeirra séu allt of illa launaðir í dag, en til þess að hægt sé að framkvæma þá stefnu, að hafa opinbera starfsmenn sæmilega launaða og tryggja ríkinu sæmilegan starfskraft, verður að reyna að halda embættismannakerfinu sem mest innan hóflegra takmarka, en ekki búa til nýjar stofnanir og bæta við nýjum embættismönnum, oft á tíðum að þarflausu, vegna þess að það þarf að koma einhverjum góðum flokksmanni á spena. En það finnst mér einmitt leiðinlegt dæmi um það atriði, að núna seinustu þingdagana sé unnið að því að knýja þetta mál fram, fyrst og fremst vegna þess, að stjórnin vill koma því fram fyrir kosningar að geta búið til nokkur ný embætti — og veitt nokkur ný embætti — og af þeim ástæðum má þetta mál ekki bíða til næsta þings og hljóta á þann hátt betri athugun. Mér finnst rétt, fyrst ég er farinn að ræða um þetta mál á annað borð, að víkja einnig nokkru ýtarlegar að því, sem mér sýnist vera önnur aðalstefna í þessu frv., en þar á ég við það, að hér er stefnt að því, eins og gert hefur verið á svo mörgum öðrum sviðum á undanförnum árum, að draga vald úr höndum Alþ. og færa það yfir til ríkisstjórnar og embættismanna. Ég held, að af mörgu ískyggilegu, sem hefur verið að gerast í okkar þjóðfélagi síðustu árin, þá sé þessi öfugþróun kannske eitt það allra ískyggilegasta. Ég nefni aðeins í þessu sambandi það, sem er stærst og alvarlegast, en það er það bankavald, sem verið er að byggja upp í landinu og á að vera eins konar einokunarkerfi fyrir þá ríkisstj., sem fer með völd á hverjum tíma.

Það er svo önnur saga, að til þessa aukna bankavalds, sem ríkisstj. hefur verið að byggja upp, má að miklu leyti rekja þann efnahagslega ófarnað, sem þjóðin býr við í dag, og hversu lítinn árangur góðæri hefur raunverulega borið til að bæta afkomu atvinnuveganna og launafólks í landinu. Það er sú ranga efnahagsstefna, sem þessi þáttur embættismannakerfisins hefur fylgt, að sjálfsögðu að fyrirmælum ríkisstj., sem veldur mjög miklu um það, hvernig nú er komið í okkar efnahagsmálum. Af þessum ástæðum teldi ég það líka vel ráðið, að þetta mál væri látið bíða til næsta þings og fái þá frekari endurskoðun, vegna þess að ég er ekki viss um það, þó að hér hafi verið fluttar brtt. í þá átt, að ríkisstj. sé búin að opna augun fyrir því, hve hættuleg öfugþróun er hér á ferðinni. Það væri kannske frekar von til þess, að hún og hennar flokkar gerðu það eftir kosningar, sérstaklega ef svo færi, að þeim lánaðist ekki að halda þingmeirihlutanum, sem ég verð nú að telja reyndar mjög ólíklegt. Það væri ærin ástæða til þess að ræða miklu frekar um þetta efni, og e. t. v. gefst líka tækifæri til þess síðar, en ég vil að síðustu beina því til hæstv. raforkumálaráðh., að hann hugsi sig um, áður en hann drífur þessa aukningu í embættismannakerfinu fram, og hugsi að þessu leyti a. m. k. einu sinni eins og íhaldsmenn gerðu í gamla daga, en það skal ég játa og hef alltaf viðurkennt, að það, sem mér hefur fundizt vera skást í íhaldsstefnunni, er það, að hún hefur yfirleitt verið varfærin í þeim efnum að auka embættismannakerfið í þjóðfélaginu. Eins og ég sagði áðan, eru komnir alveg nýir menn og ný stefna í þessum efnum í Sjálfstfl., svoleiðis að hann á ekkert skylt við hinn gamla Íhaldsflokk að þessu leyti, því miður.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er nú ljóst orðið, að hæstv. raforkumálaráðh. ætlar ekki að taka til máls í þessu máli. Ekki mun það þó vera vegna þess, að hann skilji, hvað

þetta sé óverjandi mál, heldur vegna hins, að hann vill treysta á handjárnin að koma því í gegn. Það er mikil óvirðing, sem farin er að tíðkast hjá hæstv. ríkisstj. að sýna Alþ. Það var verið að leggja fyrir okkur áðan grg. ofurlitla, við skulum segja sæmilega grg. um tekjuafganginn 1966. Þar kemur í ljós, að það eru 1000 millj., 1000 millj. fram yfir fjárl., fram yfir það, sem áætlað er í fjárl., sem ríkið fær í tekjur. M. ö. o., Alþ. er nógu gott til þess að samþ. lög um slíkt, sem veitir ríkisstj. tekjur upp á 1000 millj. kr. fram yfir fjárl., en Alþ. er ekki nógu góð stofnun til þess að ráðh. tali við það og reyni að verja þau mál, sem er verið að reyna að pína í gegn.

Ég spurði hér áðan um það, viðvíkjandi reikningum Landsvirkjunarinnar, hvort hæstv. raforkumálaráðh. hefði nokkra hugmynd um þann rekstur, og hann minntist í þessu sambandi úr sæti sínu á reikningana. Það eru engir slíkir reikningar komnir. Það er 8. apríl í dag, það eru engir reikningar komnir enn þá, og ég vildi einmitt vita, hvort Alþ., sem hefur skapað þessa stofnun, geti fengið að vita nokkuð um, hvað þessi stofnun hefði kostað, nokkurn skapaðan hlut, og hvort við gætum borið það saman við raforkumálastofnunina og annað slíkt. Það fæst ekki, ekki nokkur skapaður hlutur.

Ég ætla ekki að fjölyrða neitt um þessi mál. Það er auðséð, að það sem ríkisstj. ætlar að gera að sínu sérstaka verki nú, það eru skemmdarverk á öllum sviðum, ekki sízt skemmdarverk á öllu því, sem nýsköpunarstjórnin gerði vel. Það var eitt af beztu verkum nýsköpunarstjórnarinnar að koma á raforkulögunum. Nú á að eyðileggja þau. Nú á að rífa og tæta þetta í sundur handa nokkrum embættismönnum, handa nokkrum gæðingum Sjálfstfl., af því að það þarf að skapa ný embætti handa þeim svo að mennirnir verði fínni.

Og þetta er ekki eina sviðið, þar sem þessi hæstv. ríkisstj. er að eyðileggja og vinna skemmdarverk.

Nýsköpunarstjórnin keypti á sínum tíma 30 togara. Þessi hæstv. ríkisstj. er búin að fækka togurunum á Íslandi um 30, úr 53 niður í 22. Hún er dugleg, þessi ríkisstj. Það hefur engin ríkisstj. unnið svona vel. Ekki einu sinni heil heimskreppa og heimsstríð gat valdið álíka tjóni á íslenzka togaraflotanum og þessi hæstv. ríkisstj. er búin að afreka. Á tímum heimskreppunnar fækkaði togurunum úr 47 niður í 27, það var alls um 20 togara, sem það fækkaði í flotanum, heimsstríðið og heimskreppan, en viðreisnarstjórninni tókst að fækka togurunum um 30. Það er auðséð, hvers konar ógæfuforusta það er, sem Sjálfstfl. hefur nú. Hann hefur einu sinni getað orðið að gagni, sá flokkur. En nú er hann auðsjáanlega að verða þjóðinni til óþurftar á öllum sviðum. Hér er að verða niðurrifsstjórn, sem eyðileggur það, sem til var, en skapar ekki nýtt í staðinn, ræðst á beztu ríkisfyrirtækin og tætir þau í sundur til að úthluta forstjórastöðum handa gæðingum sínum.

Ég minntist hér áðan á kaflann um jarðhitann, og fyrst ekkert var sagt af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessu sambandi, vil ég leggja hér fram eina brtt. við 9. gr., á þá leið, að framan við gr. bætist, með leyfi hæstv. forseta:

„Jarðhitinn í jörðu niðri er eign þjóðarinnar. Alþ. ákveður hverju sinni með löggjöf um umráðarétt og hagnýtingu hans."

Ég skal vel viðurkenna, að það hefði gjarnan mátt hafa þetta ýtarlegra. Ég man ósköp vel eftir lítilli löggjöf, sem kom hér einu sinni fyrir á Alþ., stjórnarfrv. um jarðhitamálin, eins og ég gat um áðan, þar sem miðað var við, að landeigendurnir skyldu eiga hitann allt að 100 m niður í jörðu, og þjóðin skyldi eiga það, sem væri þar fyrir neðan, þar sem þyrfti að bora lengra en 100 m til þess að ná honum.

Ég hefði gjarnan viljað flytja nákvæmari grg., en af því að ekki er einu sinni hægt að tala við ráðh., það er eins og þeir séu búnir að missa málið, sé ég ekki, að það sé til neins og legg þess vegna þessa till. fram og bið hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

Svo vil ég að síðustu minna á það í sambandi við þessi nýju embætti, sem hér er verið að skapa, að það er að vísu tiltölulega auðvelt að pína það í gegn að skapa embætti. En þegar farið verður að leggja þessi embætti niður, þegar þessi tilhneiging ræður ekki lengur hjá þjóðinni, sem nú er drottnandi í hæstv. ríkisstj., þegar farið verður að leggja þessi embætti niður, hafa embættismenn eftir núverandi l. þann rétt, að þeir fá biðlaun, þangað til þeir eru settir í einhver álíka embætti. Ef við kippum þessu í jafnt lag aftur, setjum eina raforkumálastofnun og látum mennina starfa þar eins og þeir hafa gert, í staðinn fyrir eins og er ætlazt til, að gera alla saman að forstjórum í sérstökum stofnunum, verður vafalaust að setja hina á biðlaun. Ég veit ekki, hvort það er meiningin hjá Sjálfstfl., að hinir og þessir gæðingar hans eigi að setjast á biðlaun hjá ríkinu, vegna þess að hann notar tækifærið til þess að pína í gegnum Alþ. vitlaus lög á síðustu stundu mikils annaþings, bara til þess að geta sett menn í embætti, án þess að nokkur rök mæli með því og án þess að ráðh. sjálfur geti komið fram með nokkur rök í þessu sambandi. — En vegna þeirra sérréttinda, sem embættismenn ríkisins hafa, er rétt að minna á þetta, þegar verið er að pína svona hluti í gegn eins og þessa löggjöf hér.

Ég vil mótmæla allri meðferð þessa máls og lýsa því enn yfir, að ég álít, að þm. ættu að sjá sóma sinn í því að láta ekki svona mál halda áfram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 413) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 10. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 348,1 samþ. með 20:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 348,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 348,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 340,1 felld með 21:17 atkv.
— 348,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 21:3 atkv.
Brtt. 340,2 felld með 21:16 atkv.
8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 413 felld með 21:5 atkv.
9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 348,5 samþ. með 21 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
13.—16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 340,3 felld með 21:16 atkv.
17. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 340,4 felld með 21:17 atkv.
— 348,6 samþ. með 21 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
19.—25. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 348,7 samþ. með 21 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
27.—32. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 340,5 felld með 21:13 atkv.
33. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
34.—38. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 348,8 samþ. með 23 shlj. atkv.
39. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.
40. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 348,9 samþ. með 21 shlj. atkv.
41. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
42.—52. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 348,10 samþ. með 21 shlj. atkv.
53. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
54.—56. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 348,11 samþ. með 23:1 atkv.
Brtt. 340,6 tekin aftur.
57. gr samþ. með 21 shlj. atkv.
58.—59. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 340,7 felld með 21:15 atkv.
60. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 340,8 felld með 21:15 atkv.
61. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 340,9 felld með 21:14 atkv.
— 348,12 samþ. með 21 shlj. atkv.
62. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 348,13 samþ. með 21 shlj. atkv.
63. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
64.—68. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 340,10 tekin aftur.
69.—70. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 381 felld með 21:11 atkv.
— 340,11 felld með 21:16 atkv.
71. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
72.—73. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 348,14 samþ. með 21 shlj. atkv.
74. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
75.—81. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 406 samþ. með 21 shlj. atkv.
82. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 340,12 felld með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GeirG, GíslG, HÁ, HS, HV, IG, JSk, LJós, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÓlJ, EðS, EÁ, EOl.

nei: EmJ, GuðlG, JÍ, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, ÓL, PS, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, DÓ, SB.

2 þm. (RA, BP) fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, BF, BBen, ÓlJ, DÓ, EmJ, GuðlG, JÍ, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, ÓL, PS, SÁ, SI, SvJ, AJ, SB.

nei: EðS, EOl, GeirG, HÁ, HS, HV, LJós, SE, ÞÞ.

ÁÞ, EÁ, EystJ, GíslG, IG, JSk, SkG greiddu ekki atkv.

2 þm. (BP, RA) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þar sem með þessu frv., í því formi, sem það er nú, er stefnt að því tvennu að stækka annars vegar embættismannakerfi þjóðfélagsins og draga hins vegar úr valdi þingsins, segi ég nei.

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 423).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls bar ég hér fram ýmsar fsp. og gerði ýmsar aths. við þetta frv. og ætlaði sérstaklega að reyna að fá hæstv. landbrh. til þess að svara ýmsu í þeim efnum. Það gekk mjög treglega, og það gengur nú víst ekki mikið betur núna, þegar hann er ekki einu sinni í salnum, þegar málið er tekið fyrir. Máske væri nú hægt að láta hann vita af því, ef hann hefur einhvern áhuga fyrir, að þetta mál komist áfram. Þætti mér vænt um, að hann væri látinn vita af því, að það væri verið að ræða það.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka hér þær aths., sem ég gerði við þetta frv. við 2. umr., og sem voru margar, og margar þeirra alveg prinsípíelar. En það eru tvö atriði, sem manni virðast nú smáatriði samanborið við allt hitt, sem mig hefði satt að segja langað til þess að fá nánari upplýsingar um. E. t. v. kunna þær að einhverju leyti að hafa verið gefnar, þegar ég hef ekki verið staddur á fundi, en þó þykist ég nú hafa verið það mikið við, að það hefur þá alveg merkilega farið fram hjá mér.

Það er í sambandi við þær breytingar, sem gerðar voru við 2. umr. málsins á 39. og 57. gr. Í 39. gr., sem er um framkvæmdastjóra rafmagnseftirlits ríkisins, stóð áður að hann skyldi vera rafmagnsverkfræðingur að menntun. Þetta var fellt burt við 2. umr., og mér er ekki kunnugt um, af hverju. Af hverju það þykir ófært að gera það að skilyrði, að sá maður sem eigi að vera framkvstj. við rafmagnseftirlit ríkisins, sé rafmagnsverkfræðingur. (Gripið fram í.) Ja, tæknifræðingur er maður, sem ekki hefur eins mikla menntun, og það er ætlazt til þess, þegar við erum að koma upp tækniskóla og öðru slíku, að það séu menn, sem séu hjálparmenn hinna. Mér er það alveg fyllilega ljóst, að við erum að reyna að innleiða hér spursmálin um tæknifræðinga, og hlutfallið erlendis víðast hvar er það, að á hvern verkfræðing koma 2 og jafnvel 3 tæknifræðingar. Hlutfallið hér heima hefur verið mjög slæmt í þessum efnum. Það hafa verið allt of fáir tæknifræðingar, en tiltölulega fleiri verkfræðingar. Þess vegna finnst manni, að það nái ekki nokkurri átt, ef nú á að fara að gera þetta að sérstöku embætti með sérstaka skrifstofu undir sig, óháða sjálfri raforkumálastofnuninni eins og hún heitir nú, að slíkur maður sé ekki háskólalærður rafmagnsverkfræðingur. Tæknifræðingur getur jú hæglega verið maður, sem t. d. alls ekki hefur tekið stúdentspróf í þessum efnum, maður, sem bara hefur gengið á sinn þriggja ára tækniskóla. Og ég sé ekki, að á þessum tímum vaxandi sérfræði nái það nokkurri átt að fara að draga þarna úr kröfum. Það er ekki vegna þess, að ég sé ekki inni á því, að það eigi að útskrifa mikið af tæknifræðingum og við þurfum marga tæknifræðinga, en slíkir menn eru þó fyrst og fremst meðstarfsmenn þeirra, sem mesta hafa menntunina í þessum efnum. Og mér finnst það alveg sérstaklega skjóta skökku við, að nú á að fara að taka þetta embætti undan raforkumálastofnuninni, þar sem lærður verkfræðingur er yfir, og þá á að skapa þann möguleika, að þarna eigi að koma tæknifræðingur. Ég hefði getað skilið þetta, ef þessi stofnun væri látin vera áfram undir raforkumálastofnuninni. Þá var þó yfirmaður þessa alls lærður rafmagnsverkfræðingur. En að gera stofnunina fyrst sjálfstæða og ákveða síðan, að þessi maður þurfi ekki að vera lærður rafmagnsverkfræðingur, er alger mótsögn í sjálfu sér. Ég held, að þetta sé þess vegna alveg skakkt hugsað, einmitt út frá sjónarmiði þeirra manna, sem eru að gera þetta að sjálfstæðu embætti.

Svo komum við að hinni breyt., sem er í sambandi við 57. gr. Þar eru það sjálfar rafmagnsveitur ríkisins. Nú á að gera þetta líka að sjálfstæðu embætti, eins og við vorum að ræða hér allmikið um við 1. umr. málsins. Við 57. gr. stóð áður, að hann (forstjórinn) skyldi vera verkfræðingur að menntun, gat þó verið kannske verkfræðingur í ýmsu fleiru, vegna þess að þarna koma ýmsar byggingar og annað slíkt til greina. Hins vegar er þetta líka tekið burtu. Hann hefði kannske bara líka getað verið tæknifræðingur, og þetta er jafn órökrétt eins og hin ráðstöfunin. Við skulum segja, að þetta hefði verið áfram undir raforkumálastofnuninni, og yfirmaður stofnunarinnar var lærður verkfræðingur eða lærður rafmagnsverkfræðingur. Þá gat maður kannske skilið, að eitthvað hafi verið linað á og tæknifræðingur settur í þetta starf, vegna þess að yfirmaður stofnunarinnar bar höfuðábyrgðina og gat fylgzt þarna með. En nú er þetta gert að sjálfstæðri stofnun. Þá finnst manni því minni ástæða til þess að skapa þarna möguleika til þess t. d., að hann væri tæknifræðingur. Nú er þetta ekki einu sinni svo, að maðurinn þurfi að vera tæknifræðingur. E. t. v. væri bara nóg, að hann væri útskrifaður úr hinu eða þessu — við skulum bara t. d. segja viðskiptafræði. Væri kannske litið þannig á? Svo að ég fari nú ekki að tala um, að hann væri t. d. kannske bara lögfræðingur, hefði gengið á sínum tíma í lögfræðideildina í Heimdalli, eins og einu sinni var að orði komizt. Þá eru sem sé kröfurnar ekki orðnar miklar. Það eru ekki einu sinni gerðar kröfur um tæknifræðing þarna, nei, nei. Það hefur kannske verið sagt, að þarna ætti að vera viðskiptafræðingur, vegna þess að eins og þið vitið allir saman, hv. þm., eru rafmagnsveitur ríkisins almennt reknar með mjög miklu tapi, svoleiðis að kannske þarf sá maður, sem gegndi því embætti, sem þarna ætti að stofna, að vera eitthvert alveg sérstakt séní í fjármálum, ef hann getur ekki tæmt orkusjóðina alveg hreint, eins og er nú gengið út frá og möguleikar skapaðir til með þessu, þannig að það er hægt að setja þarna viðskiptafræðing eða hvað sem vera skal. Og ef ég þekki rétt þann hátt, sem núna tíðkast hjá því opinbera í sambandi við verkfræðina, gæti ég ósköp vel hugsað mér þetta hvort tveggja framkvæmt þannig, að í þetta hvort tveggja væri settur t. d. einhver góður viðskiptafræðingur úr Heimdalli. Síðan væri hann látinn fela einhverri verkfræðiskrifstofu, sem einhverjir verkfræðingar ræku sem privatfyrirtæki, öll verkin, sem þyrfti að vinna. Þá væri nú þar með kominn mjög þokkalegur ríkisrekstur á þessu, því að þá fengjum við nokkru seinna að vita, að þetta væri orðið anzi dýrt í rekstri, reikningarnir frá þeim lærðu verkfræðingum, sem væru á sínum eigin skrifstofum og hefðu sinn eigin taxta, mundu vafalaust ekki vera mjög lágir. Ég spyr þess vegna, hvernig í ósköpunum stendur á því, að þetta skuli geta gengið svona fyrir sig og hvaða ástæða finnst mönnum til þess? Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál. Ég gerði það svo ýtarlega við 2. umr. málsins, að ég kann ekki við að fara að endurtaka slíkt. En þetta tvennt finnst mér vera svo fráleitt, að ég mundi satt að segja hafa mesta tilhneigingu til að reyna að breyta þessu á ný, ef það skyldi nú hafa verið svo, að menn hefðu kannske greitt atkv. um þetta meira af þægð

við þá, sem fluttu, en vegna þess, að menn hefðu hugsað málið.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 3. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, þar sem hann átaldi mjög þá breytingu, sem nú hefur verið gerð á frv. í sambandi við kröfur til embættisgengis við þær tvær stöður, sem hér er um að ræða, rafmagnseftirlitsstjórastöðu og svo forstjóra rafmagnsveitna ríkisins. Ég held, að ég fari rétt með það, að í 1. eins og þau eru í dag er ekki gerð krafa til þess, að þessir aðilar séu verkfræðingar, þannig að það, sem n. hefur lagt til, er að láta gilda um embætti þessara aðila sömu kröfur og gilda í dag. Það er hins vegar hægt að koma þá með þau rök eins og hv. þm. gerði og segja: Ja, það er töluvert mikill munur á því, hvort þessir embættismenn starfa sjálfstætt eða hvort þeir eru undirmenn embættismanns, sem er verkfræðingur. Þetta er út af fyrir sig sjónarmið.

Hitt vil ég svo láta fram koma, að nm. voru allir á einu máli um að fella þessar mgr. niður úr frv., og það var einmitt byggt á því, að t. d. í starf rafmagnseftirlitsstjóra gæti alveg eins verið ráðinn tæknimenntaður maður og hann ekkert síður kvalifiseraður í stöðuna en háskólamenntaður maður. Ég gat þess hér í minni framsögu, að á það hefði verið minnzt, að í stöðu rafmagnsveitustjóra væri ekkert síður hægt að skipa mann, sem lærður væri til fjársýslu, því að sjálfsögðu hafa þessar stofnanir meira og minna tæknimenntaða menn, verkfræðinga eða tæknifræðinga, í sinni þjónustu, og fyrirtæki eins og t. d. rafmagnsveitur ríkisins getur einfaldlega haft í sinni þjónustu menn, sem eru menntaðir til hagsýslu.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram út af því, sem hv. þm. gat um hér áðan og endurtek, að nm. voru allir á einu máli um að fella þetta niður, einmitt út frá því sjónarmiði, að það gæfi möguleika á því, að fleiri vel menntaðir aðilar gætu raunverulega átt kost á því að taka að sér þessi störf.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætlaði rétt að fá að skrifa brtt. við þetta. Ég kom inn á það í minni ræðu áðan, að meðan þessar stofnanir tilheyrðu raforkumálastofnuninni, væri vel hugsanlegt að hafa þarna menn, jafnvel þó að þeir væru ekki háskólagengnir verkfræðingar. Samt hefur það verið svo, að mennirnir, sem hafa verið í þessu, þeir hafa haft þá menntun. Aftur á móti, þegar þetta er gert að sjálfstæðum stofnunum, sem ekki heyra lengur undir raforkumálastjóra, virðist manni það vera óhjákvæmilegt, að þetta séu háskólamenntaðir menn einmitt í þessari grein. Þeir eru einir ábyrgir fyrir þessu. Þeir verða einir að þekkja inn á þetta. Það er rétt, eins og ég kom líka inn á í minni ræðu, alveg rétt hjá hv. 1. þm. Reykn., að það gæti verið þörf á manni með fésýslumenntun þarna, manni með verzlunarmenntun. Það gæti verið. En er ekki hættan sú, að ef þarna væri maður, sem fyrst og fremst væri eingöngu með slíka fésýslumenntun, mundi hann láta þessi verkefni, sem þarna væri um að ræða, af hendi og semja um allt viðvíkjandi þeim við verkfræðinga utan stofnunarinnar. Þá yrði þetta allt saman margfalt dýrara. Við vitum ósköp vel, að ástandið er þannig núna, að það er verið að reyna að eyðileggja það, að menn séu verkfræðingar í þjónustu ríkisins. Það er sem sagt alveg kerfisbundið unnið að því úr ýmsum áttum að eyðileggja það, að menn geti verið verkfræðingar í þjónustu ríkisins. Og hér spretta upp hver á fætur annarri verkfræðiskrifstofur, sem þær opinberu skrifstofur láta meira og minna af verkum til, vegna þess að þessar opinberu skrifstofur vantar sjálfar verkfræðinga. Ég held þess vegna, að það væri til þess að ýta undir slíka óheillaþróun að skapa þann möguleika, ekki sízt, þegar er verið að gera þær að sjálfstæðum stofnunum, að það gætu verið aðrir en verkfræðingar, sem þarna væru í forstöðu. Ég álít einmitt, að við eigum að ýta undir það, að þeir verkfræðingar, sem á annað borð fást til þess að vera í þjónustu ríkisins, hafi virkilega möguleika til þess að verða forustumenn í þeim stofnunum, sem þeir vinna í, en það sé ekki hægt allt í einu að taka einhvern og einhvern mann, sem kannske hefur einhverja fésýslumenntun og kannske enga menntun, og setja hann yfir þá. Enda mundu menn vart halda mörgum verkfræðingum í þjónustu ríkisins með slíku móti. Ég vil þess vegna leyfa mér að bera fram brtt. við bæði 39. og 57. gr. um að setja það aftur í það horf, sem það var áður, þegar frv. var flutt. Og ég vil nú í því sambandi segja, ekki sízt af því að hæstv. landbrh. er mættur, ég vil nú segja: Er það nú alveg hreint óleyfilegt fyrir hv. stuðningsmenn ríkisstj. að greiða atkv. með till. um, að tekið sé upp það, sem ríkisstj. hefur lagt til í sínu stjfrv.? Er það algerlega bannað? Er það eitt bannorð frá ríkisstj., að enginn maður úr hennar liði megi greiða atkv. með einu einasta orði, eins og hún hafi lagt til? Ég vil spyrja, hvað eru handjárnin sterk? Ég ætla að taka upp orðrétt það, sem hæstv. ríkisstj. lagði til í sínu stjfrv. Og ég ætla að biðja hæstv. forseta um að gefa mér rétt eina mínútu til þess að geta skrifað þá till. og ég ætla að vonast til þess, að þegar atkvgr. fer fram um það, sé ekki litið á það sem neina bannhelgi að greiða atkv. með slíku. Ég þykist hafa fært rök fyrir því og ég þykist hafa haft stuðning þarna frá sjálfu gamla stjfrv. um þetta, þannig að mér finnst nú, að svona í eitt einasta skipti á þessu þingi mættu hv. stjórnarþm. leyfa sér þann lúxus að hugsa sjálfstætt, af því að þeir eru nú einu sinni áður búnir að fá slíka línu frá þeirri ríkisstj., að þeir megi greiða atkv. með þessu orðalagi.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það hefur stundum heyrzt hér í þingsölum, að hv. þm. séu bundnir af því, sem ríkisstj. vilji, og því sem hún leggi fram, og séu pressaðir til þess að greiða atkv. eins og hún vilji. Það, sem hv. þm. sagði hér áðan, skaut svolítið skökku við þær fullyrðingar, sem hér hafa svo oft verið hafðar í frammi. Mig langar aðeins til þess að undirstrika það, sem ég sagði áðan, að það voru allir hv. nm. fjhn. þessarar d. sammála um að breyta þessu, og ástæðan til þess að þetta var sérstaklega skoðað var erindi, sem ég gat um í minni framsöguræðu, frá Tæknifræðingafélagi Íslands, og við litum svo á, þegar við skoðuðum þetta erindi, að þeirra óskum, sem við töldum vera réttmætar, og svo þeim sjónarmiðum, sem komu fram í n., verði bezt skil gerð með því að fella þetta niður.

Þar sem hv. þm. orðaði það, að ríkisstj. hefði flutt frv. og þetta hefði staðið í því, vil ég benda á það sérstaklega, að það var undirbúningsnefnd, sem vann að þessu frv. eða samningu þessa frv., og í þeirri n. voru tveir verkfræðingar, og það er ekki óeðlilegt, þó að undir þeim kringumstæðum hefðu þeir sérstaklega haft áhuga á því að setja þessa setningu inn til þess að tryggja sína stéttarbræður.

Það, sem við raunverulega getum dæmt eftir, er, að í l. í dag er hvorki gert að skilyrði, að rafmagnsveitustjóri né rafmagnseftirlitsstjóri sé verkfræðingur, en engu að síður eru báðir þessir menn verkfræðingar, og það gefur til kynna, að undir þeim kringumstæðum, þegar þessi embætti hafa verið auglýst, hafa þessir aðilar, sem embætti hafa hlotið, verið taldir þeir hæfustu og þeir verið verkfræðingar, þannig að ég tel, að með því að hafa þetta opið, sé aðeins verið að gefa fleiri mönnum möguleika á því að taka þessi embætti að sér, sem kannske sumir hverjir væru eins vel færir, en ástæðan fyrir þessari brtt. var m. a., eins og ég gat um áðan, bréf frá Tæknifræðingafélagi Íslands, svo að nm. voru allir einhuga um þessa breytingu.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 450) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 450,1 felld með 18:11 atkv.
— 450,2 felld með 18:10 atkv.
Frv. samþ. með 18:10 atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd., og var því breytt þar að nokkru leyti. Till. þær, sem eru á þskj. 348, voru samþ. til breytinga á frv., svo og till. á þskj. 406 í sambandi við gildistöku l., ef þetta frv. yrði gert að l., þ. e. að það taki gildi 1. júlí í stað 1. maí, eins og upphaflega var í frv. Hv. þm. munu hafa kynnt sér bæði frv. og þær brtt., sem samþ. voru við það. Þetta frv. var lagt fram 7. febr. s. l. og væri vissulega lítill tími til stefnu til athugunar á málinu, ef hv. þm. einnig í þessari d. hefðu ekki haft tækifæri til þess að kynna sér það. Frv. þetta er allmikill bálkur til breytinga á raforkul. frá 1946. Frv. er byggt á þeirri reynslu, sem fengin er af þeim l., sem nú hafa gilt í meira en 20 ár. Þau lög hafa að vísu reynzt vel, en ekki er óeðlilegt, að þau séu endurskoðuð eftir svo langan tíma. Frv. gerir ráð fyrir því, að Orkustofnun verði stofnuð og henni stjórni raforkumálastjóri ásamt tæknineſnd, sem skipa skal samkv. 4. gr. Orkumálastjóri hefur ekki sama verksvið að öllu leyti eins og raforkumálastjórinn nú, þannig að rafmagnsveitur ríkisins verða gerðar að sjálfstæðri stofnun. Rafmagnseftirlitið verður einnig nokkru sjálfstæðara en áður var, en er þó undir orkumálastjóra. Því hefur verið haldið fram, að með þessu frv. væri verið að vinna að því að auka embættismannabáknið, eins og það var orðað. Þetta mundi verða til aukinna útgjalda og meiri kostnaðar en með því fyrirkomulagi, sem nú er.

Þetta er ekki rétt, það er ekki gert ráð fyrir að fjölga embættismönnum, þótt þetta frv. verði að l. Orkumálastjóri er sama og raforkumálastjóri nú, þótt verksvið hans sé ekki eins víðtækt og áður, en verður eigi að síður mun víðtækara en það hefur verið lengst af þann tíma, sem núverandi raforkulög hafa verið í gildi. Og það er vegna þess, að verksviðið er alltaf að aukast. Það er alltaf verið að bæta við þessa starfsemi með meiri framkvæmdum, nýrri tækni og víðara verksviði. En það þarf ekki að skipa nýjan mann í þetta embætti, því að það er ekki um annað hér að ræða en nafnbreytingu, orkumálastjóri í staðinn fyrir raforkumálastjóri, og gengur hann því sjálfkrafa inn í þetta starf. Sama máli er að gegna með rafmagnsveitur ríkisins. Það hefur verið sérstakur rafmagnsveitustjóri samkv. gildandi l. og hann verður það áfram, en í stað þess, að rafmagnsveitur ríkisins voru áður undir yfirstjórn raforkumálastjóra og ráðh., heyra rafmagnsveitur ríkisins nú beint undir rn. En embættið er að öðru leyti óbreytt. Sama má segja um rafmagnseftirlitið. Það er sérstakur forstöðumaður fyrir rafmagnseftirlitinu og verður áfram sami maðurinn.

Þá hefur verið að því fundið, að orkuráð hefði ekki eins víðtækt verksvið og það áður hafði. Rétt er það, að raforkuráð hafði samkv. l. heimild til þess að gera tillögur um fleira en gert er ráð fyrir samkv. þessu frv. En það, sem orkuráð hefur látið sig varða eingöngu, eru lánveitingar úr raforkusjóði, það eru áætlanir um framkvæmdir rafmagnsveitnanna og lagning dreifiveitna út um sveitirnar. Þetta er það, sem raforkuráð hefur látið sig varða. Það hafði ekki vald, en það hafði tillögurétt

og hefur á hverju ári gert till. til rn. um það, hvaða framkvæmdir skuli ráðizt í á hverju ári. Orkuráði er samkv. þessu frv. ætlað sama hlutverk og raforkuráð í reynd lét sig varða áður.

Það mætti vitanlega margt segja um þetta frv., ef ástæða væri til að fara ýtarlega út í það, en ég tel þess tæplega þörf, þar sem frv. hefur verið alllengi á borðum hv. þm. Ég vil þó benda á, að það er tæplega rétt að segja, að það sé verið að taka mikið vald af Alþ., eins og haldið hefur verið fram við umr. í Nd., með því að nú getur ráðh. samkv. 7. gr. veitt leyfi til þess að reisa eða byggja raforkuver allt upp að 2000 kw., án þess að leyfis Alþ. sé leitað, en sé um stærri virkjun að ræða, þarf leyfi Alþ. eins og áður. Nú er það svo, að það má segja, að þetta ákvæði í frv. sé til lítils, vegna þess að ekkert fyrirtæki eða sveitarfélag mun ráðast í að reisa raforkuver upp að 2000 kw. stærð, án þess að leita til ríkisstj. og Alþ. um fyrirgreiðslu um ábyrgð, ríkisábyrgð fyrir láni og kannske frekari fyrirgreiðslu um það. Málið er þess vegna í höndum Alþ., þrátt fyrir þetta ákvæði, og það má þess vegna segja: Hvers vegna að hafa þetta í frv., úr því að það er ekki beinlínis hægt að hugsa sér það í framkvæmd, án þess að Alþ. komi til? Þetta frv. er samið af n. margra manna, sérfræðinga, lögfræðinga, hagfræðinga og manna úr flestum greinum þjóðlífsins. Þetta ákvæði var lagt til og ríkisstj. féllst á það og telur að það spilli l. ekki neitt, þó að þetta sé tekið með. Þá er í 7. gr. einnig heimild til þess að reisa varastöð allt að 1000 kw. án sérstaks leyfis. Þetta gæti nú komið sér vel undir vissum kringumstæðum, en jafnvel það verður tæplega heldur gert án aðstoðar Alþ.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til, nú við þessa 1. umr. nema sérstakt tilefni gefist til, að fara fleiri orðum um málið, en vísa til grg., sem því fylgir og gefur fullnægjandi skýringar á því, hvað í þessu frv. felst. Ég legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 423, n. 526 og 558).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til orkulaga, sem komið er frá hv. Nd., hefur verið athugað í fjhn. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það er nú. Nál. meiri hl. hefur verið lagt fram á þskj. 558. Lagafrumvarp þetta er samið að tilhlutan hæstv. raforkumálaráðh., Ingólfs Jónssonar af sérstakri n., sem í voru Jón Sigurðsson deildarstjóri, Valgarð Thoroddsen verkfræðingur og Gísli Jónsson rafveitustjóri. N. til ráðuneytis voru m. a. Jakob Gíslason raforkumálastjóri og Eiríkur Briem, forstjóri Landsvirkjunar. L. þessum er ætlað að koma í stað raforkul. frá 1946, en inn í þau eru einnig felld lagaákvæði um jarðhita og jarðboranir ríkisins. Lög þessi gera ráð fyrir, að raforkuráð ríkisins verði lagt niður, en í stað þess komi orkuráð fimm manna, kosið af Sþ. til fjögurra ára í senn. Orkuráðinu til ráðuneytis verður tæknin. 7 manna, tilnefnd af þeim aðilum, sem mestra hagsmuna hafa að gæta varðandi orkumál. Gert er ráð fyrir í frv. að sameina raforkusjóð og jarðhitasjóð, og er það í samræmi við þá aðra sameiningu raforku- og jarðhitamálefna, sem er gert ráð fyrir í frv. Orkuráð fer með stjórn orkusjóðs, en vörzlu sjóðsins annast Seðlabankinn. Frv. þetta gerir ráð fyrir mörgum breytingum á fyrri lögum um raforku og jarðhita. Er að vænta, að þessi lagasetning verði til þess, að enn meiri kraftur verði nú lagður á virkjanir vatnsafls og jarðhita. Með l. þessum er gert ráð fyrir, að einkaréttur ríkisins sé afnuminn til rafvirkjana upp í 2000 kw. Ber að fagna þessu ákvæði, enda er það í samræmi við stefnu hæstv. ríkisstj. um meira frjálsræði á sem flestum sviðum.

Eins og tekið er fram í grg., þá gerði hv. Nd. breytingar á frv., m. a. eftir óskum Tæknifræðingafélags Íslands og Félags löggiltra rafvirkjameistara. En skv. því er fellt niður, að *rafmagnseftirlitsstjóri og rafmagnsveitustjóri* ríkisins þurfi að vera verkfræðingar. Einnig er breytt ákvæðum um löggildingu.

Það kom fram í viðræðum, sem n. átti við Jakob Gíslason raforkumálastjóra, að með þeirri samræmingu, sem hér er ráðgerð á vatnsorku og jarðhita, skapast möguleiki til samstillingar á þessum mikilvægu orkulindum, þannig að t. d. raforkan getur notazt meira til upphitunar húsa en nú er. Meðal þeirra verkefna, sem orkumálastofnuninni er falið með lagafrv. þessu, eru rannsóknir á nýtingu orkulinda landsins. Þess verður að vænta, að einmitt upphitun húsa með raforku, þar sem jarðhiti er ekki fyrir hendi, verði eitt af fyrstu verkefnum orkumálastofnunarinnar á sviði rannsókna. En einmitt á þessu sviði erum við Íslendingar furðu langt á eftir t. d. Norðmönnum, en þar í landi er raforka notuð nú til upphitunar húsa í mjög stórum stíl.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt, en meiri hl. fjhn. leggur til, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég, sem skipum minni hl. fjhn., teljum, að á þessu frv. þurfi að gera ýmsar breytingar, sem við leggjum til

á þskj. 526. Með þessum l. á m. a. að nema úr gildi raforkulögin frá 1946. Þau fólu m. a. í sér einkarétt ríkisins til að reisa og reka raforkuver, sem voru yfir 100 hestöfl, og þau komu þeirri skipan á yfirstjórn raforkumálanna í landinu, sem síðan hefur verið, eða rúmlega tvo áratugi.

Raforkumálastjóri var, undir yfirstjórn ráðh. að sjálfsögðu, yfirmaður raforkumálastofnunarinnar, en hlutar af henni voru rafmagnsveitur ríkisins og héraðsrafmagnsveitur ríkisins, sem eru heildsöluaðili og smásöluaðili á raforku í landinu, og enn fremur rafmagnseftirlit ríkisins. Auk þess hafði raforkumálastjóri fleiri hlutverkum að gegna. Þannig gerði VII. kafli raforkulaganna ráð fyrir því, að raforkumálastjóri væri aðalráðunautur ríkisstj. í raforkumálum og enn fremur, að hann annaðist rannsóknir á skilyrðum til hagnýtingar á orkulindum landsins, svo sem fallvötnum og jarðhitasvæðum, til raforkuvinnslu og hann rannsakaði og gerði till. um heildartilhögun á raforkuveitum til almenningsþarfa.

Ég er þeirrar skoðunar, að það kerfi, sem þá var komið upp fyrir yfirstjórn raforkumálanna í landinu, hafi verið hentugt og það sem miður kann að hafa farið í þessum málum, sé því að kenna, að það stjórnarkerfi, sem lög gera ráð fyrir, hafi ekki verið gott. Þó að ég segi þetta, þá er það auðvitað sízt ætlun mín að gefa það í skyn, að margt hafi miður farið í raforkumálum hér á undanförnum áratugum, þvert á móti vildi ég segja, að margt hefur verið vel gert, þó að sjálfsögðu upp og ofan eins og alls staðar annars staðar.

Fyrir tveimur árum var hér á hv. Alþ. til meðferðar frv. um Landsvirkjun. Í því frv. kom í ljós, að það var ætlun hæstv. ríkisstj. að fela Landsvirkjun ýmis hlutverk, sem samkvæmt gildandi l. hefðu eðlilega heyrt undir raforkumálastjóra, og má þá fyrst og fremst nefna, að í því frv. eins og það var lagt fyrir Alþ. var gert ráð fyrir því, að Landsvirkjun annaðist áætlunargerð um nýjar rafstöðvar og aðalorkuveitur á orkuveitusvæði sínu. Það var að því stefnt, að Landsvirkjun næði með tímanum til landsins alls eins og nafn hennar bendir til og hugsun flestra mun hafa verið, að þá féllu þarna á sviði rannsóknanna undir Landsvirkjunina mikil hlutverk, sem áður höfðu heyrt undir raforkumálastjóra. Við töldum, sem þá skipuðum minni hl. í fjhn., þeir sömu og nú, hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég, að þetta væri ekki til hagsbóta að búta þannig í sundur hlutverk raforkumálastofnunarinnar og lögðum til, til að bæta nokkuð úr, að það yrði tekið fram í l., að Landsvirkjun skyldi annast þetta rannsóknarhlutverk í samvinnu við raforkumálastjóra. Og á þessi sjónarmið okkar féllst hv. Alþ. og samþykkti brtt. frá minni hl., þessa og aðra til, sem ekki skiptir nú máli í þessu sambandi, en einnig var til bóta á frv., og var það að sjálfsögðu nokkur ávinningur. Þegar Landsvirkjunarfrv. var til umræðu, þá var það ljóst, að m. a. vegna þess, að það yrði að l., væri nauðsynlegt, að fram færi endurskoðun á raforkul., og það kom þess vegna ekki á óvart, þó að lagt væri fram á þessu þingi frv. um orkumál eins og það, sem hér liggur fyrir, þó að efni þessa frv. væri mér a. m. k. nokkur vonbrigði, því að þetta frv. felur í sér frekari upplausnaraðgerðir á þeirri yfirstjórn raforkumálanna, sem komið var á 1946 og síðan hefur verið við lýði. Frv. gerir ráð fyrir því, að afnuminn sé einkaréttur ríkisins til þess að reisa og reka raforkuver, þó að þurfi skv. þessu frv. ýmist leyfi Alþ. eða ráðh. til slíks.

Og í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir því að kljúfa raforkumálastofnunina á þann hátt, sem ég hlýt að álíta, að orki tvímælis. Af því veigamikla hlutverki, sem raforkumálastofnuninni var ætlað með raforkulögunum frá 1946, er nú næsta lítið eftir í þessu frv. Hlutverk Orkustofnunar er skilgreint í 2. gr. þess, og er þar fyrst og fremst um að ræða ráðgjafarstörf fyrir hæstv. ríkisstj., ýmsar skýrslugerðir og athuganir, sem því eru tengdar. Og það er ekki gert endasleppt við stofnunina að taka af henni það, sem hún hefur um fjallað, því að í sérstökum kafla, sem fjallar um orkusjóð, sem kemur í stað raforkusjóðs og jarðhitasjóðs, er gert ráð fyrir því, að orkusjóður skuli vera í vörzlu Seðlabanka Íslands, sem hafi á hendi daglegan rekstur hans og bókhald, ársuppgjör og skýrslugerð. Ég hlýt að vekja athygli á því í þessu sambandi, að ég tel það næsta hæpið, að það samrýmist hlutverki Seðlabankans eins og það er skilgreint í seðlabankalögunum frá 1961, að vera afgreiðslustofnun fyrir sjóð af þessu tagi. Það er hlutverk Seðlabankans fyrst og fremst að hafa viðskipti við aðrar bankastofnanir og peningastofnanir í landinu og auk þess ríkissjóð, en þessi sjóður hlýtur óhjákvæmilega að hafa dags daglega viðskipti við fjölda marga einstaklinga í landinu og þá ekki sízt bændur um allt land. Ég skal að vísu ekkert fullyrða um það, að þetta samræmist ekki l. um Seðlabanka Íslands í bókstaflegri merkingu, en hitt þykir mér ljóst, að það muni ekki hafa verið ætlunin, þegar Seðlabankinn var stofnaður og lög um hann sett, að hann annaðist hlutverk af þessu tagi. Ég óttast það, að þetta frv. hafi í för með sér þær breytingar á stjórn orkumála eða raforkumála í landinu, að það rísi upp og vaxi í rauninni upp nýjar stofnanir eða a. m. k. í þessu sambandi ný ríkisstofnun. Rafmagnsveitur ríkisins, sem hafa fram til þessa verið hluti af raforkumálastofnuninni, eiga að lifa sínu sjálfstæða lífi, og ég óttast, að það muni hvorki verða til bóta í stjórnarstörfunum sjálfum, rekstri þessara stofnana né heldur til sparnaðar fyrir ríkissjóð og þjóðina. Þessarar tilhneigingar til þess að kljúfa stofnanir niður verður allvíða vart og er sjaldan til bóta. Það má minna á svona í leiðinni, að ríkið rekur nú 5 skipaútgerðir, 4 við hlið Skipaútgerðar ríkisins. Eina á vegum vitamálastjóraembættisins og aðra á vegum Landhelgisgæzlunnar, þriðju á vegum síldarverksmiðjanna og fjórðu á vegum Sements-

verksmiðju ríkisins og kannske fleiri, þó að ég muni það ekki í svip. Og slíkt niðurbrot á stofnunum ríkisins er að mínum dómi sjaldan til bóta. Ég óttast líka, að það geti farið með þetta eins og þegar átti að fara að spara með breytingunni á skattamálunum í landinu og stofnun skattstjóraembættanna, að við rekum okkur á, áður en langir tímar líða, að þessi breyting á yfirstjórn raforkumálanna eigi eftir að kosta eitthvað. Þessi tvö atriði, sem ég hef núna nefnt, annars vegar afnám einkaréttarins og hins vegar þessa meginbreytingu á stjórn raforkumálanna, þessi tvö atriði vildi ég drepa á í þessum umr. Í brtt. okkar felst það, að við viljum halda einkarétti ríkisins til að reisa og reka orkuver, þó að við viljum hækka nokkuð stærðarmörkin, sem um er að ræða, raunar aðeins lítið, úr 100 hestöflum í 100 kw., þannig að við leggjum til, að þessi einkaréttarákvæði, sem nú eru í l., verði ekki afnumin.

Að því er lýtur að hinu atriðinu, þá höfum við ekki gert brtt., sem snerta það beinlínis, en brtt. okkar um það að auka valdsvið orkuráðs, eru þó m. a. til þess hugsaðar að styrkja samstarf og samhæfingu á þessu sviði. En þessar eru meginbrtt. okkar. Sú fyrsta, að haldið verði einkaréttarákvæðinu, og önnur um það, að orkuráð fái svipað hlutverk eins og raforkuráð hefur nú, og gera brtt. okkar ráð fyrir því, að gildandi lagaákvæði um það séu tekin inn í þetta frv. Flestar aðrar brtt. eru svo til samræmis við þetta, þannig að gert er ráð fyrir því, að orkuráð fái ýmislegt til umsagnar og komi við sögu á ýmsum sviðum eins og þar er gerð grein fyrir. Auk þessa er svo ein brtt. um það, að veita megi bændum, sem einn eða fleiri saman reisa vatnsaflsstöðvar til heimilisnota utan þessa svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán, sem nemi alt að 4/5 hutum stofnkostnaðar, þar sem í frv. er gert ráð fyrir 2/3 stofnkostnaðar. Hugsun okkar, sem að baki þessarar till. liggur, er sú, að ekki sé eðlilegt að veita meiri, tiltölulega meiri lán til þess að koma upp mótorrafstöðvum á einstökum heimilum heldur en til þeirra bænda, sem taka sig saman um að reisa vatnsaflsstöðvar utan þeirra svæða, sem héraðsrafmagnsveitunum er ætlað að ná til í náinni framtíð. En það er gert ráð fyrir í frv., að lán til að koma upp mótorrafstöðvum nemi allt að 4/5 stofnkostnaðar rafstöðvarinnar.

Þá er að lokum till. um, að við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða, sem fela í sér lagaákvörðun um það, að á árunum 1967—1969 skuli leggja rafmagnslínur frá rafmagnsveitum ríkisins til allra heimila, sem ekki hafa áður fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, þar sem meðallínulengd milli býla, þegar ekki eru reiknaðar með svokallaðar millibyggðalínur, er 2 km eða minni. Skal framkvæmdum skipt sem jafnast á árin. Enn fremur gera þessi ákvæði til bráðabirgða ráð fyrir því, að rafmagnsveitustjóri skuli gera kostnaðaráætlanir um raflínulagnir frá rafmagnsveitum ríkisins um þær byggðir, þar sem meðallínulengd milli býla er 2—2½ km og 2½—3 km og einnig geri hann tillögur um uppsetningu dísilstöðva til rafmagnsframleiðslu á þeim heimilum, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leiða til þeirra raflínur frá samveitum og hafa ekki hagstæð skilyrði til vatnsaflsvirkjunar. Séu till. við það miðaðar, að notendur slíkra stöðva njóti ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum. Áætlanir þessar og till. verði gerðar og lagðar fyrir Alþ. ekki síðar en 1. nóv. í haust.

Það munu hafa verið um s. l. áramót um 3800 sveitaheimili, sem hafa rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum. Má ætla, að tala þeirra heimila, sem hafa hvorugt þetta, sé nálægt 1500, sennilegt er talið, að um það bil helmingur þeirra býla sé á svæðum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða minni, og yrði þessi till. okkar samþ., mætti gera ráð fyrir því, að þau fengju rafmagn frá samveitum á árunum 1967—1969.

Það hefur margoft komið fram við ýmis tækifæri hér á hv. Alþ., að svo víðtækur áhugi er meðal þm. fyrir því, að rafvæðingu dreifbýlisins verði hraðað, að gera má ráð fyrir því, að mikill meiri hluti á Alþ. og jafnvel langflestir alþm. muni hafa áhuga á því máli. Í umr. í þessari hv. d. kom það skýrt fram hjá hæstv. raforkumálaráðh. einhvern tíma í vetur, að hann taldi að rafvæðingu, — ég þori nú ekki að segja, að ég fari rétt með orðalag — en að rafvæðingu dreifbýlisins yrði lokið á árinu 1970. Ég held, að það sé full ástæða til þess, að hv. Alþ. lögfesti vilja sinn í þessum efnum, og í því skyni er þessi brtt. flutt. Verði þær brtt., sem ég hef gert grein fyrir nú, samþykktar, þá tel ég svo mikið unnið, að samþykkja beri þetta frv., þó að ég komist ekki hjá því að telja það gallað í ýmsum atriðum, eins og ég hef hér nefnt. En með þeim breyt., sem við gerum ráð fyrir, felur það þó í sér hluti, sem við teljum, að réttlæti samþykkt þess.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, sem ég tel eðlilegt að koma á framfæri hér við þessar umræður. Hv. 1. minni hluti hefur gert grein fyrir afstöðu sinni, en 2. minni hluti, sem von var á, hefur ekki látið í sér heyra. Brtt. hv. 1. minni hl. eru í samræmi við till. sem framsóknarmenn fluttu í Nd. og er út af fyrir sig eðlilegt, að þær séu fluttar hér á sama hátt. Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að raforkulögin eru síðan 1946. Ég get tekið undir með honum, að raforkulögin hafa reynzt vel, og þetta frv. til breytinga á gildandi raforkulögum er ekki flutt vegna þess að raforkulögin hafi ekki reynzt vel í aðalatriðum og margir góðir hlutir gerðir skv. þessum l. En það er ekki nema eðlilegt, að það þurfi að endurskoða l., sem unnið hefur verið eftir í meira en 20

ár. Þegar raforkul. voru sett 1946, var verksviðið svo miklu minna og þrengra en nú. Raforkumálastjórnin hafði þá yfir þessu öllu að segja, en nú er það orðið svo umfangsmikið, að það er ekki eðlilegt, að einum manni sé falið að sjá alveg um það. Það kom fram hjá hv. Alþb.-mönnum í Nd., að þetta væri raunverulega vantraust á raforkumálastjóra, þetta frv. En það er svo langt frá því, að það sé. Það er margviðurkennt, að raforkumálastjóri er hinn mætasti embættismaður og samvizkusamur maður og ætti alls ekki skilið, að flutt væri vantraust á hann. En verksviðið hefur aukizt og það er ekki rétt, sem hv. form. 1. minni hl. sagði hér áðan, að Orkustofnun væri ætlað eitthvert lítið hlutverk með þessu frv. Það verður geysimikið hlutverk, og það er áreiðanlegt, að það er miklu meira starf að veita Orkustofnun forstöðu skv. þessum l. núna en var áður að hafa umsjón með öllu, sem undir raforkumálastjóra heyrði. Og þetta sjá nú allir, sem lesa frv., að verkefni Orkustofnunar skv. þessu frv. er geysimikið. Það er tekið fram í 2. gr. Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa það allt upp, af því að þm. hafa það fyrir framan sig. Svo er frv. skipt niður í marga kafla. Og Orkustofnun hefur nú með mest af þessu að gera, með vinnslu raforku, með vinnslu jarðhita til hitaveitu, með varnir gegn hættu og tjóni á raforkuvirkjum og eftirlit með þeim, með verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim, jarðboranir ríkisins o. s. frv. Og allt er þetta svo stóraukið með auknu framlagi og auknu verksviði, að ég hef satt að segja talað um þetta við raforkumálastjóra og spurt hann að því, hvort hann teldi ekki, að hann hefði nægilegt starf með þessu. Og það er alveg áreiðanlegt, að hann lítur svo á, og nokkru meira en það. Og það er alveg misskilningur, ef einhver heldur, að það sé í raun og veru verið að binda þessa stofnun niður. Það er aðeins með þessu verið að viðurkenna þessa nauðsynlegu verkaskiptingu. Við höfum núna raforkumálastjóra. Eftir að þessi lög eru tekin í gildi, höfum við orkumálastjóra. Við höfum í dag forstöðumann rafmagnseftirlits ríkisins og það verður þannig eftirleiðis eins og áður, þótt þetta frv. verði lögfest. Og rafmagnseftirlit ríkisins heyrir undir Orkustofnunina. Við höfum forstöðumann rafmagnsveitna ríkisins, hann heyrir skv. gildandi l. undir raforkumálastjóra, en eftir að þetta frv. hefur verið lögfest, heyrir hann beint undir ráðh., þannig að hans embætti verður sjálfstæðara en það var áður. Það er ekki meiri breyting á þessu en svo, að þótt þetta frv. verði samþ., þá þarf engan af þessum þremur embættismönnum að skipa. Þeir eru allir í embætti, og þessir sömu menn halda sínum embættum, án þess að fá nýtt skipunarbréf. Það er ekki meiri breyting á en þetta. En rafmagnsveitur ríkisins eru teknar hér frá, vegna þess að verkefni hefur aukizt og þetta er ekki nema það eðlilega. Þetta verður ekki dýrara en áður var, en með því að verkefninu er skipt, eftir að það hefur aukizt eins og raun ber vitni, þá má ætla, að enda þótt þessir menn, sem þarna hafa verið, hafi staðið hið bezta í stöðu sinni, þá hafi þeir bara betri yfirsýn eftir en áður yfir það verkefni, sem þeir eiga að sjá yfir og stjórna.

Hv. frsm. 1. minni hl. taldi, að það væri verið að afnema einkarétt ríkisins til þess að virkja. Það er rétt, að áður var það bundið við 100 kw., en nú þarf ekki leyfi Alþ. til að virkja allt upp að 2000 kw., en það þarf leyfi ráðh. Nú verður að gera ráð fyrir því, að enginn ráðh. veiti slíkt leyfi, ef það brýtur í bága við almenningshagsmuni eða ríkisfyrirtæki. Það verður að ætla það.

Í öðru lagi er það alveg öruggt, að slík stöð verður ekki reist eða byggð, nema að leita til Alþ. um aðstoð, ríkisábyrgð eða annað þess konar, þannig að réttur Alþ. er fyrir hendi eftir sem áður.

Hv. frsm. minntist hér á Landsvirkjunina og till., sem var samþ. við Landsvirkjunarfrv. Það er rétt, og ég tel, að það fari mjög vel á því, að allar rannsóknir í sambandi við virkjanir fari fram á vegum Landsvirkjunar og Orkustofnunar í sameiningu, eins og verður eftir að þetta frv. er staðfest. Landsvirkjunin og sú stefna, sem var mörkuð með þeim lögum, mun áreiðanlega reynast heillarík, vegna þess að þá var tekin sú stefna að virkja fremur stórt en smátt, sem við höfum orðið áður að gera vegna fjárskorts, og sú stefna var mörkuð og verður vonandi ráðandi í framtíðinni að tengja orkuver saman til þess að tryggja landsmönnum sem jafnasta aðstöðu og meira öryggi en þeir búa nú við, þegar aðeins er um að ræða að fá orku frá einu orkuveri, sem alltaf gæti af einhverjum ástæðum orðið fyrir skakkafalli, og ekki fullnægt orkuþörfinni. Þannig að ég held, að það hafi verið orðum aukið hjá hv. frsm., þegar hann var að tala um, að þetta frv. miðaði að því að auka upplausn í starfsemi raforkumála hér á landi. Ég held, að það sé miklu frekar til þess að tryggja heppilega framkvæmd og nauðsynlega yfirsýn yfir málið. Ekki finnst mér, að það ætti heldur að vera aðfinnsluefni hv. þm., þótt orkusjóðurinn sé geymdur í Seðlabankanum og ávaxtaður þar. Þar verður auðvitað ekki þessi daglega afgreiðsla, en hann hefur reikningshaldið fyrir sjóðinn og það held ég, að geti ekki verið aðfinnsluvert og kemur ábyggilega ekkert í bága við l. um Seðlabankann, þótt það sé gert. Og það er eins og mig minni, að það sé þannig með fleiri sjóði, að þeir séu hafðir í vörzlum Seðlabankans, en ég vil nú ekki fullyrða um það, en það er eins og mig minni, að við höfum hér í hv. Alþ. samþ. eitthvað um það áður. Mér finnst þetta frv. alls ekki stefna að því, sem orðið er í sambandi við Skipaútgerð ríkisins. Ég er alveg sammála hv. þm. um það, að ég tel ekki heppilegt, að það sé verið að gera út skipin á vegum ríkisins undir svona mörgum stjórnum, heldur ætti að sameina það undir eina stjórn. Ég hygg, að það séu fleiri en ég, sem líta þannig á. Það kæmi mér ekki á óvart,

þótt það yrði nú bara gert einn góðan veðurdag. Þetta er heldur ekki sambærilegt við þá breytingu á skattkerfinu, er skattanefndir voru lagðar niður og skattstjórarnir komu í staðinn og stærri umdæmi. Það er víst alveg rétt, að þetta hefur orðið dýrara í framkvæmd en reiknað var með í fyrstu. En áreiðanlega hefur fengizt meira samræmi í skattframtölin eftir en áður, og ég er alveg viss um, að gamla kerfið verður ekki tekið upp aftur. En það má vel vera, að það þyki ástæða til að breyta þessu eitthvað, og engin ástæða til að ætla, að þetta sé endilega eins og það ætti að vera. En gamla kerfið verður ekki tekið upp aftur, að það verði skattanefnd í hverjum hreppi, það er ég alveg viss um.

Þá er það orkuráð. Það er stundum verið að tala um þetta vald, sem orkuráð hafi skv. raforkul. En sannleikurinn er sá, að orkuráð — raforkuráð hefur aldrei haft vald. Það hefur alltaf verið ráðgefandi stofnun, en það er rétt, að því er ætlað með raforkul. að gera till. um fleira en því er ætlað að gera skv. þessu frv. En ég hef setið í raforkuráði frá upphafi, allan tímann, og raforkuráð hefur aldrei látið sig varða annað en lánveitingar úr raforkusjóði og línulagnir í dreifbýlið. Það er þetta, sem raforkuráð hefur gert till. um til ráðh., og annað ekki. Og raforkuráði er ætlað, skv. þessu frv. það sama og það hefur í framkvæmdinni gert, en það er alveg rétt, að skv. raforkul. hafði raforkuráð möguleika til þess að gera till. um fleira til ríkisstj., það hefur bara ekki verið í framkvæmd þannig. Ég tel, að það sé enginn skaði skeður, þótt lögfest sé nú eftir 20 ár það, sem hefur verið í framkvæmdinni á þessu sviði.

Um það að auka lánin til þeirra, sem sameinast um stöðvar, í 4/5 í stað 2/3, þá er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt, að fram komi till. um það, það er alltaf matsatriði, hvað á að lána, hvert hlutfallið á að vera. En í frv. eru það 2/3, en ekki 4/5, eins og lánað er út á litlar stöðvar, og það er einfaldlega vegna þess, að það er gert ráð fyrir því, að þegar menn sameinast um stærri stöð, verði hvert kw. ódýrara en á litlum stöðvum, þannig að þegar veitt er 2/3 lán út á þær stöðvar, þá fái þeir bændur, sem nota stöðvarnar í sameiningu, ekki verri útkomu með 2/3 að láni heldur en hver einstakur bóndi, þó að hann fái 4/5. En ég skal fyllilega viðurkenna, að það er algert matsatriði, hvort þetta er alveg rétt. Það mætti alveg eins hugsa sér 9/10 lán til einstakra bænda eins og 3/4 eða 4/5. Þá er það að síðustu bráðabirgðaákvæðið. Ég vil aðeins segja það, að ég tel það ekki eiga heima í þessu frv. og tel ekki ástæðu til að lögfesta það í þessum l. Sannleikurinn er sá, að það þarf ekki lög til þess að gera þessa áætlun, sem þarna er rætt um, og það þarf ekki lög til þess að ljúka rafvæðingunni á þessum tíma, sem þar er líka nefndur. Það er ekkert, sem vantar, annað en fjármagn. Ef það er fyrir hendi, þá er hægt að hraða þessu. Það er rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að það er vilji sennilega allra þm. að hraða þessu. Og það er unnið að þessu með talsverðum hraða, þannig að við erum farnir að sjá nokkuð fyrir endann á því. Ég hef talað um 1970, en hv. framsóknarmenn um 1969, þannig að það ber nú ekki mikið á milli, en ég tel, að við getum alveg náð endunum saman, þótt við séum ekki að setja bráðabirgðaákvæði aftan í þetta frv., og mér finnst það alls ekki eiga þar heima. En við getum hins vegar verið alveg sammála um, að það eigi að hraða rafvæðingunni, eins og ég hef áður sagt, og ég tel, að eiginlega tali nú verkin nokkuð í þessu máli, það hefur verið rafvætt núna síðustu árin og er haldið áfram og ekki færri heimili árlega nú en var. Og þetta er að komast á síðasta snúninginn og það er vissulega nauðsynlegt og sjálfsagt að hraða því, að allir landsmenn fái rafmagn.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að stofna hér til neinna meiri háttar umr. við hæstv. raforkumálaráðh. Ég hef gert grein fyrir okkar sjónarmiðum, og hæstv. ráðh. hefur í rauninni ekki andmælt þeim svo mjög, a. m. k. ekki svo að sannfærandi væri og gæfi tilefni til áframhaldandi umr., en þó eru örfá atriði, sem ég vildi samt ekki láta hjá líða að drepa á.

Hæstv. ráðh. minntist á, að það væri verið að tala um það vald, sem raforkuráð hefði skv. núgildandi l. Ég hef aldrei talað um það, ég hef aldrei talað um vald raforkuráðs, ég hef gert mér ljóst, hvert hlutverk raforkuráðs hefur verið, bæði í löggjöf og einnig í framkvæmd, því að mér hefur verið ljóst, að það hefur kannske verið nokkuð annað eða nokkru minna í framkvæmd en lög gerðu ráð fyrir, en það er nú með raforkuráðið eins og annað, að veldur hver á heldur, og ég sé ekki að það séu nein rök fyrir því að breyta lagaákvæðunum um hlutverk raforkuráðs, þó að það hafi ekki gegnt einhverjum af þeim hlutverkum nú um hríð. Ég álít þess vegna, að við eigum að halda þeim ákvæðum í l., sem nú eru um raforkuráð, þau eru skynsamleg og það verður þá á valdi þeirra manna, sem veljast í framtíðinni í raforkuráð, að gegna því hlutverki eftir því sem þeir hafa samvizkusemi til. Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að hann taldi að efni bráðabirgðaákvæðisins, sem við leggjum til, að verði tekið upp í þetta frv., eigi ekki heima í frv. Ég get fallizt á, að ráðh. hafi þar nokkuð til síns máls. Þó er það nú svo, að það er heldur ekki fráleitt að hugsa sér það, að svona ákvæði geti verið þarna sem bráðabirgðaákvæði. Hitt er annað mál, að við hefðum kosið að þurfa ekki að flytja þetta mál sem brtt. við frv. eins og það, sem hér liggur fyrir. Og ef hæstv. raforkumálaráðh. hefði haft áhuga fyrir því að lögfesta þann vilja Alþ., sem hann var sammála mér um, að væri fyrir hendi, þá hefur hann haft tækifæri til þess fyrr. Það hafa legið fyrir Nd. frá okkur framsóknarmönnum frv. sem ganga í þessa stefnu, en hv.

meiri hl. hefur ekki viljað sinna, og það er ástæðan til þess, að þessi efnisatriði er að finna hér í brtt. okkar sem bráðabirgðaákvæði við þetta frv. Mér þóttu andmæli hæstv. ráðh. gegn till. okkur um að hækka lánin til vatnsaflsstöðvanna vera mjög óvænt. Hann hélt því fram, hæstv. ráðh., að bændur, sem virkjuðu vatnsafl, fengju kw. ódýrara en þeir, sem fengju sér mótorstöð. Það eru nýjar fréttir fyrir mig.

Að lokum var svo eitt atriði, sem ég vildi spyrja hæstv. ráðh. sérstaklega um. Það kom fram í ræðu hans, að Seðlabankanum væri ætlað það hlutverk að geyma orkusjóð, en ekki hafa daglega afgreiðslu hans á hendi, og verð ég að segja, að þá er orðalag frv. æði ónákvæmt, því að þar segir: „Orkusjóður skal vera í vörzlu Seðlabanka Íslands, sem hefur á hendi daglegan rekstur hans," og ég skildi það þannig, að hann mundi hafa með höndum afgreiðslu hans og tel, að þetta ákvæði verði tæpast öðruvísi skilið. Á hinn bóginn, ef þetta er ekki réttur skilningur, þá vildi ég gjarnan, að hæstv. ráðh. upplýsti það, hvar dagleg afgreiðsla fyrir sjóðinn á að fara fram.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hér er til umr. stórt mál og margþætt, og væri auðvelt að halda um það langa ræðu, en það er ekki ætlun mín, þó að ég kveðji mér hljóðs, að gera það eða tala um frv. almennt, enda hefur frsm. minni hl. fjhn. gert skýra grein fyrir afstöðu minni hl. n. og Framsfl. til þessa máls. Hér liggja fyrir allmargar brtt. frá minni hl. fjhn. Margar þeirra voru áður fluttar í hv. Nd. og náðu ekki samþ. Það er vitanlega von mín, að þessi hv. d. taki Nd. fram í því efni að líta með fyllri skilningi á þessar brtt. yfirleitt en Nd. gerði, en þó tel ég mig nú ekki hafa neina vissu fyrir því, að svo muni skipast, en ég ætla að leyfa mér að taka undir og árétta orð hv. frsm. minni hl., sérstaklega um eina þessa brtt. Það er um 11. brtt. við 71. gr., þar sem fjallað er um lánveitingar til vatnsaflsstöðva, sem einstakir bændur eða fleiri saman koma upp. Í frv. er gert ráð fyrir að lána 2/3 hluta stofnkostnaðar þessara stöðva, en minni hl. fjhn. leggur til, að þetta verði fært upp í 4/5 hluta stofnkostnaðar. Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. talaði ekki ósanngjarnlega um þessa till. eða með neinni stífni, þó að hann hins vegar héti ekki neinu um stuðning við hana. Ég vil láta það koma hér fram, að ég tel mig hafa nokkurn kunnugleika á aðstöðu manna á ýmsum stöðum, m. a. í Skaftafellssýslu, sem eru þannig settir, að þeir geta ekki vænzt að komast undir samveitukerfið, en hafa skilyrði, að sönnu misjafnlega góð, til þess að reisa einkarafstöðvar. Þannig svæði eru til í Suðurlandskjördæmi. Ég hygg eftir viðtali við menn á raforkumálaskrifstofunni, að t. d. byggðarlagið austan við Fossnúpinn, Fljótshverfið, muni vart mega vænta þess, að samveitan verði látin ná heim á þá bæi, og það eru til byggðarlög, sem svona er ástatt um í því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir. Það er alveg hiklaust skoðun mín og ég tel mig mæla þar af nokkrum kunnugleika á ástæðum þessara manna, að hv. Alþ. þurfi að gera þeirra hlut betri á þessu sviði en hann er nú og betri en stefnt er að með þessu frv. Þegar lína er lögð frá samveitum um sveitir eða byggðarlög, sem ekki mega kallast þéttbýl, þá mun það vera staðreynd, að ríkið leggi beint fram allmikið fé í stofnkostnaðinn sem óendurkræft framlag vegna línulagnanna. Ég teldi vel koma til greina, að það ákvæði yrði sett inn í raforkulögin, að eitthvert óafturkræft framlag kæmi til þeirra, sem geta ekki komizt á samveitusvæði, og ráðast í það á eigin spýtur að raflýsa, með því að reisa einkarafstöðvar. En nú veit ég, að þetta mál er komið á síðasta stig, og það er dálítið erfitt að fara að byggja upp nýja till. nú, eins og málið liggur fyrir, og þess vegna vildi ég vekja sérstaka athygli á þessu atriði, taka undir og árétta það, sem hv. frsm. minni hl. sagði um þetta, og ég vildi beina því til hæstv. ráðh. og beinlínis mælast til þess, að við gengjum svo langt í sambandi við afgreiðslu þessa frv. nú að sameinast um það að samþ. till. minni hl. Ég er ekki þar með að segja, að þetta þurfi ekki að koma til nánari skoðunar síðar, en þetta væri spor í áttina, ef við sameinumst nú um það að samþ. þessa tiltölulega litlu og hóflegu brtt. Það yrði áreiðanlega uppörvun fyrir þá, sem vita, að þeir geta ekki komizt inn á samveitusvæði, og elga það fyrir höndum að reyna að afla sér raforku með eigin framtaki. Ég veit, að hæstv. ráðh. á ekki atkvæðisrétt í þessari hv. d., en ég tel mig vita, að ef hann beitti sér fyrir því hér við dm. almennt, að þeir sameinuðust um þessa tiltölulega mjög hógværu brtt., þá mundi það hafa mikilvæg áhrif.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þetta er nú komið á síðasta stig, og það er ekki langur tími, sem Alþingi á eftir að sitja í þetta sinn og jafnvel þótt menn hefðu áhuga fyrir að gera vissar breyt., þá er erfitt um vik að þessu sinni. Ég mælti aldrei gegn því áðan, að það gæti verið eðlilegt að hækka þetta lánshlutfall, ég aðeins minnti á, hverju væri haldið fram til réttlætingar því, að lánshlutfallið til einkastöðvanna, vatnsaflsstöðvanna, væri minna en til mótorstöðvanna. Það væri, að sagt er af þeim fróðu mönnum, að undir mörgum kringumstæðum væri virkjað kw. ódýrara, — kannske hafa þeir meint tiltölulega ódýrara, — en í mótorstöðvunum og rekstrarkostnaðurinn miklu minni, því að það er nú vitað, að ef vel tekst með vatnsaflsstöðvarnar, þá endast þær ótrúlega lengi og borga sig að því leyti vel, en þetta er vitanlega alltaf matsatriði, og vitanlega getur það vel komið til greina, þó að síðar verði, að hækka þetta lánshlutfall, ég mundi segja eins og hv. síðasti ræðumaður, það kæmi vitanlega vel til greina eftir nánari athugun, að það þætti sanngjarnt

að hafa eitthvert óafturkræft framlag. Ég vil ekkert fullyrða um það, en það er ekki í þessu frv. og ekki nema eðlilegt, að menn heyri rökin fyrir því, hvers vegna lánshlutfallið var minna til þessara stöðva en til mótorstöðvanna. Svo er eftir að kanna það, hvort þessi rök eru haldgóð og rétt, ég ber ekki ábyrgð á því. Það hlýtur að vera hægt að fá úr því skorið hjá kunnáttumönnum. Það er með lögfestingu framkvæmdanna, sem hv. frsm. var að tala um hér áðan, það er út af fyrir sig vitanlega nokkurs virði, ef hægt væri að lögfesta og ákveða með lögum framkvæmdahraða, en venjulega er það nú fjármagnið, sem ræður, og þrátt fyrir góðan vilja allra þm. finnst mönnum eðlilegt, að það sé ákveðið með fjárlögum hverju sinni, hversu hratt er farið í þessu. Og það hefur ekki enn þótt ástæða til þess að lögfesta beinlínis ákvæði um framkvæmdirnar vegna þess að framkvæmdahraðinn ákveðst af því fjármagni, sem varið er til framkvæmdanna. Þá er það orkusjóðurinn og daglegur rekstur. Það er alveg rétt, að hér í 70. gr. er sagt „hefur á hendi daglegan rekstur", en daglegur rekstur orkusjóðs er ekki til, vegna þess að orkusjóðurinn starfar allt öðruvísi en venjulegur sparisjóður eða banki. Ef við tökum t. d. lán úr orkusjóði til mótorrafstöðva, þá er það áreiðanlega ekki oftar en tvisvar á ári, sem þær lánveitingar eru ákveðnar af orkuráði og ráðh., tvisvar á ári, þannig að það er ekki um neinn daglegan rekstur á þessum sjóði að ræða eins og öðrum sjóðum, það eru kannske nokkrar færslur, nokkrum sinnum á ári. Lánin verða afgreidd í Seðlabankanum, geri ég ráð fyrir, og það eru fastir gjalddagar, sennilega einu sinni á ári, þannig að það er náttúrlega ekki hægt að tala um daglegan rekstur í þessu efni.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég hef að segja í sambandi við það, sem hv. ræðumenn hafa talað um, og get ég þess vegna látið máli mínu lokið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Ed., 18. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 526,1 felld með 10:6 atkv.
7. gr. samþ. með 10:6 atkv.
Brtt. 526,2 felld með 10:6 atkv.
8. gr. samþ. með 10:2 atkv.
9.—16. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 526,3 felld með 10:6 atkv.
17. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 526,4 felld með 10:6 atkv.
18.—32. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 526,5 felld með 10:6 atkv.
33.—56. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 526,6 felld með 10:6 atkv.
57. gr. samþ. með 10:1 atkv.
58.—59. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 526,7 felld með 10:7 atkv.
60. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 526,8 felld með 10:6 atkv.
61. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 526,9 felld með 10:7 atkv.
62. gr. samþ. með 10:1 atkv.
63.—68. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 526,10 tekin aftur.
69.—70. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 526,11 felld með 10:7 atkv.
71. gr. samþ. með 10:1 atkv.
72.—82. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 526,12 felld með 10:8 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:7 atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 622).

---

45. Girðingalög (stjfrv.).

Á 64. fundi í Nd., 11. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á girðingalögum nr. 10 25. marz 1965 [190. mál] (stjfrv., A. 439).

Á 65. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er nú seint á ferðinni, en það er flutt samkv. ósk Búnaðarfélags Íslands, en sú ósk barst rn. með bréfi dags. 7. þ. m. Frv. er ekki stórt í sniðum og það er þannig, að verið er að leiðrétta ákvæði í girðingalögum, sem ekki eru nógu skýr, þegar um er að ræða girðingar á afréttarlöndum. Ég held, að hv. þm. verði sammála um þetta frv. og það gæti þess vegna orðið að l. á þessu þingi, ef að því væri unnið. Ég vil því mælast til þess, að hv. landbn. héldi fund og athugaði það, hvort ekki væri rétt að verða við óskum Búnaðarfélagsins með þessa leiðréttingu og ef nál. lægi fyrir á morgun, gæti málið farið til hv. Ed. fyrir helgi og þá gæti það, þótt tímaþröng sé orðin mikil, orðið að l., þótt þingi yrði slitið nú fyrir 20. þ. m. En það verður að ráðast, hvort þetta tekst. Það verður þá að bíða til haustsins, en það hafa komið upp leiðindamál í sambandi við girðingar á afréttarlöndum, vegna þess að lagaákvæðin eru ekki nógu skýr, og þess vegna væri gott að koma þessu í lög nú fyrir þetta sumar.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 439, n. 487).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á girðingalögunum er flutt sem stjórnarfrv. og samkv. beiðni Búnaðarfélags Íslands. Það er mjög einföld breyting, í raun og veru aðeins nánari skýring á lögunum til að taka af tvímæli um skilning á þeim, og n. leggur til, að það verði samþ.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. var hér til 1. umr. í gær, og nú hefur frsm. landbn. mælt með samþykkt þess. Ég verð að segja það að mér finnst hv. landbn. vera mjög rösk í afgreiðslu á þessu máli. Hún er í raun og veru búin að afgreiða það, án formlegs fundar í n., nokkrum tímum eða mínútum eftir að málið er afgr. til n., en hins vegar ætla ég ekki að hæla hv. landbn. fyrir afgreiðslu á ýmsum öðrum málum, því að einu smámáli, sem ég flutti hér um sölu á eyðijörð í Snæfjallahreppi í N.-Ís., var vísað til n. 16. febrúar, og nú vantar 2 daga upp á 2 mánuði, sem n. hefur haft þetta stórmál til athugunar, en hefur ekki enn þá klárað að skila áliti um það. Ég vil leyfa mér að spyrja form. landbn. að því, í þessu sambandi, hvað dvelji afgreiðslu á jafnlítilfjörlegum málum og þessum, þegar n. getur sýnt annan eins röskleika og hún sýnir í þessu máli, sem hér er til umr. Hvað liggur á bak við þennan seinagang? Ég tel, að form. n. beri tvímælalaust skylda til þess að upplýsa það, hvernig á því standi. Ef það er einhver andstaða við frv. í n., þá á n. að skila áliti um frv., og ég tel það ekkert ofverk þessarar hv. n. að skila áliti um jafnlítilfjörlegt mál á tveimur mánuðum.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Því miður er ég nú aðeins staðgengill í þessari formannsstöðu í landbn. núna, þar sem aðalformaður er fjarverandi af þingi, en ég vil bara upplýsa það hér, að það liggja nokkur fleiri jarðasölumál fyrir hv. landbn. heldur en það, sem hv. þm. var að nefna, sem ýmist hafa ekki fengið jákvæð meðmæli í þeim umsögnum, sem leitað hefur verið eftir, eða ekki hefur verið samstaða um í n., en þar er alls staðar um að ræða sölu jarða til einstaklinga, og það hefur verið samkomulag um það, að láta þau mál liggja, sem þannig er ástatt með. Nú vil ég ekkert segja um það, út af því frv., sem fyrir n. liggur og hv. síðasti ræðumaður er flm. að, hvort það er endanlega dæmt til dauða, það kemur væntanlega Alþingi eftir þetta þing og e. t. v. hafa mál eitthvað skýrzt í millitíðinni, þannig að ég vildi nú vænta, að hann gæfi ekki upp alla von í dag um að þetta mál kynni einhvern tíma að ná fram að ganga, en þessar ástæður liggja fyrir því, að áliti hefur ekki verið skilað um þetta mál, ásamt nokkrum öðrum jarðasölumálum, sem fyrir n. liggja.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það var ágætt að fá þessar takmörkuðu upplýsingar hjá hv. form. landbn. Þó að hann sé það ekki nema sem staðgengill, verður maður þó að beina orðum sínum til hans sem formanns n., þar sem hann hefur tekið þau störf að sér. Ég er þrisvar eða fjórum sinnum búinn að biðja hinn reglulega form. um afgreiðslu á þessu máli og sömuleiðis staðgengillinn, sem var hér í pontunni áðan, og út af því, sem hv. þm. sagði, að það hafi orðið að samkomulagi í n. að láta þessi mál öll bíða, þá hefur hv. 5. þm. Norðurl. vestra sagt mér, að hann hafi verið tilbúinn að afgreiða þetta mál fyrir löngu út úr n., og það síðast í morgun, svo að eftir því að dæma hefur ekki verið samkomulag í n. um að jarða þessa hluti, og ég fer fram á það við hv. settan form. landbn., að hann afgreiði þetta mál og það tafarlaust.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 519) leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 519 samþ. með 30 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 26 atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 535).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til breyt. á girðingalögunum, er lítið frv., ef svo mætti segja, var samþ. í Nd. með smávegis breytingu, sem hv. 2. þm. Norðurl. v., Jón Ísberg, hafði flutt í sérstöku frv., en var samþ. sem brtt. við frv. ríkisstjórnarinnar. Frv. er flutt eftir beiðni Búnaðarfélags Íslands, og má segja, að það hafi komið nokkuð seint fram, en bréfið frá Búnaðarfélaginu barst rn. ekki fyrr en 7. þ. m.,

og má því segja, að það hafi verið vel unnið að málinu, eftir að það var komið í Nd., enda afgreiddi landbn. Nd. nál. sama dag og málið var til umr. þar.

Það má segja, að þetta frv. sé nánast til þess að gera ákvæði í girðingalögunum skýrari, þegar um girðingar á afréttarlöndum er að ræða. Þetta hefur engan aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, en að áliti þeirra, sem um þessi mál hafa fjallað, er nauðsynlegt að leiðrétta þetta, og hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur sagt, að í framkvæmdinni hafi orðið dálitið erfitt að eiga við þetta mál, vegna þess, að skýringu vantaði í l., sem felst í þeirri brtt., sem samþ. var í Nd. við frv. Þetta hvort tveggja á að vera til þess að auðvelda málið í framkvæmd og auðvelda þeim, sem eiga að fylgjast með framkvæmd laganna, að rétt sé að farið, og þess vegna á frv. rétt á sér.

Ég vildi nú mælast til þess við hv. landbn. þessarar d. og beinlínis fara þess á leit, að að hún hafi sama hátt og landbn. Nd., að skoða málið strax, og ef hún væri nú sammála því, sem gerzt hefur, hvort hún gæti þá ekki afgr. nál. í dag, svo að frv. verði að l. á þessu þingi. Þetta eru aðeins tilmæli, og ég held, að þegar hv. n. fer að athuga málið, sannfærist hún um, að það sé rétt að gera þetta. Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 535, n. 569).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af ríkisstj. að beiðni Búnaðarfélags Íslands til þess að taka af tvímæli um skilning á girðingarl., svo að eigi valdi ágreiningi, hvernig beri að skilja það ákvæði að því er snertir viðhald girðinga, sem settar eru upp, eftir að l. voru samþ. nú fyrir tveimur árum. Við frv. var flutt ein brtt. í Nd., sem þar var samþ. á þá leið, að taka af öll tvímæli um það, að girðingal. gætu ekki ógilt þá samninga, sem búið væri að gera, áður en þau ganga í gildi varðandi viðhald girðinganna. Þetta er ekki stórt mál í sniðum og bæði landbn. Nd. og landbn. hér í þessari hv. d. hafa orðið sammála um að mæla með frv., að það verði samþ., og legg ég það til fyrir hönd n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 624).

---

46. Hafnalög.

Á 32. fundi í Sþ., 8. apríl, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til hafnalaga** [181. mál] (stjfrv., A. 409).

Á 62. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta til nýrra hafnalaga hefur átt sér alllangan aðdraganda, svo sem greint er frá í upphafi aths. þeirra sem frv. fylgja. Á síðasta Alþ. lýsti ég því yfir að gefnu tilefni, að á næsta þingi mundi lagt fram endurskoðað frv. til hafnalaga. N. sú, sem endurskoðunina hafði með höndum, var skipuð á s. l. sumri og skilaði hún áliti upp úr miðjum síðasta mánuði. N. vann vel og varð sammála um þær niðurstöður, sem í frv. felast. N. skipuðu þeir Aðalsteinn Júlíusson vita- og hafnamálastjóri, sem jafnframt var skipaður formaður, alþm. Benedikt Gröndal og Sigurður Bjarnason og ráðuneytisstj. samgmrn. og fjmrn., Brynjólfur Ingólfsson og Guðlaugur Þorvaldsson. Með n. starfaði allan starfstímann Halldór Matthíasson, skrifstofustjóri vitamálaskrifstofunnar.

Svo sem frá er greint í aths. með frv., yfirfór n. frv. það, er atvinnutækjanefnd, sem starfaði m. a. að sama verkefni á árunum 1958—1961, hafði samið og eru ýmis ákvæði þess frv. tekin óbreytt í þetta frv. ásamt köflum úr grg. og rökstuðningi. Þá var eftir föngum reynt að afla upplýsinga frá nágrannalöndum okkar, einkum Norðurlöndum, um það, hvernig málum þessum væri þar háttað, ef verða mætti til eftirbreytni hér.

Er í aths. nokkuð skýrt frá þeim upplýsingum, sem fengust um þessi mál, og mun mörgum þykja fróðlegt að sjá m. a., hvernig tekna er aflað til hafnaframkvæmda í öðrum löndum og um eignarrétt á höfnum.

Eðlilega beindist athugun n. þegar frá upphafi fyrst og fremst að því að kanna fjárhagsástand hafnanna og leita leiða til að bæta það og treysta, en fjárhagsgrundvöllur hafnanna hefur um árabil verið veikari en æskilegt væri og er nú svo komið, að vart verður lengur frestað að taka þessi mál til rækilegrar endurskoðunar, ef þeim á ekki að verða siglt í strand. N. tilfærir sem dæmi um hið almenna ástand

þessara mála athugun sína á 64 höfnum og skýrir frá því, að þar hafi byggingarkostnaður numið tæpum 700 millj. kr. á 25 ára tímabili, frá 1940 til 1965. Væri þessi upphæð reiknuð á verðlagi ársins 1965, næmi hún 1762 millj. kr. Föst byggingarlán þessara sömu hafna námu þá, þ. e. í árslok 1965, liðlega 250 millj. kr. og árlegur kostnaður við þau lán um 37 millj. kr. Annar árlegur rekstrarkostnaður þessara hafna nam árið 1965 25 millj. kr., en heildartekjur um 60 millj. kr. Hér er m. ö. o. ekkert fé afgangs af rekstrartekjum til greiðslu lausaskulda og ekkert hægt að leggja til hliðar til að mæta áföllum eða til nauðsynlegra nýrri framkvæmda. Þó ber þess að geta, að þetta er meðaltal og innan þessa 64 hafna hóps er afkoman mjög mismunandi. Þessu til frekari skýringar nægir að benda á niðurstöður n. í aths. neðst á bls. 7 og efst á bls. 8 í hinu prentaða frv. Það hefur lengi verið skoðun þeirra manna, sem mest hafa um hafnarmál okkar fjallað og um stuðning ríkisins við hafnaframkvæmdir sveitarfélaga, að eðlilegt væri, að hundraðshluti framlags ríkisins væri mismunandi, eftir því hvort um væri að ræða ytri mannvirki, svo sem skjólgarða og öldubrjóta, sem ekki gefa neinar tekjur í hafnarsjóð einar út af fyrir sig, og hins vegar innri mannvirki, svo sem viðlegukanta, bryggjur o. þ. h., sem alls staðar þarf að byggja og sem tekjur hafnarinnar byggjast á. Niðurstöður n. virðast benda til þess, að ýmsar þær hafnir, sem eiga dýrust ytri mannvirki, eigi mest í vök að verjast fjárhagslega og því sé rétt að taka upp hærri styrkprósentu fyrir ytri mannvirki eins og n. leggur til. Skal nú vikið almennt að nokkrum helztu nýmælum frv.

Frv. gerir ráð fyrir þeirri meginbreytingu á framkvæmdum við hafnargerðir, að unnið verði samkv. fjögurra ára áætlun og fjárveitingar Alþ. séu í samræmi við þá áætlun. Stuðlar þetta að betri nýtingu fjárveitinga og ætti jafnframt að tryggja, að þeim yrði hagað í samræmi við áætlaðar framkvæmdir. Þá er eins og ég drap á áður gert ráð fyrir, að hlutur ríkissjóðs í ytri mannvirkjum og dýpkunum aukist úr 40 í 75%, en þessar framkvæmdir eru hinar kostnaðarsömustu og verða, ef hagkvæmt á að vera, að framkvæmast í sem allra stærstum áföngum. Kostnaðaraukning ríkissjóðs vegna þessarar hækkunar verður 10—15% af heildarframkvæmdum hvers árs frá kostnaði samkv. núgildandi l. eða 10—15 millj. kr. á ári, um svipaðar framkvæmdir verður að ræða og undanfarin ár. Í frv. eru löggiltar hafnir ekki taldar upp eins og í gildandi l., heldur tekin upp sú hugmynd atvinnutækjanefndar, að sleppa upptalningunni og taka upp í staðinn þá reglu, að fyrsta fjárveiting Alþ. til hafnar teljist jafngilda viljayfirlýsingu Alþ. um styrkhæfni hafnarinnar almennt. Með þessu er því á engan hátt verið að rýra áhrif Alþ. frá því, sem nú er. Vísast um þetta atriði til skýringa við 7. tölul. 5. gr. á bls. 10. Þá er lagt til, að ríkið eða hafnamálastofnun þess annist allar hafnargerðir, þ. e. hafi umsjón og yfirstjórn allra hafnarbygginga á svipaðan hátt og raunverulega hefur verið unnið að þessum málum undanfarin ár. Þetta fyrirkomulag hindrar þó engan veginn útboð framkvæmda eða það, að einstök sveitarfélög annist sínar framkvæmdir sjálf og vísast um þetta atriði til nánari skýringa, sem eru í aths. frv. við 3. gr., neðst á bls. 9. Mörg ákvæði gildandi l. eru gerð skýrari í frv., einkum skilyrði fyrir ríkisstyrk, skyldur um viðhald mannvirkja, skýrslugerð o. fl.

Frv. felur í sér mikla breytingu á l. um hafnabótasjóð, en þau eru felld inn í frv. þetta. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn fái fasta, árlega tekjuliði, 8 millj. kr. úr ríkissjóði og auk þess að því er áætlað er 12 millj. kr. árlega með nýju gjaldi, sem lagt er á skip. Auk þess er lagt til, að hafnabótasjóður fái verulega lántökuheimild. Sjóðnum er ætlað að verða bæði lána- og styrktarsjóður fyrir hafnargerðirnar og jafnframt að greiða skuldahala þann, sem fyrir hefur safnazt og létta þar með af sveitarfélögum miklum aukakostnaði af bráðabirgðalánum, sem þau hafa orðið að taka vegna þessa skuldahala. Það er kunnara en frá þurfi að greina, hver gjörbylting hefur á orðið um stærðir og fjölda fiskiskipa landsmanna á síðasta áratug, þótt ekki verði lengra til jafnað. Þessar ástæður einar kalla á stórlega aukið hafnarrými og gera margar eldri áætlanir, þótt framsýni þætti þar gæta, að mörgu leyti úreltar. Eins og ég vék að, er afkoma margra hafna þannig, að miðað við núgildandi ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í byggingarkostnaði og greiðslumáta ríkishlutans, er þeim algerlega um megn að standa undir fjármögnunarkostnaði þeirra mannvirkja, sem þegar eru fyrir hendi, auk rekstrarkostnaðar. Og því hafa þessar hafnir ekki neinn fjárhagslegan grundvöll til nauðsynlegrar stækkunar og aukningar mannvirkja. Breyttar reglur um prósenthluta ríkissjóðs eiga að auðvelda nýjar og nauðsynlegar framkvæmdir og eyðing framlagsskuldahala ríkissjóðs, sem gert er ráð fyrir, að ljúki innan fjögurra ára, mun stórlétta greiðsluafkomu margra þessara hafna.

Í þessu sambandi vil ég einnig benda á, að hafnabótasjóði er samkv. 3. tölul. 19. gr. frv. ætlað að styrkja þær hafnir, sem hafa erfiða aðstöðu vegna dýrrar mannvirkjagerðar. Er þessi hugmynd sýnd nánar á fskj. 1 með frv., bls. 16, sbr. útgreiðslur í 4. og 5. lið þar. Þessi heimild mundi aðallega verða notuð til þess að styrkja þær hafnir, sem nýlega hafa lokið dýrum ytri mannvirkjum með 40% þátttöku ríkissjóðs í stað 75% sem frv. gerir ráð fyrir. Eins og ég vék áður að, er lagt til í frv., að framkvæmdaáætlanir um hafnargerðir verði gerðar til fjögurra ára í senn og verði árlegar fjárveitingar í sem mestu samræmi við þá áætlun, þannig að komizt verði hjá skuldamyndun ríkissjóðs við hafnargerðirnar. Þessi ráðstöfun mundi stórum bæta framkvæmdaaðstöðu í hafnargerðum frá því, sem nú er,

auk þess sem kleift ætti að verða að nýta til fullnustu þá möguleika, sem fyrir hendi eru til hafnargerða á hverjum tíma, bæði fjárhagslega og tæknilega, og beina framkvæmdum á þá staði, þar sem þörfin er brýnust. Jafnframt má ætla, að nýting tækja og mannafla verði mun betri en nú er, þegar oft er ekki vitað með vissu um framkvæmdir fyrr en að þeim er komið á því ári, er vinna skal.

Varðandi fjárhagshlið framkvæmdanna gerir frv. einnig ráð fyrir, að samgmrn. verði heimilað að eiga frumkvæði að því að samræma gjaldskrár hinna einstöku hafna, jafnvel án þess að sérstakar beiðnir um það liggi fyrir. Hafnargjöld eru í dag mjög mismunandi, jafnvel á sömu landsvæðum. Til þessa mismunar má án efa rekja að nokkru hina misjöfnu afkomu einstakra hafna á sömu landsvæðum og að því er virðist við mjög hliðstæða aðstöðu til tekna. Þá eru einnig gjaldskrár hafna óþarflega flóknar, gjaldategundum og flokkum mætti að skaðlausu fækka. Verður þetta allt athugað, ef frv. nær fram að ganga.

Eins og greint er frá í aths. á bls. 9, ræddi n. nokkuð mál hinna svokölluðu landshafna, bæði till. atvinnutækjanefndar um að ríkisstj. væri heimilað að selja viðkomandi sveitarfélögum landshafnirnar, sem þá voru tvær, á 3/5 af stofnkostnaðarverði, og einnig kom sú skoðun fram í n., að eðlilegt væri, að 1—2 landshafnir væru í hverjum landsfjórðungi, og voru þessar báðar hugmyndir ræddar ýtarlega, en ákveðið að leggja ekki til, að breytt yrði frá núgildandi l. um landshafnir eða þeim fjölgað.

Ég tel ekki þörf á því að lengja framsöguræðu mína nú með því að rekja efni einstakra gr. frv., svo skilmerkilega sem grein er fyrir þeim gerð og nýmælum þessa frv. í aths. og fskj. með því. Mér er ljóst, að tiltölulega skammur tími er til loka Alþ. og æskilegt hefði verið, að frv. þetta hefði komið fyrr fram. Mþn., sem frv. samdi, lauk þó ekki endanlega störfum fyrr en rétt fyrir páskaleyfi þm. og reyndist ekki unnt vegna anna í prentsmiðju að útbýta frv. fyrir páskaleyfi. Af þeim ástæðum var sá kostur valinn að senda hv. þm. það sem handrit og trúnaðarmál, en það var póstlagt laugardaginn 1. apríl s. l., þ. e. 5 dögum fyrir samkomudag Alþ. eftir páskaleyfi. Það er von mín, að sá háttur, sem hér var á hafður, hafi auðveldað hv. alþm. að gera sér grein fyrir meginefni frv. og geti þar af leiðandi e.t.v. stytt umr. um það nú. Mér er einnig fullkomlega ljóst, að forsenda þess, að málið nái fram að ganga nú, er sú, að hv. alþm. meti þær efnislegu breytingar, sem frv. hefur í för með sér, til verulegra bóta. Forsenda þess, að málið nái fram að ganga, er því að sjálfsögðu sú, að sem mestur einhugur skapist um það til skjótrar afgreiðslu. Þá vil ég enn fremur benda á, að mjög mörg meginatriði frv. eru nátengd samningu og setningu fjárl. og því ekki hyggilegt, ef menn meta svo, að málið ætti að ná fram að ganga, að fresta afgreiðslu þess, ef það er vilji Alþ., að fjárhagsatriði þessi komi raunverulega til framkvæmda á árinu 1968. En fjárlagafrv. er venjulega undirbúið og samið sumarið fyrir samkomudag Alþ. og væri æskilegt, að þá væri ákveðið, hvort gera eigi ráð fyrir svo veigamiklum atriðum, sem frv. felur í sér og skipta máli varðandi fjárlög.

Herra forseti. Það er till. mín, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn. og væri æskilegt, að sjútvn. beggja d. hefðu samstöðu um athugun málsins, ef það er mat n. að mæla með samþykkt frv.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að ítreka það í örfáum orðum, sem raunar kom greinilega fram hjá hæstv. sjútvmrh. í framsöguræðu hans fyrir þessu frv., að þetta frv. til nýrra hafnal. felur í sér miklar breytingar og umbætur í þágu hafnanna og byggðarlaga þeirra. Góð hafnarskilyrði eru frumskilyrði útgerðar og framleiðslu. Stækkandi báta- og skipafloti krefst fullkomnari hafna. Nú er það hins vegar svo, að allmörg byggðarlög í öllum landshlutum eru að sligast undir kostnaði við hafnargerðir sínar, sérstaklega þau þeirra, þar sem aðstaða er erfið frá náttúrunnar hendi og byggja hefur þurft dýra ytri hafnargarða og framkvæma miklar dýpkanir. Með þessu frv. eru í senn gerðar ráðstafanir, sem eiga að hjálpa þessum byggðarlögum og veita aukna aðstoð þeim, sem skemmra eru á veg komin með hafnargerðir sínar. Höfuðumbæturnar, sem þetta frv. hefur í för með sér fyrir hafnirnar, eru þessar:

Í fyrsta lagi er hluti ríkissjóðs af kostnaði hafnargarða hækkaður úr 40% upp í 75%. Sama hækkun verður á hluta ríkissjóðs í dýpkunum á aðalsiglingaleiðum. Þessar framkvæmdir hafa reynzt dýrastar og erfiðastar viðfangs fyrir hin ýmsu byggðarlög. Þess vegna er hækkun ríkissjóðsframlagsins til þeirra mjög þýðingarmikil.

Í öðru lagi er lagt til, að ábyrgðarheimild ríkissjóðs miðist við, að kostnaðarhluti ríkissjóðs og auknar ábyrgðir nemi 90% styrkhæfs kostnaðar þess áfanga, sem lán er tekið til.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að gerðar verði framkvæmdaáætlanir um hafnargerðir til fjögurra ára í senn. Skulu slíkar áætlanir endurskoðaðar á tveggja ára fresti. Áætlanir skulu lagðar fyrir Sþ. sem grundvöllur skiptingar þess fjár, sem Alþ. veitir til hafnargerða hverju sinni. Er hér um hið merkasta nýmæli að ræða, sem leiða ætti til aukinnar festu í hafnarframkvæmdum.

Í fjórða lagi er hafnabótasjóður stóreflidur, bæði með hækkun framlaga úr ríkissjóði, sérstökum nýjum tekjustofni og 350 millj. kr. lánsheimildum. Sérstaklega leyfi ég mér að vekja athygli á því nýmæli í starfsemi hafnabótasjóðs, að honum er heimilað að styrkja hafnarsjóði, sem eiga við sérstaka fjárhagsörðugleika að stríða, vegna erfiðrar aðstöðu og

dýrrar mannvirkjagerðar. Er þetta ákvæði fyrst og fremst sett til hjálpar þeim byggðarlögum, sem eru að sligast undir dýrum hafnarframkvæmdum síðustu ára. Má raunar segja, að endurskoðun hafnal. hafi fyrst og fremst verið gerð í þessu skyni, jafnhliða því, sem reynt er að leysa þörf framtíðarinnar fyrir nýjar, öruggar og fullkomnar hafnir.

Þegar á allt þetta er litið, er það einlæg von mín, að þetta frv. fái skjóta og góða afgr. á þessu þingi, enda þótt það sé seint fram komið af ástæðum, sem hæstv. sjútvmrh. gat um í framsöguræðu sinni. Að sjálfsögðu er þetta frv. ekki alfullkomið frekar en önnur mannanna verk, en í því felast, eins og ég sagði í upphafi, stórfelldar umbætur í þágu hafnanna í öllum landshlutum. Þess vegna vænti ég þess, að um það geti tekizt góð samvinna milli allra þingflokka, sem sýnt hafa mikinn áhuga á því á undanförnum árum, að stuðningur ríkisins við hafnar- og lendingarbætur yrði aukinn, útgerð og siglingum landsmanna til eflingar og hagsbóta.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hefði kosið, að fleiri hv. þm. hefðu verið viðstaddir á fundi, þegar hér er hafin umr. um setningu nýrra hafnal. og vildi beina því til hæstv. forseta, hvort ekki væri hægt að stuðla að því að svo væri, því að ég hygg, að það yrði gagnlegt í sambandi við afgr. þessa máls.

Hér er stórmál á ferð, en seint fram komið, svo seint, og þannig fram borið, að í rauninni má telja ólíklegt, að það geti hlotið afgr. á þessu þingi nema fyrir hendi sé fullur vilji til samstarfs af hálfu þeirra, sem að þessu frv. standa, og annarra og vilji fyrir því að setja l., sem verði til bóta frá þeirri löggjöf, sem nú gildir. Ég er fyrir mitt leyti hlynntur því, að þess sé freistað að koma á slíku samstarfi, ef tími leyfir og skilyrði til þess reynast fyrir hendi. Ég vil nú við 1. umr. leyfa mér að ræða þetta mál nokkuð, bæði aðdraganda þess og nokkur atriði frv., til athugunar fyrir þá hv. n., sem fær það til meðferðar. Ég mun þó reyna að takmarka mál mitt eftir því sem unnt er, þegar um slíkt mál er að ræða.

Ég vil þá fyrst með nokkrum orðum koma að aðdraganda málsins.

Hinn 26. marz 1958, þ. e. a. s. fyrir rúmlega 9 árum, var á Alþ. samþ. svohljóðandi þál.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vitamálastjóra gera 10 ára áætlun um nauðsynlegustu hafnarframkvæmdir í landinu, og sé fyrst og fremst við það miðað, að framkvæmdirnar geti stuðlað að öruggri og aukinni útflutningsframleiðslu. Einnig verði endurskoðuð gildandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga, svo og ákvæðin um landshafnir og önnur þau atriði l. um hafnargerðir, er ástæða þykir til að breyta, með hliðsjón af fenginni reynslu og til samræmis við aðrar niðurstöður athugunar þessarar. Jafnframt verði endurskoðuð l. um hafnabótasjóð og athugað, hvort ekki sé tiltækilegt að efla starfsemi hans, svo að hann geti m. a. veitt hagkvæm lán til langs tíma til nýrra hafnarframkvæmda.“

Hinn 12. sept. 1958 fól þáv. hæstv. samgmrh. atvinnutækjanefnd, sem þá starfaði, að gera eins og það er orðað í bréfinu, „í samráði við vita- og hafnamálastjóra áætlun þá, er þál. ræðir um, og framkvæma endurskoðun framangreindra l.“ Síðan segir, að áætlunin og till. n. óskist sent ráðuneytinu og að n. sé falið þetta verk í samráði við ríkisstj. í heild. Ég geri ráð fyrir, að sú ríkisstj., sem þá sat, hafi falið þetta verk atvinnutækjan., vegna þess að hún hafði þá undanfarið fengizt við skyld mál og m. a. gefið út skýrslur um atvinnumál o. fl. í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Enn fremur var það þá kunnugt, að n. hafði sem slík heimsótt flesta þá staði á landinu, þar sem um er að ræða hafnargerðir og einn eða fleiri af nm. alla slíka staði, að ég ætla, þar sem um slíkt hefur verið að ræða. Það vildi svo til, að ég var form. þessarar n., og í n. með mér voru Birgir Finnsson, framkvæmdastjóri, nú alþingisforseti og Tryggvi Helgason, formaður sjómannafélagsins á Akureyri, báðir mjög áhugasamir menn, reyndir og vel að sér á þessu sviði.

Ég vil fara örfáum orðum um það, hvernig atvinnutækjan. á sínum tíma framkvæmdi þessi tvö verkefni, sem henni voru falin, í samráði við vitamálastjóra, eins og sagði í bréfi samgmrh., en vitamálastjóri tók mikinn þátt í þessum störfum, og till. hans urðu að sjálfsögðu mjög ráðandi í áætlunar- og tillögugerð n. um sérfræðileg efni. Eins og ég sagði áðan, hafði atvinnutækjan. í sambandi við önnur störf sín yfirleitt komið á þá staði, sem hér koma til greina í sambandi við hafnargerða-áætlun og gerð hafnalaga. Það hafði skeð að mestu leyti áður en henni var falið þetta verk. Unnið var að þessum málum, 10 ára áætluninni, og endurskoðun hafnalaganna, eins og hæstv. ráðh. sagði, frá því seint á árinu 1958 og fram á árið 1961. Mér telst svo til, að atvinnutækjan. hafi haldið um þessi mál samtals á þessum tíma 115 fundi og þar af 52 fundi með vitamálastjóra, en bæði málin, 10 ára áætlunin og frv. til nýrra hafnalaga, voru afgr. á fundi n. hinn 16. sept. 1961 og nokkru síðar var áætlunin og frv. sent ríkisstj. Áætluninni var síðan útbýtt hér meðal hv. þm., ég ætla þegar á árinu 1958 eða 1959, en frv. var að sjálfsögðu, þar sem hér var um stjórnskipaða n. að ræða, afhent ríkisstj. einni og hefur ekki orðið opinbert fyrr en á það er minnzt nú í grg. þess frv., sem hér liggur fyrir. Í þessari 10 ára áætlun, sem ég nefndi, voru gerðar áætlanir, að vísu meira og minna lauslegar, um framkvæmdir í 78 höfnum, ef ég man rétt, og upphæð áætlunarinnar var rúmlega 700 millj. kr., sem að sjálfsögðu mundi vera miklu hærri upphæð nú eða sennilega

nálægt 2 milljörðum. Kostnaðaráætlanir voru að sjálfsögðu gerðar af sérfróðum mönnum. Að áætluninni unnu með n., auk vitamálastjóra, nokkrir verkfræðingar á vitamálaskrifstofunni, sem lögðu í það mjög mikið verk að undirbúa uppköst að þessum áætlunum og leggja fyrir n. og sömuleiðis voru nokkrar rannsóknir gerðar á ýmsum stöðum í sambandi við þetta, sérstaklega eftir ósk n. Að þessu var unnið á þennan hátt á þessum tíma og jöfnum höndum að endurskoðun hafnal. og annarrar löggjafar um þessi mál.

Við gerð 10 ára áætlunarinnar, sem átti að taka yfir árin 1961—1970, og við endurskoðun hafnalaganna, hygg ég, að n. hafi fyrst og fremst lagt áherzlu á þrennt:

Í fyrsta lagi að hafa í huga landið allt og þörfina fyrir hafnarframkvæmdir um landið allt.

Í öðru lagi að koma á framfæri með áætluninni rökstuddri bráðabirgðahugmynd um viðfangsefni í heild og á hverjum stað og gæta þess þá, að sú hugmynd væri ekki ýkt, þar sem það gæti skapað ótta við að taka verkefnið föstum tökum.

Í þriðja lagi að ný hafnal. gætu þegar gengið fram.

Um þetta segir í áliti n. frá 1961 á bls. 16, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og fyrr er að vikið, var það að vel athuguðu máli sameiginlegt álit n. og vitamálastjóra, að ekki væri á þessu stigi hægt að gera ítarlegri áætlun en þá, sem hér liggur fyrir. Til að gera ítarlega áætlun um alla þá staði, sem hér er gerð grein fyrir, hefði þurft fleiri sérfróða menn en völ er á, lengri tíma til rannsókna og meira fé en veitt hefur verið í þessu skyni. Og jafnvel þótt að því hefði verið horfið að gera áætlunina ítarlegri, má ætla, að sumt hefði verið þar fyrir gýg unnið. Margt getur breytzt á 10 árum, m. a. gerð hafnarmannvirkja og þörf fyrir þau. Hafnarstaðir, sem ekki eru nefndir í áætluninni, geta komið til greina. Á áætlunina í heild og þó alveg sérstaklega hinn ósundurliðaða hluta hennar (en það voru rúml. 20 hafnir, sem voru ósundurliðaðar í kostnaðaráætlun), ber að líta sem tilraun til að gera grein fyrir helztu verkefnum komandi ára, að svo miklu leyti sem unnt er, og leiðbeinandi yfirlit um þau, jafnframt því sem litið er yfir farinn veg og gerð grein fyrir því starfi, sem unnið hefur verið. Þessa áætlun þarf síðar að endurskoða með hliðsjón af þeim rannsóknum, sem fram fara, og nýjum eða breyttum tillögum, sem fram kunna að koma á næstu árum og kveða nánar á um mark, sem hér er aðeins lauslega áætlað, eða gerð grein fyrir til bráðabirgða. Má hugsa sér, að 10 ára áætluninni yrði síðar skipt í tveggja til þriggja ára áætlanir, sem þá yrði ákveðið að framkvæma á tilsettum tíma með það fyrir augum, að meginatriði þeirrar áætlunar, sem hér liggur fyrir, komist í framkvæmd með óhjákvæmilegum eða eðlilegum breytingum á einum áratug eða því sem næst."

Í þessum orðum úr áliti n., sem ég hef nú lesið, kemur það fram, hvernig n. leit á þetta verk 10 ára áætlunarinnar. Varðandi endurskoðun hafnal., eins og ég sagði áðan, ætla ég það hafa vakað fyrir n. að stuðla að því, að sú endurskoðun gæti sem fyrst leitt til setningar nýrrar löggjafar. Að vísu ekki þannig, að við gerðum ráð fyrir, að allt yrði samþ. óbreytt, sem n. hafði þar á pappírinn fest, en að það gæti leitt til þess, að ný hafnalög yrðu sem fyrst sett. N. taldi, að hún hefði í frv. sínu stillt mjög í hóf till. um fjármál að því er ríkissjóð varðar og ekki farið þar lengra en algjörlega óhjákvæmilegt var að fara. Það var gert með sérstöku tilliti til þess, að ekki þyrfti að dragast, að endurskoðuninni yrði að fullu lokið hjá ríkisstj. og ný l. yrðu sett um þetta efni.

Mér er sérstök ánægja að taka það fram hér, þó að langt sé um liðið, sem ég hef ekki fengið tækifæri til að segja fyrr á þessum stað, að samstarfið í atvinnutækjan. um þessi mál var mjög gott. Ég minnist þess jafnan með ánægju. Ég minnist þess ekki, að það kæmi nokkru sinni fyrir, að atkvgr. færi fram í n. um einstök efni, þó að skoðanir kynnu að vera skiptar í fyrstu, heldur gaf n. sér tíma til þess að rannsaka málefnin og ræða, þangað til niðurstaða var fengin. Þannig var að þessu unnið. Samstarf okkar við hinn unga vitamálastjóra, sem þá var nýtekinn við starfi, var sömuleiðis á þá leið, að ég minnist þess með mikilli ánægju, samstarfsins við hann þá, og hans menn.

Um 10 ára áætlunina, sem atvinnutækjan. gerði, og hver árangur hafi orðið af henni ætla ég ekki að ræða hér, enda er það mjög óljóst. Ég geri ráð fyrir, að hún hafi verið höfð til hliðsjónar í ýmiss konar starfi í sambandi við hafnargerðir. Bæði þessi plögg, 10 ára áætlunin og till. í sambandi við hafnal., voru, eins og ég sagði, afgr. frá nefndinni 16. sept. 1961 og afhent ríkisstj. með bréfi litlu síðar.

Í frv. atvinnutækjan. um hafnir og hafnabótasjóð, eins og það nefndist, voru ýmis nýmæli auk þess sem öll hin eldri löggjöf var endurskoðuð og nokkuð breytt, bæði í formi og efni, og að öllu því var unnið í nánu samráði við vitamálastjóra. Í þessu frv. voru einkum tvö nýmæli, sem ég vil leyfa mér að nefna hér, enda koma þau fram í því frv., sem hér liggur fyrir, í nokkuð breyttri mynd bæði.

Annað nýmælið, sem ég ætla að nefna, var það, að við gerðum ráð fyrir, að ríkisframlag til hafnagerða yrði hækkað til muna og að það yrði gert á þann hátt, að mjög yrði aukið framlagið til þess, sem n. kallaði undirstöðuframkvæmdir á hverri höfn. Ég kem nánar að því síðar, þegar ég fer að ræða frv., sem hér liggur fyrir, hverjar þessar undirstöðuframkvæmdir voru.

Hitt nýmælið var að gera hafnabótasjóð, eða Hafnabótasjóð Íslands, eins og hann nefndist í frv. n., að því viðbættu sem hann hefur verið styrktarsjóður, einnig að almennri láns-

stofnun fyrir hafnargerðirnar í landinu. Þetta eru þau tvö nýmæli úr frv. atvinnutækjan. um hafnir og hafnabótasjóð frá 1961, sem ég vil leyfa mér að nefna núna. Frv. um hafnir og hafnabótasjóð var, eins og ég sagði áðan, afhent ríkisstj. seint á árinu 1961. Síðan er liðið nokkuð mikið á sjötta ár og frá hæstv. ríkisstj. hefur ekkert frv. komið til Alþ. um þessi efni fyrr en nú, að þetta mál er lagt hér fyrir. Ég veit ekki hvað þessu hefur valdið, að málið hefur legið svo lengi í stjórnarráðinu, en ég verð að segja það, að mér hefur sárnað það nokkuð, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki sjá ástæðu til þess að nota á næstunni þá miklu vinnu, sem búið er að leggja í þetta mál, bæði af atvinnutækjan., vitamálastjóra og mörgum sérfræðingum á þessu sviði. Mér er ókunnugt um það, hvað þessum mikla drætti hefur valdið, þessum drætti, sem nú er kominn nokkuð mikið á sjötta ár. Þegar tvö ár voru liðin, þannig að ekkert hafnalagafrv. kom frá hæstv. ríkisstj., tókum við okkur til, nokkrir þm. úr Framsfl., og fluttum frv. til laga um hækkun ríkisframlags til hafnargerða. Þetta frv. var hugsað til bráðabirgða, meðan hafnal. í heild væru ekki endurnýjuð og var upp í frv. tekið svipað atriði og gengið hafði verið frá í atvinnutækjan., þ. e. a. s. ákvæði um hækkuð framlög, úr 40% í 65%, til undirstöðumannvirkja í hafnargerð. Þetta frv. okkar til bráðabirgða um ríkisframlag til hafnarframkvæmda hlaut þó ekki afgr. hér á Alþ. og komu fram viðbárur frá ýmsum stöðum, sem ég ætla ekki að rekja hér. Okkur þótti líklegt, þ. á m. mér, að það gæti verið, að ráðherrar og aðrir hefðu nokkurn beyg af því að taka upp svo mikið nýmæli, sem atvinnutækjan. hafði gert ráð fyrir, að greiða misjafnt ríkisframlag eftir tegund hafnarmannvirkjanna. Okkur kom það til hugar. Þó virðist það ekki vera, eftir því frv. að dæma, sem hér liggur fyrir, því þar er einmitt farið inn á þessa leið. Þetta nýmæli virðist ekki hafa tafið frv. í öll þessi ár. Til þess að reyna aðra leið, fleiri leiðir til þess að fá fram umbætur á fjárhag hafnanna, lögðum við hinir sömu þm. fram á þingi síðar annað frv. um hækkun ríkisframlags til hafnargerða, m. a. í fyrra og raunar aftur í vetur, þar sem lagt var til í stað þess sem áður hafði verið, að höfnunum væri skipt í 3 flokka eftir nánar tilteknum reglum og að framlögin væru mismunandi eftir flokkum og færu allt upp í 70%. Jafnframt var í þessu frv. okkar, sem ég þarf ekki að lýsa hér nánar, þar sem það hefur verið rætt hér í hv. d. í vetur, ákvæði um það, að gerðar yrðu ráðstafanir til að ríkissjóður greiddi skuldahala sinn á þessu sviði, þ. e. a. s. skuldir sínar við hafnarsjóðina og að eftirleiðis yrðu gerðar tveggja ára áætlanir um hafnarframkvæmdir á svipaðan hátt og vegáætlanir. Þetta voru till. okkar framsóknarmanna um þetta efni í fyrra og aftur á þingi í vetur um hækkun ríkisframlags til hafnargerðar, en bæði þá eins og fyrr þegar málið var flutt á annan hátt, var það tilgangurinn, ef þetta frv. okkar yrði samþykkt, að þá gilti það til bráðabirgða, þangað til endanlegri endurskoðun hafnalaganna í heild væri lokið og sett hefðu verið ný hafnalög. En við töldum þetta svo aðkallandi, að bæta fjárhag hafnanna, að þetta atriði yrði að sitja fyrir öðru, það yrði að ganga fyrir, ef ekki væri hægt að koma fram öllu í einu. En báðar þessar tilraunir reyndust árangurslausar.

Ég hef rakið þetta, af því að mér finnst það vera til nokkurrar upplýsingar í sambandi við sögu þessa máls og þá málsmeðferð, sem nú verður. Ég sagði í upphafi ræðu minnar áðan, að ég væri því hlynntur, þótt orðið sé áliðið þings og frv. seint fram komið, að það væri hægt að stofna til samstarfs um afgreiðslu þessa máls, ef vilji væri fyrir hendi hjá þeim, sem að frv. standa, og tími reyndist til. Og ef það yrði þá í því samstarfi tryggt, að væntanleg hafnalög, sem afgreidd yrðu frá þessu þingi, yrðu ótvírætt til bóta frá þeim hafnalögum, sem nú gilda. Ég er ekki sérstaklega að bera þetta frv. eða það, sem hér kann að verða lagt fram annað, saman við frv. atvinnutækjanefndar frá 1961, það liggur hér ekki fyrir, heldur bera það saman við þau hafnalög, sem nú gilda, lögin nr. 29 frá 23. apríl 1946 um hafnargerðir og lendingarbætur með síðari breytingum og lögin um hafnabótasjóð frá 16. des. 1943.

En í tilefni af því, að ég er hlynntur því, að slíkt samstarf verði reynt, vil ég áður en málið fer nú til n., nefna nokkur atriði í frv., sem fyrir liggur, sem mér finnst, að n. þyrfti sérstaklega að gefa gaum að og þeir, sem ynnu að samstarfi um afgreiðslu þessa máls. Þessi atriði eru misjafnlega þýðingarmikil að mínum dómi, en öll, sem ég nefni, skipta þó miklu máli. Ég vil fyrst minnast á 3. gr. frv. í kaflanum um yfirstjórn hafnarmála. Þar segir svo:

„Hafnamálastofnun ríkisins annast allar hafnarframkvæmdir, sem styrktar eru af ríkisfé skv. lögum þessum. Hafnamálastofnunin skal hafa umráð yfir vélum þeim og tækjum, sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni, sem henni eru falin, svo og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið. Heimilt er hafnamálastjóra með samþykki ráðherra að veita bæjar- eða sveitarfélagi leyfi til að hafa á hendi eigin hafnarframkvæmdir undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti hafnamálastjóra."

Það, sem í þessari grein felst, eru mjög eindregin ákvæði um vald og ráð hafnamálastjóra í sambandi við hafnargerðir. Ég veit, að það er á mörgum stöðum nauðsynlegt, að hafnamálastjóri hafi þessi mál, þ. e. a. s. framkvæmdina, verkstjórnina, í sínum höndum, en ég efa, að þetta eigi alls staðar við, og þetta er eitt af þeim atriðum, sem ég álít, að þurfi að koma til athugunar.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um 4. gr. frv. Þar er m. a. talið upp, hvað teljist hafnargerðir skv. þessum lögum, hafnargarðar, bryggj-

ur og viðlegukantar, dýpkanir og uppfyllingar til hafnarbóta, siglingamerki, dráttarbrautir og hafnsögubátar. Ég vil aðeins geta þess til fróðleiks, að atvinnutækjan. gerði ráð fyrir, að til hafnarframkvæmda teldust einnig uppskipunarkranar í eigu hafnar og land undir hafnarmannvirki, sömuleiðis þurr- eða flotkvíar, en gerði hins vegar ráð fyrir því, að lægra ríkisframlag eða aðeins um 20% væri veitt til þeirra hluta. En það, sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á í 4. gr., er 2. málsgr. um ríkisábyrgðina. Þar segir svo, að ríkisstj. sé heimilt að ganga fyrir hönd ríkissjóðs í ábyrgð fyrir lánum, er hafnarsjóður tekur til hafnargerðar, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Ég ætla, að skv. lögum um ríkisábyrgðasjóð gildi sú regla, að ef ekki er annað ákveðið í lögum, þá sé ríkisábyrgðin einföld ábyrgð. Það ákvæði mun samt ekki hafa komið til framkvæmda, að því er hafnir varðar, hingað til, en ef ég man rétt, þá var frestur til að láta það koma til framkvæmda bundinn við setningu nýrra hafnalaga. Mér virðist því, a. m. k. í fljótu bragði, að þetta þýði það, þessi málsgr. 4. gr., að um sjálfskuldarábyrgð ríkisins fyrir hafnasjóð sé ekki lengur að ræða, ef frv. verður að lögum. Ég vildi beina því til hv. n. að taka þetta atriði til athugunar.

Ég vil nefna það einnig, að í 8. gr. er nýmæli. Síðan hafnalögin frá 1946 tóku gildi og jafnvel fyrr, hefur það verið svo, að ríkissjóði hefur verið heimilt að taka ábyrgð á hafnarláni fyrir þeim hluta kostnaðarins, sem hlutaðeigandi hafnarsjóður á að greiða að fullu. Þetta ákvæði var að sjálfsögðu sett með tilliti til þess, að sum sveitarfélög, sem stóðu að hafnargerðum, sem þó voru bráðnauðsynlegar, voru og eru þannig sett, að þau geta ekki lagt á aukaútsvör — hækkað útsvörin til þess að greiða upp í kostnað við hafnargerðir. Þau eiga fullt í fangi með að greiða vexti og afborganir af lánum, þó þau þurfi ekki í upphafi að leggja beinlínis út fé úr hreppssjóði. Nú er þessu breytt þannig í 8. gr., að ríkisábyrgðina má veita, eins og segir í gr., að því marki, að kostnaðarhlutur ríkissjóðs og upphæð ábyrgðar nemi samtals 90% af styrkhæfum kostnaði þess framkvæmdaáfanga, sem lánið er tekið til. Hér er stigið spor aftur á bak, — það er ekki hægt að dylja sig þess, — til áranna fyrir 1930 eða þar um bil, þegar þetta var á þennan hátt og má vera, að fyrir því þyki full rök, en þetta atriði álít ég samt, að n. þurfi að athuga. 7. gr. frv. tel ég einnig þurfa að athuga nánar, þar sem er rætt, hvað skuli teljast styrkhæfur hafnargerðarkostnaður og hvað ekki. Hafnargerðarkostn. er þarna greindur í tvennt: Styrkhæfan framkvæmdakostnað og framkvæmdakostnað ekki styrkhæfan. Það er hér alveg skýrt fram tekið, að til styrkhæfs kostnaðar teljist ekki vextir á byggingartíma, lántökukostnaður eða annar fjármögnunarkostnaður. Ekki heldur kostnaður vegna lóða- eða landkaupa fyrir höfn, genglistap á erlendum lánum eða kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána.

Í gildandi hafnalögum eru ekki glögg ákvæði um þetta efni, að ég ætla. En ég vek athygli á því, sem er hér ekki talinn styrkhæfur hafnargerðarkostnaður, og ég minni á það í því sambandi, sem ég sagði áðan, að í frv. atvinnutækjan. var gert ráð fyrir, að nauðsynleg og óhjákvæmileg landkaup vegna hafnargerðar væru styrkhæf, en að veittur væri lágur styrkur. Ég nefni þetta. Hitt er svo miklu meira mál, og kem ég að því næst, sem felst í 6. gr. frv., og efni þeirrar greinar vil ég biðja hv. n. og aðra að athuga gaumgæfilega. Að athuga gaumgæfilega, hvað í þessari grein raunverulega felst. Bæði hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Vestf., sem átti sæti í n., sem skipuð var 2. ágúst s. l. til þess að framkvæma nýja endurskoðun, ræddu um þetta eins og verið væri að hækka framlög til hafnargerða. En mér er spurn, hvort þeir, sem að þessari endurskoðun unnu, hafi ekki haft of skamman tíma til þess að vinna þetta verk. Það tók atvinnutækjan. með aðstoð vitamálastjóra mjög langan tíma að gera sér grein fyrir þessum lagabálki og öllum hans atriðum. Og mér er spurn, hvort hv. n., sem skipuð var 2. ágúst s. l., muni ekki hafa haft of skamman tíma til þess að athuga málið. Og hvort sá önnum kafni embættismaður, þ. e. a. s. vitamálastjórinn, sem var í n., muni hafa haft nægileg tækfæri til þess að gera sér fyllilega grein fyrir þessu verki. Slíkt getur alltaf hent, að menn lendi í nokkru tímahraki. En ég dreg það nú m. a. af þessari gr. Það er lítið atriði, en í 1. tölul. gr. hefur sýnilega verið breytt og strikað út úr hliðstæðri grein í frv. frá 1961, en ekki strikað nógu mikið út, þannig að það sést, að þarna hefur verið eitthvað meira. Ég á hér við orðin í lok tölul.: „þó ekki að bryggjum annarra en hafnarsjóðs". Í gr. er að öðru leyti ekkert talað um bryggjur og þarf því ekki að gera neinar undantekningar, en í frv. atvinnutækjan. var talað um bryggjur. Þar var gert ráð fyrir, að hærra framlag yrði greitt út á hafnarbryggjur á hverjum stað, allt að 150 m legukanti. Og þar stóðu svo þessi orð sem undantekning: „þó ekki bryggjum annarra en hafnarsjóðs" af því að n. vildi ekki, að 65% styrkur væri greiddur út á einkabryggjur. Þessi lína hefur orðið eftir. Þetta er nú lítið atriði og eins og hver önnur vangá. En hvað felst í þessari grein? Hvað felst í þessari 6. gr. frv.?

Í gildandi hafnalögum frá 1946 segir í 2. gr.: „Ríkissjóður greiðir 2/5 af kostnaði við hafnargerð eftirtalinna staða," og þar eru taldir upp allmargir staðir, sem hafa þá hið lægra ríkisframlag. Síðan segir í b-lið: „Ríkissjóður greiðir helming kostnaðar við að gera lendingarbætur á eftirtöldum stöðum o. s. frv." En hvað stendur hér í 6. gr. þessa frv.? Það held ég, að menn þurfi að athuga nánar. Þar stendur: „Hluti ríkissjóðs af stofnkostnaði hafnargerðar á hverjum stað skal vera sem hér segir: Allt að 75% stofnkostnaðar hafnargarða (öldu-

brjóta) o. s. frv." og „allt að 40% stofnkostnaðar annnarra styrkhæfra hafnarmannvirkja." Mér sýnist, að hér sé um nokkuð mikið nýmæli að ræða. Í núgildandi lögum var fastákveðið, lögbundið, hvað ríkissjóður ætti að greiða mikinn hluta kostnaðarins. Hér í þessu frv. er aðeins lögbundið hámark. Ríkissjóður má ekki greiða hærra en 75% til hafnargarða o. s. frv., ekki hærra en 40% til hinna framkvæmdanna. Hann má greiða lægra. Hér er breytt réttarstöðu hafnargerðanna gagnvart ríkissjóði. Og þetta vil ég biðja menn að taka mjög alvarlega til athugunar í n., sem fær þetta mál til meðferðar, og einnig aðra, sem fjalla um þetta mál, að þarna er eiginlega um miklu stærri breytingu að ræða og auðvitað öðruvísi en menn mundu ætla, sem heyrðu hæstv. ráðh. og hv. þm. ræða um þetta frv. hér áðan.

Ég vil segja það, að fáist ekki þessu ákvæði breytt, sem á þennan hátt breytir réttarstöðu hafnanna gagnvart ríkissjóði, þá get ég ekki greitt því atkvæði, því að þetta er, ef það yrði samþykkt óbreytt, alvarlegt spor aftur á bak.

Ég vil aðeins minnast hér á ákvæði 10. gr., sem rætt var um áðan bæði af hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Vestf. um áætlunargerðina. Þeir vildu telja, að þetta væri mikið nýmæli og víst er það nýmæli að gera áætlanir fram í tímann um hafnargerðir, tryggja það, að farið sé eftir þeirri áætlun og að fé sé til staðar. En mér finnst þetta vera nokkuð óljós ákvæði og ég tel, að þau þyrftu að vera skýrari en þau eru í frv. Ég vil lesa hér sýnishorn. Það er búið að gera ráð fyrir því, að hafnamálastjóri geri í samráði við hafnarstjórnir till. að áætlunum um hafnargerðir til 4 ára í senn. Þar segir: „Skulu slíkar till. miðaðar við skiptingu þess fjár, sem ætlað er til hafnargerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins." Eftir þessu á fyrst að koma almenn framkvæmdaáætlun ríkisins, og hafnaáætlun er þá eftir þessu, ef ég skil það rétt, bara áætlun um skiptingu á upphæð, sem búið er að ákveða í framkvæmdaáætlun ríkisins, ef slík áætlun, þ. e. a. s. slík framkvæmdaáætlun ríkisins, er gerð. En að öðrum kosti skal miða við það heildarfjármagn, sem líklegt er talið, að til ráðstöfunar verði. Þetta er víst ágizkunarstefnan, sem hæstv. fjmrh. var að tala um um daginn. Ég segi þetta nú í gamni sem ágizkun. En ég hefði haldið, að það yrði að miða slíka framkvæmdaáætlun eitthvað við framkvæmdaþörfina. Svo segir:

„Ráðherra skal leggja árlega fyrir Alþ. skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar, áður en fjárveitingar eru ákveðnar." Ég held að þetta þurfi ef gagn á að verða að þessari hafnarmálaáætlun að vera eitthvað ákveðnara en það er hér, en hugmyndin er góð.

Í grg. frv. segir, að þessi áætlunargerð sé eitt meginnýmæli frv. Það held ég, að sé ofmælt, það eru miklu meiri nýmæli í frv. heldur en þetta, sum til bóta, sum til hins lakara.

Í 5. kafla frv. eru ákvæði um hafnabótasjóð, ég tel það ótvírætt til bóta, að gert skuli ráð fyrir því, að komið verði upp sérstakri lánsstofnun fyrir hafnir. Þó verð ég að segja það um leið, að þegar verið er að koma upp stofnun, sem á að fá 20 millj. kr. tekjur á ári og hafa 350 millj. kr. lánsheimild, þá kann ég nú ekki vel við það, að hún sé undir stjórn ráðh. Það var annað með hafnabótasjóðinn gamla, sem ekki var stór stofnun, þó hann hafi verið undir stjórn ráðh., og tel ég það þó alltaf hafa orkað tvímælis, að hann hafi átt að vera það. Ég hefði álitið, að það hefði verið betra að setja sérstaka stjórn yfir þennan sjóð, þegar hann er orðinn svona stór, en ég fagna því að fram er komin till. um hafnabótasjóðinn sem lánastofnun fyrir hafnirnar. Þetta er till., sem atvinnutækjan. gerði fyrir um það bil 5 árum, en að vísu breytt. Hér segir í 3. lið, að hafnabótasjóðnum sé heimilt að styrkja hafnarsjóði, sem eiga við sérstaka fjárhagsörðugleika að stríða, vegna erfiðrar aðstöðu og dýrrar mannvirkjagerðar. Um þetta ákvæði hefur verið rætt nokkuð hér í umr., bæði af hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Vestf., og víðar hef ég orðið þess var, að af þeim, sem samið hafa frv., er þetta ákvæði talið mjög mikils virði, að það sé hægt að styrkja þá hafnarsjóði, sem eigi í sérstökum erfiðleikum, sem sagt fátæku hafnirnar, tekjurýrari hafnirnar, hafnirnar, sem þurfa á sérstaklega dýrum undirstöðumannvirkjum að halda. Og það er alveg rétt, að hér er ákvæði um það, að þessar hafnargerðir megi styrkja úr hafnabótasjóði. En ekki sízt með tilliti til þess, að þarna verður um að ræða að úthluta fé, fyndist mér það mjög eðlilegt, að sérstök stjórn væri yfir þessum sjóði og að því stefnt, að það væri nokkurn veginn samkomulag um, hvernig ætti að úthluta því til hafnargerða, sem eiga við sérstaka fjárhagsörðugleika að stríða.

Í 21. gr. er ákvæði um það, að ef hafnabótasjóður tæki lán með gengistryggingu eða með vísitölukjörum, sé heimilt að binda greiðslur vaxta og afborgana af endurláni slíks lánsfjár vísitölu eða gengi á annan hátt. Þetta er hliðstætt því, sem nú er farið að tíðkast hjá sumum öðrum lánsstofnunum, enda verður sjóðurinn einhvern veginn að fá það uppi borið, ef hann verður fyrir slíkum áföllum og getur ekki greitt áföllin af tekjum sínum. Um tekjur hafnabótasjóðsins eru ákvæði í 20. gr. Það er gert ráð fyrir því, að tekjurnar séu tvenns konar, aðallega árlegt framlag ríkissjóðs, ekki minna en 8 millj. kr. Ég man, að við lögðum til í atvinnutækjanefnd árið 1961, að það væri 5 millj. kr. og með tilliti til verðlagsbreytinga ætti það að vera nokkru hærra nú. En hér er gert ráð fyrir öðrum tekjulið. Það er hafnabótasjóðsgjald, er lagt skal á íslenzk skip, 5 rúmlestir brúttó eða stærri, og innheimt einu sinni á ári, kr. 12 á hverja nettórúmlest, svo og öll skip, sem koma frá öðrum löndum til íslenzkra hafna, kr. 12 á hverja

nettórúmlest. Skemmtiferðaskip, er aðeins flytja farþega, greiða kr. 3 á hverja nettórúmlest.“ Í grg. frv. segir um 20. gr., að gert sé ráð fyrir því, að tekjur af þessu gjaldi, þessu hafnabótasjóðsgjaldi á skip, nemi 12 millj. kr. árlega, þannig að aðaltekjur sjóðsins verða skv. þessu 8 millj. úr ríkissjóði og 12 millj. hafnabótasjóðsgjald, samtals 20 millj. Þetta gjald eða skattur, sem á að leggja á skip, verður að sjálfsögðu athugaður í n., en ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem að því standa, líti svo á, að þetta sé eitthvað hliðstætt benzínskattinum, sem nú er varið til vegagerðar hér á landi. Ég ætla ekki að ræða þetta atriði frekar.

Ég hef þá með þessum orðum gert grein fyrir nokkrum atriðum í frv., sem ég vil beina til hv. n. og þeirra, sem um þetta mál kunna að fjalla í samstarfi, að athuga sérstaklega. Að sjálfsögðu væri það fleira, sem ástæða gæti verið til að minnast á, en ég geri það nú ekki, og ég sleppi sömuleiðis að ræða nánar um sögu þessa máls og meðferð á undanförnum árum. Það mun ég ekki gera, nema tilefni gefist til, en nú sýnist mér mestu skipta, að reynt verði, ef unnt er, að ná samstarfi um þetta mál sem fyrst, ef á annað borð er nokkur tími til slíks samstarfs og tími til að láta frv. ganga fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 409, n. 510, 515, 516).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. það til hafnalaga, sem hér liggur fyrir, er eitt þeirra frv., sem hefur orðið nokkuð síðbúið, og er ekki nema stutt liðið, síðan það var lagt fram á þinginu, og hefur því verið aðeins skamma stund til athugunar.

Undanfarna þrjá daga hefur sjútvn. þó reynt að gera sér eins glögga grein fyrir efni frv. og tök eru á á þeim skamma tíma, sem til umráða hefur verið. Á tímabili var um það rætt að fresta þessu máli til næsta hausts, með því að ekki fengist tóm til að kanna það nógu vandlega, en að athuguðu máli varð þó niðurstaðan sú í sjútvn. hv. d., að málið skyldi hafa framgang, þó að menn sæju á því nokkra annmarka.

Nefndin starfaði í fyrstu að athugun málsins ásamt sjútvn. háttv. Ed.

Það, sem frv. hefur upp á að bjóða fyrir hafnir landsins í aukinni aðstoð af ríkisins hálfu, var talið vega það þungt, að okkur, sem um þetta mál höfum fjallað, fannst, að við gætum varla réttlætt það að láta dragast öllu lengur en þegar er orðið, að sett verði ný hafnalög.

Þessi l. eru búin að vera lengi í endurskoðun, og því var lýst yfir í þessari hv. d. á síðasta þingi, að endurskoðun þeirra skyldi fara fram á þessu ári, og okkur er kunnugt um, að margir, sem þarna eiga hagsmuna að gæta, hafa bundið talsverðar vonir við þessa endurskoðun. Við teljum þess vegna, að þótt sitt hvað megi e. t. v. út á frv. setja, sé, eins og ég áðan sagði, rétt að láta það hafa framgang, enda er það svo, að oft verður að grípa til þess, að endurskoða fljótlega þau lög, sem sett eru af Alþ., og það getur þá alveg eins gilt um þessa lagasmíð eins og aðra.

Ég vil sem form. sjútvn. þakka meðnefndarmönnum mínum í n. fyrir það, að þeir hafa unnið rösklega að þessu máli með mér, þótt tíminn væri naumur, og við höfum náð samkomulagi um mörg mjög veigamikil atriði, en eins og gengur, þegar þannig er unnið, hafa ekki allir fengið sitt fram. Ég skal þá ekki hafa þennan inngang lengri, en snúa mér að því að ræða lítils háttar um frv., þó aðallega um þær brtt., sem sjútvn. flytur sameiginlega, og gera nokkra grein fyrir þeim.

Ég vil fyrst segja um frv. almennt, að þau nýmæli þess sem ég tel vera mestan ávinning að fyrir hafnirnar, eru m. a. ákvæði 6. gr., þar sem kveðið er svo á, að þátttaka ríkisins í stofnkostnaði hafnargarða eða öldubrjóta geti orðið „allt að 75%“, eins og það er orðað í frv. Í meðferð n. hefur þessu ákvæði verið breytt þannig að orðin „allt að“ eru felld niður, og um ákvæðið um „allt að“ 40% þátttöku ríkisins í stofnkostnaði annarra mannvirkja gildir hið sama.

Í grg. með frv. eru leidd rök að því, að miðað við framkvæmdir að undanförnu sé líklegt, að um 35% þeirra framkvæmda, sem á döfinni verða á næstunni, muni njóta hækkunar ríkisframlagsins úr 40% í 75%.

Annað merkt nýmæli í frv. er ákvæði um það að samdar skuli framkvæmdaáætlanir um hafnargerðir til fjögurra ára, og í því sambandi, að stefnt verði að því, að framlög ríkisins til hafnargerða greiðist jafnóðum og reynt verði að forðast, að framlag ríkisins greiðist nokkuð eftir á eins og átt hefur sér stað undanfarin ár. Þetta stendur þannig af sér, að skuldahali ríkisins til hafnanna mun nú vera um það bil sem svarar einu ári á eftir.

Þriðja nýmælið, sem ég vil nefna í l., eru ákvæðin um hafnabótasjóð. Það er að vísu sumt í þeim ákvæðum, sem áður hefur verið í l., og verið framkvæmt, en aðalnýmælið er í 3. tölulið 19. gr., þar sem kveðið er svo á, að sjóðnum skuli heimilt að styrkja hafnarsjóði, sem eiga við sérstaka örðugleika að stríða, vegna erfiðrar aðstöðu og dýrrar mannvirkjagerðar.

Þessi þrjú atriði hygg ég að skipti mestu máli fyrir hafnirnar, hvað snertir þá fyrirgreiðslu, sem þær fá frá ríkinu. Við kvöddum á fund okkar í sjútvn. hafnamálastjóra, eins og hann er nefndur í frv., en hann er sá embættismaður, sem við höfum áður kallað vitamálastjóra í

daglegu tali, og framkvstj. Sambands ísl. sveitarfélaga og ræddum við þá um frv. Framkvstj. Sambands ísl. sveitarfélaga tók fram, að þar sem hans samband hefði ekki haft tækifæri til að kynna sér málið, gæti hann ekkert um það sagt. Hann tók einnig fram, að hann óskaði þess mjög eindregið fyrir hönd sambandsins, að öll þau mál, sem varða að einhverju leyti samskipti ríkisins og sveitarfélaganna, væru borin undir sveitarstjórnasambandið, áður en þau hlytu afgreiðslu á Alþ. Vitamálastjóri gaf n. ýmsar gagnlegar upplýsingar í sambandi við frv. og ýmsar skýringar á einstökum greinum þess og málinu í heild. Eftir að n. hafði rætt við þessa tvo embættismenn, sneri hún sér að því að fara yfir frvgr. hverja fyrir sig og kanna það, hvaða brtt. nm. hefðu fram að færa. Niðurstaðan af því starfi liggur fyrir á þskj. 515, en þar eru þær brtt., sem öll n. er sammála um. Tveir nm. hafa auk þess, sé ég, flutt nokkrar brtt. á þskj. 516, þ. e. a. s. hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 4. þm. Reykn. Ég skal þá fara aðeins yfir brtt. nefndarinnar og reyna að útskýra þær, eftir því sem efni standa til.

Fyrsta brtt. er við 1. gr. frv. og er einfaldlega í því fólgin, að í stað „samgmrh." í gr. kemur „samgmrn.", en það er í samræmi við það, sem var í eldri l., og telur n. betur fara á því, miðað við það fyrirkomulag, sem verið hefur á yfirstjórn hafnarmála. Hún hefur verið í höndum ráðh., sem hefur farið með hluta af samgmrn., þ. e. ráðuneytinu er skipt, og hefur verið skipt.

Við 3. gr. hefur n. gert tvær brtt. Sú gr. markar aðallega stefnuna í samskiptum hafnamálastjórnarinnar og sveitarfélaganna, og eftir því sem segir í grg. með frv. um þá grein, er með henni stefnt að því að lögfesta það fyrirkomulag á þessum samskiptum, sem mótazt hefur í framkvæmd. Það er vitað til þess, að í eldri lögum, þ. e. a. s. í 3. gr. l. nr. 29 1946 sé það skilyrði fyrir styrkveitingu til hafnar, að framkvæmdir séu unnar undir yfirumsjón vitamálastjóra, eða annars trúnaðarmanns samgmrh. Og síðar segir í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Enda þótt ekki sé fastara að orði kveðið í gildandi l., hefur framkvæmdin orðið sú, að vita- og hafnamálastjóri og hans starfslið hefur annazt hafnaframkvæmdir í flestum tilfellum, og ráðh. ekki falið yfirumsjón öðrum." Með tilliti til þess, sem þarna er yfir lýst sem markmiði þessarar gr., hefur n. orðið sammála um að breyta henni þannig, að 1. málsl. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hafnamálastofnun ríkisins hefur yfirumsjón með hafnaframkvæmdum, sem styrktar eru skv. l. þessum. Sé um að ræða hafnarframkvæmdir, sem styrktar eru skv. 1. tölul. 6. gr. l., getur hafnamálastofnunin ákveðið, að hún annist framkvæmdirnar." Þarna í síðari málsl. gerir n. ráð fyrir því, að hafnamálastofnunin, eða hafnamálastjóri, geti sjálf tekið ákvörðun um, hvort stofnunin annist þær framkvæmdir, sem styrktar eru með 75% framlagi. Í grg. með frv. er lýst yfir þeirri stefnu í sambandi við þessi mál, en það geti jöfnum höndum átt sér stað, að hafnamálastofnunin annist framkvæmdirnar eða að þær verði boðnar út og sérstökum verkfræðifyrirtækjum falinn undirbúningur og hönnun verkanna. Eftir þessa breyt., sem n. leggur til að þarna verði gerð, telur hún, að síðasta málsgr. 3. gr., sem hljóðar svo: „Heimilt er hafnamálastjóra með samþykki ráðh. að veita bæjar- og sveitarfélagi leyfi til að hafa á hendi eigin hafnarframkvæmdir undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti hafnamálastjóra", megi falla niður, og það leggur n. til í brtt. sinni í b-lið við þessa gr.

Við 4. gr. frv. gerir n. brtt., en í þeirri gr. eru talin upp þau mannvirki, sem falla undir það að geta fengið ríkisstyrk skv. 1. Nokkur atriði, sem áður voru í eldri l., höfðu verið felld niður í frv., þ. á m. þurrkvíar, verbúðir og hafnarkranar. N. leggur til, að aftur verði tekið upp í upptalninguna í þessari gr. „þurrkvíar" og „hafnarkranar". Tveir nm., sem flytja brtt. á þskj. 516, vilja ganga þarna lengra en aðrir nm., eins og sést af brtt. þeirra við þessa gr., en um það atriði varð ekki samkomulag í n.

Þá kem ég að 5. gr. Þar leggur n. fyrst til, að 5. tölul. verði breytt, en hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „að hafnarsjóður hafi skuldbundið sig til þess að annast á sinn kostnað venjulegt viðhald hafnarmannvirkja, eins og nauðsyn ber til að dómi hafnamálastjóra. Sé viðhald vanrækt, getur hafnamálastj. látið framkvæma það á kostnað hafnarsjóðs." Þarna leggur n. til, að orðin „eins og nauðsyn ber til" o. s. frv. verði felld niður úr gr. Það kom fram, bæði hjá framkvstj. Sambands ísl. sveitarfélaga og þeim mönnum í sjútvn., sem kunnugir eru sveitarstjórnarmálum, að þeim fundust ýmis ákvæði frv. um samskipti hafnamálastj. og sveitarfélaganna vera óþarflega ströng, m. a. þetta ákvæði. Með tilliti til þessa flytur n. þessa brtt. Einnig leggur hún til, að síðari málsgr. 5. gr.: „Óheimilt er að leita eftir láni erlendis til hafnargerða, nema að fengnu leyfi ráðuneytisins" falli niður. Þetta ákvæði telur n. óþarft. Það munu vera nægilega skýr ákvæði um þetta atriði í öðrum l. Í stað þess leggur n. til, að þarna komi inn 8. tölul., sem hljóði á þessa leið: „Heimilt er þó að veita ríkisábyrgð vegna hafnarframkvæmda, þótt eigi sé veittur til þeirra styrkur úr ríkissjóði." Það sem n. á við með þessu er það, að eina höfn landsins, sem ekki hefur notið styrks úr ríkissjóði, þ. e. a. s. Reykjavíkurhöfn, geti átt kost á því að fá ríkisábyrgð, enda þótt hún njóti ekki ríkisstyrks til sinna hafnarframkvæmda. Nefndinni barst um þetta erindi frá hafnarstj. í Rvík. og varð hún sammála um að verða við óskum hans að þessu leyti, þannig að það er opnaður þarna möguleiki til þess, að Reykjavíkurhöfn geti fengið ríkisábyrgð, þótt hún njóti ekki ríkisstyrks. Og þá gildir að sjálfsögðu hið sama um aðrar hafnir, sem eins kynni að standa á um í framtíðinni.

Þá kem ég að 6. gr., sem fjallar um það,

hver skuli vera hlutur ríkissjóðs af stofnkostnaði hafnargerða. Þar leggur n. til, að orðin „allt að“ í 1. tölul. falli niður, þannig að kostnaðarhluti ríkissjóðs sé bundinn við 75%. Síðan stendur í frvgr., eins og hún var upphaflega á eftir orðinu „öldubrjótar“: „að svo miklu leyti sem þeir nýtast ekki til viðlegu“. Þessu snýr n. í raun og veru alveg við, af því að hún telur, að hafnargarðar og öldubrjótar eigi að fá fullt 75% framlag, enda þótt þeir séu að einhverju leyti notaðir til viðlegu. Orðalagið þar næst á eftir, þar sem rætt er um dýpkanir á aðalsiglingaleið og á hafnarsvæði, gerir n. örlítið skýrara en það er í frv. Það kom fram í upplýsingum hafnamálastjóra, að ætlun hans, eða n. sem samdi frv., með þessu orðalagi er auðvitað sú, að dýpkanir á aðalsiglingaleið og á hafnarsvæði, innan ákveðinna marka, skuli geta notið styrks. Ég hygg, að það orðalag, sem sjútvn. leggur til, geri þetta alveg ótvírætt.

Þá kem ég að 7. gr. Í þeirri gr. er reynt að telja upp nokkurn veginn skýrt, hvað geti talizt til hafnargerðakostnaðarins og svo eru taldir nokkrir liðir, sem ekki mun hafa verið venja að telja með stofnkostnaði, þ. e. a. s. vextir á byggingartíma, lántökukostnaður eða annar fjármögnunarkostnaður, kostnaður vegna lóðaeða landakaupa fyrir höfn, gengistap á erlendum lánum eða kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána. Við þessa gr. vill n. bæta orðunum „nema slík lán hafi verið tekin út á kostnaðarhluta ríkissjóðs í framkvæmdinni“. Ef tekin eru erlend lán út á kostnaðarhluta ríkissjóðs í framkvæmdinni, hlýtur að sjálfsögðu einnig að fylgja þeim gengisáhætta. Í sambandi við þessa gr. hafa hv. fulltrúar Framsfl. lagt til, að þarna verði felld niður úr upptalningunni orðin „kostnaður vegna lóðaeða landakaupa fyrir höfn“. N. ræddi þessa till., en um hana varð ekki samstaða, og taldi meiri hl. n., að ef farið væri inn á þessa braut, gæti það ýtt undir spákaupmennsku með lóðir og lönd og orðið til þess að hækka óeðlilega lóðaverð á tilteknum svæðum. Eins og hv. alþm. vita, njóta a. m. k. öll minni sveitarfélög sérstakrar aðstoðar og fyrirgreiðslu ríkisins við nauðsynleg lóða- og landakaup undir allt svæði, sem er skipulagsskylt, þ. á m. einnig hafnarsvæði. Þá kem ég að 8. gr. Henni hefur n. breytt, eins og fram kemur á þskj. 515, í það horf, að heimilt skuli vera að veita ríkisábyrgð á lánum vegna hafnargerða allt að jafnháum þeirri upphæð, sem hafnarsjóður á að leggja fram. En þetta orðalag þýðir það, að samanlagður kostnaðarhluti ríkissjóðs og upphæð ábyrgðar getur numið allt að 100%, og þá hygg ég, að í þessu efni sé komið að fullu til móts við óskir ýmissa hv. þm., sem vildu breyta þessu ákvæði.

Um III. kafla frv., sem fjallar um framkvæmdaáætlanir, var talsvert mikið rætt í n. Þetta er algert nýmæli í l. og að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, að það þurfi e. t. v. nokkuð að þreifa sig áfram með tilhögun áætlanagerðanna, og sumum hv. nm. bar ekki saman við hafnamálastjóra um það, hvernig þessum málum ætti að skipa. Það kom fram í umr. n. við hann, að hann taldi ekki hægt að hafa á áætlunargerð fyrir hafnirnar sama fyrirkomulag og haft er t. d. á vegáætlun. Skýringin á því er sú, að framlögin til hafnanna koma ekki einungis frá ríkinu, eins og vegaféð, heldur koma þau frá fleiri aðilum, þ. e. hafnarsjóðum og öðrum slíkum aðilum, sem e. t. v. gætu verið aðilar að höfnum, sveitarstjórnum eða sýslufélögum. Lánveitingar til hafnargerðanna koma í flestum tilfellum frá lánastofnunum eða sjóðum, sem ekki heyra undir Alþ. Það er þess vegna, þegar miðað er við þetta allt saman, mjög hæpið, að hægt sé að gefa áætlun sem þessari fullt lagagildi. N. var sammála um að breyta 2. mgr. gr. þannig, að hún orðist svo: „Ráðh. leggur áætlunina fyrir Sþ. til leiðbeiningar varðandi fjárútveganir og framkvæmd þessara mála.“

Reynslan verður svo að skera úr því, hvernig til tekst með þetta fyrirkomulag á þessum málum, en það er a. m. k. trú mín, að ef vel tekst til með áætlanagerðina, geti orðið mikill ávinningur að því að hafa þetta fyrirkomulag, þannig að skipulegar verði unnið að framkvæmdunum og þau tæki, sem til þeirra eru notuð, nýtist betur og meira fáist fyrir það fjármagn, sem til þessara hluta er varið.

Við 11. gr. eru tvær breytingar. Það er lagt til, að í stað orðanna „hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans“ komi: „Sveitarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans samkv. till. hafnarstjórnar“. Það er gegnumgangandi í frv., að gert er ráð fyrir þeim möguleika, að fleiri en eitt sveitarfélag geti verið aðilar að höfn, eða jafnvel sveitarfélag og sýslufélag, eða tvö sýslufélög, og þetta fyrirkomulag mun okkur hafa dottið í hug, sem vorum í atvinnutækjanefndinni og sömdum frv. um þessi mál fyrir nokkrum árum, eins og sagt var frá við 1. umr. þessa máls. Nú hefur sú breyting á orðið, að það mun ekkert sýslufélag lengur vera aðili að höfn, eftir að Þorlákshöfn var gerð að landshöfn, þannig að í raun og veru hefði þurft, ef tími hefði unnizt til, að breyta frv. öllu hvað þetta snertir. Við höfum ekki lagt í það, en eftir gildandi sveitarstjórnarlögum eru sveitarstjórnirnar alls staðar æðsta vald í málefnum hafnanna, en hafnarstjórnir og hafnarnefndir heyra undir sveitarstjórnirnar. Þessari gr. fannst okkur ástæða til að breyta þannig, að það komi fram, að það sé sveitarstjórn, sem ráði hafnarstjóra og ákveði verksvið hans samkv. till. hafnarstjórnar. Og loks fannst n. ekki ástæða til að hafa þarna síðasta málsl.: „Hafnarstjórn getur skuldbundið hafnarsjóð, enda komi til samþykki stofnanda eða stofnenda sjóðsins.“ Í reynd eru það yfirleitt sveitarstjórnirnar, sem skuldbinda hafnarsjóðina, samkv. því, sem ég sagði áðan, að þær eru æðsta vald í málefnum hafnanna.

Við 12. og 13. gr. gerir n. lítils háttar breyt-

ingu. Þar er sagt fyrir um, hvernig verja megi tekjum hafnanna og orðað svo í 12. gr.: „til þess að standast kostnað við hafnargerð og árlegan reksturskostnað hafnar . . .“ Þarna vill n. bæta við orðunum: „eða í þágu hafnarinnar“. Það er sem sé gert ráð fyrir, að það sé leyfilegt að leggja á þau gjöld, sem upp eru talin í 12. gr., til þess að standa straum af reksturskostnaði hafnarinnar, eða í þágu hafnarinnar, og sams konar breytingu leggur n. til við 13. gr. N. hefur ekki, enda þótt komið hafi fram einar tvær eða þrjár aths. við 13. gr., þar sem gert er ráð fyrir, hvaða gjöld hafnirnar megi leggja á til þess að standa undir kostnaði við rekstur og framkvæmdir, gert neinar brtt. við þau atriði í gr.

Sannast að segja er margt í henni, sem ætti frekar heima í reglugerð en í l. sjálfum.

Við 14. gr. leggur n. til, að orðin „til staðfestingar“ falli niður, en í gr. er gert ráð fyrir, að hafnarstjórnin skuli semja áætlanir um tekjur og gjöld og senda þær hafnamálastjóra árlega fyrir 15. sept. til staðfestingar. N. fannst þetta ákvæði óþarft. Það eru að sjálfsögðu sveitarstjórnirnar sjálfar, sem ráða mestu um sín fjármál, og þær heyra undir félmrn. og það er félmrn., sem staðfestir allar þeirra fjárhagsáætlanir. En að sjálfsögðu er nauðsynlegt fyrir hafnamálastjóra að geta samt sem áður fengið þessar áætlanir, til þess að hann geti gegnt sínu hlutverki sem yfirmaður þessara mála, þótt það sé ekki í hans verkahring að staðfesta þær.

Við 16. gr. leggur n. til nokkra breytingu á síðari hluta gr. Fyrri hluti gr. verði óbreyttur. Þessi gr. er sett til þess að veita hafnarsjóðum nokkurt aðhald um kaup á fasteignum og við lántökur og aðrar fjárhagslegar skuldbindingar og ráðstafanir í sambandi við framkvæmdir, og verður að teljast eðlilegt, að höfnunum sé veitt slíkt aðhald. En n. fannst síðari hluti gr. óþarflega strangur, þannig að hún breytir honum í það horf, að hann orðist þannig: „Risi ágreiningur milli hafnarstjórnar og hafnamálastjóra út af ákvæðum þessarar gr., sker ráðh. úr. Skal þá óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum, sem deilt er um, fyrr en úrskurður ráðh. hefur verið kveðinn upp“.

Kem ég þá að 19. gr., sem fjallar um hafnabótasjóð. Það var rætt um það í n., að með tilliti til þess, að sjóðurinn fær, eftir till. frv., allmikið fé til ráðstöfunar og getur m. a. veitt styrki til hafnarsjóða, sem eiga við sérstaka fjárhagsörðugleika að stríða, auk þess sem honum er líka ætlað að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum, er hafa skemmzt af völdum náttúruhamfara, eins og hann hefur áður gert, væri ekki óeðlilegt, að sérstök stjórn yrði sett yfir hafnabótasjóð. Varð það að samkomulagi hjá n. að leggja til að orða upphaf gr. þannig: „Fé hafnabótasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt, að fengnu samþykki fjvn. Alþ.“. Hafði n. þá í huga ákvæði, sem eru í l. um ríkisábyrgðasjóð, þar sem rætt er um samninga eða eftirgjöf á gjaldföllnum ríkisábyrgðum, sem ekki er leyfilegt að gera, nema að fengnu samþykki fjvn. Taldi n. sérstaklega styrkina samkv. 3. tölul. gr. vera hliðstæða við þetta og leggur þess vegna til, að upphafi gr. verði breytt eins og ég gat um.

Í 20. gr. eru ákvæðin um tekjur hafnabótasjóðs. Að sjálfsögðu eru það mjög mikilvæg ákvæði til þess að fullt gagn verði að því, sem þessum sjóði er ætlað að gera. Árlegt framlag ríkissjóðs er samkv. greininni hækkað úr 3.2 millj., eins og það er nú, í 8 millj. og í 2. tölul. gerir frv. ráð fyrir, að lagt sé sérstakt hafnabótasjóðsgjald á íslenzk skip, 5 rúml. eða stærri, og innheimt einu sinni á ári, 12 kr. á hverja nettórúmlest og enn fremur, að tekið sé gjald af öllum skipum, sem koma frá öðrum löndum til íslenzkra hafna. Þessi till. mun vera byggð á fyrirmyndum erlendis frá, því að slíkt gjald er tekið sums staðar erlendis, og það kemur fram í grg. með frv., að hafnargjöld hér á landi eru yfirleitt lægri en tíðkast annars staðar. En þetta nýja gjald fannst þó n. í heild, að þyrfti að athuga betur, og varð samkomulag um það að leggja til, að 2. tölul. í 20. gr. verði tekinn út. N. er ljóst, að við þetta rýrna tekjur sjóðsins. Skv. áætlun frv. mundi sú rýrnun nema 12 millj. kr., en n. telur, að það þurfi að athuga nánar, hvernig þeirra tekna verði aflað. Það er ekki gert ráð fyrir, að þessi lög öðlist gildi fyrr en 1. janúar 1968, þannig að með því að taka þetta ákvæði út, gefst enn tóm til að athuga betur um tekjuöflun til sjóðsins, áður en að því kemur, að l. öðlist gildi. En þrátt fyrir það, að n. leggi þannig til, að tekjur sjóðsins verði rýrðar, telur hún, eins og ég sagði í upphafi máls míns, mjög mikið fengið fyrir hafnirnar og hafnarframkvæmdirnar að fá frv. samþ. með þessum breytingum. Þess má einnig geta, að sjóðurinn hefur ríflega lántökuheimild samkv. frv.

Þá á ég aðeins eftir, að ég hygg, tvær brtt., sem n. flytur sameiginlega. Sú fyrri er við 25. gr. Þar er í síðustu mgr. gert ráð fyrir, að ef ráðuneytið telji, að hækka beri gjöld eða taka upp ný gjöld skv. 12. gr., geti það breytt gjaldskrá reglugerðar, án þess að till. um það liggi fyrir frá hafnarstjórn. Þarna vill n. bæta inn í, á eftir orðunum „gjaldskrá reglugerðar“ orðunum: „hjá þeim höfnum, sem í vanskilum eru við ríkisábyrgðasjóð“. Og loks leggur n. til, að niður falli orðin „til að gilda“ úr ákvæðinu til bráðabirgða. Þá mundi bráðabirgðaákvæðið hljóða þannig:

„Fyrsta fjögurra ára áætlunin um hafnarframkvæmdir skal lögð fyrir reglulegt Alþ. haustið 1968 fyrir tímabilið 1969—1972“.

Ég hef í sambandi við brtt. þær, sem ég hef nú rakið, minnzt á a. m. k. sumar þær brtt., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 4. þm. Reykn. flytja á þskj. 516, en eina þeirra held ég, að ég hafi ekki nefnt enn sem komið er. Þeir flytja þá brtt. við 4. gr., að í stað orðsins:

„ábyrgð" komi „sjálfskuldarábyrgð". Um þetta er ekki samkomulag í n. og raunar ekki um brtt. á þskj. 516 í heild.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta mikið frekar. Það er liðið á kvöld, og þetta er stórmál. En ég get þó ekki stillt mig um að víkja aðeins að ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. við 1. umr. þessa máls, og vil ég þá sérstaklega þakka honum fyrir vinsamleg ummæli um samstarf okkar í atvinnutækjanefnd, sem samdi á sínum tíma frv. til hafnalaga. Þótt það frv. hafi ekki séð dagsins ljós hér á Alþ., hygg ég, að með samningu þess og undirbúningi hafi nokkuð áunnizt og þá sérstaklega í sambandi við þá 10 ára áætlun um hafnarframkvæmdir, sem atvinnutækjanefndin samdi. Enda þótt ýmislegt hafi breytzt á þeim tíma, sem liðinn er síðan það gerðist, var þá lagt í allmikla vinnu, sem áreiðanlega hefur komið að verulegu gagni í sambandi við undirbúning margra þeirra framkvæmda, sem síðan hafa verið unnar. En það er nú einu sinni svo, að við lifum á tímum mjög örra breytinga og á þeim tíma, sem liðinn er síðan við skiluðum frv. okkar 1961, hefur orðið mikil og ör þróun í skipastólnum, sem ég held, að við höfum þá ekki gert okkur fyllilega grein fyrir. Ég hygg, að við höfum t. d. miðað okkar till. í 10 ára áætluninni yfirleitt við minni skip heldur en nú er farið að nota. Og á þessum árum hefur það skeð, að hafnirnar, eða framkvæmdirnar í höfnunum, hafa orðið öllu stærri í sniðum, vegna þess að skipin hafa stækkað og vegna þess, hvað skipunum hefur fjölgað mikið. Þetta er svona á ýmsum sviðum. Það er margt breytingunum undirorpið. Ég minnist þess frá því að ég starfaði með hv. 3. þm. Norðurl. e. í atvinnutækjanefndinni, að eitt af því fyrsta, sem okkur var falið að vinna, var að semja frv. til togarakaupa ríkisins. Þá höfðu menn í nokkur ár hér á Alþ. og annars staðar rætt og flutt margar till. um, að það væri hægt að leysa atvinnuvandamál dreifbýlisins og árstíðabundið atvinnuleysi með því að láta stóra togara leggja afla á land í höfnum kringum allt landið. Þegar við fengum þetta verkefni og fórum að athuga það nánar, komumst við að þeirri niðurstöðu, að það var mjög óvíða á landinu, sem skilyrði voru til þess að afgreiða eins stór skip og togarana. Við brugðum þess vegna á það ráð, að í stað þess að leggja til, að keyptir yrðu eingöngu úthafstogarar, 600—700 rúml., eins og okkur hafði raunverulega verið falið, lögðum við til, að keypt yrðu nokkur 250 rúml. togskip, sem við töldum að mundu betur henta við aðstæðurnar, sem fyrir hendi voru. Við sömdum frv. um þetta, sem lagt var fram hér á Alþ., og við lögðum til, að keypt yrðu 6 skip til að byrja með af þessari stærð. Alþ. leizt svo vel á þessa hugmynd okkar, að mig minnir að skipin, sem keypt voru fyrst, hafi a. m. k. orðið 12 af þessari stærð, 250 rúml., og síðan hefur verið haldið áfram að kaupa mjög mörg skip af þessari eða svipaðri stærð. Eins og ég sagði, er allt breytingunum undirorpið. Þegar við lögðum til, að þessi skip yrðu keypt, héldum við, að þau mundu geta orðið uppistaðan í atvinnulífi margra minni staða úti á landi, þannig að þau stunduðu aðallega þorskveiðar og legðu afla sinn á land til vinnslu. En við höfðum einnig miðað stærð skipanna við það, að þau væru hentug til síldveiða. Framvindan hefur orðið sú, að þessi skip eru nú orðið svo að segja eingöngu notuð til síldveiða og hafa áreiðanlega skilað þjóðinni miklum arði við þær veiðar og komið að meira gagni við síldveiðarnar heldur en við togveiðarnar, sem við gerðum ráð fyrir, að þau mundu aðallega stunda. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi hér. Þetta er nokkuð skylt því máli, sem við erum að fjalla um, að því leyti til, að hvort tveggja er úr sjávarútvegi og sýnir okkur, hversu geysilega ör þróunin hefur verið í þessum málum á undanförnum árum.

Það er greint frá því í grg. með þessu frv., að þegar við sömdum 10 ára áætlun okkar í atvinnutækjanefndinni um nauðsynlegar hafnarframkvæmdir á árunum 1961—1970, hafi heildarniðurstaða þeirrar kostnaðaráætlunar orðið 696.2 millj. kr., en þar af til dráttarbrauta 48 millj. kr. En á 6 ára tímabili, sem liðið er síðan við sömdum þessa áætlun, hefur alls verið varið til hafnargerða 628.4 millj. kr., sem svarar til þess, að unnin hafi verið 64% af áætluðum framkvæmdum. Nú er þess að vísu að geta, að verðlag hefur að sjálfsögðu breytzt á þessum tíma, en samt sem áður ætla ég, að þessar tölur sýni nokkuð glöggt, hver þróunin hefur verið og hversu ör hún hefur verið í hafnarframkvæmdunum á síðustu 6 árum.

Það kemur svo í framhaldi af þessu, sem sagt er frá því, að á næstu 5 árum muni að mestu lokið framkvæmdum 10 ára áætlunarinnar og þá allvel séð fyrir hafnarþörfum flestra hafnarstaða landsins. Ef það rætist, sem um þetta segir í grg., mundi það þýða, að 10 ára hafnaráætlun atvinnutækjanefndar yrði framkvæmd á 11 árum, en þá er að því að gá, að á því tímabili mun verða ráðizt í miklu stærri og kostnaðarsamari framkvæmdir en atvinnutækjanefnd gerði ráð fyrir.

Ég skal svo, herra forseti, láta máli mínu lokið. En ég leyfi mér fyrir hönd sjútvn. að mæla með því, að frv. verði afgreitt með þeim breytingum, sem ég hef gert grein fyrir.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Þetta frv. til hafnalaga kom fyrir þingið fyrir 3—4 dögum og hefur verið til umr. í sjútvn. þessarar d. undanfarna daga. Því er ekki að leyna, að þegar frv. kom fram, var mjög augljós andstaða á móti mörgum ákvæðum þess, þannig að ýmsir töldu, að það væri nánast ótækt að samþykkja það eins og það var lagt fram af hæstv. ríkisstj. Það, sem a. m. k. framsóknarmenn höfðu sérstaklega út á frv. að setja, var það, að við töldum, að það væru of fáar framkvæmdir taldar upp af þeim, sem eiga

að heyra til hafnargerðum, og einnig höfðum við mikið út á ákvæði 6. gr. frv. að setja, þar sem talað er um hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði til hafnargerðar, einkum og sérstaklega það orðalag, að hluti ríkissjóðs skyldi vera allt að 75% og allt að 40%. Einnig höfðum við ýmsar aths. að gera við ákvæðin um framkvæmdaáætlanir, töldum þann kafla vera óljósan og nokkuð óákveðið, hvernig farið yrði með þessar framkvæmdaáætlanir og m. a. hvert valdsvið Alþ. yrði í því sambandi. Um hafnabótasjóð höfðum við einnig allmargar aths. uppi, að við töldum viðurhlutamikið að fela ráðh. einræðisvald yfir hafnabótasjóði, en vildum og lögðum það til, að kosin yrði sérstök þingkjörin nefnd eða stjórn, sem færi með málefni hafnabótasjóðs. Einnig vorum við andvígir því, sem segir í 20. gr., þar sem talað er um tekjuöflun til hafnabótasjóðs, að lagt yrði sérstakt hafnabótasjóðsgjald á íslenzk skip af vissri stærð, frá 5 rúml., sem sagt svo til öll skip landsmanna. Þessu vorum við mjög andvígir. Þá má líka geta þess, að við höfðum út á það að setja, að gert er ráð fyrir, að ábyrgð ríkisins á lánum til hafnargerða sé einföld ábyrgð, en ekki sjálfskuldarábyrgð, eins og við teljum, að eigi að vera. Jafnframt vil ég minnast á 8. gr. frv., sem við vorum einnig andvígir, og töldum, að yrði að breyta, þar sem settur er fyrirvari um 90% af lánsábyrgðinni á lánum, sem veitt eru hafnarsjóðum til hafnargerða. Öll þessi atriði ræddum við að sjálfsögðu í n. og gerðum grein fyrir skoðun okkar á því, og ég get sagt það hér, að undir margt af þessu var tekið eins og hv. frsm. hefur skýrt hér frá, og það var verulegt samkomulag í n. um viðtækar breytingar á frv., þannig að segja má, að það sé nú með allt öðrum svip en var, þegar það var fyrst lagt fram. Hins vegar tel ég, að ganga hefði átt enn lengra í breytingum á þessu frv. og þess vegna hef ég skrifað undir sameiginlegt nál. okkar með fyrirvara og jafnframt flutt ásamt hv. 4. þm. Reykn. brtt. á þskj. 516.

Um þetta mál mætti svo einnig, án þess að ég ætli hér að fara að vekja nokkrar deilur, minnast á það, að þetta frv. er lagt fram nú í þinglokin, þegar lokaannir þingsins eru hvað mestar. Þetta er auðvitað ákaflega óheppilegt og hefur ekki komið sér vel, því að ég efast ekki um, að það hefði verið ástæða til að senda þetta frv. allmörgum aðilum til umsagnar, a. m. k. sveitarstjórnasambandinu og raunar sveitarstjórunum. Form. Sambands ísl. sveitarfélaga, Magnús Guðjónsson, mætti á fundi hjá okkur og hann upplýsti það, sem hv. frsm. hefur einnig gert, að það hefði verið ósk sambandsins, að frv. yrði sent því og raunar sveitarfélögunum til umsagnar, en til þess var ekki talinn vinnast tími nú, vegna þess hve mikil áherzla var lögð á að koma frv. hér í gegn.

Ég skal ekki hafa mörg orð eða tala neitt almennt hér um hafnamál, vil aðeins segja það, að það hefur verið stefna okkar framsóknarmanna og við höfum haft uppi um það till. hér í Alþ., að gera þyrfti ýmsar umbætur á hafnalögum og endurskoða þau frá rótum, þannig að við getum út af fyrir sig fagnað því, að frv. til hafnalaga kemur nú fram. Við höfum á undanförnum þingum flutt ýmis frv., sem að því miða að bæta úr þeim verstu ágöllum, sem við teljum vera á hafnal., einkum því, að ríkissjóðsframlögin eru nú ekki lengur og hafa ekki lengi verið í neinu samræmi við nauðsyn og kröfur tímanna. Þessi frv. höfum við flutt hér ár eftir ár og raunar á þessu þingi, þó að þau hafi ekki náð fram að ganga.

Ég vil nú leyfa mér að fara hér örfáum orðum um þær till., sem ég flyt hér ásamt hv. 4. þm. Reykn. Eins og fram kemur í nál., skrifum við undir og erum sammála þeim till., sem n. flytur sameiginlega, sammála þeim a. m. k. að meginefni og í aðaldráttum og teljum, að þær séu allar til bóta og geri frv. betra heldur en það var í upphafi, en þó teljum við, að gera hefði þurft á þessu allmiklu fleiri breytingar, sem við höfum leyft okkur að flytja á þskj. 516. 1. brtt. okkar er við 4. gr. Það er sú till., að í stað orðsins „ábyrgð" komi „sjálfskuldarábyrgð". Við teljum eðlilegt, að þetta orðalag sé notað og höfuðröksemdin er sú, að það er áreiðanlega miklu líklegra, að sveitarstjórnir eða hafnarstjórnir eigi auðveldara með að fá lán, ef um slíka ábyrgð er að ræða á þeim heldur en þegar aðeins er um einfalda ábyrgð að ræða.

Nú er það svo t. d. um atvinnuleysistryggingasjóð, sem e. t. v. kann í framtíðinni að lána til hafna, að hann mun lána eingöngu þannig, að það sé sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á lánum hans. Að vísu eru það ákvæði í l. sjóðsins, sem það ákveða, en okkur finnst, að þetta ætti svo að vera um öll hafnarlán. Þá höfum við einnig hvað snertir 4. gr. lagt til, að orðalag 4. mgr. yrði orðað nokkru viðtækar heldur en samkomulag varð um í n. Eins og frv. var lagt fram, var því m. a. sleppt úr, sem verið hefur í hafnal., að styrkja mætti verbúðir. Við ræddum það í n. að taka þetta upp að nýju, en um það varð ekki samkomulag, og við gerum því till. um, að þetta ákvæði haldist áfram í l. og jafnframt viljum við, að bætt verði inn því ákvæði, að lönd undir hafnarmannvirki komist þarna undir. Það er eðlilegt, að ríkissjóður taki nokkurn þátt í því að kaupa lönd undir hafnarmannvirki, því að hér er oft um mjög mikil verðmæti að ræða og dýrar eignir, sem sveitarsjóðum kann að reynast örðugt að eignast og ég held, að það sé ekki að öllu leyti rétt, að þetta verði til þess að hækka svo verulega landverð á þessum stöðum, því að vitanlega yrði það selt eftir mati og þá miðast við það. Við 6. gr. leggjum við til, að gerð verði frekari breyting en sú, sem samkomulag varð um í n. Við erum sammála því, sem hér hefur verið lýst og n. hefur samstöðu um, þ. e. að fella niður orðin „allt að" í 1. og 2. tölul. o. fl., sem breytt var í þeirri gr., en við viljum, að þarna komi til við-

bótar nýr tölul. og nýtt hlutfall, þ. e., að 60% stofnkostnaður bátakvía og einnar afgreiðslubryggju hafnarsjóðs með allt að 150 m viðlegukanti í hverri höfn, komist þarna undir. Þetta ákvæði er ekki alveg nýtt hér, það hefur verið flutt áður af hálfu framsóknarmanna fyrir nokkrum árum, og þetta mun hafa verið að ég hygg a. m. k. að verulegu leyti till. frá atvinnutækjanefnd, sem hér hefur örlítið borið á góma í umr.

3. brtt. okkar er við 7. gr. og hún stendur í sambandi við þá brtt., sem við flytjum við 4. mgr. 4. gr., þar sem við viljum fella niður úr 2. mgr. 7. gr. orðin „kostnaður vegna lóða- og landkaupa fyrir höfn.“

Þá kem ég að 4. og síðustu brtt. okkar, sem er við 20. gr., en 20. gr. hefur inni að halda ákvæði um tekjuöflun hafnabótasjóðs. Í frv., eins og það var lagt fram, var gert ráð fyrir því, að tekjur hafnabótasjóðs væru þrenns konar, þ. e. í fyrsta lagi árlegt ríkissjóðsframlag, hafnabótasjóðsgjaldið og svo tekjur af starfsemi sjóðsins. Nú hefur það verið skoðun okkar framsóknarmanna frá upphafi, að þetta hafnabótasjóðsgjald ætti ekki að leggja á og það var einnig niðurstaðan í sjútvn. að leggja til, að þetta gjald yrði fellt niður. En við það missir hafnabótasjóður mjög verulegar tekjur, að því er áætlað er um 12 millj. kr., þannig að sjóðurinn er nú ekki nema svipur hjá sjón og eins og vængstýfður fugl. Við teljum, að rétt sé að bæta þetta upp með því móti, að lagt sé fram beint úr ríkissjóði það, sem þarna er fellt niður, og að ríkissjóðsframlagið hækki þá úr 8 millj. í 20 millj. Þetta eru nú þær höfuðbreytingar, sem við gerum á frv. og teljum, að ef þær næðu fram að ganga, mundi það breytast mjög í batnaðarátt. Eins og ég hef sagt, hefur frv. tekið verulegum stakkaskiptum frá því, sem það var, þegar það kom fyrst fram. En það mundi að okkar dómi batna enn meira, ef þessar till., sem við hér erum með, yrðu samþ. og við væntum þess, að hv. þd. sjái sér fært að gera það.

Ég skal ekki eyða fleiri orðum að þessu máli nú, herra forseti, en vænti þess, að till. okkar fái góðar undirtektir.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir það leitt, sem ég sé, að enginn hæstv. ráðh. er viðstaddur hér í hv. d. Ég hefði sérstaklega óskað eftir því, að hæstv. sjútvmrh. og hæstv. fjmrh. hefðu heyrt það, sem ég nú vildi segja, og ef þeir væru hér í húsinu, þætti mér æskilegt, ef hæstv. forseti gæti séð til þess, að þeir mættu hér við umr. Mér sýnist á forseta, að svo muni ekki vera, þeir muni ekki vera hér nálægir og ég endurtek, að það er mjög leitt, að þeir skuli ekki vera viðstaddir, þegar slíkt mál er rætt, sérstaklega þessir tveir ráðh., því að málið varðar þá einkum, náttúrlega kannske sér í lagi hæstv. sjútvmrh., en einnig hæstv. fjmrh. allverulega. Úr því að svo er, að þeir eru ekki viðstaddir og ekki líkur til, að þeir geti verið það nú á næstunni, vil ég biðja hv. frsm. meiri hl. að flytja þeim það, sem ég segi hér, og ég vildi sérstaklega, að þeir heyrðu og mun ég þá sennilega geta þess, hvað það er um leið og ég nefni það.

Fyrir utan frsm. þessa máls, þ. e. a. s. hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Vestf., mun ég hafa verið eini þm., sem tók til máls um þetta mál við 1. umr. Ég vék þar að allmörgum atriðum, sem ég taldi, að þyrftu breytinga við í þessu frv. Mér er ánægja að því, að ég sé, að flest þessi atriði munu hafa verið tekin til meðferðar í n. og — já, þarna er einn ráðh. kominn, það er gott, en hvorki er það nú hæstv. sjútvmrh. eða hæstv. fjmrh. (**Gripið fram í:** Hann getur fært sjútvmrh....) Já, hann getur þá skilað þessu, sem ég þurfti að tala við hæstv. ráðh. Já, ég var að segja það, að mér væri ánægja að því að flest þessi atriði eða kannske öll, sem ég vék að í ræðu minni við 1. umr., hafa verið tekin til meðferðar í n. og mörg þeirra hafa verið tekin upp á þann hátt, sem ég hefði óskað eftir. Fyrir það vil ég þakka n. og það er þakkarvert, að um þetta mál virðist hafa orðið nokkurt samstarf og reynt að ná samkomulagi um sumar mikilvægar breytingar. Hins vegar hefði ég kosið, að þær breytingar hefðu verið fleiri og vera má, að þessar brtt., sem fram eru komnar, séu ekki allar til bóta, en yfirleitt eru þær það.

Það er eitt atriði, sem mér láðist að vekja athygli á við 1. umr., en hef síðar komið á framfæri við n. og það er varðandi gildistöku væntanlegra laga. Mér þykir fara illa á því, að frv., ef að l. verður, skuli ekki eiga að taka gildi fyrr en 1. janúar 1968. Það tel ég verulegan galla. Ég þykist alveg vita það, að þeir, sem nú eru að undirbúa framkvæmdir í höfnum á næsta sumri, muni, þegar þeir hafa heyrt getið um þetta frv. og að þar væri umbóta von, hafa gert ráð fyrir því, að það tæki til þeirra framkvæmda, sem unnið verður að á næsta sumri, enda er það mjög algengt, að lög taki þegar gildi. Og mér sýnist, að það sé ástæðulaust að vera að draga svona gildistöku l. og eiginlega mætti nú segja það, að úr því að l. eiga ekki að taka gildi fyrr en um áramót, sé ekki eins mikil ástæða til þess að afgreiða þau nú á þessu þingi. Ég vildi beina því til n., af því að ég sé, að hún hefur ekki tekið þetta upp og af því að ég hef ekki séð það heldur, að það hafi neins staðar verið tekið upp enn þá í tillöguformi, að hún athugi nánar, hvort hún telji sér ekki fært að mæla með því, að l. taki þegar gildi. Það væri vel hugsanlegt, af því að búið er að afgreiða fjárlög fyrir þetta ár að hafa þarna á einhvern fyrirvara um það, að hækkun sú, sem af þessu yrði, yrði ekki greidd fyrr en síðar. Það finnst mér, að kæmi til mála, til samkomulags um þetta atriði.

Það er leitt, sem fram kemur nú í framsögunni, að ekki skuli hafa verið haft neitt samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um þetta

mál. Ég hélt nú satt að segja, að það hefði verið gert og hafði ekki orð á því, þegar ég talaði um þetta mál við 1. umr. En nú kemur það fram hjá frsm., að það hafi ekki verið gert og framkvæmdastjóri sambandsins hafi komið á fund n. til þess að óska eftir því að fá málið til umsagnar, sem ekki hefur nú verið talið fært að verða við, af því að stefnt er að því að afgreiða málið á þessu þingi. En þetta er eitt af því, sem á hefur skort um undirbúning málsins, því miður.

En áður en ég kem að því að minnast á einstök atriði í frv., vildi ég gjarna beina þeirri fsp. til hv. frsm. meiri hl. n., á hverju hann byggi ummæli sín áðan, sem lutu að því, ef ég hef tekið rétt eftir, að eftirleiðis mundi ríkissjóður standa í skilum við hafnarsjóði betur en hann hefur gert. Hann nefndi nú ekki held ég, hvort það ætti við bæði um þær skuldir, sem nú eru á fallnar, og þær skuldir, sem myndast við hafnarsjóðina framvegis. Ég spyr að þessu vegna þess, að ég sé ekki, að í frv. sé gert ráð fyrir því, að skylt sé að framkvæma þessi skil, og hafnabótasjóður, sem á að hafa heimild til þess að lána út á væntanleg ríkisframlög, verður, a. m. k. eftir till. n. í heild, ef þær verða afgreiddar þannig, ekki mikils megandi, þar sem tekjur hans verða ekki nema lítill hluti af því, sem þær áttu að verða samkv. frv. Ég vildi gjarnan fá nánari skýringu á því, hvað hv. frsm. meiri hl. hefur átt við með ummælum sínum um þetta atriði. Ég sé ekki, að með ákvæðunum um áætlunargerð sé þetta á neinn hátt tryggt.

Ég gerði við 1. umr. aths. við 3. gr. frv. og nú sé ég, að hv. n. leggur til, að henni verði breytt, þannig að hafnamálastofnunin hafi yfirumsjón með hafnarframkvæmdum í stað þess, sem í frv. stendur, að hún annist allar hafnarframkvæmdir, sem styrktar eru af ríkisfé. Hins vegar stendur hér í brtt., að ef um sé að ræða hafnarframkvæmdir, sem styrktar séu samkv. 1. tölul. 6. gr. l., þ. e. a. s. 75%, geti hafnamálastofnunin ákveðið, að hún annist framkvæmdirnar. Í síðustu mgr. gr. segir svo, að heimilt sé hafnamálastjóra með samþykki ráðh. að veita bæjar- eða sveitarfélagi leyfi til að hafa á hendi eigin hafnarframkvæmdir undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti hafnamálastjóra. Þetta á þó væntanlega aðeins við framkvæmdirnar, sem njóta 75% styrks, því að varðandi hinar þarf ekki að veita leyfið og vænti ég, að ég skilji þetta rétt.

Ég vil þá koma að 4. gr., en um hana hefði ég viljað ræða við hæstv. fjmrh. Ég leyfði mér að benda á það við 1. umr., að í frv. væri nokkuð mikil breyting gerð á ríkisábyrgðarákvæðum laganna, þar sem frv. gerir ráð fyrir einfaldri ábyrgð, en núgildandi lög gera ráð fyrir sjálfskuldarábyrgð. Þessu hefur n. í heild ekki séð sér fært að breyta, en hins vegar hefur hv. minni hluti n. lagt fram till. um breyt. á þskj. 516, sem ég er að sjálfsögðu samþ. Ég vildi því spyrja að því, hvort þeir, sem ekki vilja breyta þessu, hugsi sér það í raun og veru, að gengið verði að hafnarsjóðum, sem ekki geta staðið í skilum, áður en ríkið innir af hendi sína ábyrgð. Nú gengur þetta þannig fyrir sér, að ríkisábyrgðasjóður greiðir vanskilin, en síðan reynir hann að innheimta hjá hafnarsjóðunum, og hefur nú satt að segja í seinni tíð fundið upp nokkuð handhæga aðferð til þess, sem mér sýnist að muni hafa verið beitt í ýmsum tilfellum, þegar gætt er að því, hvað vanskilaskuldir hafnarsjóða eru í raun og veru litlar, eftir síðustu reikningum ríkisábyrgðasjóðs að dæma, en sú aðferð virðist vera í því fólgin að halda eftir hluta sveitarfélaganna úr jöfnunarsjóði. Mér finnst það nú satt að segja dálítið hæpin aðferð og mig minnir, að þegar lög um ríkisábyrgðir voru sett fyrst hér á þingi, þá væri ekki gert ráð fyrir, að þessari skuldajöfnun yrði beitt gagnvart hafnarsjóðum, enda hafa þeir, eða margir þeirra a. m. k., vissulega sérstöðu á þessu sviði. En um þetta vil ég spyrja, hvort raunverulega sé ætlazt til, að gengið sé að hafnarsjóðunum og mannvirkjum þeirra, áður en til greina komi að ríkisábyrgðasjóður inni af hendi greiðslurnar á vöxtum og afborgunum. Það sýnist mér ekki gott, og vilja menn nú ekki athuga það nánar fyrir 3. umr., hvort ekki væri ástæða til þess að breyta þessu? Þó að menn hafi föst „princip“ til að fara eftir í fjármálaráðuneytinu, mega þau ekki vera alveg ófrávíkjanleg, ekki leiða til fjarstæðu. Við 4. gr. hefur hv. n. gert brtt. í samræmi við mína ábendingu til bóta, en þó hefði ég talið, að rétt hefði verið að breyta þessari gr. meira. Mér finnst sanngjarnt, að greiddur væri einhver styrkur út á landkaup. Það gæti komið til mála, að hann þyrfti ekki að vera 40%. Hann gæti verið eitthvað lægri. En atvinnutækjanefnd lagði til á sínum tíma, að landkaup hafnarsjóða væru styrkhæf, fengju 20% ef ég man rétt, og það byggðist á því, að n. tók það inn í sitt frv. og það hefur einnig verið tekið í þetta frv., að það sé m. a. skilyrði fyrir ríkisframlagi, að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt þess landsvæðis á strandlengju hafnarinnar, sem rn. og hlutaðeigandi hafnarstjórn telur þurfa undir hafnarmannvirki og starfsemi, sem nauðsynlegt er talið að fari fram við höfnina. Þarna er sú kvöð lögð á hafnarsjóði, sem ekki er í lögum, þeim er beinlínis fyrirskipað að gera þetta, og ég tel rétt að gera það, en til samræmis væri þá það, að þeir fengju einhvern styrk til þess, og það getur ekki staðizt, að þetta leiði til einhverrar óeðlilegrar lóðaverzlunar, því að þarna er um að ræða land undir hafnarmannvirki, sem samþykkt eru af rn. Það verður bundið samþykki rn. eins og hafnarmannvirkin sjálf, þess vegna er þetta réttmætt og í rökréttu samhengi við hin nýju ákvæði, sem leggja skyldu á hafnarsjóðina um að eignast þessi lönd. Það getur kostað nokkurt fé, ekki síður en annað. Þetta hefur hv. minni hluti tekið upp í sínar till. og ég þakka honum fyrir það, en hefði raunar getað sætt mig við, að þetta framlag

út á landkaup væri eitthvað lægra heldur en út á venjuleg hafnarmannvirki, eða talið það ekki óeðlilegt. Við 5. gr. hefur n. tekið til greina það, sem ég benti á, og ég vil þakka henni fyrir það. Það er tekið upp alveg á þann hátt, sem mér sýnist eðlilegt að gera. Þá vil ég koma að 6. gr., en um hana sagði ég í 1. umr., að ef henni yrði ekki breytt, þá mundi ég ekki sjá mér fært að greiða atkv. með þessu frv., og átti það nú raunar við um fleira. En orðin „allt að" hafa verið felld niður, „allt að 75%" og „allt að 40%" af stofnkostnaði. Ég skal ekki ræða það frekar, þetta er mjög mikil breyting á þessari gr. og frv. í heild, og ég er mjög ánægður yfir því, að n. í heild skuli hafa tekið þetta upp. Hins vegar er ég fylgjandi till. um frekari breytingu á þessari gr., sem hv. minni hluti hefur tekið upp á þskj. 516. Hún er um það, að ríkissjóður skuli greiða 60% stofnkostnaðar við bátakvíar og eina afgreiðslubryggju hafnarsjóðs með allt að 150 m legukanti í hverri höfn. Ef þetta væri samþ., sem ég teldi mjög til bóta, þá væru eiginlega þrír taxtar á ríkisframlögunum, 75%, 60% og 40%. Hv. frsm. minni hl. tók það fram, að þetta ákvæði um að greiða 60% út á bátakvíar og eina afgreiðslubryggju allt að 150 m mundi vera svipað till., sem atvinnutækjan. hefði gert á sínum tíma, og það er rétt, að annað atriðið er úr þeim till. Þar var gert ráð fyrir því, að greitt yrði út á eina afgreiðslubryggju hafnarsjóðs á hverjum stað með allt að 150 m legukanti 65%, hér raunar aðeins 60%, en það er ekki óeðlilegt, þar sem búið er að hækka sjálfa hafnargarðana upp í 75%. Hins vegar man ég ekki til, að atvinnutækjan. gerði till. um hækkaða greiðslu út á bátakvíar, en eigi að síður er mjög eðlilegt að gera það. Þessar bátakvíar koma eingöngu til góða fiskiflotanum og þær framkvæmdir eru mjög vaxandi, að ég ætla, í ýmsum höfnum. Menn hafa gert sér grein fyrir því að nauðsyn bar til að sjá fiskibátunum fyrir öruggu lægi inni í höfnunum, því það er nú oft svo, að þó að til séu hafnargarðar, þá geta komið þau veður, að bátarnir hafa hvergi frið og sjómennirnir verða að vera úti í bátunum dag og nótt, þó að þeir séu í höfn, til þess að firra voða. Til þess að öryggi fáist, þarf bátakvíar. Þær eru nú á ýmsum stöðum, bátakvíar inni í höfnunum, þar sem er öruggt skjól fyrir fiskibáta. Ég ætla að minnast örlítið á 3. kaflann um framkvæmdaáætlanirnar. Mér sýnist sú brtt., sem n. hefur lagt fram við þann kafla, við 10. gr., vera til bóta. Í staðinn fyrir það, sem áður stóð í frv., að „ráðh. leggur áætlunina fyrir Sþ. sem grundvöll skiptingar þess fjár, er Alþ. veitir til hafnargerða hverju sinni" o. s. frv., stendur nú í till. n.: „ráðh. leggur áætlunina fyrir Sþ. til leiðbeiningar varðandi fjárútveganir og framkvæmd þessara mála." Þetta er að sjálfsögðu eðlilegra orðalag. Samt er ég ekki ánægður með þessa gr., þ. e. a. s. 1. mgr. Þar er sagt fyrir um það, hvernig hafnaáætlun skuli gerð og fyrirmælin eru á þá leið, að hún skuli vera um skiptingu þess fjár, sem ætlað er til hafnagerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins, en í öðru lagi, ef slík áætlun er ekki gerð, þá skuli hún vera miðuð við það heildarfjármagn, sem líklegt er talið, að til ráðstöfunar verði. Þetta finnst mér dálítið óeðlilegt, að binda þannig hendur hafnamálastjóra um áætlunina, og mér finnst eðlilegt að inn í gr. komi, að áætlunin skuli einnig miðuð við framkvæmdaþörf og eiginlega fráleitt að það vanti í gr. Væri þessu bætt inn í, þá mætti hitt standa að mínum dómi.

Ég vil víkja örfáum orðum að kaflanum um hafnabótasjóð, og þá fyrst að 20. gr. N. hefur orðið sammála um að leggja til, að hafnabótasjóðsgjaldið verði fellt niður úr frv. En n. í heild eða meiri hl. hennar setur ekkert í staðinn, þannig að í stað þess að gert var ráð fyrir, að sjóðurinn hefði 20 millj. kr. tekjur árlega, þá á hann nú aðeins að hafa 8 millj. kr. tekjur. Þetta finnst mér vera nokkuð mikill niðurskurður á tekjum sjóðsins, ekki sízt með tilliti til þess, að af þessum tekjum er honum auk annars ætlað að styrkja hafnarsjóði, sem eiga við sérstaka fjárhagsörðugleika að stríða vegna erfiðrar aðstöðu og dýrrar mannvirkjagerðar. Þetta er eitt af því gagnlegasta í frv. og mér finnst, að það séu nokkuð mikið skornir niður möguleikar sjóðsins til þess að gera gagn á þessu sviði, en þess er vissulega þörf. Þess er t. d. mikil þörf vegna fátækra hafnarsjóða, sem rétt áður en þessi lög taka gildi — ef frv. verður samþykkt — eru búnir núna í dýrtíðinni að ráðast í að byggja dýra hafnargarða.

Minni hl. hefur áttað sig á þessu og um leið og hann leggur til ásamt meiri hl. að fella niður hafnabótasjóðsgjaldið, þá leggur hann til, að ríkisframlagið verði hækkað. Ég mun greiða atkvæði með því.

Ég ætla að leyfa mér að koma aftur að 6. gr. og óska skýringa frá hv. frsm. n. á einu atriði í brtt. hennar. Skv. brtt. n. í heild, þá á 1. tölul. gr. að orðast svo: „75% stofnkostnaður hafnargarða (öldubrjóta), þótt þeir nýtist til viðlegu" o. s. frv. Hér er ákvæði gerbreytt. Í frv. stóð, að að svo miklu leyti sem hafnargarðarnir nýttust til viðlegu, þá mætti ekki greiða þessi 75%. En í brtt. n. er tekið fram, að það skuli greitt, þó að garðar nýtist til viðlegu. Nú er mér ekki alveg ljóst, hvað n. á við með þessu, að hafnargarðar nýtist til viðlegu. Það er mjög sjaldan, að hafnargarðar séu þannig gerðir, að skip geti lagzt við þá eins og þeir eru. Algenga gerðin á hafnargörðum eða öldubrjótum nú eru grjótgarðar, og þá fer því mjög fjarri, að skip geti lagzt upp að grjótfyllingunni. Ofan á grjótfyllingunni er svo steyptur flötur og skjólgarður að utanverðu, en upp að svona garði getur ekkert skip lagzt. Ekki fyrr en gerður hefur verið bryggjukantur innan á garðinn. Þá fer hann að nýtast til viðlegu. Þessir bryggjukantar hafa oftast verið gerðir úr timbri og reknir niður timburstaurar, en í seinni tíð er farið að gera

þá líka sums staðar úr steinsteypu og þá reknir niður steinstólpar. Þýðir þetta ákvæði, að greiða skuli 75% út á þessar bryggjur innan á hafnargörðunum, þar sem garðar, a. m. k. af þessari gerð, nýtast ekki til viðlegu, fyrr en bryggjan er komin? Ef svo væri, þá væri kannske minni ástæða til að samþykkja till. minni hl. á þskj. 516, 2. tölul., — já, kynni að vera minni ástæða til þess, — gæti þó verið nokkur. Þess vegna væri nauðsynlegt að fá þetta skýrt — svo rækilega, að sú skýring haldi.

Ég nefndi það í 1. umr., að síðasta málsgr. 6. gr. væri um það, að hluti ríkissjóðs í kostnaði við hafnargerðir skv. l. þessum greiðist eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Þetta er ekki í núgildandi lögum og ég vil spyrja frsm. n., hvers vegna þetta ákvæði hafi verið sett. Úr því að þetta er ekki í gildandi lögum, þá getur tilgangur með þessari málsgrein varla verið annar en sá að skapa eitthvað aukið aðhald að greiðslum ríkissjóðs til hafnarsjóða. En ég spyr aftur, hvað á að felast í þessari málsgrein? Eða hefur það e. t. v. ekki verið athugað?

Ég held það sé nú ekki fleira, sem ég sé ástæðu til að taka fram við þessa umr. Ég vil, eins og ég sagði áðan, þakka n. í heild fyrir að hafa tekið verulegt tillit til þeirra ábendinga, sem ég gerði hér við 1. umr., og sérstaklega minni hlutanum, sem hefur tekið þær þó öllu meira til greina. Mér sýnist það alveg ótvírætt, að frv. hafi batnað mjög í meðferð n. og ef menn gæfu sér tíma til þess að ræðast meira við um það, þá kynni það að geta batnað meira. Og enn einu sinni vil ég minna á gildistökutíma l. Ég ætla nú að bíða átekta, sjá hvað gerist við afgreiðslu þessa máls við 2. umr. Ég mun ekki flytja brtt. að þessu sinni, en taka það til athugunar við 3. umr., ef mér sýnist ástæða til. En vegna þess með hverjum hug hefur verið unnið að þessu máli, og að sýnilega hefur verið fyrir hendi samstarfsvilji, þá vildi ég mega vænta þess, að sá samstarfsvilji geti haldið áfram og að menn taki til athugunar enn á ný það, sem ég hef verið að minnast á að mér þætti enn á skorta. En brtt. n. í heild mun ég greiða atkvæði. Ég mun einnig greiða atkvæði með brtt. hv. minni hluta.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það er nú orðið all-áliðið kvölds, þar sem farið er að nálgast miðnætti, og skal ég ekki tefja þessar umr. neitt sem heitir. Ég vildi þó ekki láta hjá líða að segja aðeins örfá orð um þetta frv. Þetta er allmikill lagabálkur og snertir einn af stærri framkvæmdaþáttum þjóðarinnar og því eðlilegt, að um það verði nokkrar umr. Það ber að harma, að frv. kom fram mjög seint á þessu þingi, þannig að allan hraða verður að hafa við, ef það á að geta orðið að l., áður en þingi lýkur. Sum ákvæði frv. eru alveg án efa til verulegra bóta fyrir þann aðila, sem þau vissulega snerta mikið, en það eru hafnarsjóðirnir og hin einstöku sveitarfélög, þó að með öðrum ákvæðum í frv., eins og það var lagt fram, hafi verið nokkuð gengið á rétt þessa aðila, að því er talið er, a. m. k. af þeim mönnum, sem með sveitarstjórnarmál hafa farið. Kostir frv. eru að sjálfsögðu sú hækkun, sem fram kemur í 6. gr. þess, á framlagi ríkissjóðs til einstakra þátta hafnarmálanna, svo og fyrirhuguð efling hafnabótasjóðs. Ég tel, að það geti orkað nokkuð tvímælis, hvort hækkunin skuli vera eins og sagt er til í frv., þ. e. að þátttaka ríkissjóðs skuli vera 75% í einstökum þáttum hafnarframkvæmdanna og 40% í öðrum, eða hvort hækkunin hefði átt að vera almennari á alla liði framkvæmdanna. N. taldi ekki ástæðu og ekki tíma til þess að koma með neina breytingu um þetta atriði, því að til þess hefði þurft allvíðtæka útreikninga, þar sem sú hækkun, sem þarna er gerð, snertir verulega fjárhag ríkisins. Hækkunin úr 40% upp í 75% er á tveimur liðum framkvæmdanna, þ. e. annars vegar til byggingar hafnargarða og hins vegar til dýpkunar hafna. Eins og aðstaðan er í dag, má vel vera, að hækkun framlagsins til byggingar hafnargarða komi kannske ekki beint að miklum notum, þar sem ég hygg, að flestar hafnir hafi þegar mótað utasta hring hafnarsvæðanna, en upp á framtíðina er þetta án efa mikil trygging fyrir þær hafnir, sem þurfa að byggja hafnargarða, því að það verða sennilega dýrustu framkvæmdirnar við hverja höfn. Hinn þátturinn, sú hækkun, sem fyrirhuguð er til hafnardýpkunar, kemur mun fleiri höfnum að notum, því að flestar hafnir þarf að dýpka vegna stækkandi báta og skipa, sem til hafnanna leita, og einnig að halda þeirra dýpkun við, þannig að ég hygg, að ákvæðið um hækkun framlags til dýpkunar hafnanna komi mörgum höfnum að mjög góðum notum.

Það sem ég tel, að hafi mátt finna að frv., er sú stefnubreyting, sem mjög greinilega kemur fram í 3. gr. þess, þar sem horfið er frá því ákvæði, sem nú er í gildandi hafnalögum, að hafnarsjóðirnir sjálfir skuli annast framkvæmdirnar undir yfirstjórn vitamálaskrifstofunnar og þess rn., sem hún heyrir undir, en gert ráð fyrir því, að hafnamálastofnun ríkisins annist allar hafnaframkvæmdir, sem styrktar eru af ríkisfé. Þetta er veruleg breyting frá því, sem áður hefur verið, og þetta tel ég vera algera stefnubreytingu, sem ég hygg, að mjög hefði verið umdeild meðal forráðamanna sveitarfélaganna, en n. var sammála um að færa þetta í það horf, eins og fram kemur í till. hennar og frsm. hefur gert grein fyrir, að allar hafnarframkvæmdir, sem aðeins eru styrktar með 40% framlagi, skuli áfram vera í höndum hinna ýmsu hafnarstjórna, að sjálfsögðu eins og áður var undir yfirumsjón hafnamálastofnunarinnar, en aftur þær framkvæmdir, sem styrktar eru með 75% framlagi, skuli vera í höndum hafnamálastofnunarinnar einnar, ef hún ekki óskar þess að fela hafnarstjórnum, sem þar eiga hlut að máli, þessar framkvæmdir einnig, eða þá öðrum aðilum, sem hún tel-

ur, að aðstöðu hafi til þessara framkvæmda. Ég tel, að út af fyrir sig sé það eðlilegt og að sveitarfélögin geti ekki haft á móti því, að hafnamálastofnunin hafi aðstöðu til að annast þær framkvæmdir, sem ríkið greiðir að 3/4 hlutum, ef hún telur það heppilegra. Nokkrar aðrar greinar frv. ganga, að telja verður, verulega á rétt sveitarfélaganna til framkvæmda og binda hendur þeirra að öðru leyti umfram það, sem nú er í gildandi hafnalögum. Ég hygg þó, að þær breytingar, sem fram koma frá n. á þskj. 515, verði til þess, að sveitarfélögin geti eftir atvikum sætt sig við frv. eins og það er, þótt telja megi e. t. v., að of langt hafi verið gengið inn á valdsvið þeirra. Og ég tel, að jafnvel þótt eitthvað sé kannske að þeirra dómi út á frv. að setja að þessu leyti, þá sé þarna stigið svo veigamikið spor til lagfæringar og til þess að auka framlag ríkisins og koma til móts við þau að því leyti, að þau muni, eins og ég sagði, eftir atvikum geta sætt sig við frv. eins og það verður, ef till. n. verða samþykktar.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Norðurl. e., og einnig fyrri flm. minni hl. sjútvn., hv. 5. þm. Norðurl. e., hafa báðir nokkuð rætt um þær breytingar, sem gerðar eru á hafnabótasjóði og aðstöðu hans með frv., og telja báðir, að þó að þeir hafi út af fyrir sig getað fylgt því að leggja niður eða fella niður úr frv. þann tekjustofn, sem þar var ákveðinn undir 2. tölul. 20. gr., þá verði fé hans með því móti of lítið, og hafa þeir flutt brtt. um hækkað framlag úr ríkissjóði. Að sjálfsögðu mundu allir óska þess, að fé sjóðsins yrði sem mest, þannig að hann gæti orðið sem sterkastur bakhjarl þeirra hafna, sem l. gera ráð fyrir, að til hans þurfi að leita, en eins og ég sagði, varð samkomulag um það í n., að fella þennan tekjulið niður. Það koma tímar síðar, til þess að Alþ. og einstökum hv. þm. gefist kostur á að fá þessu breytt aftur, ef þeir geta bent á einhvern tekjustofn til handa hafnabótasjóði, sem Alþ. getur orðið sammála um. En ég hygg, að þeir geri þó allt of mikið úr því, að þetta skerði um of aðstöðu hafnabótasjóðs, því hún er vissulega verulega aukin, enda þótt þetta ákvæði verði fellt út úr frv. Það er gert ráð fyrir, að framlag ríkisins hækki allverulega til hafnabótasjóðs, og einnig er í 21. gr. gert ráð fyrir heimild til lántöku, allt að 350 millj. kr., til handa sjóðnum. Það er skoðun mín, að hvort tveggja muni verka mjög til hagræðis fyrir sjóðinn og gera honum mun betur kleift eftirleiðis heldur en hingað til að sinna því verkefni, sem honum er ætlað.

Ég skal svo, herra forseti, ekki tefja þessar umræður lengur, en ég vil láta það koma hér fram, að ég tel, að ef till. þær, sem sjútvn. sameiginlega flytur, ná fram að ganga, muni frv. í heild verða hinum ýmsu hafnarstjórnum úti í dreifbýlinu mjög til hagræðis, greiða fyrir uppbyggingu hafnanna og gera þeim mönnum, sem vinna að því, starfið léttara eftirleiðis heldur en það hefur verið hingað til. Uppbygging hafna víða um land hefur hvílt mjög þungt ekki einasta á hafnarsjóðunum, heldur einnig á hinum ýmsu sveitarfélögum og ber að fagna þeim skrefum, sem Alþ. stígur til úrbóta í þeim efnum. Ég tel, að þetta frv., eins og það væntanlega verður, miði í þessa átt.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það voru aðeins fáein orð til skýringar á ýmsu því, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. beindi til mín.

Hann ræddi um gildistöku l. og taldi, að réttast væri, að þau tækju gildi nú þegar, en ekki 1. jan. 1968, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég hygg nú, að þetta skipti ekki miklu máli. Ef frv. nær fram að ganga núna, þá verður við undirbúning fjárlaga næsta árs unnið skv. því, enda þótt l. taki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1968. En það er að sjálfsögðu meginatriðið, að Alþ. afgreiði frv., þannig að hægt sé að hafa hliðsjón af því við undirbúning næstu fjárlaga, sem venjulega byrjar, að mér skilst, í maímánuði.

Hv. þm. beindi þeirri fyrirspurn til mín, á hverju ég byggði þau ummæli, sem hann taldi mig hafa viðhaft, að frv., ef samþ. yrði, ætti að verða til þess, að ríkissjóður greiddi framlög sín jafnóðum. Ég hygg, að ég hafi ekki notað svona sterkt orðalag um þetta atriði, og það sem ég sagði um það, byggi ég á því, sem fram kemur í grg. frv., á 8. síðu, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá mundi það bæta mjög aðstöðu hafnanna, ef ríkissjóður greiddi sinn hluta kostnaðar jafnóðum og til hans er stofnað. Gerir frv. ráð fyrir, að gerðar séu áætlanir um hafnarframkvæmdir til fjögurra ára og þær lagðar fyrir Alþingi. Yrði þá að ganga út frá því, að fjárveitingum yrði hagað í samræmi við áætlunina, og ætti því ekki að koma til þess, að inneign myndaðist hjá ríkissjóði.“

Þetta er sem sé aðalstefnumiðið, hvað þetta snertir, með áætlunargerðinni. Af ástæðum, sem ég hygg að ég hafi minnzt á í framsöguræðu minni, er varla hægt að gera þessa áætlun fyrir hafnirnar úr garði á sama hátt og t. d. vegaáætlun, af því að fleiri aðilar leggja fram fé til hafnanna heldur en ríkissjóður einn.

Þannig getur áætlunin sem slík naumast haft lagagildi, eins og er í reynd um vegaáætlunina. Áætlunin getur fyrst og fremst orðið til leiðbeiningar, eftir að Alþ. hefur fjallað um hana, eins og frv. gerir ráð fyrir, eða þau höfuðdrög, sem lögð verða með áætluninni. Verður þá að ætla, að í framhaldi af því verði nokkurn veginn a. m. k. farið eftir áætluninni og þá reynt að fylgja þeirri reglu, sem þarna er talað um, að ríkissjóður greiði sinn hluta af framkvæmdunum jafnóðum.

Þá beindi hv. 3. þm. Norðurl. e. til mín fyrirspurn varðandi orðalag í 1. tölul. 6. gr., þar sem sjútvn. hefur í raun og veru í till. sinni snúið við því orðalagi, sem er í frv. Ég skal nú játa að það getur vel verið, að með þessu orðalagi, sem n. leggur til, sé þarna ekki nægilega skýrt fram tekið, hvað fyrir okkur vakir, en

þó hygg ég, að þetta geti varla valdið erfiðleikum í framkvæmd. Eins og hv. 3. þm. gat réttilega um, eru sumir hafnargarðar þannig byggðir, að ekki er hægt að hafa neitt viðlegupláss við þá, og þá er ótvírætt, að til slíkra hafnargarða greiðir ríkið 75%. Aðrir hafnargarðar eru aftur á móti þannig, að e. t. v. er grjóti hlaðið utan við þá, en innan á þeim er annaðhvort stálþil eða trébryggja. Þá hygg ég, að í þeim tilfellum, þar sem um er að ræða stálþil — eða steinsteypta veggi, eins og verið getur í sumum tilfellum, — þá yrði það talinn óaðskiljanlegur hluti af öldubrjótnum eða varnargarðinum og þau mannvirki talin fullkomlega styrkhæf. Aftur á móti mundi varla vera hægt að minu áliti að telja trébryggjur, sem byggðar væru innan á slíkum garði, styrkhæfar til 75% framlags, því auðvitað mætti þá halda áfram í það óendanlega. Maður gæti þá hugsað sér að byggja slíkar bryggjur þannig, að þær væru í einhverjum tengslum við garðinn, hvort sem þörf væri á þeim í sambandi við það mannvirki sem slíkt eða ekki.

Í sambandi við þessa sömu grein var spurt, hvernig stæði á síðustu málsgr. hennar: „Hluti ríkissjóðs í kostnaði við hafnargerðir skv. l. þessum greiðist eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum". Ég skal játa, að við ræddum þetta ekki sérstaklega í sjútvn., og má vera, að þetta sé raunar óþarft. Það leiðir nokkurn veginn af sjálfu sér, að ekki er hægt að greiða hluta ríkissjóðs til hafnarframkvæmda, frekar en til annarra framkvæmda, fyrr en fé hefur verið veitt til þeirra í fjárlögunum. En í 7. tölul. 5. gr. er líka ákvæði, sem e. t. v. gerir þennan málsl. í 6. gr. óþarfan, því að þar er tekið fram, að sem skilyrði fyrir greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs og fyrir ábyrgð ríkissjóðs á láni þurfi að hafa verið byrjað að veita fé til hafnargerðarinnar á fjárlögum, áður en hún er hafin. Þetta ákvæði í 5. gr. mun eiga rætur að rekja til frv. þess, sem atvinnutækjan. samdi á sínum tíma, og sú n. mun hafa sett þetta ákvæði í stað þeirrar upptalningar, sem var í eldri hafnalögum á nöfnum þeirra staða, sem skyldu njóta styrks til hafnargerðar.

Eitt af veigameiri atriðum, sem hv. minni hl. hefur ekki fengið fram í sambandi við þær breyt., sem sjútvn. hefur gert á frv., er tillaga um sjálfskuldarábyrgð í stað einfaldrar ábyrgðar. Um þetta vildi ég aðeins segja, að þó að við gerum ráð fyrir einfaldri ábyrgð í frv., eins og það liggur fyrir, og eins og meiri hl. sjútvn. vill afgreiða það, þá hygg ég að það muni ekki valda hafnarsjóðunum neinum örðugleikum. Meðan ekki hafa verið um þetta önnur ákvæði í gildi en þau, sem nú eru í l. um ríkisábyrgðasjóð, er mér kunnugt um, að í sambandi við lántökur hjá atvinnuleysistryggingasjóði eða Tryggingastofnun ríkisins hefur komið til nokkurra árekstra við ríkisábyrgðasjóð út af þessu, en þetta mun nú hafa verið leyst á þann veg, að ríkisábyrgðasjóður skrifar upp á lánsskjöl frá Tryggingastofnuninni eða atvinnuleysistryggingasjóðnum sem um venjulega einfalda ábyrgð væri að ræða, en með viðbótarklásúlu þó, sem í raun og veru mun jafngilda sjálfskuldarábyrgð. Þannig hefur þetta upp á síðkastið verið í framkvæmd, og ég hygg, að þótt þarna sé gert ráð fyrir einfaldri ábyrgð í frv., þá komi það ekki að sök, ef áfram verður fylgt þessari reglu, sem fjmrn. og þessar sjóðstjórnir hafa komið sér saman um. Sýnir þetta, að það er ekki alveg eins fast haldið á „princípunum" í fjmrn., eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. vildi vera láta.

Þar með hygg ég, að ég hafi svarað flestum athugasemdum hv. 3. þm. Norðurl. e., a. m. k. þeim, sem mestu máli skipta.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þegar frv. þessu var útbýtt hér á hæstv. Alþ., voru ekki beint glæsilegar horfur um það, hvernig þessum málum ætti að skipa í framtíðinni. Frv. var þannig úr garði gert, að það var óneitanlega í veigamiklum atriðum afturför frá því, sem áður var. En ég verð að segja, að ég tel, að hv. sjútvn. hafi unnið mjög vel að þessu máli. Svo veigamiklar breytingar á þessu frv. eiga væntanlega eftir að verða samþykktar með brtt. frá n., að það er orðið að verulegu leyti annað plagg. Því er að vísu ekki að neita, að það er að mínum dómi og sjálfsagt margra annarra gallað enn og þyrfti að vera á annan veg að ýmsu leyti. En ég minni sérstaklega á 5. brtt. n. við 6. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að ríkið skuli afdráttarlaust leggja fram 40% og í öðrum tilfellum 75% af byggingarkostnaði hafna. Þetta er það mikils virði, að mínum dómi, að ég fagna því alveg sérstaklega. Svo er ástatt í ýmsum landshlutum, að höfuðatvinnuvegur íbúanna er sjósóknin, fiskveiðarnar, en grundvöllurinn að þeim eru fyrst og fremst hafnirnar. Hið sama gildir um allar samgöngur og siglingar. Jafnframt þarf reyndar ekki að minna á, að ástandið í þessu efni, að óbreyttum l., er mjög ískyggilegt. Menn efast sennilega ekki um, að ýmsar hafnir voru svo að segja í þrotum með sinn fjárhag, ef ekki hefði nú verið breytt til með löggjöf. Og eftir að þetta ágæta samkomulag hefur náðst í sjútvn., þá vil ég lýsa sérstakri ánægju minni yfir þessum árangri. Ég fagna því, að þetta mál hefur komið fram, ef það verður afgreitt í aðalatriðum eins og þessar brtt. sjútvn. eru, þrátt fyrir það, að ýmsir ágallar eru enn, sem þyrfti að bæta úr. Það er nú svo, þegar ágreiningur er um mál, þá fá aldrei allir allt, en hér hefur sannarlega mikið áunnizt og meira en ég bjóst við í fyrstu, og ég er þakklátur sjútvn. fyrir hversu mjög hún hefur unnið að endurbótum á þessu frv., sem er svo þýðingarmikið fyrir öll sjávarpláss í þessu landi og þann höfuðatvinnuveg, sem fólkið lifir á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 515,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 515,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 516,1 felld með 18:15 atkv.
— 515,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 515,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 515,5.a samþ. með 25 shlj. atkv.
— 516,2 felld með 18:16 atkv.
— 515,5.b samþ. með 31 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 516,3 felld með 18:15 atkv.
— 515,6 samþ. með 28 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 515,7 (ný 8. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 515,8 samþ. með 29 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 515,9 samþ. með 27 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 515,10 samþ. með 30 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 515,11 samþ. með 28 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 515,12 samþ. með 30 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 515,13 samþ. með 29 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
17.—18. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 515,14 samþ. með 31 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 516,4.a felld með 16:16 atkv.
Brtt. 515,15 samþ. með 25 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 516,4.b tekin aftur.
21.—24. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 515,16 samþ. með 24 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
26.—28. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 515,17 samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 523).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Ég þarf fyrir hönd sjútvn. að bera fram skrifl. brtt. og fara fram á það við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir henni. Er þarna aðeins um að ræða lítilfjörlega leiðréttingu á einni þeirra breytinga, sem hv. d. samþykkti á frv. til hafnalaga á fundi sínum í gærkvöld. Breytingin er við 11. gr. frv., þar sem segir svo eftir breytingu, sem háttv. d. gerði í gærkvöld:

„Sveitarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans samkv. till. hafnarstjórnar".

Breytingin, sem n. ber nú fram, er í því fólgin, að í staðinn fyrir orðið „samkv." í umræddri mgr. komi: „að fengnum", og þá hljóðar þetta þannig:

„Sveitarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans að fengnum till. hafnarstjórnar".

Allir nm. hv. sjútvn. eru sammála þessari breytingu, og ber ég hana fram í umboði n.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 543) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja til muna þessar umr., enda eru þær nú nokkrar orðnar, sérstaklega við 2. umr. þessa máls. Nú, þegar frv. er komið til 3. umr., hefur það tekið allmiklum breytingum síðan það var lagt fram hér við 1. umr. Samþ. hafa verið till. sjútvn., sem bornar voru fram við 2. umr. og lít ég svo á, að þær séu a. m. k. yfirleitt til bóta. Hins vegar voru því miður við 2. umr. felldar brtt., sem ég hefði talið mjög til bóta að samþykkja. Það hefur verið fellt, að ábyrgð ríkissjóðs vegna hafnarlána megi vera sjálfskuldarábyrgð. Það hefur verið fellt að fjölga þeim mannvirkjum, sem talin eru til hafnargerða, sem ríkisframlags njóta. Það hefur verið fellt að hækka ríkisframlag út á eina aðalafgreiðslubryggju upp að 150 m að lengd úr 40% í 60% og sömuleiðis að hækka ríkisframlag út á bátakvíar á sama hátt úr 40% í 60%. Þetta var hvort tveggja fellt við 2. umr. Þá var einnig felld sú till. minni hl. n. að hækka ríkisframlag til hafnabótasjóðs úr 8 millj. í 20 millj., þannig að eftir að búið er að fella hafnabótasjóðsgjaldið niður, eru árlegar tekjur þessa sjóðs ekki nema 8 millj. Það hefur einnig verið fellt, að kostnað vegna lóða- eða landkaupa megi telja til hafnargerðarkostnaðar. En hins vegar er í frv. lögð sú skylda á hafnarsjóði að eignast land undir hafnarmannvirki, og er það eitt af skilyrðunum til þess að hafnarmannvirki séu styrkhæf. Þessar till., sem ég hef talið til bóta og sumar mjög mikils verðar, voru allar felldar við 2. umr. Samt er það svo, að þegar ég nú met þetta frv., eins og það liggur fyrir við 3. umr., kemst ég að þeirri niðurstöðu, að á því séu miðað við gildandi hafnalög bæði kostir og gallar. Sumt horfir til bóta, en sums staðar er um afturför að ræða. Þegar ég ber þetta saman, kemst ég að þeirri niðurstöðu, að kostirnir vegi þó öllu meira en gallarnir. Þess vegna mun ég fylgja þessu frv. við lokaatkvgr. hér í d., eins og það nú liggur fyrir. En ég teldi æskilegt, að hafnarsjóðirnir fengju strax að njóta þeirra hlunninda, sem frv. felur í sér, og að vísu mættu vera meiri. Því er það, að ég leyfi mér að leggja hér fram ásamt hv. 3.

þm. Vestf. skrifl. brtt. við 28. gr. frv. um það, að gr. orðist svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi". En í greininni segir, að l. öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 1968. Það er í raun og veru vandséð, ef það er alvara manna að láta l. ekki öðlast gildi fyrr en um næstu áramót, hvers vegna þá er lagt kapp á að afgreiða málið nú í þinglokin, hvers vegna það er þá ekki látið bíða þingsins í haust. Ef það væri lagt fram þá í þingbyrjun og sérstaklega ef þá væri búið að ná um það víðtækara samkomulagi en hefur náðst, ætti að vera hægt að afgreiða það fyrir áramót, og kæmi þá í sama stað niður. En þetta að draga svona að láta l. taka gildi þýðir það, að þau mannvirki, sem unnið verður að í höfnunum í sumar og ættu að koma undir hækkað ríkisframlag, njóta þess ekki. Það sýnist mér óþarfi, eftir að búið er að afgreiða l., að þau taki ekki til þeirra mannvirkja, sem gerð verða eftir að l. hafa verið samþ. á Alþ. og ég á erfitt með að skilja það, hvað málinu þá lá á í raun og veru, ef það átti ekki að taka gildi fyrr en næsta Alþ. er búið að sitja í nokkra mánuði. Þetta vildum við flm. biðja menn að athuga. Svo leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta hina skrifl. brtt. og biðja hann að leita afbrigða fyrir henni. Skal ég svo ekki lengja mál mitt um þetta frv.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 544) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í tilefni af þeirri skrifl. brtt., sem hv. síðasti ræðumaður bar hér fram, vil ég aðeins minna á það, svo sem ég gat um í minni framsöguræðu og hélt, að hefði verið nægjanlega undirstrikað þar, að ástæðan til að frv. þetta er lagt fram nú, þó að seint sé á þinginu og áherzla á það lögð, að það verði afgreitt nú, er fyrst og fremst til komin af því ákvæði, sem nú er eitt eftir af tekjuliðum frv., eins og það er nú orðið, þ. e. a. s. ríkisframlagi, að eðlilegast væri, að það lægi fyrir þegar við samningu fjárl. næsta sumar hver fjárþörf í því efni er. Þetta undirstrikaði ég mjög í minni framsöguræðu og tel, að það sé nægjanlegt svar við þeirri fsp., sem óbeint kom fram í framsögu hv. þm. fyrir þessari brtt., hvers vegna frv. væri þá lagt fram nú og áherzla lögð á afgreiðslu þess. Það er einmitt vegna þess, að fjárlög eru samin að sumri til og eðlilegt, að sá hluti, sem ríkið á að standa ábyrgt fyrir í hafnarmálum sem öðru, liggi þá fyrir. Þetta er ástæðan til þess, að frv. var lagt fram, auk þess, sem því var yfir lýst að ósk þessa hv. þm. á síðasta þingi, að nýtt hafnalagafrv. mundi verða lagt fyrir þetta þing. Þessar skýringar vona ég, að nægi til þess að skýra það, að það er eðlilegt, að jafnstór fjárhagsleg aðstoð, sem hugsað er, að ríkið veiti í þessum efnum, liggi fyrir þegar við upphaf samningar nýrra fjárlaga.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Svar hæstv. ráðh. hér áðan er ekki nægilegt. Það hefur sem sé komið fyrir oftar en einu sinni, að hæstv. ríkisstj. hefur lagt lagafrv. fyrir Alþ., sem hafa haft í för með sér útgjöld, og jafnframt tekið upp í fjárlagafrv. till. um fjárframlög vegna þessara frv., þó að þau hafi ekki verið orðin að l. Það er ekki óeðlileg aðferð og það gæti hún eins gert í sambandi við þetta frv.

ATKVGR.
Brtt. 543 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 544 felld með 18:14 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 546).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það til nýrra hafnalaga, sem hér er nú til 1. umr., hefur verið afgr. frá hæstv. Nd. með nokkrum breyt., sem samkomulag varð þar um, en auk þess voru fram bornar nokkrar fleiri brtt. við frv., sem ekki náðu fram að ganga.
Það var einróma álit manna, sem ræddu málið í Nd., að hér væri um verulegar bætur að ræða frá gildandi l., þó að mönnum sýndist, að ýmislegt mætti vera með öðrum hætti.
Það er rétt, að aðdragandi þessa máls hefur verið alllangur, þó að meðferðartími Alþ. sé mjög takmarkaður, en reynt var af ráðuneytisins hálfu að koma því þannig fyrir, að hv. alþm. gæfist þó tóm til þess í hluta af páskaleyfinu að yfirfara frv. og það sent sem handrit og trúnaðarmál til allra alþm. 5 dögum fyrir samkomudag Alþ. eftir páskaleyfið.
Ég vil nú ekki, vegna þess hvað miklar opinberar umr. hafa orðið um málið undir meðferð þess nú á Alþ. og í dagblöðum, teygja lopann með því að upphefja hér langa framsöguræðu um málið. Höfuðatriði frv. eða höfuðbreytingar frá gildandi l. eru einkum þær, að gert er ráð fyrir, að ytri hafnargarðar, sem mynda hafnirnar, fái verulega aukna aðstoð ríkisins, eða úr 40% í 75%, eins og gert er ráð fyrir hér, en innri bygging hafnanna verði áfram bundin við 40%. Þetta kemur sér sérstaklega vel fyrir þær hafnir, sem erfiðast hafa átt uppdráttar og vonlausastar hafa verið með að geta staðið undir eigin fjárhagsafkomu. Þá eru enn fremur gerðar breyt. á tekjuöflun til hafnabótasjóðs, og í 18. gr. frv. er gert ráð fyrir, eftir því sem mér skildist á umr., þó að kannske nokkuð annað mætti ráða hér af orðalagi 19. gr. frv., að fjvn. Alþ. verði til ráðuneytis og hafi ákvörðunarrétt um 3. tölul. þeirrar gr.,

þ. e. að sjóðnum sé heimilt að styrkja hafnarsjóði, sem eiga við sérstaka fjárhagsörðugleika að stríða, vegna erfiðrar aðstöðu og dýrrar mannvirkjagerðar. Við umr. í Nd. var lögð á það mikil áherzla af mörgum hv. alþm., að framkvæmd þessa liðar yrði í samráði og samstarfi við fjvn. eða með samþ. hennar. Aðrar smærri breyt., sem á frv. voru gerðar, skýra sig það vel sjálfar, að ég tel óþarft að rekja það efni öllu frekar.

Á síðasta stigi málsins í Nd. kom fram ósk um það, að í stað gildistöku laganna 1. jan. 1968, eins og í frv. er, verði gildistökutímanum breytt þannig, að 1. ödlist þegar gildi. Ástæðan til þess, að þessi gildistími var ákveðinn af þeirri n., sem unnið hefur að málinu og að miklu leyti vann á svipuðum nótum, ef svo má segja, og atvinnutækjanefnd hafði áður unnið að undirbúningi hliðstæðs frv., er sú, að hér er gert ráð fyrir allverulega hækkuðu ríkisframlagi til hafna, þannig að eðlilegt þykir, að þetta liggi fyrir áður en hafin er samning fjárlaga, enda í ýmsum atriðum nauðsynlegt, að nokkur aðdragandi sé að þeim breyttu vinnubrögðum, sem frv. gerir ráð fyrir. Með hliðsjón af því, að sjútvn. beggja d. hafa haft samstarf um undirbúning málsins og að í samráði við n. hafa verið gerðar þær breyt., sem á frv. hafa verið gerðar, tel ég ekki ástæðu til að hafa þessi orð mín fleiri, nema sérstakt tilefni gefist til og vona, að við getum orðið sammála um, að hér sé um svo umtalsverðar breytingar að ræða, að nauðsynlegt sé, að frv. nái fram að ganga og afgr. málsins í n. verði hraðað svo sem kostur er, þar sem svo skammt er eftir af þingtímanum, sem ætla verður nú, á hvern veg, sem þau mál kunna að skipast. En ég legg sem sagt áherzlu á það, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Ýmsum fleiri atriðum teldu menn e. t. v. þurfa að breyta, og er það opið síðar, en a. m. k. með tilliti til fjárlaga er nauðsynlegt að frv. nái fram að ganga nú. Eins kynnu ýmsar hafnir að vilja haga framkvæmdum sínum nokkuð á annan veg, ef frv. yrði samþ. núna, en þær hafa gert og mundu gera, ef óbreytt starfsskilyrði yrðu fyrir þær. Það hefur þegar komið fram, að tvær eða þrjár hafnir úti á landi óski eftir að fresta vissum hluta af sínum framkvæmdum og leggja áherzlu á annað með hliðsjón af gildistöku þessara laga. Einnig þarf vita- og hafnamálastjórnin, sem falið er hér aukið verkefni, að hafa nokkurn aðdraganda til að mæta þeim skyldum, sem á herðar hennar hafa verið lagðar. Herra forseti, ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 546, n. 576, 574).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Þetta frv. til hafnal., sem hér er til umr., hefur sjútvn. haft til athugunar og skilað um það áliti á sérstöku þskj. Eins og fram kemur í nál., var sá háttur á hafður með vinnubrögð við málið, að fyrst voru haldnir sameiginlegir fundir í sjútvn. beggja þd., en á þeim fundum mætti hafnamálastjóri og framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga einnig. Það kom fram á þessum fundum, að framkvæmdastjóra sveitarfélaganna fannst tíminn til afgreiðslu málsins mjög naumur, þar sem ekki var unnt að leita umsagnar hinna ýmsu sveitarfélaga um málið. Það var hins vegar mat nm., að ef unnt væri að fá samstöðu um breyt. á frv., væri það verulegur ávinningur, að málið næði fram að ganga. Eftir nokkrar umr. á hinum sameiginlegu fundum n. um málið kom í ljós, að möguleikar voru fyrir hendi um breyt. á frv., sem nm. gátu sætt sig við, þótt hitt verði að viðurkenna, að þær breyt., sem lúta að tekjuöflun hafnabótasjóðs og gerðar hafa verið á frv., veikja verulega grundvöllinn undir framkvæmdunum. Segja má, að þá hlið málsins megi taka til nánari athugunar og afgreiðslu á komandi hausti, þegar Alþ. kemur saman á ný. Fyrir utan þessa breyt. á frv., er um önnur veigamikil atriði að ræða, sem samstaða náðist um að breyta. Við 8. gr. var t. d. fellt burtu þar sem sagði, að allt að 75% og allt að 40% stofnkostnaðar skuli greiða. Ég tel, að það sé betra að hafa hér ákveðin mörk og ljóst sé þá fyrirfram, hver hluti ríkisins verði í framkvæmdinni. Ýmsar fleiri breyt. voru gerðar á frv. í Nd., sem ég tel, að séu til bóta, en sem ég tel þó ekki ástæðu til að orðlengja frekar um. Enda þótt n. skiladi sameiginlega áliti um frv., höfðu tveir nm., þeir hv. 6. þm. Sunnl. og hv. 3. þm. Norðurl. v., fyrirvara um að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við málið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta, en legg til, að frv. verði samþ. og því að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þetta er nú eitt af þeim frv. hæstv. ríkisstj., sem hefur orðið helzt til síðbúið, og þess vegna er það nú, að þinginu hefur gefizt heldur naumur tími til þess að athuga þetta mál. Og er þó ljóst af því, sem þegar hefur gerzt í málinu, að þess hefði ekki verið vanþörf, að þingið hefði fengið ríkulegan tíma til þess að athuga þetta mál, því að auðvitað er þetta stórmál og það snertir líka mjög marga aðila víðs vegar um landið. En það sýnir sig einmitt og kom glöggt í ljós af því, sem hv. frsm. sagði, að í meðförum Alþ., þó að það hefði nú ekki gefizt meiri tími heldur en raun ber vitni til þess að

fjalla um málið, — hafa verið gerðar mjög stórkostlegar og víðtækar breyt. á málinu. Ég er sammála hv. frsm. um það, að þær breyt. eru til bóta. Þær breyt. eru til stórbóta, því að eins og frv. var lagt fram, var það að öllu leyti óaðgengilegt. T. d. það ákvæði frv., sem hann einnig minntist á, að svo var ákveðið, að hlutur ríkissjóðs skyldi vera „allt að" en ekki neitt kveðið á um skyldur ríkisins til framlaga, þannig að það mátti í raun og veru segja, að lögboðin skylda ríkisins til þátttöku í hafnargerðum væri brottnumin og færi eftir ákvörðun hverju sinni. Þessu hefur verið breytt og það álít ég til stórbóta. Sömuleiðis var sú breyt. sem gerð var á frv. í hv. Nd., að fella niður hinn nýja skatt, sem fólst í þessu frv., vitaskuld til bóta, því að skattarnir eru nógu margir fyrir og ekki ástæða til að bæta einum við. Það er miklu þægilegri aðferð að innheimta skattana með færri sköttum heldur en nú er gert, kemur oftast nær í einn stað niður fyrir fólkið. Þetta er til bóta. Ég hefði fyrir mitt leyti talið æskilegra, að það hefði verið sett sérstök stjórn yfir hafnabótasjóð og hefði það verið í samræmi við það, sem venjulegt er um þvílíka sjóði. Það hefur nú ekki verið gert, en hins vegar fékkst sú breyting á í hv. Nd., að þar var mælt svo fyrir með þeirri breyt., sem gerð var á 19. gr., að fé hafnabótasjóðs megi ekki ráðstafa nema að fengnu samþykki fjvn. Alþ. Það liggur þannig alveg ljóst fyrir, að fjvn. Alþ. er í raun og veru sett upp sem stjórn þessa sjóðs og út af fyrir sig er það gott og gilt, nema hvað sá augljósi galli er á því, að fjvn. er ekki alltaf við látin og til staðar og að starfi og þess vegna hefði út af fyrir sig verið eðlilegra að mínum dómi, að það hefði verið sett sérstök stjórn fyrir sjóðinn, vegna þess að það er alveg ótvírætt eftir orðanna hljóðan á grein þessari — að samþykki fjvn. Alþ. er nauðsynlegt til hvers konar ráðstafana og fjárveitinga úr hafnabótasjóði. Ýmsar fleiri breyt. voru gerðar á frv. í Nd. þó að ég ræði þær ekki sérstaklega hér. Þær eru til bóta að mínum dómi.

Ástandið í hafnamálum er mjög bágborið. Það þarf ekki að rekja, að hafnirnar eru nauðsynlegustu mannvirki, sem hér á landi fyrir finnast. Víðast hvar er fjárhagur þeirra þannig, að þær eru allsendis ófærar um að standa undir nauðsynlegum hafnarbyggingarkostnaði. Þess vegna er þörf á því, að ríkið hlaupi hér meira undir bagga en gert hefur verið. Með þessum hafnalögum er að mínum dómi stigið spor í þá átt og þess vegna er ég fylgjandi þessu frv. En ég álít, að það hefði ekki komið að sök að athuga sumt nokkuð betur í þessu frv. og ég held, að það hafi verið alveg réttmæt ábending, sem kom fram af hálfu framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, að það hefði verið æskilegt, að svona mál sem þetta hefði verið sent til umsagnar sveitarfélögum. En til þess vinnst ekki tími, segir hæstv. ríkisstj. L. þarf að samþykkja nú. Það er annars athyglisvert og er ástæða til að vekja á því athygli, að löngum hefur sá háttur verið á hafður, þegar um viðamikla lagabálka er að ræða, að þeir hafa verið lagðir fram á þingi til athugunar og skoðunar, en ekki til þess ætlazt, að þeir væru afgreiddir á því sama þingi, heldur einmitt frestað á milli þinga, þannig að það gefist kostur á því að athuga málið hér og ræða það nánar. En þessi háttur er lítt í hávegum hafður nú. Nú er hvert stórmálið á fætur öðru lagt fram á síðustu dögum þingsins og lögð áherzla á að knýja þau fram, enda þótt þar sé um mál að ræða eins og orkulög, eins og hafnalög, eins og skólakostnaðarlög, allt lög, sem snerta menn mjög víðs vegar um land og snerta marga aðila og sem væri fyllsta ástæða til þess að leggja undir umsögn þeirra aðila, sem þessi mál snerta. En þetta er ekki hægt, segir hæstv. ríkisstj. Þetta er ekki hægt um þetta mál, það verður að samþykkjast strax. Gott og vel, við skulum samþykkja þetta mál strax, það er svo margt í því til bóta, enda þótt það komi sjálfsagt í ljós við frekari athugun á málinu, að sumu í því þurfi að breyta. En það á að gera það seinna. En ef það er þörf á því að samþykkja þetta nú, er sjálfsagt að láta það koma strax í gildi, láta l. öðlast strax gildi. En þetta frv., sem lögð er áherzla á að afgreiða nú þegar á þessu þingi, þó að stuttur tími gefist til athugunar, er þannig úr garði gert, að lögin eiga ekki að öðlast gildi fyrr en 1. janúar 1968.

Ég held, að ef l. eiga ekki að öðlast gildi fyrr en 1. janúar 1968, sé með öllu skaðlaust að fresta afgreiðslu frv. og samþykkt til næsta þings, til haustþingsins, því að þá liggur ekkert á. En eins og ég hef þegar sagt, lít ég svo á, þrátt fyrir vissa annmarka, sem enn felast í þessu frv. og ýmis atriði, sem að mínum dómi eru ekki nægilega skoðuð, sé þó að sumu leyti stigið spor fram á við og úr því að lögð er áherzla á að stíga það nú strax, vil ég fyrir mitt leyti ekki standa því í vegi, en þá er, eins og ég sagði, æskilegt og sjálfsagt að láta l. öðlast gildi strax, og þess vegna hef ég ásamt hv. 6. þm. Sunnl. leyft mér að flytja brtt. við 28. gr., að sú grein orðist þannig: „Lög þessi öðlast þegar gildi", í stað þess að l. er ekki ætlað að öðlast gildi fyrr en 1. janúar 1968. Við höfum í sjálfu sér kosið að gera fleiri brtt. við þetta frv., en það gefst ekki mikið ráðrúm til þess og við getum út af fyrir sig fallizt á það, að málið sé nú afgreitt eins og það er þó orðið með þeim stórfelldu breyt., sem það hefur tekið í Nd., en við teljum rétt, að það sjáist, hver alvara býr að baki með það að fá þetta samþ. nú og teljum sjálfsagt að breyta þessu á þá lund, sem felst í okkar brtt., að l. öðlist þegar gildi. Ég fæ ekki skilið, hvað hæstv. ríkisstj. og meiri hl. getur haft á móti þeirri brtt. Svo sjálfsögð er hún. Ef þessum l. er ætlað að fara að verka verulega á næsta ári, er auðvitað nauðsynlegt að taka tillit til þeirra við undirbúning fjárl. á þessu ári. En eigi að miða gildistöku þeirra við 1. janúar 1968, vekur það a. m. k. vissa tor-

tryggni um það, að það eigi ekki að taka tillit til þess fjárframlags úr ríkissjóði, sem þessi lög gera ráð fyrir, við gerð fjárl. fyrir 1968, því að vitanlega verða þau fjárlög undirbúin og afgreidd, ef allt er með felldu, á þessu ári, og þegar það skeður, verða þessi hafnalög samkv. fyrirmælum nú í 28. gr. ekki komin í gildi. Og það er a. m. k. hægt að hugsa sér það, að einhver vildi þá líta svo á, að það þyrfti ekki við gerð fjárl. að taka tillit til þeirra l., sem þá væru ekki enn komin í gildi. Það er a. m. k. í öllu falli réttara að taka af öll tvímæli um þetta. Við flytjum sem sagt ekki nema þessa einu brtt. Það er af mikilli hógværð gert og ég vænti þess, að þegar við förum svo hógværlega í sakirnar, geti meiri hl. fallizt á þessa litlu og saklausu brtt. okkar, sem er svo rökrétt sem verða má í framhaldi af því, að lögð er áherzla á að afgreiða málið nú á þessu þingi. Því að það sjá allir, að til þess er engin ástæða, ef l. er ekki ætlað að öðlast gildi fyrr en 1. janúar 1968. Þá er hægt að verða við óskum t. d. Sambands ísl. sveitarfélaga og fresta málinu og gefa kost á að ræða um það. Eins og ég sagði áðan, eru það viss atriði, sem við í sjálfu sér hefðum nú gjarnan viljað gera brtt. við, en sleppum. Þ. á m. bendi ég á ákvæði til bráðabirgða, þar sem stendur, að fyrsta fjögurra ára áætlunin um hafnarframkvæmdir skuli lögð fyrir reglulegt Alþ. haustið 1968 fyrir tímabilið 1969—1972. Ég fyrir mitt leyti hefði talið heppilegra, að þessu hefði verið fylgt eftir með öllu meiri hraða og það hefði verið ákveðið í þessu bráðabirgðaákvæði, að fyrsta áætlunin skyldi lögð fyrir Alþ. í haust og fjögurra ára áætlunin skyldi miðuð við 1968—1971, þannig að áætlunin gæti nú fallið saman við kjörtímabil. En af einhverjum ástæðum er nú þessu farið svo sem raun ber vitni, en við það höfum við ekki gert brtt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að tala frekar um mál þetta almennt, enda þótt til þess væri fyllsta ástæða, því að hér er vissulega um stórmál að tefla, sem ástæða væri fyrir Alþ. að verja ríkari tíma til heldur en það hefur átt kost á nú og því miður er það nú oft svo, að það er nokkuð misskipt. Það er kannske varið öllu meiri tíma til þess að fjalla um mál, sem eru minni háttar heldur en þvílík stórmál, sem við höfum verið að fjalla um og erum að fjalla um nú á síðasta eða næst síðasta degi þingsins.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Þetta atriði, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði hér að umtalsefni og sem hann flytur till. um, þ. e. gildistaka l., var rætt í n. Meiri hl. n. sá ekki ástæðu til þess að breyta þessu ákvæði. Hvort tveggja er, að það er liðið á þingið og stuttur tími til þess að láta mál ganga á milli d. og hins vegar, ef að því hefði verið horfið að breyta þessu, hefði verið nauðsynlegt að breyta öðru um leið og það er, hvenær gildistaka framkvæmdanna ætti sér stað, því að við sjáum það, að á yfirstandandi ári er ekki um neitt fjármagn að ræða til að mæta þeim auknu skuldbindingum, sem ríkissjóður tekur á sig með þessum l. og þess vegna hefði að mínu mati verið nauðsynlegt, að eitthvert slíkt ákvæði kæmi inn í l. jafnhliða. Ég sé ekki, að það skipti máli út af fyrir sig, þar sem l. er ekki ætlað að koma til framkvæmda með aukna styrki til hafnabygginga víðs vegar um landið fyrr heldur en eftir næstu áramót, þótt þau taki ekki fyrr gildi. Hitt er svo annað mál, að í sambandi við að byggja upp fjárlög fyrir næsta ár verður ekki horft fram hjá því, að ríkissjóður er búinn að taka á sig ákveðnar skuldbindingar, sem felast í þessum l., og verður því að taka tillit til þess, þegar fjárlög verða samin í sumar. Það má segja, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði áðan, að það væri nægur tími til þess að afgreiða þetta mál, þegar þing kæmi saman í haust til þess að ganga frá fjárl., en við vitum það af fyrri reynslu, að rammi fjárl. er nokkuð takmarkaður hverju sinni og ég tel, að hér sé um það stórar upphæðir að ræða til viðbótar því, sem áður var í fjárlögum til þessara mála, að það sé nauðsynlegt, að það liggi fyrir, þegar við uppbyggingu fjárl.

Það skiptir miklu máli líka að mínum dómi, að eftir að l. eru samþ., enda þótt þau taki ekki gildi fyrr en eftir næstu áramót, geta sveitarfélögin þegar farið að miða sínar áætlanir fram í tímann við það, sem þessi lög fela í sér, og eins og síðasti hv. ræðumaður tók fram, er hér vissulega um mjög veigamiklar breyt. að ræða til bóta fyrir þá, sem hér eiga hlut að máli.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar, vildi aðeins láta það koma fram, að þetta atriði var rætt í n., en meiri hl. n. sá ekki ástæðu til þess að fylgja þessari brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—27. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 574 felld með 9:8 atkv.
28. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Þetta er eitt þeirra meiri háttar mála, sem fara heldur hraðförum í gegnum hv. Alþ. nú hina síðustu daga þess. Þetta mál hafa hv. alþm. yfirleitt verið sammála um, að felur í sér allveigamiklar breyt. til bóta og þar af leiðandi hefur náðst samkomulag um afgreiðslu málsins í meginatriðum, þrátt fyrir það þótt margir hafi til þess fundið, að það hefur á engan hátt gef-

izt það tóm til þess að fjalla um þetta mikilvæga mál sem skyldi og skortir þar verulega á. En af hálfu hæstv. ríkisstj. hefur verið lagt á það allmikið kapp að koma þessu máli í höfn og ekki talið gerlegt að bíða með að afgreiða það þangað til á haustþingi, en þá virðist manni, að það skjóti nokkuð skökku við, þegar það á ekki að taka gildi fyrr en í byrjun næsta árs. Nú hefur verið reynt á það einu sinni við 2. umr., að það lá fyrir brtt. um það, að þessi lög öðluðust þegar gildi. Sú brtt. hefur verið felld. Nú vil ég prófa það, hversu mikil alvara er í rauninni með þetta mál, hvort það er bara ofurkapp svona fyrir kosningar að koma þessu máli fremur í höfn núna heldur en á haustþingi. Ég vil prófa það með því að leggja hér fram eina litla brtt. við 28. gr. frv., að gr. orðist svo:

„Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1967".

Og mér virðist, að það sé nokkur prófsteinn á það, hvort í rauninni sé einhver nauðsyn á því, að þetta mál nái endilega fram að ganga á þessu þingi eða ekki, hvort meiri hl. hv. þm. getur fallizt á þessa litlu till. eða ekki. Þessi till. mín er skrifleg og ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 612) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 612 felld með 11:6 atkv.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 626).

47. Síldarverksmiðjur ríkisins.

Á 66. fundi í Nd., 14. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins [198. mál] (stjfrv., A. 497).

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt að beiðni fjögurra samtaka, L.Í.Ú., Sjómannasambands Ísl., Farmannasambands Ísl. og Alþýðusambands Ísl. Efni frv. er ákaflega einfalt, sem sé það, að útvegsmenn fái einn fulltrúa til viðbótar við þá, sem fyrir eru í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, og að samtök sjómanna, sem eru innan hinna þriggja sambanda, er ég síðast nefndi, fái sameiginlega að kjósa eða tilnefna annan fulltrúa í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. Það er óþarft að skýra hv. þm. frá því, að mörg undanfarin ár hafa samtök sjómanna mjög eindregið óskað eftir því, og sérstaklega hafa þær kröfur komið upp í sambandi við ákvörðun um verðlagningu síldar árlega, að þeir ættu þarna atbeina stjórnaraðila. Nú nýlega hefur borizt formleg ósk frá þessum þremur samtökum um, að við þessu verði orðið. Ákvað ríkisstj. að leggja þetta mál fyrir Alþ. svo fljótt sem frv. fengist úr prentun, og því var nú útbýtt í morgun. Mér er það fullvel ljóst, að frv. er það seint fram komið á starfstíma þingsins að lítil sem engin von er um afgreiðslu málsins, nema um það geti orðið allsherjar samkomulag. Ég hygg, að menn greini heldur ekki á um það, að eðlilegt sé, að samtök þessara aðila eigi þarna stjórnaraðild, hvort sem mönnum kann að þykja tilnefningin vera frá réttum aðilum eða ekki. Ég hef nú orðið þess var, að ýmsir telja þarna æskilega beina aðild hins nýstofnaða félags síldarsjómanna, en mér er tjáð, að það hafi verið form. þeirra samtaka, sem flutti þessa till. í stjórn Farmannasambandsins, en þaðan er till. komin, svo að ég verð að trúa því, að till. sé flutt í fullu samráði og samstarfi við þetta nýstofnaða félag, þótt fyrirhuguð sé aðild þessara þriggja samtaka. Ég tel, að ekki sé þörf á að rekja efni þessa frv. frekar en gert er í grg., en vænti þess, að sú n., sem málið fær til meðferðar, vinni skjótlega að afgreiðslu þess, því að það er, eins og ég áðan sagði, algjör forsenda þess, að frv. nái fram að ganga, að sem víðtækust samstaða sé um það og að samstarf takist með sjútvn. beggja d.

Ég óska þess, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér finnst eðlilegt, að samtök útvegsmanna og sjómanna fái fulltrúa í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, eins og þeim málum nú er háttað, og það er aðalefni þess frv., sem hér liggur fyrir. Ég vil sem sagt mæla með því, að sá háttur verði upp tekinn. En ég vil taka fram, að maður áttar sig ekki rétt vel á því í fljótu bragði, hvernig heppilegast er að koma fyrir tilnefningu fyrir sjómenn. Þarna er gert ráð fyrir því, að þrír aðilar tilnefni, og ef þeir koma sér ekki saman, þá tilnefni ráðh. Mér finnst það þurfi að athuga þetta og þá sérstaklega í samráði við þau nýju samtök, sem hafa verið sett á fót og munu bera nafnið „Félag síldveiðisjómanna". Mér finnst þurfi að athuga sérstaklega: Í fyrsta lagi, hvort þetta ákvæði, sem hér er í frv., gæti orðið til þess, að sjómenn misstu af sínum fulltrúa og málið færðist í hendur ráðh. Í öðru lagi, hvort þetta, sem hér er stungið upp á, er í samræmi við óskir hins nýja félags, og hvort það kæmi til greina, að þetta nýja félag annaðist þetta.

Ég vil beina því til hv. n., sem fjallar um þetta, að kynna sér þessi atriði og grennslast eftir því, hvernig horfur eru á því, að sjómenn fái þarna raunverulega fulltrúa, valdið færist

ekki úr þeirra höndum. Það verði réttir aðilar, sem að þessu standa. En ég mæli með meginefni frv., þ. e. a. s. því, að fulltrúar verði í stjórninni bæði frá útvegsmönnum og sjómönnum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem hér hefur verið sagt, að ég tel ekki óeðlilegt, að bæði útvegsmenn og sjómenn fái beina aðild að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, og ég set mig ekki upp á móti því, en ég tel, að sá háttur, sem gert er ráð fyrir að hafa á með tilnefningu fulltrúa frá þessum aðilum, sé mjög óeðlilegur. Það var að vísu gert ráð fyrir því, að L.Í.Ú. tilnefni fulltrúa f.h. útgerðarmanna og það verður ekki fundinn þar annar aðili, sem er eðlilegri, en fulltrúi síldveiðisjómanna á að tilnefnast af Alþýðusambandi Ísl., Farmanna- og fiskimannasambandi Ísl. og Sjómannasambandi Ísl. Í fyrsta lagi þá er það nú svo, að það er vitanlega engin vissa fyrir því, að þessir þrír aðilar komi sér yfirleitt saman um það að tilnefna einn mann, og eru eins miklar líkur til þess, eins og þessi samtök eru saman sett, að þau komi sér ekki saman og þá sé þarna beinlínis verið að gera ráð fyrir því, að ráðh. geti fengið leyfi til að sækja þarna einn viðbótarmann. Ég er á móti slíku fyrir mitt leyti. Og enn þá óeðlilegra finnst mér þetta vera, þegar þess er gætt, að síldveiðisjómenn hafa einmitt stofnað með sér samtök, mjög fjölmenn samtök, og í þeim samtökum eru bæði yfir- og undirmenn og þeir einir, sem stunda einmitt síldveiðarnar og eiga hér beina hagsmuni að. Þessi samtök hafa samþykkt á mjög fjölmennum fundi að óska eftir því að fá aðild að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. En hér er hins vegar gert ráð fyrir því, að Alþýðusamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandið og Sjómannasamband Íslands, tilnefni fulltrúa sjómanna, en í þessum samtökum eru auðvitað fjölmargir aðrir aðilar, sem hafa hér litla eða enga hagsmunaaðild að, auk þess sem mjög erfitt er að búast við fullu samkomulagi þeirra á milli. Mér er að vísu sagt, að það muni vera samkomulag um tilnefningu manns að þessu sinni, en það réttlætir í rauninni ekki það fyrirkomulag, sem hér er verið að gera ráð fyrir. Ég tel fyrirkomulagið óeðlilegt og alveg greinilega móðgun við þau samtök, sem nýlega hafa verið stofnuð og gert hafa mjög ákveðna og skýra samþykkt um það að fá beina aðild að þessu, að tilnefna fulltrúa í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. Ég hefði því miklu frekar kosið, að þeir aðilar, sem hér eiga alveg beina aðild að og eru einir sér í samtökum, fengju þennan rétt, en það sé ekki verið að koma hér á tilnefningu þriggja aðila, sem ég fyrir mitt leyti efast mjög um, að yfirleitt mundu koma sér saman um það að tilnefna mann í þessa stjórn, þó það kunni svo sem að henda, að slíkt verði.

Þetta mál verður að sjálfsögðu athugað nánar í þeirri n., sem á að fjalla um það, og þó að ég telji, að þessi leið hefði verið langeðlilegust, að það hefði verið Félag síldveiðisjómanna, sem hefði fengið þennan rétt, þá kann að finnast einhver leið til þess að ná hér fram því, sem er aðalatriði þessa máls. Og skal ég svo ekki ræða það frekar á þessu stigi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvmrh. hefur gert grein fyrir þessu frv. og þarf engu við það að bæta. Hins vegar skal ég upplýsa það út af ræðum tveggja þm., sem nú hafa talað, að Alþýðusambandinu var send till. sú, sem tilgreind er hér í grg., og segir þar, að á fjölmennum fundi síldarsjómanna, sem haldinn var í nóv. s. l. á Reyðarfirði, var samþ. að óska eftir því, að samtök sjómanna og útvegsmanna fái aðild að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. Þessi samþykkt, sem þarna er um rætt, barst Alþýðusambandinu og sá, sem þá till. flutti Alþýðusambandinu, var Páll Guðmundsson, formaður samtaka síldarsjómanna, og óskaði eftir því, að aðildin yrði á þennan veg og þegar það dróst nokkuð, að þetta yrði afgreitt hjá þessum þrennum samtökum, þá man ég eftir því, að Páll Guðmundsson átti einmitt við mig viðtal í síma til þess að herða á því og láta í ljós áhuga sinn á því, að þetta fengist afgreitt, svo að það næði afgreiðslu á því Alþ., sem nú starfar, og var þá málið þegar í stað, einmitt að hans ósk, afgreitt frá Alþýðusambandinu. Hins vegar skal ég taka það fram, að mér hefði ekki þótt óeðlilegt, að aðildin að þessum tveimur viðbótarmönnum í stjórn síldarverksmiðjanna hefði verið frá L.Í.Ú. og t. d. Alþýðusambandinu. En núna eru menn held ég sammála um það, að þetta mál er einmitt tekið upp af síldarsjómönnum og gerð samþykkt um það á þeim sama fundi, sem þeir stofnuðu sín samtök á og ýtt á málið við þessi þrenn samtök af þeirra hendi, og þá fyndist okkur ekki óeðlilegt að kjósa forustumann þessara samtaka sameiginlega sem fulltrúa í síldarverksmiðjustjórnina, því að það eru þó síldarsjómennirnir einir, sem þarna eru að fara fram á að fá áhrif á sín hagsmunamál hjá verksmiðjunum.

Ég held því, að frv. sé að öllu leyti flutt af hæstv. ríkisstj. einmitt eins og samtökin, sem hér eru nefnd og eiga að fara með sameiginlega aðild, hafa komið sér saman um, að beiðni samtaka síldarsjómanna. Við tókum ekki málið upp.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil aðeins staðfesta þau orð hv. síðasta ræðumanns, að það eru forustumennirnir sjálfir úr hinum nýstofnuðu samtökum síldveiðisjómanna, sem hafa óskað eftir því, að þessi háttur væri á hafður, enda er það kannske eðlilegt, þegar þess er gætt, að þessi svonefndu samtök síldveiðisjómanna eru aðeins rúmlega mánaðar gömul og enn þá engin reynsla fengin á, hvern-

ig þeim takist að gegna sínu hlutverki. Ef þeim tekst það, þá álít ég, að þetta fyrirkomulag að skipun fulltrúa í stjórn síldarverksmiðjanna gangi einmitt að þeirra eigin óskum, eins og segir í lögum þeirra, en í 7. gr. þeirra laga segir, með leyfi hæstv. forseta: „að markmið þeirra m. a. sé að efla samvinnu þeirra stéttarfélaga, er taka til hinna ýmsu starfshópa um borð í síldveiðiskipum og samhæfa starfsemi þeirra í þjónustu sameiginlegra hagsmuna.“ Og við skulum ekki gleyma því, að þessi nýstofnuðu samtök eru ekki stéttarfélag í samræmi við ákvæði núverandi vinnulöggjafar, heldur hagsmunasamtök. Stéttarfélagasamtökunum er falið sameiginlega að skipa þennan fulltrúa og það er, eins og forseti Alþýðusambandsins benti réttilega á, fullur skilningur og samstaða meðal þeirra um að skipa þann mann, sem gegnir þessari trúnaðarstöðu að vera formaður þessara samtaka, til þess að taka þetta sæti fyrir þeirra hönd í stjórn síldarverksmiðjanna. Ég hefði haldið, að það þyrfti ekki að verða neinn ágreiningur út af þessu. Við þekkjum dæmi þess, að þessi þrenn samtök skipi mann til trúnaðarstarfa fyrir sín samtök sameiginlega, og bendi ég þar á verðlagsráðið, en þar eru það þessi þrenn samtök, sem skipa mann á víxl, ef til þarf, í yfirnefnd. Mér er ekki kunnugt um það, að nokkur ágreiningur hafi orðið á milli þeirra vegna þeirrar skipunar, og ég held einmitt, að sú þróun, sem orðið hefur á seinni árum í samskiptum þessara samtaka, bendi til þess, að það komi kannske enn síður til ágreinings á næstu árum en undanfarið, þótt hv. 5. þm. Austf. léti í það skína, að svo gæti farið. Það er einmitt það, að þessi nýju samtök, sem hér hefur verið vikið að, urðu til vegna úrelts skipulags hjá þeim samtökum, sem fyrir eru. Það hefur aldrei komið fram ósk frá þeim um að hin eldri samtök yrðu lögð niður eða vanmat á þeirra starfi í einu eða neinu. Hins vegar vildi ég halda því fram, að tilorðning þessa nýja félags eða samtaka stafi fyrst og fremst af því, að skipulagið og starfsemi þeirra er úrelt, og þar sem nú er að því unnið að reyna að ná fram breytingum á þessu skipulagi, þá held ég að síður sé ástæða til að ætla, að illa fari í samstarfi þessara samtaka í framtíðinni en fram til þessa.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður Hv. 5. þm. Vestf. hefur skýrt og skilmerkilega rakið aðdraganda þessa máls, en ástæðan til þess að ég stóð upp var sú, að ég vil að það komi fram hér af minni hálfu, að það var alls ekki meiningin að móðga ein eða nein samtök með flutningi þessa frv. Það er flutt að ósk þeirra samtaka, sem ég nefndi í mínum framsöguorðum, og það er einungis til að verða við þeim óskum, sem frv. er lagt fram hér nú. Og ég er á þveröfugri skoðun við hv. 5. þm. Austf., þegar hann taldi litlar líkur á, að þessi þrenn samtök kæmu sér saman um einn fulltrúa. Ég verð að telja alveg það gagnstæða, að það séu langtum meiri líkur til að þau komi sér saman þar sem þau hafa komið sér saman um að gera þessa sameiginlegu ósk eða kröfu, og þó að sú krafa sé komin frá fjórðu samtökunum, sem eru samtök síldarsjómanna, þá ætti það enn þá að styðja að því, að þessi samtök óskuðu eftir þessari aðild og kæmu sér saman um sameiginlegan fulltrúa. Ég hygg, að forustumenn þessara samtaka hefðu ekki undirritað þessa áskorun til ráðuneytis síns, ef þeir hefðu ekki séð möguleika á því, að samstarfsgrundvöllur næðist um þá fulltrúaskipan, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég lýk þessu svo með ósk um það, að n. starfi fljótt og vel og hafi samráð um málið við samstarfsnefnd sína í Ed., svo að kanna megi sem allra fyrst, hvort möguleikar eru á allsherjar samkomulagi um framgang málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 497, n. 522).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta frv., sem hér liggur fyrir, og mælir með því, að það verði samþ., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Eftir að við gengum frá nál. okkar í morgun, kom í ljós, að ástæða þótti til að gera smávegis breyt. á frv., og vil ég þess vegna leyfa mér að bera fram skriflega brtt. og fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir henni. Um þessa brtt. hef ég haft samráð við meðnm. mína í sjútvn. og eru þeir henni samþykkir. Í síðasta málsl. 1. gr. frv., eins og það er nú, stendur:

„Umboð núverandi stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins fellur niður 15. maí 1967“.

Nefndin hefur athugað það, að núverandi stjórn síldarverksmiðjanna er kjörin til ársloka 1967, og henni þykir þess vegna fara betur á því, að núverandi stjórn haldi umboði sínu út kjörtímabilið, en þeir tveir stjórnarmenn, sem ráðh. á að tilnefna samkv. 1. gr. frv., verði í fyrsta sinn skipaðir til sama tíma og þeir, sem fyrir eru í stjórninni. Þess vegna leyfi ég mér að flytja fyrir hönd sjútvn. brtt. við 1. gr. frv. á þá leið, að síðasti málsl. falli burt, og á eftir 2. gr. komi svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

„Núverandi stjórnarmenn halda umboði sínu til loka kjörtímabils síns. Þeir tveir stjórnarmenn, sem ráðh. skipar, skulu í fyrsta sinn skipaðir til sama tíma“.

Ég leyfi mér svo fyrir hönd sjútvn. að mæla með því, að frv. verði samþ. með þessari breytingu.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 530) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 530,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 530,2 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 542).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er ekki mikið að vöxtum. Sú ein breyt. felst í því, að bætt er tveim mönnum við þá fimm, sem sæti eiga í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. Aðdragandi þessa máls er sá, að á almennum fundi síldarsjómanna, sem haldinn var á Reyðarfirði s. l. sumar, var samþ. álit þess efnis að óska eftir því, að síldarsjómenn fengju að tilnefna einn mann í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, til viðbótar við þá fimm, sem þar eiga sæti. Forustumenn þessara nýju samtaka fóru þess síðar á leit við Alþýðusamband Ísl., Farmanna- og fiskimannasamband Ísl. og Sjómannasamband Ísl., að þessi samtök, sem fara með samningsrétt fyrir alla sjómenn í landinu, gerðu þá kröfu að fá að tilnefna sameiginlega einn fulltrúa í stjórn síldarverksmiðjanna og hefðu um það samflot við Landssamband ísl. útvegsmanna, sem einnig hafði gert svipaða ályktun á sínum fundi og ítrekað hana síðar. Undirrituðu þessir aðilar svo sameiginlega bréf til sjútvmrh., þar sem þessar kröfur voru gerðar. Ráðuneytið féllst á að verða við óskum þessara aðila um að leggja þetta frv. fram, þótt seint væri, á þinginu, og það er ástæðan til þess, að þetta frv. er nú hér komið til umr. Hv. Nd. hefur afgreitt þetta mál einróma á mjög skömmum tíma, og ég ber fram þá ósk til þessarar hv. d., að frv. þetta megi fá sem allra skjótasta afgreiðslu. Ég tel ekki þörf á að hafa fleiri orð um þá breyt., sem í frv. felst, nema sérstakt tilefni gefist til.
Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 542, n. 567).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta er stjfrv. og felur í sér, að bætt verði tveim mönnum í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, og verður þá stjórnin skipuð sjö mönnum í stað fimm áður. Þessir tveir, sem koma til viðbótar, verða tilnefndir annar af Landssambandi ísl. útvegsmanna og hinn eftir sameiginlegri tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands. Í athugasemd við þetta frv. kemur það m. a. fram, að sjútvmrn. hafði borizt einróma ósk þessara aðila um, að sú breyting yrði gerð á stjórn verksmiðjanna, sem hér um ræðir. Á þessi tilmæli hefur verið fallizt, og mælir sjútvn. einróma með því, að frv. verði samþ. og því að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 628).

---

48. Skólakostnaður.

Á 52. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um skólakostnað [159. mál] (stjfrv., A. 318).

Á 53. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. felast ákvæði um algera endurskoðun á öllum þeim reglum, sem gilda um samskipti ríkis og sveitarfélaga um byggingu og rekstur þeirra skóla, sem byggðir eru og reknir sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Gildandi lög um þetta efni eru frá árinu 1953 og hafa allir, sem þessum málum eru kunnugir, verið á einu máli um, að tímabært sé orðið að láta fara fram gagngera endurskoðun á þeim reglum, sem um þessi efni gilda. Þetta frv. hefur lengi verið í undirbúningi og unnið hefur verið mjög rækilega að því.
Það var í apríl 1965, að ég skipaði n. til þess

að endurskoða gildandi lög, og sú n. starfaði í eitt ár, lauk störfum í apríl 1966. Í henni áttu sæti Knútur Hallsson, deildarstjóri í menntmrn., sem var formaður n., Björn Halldórsson, skrifstofustjóri Reykjavíkurborgar, samkv. tilnefningu borgarstjórans í Reykjavík, Hafsteinn Baldvinsson, þáv. bæjarstjóri, samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, Tómas Gunnarsson, sem þá var fulltrúi í fjmrn., samkv. tilnefningu fjmrh., Aðalsteinn Eiríksson, fjármálaeftirlitsmaður skóla, Einar Bjarnason, ríkisendurskoðandi og Helgi Elíasson fræðslumálastjóri. Má því segja, að upphaflega hafi unnið að þessari endurskoðun allir þeir embættismenn, er samkv. eðli málsins hljóta ýmist að þekkja þau mál, sem hér er um að ræða, eða hafa áhuga á skynsamlegri skipan þeirra.

Það frv., sem þessi n. samdi, var síðan athugað mjög rækilega, bæði í menntmrn. og fjmrn., og kom okkur fjmrh. saman um að fela enn nokkrum embættismönnum að fara rækilega yfir frv. fyrri n. Önnuðust það starf Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, Knútur Hallsson, deildarstjóri, Runólfur Þórarinsson, deildarstjóri í fræðslumálaskrifstofunni, Höskuldur Jónsson, deildarstjóri í fjmrn., og Torfi Ásgeirsson, skrifstofustjóri Efnahagsstofnunarinnar. Það eru þessir síðast nefndu menn, sem eru aðalhöfundar frv. eins og það liggur hér fyrir. En enn fremur hefur verið haft náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Kópavogskaupstað, þ. e. a. s. tvö stærstu sveitarfélögin, sem eru aðilar að skólabyggingum. Megintilgangur þessa frv. er sá að koma á einfaldari reglum um samskipti ríkis og sveitarfélaga, bæði að því er snertir stofnkostnað og rekstrarkostnað. Svo sem kunnugt er, gildir nú sú regla um skiptingu stofnkostnaðar þeirra skóla, sem ríki og sveitarfélög byggja saman, að ríkið greiðir helming af byggingarkostnaði heimangönguskóla, en 3/4 af byggingarkostnaði heimavistarskóla. Þeirri reglu er haldið í frv., að ríkið greiði helming af byggingarkostnaði heimangönguskóla, en hins vegar er hlutdeild ríkisins hækkuð upp í 85% í byggingarkostnaði heimavistarskóla. En auk þess er gert ráð fyrir því, að ef tvö eða fleiri sveitarfélög sameinast um byggingu heimavistarskóla, skuli ríkið greiða allan kostnaðinn við heimavistarhúsnæðið. Það nýmæli er tekið upp í frv., að greint er á milli kennsluhúsnæðis í skólabyggingu og heimavistarhúsnæðis í skólabyggingu, þ. e. a. s. það verður hætt að telja skóla annaðhvort heimavistarskóla eða heimangönguskóla. Ríkið greiðir ávallt helming af kostnaði við þann hluta byggingarinnar, sem notaður er við kennslu, en 85% eða jafnvel 100% af kostnaði við þann hluta byggingarinnar, sem er heimavist. Með því að kveða svo á, að ríkið skuli borga allan stofnkostnaðarhluta vegna heimavistar, ef tvö eða fleiri sveitarfélög sameinast um skólabyggingu, er að því stefnt, að sveitarfélög sameinist í enn ríkari mæli en þó á sér nú stað um byggingu heimavistarskóla í dreifbýlinu. Þá er og sú mjög mikilvæga breyt. gerð í þessu frv., að gert er ráð fyrir, að því verði hætt, að ríkið greiði ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði skóla, hver svo sem byggingarkostnaðurinn kann að reynast. En þannig hafa gildandi reglur allt til þessa dags verið og eru enn þann dag í dag. Ég tel, að hér sé um að ræða langmikilvægasta og langmerkasta nýmæli þessa frv.

Gert er ráð fyrir því, að komið verði á fót í menntmrn. sérstakri byggingadeild, þar sem starfi sérfróðir menn, verkfræðingur, arkitekt, húsameistari og byggingaeftirlitsmenn, og verði það m. a. verkefni þessarar deildar, að semja reglur um það, hver sé eðlilegur byggingarkostnaður skóla, þar sem hann er fyrirhugaður, m. ö. o., setja reglur eða norm um það, hvað teljast megi eðlilegur byggingarkostnaður skóla af ýmsum tegundum. Síðan er ákveðið, að ríkið borgi helming, 85% eða 100% af byggingarkostnaði skólans samkv. þessum normum, samkv. þessum reglum. Hlutaðeigandi sveitarfélög hafa forgöngu um skólabygginguna eftir sem áður. Ef sveitarfélaginu tekst að byggja ódýrar en hinar almennu reglur byggingadeildarinnar segja til um, er það hagnaður hlutaðeigandi sveitarfélags. Ef það hins vegar kýs að byggja dýrar eða af einhverjum ástæðum byggir dýrar, er það á ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélags sjálfs og verður það að greiða kostnaðinn við það. Allir, sem um þetta hafa fjallað, eru á einu máli um, að hér væri stigið mjög mikilvægt spor í framfaraátt. Þessar reglur mundu hvetja til þess að byggja hagkvæmt og byggja ódýrt. En ef það tekst að byggja hagkvæmara og ódýrara en nú á sér stað eða hefur átt sér stað á undanförnum árum, má gera ráð fyrir, að það taki skemmri tíma en ella að fullnægja réttmætri eftirspurn eftir viðbótarskólahúsnæði.

Að því er snertir rekstrarkostnað skólanna, skiptingu hans, gilda nú um það mjög flóknar reglur. Ríkið greiðir nú eða greiddi 1964 (síðustu endanlegu tölur, sem fyrir liggja) 64% af rekstrarkostnaði barnaskóla í kaupstöðum. Það borgar 71% af rekstrarkostnaði heimangönguskóla utan kaupstaða og 76% af rekstrarkostnaði gagnfræðaskóla. Hlutdeild ríkisins í rekstrarkostnaði skólanna hefur heldur farið minnkandi á undanförnum árum samkv. þeim reglum, sem gilt hafa. Það er ekki tilgangur þesa frv. að breyta kostnaðarhlutfallinu milli ríkisins og sveitarfélaganna, heldur er tilgangurinn sá að gera reglurnar, sem um skiptinguna gilda, einfaldari. Það er svo til ætlazt, að engin breyt. eða a. m. k. mjög lítil breyt. verði á hlutdeild ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar í rekstrarkostnaði skólanna. Sú litla breyt., sem verður, er frekar ríkinu í óhag, þ. e. a. s. sveitarfélögunum í hag, vegna þess að á undanförnum áratug hefur þetta hlutfall raskazt á hinn veginn. Meginreglan, sem nú kemur til með að gilda,

er sú, að ríkið greiðir öll laun, bæði laun fastakennara og stundakennara, við alla skóla, sem ríki og sveitarfélög reka saman, en öðrum rekstrarkostnaði er skipt eftir tiltölulega mjög einföldum reglum, og fer hlutdeildin í kostnaðinum fyrst og fremst eftir því, hvort skólinn er lítill eða stór.

Á árinu 1962 samþykkti Alþ. lög, sem heimiluðu ríkissjóði að taka að sér rekstur héraðsskólanna svonefndu og samkv. þeim l. hafa allir héraðsskólarnir nema einn, Laugaskóli, verið afhentir ríkinu, sem síðan hefur annazt eitt allan rekstur þeirra og sömuleiðis staðið eitt straum af öllum viðbótarbyggingarkostnaði, sem stofnað hefur verið til í sambandi við héraðsskólana. Með þessum l. er aftur gerð nokkur breyt. í þessu efni.

Það er gert ráð fyrir því, að ríkið eitt skuli ljúka þeim byggingarframkvæmdum við alla héraðsskólana, sem nú standa þar yfir. Það er einnig gert ráð fyrir því, að ríkið skuli halda áfram að leggja út eða greiða allan rekstrarkostnað þeirra héraðsskóla, sem það nú rekur, en hins vegar er í l. ákvæði um það, að ríkið getur endurheimt venjulegan sveitarfélagshluta af rekstrarkostnaði þessara skóla hjá sveitarfélagi því, sem á nemanda í skólanum. Um héraðsskólana munu því í grundvallaratriðum gilda alveg sömu reglur og um alla aðra gagnfræðaskóla í landinu, þannig að ríkið annars vegar og sveitarfélögin hins vegar standa undir rekstri þeirra. En það verður ekki eitt ákveðið sveitarfélag eða nein ákveðin sveitarfélög, sem greiða sveitarfélagshlutann í rekstrarkostnaði héraðsskólanna, heldur þau sveitarfélög, sem elga nemendur í héraðsskólunum. Hliðstæð regla er líka sett um gagnfræðaskóla, sem hafa nemendur úr öðrum skólahéruðum. Því skólahéraði, sem rekur gagnfræðaskóla, sem hefur nemendur úr öðrum skólahéruðum, er veittur réttur til þess að innheimta hjá sveitarfélagi nemandans sveitarfélagshlutann af rekstrarkostnaði þessa gagnfræðaskóla. Hlýtur þetta að teljast eðlilegt, að þau sveitarfélög, sem ekki hafa sjálf komið á fót gagnfræðaskóla, taki nokkurn þátt í rekstrarkostnaði þeirra gagnfræðaskóla, sem veita nemendum þessara sveitarfélaga gagnfræðamenntun.

Þá vil ég geta þess, að það er nýmæli í frv., að menntmrn. geti ákveðið listskreytingu skólamannvirkja, að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórna, og skuli kostnaðurinn við listskreytinguna teljast til stofnkostnaðar. Er heimild til þess, að listskreytingin megi kosta allt að 2% eða til hennar megi verja allt að 2% af stofnkostnaði skólamannvirkis, en þó ekki meira en 1/2 millj. eða 500 þús. kr. á hvern einstakan skóla. Eins og haft hefur verið náið samráð við sveitarfélögin, samband sveitarfélaganna og stærstu sveitarfélögin, við undirbúning þessa frv., er einnig talið æskilegt að hafa við framkvæmd málanna sem allra nánast samstarf við sveitarfélögin, og er því lagt til í frv., að komið verði á fót fastri samstarfsnefnd menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga, sem fá skuli til meðferðar öll framkvæmdaatriði varðandi þetta mál.

Með þessum orðum held ég, að ég hafi vikið að því, sem telja má meginatriði, kjarna þessa frv., og skal við svo búið láta sitja. Það er skoðun allra þeirra manna, sem að undirbúningi málsins hafa unnið, allra þeirra manna, sem um málið hafa fjallað, að hér sé mikið nauðsynjamál á ferðinni og mundi vera til mikilla bóta, að sú nýskipan, sem hér er gert ráð fyrir, komi sem fyrst til framkvæmda. Ég legg því mikla áherzlu á, að hið háa Alþ. afgreiði þetta mál nú, áður en þingstörfum lýkur.

Að svo mæltu vil ég leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 318, n. 481 og 498, 482, 496, 499).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Axel Jónsson): Herra forseti. Hinn 13. apríl 1965 skipaði menntmrh. n. til þess að endurskoða lög nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. N. skilaði áliti 13. apríl 1966, en tekur þó fram í bréfi, að hér sé ekki um fullfrágengið frv. að ræða, en n. telji sig þrátt fyrir það hafa lokið störfum, þar sem menntmrh. hafi óskað eftir, að hún skilaði áliti þá þegar. Í n. þessari áttu sæti Knútur Hallsson, deildarstjóri í menntmrn., sem jafnframt var skipaður formaður n., Björn Halldórsson skrifstofustjóri, skv. tilnefningu borgarstjórans í Reykjavík, Hafsteinn Baldvinsson, þáv. bæjarstjóri, skv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, Tómas Gunnarsson, þáv. fulltrúi í fjmrn., skv. tilnefningu fjmrh., Aðalsteinn Eiríksson, fjármálaeftirlitsmaður skóla, Einar Bjarnason ríkisendurskoðandi og Helgi Eliasson fræðslumálastjóri. Í samráði við fjmrh. fól menntmrh. Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra, Knúti Hallssyni, deildarstjóra í menntmrn., Runólfi Þórarinssyni, deildarstjóra í fræðslumálaskrifstofunni, Höskuldi Jónssyni, deildarstjóra í fjmrn. og Torfa Ásgeirssyni, skrifstofustjóra Efnahagsstofnunarinnar, að fara yfir frv., gera á því þær breyt., er ástæða virtist til, og ganga frá því til fullnustu. Haft hefur verið samráð við ýmsa aðila um efnisatriði frv., og m. a. hafa þeir Björn Halldórsson skrifstofustjóri, Magnús Guðjóns-

son framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga og Hjálmar Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, starfaði mikið að endurskoðun frv.

Frv. þetta markar þýðingarmikið spor í þá átt að stuðla að því, að byggð verði hagnýt skólamannvirki á sem hagkvæmastan hátt. Skv. ákvæðum frv. verður byggingarhraðinn aukinn við hverja einstaka framkvæmd, þar sem framlög ríkisins til bygginganna verða veitt á tveim til þrem árum í stað fimm ára nú. Stefnt er að því að gera áætlun um heildarþörf hinna ýmsu skólastiga varðandi nýbyggingar. Þá verða dregnar skýrar línur um, hvað í rekstri skólanna er sameiginlegt hjá ríki og sveitarfélögum og hvernig það þá skiptist og hverju ríkið eigi að standa að einvörðungu og hvað fellur í hlut sveitarfélaganna að annast alfarið á sinn kostnað. Þá er það og mikilsvert atriði, að gert er ráð fyrir samstarfsnefnd þessara aðila, sem fjallar um hina sameiginlegu þætti þessa máls.

Menntmn. þessarar hv. d. ræddi frv. á fundi sínum fyrir páska og kaus undirnefnd til þess að yfirfara frv. í þinghléinu. N. hefur fengið á sinn fund Torfa Ásgeirsson, skrifstofustjóra Efnahagsstofnunarinnar, og Aðalstein Eiríksson, fjármálaeftirlitsmann skóla. Veittu þeir n. upplýsingar um einstakar greinar frv. Þá komu á fund n. þrír skólastjórar frá heimavistarskólum. Einnig bárust n. nokkur erindi frá skólamönnum. Allir höfðu skólamennirnir fram að færa ábendingar um einstök atriði, sem þeir töldu, að þyrfti að breyta. Að nokkru upplýstist við frekari umr., að um misskilning var þar að ræða og í einstökum atriðum leggur meiri hl. n. til, að breyt. verði gerðar, m. a. til að koma til móts við ábendingar áður umgetinna skólamanna, og er það von mín, að allir geti verið ánægðir hvað það varðar. Það kom ákveðið fram hjá þeim öllum, að frv. væri til mikilla bóta, frá því sem er í gildandi l., og lögðu þeir á það áherzlu, að málið næði fram að ganga nú.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 481, var menntmn. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breyt., sem er að finna á þskj. 482 og 496, og eins og fram er tekið í áliti meiri hl. n., áskilja einstakir nm. sér rétt til þess að flytja brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma við afgr. málsins.

Í I. kafla frv. eru almenn ákvæði. Í 1. gr. er upptalning á þeim skólum, sem frv. tekur til, og er hvað það snertir ekki um breyt. að ræða frá því, sem er í gildandi lögum.

Skv. 2. gr. frv. ákveður menntmrn. skiptingu landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi og hvar stofna skuli heimangöngu- og heimavistarskóla, og skal rn. áður hafa aflað sér till. fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefndar, fræðsluráðs og sveitarstjórnar.

Í 8. gr. l. nr. 34 1946 um fræðslu barna segir, að hver sýsla og hver kaupstaður sé fræðsluhérað, en þó skuli sameina tvær sýslur í eitt fræðsluhérað, svo og hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarrar sýslu, ef fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi fræðsluráð samþykkir, og að hvert fræðsluhérað sé eitt eða fleiri skólahverfi og skuli einn barnaskóli vera í hverju skólahverfi.

Í 9. gr. sömu l. segir, að fræðslumálastjórn mæli fyrir um, hvernig fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi, enda samþykki fræðsluráð skiptinguna. Fræðsluráði er skylt að leita álits hlutaðeigandi skólanefndar um skiptingu fræðsluhéraðs í skólahverfi skv. þeirri þróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og talin er æskileg, að við að sameina nokkur skólahverfi um heimavistarskóla, er nauðsynlegt, að rn. ákveði skiptinguna að fengnum till. fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefndar, fræðsluráða og sveitarstjórna.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um, að athugun verði gerð á skólabyggingarþörf fyrir öll þau skólastig, sem l. taka til, í hinum ýmsu skólahéruðum og verði þar stuðzt við þjóðskrá. Á þennan hátt á að vera hægt að mynda sér nokkra skoðun á heildarbyggingarþörfinni nokkuð fram í tímann.

II. kafli frv. fjallar um stofnkostnað. 4. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að á grundvelli þeirrar athugunar, sem um getur í 3. gr. frv., verði gerðar framkvæmdaáætlanir um skólabyggingar fyrir allt landið. Annars vegar áætlun til lengri tíma eða allt að 10 ára tímabili og hins vegar til 1 árs. Í þeirri áætlun raðar menntmrn. framkvæmdum í þeirri röð, sem þörfin er talin brýnust, og kemur sú áætlun með grg. til Alþ. Það verður svo Alþ., sem ákveður endanlega með fjárveitingum sínum, hver röð framkvæmdanna verður. Það er tvímælalaust í rétta átt, að slíkar áætlanir, sem um getur í greininni, verði gerðar.

5. gr. kveður svo á, að komið verði á fót sérstakri deild í menntmrn., sem hafi með höndum eftirlit með undirbúningi og byggingu skólamannvirkja. Er gert ráð fyrir því, að í þessari deild starfi arkitekt, verkfræðingur og byggingaeftirlitsmenn. Byggingadeildin lætur í té upplýsingar um þær reglur, sem byggingarkostnaður hinna ýmsu tegunda skólamannvirkja miðast við. Hlutverk byggingadeildarinnar er ekki að annast gerð teikninga eða kostnaðaráætlana, heldur að endurskoða þær. Í reglugerð verða ákveðnar þær reglur, sem stofnkostnaðurinn er miðaður við. Það er tvímælalaust mikil nauðsyn á því, bæði fyrir sveitarfélögin og ríkið, að á komist skipulegri vinnubrögð um undirbúning og framkvæmdir við gerð skólamannvirkja en verið hefur. Ákvæði 5. gr. eiga að stuðla að því, að svo verði.

Í 6. gr. eru ákvæði um, að sveitarfélögin hafi frumkvæði að nýbyggingum. Sveitarstjórnirnar ráða sérfræðinga til þess að gera uppdrætti að skólamannvirkjum, einnig verklýsingar og kostnaðaráætlanir. Eins og áður hefur verið að vikið, er byggingadeild rn. ekki

ætlað að annast teikningar. Sveitarstjórnirnar geta varðandi gerð teikninga leitað til húsameistaraembættisins og annarra arkitekta.

Í 7. gr. frv. er kveðið á um, að ríkissjóður greiði 50% af byggingarkostnaði skólahúsnæðis í öllum skólum, sem lög þessi taka til.

Nú er gert ráð fyrir því, að aðskilið sé í kostnaðaráætlun skóla annars vegar kennslurými og hins vegar heimavistarrými. Varðandi heimavistarrýmið er lagt til, að ríkissjóður greiði 85% af stofnkostnaði þess og allt að 100%, þegar fleiri en eitt sveitarfélag stendur að skólabyggingunni. Er þessi mismunur hafður til að ýta enn frekar undir þá þróun, að sveitarfélög sameinist um byggingu heimavistarskóla, þar sem því verður við komið. Til stofnkostnaðar teljast einnig, auk alls húsnæðisins, innanstokksmunir, kennslutæki, áhöld og búnaður. Auk þess teljast til stofnkostnaðar þau útgjöld, sem nauðsynleg eru vegna tengingar við almenningsveitur og vegakerfi næsta nágrennis og kostnaður við frágang skólalóðar skv. nánari ákvæðum í reglugerð. Kostnaður við borun eftir heitu og köldu vatni, sem eingöngu er gerð fyrir skólann, með samþykki menntmrn., telst og til stofnkostnaðar, sem ríkissjóður tekur þátt í, en réttindakaup annast sveitarsjóður á sinn kostnað.

Í 8. gr. segir, að kostnaðaráætlun skólamannvirkja skuli miða við byggingarkostnað á þeim tíma, er áætlunin er staðfest. Hækki byggingarkostnaðurinn, hækka framlög ríkissjóðs í sama hlutfalli, og skal framlag ríkissjóðs þá leiðrétt í næstu fjárlögum. Þessi ákvæði gilda einnig um geymdar fjárveitingar til skólamannvirkja.

Í 9. gr. eru hliðstæð ákvæði og eru í núgildandi l. um, að ekki megi hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntmrn. Þá er í gr. ákvæði um, að ef fjárveitingar í fjárlögum nægja ekki til að greiða 1/3 af áætluðu framlagi ríkissjóðs, má menntmrn. ekki leyfa að hefja framkvæmdir fyrr en að fengnu leyfi fjmrn. Þessi ákvæði öll eru til þess að stuðla að því, að ekki séu hafnar framkvæmdir við skólamannvirkjagerð fyrr en tryggt er, að í fjárlög hafi þó verið tekinn 1/3 hluti af áætluðum kostnaði ríkissjóðs. Allt miðar þetta að því að stytta byggingartíma hvers áfanga í skólabyggingu.

Í 10. gr. segir, að menntmrn. geti, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, ákveðið listskreytingu skólamannvirkja. Má sú upphæð, sem til þess er varið, nema allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkisins, en þó aldrei hærri fjárhæð en kr. 500 þús. Á undanförnum árum hefur nokkru fé verið varið til listskreytinga eða listaverkakaupa í skólahús. Nú eru sett ákvæði inn í l. til þess að tryggja, að þannig verði að unnið í framtíðinni.

Ég vík að 11. gr. hér síðar.

Í 12. gr. er heimild fyrir ríkissjóð að greiða framlag til stofnkostnaðar íþróttahúsa og sundlauga, og verður þetta ákvæði, ef notað verður, mjög til þess að létta undir með þeim sveitarfélögum, sem eftir þessum l. ráðast í byggingu íþróttamannvirkja af áðurnefndri gerð og notuð verða að öllu leyti eða hluta fyrir skólana.

Í 13. gr. er menntmrn. heimilað að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti til byggingar skólamannvirkja, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu né að nothæfum áfanga með fjárveitingum Alþ., sem fyrir hendi eru, og framlögum sveitarfélaga. Er rn. jafnframt heimilað að lána slíkt geymslufé til að hraða byggingu þeirra skólamannvirkja, sem unnið er að, svo að þeim verði af þeim ástæðum fyrr lokið. Greinin miðar öll að því, að fyrst og fremst verði að því stefnt að nýta það fjármagn, sem til er, sem allra bezt og stuðla að auknum byggingarhraða.

14. gr. tekur til héraðsskólanna. Í gr. er tekið fram, að ríkið greiði allan stofnkostnað við þær framkvæmdir, sem eru á döfinni, miðað við núverandi stærð og nemendafjölda þeirra. Þessir skólar eru: Eiðaskóli, Reykholtsskóli, Núpsskóli, Reykjanesskóli, Reykjaskóli, Skógaskóli og Laugarvatnsskóli. Laugaskóli í Suður-Þingeyjarsýslu kemur undir þessi ákvæði, ef hann verður afhentur ríkinu.

Ég vil að gefnu tilefni víkja að því, að engin breyt. verður með samþ. þessara l. á eignarétti ríkisins á þessum skólum. Eftir sem áður eru þeir að öllu leyti eign ríkisins.

Í 15. gr. segir, að framlög ríkissjóðs til skólamannvirkja skiptist á 2—3 ár vegna hverrar framkvæmdar. Þarna er um mjög mikilsvert atriði að ræða og tvímælalaust eitt af því þýðingarmesta fyrir sveitarfélögin, en eins og nú er, greiðist framlag ríkisins á 5 árum, en með þessu ákvæði er stefnt að því, að það geti orðið á 2—3 árum. Þá er í gr. ýtarleg skilgreining á því, hvernig hlutur ríkissjóðs greiðist eftir því, sem verkinu miðar áfram. Þá er og í gr. ákvæði um sérstaka gjalddaga á framlagi ríkissjóðs, þegar um það er að ræða, að sveitarfélag hefur fleiri en eitt skólamannvirki í byggingu. Þá er í gr. ákvæði til að tryggja, að sveitarsjóðir standi við sinn hlut kostnaðarins. Í 16. gr. er ákvæði um kaup á skólahúsnæði, ef það þykir henta frekar en ráðast í nýbyggingu. Í þessari gr. eru einnig ákvæði um greiðslu stofnkostnaðar við skólabifreiðar, ef að því ráði er horfið að kaupa sérstakar skólabifreiðar.

Í III. kafla frv. er fjallað um rekstrarkostnað. Í 17. gr. eru ákvæði um, að öll laun skólastjóra, fastra kennara og annarra starfsmanna, sem menntmrn. ræður, setur eða skipar, svo og laun stjórnskipaðra prófdómenda, greiðist beint úr ríkissjóði. Þá er lagt til, að ríkissjóður endurgreiði sveitarfélögunum mánaðarlega á starfstíma skólanna laun vegna forfallakennslu og allar aukagreiðslur til skólastjóra og kennara. Við heimavistarskóla skyldunáms greiðir ríkissjóður laun starfsfólks í mötuneytum. Í 18. gr. eru ákvæði um, hver sé grund-

völlur hámarksákvæða um endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna kennslukostnaðar. Í 19. gr. eru ákvæði, sem eiga að tryggja, að gerð sé sem raunhæfust áætlun um þá tölu reiknaðra stunda, er hver skóli þarf til að sinna verkefnum sínum á næsta skólaári. Þar er og ákvæði, sem heimilar menntmrn. að veita sveitarfélögum, sem reka fleiri en einn skóla á sama fræðslustigi, rétt til að ráðstafa hluta reiknaðra stunda til sameiginlegra stjórnunarstarfa vegna skólans. Ég vík einnig að 20. gr. síðar, en í 21. gr. er kveðið á um, að ríkið greiði sinn hluta, sem ýmist er 50%, 85% eða 100%, af húsaleigu, viðhaldskostnaði, viðhaldi og endurnýjun tækja og búnaðar og flutningskostnaði nemenda að og frá skóla með skólabifreiðum, eftir því, hvort um er að ræða heimangöngu- eða heimavistarskóla. Þá er í gr. ákvæði um það, að endurkrefja skuli heimasveitir nemenda, sem sækja héraðsskóla ríkisins. Tekur þetta til greiðslu vegna húsvörzlu, hitunar, lýsingar, ræstingar og annars, sem ríkissjóður á ekki að greiða af rekstrarkostnaði samkv. frv. þessu. Þá er sveitarfélögum, sem láta nemendum úr öðrum sveitarfélögum í té kennslu á gagnfræðastigi, einnig heimilt að endurkrefja heimasveit þeirra um þátttöku í áður tilgreindum rekstrarkostnaði. Það er eðlilegt, að slík ákvæði sem þessi séu sett í lög, ekkert er eðlilegra en að þau sveitarfélög, sem ekki reka gagnfræðaskóla, greiði öðrum sveitarfélögum, sem láta nemendum þeirra í té skólavist, hluta af þeim rekstrarkostnaði, sem sveitarfélagi ber. Á sama hátt er það og eðlilegt, að sama gildi um héraðsskóla ríkisins og aðra gagnfræðaskóla. Héraðsskólarnir færast æ meir yfir í það að verða tveggja vetra gagnfræðaskólar og þá er eðlilegt, að sama regla gildi um þetta efni varðandi þá eins og t. d. gagnfræðaskóla, sem starfandi eru í nágrannahéraði við héraðsskóla. Eðlilegt er að skapa sem mest samræmi þarna á milli. Varðandi framkvæmd á slíkri innheimtu sýnist okkur í meiri hl. n. eðlilegast, að slík útjöfnun milli héraða fari fram gegnum fræðslumálaskrifstofuna. Í 22. gr. er gert ráð fyrir því, að hver skóli greiði til fræðslumyndasafns ríkisins ákveðið gjald, miðað við nemendafjölda. Skólarnir fá svo gegn þessu afnot af myndum safnsins. Lagt er til, að ríkissjóður greiði 3/4 hluta, en sveitarsjóður 1/4 af þessu gjaldi. Skólanna sjálfra vegna er mikil nauðsyn á því, að fræðslumyndasafnið verði eflt.

Ég vék að 23. gr. hér fyrr í sambandi við 21. gr. og mun koma að 24. gr. hér síðar. 25. gr. frv. kveður á um eignarhlutföll ríkis og sveitarfélaga.

IV. kafli frv. fjallar um endurskoðun og reikningshald, og eru þau ákvæði efnislega óbreytt frá því, sem nú er í l.

Í V. kafla frv. eru ýmis ákvæði. 28. gr. er efnislega óbreytt frá því, sem er í gildandi l. Í 29. gr. er nýmæli, þar sem segir, að komið verði á fót samstarfsnefnd menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Er þetta mikilsvert nýmæli, sem stuðla mun að árekstraminni framkvæmd þessara margþættu mála, sem svo mjög reyna á gott samstarf þessara aðila, sem þar koma til, þ. e. ríkis og sveitarfélaga.

Vil ég þá víkja nokkrum orðum að brtt. þeim, sem meiri hl. menntmn. flytur á þskj. 482 og 496. Fyrstu tvær brtt. eru varðandi samræmingu á frv. við l. um iðnfræðslu, en iðnfræðsluskólar er sameiginlegt heiti á þeim skólum, sem þau lög taka til.

Við 7. gr. er brtt. í þrem stafliðum. Í lið a er gert ráð fyrir því, að fram sé tekið, að ákvæðið taki einnig til skólastjóra- og kennaraíbúða við heimavistarskóla. B-liðurinn gerir ráð fyrir því að heimila ríkissjóði að greiða 75% af áætluðum byggingarkostnaði skólastjóra- og kennaraíbúða skyldunámsins við þá heimangöngu- eða heimanaksturssskóla, sem að dómi menntmrn. eru ekki líkur á, að hægt verði að fá skólastjóra eða kennara að, nema þetta komi til. C-liðurinn er aðeins til að fella iðnfræðsluna inn í þessa gr. l.

4. brtt. er um að breyta ákvæðum, sem eftir er farið, þegar svo fer, að ekki næst samkomulag í þeim tilfellum, þegar tvö eða fleiri sveitarfélög standa saman að skóla. Það mun vera reynsla þeirra, sem að þessum þætti málanna hafa komið, að eftir þeim ákvæðum, sem eru í núgildandi l. og eru í frv., hafi ekki verið farið, heldur hefur verið reynt að finna út aðra reglu til að miða við í hinum ýmsu tilfellum. Hér er lagt til, að sveitarfélögin greiði stofnkostnað eftir sömu reglum og sýslusjóðsgjald er lagt á samkv. 101. gr. laga nr. 58 1961. Ég vil biðja hv. þdm. um að leiðrétta, það stendur í brtt. samkv. 1. gr. l., en á að vera 101. gr. l. nr. 58 frá 1961.

5. brtt. er, að í stað 5 komi 6, og við nánari athugun sést, þegar litið er á, hvernig greiðslurnar skiptast í prósentum eftir því, sem verkinu miðar áfram, að þar er um 6 áfanga að ræða. Þetta er við 15. gr.

6. brtt. er aðeins leiðrétting varðandi 19. gr.

Við flytjum brtt. í 7 stafl. á þskj. 482 við 20. gr. og eru þær flestar til nánari skýringar á þeim ákvæðum, sem þær taka til, og einnig til rýmkunar á þeim ramma, sem greinin setur, og er þá tilgangurinn með brtt. fyrst og fremst sá að tryggja það, að heimavistarskólar, sem starfa undir venjulegum kringumstæðum, þurfi alls ekki að koma undir undanþáguákvæði þau, sem í gr. eru. Er búið að leggja mikla vinnu í að athuga, hvernig ákvæði þessarar gr. koma til með að verka á hinum ýmsu skólastigum og í mismunandi stórum skólum, og leyfi ég mér að vona, að þar hafi verið tekið tillit til þeirra margþættu sjónarmiða, sem þar hafa komið fram í sambandi við hin mörgu ákvæði þessarar gr. Eins og ég gat um, þá eru brtt. okkar í 7 stafliðum, á þskj. 482. A-liðurinn felur í sér að hækka úr 20% í 25% það, sem umfram er reiknaðra stunda. B-liðurinn og c-liðurinn er orðalagsbreyting, að í stað þess sem stendur í frv., „má hækka“ komi „hækkar“. Í d-lið till. hækk-

ar prósenttalan úr 15 í 20. „Sé heimavist við skóla, má auka stundafjölda samkv. a- og b-liðum um allt að 15%“, stendur nú í frv., en verður, ef brtt. okkar er samþ., „allt að 20% vegna þeirra nemenda, sem eru samtímis í heimavist“, og þarna bætist og við, „m. a. vegna umsjónar utan kennslustunda.“ Í e-lið brtt., sem er við f-lið, bætist: „Sama gildir um greiðslu yfir- og eftirvinnuálags, heimavinnu og vinnu í kaffitímum, sbr. 18. gr.“ Þarna er nánast um enn frekari skilgreiningu á ákvæðum 18. gr. að ræða. Í f-lið brtt., í 2. mgr., komi „iðnfræðsluskóla“ í stað „iðnskóla“, og er það, eins og ég áður gat um, til þess að færa þessi lög til samræmis við iðnfræðslul., sem afgreidd voru á hv. Alþ. s. l. ár. Þá er það g-liðurinn: Á undan næst síðustu mgr. komi: „Þegar ekki er fullnægt ákvæðum námsskrár um vikulegar kennslustundir og um kennslugreinar og þar af leiðandi ekki þörf fyrir þann stundafjölda, sem greindur er í a- til e-liðum, lækkar fjöldi reiknaðra stunda og samsvarandi greiðslur úr ríkissjóði til samræmis.“ Þar sem hér er með brtt. þeim, sem ég hef hér rakið, lagt til að minnka þann ramma, sem spennir yfir þessi atriði, þykir og eðlilegt að setja þó einhver ákvæði, sem ná til þess, þar sem þetta er ekki notað, til þess að taka af öll tvímæli.

Þá er á þskj. 496 einnig brtt. við 20. gr., þar sem lagt er til, að í stað þess, sem nú segir: „Eigi skal að jafnaði setja eða skipa fleiri kennara við skóla en sem nemur því, að skyldukennsla þeirra sé allt að 70% af þeim stundafjölda, er viðkomandi skóli á rétt á“, verði þetta hækkað í 80%, og er þetta gert samkv. einróma óskum skólastjóranna, sem ég áður vék að. Hafa þarf fyrst og fremst í huga heimavistarskóla úti um landsbyggðina, en eins og öllum hlýtur að vera ljóst, er það ekki heppilegt, að gert væri ráð fyrir því, að ráðnir yrðu fastir kennarar, sem svarar til allrar þeirrar kennslu, sem framkvæma þarf í hverjum skóla. Það er lagt til samkv. brtt. okkar að hækka þetta mark úr 70 í 80 og einnig síðar, að í stað orðanna „nema þegar 1—3 kennarar, að skólastjóra meðtöldum, fullnægja kennsluþörf og rétti skólans með fjölda skyldustunda sinna“ er lagt til að hækka þetta og breyta þannig, að það séu 1—4, og er það einnig samkv. óskum skólastjóranna, eins og ég áður vék að.

8. brtt. er við 24. gr. frv. og er nánast til skýringar og til að taka af allan vafa um, að ákvæði gr. um heimavistargjöld nemenda í heimavistum taka ekki til skólaskyldunámsins. Í brtt. er iðnfræðsluráðinu einnig gert að gera till. um heimavistargjöld í þeim skólum, sem heyra því til.

9. brtt. er við 29. gr. Er lagt til, að bætt verði við greinina ákvæði um, að ágreiningsatriðum milli Sambands ísl. sveitarfélaga annars vegar og rn. hins vegar verði, ef upp koma, vísað til umsagnar samstarfsnefndarinnar, áður en þau koma til úrskurðar. Að vísu mætti kannske segja sem svo, að þetta ákvæði ætti að vera óþarft, því að þannig hlýtur að verða staðið að framkvæmd málanna að reyna að leysa ágreining, sem upp kemur, einmitt á grundvelli þeirrar samstarfsnefndar, sem um getur í greininni. Brtt. er því fyrst og fremst til enn frekari áréttingar á starfssviði n., og í gr. er getið um, að hún skuli fá til umsagnar reglugerðir, sem varða samskipti þessara aðila, áður en þær eru gefnar út og því ekki nema eðlilegt, að sama gildi um þau ágreiningsatriði, sem ganga þurfa til úrskurðar, að samstarfsnefndin fái þau einnig til umsagnar, áður en úrskurður er upp kveðinn.

10. brtt. er varðandi rekstur húsmæðraskólanna. Í ljós kom við nánari athugun, að hvað áhrærir rekstur þeirra, mundi hlutur sveitarfélaganna versna við samþykkt þessara l., vegna þess að til þessa hefur hlutur ríkisins verið meiri í kennslukostnaði þar en í öðrum skólum, svo að þegar sú breyt. verður á samkv. þessum l., að ríkið tekur á sig allan kennslukostnaðinn, verður það engin breyt., varðandi þessa skóla, frá því, sem er. Ef á að láta sveitarfélögin, sem standa að rekstri þeirra, taka þátt í þeim rekstrarliðum, sem teknir eru upp í 23. gr. frv., mun niðurstaðan verða sú, að þótt þessir skólar sætu þá alveg við sama borð og aðrir skólar í landinu, sem þessi lög taka til, mundi hlutur sveitarfélaganna, sem reka þessa skóla, versna frá því, sem er, vegna þess að þeir hafa verið undir öðrum reglum um greiðsluhlutfall ríkissjóðs í rekstri þeirra. Því þótti meiri hl. n. rétt að víkja þarna frá þeirri stefnu, sem frv. hefur markað um þátttöku ríkisins í rekstrarkostnaði skóla.

Ég hef þá rætt þær brtt., sem við í meiri hl. n. flytjum á þskj. 482 og 496. Eins og ég áður gat um, eru þær fyrst og fremst til rýmkunar á nokkrum ákvæðum, sem sérstaklega geta snert heimavistarskólana. Þá eru í brtt. frekari skýringar við nokkur ákvæði frv. og samræming við lög um iðnfræðslu, sem samþ. voru á s. l. ári, en samkv. þeim var m. a. gert ráð fyrir annarri skiptingu á stofnkostnaði iðnfræðsluskólanna og einnig varðandi hlut ríkisins í kennslukostnaði og rekstrarkostnaði þeirra. En samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að iðnfræðsluskólarnir verði undir sömu ákvæðum og aðrir þeir skólar, sem frv. tekur til.

Ég er þess fullviss, að mikill og almennur áhugi er meðal þeirra, sem þessi mál varða, að þetta frv. verði að l. nú á þessu þingi. Ég veit t. d. um, að aðalfundur Sambands sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi, sem nýlega var haldinn, lét í ljós mikinn áhuga á því, að málið næði fram að ganga. Að vísu er naumur tími til þingloka, en ef menn leggja sig fram um að koma málinu áfram, á það að takast.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem við flytjum á þskj. 482 og 496.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Þessu frv. var vísað til menntmn. 13. marz, viku fyrir páskaleyfi þm. Svo hófst páska-

leyfið, og þingið kom aftur saman 6. apríl og er nú 14. í dag. Þetta er þá önnur vikan. Þetta er nú tíminn, sem menntmn. hefur haft til þess að athuga þetta mál. Og það er ekki nóg með það, að tíminn hafi verið stuttur, heldur hefur verið hrúgað upp málum í þd., sem nú á að reka áfram og koma gegnum þingið, áður en því lýkur. Þetta bitnar líka á þessu máli. M. a. gátu sumir nm. menntmn. alls ekki mætt á sumum fundum n., af því að þeir voru í sjútvn. Þar var annað mál, sem líka þurfti að keyra áfram á fáum dögum. Það er ekki þægilegt að vinna undir svona kringumstæðum, jafnvel þótt allir séu eins samvizkusamir og við vorum í þessari n.

Ég tel það mjög miður farið, að þetta mál skyldi koma svona seint fram. Ég veit ekki, hver ástæðan er. Ég býst við, að hún sé nú, að undirbúningurinn hafi tekið þetta langan tíma, vegna þess að málið er svo flókið og erfitt á margan hátt. Þetta kemur líka fram í því, að hæstv. ríkisstj. skipaði sjö manna n. fyrir nákvæmlega tveimur árum til að undirbúa þetta mál. Þegar hún var búin að vinna í eitt ár nákvæmlega, frá 13. apríl 1965 til 13. apríl 1966, óskar hæstv. menntmrh. eftir, að hún skili af sér. Samt var frv. ekki tilbúið, en hann vildi fá það strax. Ég veit ekkert, hvernig á þessu hefur staðið. Ég efast ekki um, að hæstv. ráðh. hafi meint allt vel með því að vera ekki að láta n. vera lengur í þessu starfi, en þá skipar hann aðra n., en hann hafði nm. ekki nema fimm. Þeir eru þá orðnir tólf. Þetta hefur að mínum dómi verið vegna þess, að hæstv. ráðh. hefur talið verkið ganga betur eða fljótar sennilega, með því að hafa nm. fimm heldur en sjö, þ. e. a. s. að hafa þá færri, og svo voru þeir enn þá handgengnari, þessir fimm en hinir sjö, eða réttara sagt nær hæstv. ráðh., en ég efast ekki um, að hann hefur meint allt vel með því að gera þetta. Hverjir eru þeir svo þessir tólf? Jú, sjö eru embættismenn hjá ráðh. í stjórnarráðinu, deildarstj., ráðuneytisstj., fulltrúar og svoleiðis, ágætir menn, þrír eru embættismenn fræðslumálanna undir yfirstjórn hæstv. ráðh., þ. e. a. s. hjá fræðslumálaskrifstofunni og skólaeftirlitinu. Þetta kalla ég nú eiginlega allt stjórnarráð. Þetta eru bara d., svo að mér reiknast svo til, að þeir séu tíu af tólf úr stjórnarráðinu, sem hafa undirbúið málið. Sá 11. er tilnefndur af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og mér er sagt, og ég held, að það standi nú þarna einhvers staðar í grg., að hann hafi verið áður bæjarstjóri. (Gripið fram í.) Var það ekki. Ég vil ekki fara með rangt mál. „Hafsteinn Baldvinsson, þáv. bæjarstjóri," hann er bæjarstjóri, hafði verið bæjarstjóri. Sá 12. er skrifstofustjóri borgarstjórans í Reykjavík. Þetta eru allt ágætir menn og flestir mjög kunnugir þessum málum, mjög kunnugir, svo að ég hef síður en svo nokkurn hlut út á þetta að setja hvað mennina sjálfa snertir, en það er ekki einn einasti þeirra utan Reykjavíkur, ekki einn einasti af 12. Nú hefði ég talið það skynsamlegra, ef hægt hefði verið að koma því við, að einhverjir í þessum fjölmenna hóp hefðu verið starfandi að skólamálum utan höfuðborgarinnar og sérstaklega kunnugir þeim málum og öllum aðstæðum þar, því að þetta frv. snertir hagsmuni hvers einasta sveitar- og bæjarfélags í landinu, og ég vil segja mikið meira en það. Þess vegna hefði það verið mjög æskilegt, að sjónarmið manna, sem lifa og hrærast í þessum málum úti um land við mismunandi skólakerfi og mismunandi aðstöðu á ýmsan hátt, hefðu getað komið sjónarmiðum sínum þarna að strax við undirbúning málsins. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. hefði viljað þetta líka, en hann hefur kannske séð einhver tormerki á þessu, sem mér er ekki kunnugt um, ég geri fastlega ráð fyrir því, eða þá að hann hefur treyst því, að það væri alveg nóg að hafa þessa kunnugu menn eins og Aðalstein Eiríksson skólaeftirlitsmann og fræðslumálastjóra og ráðuneytisstj. í menntmrn. í þessu. Þetta eru kunnugir menn og ágætir að því leyti, en enginn þeirra starfar úti á landi við þetta núna eins og sakir standa a. m. k. Mér sýnist samt, að rétt sé að taka það fram, að það hefur verið lögð mikil vinna í þetta frv. og ég held, að þessir menn hafi unnið af mikilli samvizkusemi að því að leysa ýmsan þann vanda, sem er mjög vandleystur. Það fannst mér koma fram hjá þeim tveimur af þessum 12, sem mættu hjá menntmn., að þeir hafa lagt sig mjög eftir að skilja til fullnustu aðstöðu einstakra skóla og skólahéraða.

En vandinn liggur náttúrlega aðallega í þessu, þegar á að setja reglur um skiptingu skólakostnaðar milli ríkis annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar, að skólarnir eru svo misjafnir, aðstaðan er svo misjöfn. Allt er þetta svo margþætt og flókið, að það er mjög torvelt að finna nokkra meginreglu, sem getur gilt fyrir þetta allt saman. Það er ekki aðeins það, að skólarnir séu misstórir, þ. e. a. s. misjafnlega margir nemendur í hverjum, heldur er starfstími skólanna ákaflega misjafn. Það er víxlkennsla í mörgum þeirra, þ. e. a. s. það er sumum börnum kennt kannske annan hvern dag eða aðra hverja viku eða jafnvel annan hvern mánuð. Skóli getur þannig staðið í 6 mánuði, en börnin fá ekki nema þriggja mánaða kennslu. Til alls þessa þarf að taka tillit, þegar á að setja svona reglur. Sumir starfa í 9 mánuði, aðrir í 6, 7 eða 7½. Sumir eru heimavistarskólar og aðrir eru heimangönguskólar. Sumt eru barnaskólar, aðrir gagnfræðaskólar, þá húsmæðraskólar og loks iðnfræðsluskólar. Eftir öllu þessu þurfa þær reglur að laga sig, sem hér eru settar, svo að það má nærri geta, hvort þetta hefur ekki verið erfitt verk fyrir þá, sem undirbjuggu frv.

Ég held, að það hafi komið strax fram í brtt. meiri hl. n. sýnishorn af því, hvað þetta getur verið erfitt. Þar er ein till., ég held, að

það hafi verið síðasta till. þeirra, já, 10. till. þeirra er þannig:

„Þó geta sveitarfélög, sem að húsmæðraskóla standa, að fengnum till. skólanefndar, fyrir 1. sept. 1968 ákveðið, að skipting rekstrarkostnaðar skólans skuli áfram fara eftir reglum l. nr. 41 frá 1955.“ Það kemur þarna strax fram, að taka varð einn flokk skólanna hreinlega út úr. Hvernig stóð nú á þessu, að þeir þurftu að taka húsmæðraskólana út úr? Og þetta var ekki gert fyrr en á síðustu stundu? Þessi till. kom fram í n. á síðasta fundi hennar. Það stóð þannig á þessu, að þegar n. hafði fengið Aðalstein Eiríksson skólaeftirlitsmann til sín til að skýra þessa flóknu 20. gr. þessa frv., segir hann okkur frá því, að þarna séu of þröng ákvæði hvað snerti suma skólana, og m. a. mundi þetta frv., ef það færi óbreytt gegnum þingið, hafa þau áhrif, að hluti sveitarfélaga af rekstrarkostnaði húsmæðraskóla mundi hækka um 113%. Það munaði heldur ekki um það. Enginn okkar hafði komið auga á þetta, og það var ekki við því að búast heldur, en hitt var merkilegra, að þessir 12 skyldu ekki vera búnir að sjá þetta. En þetta kom nú í ljós. Svona er þetta flókið. Svona er það vandasamt að setja reglur fyrir þetta allt saman.

Þrautaráðið verður svo að slá bara striki yfir þennan skólaflokk. Þeir mega vera eftir gamla kerfinu. Bara að það komi nú ekki fleiri skólar, sem verður að fara eins með. Í fáum orðum sagt er það mín skoðun, að reglur um skiptingu á skólakostnaði, sem alls staðar geti átt við og alls staðar væru sæmilega sanngjarnar og réttlátar, verða aldrei fundnar.

En svo er á annað að líta í sambandi við þetta, þegar rætt er um skólakostnað og hlutdeild byggðarlaga í þeim kostnaði. Hvers vegna á ríkið að borga allan kostnað, bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað, sumra skóla í landinu, en ekki sumra? Hvers vegna á ríkið að greiða t. d. allan rekstrarkostnað og stofnkostnað allra menntaskólanna í landinu, allra sérskóla eins og kennaraskóla, sjómannaskóla, vélskóla o. s. frv. og allt upp í háskóla? Hvers vegna á ríkið að greiða allan kostnaðinn þarna, en ekki nema nokkuð af kostnaðinum við ýmsa aðra skóla? Allir eru þessir skólar nauðsynlegir. Þeir eru allir nauðsynlegir þjóðinni, en þegar verið er með svona tvískipt kerfi, ef kerfi skyldi kalla, verður niðurstaðan sú, að rekstrarkostnaður skólanna, eða réttara sagt verulegur hluti af menntunarkostnaði sumra manna í landinu, mikill hluti af menntunarkostnaði æskunnar í landinu lendir af handahófi á byggðarlögum landsins. Samt vænti ég þess, að menn séu sammála mér um það, að allir skólanemendur eigi rétt á að búa hér við svipuð kjör. Að nemendur í einu byggðarlagi eigi ekki að bera þyngri byrðar vegna menntunar en nemendur í öðru byggðarlagi. Það er erfitt að jafna þetta, ég veit það. Að ég nú ekki tali um þá hlið málsins, að í sumum byggðarlögum skuli enginn skóli vera til nema barnaskóli og hann jafnvel ekki nema að nafninu, en þar á ég við farskóla. Skyldunámið nær til 15 ára aldurs, en enginn skóli er til sums staðar fyrir æskuna að stunda þetta skyldunám í. Berum þetta saman við aðstöðu æskufólks í öðrum byggðarlögum, sem hefur kannske allar tegundir skóla, svo að segja við húsvegginn hjá sér. Ekki er nú jafnréttið meira en þetta. Mér finnst eiginlega, að það séu alls ekki jöfn mannréttindi í þjóðfélagi, sem ekki reynir að lagfæra þetta, að svo miklu leyti sem það er hægt, og þá fyrst og fremst með því að jafna kostnaðinum meira en gert er. Hitt er vitað mál, að það geta ekki allir búið við skólaveggi, það er ekki alls staðar hægt að hafa skóla. En það er hægt að taka tillit til þess við ákvörðun um skólakostnað, eða réttara sagt menntunarkostnað þjóðarinnar, það er hægt að taka tillit til þess og jafna hann nokkuð.

Og niðurstaða mín út frá þessum hugleiðingum er þessi. Ríkið á að greiða allan menntunarkostnað þjóðarinnar. Hvort sem við köllum hann stofnkostnað eða rekstrarkostnað, á ríkið að greiða hann allan. Hins vegar ættu byggðarlögin, hvort sem það eru sýslu-, sveitarfélög eða bæjarfélög, að greiða til ríkissjóðs eftir einni allsherjarreglu gjald vegna menntunarkostnaðar þjóðarinnar. Þetta held ég, að sé einna sanngjarnasta reglan, ef við viljum sýna jafnrétti í þessum málum.

Framkvæmd fræðslumálanna gæti eftir sem áður verið í höndum ríkisvaldsins og byggðarlaganna, engin vandkvæði eru á því, þó að önnur regla kæmi um skiptingu kostnaðar, enda sjálfsagt, að svo væri, því að kostnaðurinn kemur frá byggðarlögunum í ríkissjóð eftir sem áður, þó að hann komi eftir nýrri reglu.

En þó að við, sem sæti eigum í menntmn., hefðum allir orðið sammála um þessa skoðun, sem við erum nú sjálfsagt ekki, var það vitanlega óframkvæmanlegt að fara að breyta þessu frv. í það form. Til þess þarf að sjálfsögðu að undirbúa nýja löggjöf, en ekki að fara að koma með neinar brtt. við þetta, að ég ekki tali um, hve skammur tími væri til slíkra hugleiðinga núna í þinglokin.

Ég skal þá víkja að einstökum efnisatriðum þessa frv., en vil þó geta þess, eins og reyndar frsm. meiri hl. n. er þegar búinn að gera, að n. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Við, sem skipuðum minni hl. n., lögðum til, að ýmsu væri nú breytt í þessu frv. og mundum hafa fylgt frv., ef við hefðum fengið svona megintill. okkar samþ. í n., en það fór á annan veg. Meiri hl. n. gat ekki fallizt á eina einustu af brtt. okkar.

Hins vegar skal ég taka það fram, að þær brtt., sem engar eru stórvægilegar, sem meiri hl. n. flytur, eru til bóta, og yfirleitt munum við, sem minni hl. skipum, vera þeim sammála, svo langt sem þær ná, en þær ná ekki til neinna stærstu atriðanna í þessu frv. Minni hl.

hefur því ekki getað orðið samferða hinum og hefur gefið út sérstakt nál. og flytur brtt. við frv. á þskj. 499.

Ég skal þá geta þessara brtt. í öllum aðalatriðum. 1. brtt. okkar er við 5. gr. frv. Áður en ég ræði þá brtt., vil ég þó aðeins minna á ákvæði 2. gr. frv., en þar er svo ákveðið, að menntmrn. fái endanlegt vald til þess að skipta landinu í fræðsluhéruð og skólahverfi og að ákveða, hvar stofna skuli heimangönguskóla og hvar heimavistarskóla, að fengnum till. fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefnda og sveitarstjórna. Þetta er náttúrlega allmikil breyt. frá því, sem nú er. Þetta vald hefur rn. ekki nú, eins og greinilega er skýrt frá í grg. þessa frv. En ég kem að því síðar reyndar, hvaða þýðingu þetta muni hafa, ég skal aðeins geta þess nú, að við gerum ekki brtt. við þessa gr. frv., þó að hér sé um mikla breyt. að ræða á gildandi l. Við gerum ekki brtt. við hana. Við getum fallizt á, að þetta spor verði stigið. Og ástæðan til þess, að við föllumst á þessa gr. er sú, að þetta er gert til þess að geta framkvæmt þá stefnu frv. að sameina héruð um einn skóla, einn heimavistarskóla fyrir tvö eða fleiri sveitarfélög. Við teljum, að þessi stefna sé rétt, — þetta leiði til fullkomnari eða betri fræðslu í þessum skólum, skólatíminn verður lengri, nemendurnir fá meiri kennslu. Allur aðbúnaður og skólahúsnæði verður fullkomnara og öll skilyrði betri til þess að námið gangi betur að öðru jöfnu en með því fyrirkomulagi, sem nú er að hafa þetta dreifða skóla, einn og einn fyrir hvert sveitarfélag. Þessa stefnu viljum við styðja og við gerum það m. a. með því að fylgja þessari ráðstöfun, að ráðh. fái þetta vald í hendur.

Því miður hafa orðið árekstrar út af staðsetningu skóla nú að undanförnu, og sjálfsagt lengi, þó að um aldalangt skeið hafi þetta verið vilji menntmrn., en fræðsluráðin hafa haft úrskurðarvald um þetta og byggðarlögin heima fyrir, og ráðh. gat ekki fyrirskipað neinum að ganga til slíkrar samvinnu, þó að hann ynni að því og fræðslumálayfirvöldin, þar sem valdið var heima fyrir. Ég get nefnt sem dæmi hinn glæsilega héraðsskóla, Laugagerðisskóla á Snæfellsnesi, sem nú er nýbyggður, ég held fyrir 4—5 sveitarfélög, en eitt sveitarfélagið á Snæfellsnesi svona inn á milli hinna skarst úr leik og var ekki með, og óskar sjálfsagt eftir að byggja sérskóla fyrir sig. Þetta eru óheppilegir árekstrar og ekki til bóta í skólamálum. Ég hef nú heyrt um dæmi úr Húnavatnssýslu, sem er eitthvað hliðstætt, ég veit ekki eins glöggt um það, en hræddur er ég nú um, að það hafi eitthvað gerzt af þessu tagi þar. Í minni sveit er verið að byggja heimavist, en engan skóla — byggja heimavist við félagsheimilið, og ég er ekki hrifinn af þeirri ráðstöfun. Næsta sveit, sem er mun fjölmennari og með mun fleiri skólaskyld börn, hefur engan skóla, og ég veit ekki til, að það hafi nokkurn tíma komið til mála, að þessi sveitarfélög sameinuðust um skóla, eins og manni fyndist þó vera eðlilegur hlutur.

Ég hef þá gert grein fyrir því, að við erum fylgjandi ákvæðum 2. gr. þessa frv., þó að það raski eða dragi úr endanlegu valdi manna heima í héruðunum.

Þá er annað ákvæði, sem ég vil aðeins drepa á, en ég vil ekki vera að lengja þessar umr. að óþörfu, enda hefur hæstv. ráðh. óskað eftir, að slíkt yrði ekki gert.

Í 4. gr. frv. eru ákvæði um 10 ára áætlun um skólabyggingar og síðan eins árs áætlun, sem fylgir síðan fjárlagafrv. hvers árs til Alþ. Við teljum þetta til bóta. Þetta er betra skipulag. Af þessu ætti að leiða það, að þær skólabyggingar yrðu látnar ganga fyrir, sem mest er um vert, þar sem þörfin er mest, svo að við teljum, að þetta sé réttmæt stefna. Þetta er kostur við frv.

Þá kem ég að 5. gr., en við hana er 1. brtt. okkar minnihlutamanna á þskj. 499. Í 5. gr. segir: „Í menntmrn. skal vera deild, sem hefur með höndum eftirlit með byggingu skólamannvirkja. Í deildinni skulu m. a. starfa húsameistari, verkfræðingur og byggingaeftirlitsmenn. Byggingadeildin skal annast eftirlit með undirbúningi skólamannvirkja, endurskoða teikningar, kostnaðaráætlanir og útboðs- og vinnulýsingar, líta eftir, að framkvæmd verksins sé í samræmi við teikningar og útboðs- og vinnulýsingar, sjá um úttekt að verki loknu o. s. frv.“ Greinin er nú eitthvað lengri, en þetta eru aðalatriðin. Við teljum, að svona eftirlit, — svona endurskoðun eigi auðvitað að fara fram, sjálfsagt að endurskoða teikningar, kostnaðaráætlanir og útboðslýsingar og undirbúa bygginguna hvers einasta skólamannvirkis sem allra bezt. Um það atriði er ekki nokkur ágreiningur innan menntmn., en af hverju þarf að stofna heila deild? Af hverju þarf að stofna heila deild í stjórnarráðinu til að annast þetta? Hefur þetta ekki verið gert að undanförnu? Hefur ekki þetta eftirlit verið haft? Það hlýtur að vera. Eða hefur þetta verið eftirlitslaust? Nei, það getur ekki verið. Ég veit ekki betur en hæstv. menntmrh. verði að samþ. hverja einustu teikningu, áður en farið er að byggja skóla. Og hann hefur ekki farið að samþykkja teikningar, nema rækilega hafi verið búið að endurskoða þær og gagnrýna. Svo að þetta eftirlit hefur hlotið að vera að undanförnu.

En deildaskipting sýnist okkur ekki nauðsynleg. Þetta er útvíkkun á embættismannakerfinu. Það er einn toppurinn enn. Manni finnst einhvern veginn, að þeir séu orðnir nógu margir. Auk þess má minna á það, að í skólamálum höfum við svo sem stofnanir, sem eiga að sjá um þessi mál. Við höfum fræðslumálaskrifstofu. Við höfum skólaeftirlit. Við höfum húsameistara ríkisins og við höfum menntmrn. og ég hygg, að í öllum þessum stofnunum séu sérfróðir menn um öll þessi atriði, svo að minni hl. n. getur ómögulega séð, að það sé nokkur þörf á að stofna þessa deild. En sjálfsagt er,

að þessi störf fari fram og því leggjum við til, að 1. mgr. 5. gr. orðist þannig: „Menntmrn. skal sjá um eftirlit með undirbúningi skólamannvirkja“ o. s. frv., m. ö. o. vinna þessi sömu verk, enda efumst við ekki um, að það hefur gert það.

Ég kem þá að 2. brtt. á þskj. 499. Hún er við 6. gr. frv. og er aðeins til þess að taka af öll tvímæli um skilning á gr. og ekkert annað. Í 6. gr. frv. segir: „Sveitarstjórnir ráða sérfræðinga til þess að gera uppdrætti að skólamannvirkjum, verklýsingar og áætlun um framkvæmd verksins og kostnað.“ Þetta eiga sveitarstjórnirnar að gera, ekki deildin nýja. Nei, sveitarstjórnirnar eiga að gera þetta. Við höfum ekkert við það að athuga, en það er hvergi nefnt í þessu frv., hverjir eiga að borga, þ. e. a. s. hvort þetta tilheyrir stofnkostnaði eða ekki. Við lítum reyndar svo á, að þau séu ótvírætt tilheyrandi stofnkostnaði, þessi verk, en okkur finnst rétt til þess að taka af allan vafa um þetta atriði, að nefna það í sjálfri gr. og því viljum við bæta aftan við þessa mgr. „og telst þetta til stofnkostnaðar“.

Þá kem ég að 7. gr. frv., en hún er um skiptingu á stofnkostnaði skólamannvirkja milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga hins vegar. Og nú er komið með alveg nýja reglu. Hingað til hefur það verið svo í l., að það er ýmist 50% eða 75% af stofnkostnaði skóla, sem ríkið greiðir. Það greiðir núna 50% af stofnkostnaði heimangönguskóla barnafræðslustigs og gagnfræðastigs. Það greiðir 75% stofnkostnaðar heimavistarskóla barnafræðslunnar, gagnfræðastigs og húsmæðraskóla. Svo er ein undantekning. Ríkið greiðir núna 75% af skólastjóraíbúð við heimangöngubarnaskóla alla. Svona eru reglurnar í núgildandi l. Reglurnar, sem nú á að taka upp samkv. þessari gr., eru þær, — eða meginreglan: ríkið greiði 50% af stofnkostnaði skólarýmisins og 85% af stofnkostnaði heimavistarrýmis, nema ef sveitarfélög sameinast um heimavistarskóla skyldunámsins, þá greiðir ríkið 100% af heimavistarrýminu, greiðir allan stofnkostnað heimavistarrýmisins. Þetta eru reglurnar.

Það er nú enginn vandi að setja þetta á sig út af fyrir sig. En hitt er aftur á móti vandasamara að sjá, hvernig þetta verkar á það greiðsluhlutfall, sem nú er í l., þegar á þannig alveg að breyta til um regluna. Og það er ekkert hlaupið að því að finna þetta út, þ. e. a. s. bera þetta saman. Það er vegna þess, að til þess að geta borið þetta saman, verður maður að vita, hvað heimavistin er mikill hluti af heildarbyggingunni, hvað stofnkostnaður heimavistarinnar er mikill hluti af öllum stofnkostnaði skólans. Ekki er nóg að vita, hvað hann verður mikill, heldur líka hvernig þessi hlutföll hafa verið. Öðruvísi er ekki hægt að bera þetta saman.

Það lítur út fyrir það, að hér eftir, þegar þessi lög eru komin til framkvæmda, verði að halda kostnaðarliðunum aðgreindum, fyrst ríkið á að greiða misjafnlega mikið eftir því, hvort það er heimavist eða kennslurými. Þá verður að halda öllu sér. Það er spauglaust! Þegar farið er að byggja skóla með heimavist, mun það oftast vera svo, að það er gengið að verkinu öllu í einu lagi. Sömu menn vinna allt. Byggingarefni er keypt í heild o. s. frv., en ef á að fara að sundurgreina þetta allt saman og blanda engu saman, það held ég, að sé auma verkið. Ég held, að það mundi hækka byggingarkostnaðinn þó nokkuð. En hvernig á þá að fara að? Það stendur ekkert um það í þessum l. Menn eru svona að gizka á, að sérfræðingar í m., og þá sennilega í byggingadeildinni, mundu hreinlega áætla þetta og láta svo slag standa. En áætlaður kostnaður er ekki alveg sama og raunverulegur kostnaður, jafnvel þótt um svona skiptingu sé að ræða, svo að þetta veldur erfiðleikum. En til hvers er þá þetta ákvæði sett? Það er sýnilegt og frá því greint í grg. frv. Það er sett í frv. til þess að ýta á sveitarfélögin að sameinast um skóla. Það er hagsmunamál fyrir sveitarfélög, ef þau gætu orðið saman um byggingu skóla. Ef einhver vill slíta sig út úr, eitthvert sveitarfélag vill fá skóla fyrir sig, verður það að borga 15% af heimavistarkostnaðinum, sem önnur þurfa ekki. En það er ekki ýkja mikil þörf á að beita þessari skrúfu á sveitarfélögin, ef samþ. verða ákvæðin í 2. gr. frv. Þar sem ráðh. á að fá allt valdið til að ákveða, hvar skólar skulu vera, er ekki þörf á þessu. Komi eitthvert sveitarfélag og segi: Ég vil fá skóla fyrir mig, segir hæstv. ráðh. kurteislega: Nei. Það þarf ekki annað. Og hann á að gera það undir flestum kringumstæðum að mínum dómi, til þess að framfylgja stefnunni. (**Menntmrh.**: Nei verður aldrei kurteislegt.) Þetta ákvæði er gersamlega óþarft til þess að ná þessu marki, gersamlega óþarft. En við skulum segja, að nú komi oddviti úr afskekktu sveitarfélagi úti á landi til hæstv. ráðh. og segi við hann: Nú langar okkur til þess að fá skóla fyrir okkur. Við getum ekki verið í félagi með öðrum vegna landfræðilegra ástæðna eða af ýmsum öðrum ástæðum. Það er útilokað fyrir okkur. Við viljum vera með öðrum, en við getum það ekki, og færir full rök fyrir því. Hvað segir hæstv. ráðh. þá? Hann segir að mínum dómi: Þetta er alveg rétt, ég sé, að þið getið það ekki. Já, segir oddvitinn kannske, en það er þarna um stofnkostnaðinn, getum við ekki fengið 100% í heimavistina? Nei, nei, nei. Það er ekki hægt. Það er skýrt tekið fram í l., að það skuli vera 85%. Það er þetta, sem minni hl. n. vill fyrirbyggja, að það verði farið að íþyngja sveitarfélögum í stofnkostnaði, af því að þau geta ekki verið með öðrum, þótt þau vildu það. Þetta eru rökin fyrir því, að við viljum afnema þetta ákvæði um 85% út úr frv. En jafnframt teljum við, að hið sama eigi að gilda um hliðstæða skóla, sama eigi að gilda um skóla gagnfræðastigs og skyldunáms.

Ég nefndi það áðan, að það væri erfitt að bera þessar reglur saman við þær, sem eru

nú í gildi, hvað snertir sveitarfélögin. Nú hafa menn gizkað á, að heimavist í skóla sé helmingur eða jafnvel meira en helmingur af heildarkostnaði skólans. Þetta veit enginn, hversu hátt settur sem hann er, og er ekki hægt að ráða við það. En menn gizka nú t. d. á þetta. Sumir segja, að heimavistin hljóti að vera talsvert meira en helmingur af heildarkostnaðinum. Ég hef verið að reyna að gera mér grein fyrir því, hvernig þetta mundi koma út, þessi ákvæði frv., ef heimavistin væri 55% af heildarkostnaðinum, en skólahúsnæði 45%. Og mér sýnist, og það er reyndar held ég alveg óruggt, að séu hlutföllin þessi, sé þetta mjög nálægt því að vera hið sama og 75% hlutur ríkissjóðs í heildarkostnaði núna. Mjög nálægt því. Ég tók dæmi af heimavistarbarnaskóla, þar sem byggingarhlutföllin væru þessi. Þá yrði það þannig, að ríkið greiddi 50% af skólarýminu, þ. e. a. s. 45% kostnaðarins. Það gerir þá 22½%, en 100% heimavistarrýmisins, ef það eru mörg sveitarfélög um skólann. Það eru þá 55%. Út úr þessu koma 77½%, en eru nú í l. 75%, svo að þetta er mjög svipað. En á þessu getum við séð, að ef 85% reglan á að gilda, er það auðsjáanlega verulegt tap fyrir sveitarfélögin að verða að hlíta henni, verulegt tap. Og ég held, að það sé ótvírætt, að eigi sú regla að koma til, að ríkið greiði ekki nema 85% af heimavistarrýminu, þarf heimavistarrými að vera yfir 70% af heildarkostnaðinum til þess að ná reglunni, sem nú er í gildi.

Af þessum ástæðum er það, að við í minni hl. n. leggjum til, — það er 3. brtt. okkar — að 1. mgr. 7. gr. orðist svo: „Ríkissjóður greiðir 50% stofnkostnaðar tilbúins kennslurýmis þeirra skóla, er lög þessi taka til, og 100% stofnkostnaðar tilbúins heimavistarrýmis. Með heimavistarrými teljast m. a. skólastjóra- og kennaraíbúðir. Ríkissjóður greiðir 75% stofnkostnaðar skólastjóraíbúðar heimangöngubarnaskóla, þar sem nauðsyn krefur slíkra bygginga.“ Þetta er breytingin, 85% reglan er felld niður. Önnur breyting er ekki, nema um skólastjóraíbúðir í heimangöngubarnaskólum, sú brtt. okkar er hér um bil alveg eins og er hjá meiri hl. n., svo að það skiptir engu máli eiginlega, hvor till. yrði samþ.

Hins vegar er rétt að benda á það, að þetta er skerðing, bæði hvað snertir okkar till. og till. meiri hl. n. Það er skerðing frá því, sem nú er í l., þar sem segir, að ríkið skuli greiða 75% skólastjóraíbúða heimangönguskóla alls staðar í landinu. Það hefur bara ekki verið framkvæmt þannig.

Þá kem ég að 8. gr. frv. En hún er í raun og veru ekkert hégómamál að okkar dómi. Samkv. henni og reyndar samkv. öllu skýrari ákvæðum í upphafi 7. gr. á stofnkostnaður að skiptast eftir áætluðum kostnaði, en ekki raunverulegum kostnaði. Það er eftir endurskoðun teikninga og kostnaðaráætlana hjá rn., sem áætla skal kostnað hvers einasta skólamannvirkis, áður en farið er að byggja það. Og eftir þeirri áætlun á að skipta kostnaðinum. Ekki eftir því, hvað hver skóli hefur kostað raunverulega, heldur eftir því, hvað hann var áætlaður í stjórnarráðinu. Ef verðlag hækkar eða byggingarvísitala hækkar, á að vísu að bæta henni við áætlunina og skipta svo, en ef byggingin fer samt fram úr þessari áætlun, á sveitarsjóður að greiða afganginn einn, hver sem hann verður. Það er bent á það mjög rækilega í grg. frv., að sveitarsjóður geti líka grætt á þessu, því að hann eigi hreinlega að fá afganginn, ef afgangur verður. Ef áætlunin reynist hærri en raunverulegur byggingarkostnaður, fær sveitarfélagið afganginn.

Við vitum náttúrlega ekki, hvorn kostinn sveitarstjórnir í landinu mundu velja, ef þær ættu að velja um þetta. En við verðum að dæma um þetta út frá okkar eigin sjónarmiði, og við í minni hl. n. þorum ekki að taka þessa áhættu á bæjar- og sveitarfélög. Við þorum það ekki, jafnvel þótt gróðavon kunni að vera einhvers staðar í framtíðinni, sem við höfum nú heldur litla trú á. Við þorum ekki að taka á sveitarfélögin þessa áhættu. Það er auðvitað vegna þess, að reynslan er ólygnust. Hún hefur sýnt það, að áætlanir standast svo illa, ákaflega illa, og hækkanir verða miklu meiri en nemur einhverri byggingarvísitölu. Ætli menn hérna í Rvík, sem hafa verið að byggja sér íbúðir, kannist ekki við það.

Mér dettur í hug í sambandi við fullyrðingar um það, hvernig áætlanir standast, þegar ríkisstj. lagði fyrir Alþ. heljarmikla skýrslu um álverksmiðju og allt það, sem henni tilheyrði. Þá var í þessari skýrslu greint frá því, að ríkið ætti að byggja höfn í Straumsvík og byggja hana fyrir sína eigin peninga, hvort sem það hefur nú verið í góðgerðaskyni eða hvað, veit ég ekki. Og það var áætlað, að þessi höfn kostaði 69 millj. Svo gekk álmálið gegnum Alþ. og þar með ákvæðin um það, að ríkið byggði þessa höfn, eða að nafninu til Hafnarfjarðarbær. Það skiptir víst litlu máli. Fyrir tiltölulega skömmum tíma síðan var höfnin boðin út, og það komu tilboð í höfnina, ég man ekki, hversu mörg. Hvernig ætli tilboðin hafi verið? Ekki 69 millj. Það lægsta var 146 millj., það hæsta var 225 millj. Þetta á ríkið fram undan, að byggja þessa höfn, sem kostar þetta. Það er helzt að sjá svo, að ríkið eigi einhverja aura afgangs þarna frá hafnarbyggingum í landinu, ef það getur þetta. En þetta er nú svona. Hvernig hefði nú farið fyrir sveitarfélagi, ef slík áætlun hefði legið fyrir um skólamannvirki og áætlunin hefði reynzt svona? Ég verð að segja, að það er spauglaust fyrir ríkið að fá á sig þetta út af Straumsvíkurhöfn. Það getur líka orðið spauglaust fyrir einstök sveitarfélög að fá á sig kostnað, vegna þess að áætlanir standast ekki. Og það er ekkert merkilegt, þó að áætlanir standist ekki. Það er ekki kannske á neinn hátt mönnunum að kenna, sem gera þessar áætlanir. Það getur verið fyrir aðrar ástæður. Út af þessu hefur menntmn. fengið mót-

mæli frá nákunnugum manni þessum málum, Gunnari Guðbjartssyni á Hjarðarfelli, þar sem hann mótmælir því mjög, að þessi regla verði upp tekin. Hann bendir réttilega á það, að byggingarkostnaður sé svo misjafn í landinu, að hann geti verið þetta mikill á þessum stað og allt annar á öðrum stað. Það þurfi að flytja byggingarefni, ekki bara sand og möl og sement, hérna innanlands, heldur líka erlent byggingarefni langar leiðir á einum stað, en örstutt hjá öðrum, að maður tali nú ekki um bæina, þar sem hafnirnar eru og hægt er að fá þetta frá útlöndum beint. Hann bendir á, að byggingarmenn verði sveitirnar að fá úr kaupstöðunum, alla starfsmenn til að byggja, þ. á m. tæknimenn. Sveitirnar verða að borga þeim fritt fæði allan tímann, ef þær eiga að fá þá og ókeypis ferðir svona öðru hverju heim og heiman. Þetta þurfa ekki þeir að greiða, sem hafa þessa starfsmenn við hendina og geta fengið þá með því að hringja í þá. Nei, það er víst engum blöðum um það að fletta, að þetta getur orðið ákaflega misjafnt og komið illa við sums staðar, en mun betur annars staðar. En hvernig ættu sérfræðingar í stjórnarráði að geta reiknað þetta allt út fyrir fram fyrir hvern einasta skóla? Ég held, að engum detti það í hug. Þeir slá upp dæmi, reikna það út og segja: Svona skal skólinn vera, hann kostar þetta. Við það situr.

Það er 4. brtt. á þskj. 499, sem fjallar um þetta efni hjá okkur. Við leggjum til, að 8. gr. falli niður. Það þýðir það, að byggingarkostnaðurinn verður að skiptast á milli sveitarfélaga og ríkis eins og hann reynist raunverulega í hverju einstöku tilfelli. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. afsökunar, en ég vildi spyrja, hvort hv. þm. vildi gera örstutt hlé á ræðu sinni, meðan leitað er afbrigða). Alveg sjálfsagt. — [Frh.]

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 482, 496 og 499, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson) [frh.]: Ég var að ræða um 4. brtt. minni hl. n. við 8. gr. og kem þá að 5. brtt., en hún er við 13. gr. Í 13. gr. segir:

„Menntmrn. er heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti til byggingar þeirra skólamannvirkja, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu né að nothæfum áfanga með fjárveitingum Alþ., sem fyrir hendi eru, og framlögum sveitarfélaga. Skulu þá slíkar fjárveitingar geymdar í ríkissjóði, en jafnframt heimilt að veita lán af þeim til þess að hraða byggingu þeirra skólamannvirkja, sem unnið er að, til þess að ljúka þeim sem fyrst."

En ákvæði um takmörkun á því að hefja skólabyggingar eru þau í 9. gr. í fyrsta lagi, að enginn má byrja að byggja, nema hann hafi skriflegt samþykki menntmrn. Þetta bar á góma í menntmn., en ég mun þó ekki ræða þetta sérstaklega, þetta skriflega samþykki, sem þarf frá menntmrn., til þess að sveitarfélög geti farið að byggja. Hins vegar segir í þeirri gr.:

„Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis rn., verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi."

Þetta þýðir það náttúrlega, að sveitarfélög geta byggt. Það getur enginn bannað sveitarfélagi að byggja skóla, en það á engan þening að fá úr ríkissjóði til þeirrar byggingar, það er meiningin í gr. En þar segir einnig:

„Séu þegar samþykktar fjárveitingar Alþ. til skólamannvirkja ónógar til að greiða 1/3 af áætluðu stofnkostnaðarframlagi ríkisins, má menntmrn. eigi leyfa að hefja framkvæmdir fyrr en að fengnu skriflegu samþykki fjmrn."

Það, sem felst í þessu, er þessi stefna að ljúka byggingu hvers mannvirkis á þremur árum. Þetta hefur verið miðað við 5 ár að undanförnu, en mér er nú sagt, að það hafi kannske dregizt upp í 8 ár stundum, en reglan mun hafa verið 5 ár. Nú er ætlunin að hraða byggingum, svo að þeim sé þó lokið á þremur árum, og óbeint er við það miðað í þessari gr., að reglan verði sú hjá hv. Alþ. að veita í einu lagi a. m. k. þriðjung þess hluta, sem ríkissjóður þarf að greiða í hvert mannvirki. Þó getur náttúrlega verið, að Alþ. telji rétt að veita minni upphæð, en þá verður bara ekki byggt fyrir hana það árið. Það er búið að vísu að fá þá byggingu inn á nokkurs konar áætlun með því móti, en aðra þýðingu hefur ekki fjárveiting, sem ekki má vinna fyrir. Það, sem mér finnst dálítið óvenjulegt í þessari gr. er það, að þarna er með l. verið að banna menntmrh. að gera hluti nema hann fái leyfi hjá fjmrh. Ég man bara ekkert eftir svona löguðum ákvæðum í l., að Alþ. sé að setja ákvæði um það, að menntmrh. fari nú ekki að gera neina vitleysu, hann verði að gera svo vel og fara til fjmrh. og fá leyfi þar. Manni finnst, að þetta sé heimilismál og eigi að útkljást innan veggja þessa heimilis, sem við köllum ríkisstj. Þeir skipta með sér verkum og þeir um það, hvað einn leyfir eða hvað annar vill banna hinum. En að fara að setja slíkt í lög, það er óvenjulegt. Þó erum við ekki með neina brtt. um þetta atriði, en ekki finnst mér þetta viðkunnanlegt.

En 13. gr. er aftur á móti viðtækari. Þar er hemillinn meiri á það, hvort sveitarfélög geta farið að byggja skóla, því að hún er þannig orðuð, eins og ég las áðan, að menntmrn. er heimilað að fresta greiðslu framlags, jafnvel þó að það sé nógu mikið til þess að ljúka þriðjungi byggingarinnar á einu ári. Við skulum segja, að það hafi verið gerð áætlun um þetta, að þessi skóli skuli byggður á þremur árum. Alþ. hefur veitt til þess nægjanlega fjárhæð, að þriðjungi verði lokið á þessu ári. Sveitarfélagið hefur sinn hluta reiðubúinn, en þá getur komið til, að hæstv. ráðh. segi: Ja, þetta er að vísu nóg fjárveiting til þess að ljúka skóla-

byggingunni á þessum þremur árum, en það er nefnilega annar skóli hérna hinum megin við fjallið. Þar vantar svo lítið, og ég má til með að fá þessa fjárveitingu í hann og ég bara tek hana. Þið fáið ekki að byrja í ár. Ég tek hana í hitt. Þetta þykir mér of langt gengið í þessum efnum. Minni hl. n. þykir það of langt gengið að heimila svona lagað. Það má segja, að það sé ekkert óeðlilegt vald kannske í 9. gr., sem ég nefndi áðan, en það er óeðlilegt, að ef hægt er að standa við þriggja ára áætlun um byggingu skóla, sé samt hægt að stöðva verkið. Og þetta á að vera aðeins að dómi ráðh., hvað honum finnst. Í 13. gr. segir: „Ef ekki er hægt að ljúka (byggingu) að fullu né að nothæfum áfanga.“ Hvað um nothæfan áfanga? Hvað er það? Við skulum segja, að það sé bara búið að útibyrgja allt húsið, setja þak á allt saman, glugga o. fl., ganga frá hitaveitu eða hitalögn. Er þetta orðinn nothæfur áfangi? Nei, til hvers er hægt að nota hann? Ekki til neins. Það getur samt verið þriðjungurinn af byggingarkostnaðinum, sem kominn er í þetta. En eftir þessu orðalagi getur ráðh. sagt: Ja, það er ekkert hægt að nota þetta, þetta er bara steinkumbaldi með þaki og gluggum og þess háttar, en það er ekkert hægt að nota það og ég stöðva greiðslu.

Ég er ekki að segja, að þessi hæstv. ráðh. geri svona hluti. En möguleikarnir eru til þess. Við leggjum því til í minni hl., að fyrri málsl. þessarar gr. orðist þannig: Menntmrn. er heimilt að fresta greiðslu fjárveitingar að einhverju eða öllu leyti, ef fjárveitingar til skólamannvirkis nægja ekki til greiðslu 1/3 hluta áætlaðs stofnkostnaðar. M. ö. o., þetta sé eingöngu bundið við það, að það skorti á fjárveitinguna. Annars megi ekki hindra byggingu.

Þá kem ég að 14. gr., en hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkissjóður greiðir allan stofnkostnað vegna þeirra framkvæmda, sem að áliti rn. eru nauðsynlegar við eftirtalda heimavistarskóla gagnfræðastigs, enda sé miðað við núverandi stærð og nemendafjölda þeirra: Alþýðuskólann á Eiðum, Reykholtsskóla, Núpsskóla, Reykjaneskóla, Reykjaskóla, Skógaskóla og Laugarvatnsskóla. Laugaskóli í S.-Þingeyjarsýslu komi undir ákvæði þessarar gr., verði sá skóli afhentur ríkinu samkv. heimild í l. nr. 34 1962. Stefnt skal að því, að kennsla í skólum þessum miðist við 3. og 4. bekk gagnfræðastigs, þannig að nemendur, sem teknir eru í skólann, hafi áður lokið skyldunámi“.

Það er sjálfsagt öllum hv. þm. kunnugt, um hvaða skóla er hér að ræða. Þetta eru allt saman ríkisskólar, sem voru afhentir ríkinu til eignar með l. frá 1962. Það getur að vísu verið, að þeir hafi verið afhentir eitthvað seinna, en l. eru frá 1962, sem heimiluðu þá samninga. Og ástæðan til þess, að byggðarlög kusu að afhenda ríkinu þessa skóla var sú, að héruðin töldu sig ekki geta ráðið við rekstrarkostnað þeirra, enda var verðbólgan farin að feta sig áfram þá. Með l. var svo ríkisstj. heimilað að taka við þessum skólum sem eign ríkisins, en skuldlausum og kvaðalausum að öllu leyti. Þannig eru þau lög. Í raun og veru gáfu þessi héruð ríkinu skólana. Viðkomandi hérað gefur skóla til þess að ríkið reki hann og kosti rekstur hans. Og þessi lög hafa allir héraðsskólarnir notfært sér nema Laugaskóli í S.-Þingeyjarsýslu, en hann getur notfært sér þau hvenær sem hann vill. En efnið í þessari gr. er þannig, að ríkið skuli annast stofnkostnað miðað við núverandi stærð og nemendafjölda. Það þýðir, að ef á að fara að stækka einhvern af þessum skólum, gildir núv. regla ekki um stækkunina. En mér er ekki ljóst, hvað er meint með þessu. Hvað er stofnkostnaður skóla miðað við núverandi stærð? Skólinn er byggður, hann er af þessari stærð, sem allir sjá. Það er búið fyrir löngu að borga allan stofnkostnaðinn. Hvaða stofnkostnað á þá ríkið að fara að greiða miðað við núverandi stærð? Ég sé enga glóru í þessu. Það, sem þarf að gera í slíkum skólum, er að halda þeim við. Það er ekki stofnkostnaður. Það er auðsjáanlegt, að ríkið kemst mjög létt út af því að bera þennan stofnkostnað, sem er löngu kominn og hvíldi að nokkru leyti á byggðarlögum, en búið er að gefa ríkinu. En það er viss stefna í þessari gr. eða mér sýnist, að það sé ákveðin stefna, sem búi á bak við þessi ákvæði. Það er sú stefna, að ríkið skuli losa sig við þessa skóla alfarið. Þetta er bara áfangi. Það kemur líka fram síðar, þegar kemur að rekstrarkostnaði þessara skóla, að það er alveg sýnilegt. Það á enginn þeirra að stækka á kostnað ríkisins nema þá samkv. reglunum um almenna gagnfræðaskóla, þar sem ríkið greiðir 50%. Þetta er byrjunin á því, að ríkið skili skólunum aftur. En það á ekki að gefa héruðunum þá aftur, þó að ríkið fengi þá gefins. Ríkið ætlar að eiga skólana áfram, a. m. k. fyrst um sinn. Þetta er talsvert stórt mál, hvort það á að fara að gera þetta, afnema héraðsskólana sem ríkisskóla. Ég fullyrði, að þetta er stefnan, þó að það eigi að heita svo, að ríkið eigi þá eitthvað fyrst, þá er þetta áætlunin. En nú skulum við hugsa okkur, að áhugamenn í þessum byggðarlögum vildu ekki sætta sig við það að mega ekki stækka þessa skóla eða fá ekki stækkaðan þennan skóla og tækju sig til og vildu stækka hann eftir reglunni um gagnfræðaskóla. Gerum svo ráð fyrir, að ríkisstj. hefði ekkert við það að athuga, gæti fallizt á það, að skóli yrði stækkaður, því að það er sífelld ásókn í það að koma nemendum í skólana og verður að vísa svo mörgum frá, og þá vantar átakanlega þessa skóla í landinu. Það er sjálfsagður hlutur að stækka þarna frekar en að byggja kannske nýjan, og allir aðilar telja réttmætt, að það verði gert.

Hvernig verða þá eignarhlutföllin í þessum skóla á eftir? Þá ætti ríkið 100% af nokkrum hluta skólans, 75% af nokkrum hluta heimavistar, 50% af nokkrum hluta kennslu-

rýmis. Það yrði fallegur eignahlutfallsgrautur, sem kæmi út úr þessu. Við í minni hl. n. leggjum því til, í 6. brtt., að gr. orðist svo:

„Ríkissjóður greiðir allan stofnkostnað þeirra skóla, sem eru eign ríkisins, þegar lög þessi taka gildi.“

En í sambandi við þetta mál verð ég nú að játa, að við gleymdum einu atriði, sem átti að vera þarna með, og nú vildi ég mega koma því að um leið. Það er ekki aðeins það, að nauðsyn sé á að halda þessum skólum við sem ríkisskólum, að stækka þessa skóla til þess að reyna að fullnægja eitthvað betur þörfum æskufólksins til að geta stundað nám, heldur er full nauðsyn á því, að þessum heimavistarskólum fjölgi undir sömu reglum og héraðsskólarnir gera nú, áður en nokkur breyting kemur til, þ. e. a. s. að stofnaðir verði fleiri héraðsskólar í ríkiseign. Og það er a. m. k. ekki til of mikils mælzt, að hin einangruðu byggðarlög og reyndar öll byggðarlög fái slíkan rétt, miðað við það, sem gert er í þéttbýlinu, sem er þó sannarlega ekkert of mikið.

Af því að mér var bent á, að þetta hefði gleymzt, mun ég nú leyfa mér að flytja hér skrifl. brtt., sem hljóðar þannig, að við 2. mgr. þessarar gr. bætist: „Héraðsgagnfræðaskólar með heimavist, sem sýsla eða sýslur standa að og þegar hafa verið stofnaðir eða síðar kunna að verða það, koma undir ákvæði þessarar gr.“

Till. verður að vera skrifl. brtt. frá mér, þar sem ég gat ekki borið þetta undir meðnm. mína í tæka tíð, af því að þetta gleymdist. En eitt atriði er enn í þessari gr., sem ég vil benda hv. þm. á.

Hér stendur: „Stefnt skal að því, að kennsla í skólum þessum miðist við 3. og 4. bekk gagnfræðastigs, þannig að nemendur, sem teknir verða í skólann, hafi áður lokið skyldunámi.“ Hvað þýðir þetta? Þetta er stefnuyfirlýsing, ekki nein bein fyrirmæli, heldur stefnuyfirlýsing. Þeir eigi að verða svona, skólarnir. Það má segja um slíka ósk, að hún hafi ekki mikla þýðingu inn í sjálfa löggjöfina. Það skaðar ekki, þó að menn láti óskir í ljós í l., en það hefur heldur ekki neina þýðingu, að manni finnst. Og þó getur þetta haft þýðingu. Það getur verið, að í reynd fari skólastjórar og skólanefndir þessara skóla að framkvæma þetta, þó að það sé ekki komið í lög. Af því að það er gefið í skyn, að þetta muni koma í lög. En gerir það þá nokkuð til, þó að skólamenn geri það? Það er ekkert annað en það, að verið er að stjaka frá þessum skólum unglingum, sem ekki hafa lokið skyldunámi, viðs vegar að af landinu, þar sem engir möguleikar eru vegna skólaskorts til að láta unglingana ljúka skyldunáminu. Þeir ljúka þá bara sínu barnaskólanámi og ekki meiru. En það er mikið um það, að þessir unglingar sæki um skólavist í héraðsskólunum og fái hana. Enda væri það, ég vil segja, sorglegt, ef þeim væri stjakað frá. En þarna á að gera það, ekki með lagafyrirmælum, heldur með stefnuyfirlýsingu.

En það ætti öllum að vera ljóst, að svona lagað kemur ekki til mála fyrr en búið er að sjá æskufólki landsins fyrir skólum í öllum byggðarlögum til þess að það geti lokið sínu skyldunámi þar. Þá fyrst er kominn tími til þess að setja slík ákvæði sem þetta. Það hefur ekkert að gera inn í þessa gr. eða inn í þetta frv. fyrr en þannig hefur verið bætt úr hinum átakanlega skólaskorti í landinu.

Ég skal reyndar minna á það líka, að við höfum í þessari brtt. það ákvæði, sem er í frv., látum það fylgja: að Laugaskóli í S.-Þingeyjarsýslu kemur undir ákvæði þessarar gr., verði sá skóli afhentur ríkinu samkv. heimild í lögum.

Ég kem þá að 7. brtt. á þessu þskj., sem er við 15. gr. En í 15. gr. segir:

„Greiðsla á framlagi ríkissjóðs hverju sinni er háð því, að framlag viðkomandi sveitarsjóða sé greitt, og skulu framlög þeirra og mótframlög ríkissjóðs greidd í sérstakan reikning byggingarinnar í banka eða sparisjóði, sem samkomulag verður um milli menntmrn. og hlutaðeigandi sveitarfélaga.“

Ég ætla, að tilgangurinn með þessu ákvæði gr. sé sá að tryggja það, að ekki standi á greiðslu sveitarfélaga, þegar fara á að byggja. Og það er eðlilegt, ég get ekki láð neinum, þó að það skuli tryggt fyrirfram. Það er nánast sjálfsagður hlutur að gera það. En ákvæðið er um það, að þetta framlag sveitarfélaganna skuli hafa verið greitt fyrirfram inn í banka eða sparisjóð. Ég held, að það geti verið dálítið erfitt fyrir ýmis sveitarfélög að gera þetta, þó að þau hins vegar gætu tryggt það, að þau stæðu í skilum með framlagið sitt á þeim tíma, sem þörf er á því. Það má segja, að ríkið á líka að sæta þessum afarkostum, en ríkinu veldur það engum erfiðleikum, þó að því sé skipað með l. að leggja sitt framlag inn í banka, þegar það sjálft á fjóra banka. Þá er það ekki vandasamt fyrir það, svo að þetta hefur ekki þýðingu fyrir aðra en sveitarfélögin.

Við leggjum til í brtt. okkar, að síðasta mgr. þessarar gr. hljóði þannig: „Greiðsla á framlagi ríkissjóðs hverju sinni er háð því, að tryggt sé, að framlag viðkomandi sveitarsjóðs sé handbært, þegar á þarf að halda.“ Ég get nefnt dæmi. Sveitarfélag hefur kannske fengið einhvern hluta af sínu framlagi að láni hjá banka, fær það útborgað á ákveðnum degi, við skulum segja síðla árs, og hefur tryggingu fyrir því og gæti meira að segja lagt fram viðurkenningu banka fyrir því eða einhverra lánastofnana, en það á að byrja að byggja að vorinu. Sveitarfélagið getur ekki lagt peningana fram, af því að það fær þá ekki fyrr. En það þarf að fara að byggja strax og það þarf ekkert að óttast um, að framlagið komi. Þess vegna er nóg, að þetta sé orðað þannig, að það sé tryggt, að framlagið komi í tæka tíð.

Þá kem ég að 8. brtt. Hún er við 16. gr. Hún er smávægileg og aðeins til þess að taka af allan vafa um skilning á ákvæðum frv. Þar segir svo í 16. gr.: „Andvirði skólabifreiða greiðir ríkissjóður í sömu hlutföllum og stofnkostnaður mundi greiddur, ef að mati rn. er hagkvæmara að kaupa sérstakar skólabifreiðir en greiða fyrir flutning nemenda á annan hátt". Þetta er eitthvað óljóst. Þó virðist eftir grg. að dæma um þessa gr. að það sé reyndar ótvírætt, að ef þetta sparar heimavistarhúsnæði, sem ríkissjóður á að greiða einn, greiðir hann einn kostnað við kaup skólabifreiðarinnar. En það stendur þarna í gr., að andvirðið greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður. Við viljum aðeins orða þetta skýrt og ótvírætt: „Andvirði skólabifreiða greiðir ríkissjóður, ef með því sparast heimavistarrými að mati rn.", svo að þetta sé alveg ótvírætt, og þarf ég ekki að fara fleiri orðum um það.

En þá kem ég nú loksins að þessari flóknustu og vandasömustu gr. alls frv., og það er 20. gr. Hún er ekki auðveld viðfangs. Það er ekki einfalt fyrir menn að skilja hana og hefur vafizt fyrir fleirum en okkur í menntmn. að skilja allt það, sem þar stendur. Það er búið að segja í 17. gr. frv., að ríkið skuli greiða öll laun, bæði laun fastra kennara og stundakennslu, svo og laun óhjákvæmilegra starfsmanna vegna eftirlits og gæzlu o. þ. h., sem nánar er ákveðið þar. Og ég hygg, að flestir séu þeirrar skoðunar, að þessi ákvæði 17. gr. taki af öll tvímæli um það, að öll laun við skóla, hverrar tegundar sem þau eru, greiði ríkissjóður að fullu. En þetta er ekki svona einfalt. Ákvæðin í 20. gr. um reiknaðar kennslustundir er hámark þess, sem ríkið greiðir í launum. Það er hámark þess að meðtöldum þeim frávikum, sem í 20. gr. eru. Fari launagreiðslur fram yfir það, sem markað er í þessum ákvæðum 20. gr., verða sveitarsjóðir að greiða viðbótina. Þetta var miklu einfaldara hér áður og er enn í l. Þar er það ákveðið, að ríkið greiði öll laun fastra kennara og ákveðið, hve margir kennarar skuli vera í hverjum skóla fyrir sig miðað við nemendafjölda. Nú kemur hér allt önnur regla og algerlega ný og mjög torskilin. Í staðinn fyrir þetta, að nemendafjöldinn skuli ráða, er sett kerfi, þar sem öll kennsla og öll nauðsynleg vinna í hverjum skóla er lögð að jöfnu, reiknuð út og sá stundafjöldi, sem út kemur, á að fara eftir þessum ákvæðum 20. gr. með þeim frávikum, eins og ég sagði, sem þar fylgja.

Við í menntmn. fengum Torfa Ásgeirsson, skrifstofustjóra Efnahagsstofnunarinnar, til viðtals út af þessu frv. og er við fórum að ræða þetta mál, kom það í ljós, að hann hafði samið þessa gr. Honum hafði verið falið það verk, enda mjög fær og ágætur maður á þessu sviði. Þá sagði ég í gamni og alvöru, að mér hefði verið tjáð, að hann væri eini maðurinn, sem skildi gr. og nú óskuðum við eftir ýtarlegum skýringum á henni. Hann gerði sannarlega sitt til þess að koma okkur í skilning um það, hvað fælist í þessari 20. gr. En við höfum sennilega skilið svona hæfilega mikið hver fyrir sig, sem þarna vorum. Hins vegar tókum við auðvitað trúanlegt það, sem þessi ágæti maður sagði. Næsta dag kom á fund n., eftir beiðni okkar, skólaeftirlitsmaður ríkisins, Aðalsteinn Eiríksson. Þá segir Aðalsteinn Eiríksson okkur það, að hann líti svo á, að ákvæði í þessari 20. gr. séu heldur þröng í einstökum atriðum og séu á misskilningi byggð. Við höfðum nú sjálfir eiginlega hvorki skilið né misskilið neitt í þessu efni, en þegar Torfi Ásgeirsson kom til okkar, segir hann, að það sé alveg rangt, skýring hans sé hin rétta, en hitt sé misskilningur hjá Aðalsteini Eirikssyni.

Ég segi frá þessu sem dæmi um það, hversu erfitt er að skilja þetta kerfi, sem þarna er sett upp, þegar fróðustu mennina, — annar er höfundur gr., hinn skólaeftirlitsmaðurinn og sá, sem talinn er jafnvel fróðastur allra manna í landinu um skólakostnað, — greinir á um það, hvað felist í þessari gr. Það mætti segja mér, að einhverjir hv. þm., að þeim ólöstuðum, eigi erfitt með að skilja hana til fullnustu. Úrræðið var svo það, að þeim var báðum falið að ræða saman um þetta mál og koma aftur á fund n. með skýringar sínar á þessari frvgr. og þá væntanlega brtt. við gr., ef þeir teldu ástæðu til þess og gætu sameinazt um það, annars hvor fyrir sig með brtt. En við vildum fá þá aftur og það næsta dag á okkar fund. Og þetta var gert. Ég hygg, að þeir hafi unnið vel þennan dag, og þeir komu næsta dag. Niðurstaðan varð sú, að gr. var að vísu breytt smávegis. Hvor hafði rétt fyrir sér og hvor ekki rétt, get ég ekkert dæmt um, en þetta er táknrænt um það, hversu erfitt er að skilja þessi ákvæði. Þeir komu svo með brtt., og þær brtt., sem þeir lögðu til, að fluttar yrðu, eru vafalaust til bóta og eru í till. meiri hl. n., og við, sem skipum minni hl., erum að sjálfsögðu samþykkir þeim, sem eru til bóta. En þó að svo sé, að þessi vandi hafi þarna verið leystur, er ekki allur vandinn leystur með þessu. Jafnvel þarna, á þessum eina fundi, ber þeim saman um, þessum ágætu mönnum, Torfa Ásgeirssyni skrifstofustjóra og Aðalsteini Eiríkssyni skólaeftirlitsmanni, að verði ákvæðum þessarar gr. ekki breytt enn þá meir en þetta, muni hluti sveitarfélaga í rekstrarkostnaði húsmæðraskólanna aukast um 113% og af því flytur hv. meiri hl. n. þá brtt., sem hann flytur, að þessir húsmæðraskólar skuli vera áfram undir gamla kerfinu.

En það vaknar hjá manni sú spurning, þegar svona hlutir gerast: Getur þetta ekki komið fyrir annars staðar og kannske aftur og aftur, af því að þetta er svo flókið mál? Við minni hl. nm. teljum, að það verði að gera einhverja þá breytingu á gr., sem fyrirbyggi, að slys geristaf þessu tagi, því að allir ætlast til þess, að öll laun fyrir nauðsynleg störf í skóla verði greidd af ríkinu. Því höfum við leyft okkur að flytja brtt. við þessa 20. gr. Það er 9. till. á þskj. 499, a-liður, sem er þannig:

„Nú kemur í ljós, að reiknaðar stundir eru ekki nægjanlegar, að dómi rn., til að fullnægja námsskrá og þörfum hvers einstaks skóla fyrir nauðsynlega starfskrafta, miðað við starfstíma skóla, nemendafjölda, víxlkennslu og störf þau, sem nauðsynleg eru á þessu sviði, og skal þá fjölga reiknuðum stundum svo, að þessu marki verði náð.“

Þessi mgr. á að tryggja það, að ef síðar koma fram erfiðleikar við framkvæmd þessara l., skuli bæta úr á þennan hátt. Við sjáum okkur ekki annað fært en leggja slíkt til, því að annars gætu erfiðleikar af þessu hlotizt. Þrír skólastjórar komu á fund n., án þess að þeir hefðu verið kallaðir, en þeir fengu leyfi til þess að skýra mál sitt þar. Þeir kvörtuðu mjög undan þessari gr. Hvort sem það hefur verið af því, að þeir hafa ekki skilið hana eða þeir höfðu raunverulega rétt að mæla, þá töldu þeir, að mjög vantaði á í einstökum tilfellum, að ákvæði gr. fullnægði skólum, þ. á m. fyrst og fremst þeirra skólum, og orðaði einn þeirra það á þann hátt, að sér sýndist, að það skorti á 1/4—1/3 af þeim stundafjölda, sem þyrfti að reikna þarna með viðvíkjandi sínum skóla. Og ég held, að ég muni það rétt, að annar skólastjóri hafði orð á því, að ákvæði þessa frv. um fjölda fastra kennara væru svo ströng, að þeim mundi fækka um helming við sinn skóla. Þetta er ekki vandalaust og það er óaðgæzla að sjá ekki við því, sem kann að koma fyrir, þegar farið er að framkvæma lögin.

Þá er í þessari sömu 20. gr. svo hljóðandi mgr.:

„Þó skal ekki leyfa slík frávik — þ. e. a. s. frávik frá reglum a—e-liða — umfram það að útgjöld ríkissjóðs þeirra vegna nemi allt að 2% af áætluðum heildarútgjöldum hans samkv. þessari gr., nema samþykki fjmrn. komi til.“

Ég veit ekki, hvernig þetta yrði í framkvæmd. Ég held, að það þurfi að leyfa frávikin fyrirfram, áður en nokkur veit, hvað þau þurfi að kosta eða muni kosta. Annað er það, að þarna kemur það í annað sinn fyrir í þessu frv., að verið er að blanda hér inn í lög samskiptum einstakra ráðh. Fjmrh. kemur þarna aftur til skjalanna, og á að vera, hvað þetta snertir, nokkurs konar yfirmaður menntmrh. Þetta er hlutur, sem okkur finnst, að eigi ekki að vera í l. og sé mál innan ríkisstj., ef svo mætti að orði komast. Við leggjum til, að þessi mgr., 4. mgr., falli niður.

Þá er loks í þessari sömu gr. ákvæði, sem við leggjum til, að falli niður, vegna þess að ef þannig er hægt að stöðva frávik eða undantekningar frá reglunni, er líka verið að brjóta höfuðregluna, sem er sú, að ríkið greiði öll laun. Þá segir einnig í þessari sömu 20. gr. í næstsíðustu mgr.:

„Eigi skal að jafnaði setja eða skipa fleiri kennara við skóla en sem nemur því, að skyldukennsla þeirra sé allt að 70% af þeim stundafjölda, sem viðkomandi skóli á rétt á, nema þegar 1—3 kennarar, að skólastjóra meðtöldum, fullnægja kennsluþörf og rétti skólans með fjölda skyldustunda sinna.“

Það var nú reyndar um þetta atriði eins og fleiri í þessari gr., að það var dálítið torskilið, en sú er þó bót í máli um þetta atriði, að það er skýrt í grg., hvernig eigi að skilja þetta ákvæði. Um þetta segir í grg.: „Lagt er til, að fjöldi fastra kennara sé að jafnaði ekki meiri en svo, að skyldukennsla þeirra sé 70% af þeim stundafjölda, sem skólinn á rétt á. Nauðsynlegt þykir að hafa slíkt hámarksákvæði, til þess að fastir kennarar eigi kost nokkurrar aukakennslu, og eins þess, að skólar geti ráðið stundakennara til sérkennslu.“ Það virðist þá vera aðaltilgangurinn með þessu ákvæði, að fastir kennarar geti fengið stundakennslu, m. ö. o. aukavinnu. Og það á að setja þetta í lög.

Ef Alþ. fellst á svona lagað ákvæði, held ég, að það verði ekki langt þangað til aðrir embættismenn fara að heimta það sama. Ef embættismenn skólanna eiga að fá að hafa eitthvert tryggingarákvæði í l. um það, að þeir geti fengið aukavinnu, er ekki útilokað, að einhverjum öðrum embættismönnum ríkisins kunni að detta það sama í hug: „Ég vil tryggja mér með lagaákvæði að fá aukavinnu.“ Við leggjum því til, að þetta ákvæði falli niður.

Ég býst við, að ég láti þetta duga um 20. gr. Við gerum ekki till. um að hverfa að gamla kerfinu og heldur ekki að gerbreyta þessu, en aðalatriðið er það, að við viljum setja inn þessa einu mgr., sem á að tryggja það, að ekki verði neitt slys vegna skilnings á gr.

Þá kem ég að 10. brtt. á þskj. 499, en hún er um flutningskostnað. 1. mgr. 21. gr. frv. er um það, að ríkissjóður greiði eftir á, samkv. endurskoðuðum reikningum og fskj., viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og auk þess stendur þarna: „svo og flutningskostnað nemenda, þegar við það sparast heimavist“. Það er sama um þetta, að við leggjum til, að orðalagið verði ótvírætt. Eina breyt., sem við gerum hér hvað þennan lið snertir, er, að það komi skýrt og ótvírætt fram, að flutningskostnaður á nemendum í skóla og úr á að greiðast úr ríkissjóði, þegar hann sparar heimavist, þ. e. kostnað við heimavistarbyggingu. Það er í samræmi við það, sem er um kaup á skólabílum.

En svo er meira í þessari gr. Það er 2. mgr.: „Endurkrefja skal heimasveitir nemenda þeirra, sem sækja skóla þá, sem taldir eru í seinasta málsl. fyrri mgr., um kostnað samkv. 23. gr., og skal miða við kostnað þeirra sveitarfélaga, er sambærilega kennslu veita.“ Þarna er verið að færa verulegan hluta af rekstrarkostnaði héraðsskólanna yfir á sveitarfélög. Rekstrarkostnað ríkisskóla er þarna verið að færa yfir á sveitarfélög þeirra nemenda, sem sækja skólana. Þetta held ég þó, að sé ótvíræð bending um það, að ætlunin er að leggja skólana niður sem ríkisskóla. Mér finnst nú nánast furðulegt, að ríkið ætli sér að eiga héraðsskólana áfram, af því að þeir voru gefnir ríkinu, en ætli nú að koma rekstrinum að verulegu leyti yfir á sveitarfélögin. Þetta væri einna líkast því að

bóndi gæfi nágranna sínum kú, en eftir nokkur ár segir nágranninn: „Ég ætla nú að eiga kúna, en þú verður að fóðra hana". Nú eiga sveitarfélögin að fara að fóðra ríkisskólana með því að taka á sig þennan þátt í rekstrarkostnaði þeirra. Og nú er tekin upp ný regla, þ. e. að leggja þetta á sveitarfélögin, sem senda þangað nemendur. Ég veit ekki, hvaða afleiðingu þetta kann að hafa. Kannske að einhver æskumaðurinn, sem sækir um vist í héraðsskóla, fái það svar hjá skólastjóranum: „Þú þarft, góði minn, að koma með tryggingu eða viðurkenningu frá oddvitanum, um að sveitarfélagið greiði þann kostnað, sem leiðir af því, að þú kemur í þennan skóla." Og pilturinn fer kannske til oddvitans. Hvaða svör hann fær þar, veit maður ekkert um. Maður getur látið sér detta í hug, að oddvitinn segi sem svo: „Já, þú getur fengið þessa viðurkenningu, ef þú eða pabbi þinn endurgreiðir hreppnum kostnaðinn." Það er varla hægt að gera sér grein fyrir, hvernig þetta getur orðið í framkvæmdinni. Og nánast held ég, að þetta sé gersamlega óframkvæmanlegt, og ekki er þetta sérstaklega geðug aðferð. Það er því mjög fjarri því, að við getum fallizt á að samþykkja þessa mgr.

Þá er jafnframt tekið upp í þessa gr. nýtt ákvæði: „Með sama hætti skal sveitarfélögum, sem láta nemendum úr öðrum sveitarfélögum í té kennslu í skóla gagnfræðastigs, heimilt að endurkrefja heimasveitir nemenda." Það á að taka upp þessa reglu, að nemendur eða heimasveitir taki á sig rekstrarkostnað. Við vitum ekkert, hve mikinn. Á þetta að vera allur rekstrarkostnaðurinn, sem sveitarfélaginu tilheyrir, og hvað verður þetta mikið gjald á hvern nemanda, t. d. í þessum eða hinum skólanum?

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, aðeins geta þess, að við leggjum til, að þessi ákvæði falli niður og 21. gr. hljóði eins og ég hef áður getið um, en endi þó á þessum orðum: „Ríkissjóður greiðir allan rekstrarkostnað í þeim skólum, sem eru eign ríkisins". Þetta er ótvírætt.

11. brtt. okkar er um það að breyta þarna nokkru í 23. gr., þ. e. a. s. hvaða kostnaðarliði sveitarfélög eiga að greiða að fullu. Við fengum ábendingar um það frá Gunnari á Hjarðarfelli, að upphitunin, rafmagnsnotkunin og vátryggingargjöldin væru orðin ákaflega mikill kostnaðarliður hjá heimavistarskólum, og hann hefur reynsluna af því í hinum nýja, stóra og glæsilega Laugagerðisskóla, hvernig þetta er. Hann bendir okkur á, hvað snertir rafmagnið, að rafmagnsmótorar eru þarna alltaf í gangi, því að þeir dæla heita vatninu um byggingarnar, en auk þess verði að geyma þarna matvæli, þegar skólinn er ekki starfandi að sumri til, og það þurfi að halda húsinu heitu, halda því vel við. Til þessa þurfi að hafa stöðuga rafmagnsnotkun í byggingunni. Þarna verður margföld rafmagnsnotkun á móts við það, sem kann að vera annars staðar. Þá má geta þess, að það eru ákvæði nú í l., að ríkið skuli greiða 75% af upphitunarkostnaði í heimavistarskólum, þar sem ekki er jarðhiti.

Gunnar segir okkur einnig, að bara vátryggingargjöldin af þessum byggingum nemi um 50 kr. á hvern íbúa á því svæði, sem skólinn er fyrir, svo að þetta er ekkert smáræði. Til þess að hér verði ekki of þungir baggar bundnir einstökum héruðum, höfum við í minni hl. n. lagt til, að sveitarfélögin greiði þó ekki nema að hálfu móti ríkissjóði hitunarkostnað, rafmagnsnotkun, húsvörzlu og vátryggingargjöld, en þó greiði ríkissjóður að 3/4 hitunarkostnað í heimavistarskóla, þar sem ekki nýtur jarðhita, en það er óbreytt ákvæði frá því, sem nú er í l. Allan annan rekstrarkostnað, sem ekki er sérstaklega nefndur, greiða sveitarfélögin að fullu. Ég vona, að þetta sé nú nokkurn veginn ljóst, hvað við meinum.

Síðasta till. er svo við 24. gr. Þar stendur í frv.: „Menntmrn. ákveður heimavistargjöld nemenda í heimavistum, að fengnum till. fræðslumálastjóra og skólanefnda."

Þetta er ekkert nýtt. Þetta er í l. núna. Þetta er nefskattur á nemendurna, ógeðfelldur skattur, að vísu ekki á nemendur við skyldunám, heldur hina. Og ég held, að þessi skattur dragi ekki svo langt til að greiða rekstrarkostnað, að það sé ekki hægt með einhverju móti að vera án hans. Foreldrar, sem þurfa að senda kannske 3—4 börn sín að heiman, sum í barnadeildir, hin í gagnfræðadeildir, fá víst nóg að borga að greiða allan dvalarkostnaðinn þar, þó að ekki sé verið að setja þetta heimavistargjald líka á þau. Og hvað er þetta heimavistargjald? Það er nokkurs konar húsaleiga, held ég helzt. Það er langt gengið, finnst mér, að vera með slíka nefskatta á nemendur, og ég kann ekki við þá og vil afnema þá, og sama sinnis eru þeir, sem með mér standa að þessum till.

Herra forseti, ég hef nú reynt að skýra þessar till., sem minni hl. n. flytur. Ég hef leitazt við að gera það eins samvizkusamlega og mér var unnt, og þó að fáir séu áheyrendurnir, ber ég ekki ábyrgð á því, en það er í þeim eina tilgangi gert af minni hálfu að verja til þess nægilegum tíma að fara í gegnum þetta frv., ef ske kynni, að það lægi þá eitthvað ljósara fyrir mönnum. Hitt get ég ekki ráðið við, þó að hv. þm. hafi metið meira að fá sér að borða eða horfa á Steinaldarmenn eða Dýrling. Ég lít svo á, að þetta mál sé miklu meiri „dýrlingur" en sá, sem kann nú að vera hv. þm. til skemmtunar heima fyrir. Ég legg svo til, herra forseti, að frv. nái fram að ganga með þessum breyt., en hvað verður um afstöðu okkar til afgreiðslu málsins, ef þær kynnu að verða felldar, get ég ekki skýrt frá á þessari stundu.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 499 og 517) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það má segja, að þetta mál sé sótt með miklu ofurkappi, eins og raunar ýmis fleiri mál um þessar mundir, og er það mikið tjón, hvernig tekizt hefur með undirbúning mála fyrir þetta hv. Alþ., því að það er dembt hér inn hverju málinu á fætur öðru, þótt hugsunin sé að ljúka Alþ. eftir örfáa daga. Verður þetta til þess, að hv. alþm. geta ekki kynnt sér málin og komast tæplega yfir að lesa frv. ásamt grg., hvað þá brjóta til mergjar, hvað í þeim er. Þannig er það um sjálfan mig og mér er kunnugt, að þannig er þetta um mjög marga aðra, bæði í stjórnarandstöðuliði og liði stjórnarinnar. Þetta er meingallað og þyrfti í raun og veru, eins og nú er komið, að íhuga vandlega, hvort ekki kæmi til greina að fresta einhverjum af þessum lagabálkum, sem verið er að reyna að hespa í gegn með þessu móti, þegar af þessum ástæðum, sem *ég hef greint*, eða þá að athuga, hvort ekki væri hægt að eyða þeim ágreiningi, sem er um ýmis einstök atriði málanna og menn hafa komið auga á.

Vísa ég þar m. a. til þess, sem hér hefur komið fram af hendi hv. minni hl. um þetta skólakostnaðarmál. Í því eru ýmis atriði, sem allir virðast vera vel ásáttir um, en aftur önnur, sem eru talsvert mikil ágreiningsefni og nálega er ómögulegt að fjalla um sómasamlega á þeim tíma, sem gefst. Og sumt í þessu er áreiðanlega óljóst enn þá, jafnvel þeim, sem fengizt hafa við þetta í n., hvað þá öðrum, sem *ekki hafa* komið að þessu jafnmikið og nefndarmennirnir.

Nú er sá galli á, vegna þess hvílíkt ofurkapp er sýnt í þessu, að t. d. er verið að lemjast um í þessu máli, þótt hæstv. menntmrh. sé ekki viðstaddur, telji sig ekki geta verið viðstaddan. Samt sem áður er haldið áfram með þetta mál í kvöld, og verður það t. d. til þess, að hæstv. menntmrh. getur ekki hlustað á, hvað menn hafa hér til málanna að leggja. M. a. er þannig ástatt fyrir mér, að ég ætlaði að vekja athygli hæstv. ráðh. á sérstöku atriði í þessu máli, en fæ því nú ekki fram komið á þessu kvöldi, og því alls ekki, að því er mér skilst, ef ekki verður breytt um starfsaðferðir.

Þetta er auðvitað ákaflega slæmt, og ég er að hugsa um að grípa til þess neyðarúrræðis að biðja fyrir skilaboð til hæstv. ráðh. í þessu sambandi. Það er nú víst ekki hægt að koma því við að skrifa honum, enda geri ég nú ekki ráð fyrir því, að það sé nú svo langt komið þessum málum enn þá, hvað sem kann að verða með sama áframhaldi, að ekki sé hægt að hafa samband við hátignirnar, nema skriflega, þ. e. a. s. ráðh.!! Það má vera, að það stefni óðfluga í þá átt, að þeir telji það sér sæmst að mæta alls ekki á Alþ., heldur senda því orðsendingar eins og sums staðar gerist í öðrum löndum, þar sem nokkuð annað stjórnskipulag ríkir en hér á að vera, en þar eru bréfagerðir á milli þingmanna og ráðh., en við eigum ekki að venjast því hér. Og það er ekki okkar stjórnskipan að hafa það þannig. Nú vildi ég mjög biðja þá, sem hér eru úr ríkisstj. (ég held, að það sé ekki nema einn hæstv. ráðh. viðstaddur) og eins þá menn, sem hafa þetta mál með höndum sérstaklega úr stjórnarliðinu, að hafa nú samband við hæstv. menntmrh. og vita, hvort hann, ásamt þeim vill ekki ganga í að reyna að leita samkomulags um þetta mál og eyða a. m. k. einhverju af þeim ágreiningi, sem um málið er.

Mér þykir ekkert ólíklegt, að ýmsir hv. þm. stjórnarinnar hafi áhuga fyrir því að láta athuga einstök atriði í þessu betur, og ég vil beina því til þeirra að athuga það nú í kvöld, því að það fer að verða hver síðastur í því efni og hafa samband við ráðh., hvort ekki mætti taka eina sáttalotu á vegum hv. menntmn., t. d. á milli 2. og 3. umr., og sjá, hvort ekki væri hægt að eyða einhverju af þessum ágreiningi. Þetta var nú annað erindi, sem ég átti hingað upp í stól þennan, að benda á þetta og fara fram á þetta í allri vinsemd, að þetta verði athugað. Tel ég, að þetta mundi geta orðið í þágu málsins og þágu margra.

Hitt erindið var það að taka undir með hv. frsm. minni hl. um þau ákvæði, sem lúta að héraðsskólum. Mér finnst það ekki vera skynsamlegt að fara nú að breyta til frá því, sem búið var að ákveða, og leggja kostnað við héraðsskólana aftur á héruðin sjálf að verulegu leyti, stofnkostnað eða rekstrarkostnað. Ég bendi á, að gert er ráð fyrir því í þessu frv., að *héruðin greiði nokkurn hluta* af rekstrarkostnaði þessara skóla, sem ekki hefur verið nú um sinn og með þeim sérkennilega hætti, að hvert sveitarfélag borgi fyrir nemendur úr því sveitarfélagi. Mér finnst nánast, að úr þessu verði allt að því ósæmilegt uppgjör, að þannig gangi reikningasendingar fram og aftur um landið gjörvallt, úr einu sveitarfélagi í annað, *og minnir þetta óneitanlega nokkuð á fyrir*komulag í öðrum málaflokkum, sem voru þessu raunar alveg óskyldir, þegar sveitarfélögin urðu að senda reikninga sína á milli, öllum til leiðinda og stórkostlegs erfiðis og baga á margan hátt. Mér finnst þetta afar óviðkunnanleg aðferð og afleit og yfir höfuð finnst mér, að það ætti ekki að koma til að fara nú aftur að leggja hluta af þessum kostnaði á sveitarfélögin.

Þá vil ég enn til viðbótar minna á, að það stendur þannig á með Eiðaskóla t. d., sem er einn af þessum héraðsskólum, að hann er settur á fót með sérstökum samningi á milli Múlasýslu annars vegar og ríkisins hins vegar, og sá samningur var þannig, að þegar bændaskólinn var lagður niður á Eiðum, gáfu sýslurnar skólanum, þ. e. a. s. gerðu samning við ríkið um að afhenda ríkinu Eiðastól, sem kallaður var, þ. e. a. s. höfuðbólið Eiða með skólahúsnæði því, sem þá var þar, og Eiðastóls-

jörðum. Gerðu sýslurnar samning um að afhenda þessar eignir til ríkisins, en ríkið skuldbatt sig í staðinn til þess að halda uppi á sinn kostnað alþýðaskóla á Eiðum. Hygg ég, að þessi lagasetning, sem hér stendur til að fullgilda, fái ekki staðizt, að því er varðar Eiða, því að hún mun verða tvímælalaust brot á þessum samningi, sem gerður var. Vildi ég m. a. biðja þá, sem vilja taka að sér að flytja þau skilaboð, sem ég var að tala um, að vekja athygli hæstv. ráðh. á þessu. Ég vil einnig fara fram á, að n., sem fjallar um þetta mál, athugi þetta atriði sérstaklega á milli umr. Ég tel sem sé, að þetta muni ekki geta staðizt og sé verið að brigða þarna gerðum samningum. Ég vil vona, að þeir, sem áhuga hafa á þessum málum, sem munu vera margir, vilji nú fara í að ganga þarna á milli og ná betri samstöðu en enn er orðin um málið, og vil ég skora á alla þá hv. alþm., sem áhuga hafa fyrir því að fá einhverjar frekari breyt. á frv., að beita nú áhrifum sínum, til þess að þannig verði unnið að málinu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir álit minni hl. með fyrirvara, en ég vildi gera almenna grein fyrir minni afstöðu til þessa máls, en skal ekki fara nákvæmlega út í málið sjálft, enda hefur það verið rakið mjög ýtarlega af frsm. beggja hl. menntmn. Það, sem mér finnst fyrst og fremst að í sambandi við afgr. þessa frv., er sú afstaða hæstv. ríkisstj. gagnvart Alþ., sem fram kemur í því. Þetta er svo að segja að verða síður að koma með allstóra lagabálka á síðustu 2 vikunum inn á þingið, lagabálka, sem valda því, að það er svo að segja ómögulegt fyrir n. þingsins, hvað vel sem þær vilja vinna, að afgreiða þessi mál með eins góðu móti og þær mundu óska eftir. Það, sem m. a. veldur því, að þetta er allt miklu óhægara en vera þarf, er sá siður, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp, að láta vinna að undirbúningi svona mála einvörðungu af mönnum í sjálfu ríkisapparatinu, af mönnum, sem eru valdir til þess á hinum ýmsu skrifstofum eða úr stjórnarliðinu einvörðungu.

Ef ýmis svona mál væru annaðhvort undirbúin af mþn., sem allir flokkar ættu fulltrúa í, eða það væri valið í þær þannig, að flokkarnir hefðu a. m. k. óbeint aðstöðu til þess að láta menn, sem þeir treystu vel, kynna sér þessi mál, þá væri allt annar möguleiki á að afgr. svona mál fljótt. Ég held, að þetta sé að verða alveg óþolandi aðstaða. Það eru að verða nokkrir embættismenn ríkisstj. í Rvík, sem eru settir í að undirbúa málin, síðan er málunum fleygt inn á Alþ., þegar kannske 2 vikur eru eftir af þinginu og síðan ætlazt til þess, eins og nú í kvöld, að Alþ. bara afgreiði þetta. Þetta er svoleiðis óvirðing gagnvart Alþ., að það er ekki við það unandi. Þetta þýðir, að það er verið að gera nokkra embættismenn ríkisins að herrum Alþingis, og það á ekki að þolast.

Ég vildi minna á, að það var næstum því það sama, þegar vegalögin voru upphaflega samþ. og liggur við, að það sé svipað nú, þegar á síðan að afgreiða þau fyrir hver 2 ár í einu. Það, sem gerir sérstaklega erfitt með þetta frv. er, að það er ýmislegt gott í þessu frv., en þó sérstaklega fyrir þéttbýlið, en jafnframt því leggur þetta frv. mjög mikið aukið vald í hendur ríkisstj. Að sumu leyti mundu menn kannske segja, að það væri allt í lagi, vegna þess að þetta þýddi aukið aðhald, en það er nú ýmislegt líka við það að athuga. Það, sem ég óttast sérstaklega í sambandi við þetta frv. og yfirleitt þær tilhneigingar, sem fram koma nú víða í þjóðfélaginu, er það, að þeir aðilar, sem eru fjærst höfuðstöðvunum, verði útundan. Ég held, að þeir, sem afskekktastir eru, þeir, sem eru lengst frá í dreifbýlinu, komi til með að eiga einna erfiðast með að sætta sig við þetta frv. Sumar tilhneigingarnar í sambandi við það eru að vísu eðlilegar, það er mjög eðlilegt aðhald, sem verið er að skapa til þess að sjá t. d. um, að tvö sveitarfélög eða jafnvel fleiri sameinist um skólana, það er mjög eðlilegt. En engu að síður er þarna stundum um það að ræða, að erfitt er, svo að segja af landfræðilegum ástæðum, að koma þessu stranga aðhaldi við, án þess að ganga á rétt þess fólks, sem þarna á í hlut.

Og við vitum, hvernig ástandið er í þessum skólamálum. Við vitum, að það er enn þá svo, að það er jafnvel farkennsla, sem menn verða að búa við hér og hvar, og hingað til Rvíkur flytur fólk, sem hefur notið skólagöngu, ef það væri lagt saman, svona í hæsta lagi um 4 ár. Það er misréttið í þessum efnum, sem er ákaflega tilfinnanlegt, og það er ekki bætt úr því misrétti, heldur sums staðar jafnvel aukið með þessu frv. Þetta held ég, að ekki sízt við, sem í þéttbýlinu búum eða erum fulltrúar þess, verðum að leggja áherzlu á, að það dugar ekki, að sú tilhneiging verði ríkjandi í þjóðfélaginu, af því að meiri hl. t. d. allrar þjóðarinnar er nú hérna á 10—20 km svæði hér út frá, þá dugar ekki, að sú tilhneiging verði ráðandi, að svo framarlega sem sæmilega er gert við okkur, sem í þessu þéttbýli búum, þá megi hinir svo að segja eiga sig. Þetta er það, sem er að verða meinsemd í þeim þjóðfélögum, sem annars eru oft velmegandi, að þeir, sem verða útundan, eru það fjarri höfuðstöðvum alls atvinnu- og stjórnmálalífs, að þeir ná ekki rétti sínum.

Það var annað atriði, sem ég vil líka benda á í sambandi við þetta frv. Ég taldi fram sem einn af höfuðkostum þess, eins og fram kemur í II. kafla, 4. gr. og þar á eftir, að þarna eigi að gera miklar framkvæmdaáætlanir um skólabyggingar, og nú eigi að vinna þarna betur en áður. Ég hef áður vakið athygli á því og vil gera það enn, að það vinnst lítið með þessum áætlunum, jafnvel þó að þær séu til 10 ára og þar að auki hver um sig til eins árs, á meðan þessar áætlanir eru aðeins um eitt ákveðið svið í þjóðfélaginu. Þær verða venjulega tóm vitleysa. Ef þið búið til vegáætlun fyrir 10 ár, skólabyggingaáætlun fyrir 10 ár

o. s. frv., en hafið enga heildaráætlun fyrir þjóðfélagið, verða allar áætlanirnar vitlausar, vegna þess að þá stemmir ekki, þegar þið leggið saman. Og helmingurinn af öllu í þjóðfélaginu er utan við þetta. Hverjar hafa svo orðið afleiðingarnar? Hér hafa komið lærðir menn frá efnahagsstofnunum og öllu mögulegu og útbúið hér áætlanir, og um leið og við erum búnir að samþ. áætlanir er komið með sérstök lagafrv., þar sem það er ákveðið, að nú skuli skera niður þessar áætlanir. Og af hverju? Af því að sá geiri í þjóðfélaginu, sá hluti í þjóðfélaginu, í atvinnulífinu sjálfu, sem er utan við þetta allt saman, sem er meiri parturinn, allur einkarekstrinn, hann heimtar stundum meira til sín, og þá er farið að skera þetta niður. Það hefur verið samþ. hér á Alþ., nokkru eftir að fjárlög hafa verið samþ. skv. ákaflega finni áætlun, að skera niður 10%, 20% og annað slíkt af því.

Allur svona lagabókstafur verður meira eða minna tóm vitleysa, enda er gert ráð fyrir því strax í þessum l. Það stendur þarna í 4. gr.: „Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft sem ástæða þykir til.“ Þetta er í raun og veru einfalt samlagningarspursmál, þar sem þarf að kenna ríkisstj. að leggja saman. Að kunna að leggja saman alla geirana í þjóðfélaginu, einkarekstrinn, opinbera rekstrinn og annað slíkt, og sjá þá, hvernig stendur og hvers konar áætlun maður getur gert. Þess vegna verður það svo, að þar sem hér er talað fallega um áætlun, verður í framkvæmd höft — það verður í framkvæmd höft. Það er ekki til neins fyrir Sjálfstfl. eða Alþfl. að fara að státa sig af því að vera þarna með einhvern áætlunarbúskap. Þetta nýtist ekki, nema það verði ein heild og þá fyrst og fremst heild viðvíkjandi atvinnulífinu sjálfu. Enda verður þetta svo, að um leið og við höfum verið búnir að samþ. áætlanir um sjúkrahús og fjárveitingar um sjúkrahús og skóla og slíkt, er komið rétt á eftir og þetta er skorið niður. Þá er það gamla haftapólitíkin, sem allt í einu er komin í staðinn fyrir þann fagra áætlunarbúskap, sem þarna er verið að státa af.

Þá vil ég enn fremur vekja athygli á því, að það er gengið of langt í því aðhaldi, sem hér er verið að skapa. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, sem stendur hér í 9. gr., seinni partinum af henni, með leyfi hæstv. forseta: „Séu þegar samþ. fjárveitingar Alþ. til skólamannvirkis ónógar til að greiða 1/3 af áætluðu stofnkostnaðarframlagi ríkisins, má menntmrn. eigi leyfa að hefja framkvæmdir fyrr en að fengnu skriflegu samþ. fjmrn.“ Þetta er nýtt ákvæði. Þetta er ákvæði, sem ekki var í gömlu l. nr. 41, frá 17. maí 1955. Þarna er tekið fram, að ef hafnar eru framkvæmdir án þess að framantöldum skilyrðum sé fullnægt, er stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi, og að ekki sé heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi. En hvernig lítur þetta út gagnvart almenningi og gagnvart allri okkar venju hér í okkar stjórnskipun? Hér er tekið upp það ákvæði, að parti af ríkisstj., þ. e. menntmrn., er með l. bannað að gera ákveðinn hlut nema með skriflegu samþ. fjmrn., annars partsins af ríkisstj. Ég vil leyfa mér að biðja menn að athuga þetta. Er til nokkurt sambærilegt ákvæði í íslenzkum l.? Við höfum auðvitað ákvæði um það, að sveitarfélög mega t. d. ekki hefja ákveðnar byggingar eða annað slíkt, án þess að fyrir liggi skriflegt samþykki frá ríkisstj. Ríkisstj. er einn aðili gagnvart almenningi í landinu. Það er ekki til nema ein ríkisstj., það er ekki til, þannig séð, eitt menntmrn. og eitt fjmrn. gagnvart almenningi í landinu, það er til ein ríkisstj., sem ber ábyrgð á hlutunum. Og það er ekki hægt bókstaflega að setja svona ákvæði í lög. Svona hlut koma ráðh. sér saman um. Þegar útbúin eru fjárlög, hefur fjmrh. það svo, að hann ræðir við hina ráðh. áður, fær hjá þeim uppástungur og annað slíkt. En það er ekki hægt að setja það í l., að einn hluti úr ríkisstj. megi ekki gera eitthvað, nema annar hluti úr ríkisstj. hafi samþ. það. Ríkisstj. er ekki nema einn aðili gagnvart alþjóð í þessum efnum. Ef fjmrh. vill tryggja sig vel í þessum efnum, verður hann að gera það innan ríkisstj. Hann verður að segja við viðkomandi ráðh., t. d. menntmrh. eða utanrrh., ef honum finnst þeir ætla að eyða of miklum peningum eða leyfa of mikið eða annað slíkt: Ég mun ekki leggja fram fjárlög um t. d. aukafjárveitingar til þess arna. Þetta er hlutur, sem ein ríkisstj. verður að skipuleggja innan sinna vébanda. Mér finnst satt að segja hneykslí að sýna svona á prenti.

Ég verð að segja það líka, bæði í sambandi við þessa grein og fleiri þarna, t. d. 13. gr., að það er alltaf verið að draga þarna úr valdi Alþ. í fjármálum, og það er þó höfuðvald Alþ. Þegar Alþ. er einu sinni búið að veita fé til einhvers, er það þar með gert, og eiga ekki aðrir menn, meira að segja þó að ráðherrar séu, að geta skipt sér þar af. Það á að framkvæma þann hlut, það er fyrirskipun frá Alþ.

Ég skal ekki endurtaka neitt um ýmislegt það góða, sem í þessu frv. er, og greinilega var sýnt fram á hér, bæði af frsm. meiri hl. og minni hl., en það, sem er þarna hættulegt, er, að það er verið að sameina of mikið vald á ákveðnum stað í embættismannastéttinni og draga að sama skapi úr valdi Alþ. Jafnframt er verið að gera aðstöðu fólks úti um land erfiðari gagnvart miðvaldinu í Reykjavík. Ég verð að segja, að svona frv. eins og þetta hefði maður átt að fá það snemma, að það hefði verið hægt að senda það til umsagnar út um land, t. d. til fræðslunefndanna. Til þess eru n. Alþingis og það er vani einmitt, að í byrjun þings séu svona stór frv. lögð fram, svo að það sé góð aðstaða til að senda þau út og fá þannig umsögn um þau. Það er það, sem hefði verið æskilegt í þessu máli. Nú er sem sé svo komið, að ríkisstj. leggur

mikla áherzlu á að fá þetta frv. fram. Ég mundi þá vilja spyrja, ef hæstv. menntmrh. væri hér: Vill ríkisstj. reyna að sýna hér einhverja sanngirni á móti? Menntmn. hefur, þennan örskamma tíma, sem hún hefur haft, unnið vel í þessu máli, og það hafa margar góðar breyt. fengizt þarna fram, sem koma fram í áliti meiri hl. og mælt var fyrir, og það eru margar góðar till., sem enn fremur koma fram í áliti minni hl. Vill nú hæstv. ríkisstj. sýna einhverja verulega sanngirni í smáu og stóru að einhverju leyti? Ég vil taka lítið dæmi í sambandi við 21. gr. Við leggjum þar til í minni hl., að felldar séu niður tvær seinni mgr. og orðalagi gr. breytt, sem þýðir raunverulega, að fellt sé niður að endurkrefja skuli heimasveitir þeirra nemenda, sem sækja vissa skóla, um kostnað við þá skóla. Þetta er ekki stórt atriði. Þetta er smáatriði. En ég álít, að það þurfi að reyna á þetta og enn fremur ýmislegt af stærri atriðunum, sem þarna eru lögð til.

Ég vil hins vegar, fyrir utan þær till., sem hér hafa komið fram, leyfa mér að bæta við brtt. út af 9. gr., þess efnis, að 3. málsl. hennar falli niður. Ég skal svo ekki draga umr. um þetta mál, enda fáir fundarmenn orðnir eftir, og ráðh. ekki einu sinni við, en vil biðja hæstv. forseta að leyfa afbrigði fyrir þessari till.

Forseti (SB): Eins og hv. 3. þm. Reykv. er kunnugt, er nú svo fáliðað hér í hv. þd., að útilokað er að fá afbrigði fyrir brtt. Ég mun þess vegna fara þess á leit við hann, að hann taki till. aftur til 3. umr., þannig að hægt væri að ljúka umr. nú. (**EOl:** Er sem sé ætlazt til þess af okkur, sem ráðherrar ætlast ekki til af sjálfum sér? Þeir eru ekki einu sinni við.) Það er annað mál, en ég vænti, að það komi ekki að sök, till. verður borin upp að sjálfsögðu, og skiptir ekki máli, hvort hún er borin upp við 2. eða 3. umr. Og ég vil aðeins vekja athygli á því, að tveir hv. þm., sem voru á mælendaskrá, hafa fallið frá orðinu til þess að greiða fyrir því, að umr. gæti orðið lokið. En forseti getur að sjálfsögðu freistað þess að fá afbrigði. Ég hygg, að það muni vera rétt, að afbrigði muni ekki fást, og ef hv. 3. þm. Reykv. ekki mælir því gegn, þætti forseta vænt um, að hann mætti líta svo á, að till. sé tekin aftur til 3. umr. (**EOl:** Gerið þið svo vel.) Hv. 3. þm. Reykv. hefur tekið till. aftur til 3. umr. og ég er honum þakklátur fyrir það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 482,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 482,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 499,1 felld með 16:15 atkv.
5. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 499,2 felld með 17:16 atkv.
6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 499,3.a felld með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HÁ, HS, IG, JSk, LJós.

nei: SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, EmJ, GuðlG, JÍ, GÞG, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, PS, SÁ, SI, SB.

ÓL greiddi ekki atkv.
5 þm. (ÓlJ, HV, IngJ, RA, RJ) fjarstaddir.
Brtt. 499,3.b felld með 18:16 atkv.
Brtt. 482,3 samþ. með 26 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 499,4 felld með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÞ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HÁ, HS, IG, JSk, LJós, SE, SkG, ÞÞ.

nei: ÁJ, BGr, BF, BBen, EmJ, GuðlG, JÍ, GÞG, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, PS, SÁ, SI, SvJ, SB.

ÓL greiddi ekki atkv.
5 þm. (ÓlJ, HV, IngJ, RA, RJ) fjarstaddir.
8.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 482,4 samþ. með 22 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 499,5 felld með 18:12 atkv.
13. gr. samþ. með 19:3 atkv.
Brtt. 517 felld með 17:16 atkv.
Brtt. 499,6 felld með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HÁ, HS, IG, JSk, LJós, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ.

nei: BBen, EmJ, GuðlG, JÍ, GÞG, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, PS, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, SB.

ÓL greiddi ekki atkv.
5 þm. (ÓlJ, HV, IngJ, RA, RJ) fjarstaddir.
14. gr. samþ. með 19:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhH, JP, JR, MB, MÁM, PS, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, BP, EmJ, GuðlG, JÍ, GÞG, SB.

nei: IG, JSk, LJós, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, EÁ, EystJ, GíslG, HÁ, HS.

ÓL, EðS, EOl, GeirG greiddu ekki atkv.
5 þm. (HV, IngJ, RA, RJ, ÓlJ) fjarstaddir.
Brtt. 482,5 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 499,7 felld með 18:15 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 499,8 felld með 18:15 atkv.
16.—18. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 482,6 samþ. án atkvgr.
19. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 499,9 felld með 18:12 atkv.
— 482,7 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 496 samþ. með 29 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 499,10.1 felld með 17:16 atkv.

Brtt. 499,10.2 felld með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HÁ, HS, IG, JSk, LJós.

nei: SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, EmJ, GuðlG, JÍ, GÞG, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, PS, SB.

ÓL greiddi ekki atkv.

5 þm. (RJ, ÓlJ, HV, IngJ, RA) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að vekja athygli hv. þm. á því, að þarna er bara greitt atkv. um það, hvort endurkrefja skuli heimasveitir þeirra nemenda, sem sækja skóla, sem taldir eru í vissum málslið, láta sveitirnar fara þar með að borga fyrir þessa nemendur. Þarna er um slíkt leiðindasmáræði að ræða, að mér finnst, að ef menn hefðu sett sig inn í, hvað þarna væri, mundu menn fella þetta niður. Og ef hæstv. ríkisstj., sem sækir þetta mál svona fast hér, en er sjálf ekki viðstödd, þegar umr. fara fram og hefur ekki meiri hl. hér í d. til þess að koma máli í gegn, ef hún vill sýna nokkra minnstu sanngirni, eigi hún að samþykkja svona hlut. Ég segi já við þessari brtt.

21. gr., 1. mgr., samþ. með 25 shlj. atkv.
21. gr., 2.—3. mgr., samþ. með 17:14 atkv.
22. gr. samþ. með 19:2 atkv.
Brtt. 499,11 felld með 18:15 atkv.
23. gr. samþ. með 19:2 atkv.
Brtt. 499,12 felld með 17:16 atkv.
— 482,8 samþ. með 21 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
25.—28. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 282,9 samþ. með 23 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 482,10 samþ. með 26 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Á 70. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 524).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 520) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þar eð ég átti þess ekki kost að taka til máls við 2. umr. þessa máls, því miður, langar mig til þess að nota þetta tækifæri til þess að færa menntmn. þessarar hv. d. kærar þakkir fyrir skjóta og góða afgreiðslu á jafnviðamiklu og veigamiklu máli, sem hér er um að ræða. N. hafði ekki mikinn starfstíma, en vann mjög rösklega starf sitt og þær till., sem meiri hl. n. flutti, voru allar fluttar í samráði við mig og með fullum stuðningi ríkisstj. Ég gat hins vegar fylgzt nokkuð með umr. og hef að sjálfsögðu kynnt mér þær till., sem minni hl. menntmn. flutti til breytinga á frv., og bæði umr. og þessi tillöguflutningur hefur gefið mér tilefni til þess að segja nokkur orð um málið, en ég skal reyna að hafa þau sem allra fæst, til þess að tefja ekki störf þingsins á síðustu dögum þess.

Um frv. í heild vildi ég aðeins segja, að ég held, að enginn ágreiningur geti verið um það, og sé í raun og veru ekki, að í frv. eru mörg stórmerk nýmæli og að samþykkt þess mundi verða til mikilla bóta á fjölmörgum sviðum. Þetta hefur í sjálfu sér ekki verið dregið í efa. Eins og ég tók fram við 1. umr. málsins, þá var það ekki tilgangurinn með flutningi þessa frv. að breyta að neinu leyti skiptingu kostnaðar við stofnun eða rekstur skóla á milli ríkis annars vegar og sveitarfélaga hins vegar. Það var ekki tilgangurinn og það mun engin teljandi breyt. eiga sér stað á kostnaðarhlutföllum, ef þetta frv. nær fram að ganga. Tilgangurinn var annar með flutningi frv. Hann var fyrst og fremst sá að fá settar miklu einfaldari reglur um fjárhagssamskipti ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar en mótaðar eru í gildandi lögum um skólakostnað, og það hygg ég, að sé ekki hægt að draga í efa, að þær reglur um skiptinguna, sem hér eru settar, eru miklu einfaldari og þess vegna miklu auðveldari í framkvæmd en núgildandi reglur, sem meira en áratugs reynsla hefur leitt í ljós, að eru óþarflega flóknar og jafnvel að sumu leyti vafasamar. Þá held ég einnig, að allir þm. hljóti að vera sammála um það, að mikil bót er að því, að í þessu frv. er ákveðið, að greiðsla ríkisframlags til skóla skuli innt af hendi á tveim til þrem árum, en ekki 5 árum, eins og gildandi skólakostnaðarlög gera ráð fyrir. Þessu ákvæði held ég, að allir hv. þm. hljóti að fagna.

Þá er í frv. og lagður traustur grundvöllur að áætlunargerð í sambandi við byggingu skólamannvirkja um land allt. Á undanförnum þrem árum hefur verið unnið að því að koma fastari skipun á byggingarmál skólanna en áður tíðkaðist, en þar hefur verið um að ræða framkvæmdaatriði. Menntmrh. hefur ekki lagagrundvöll þar við að styðjast, nema þá mjög takmarkaðan, en nú í þessu frv. er gert ráð fyrir, að um fastan áætlunargrundvöll verði að ræða varðandi skólabyggingarnar og í því sambandi hagnýtt reynsla s. l. þriggja ára. Þess vegna tel ég það vera mjög gagnlegt nýmæli í frv. einmitt í sambandi við fyrirhugaða áætlunargerð, að koma skuli eiga á fót byggingadeild í menntmrn., sem á að hafa eftirlit með byggingarframkvæmdunum, vera trygging fyrir því, að byggingarframkvæmdirnar verði mun betur undirbúnar en, því miður, átt hefur sér stað á undanförnum árum eða áratugum og að eftirlitið með framkvæmdunum, meðan á þeim stendur, verði miklu nánara og faglegra en hægt hefur verið að koma við fram að þessu.

Þá tel ég það og vera tvímælalaust til bóta, að ákveðið er í frv., að ríkissjóður skuli ekki framvegis greiða ákveðinn hundraðshluta, 50 eða 75% af raunverulegum byggingarkostnaði skólabygginganna, því að þetta getur haft í för með sér, að þeir aðilar, sem byggingarnar annast, gæti ekki nógu mikillar hagsýni. Þeir vita, að þeir eiga að fá helming eða 3/4 byggingarkostnaðarins endurgreiddan, hver svo sem hann kann að verða, og eftirlitskerfið í því sambandi er þannig og getur varla verið öðruvísi en þannig, að þó að ríkið uppgötvi löngu seinna, að ekki hafi verið haldið á byggingarframkvæmdum af nægilega mikilli hagsýni, þá er ekkert annað að gera en að borga reikninginn. Ég hef sagt það stundum, bæði í gamni og alvöru, að vel gæti svo farið, að það fréttist eftir eitt ár, að sett hefðu verið handföng á allar hurðir í skólabyggingu úr dýrum málmi. Þetta kæmi í ljós eftir sex mánuði eða eftir 12 mánuði, eftir að handföngin væru komin á og þau kostuðu of fjár. Í þessu væri ekkert hægt að gera eftir á, ríkinu væri skylt að borga kostnaðinn.

Ég nefni þetta aðeins sem lauslegt dæmi, sagt sumpart í gamni, en sumpart líka í alvöru, um það, að núverandi kerfi í þessum efnum er ekki haldgott og brýna nauðsyn ber til þess að breyta til, og breytingin á að vera fólgin í því, að byggingadeild menntmrn. setji í samráði við sveitarfélögin reglur um það, hver byggingarkostnaður teljist eðlilegur á hverjum stað og við hverja tegund byggingar, og síðan skuli ríkið borga lögskipaðan hundraðshluta af þessum áætlaða byggingarkostnaði, hver svo sem raunverulegi kostnaðurinn verður. Þetta er auðvitað mikil hvatning fyrir þá, sem fyrir byggingarframkvæmdunum standa, að byggja ódýrar en meðaltalið hefur verið reiknað, því að gera má ráð fyrir því, að byggingadeildin miði við venjulegan meðaltalskostnað við þá byggingu, sem um er að ræða, það verður sérstakt keppikefli fyrir sveitarfélögin að byggja ódýrt, af því að það verður beinn hagnaður fyrir sveitarfélögin, ef þau geta byggt skólana ódýrari en svarar til þess meðaltalsnorms, sem byggingadeildin hefur sett í samráði við sveitarfélögin. Ef hins vegar sveitarfélög byggja dýrar en nauðsynlegt er talið og svarar til almenns meðaltals, þá verður ekki annað sagt en að sanngjarnt sé, að sveitarfélagið greiði sjálft kostnaðinn af þessu.

Þá vildi ég og geta þess, að í þessu frv. er í fyrsta sinn sett lagaákvæði um það, að heimilt skuli að listskreyta skólabyggingar og vona ég, að ákvæði þessa frv. verði til þess, að það verði lögfest í annarri löggjöf, sem fjallar um opinberar byggingar, að vissum hundraðshluta af byggingarkostnaðarfé skuli varið til þess að listskreyta byggingarnar. Þetta hefur ómetanlega þýðingu fyrir unglingana, sem í skólunum eru, annars vegar og svo hins vegar er með þessu móti verið að efna til eins konar starfsstyrkjakerfis í þágu myndlistarmanna. Þeir fá verkefni til þess að vinna að og að sjálfsögðu greidd laun fyrir.

Síðasta nýmæli frv., sem ég vildi nefna og leggja áherzlu á, að horfi til bóta, er það, að gert er ráð fyrir samstarfsnefnd skipaðri fulltrúum menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga, sem fjalla skulu um allar reglugerðir og framkvæmdaatriði laga þessara. Ég hef orðið var við, að af hálfu kennarasamtaka er áhugi á því að fá aðild að þessari samstarfsnefnd. Ég tel það vera eðlilegt og engrar breytingar þörf á frv. til þess að tryggja það. Frv. gerir ráð fyrir því, að í n. yrðu fulltrúar frá menntmrn., og ég mun taka það til mjög velviljaðrar athugunar, ef frv. nær fram að ganga, sem ég vona að verði, að fulltrúar frá kennarasamtökum eigi sæti í þessari samstarfsnefnd, a. m. k. þegar fjallað er um mál, sem kennarasamtökin hafa eðlilegan og réttmætan áhuga á.

Þá skal ég að síðustu víkja að því ákvæði þessa frv., sem í raun og veru er eina ákvæðið, sem valdið hefur verulegum ágreiningi við hv. stjórnarandstöðu. En það eru ákvæði frv. um héraðsskólana. Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð, ekki tala um þetta langt mál, þó að vissulega mætti það og væri kannske ástæða til, en ég hygg, að ég geti skýrt meginatriði málsins, þess máls, sem hér er um að ræða, í fáum orðum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þegar héraðsskólarnir voru stofnaðir á sínum tíma, þá höfðu þeir sérstöku hlutverki að gegna, þeir voru ekki þáttur í hinu almenna skólakerfi íslenzka ríkisins. Það má því segja, að á þeim árum og þeim tímum hafi ekki verið óeðlilegt, að nokkuð sérstakar kostnaðarreglur giltu bæði um byggingu og rekstur héraðsskólanna.

Með fræðslulögunum frá 1946 voru héraðsskólarnir gerðir að almennum unglinga- og gagnfræðaskólum. Sérstaða héraðsskólanna í skólakerfinu hvarf algerlega með nýju fræðslulögunum. Síðan eru þeir venjulegir unglinga- og gagnfræðaskólar, en því miður voru sett mjög óskynsamleg ákvæði um stofnkostnað og rekstrarkostnað héraðsskólanna í þessari löggjöf. Þessir skólar voru einir allra íslenzkra skóla gerðir að samskólum ríkis og sýslufélaga, allir aðrir gagnfræða- og unglingaskólar voru og eru samskólar ríkis og sveitarfélaga. Og það kom brátt í ljós, að sýslufélögin voru ófullnægjandi fjárhagsaðili, voru aðili, sem ekki gat með eðlilegum hætti staðið undir byggingu og rekstri jafnstórra skóla og héraðsskólarnir voru. Og fjárhagsvandræði sýslusjóðanna vegna aðildar að héraðsskólunum urðu æ meiri og meiri, eftir því sem þeir stækkuðu, og æ torleystari. Þess vegna var það á stjórnarárum Hermanns Jónassonar, að sú stjórn eða sá þingmeirihl., sem hana studdi, féllst á að gera nokkra breytingu á skiptingu kostnaðar milli ríkis og sýslusjóða vegna héraðsskólanna og auka þátttöku ríkisins í rekstrarkostnaðinum, en þetta virtist því miður ekki duga og það

voru sérstaklega tvö sýslufélög, sem báru sig mjög illa, og ég efast ekki um, að það hafi allt verið með réttu sagt og gert, báru sig mjög illa undan fjárhagsaðild sinni að stórum héraðsskólum, en það voru Norður-Ísafjarðarsýsla og Vestur-Ísafjarðarsýsla.

Og þetta leiddi til þess, að 1961 samþykkti Alþ. að gefa héraðsskólunum öllum kost á að gerast ríkisskólar, og allir tóku þann kost nema einn, Laugaskóli í S.-Þing., og þeir hafa síðan verið ríkisskólar. Nú vil ég leggja á það áherzlu, að þetta frv. breytir því ekki, að allir þessir skólar verða áfram ríkisskólar. Það var mjög um það rætt á sínum tíma 1961, þegar þessi breyt. var gerð, hvort þetta spor væri heppilegt og satt að segja var ég alltaf mjög uggandi um það, að hér væri verið að stefna á ranga braut. Í sjálfu sér hefði verið langeðlilegast að gera gömlu héraðsskólana að venjulegum gagnfræðaskólum og láta nákvæmlega sömu reglur gilda um byggingarkostnað og rekstrarkostnað þessara gagnfræðaskóla eins og allra annarra gagnfræðaskóla í landinu, m. ö. o. að breyta l. þannig, að hlutaðeigandi sveitarfélag, þar sem skólinn er staðsettur, skyldi vera mótaðili ríkissjóðs um rekstur og stofnun þessara gömlu héraðsskóla. Þetta reyndist hins vegar ekki fært, og ég treysti mér ekki til þess að beita mér fyrir því, að sú leið yrði farin, vegna þess að þau sveitarfélög, sem a. m. k. sumir héraðsskólar eru staðsettir í, eru miklu minni og hafa miklu minna fjárhagslegt bolmagn en svo, að hægt sé að ætlast til þess, að þau séu mótaðilar á móti ríkinu að jafnstórum skólum og héraðsskólarnir yfirleitt eru. Þeir voru byggðir í öðrum tilgangi, með annað markmið en það að vera gagnfræðaskóli ákveðins sveitarfélags og ríkisins. Á þessum tíma fannst engin önnur lausn, það er bezt að segja það alveg eins og er, það fannst engin önnur lausn til þess að leysa fjárhagsvandkvæði sýslusjóðanna en sú, að ríkið tæki þá algjörlega upp á sína arma, og það var gert. Þetta var auðvitað gott fyrir sýslurnar, sem losnuðu við að taka þátt í rekstrar- og stofnkostnaði þessara margnefndu héraðsskóla, og þess vegna get ég út af fyrir sig vel skilið það, að hér rísi upp á Alþ. forsvarsmenn þeirra héraða, sem hér eiga hlut að máli, og séu óánægðir með það, þegar nú á að gera vissa breytingu, visst fráhvarf aftur frá þeirri stefnu, sem mörkuð var 1961.

En hinir rísa bara ekki upp, sem við mig og embættismenn menntmrn. og fræðslumálastjórnarinnar um öll undanfarin ár hafa kvartað undan þessu kerfi, sem var komið upp 1961. Það eru næstu sveitarfélög við þau, sem sérréttindanna njóta, fulltrúar þeirra koma í stjórnarráðið og kvarta þar, fulltrúar þeirra rísa ekki upp á Alþingi hér, en þeir koma til okkar og segja: Annað tveggja verður að ske, annaðhvort verðum við að njóta sömu hlunninda og sveitarfélög, sem hafa héraðsskóla, njóta eða þið verðið að taka hlunnindin af þeim. Allir skynsamir og sanngjarnir menn verða að átta sig á því, að breyt., sem var gerð 1961, mismunaði sveitarfélögunum að því er gagnfræða- og unglingaskóla í landinu snertir. Það eru síðan 1961 til tvenns konar gagnfræða- og unglingaskólar í landinu. Langflestir þeirra eru reknir sameiginlega af ríki og hlutaðeigandi sveitarfélagi, en 7 eða 8 skólar eru reknir af ríkinu einu. Þetta er misrétti. Menn sitja ekki við sama borð, sveitarfélögin sitja ekki við sama borð í þessum efnum, og það er þetta misrétti, sem alveg nauðsynlegt er að laga, og ég bið hv. þm., sem hér telja sig forsvarsmenn þeirra sveitarfélaga, sem nú missa nokkurn spón, einnig að minnast allra hinna, sem hafa gagnrýnt þetta, af því að misréttið hefur bitnað á þeim. Það er ekki þægilegt fyrir forsvarsmenn sveitarfélags, sem er nágrannasveitarfélag þess, sem hefur héraðsskóla, að þurfa að bera þá bagga, sem því fylgja að vera aðili á móti ríkinu að stofnun og rekstri gagnfræða- og unglingaskóla, en þurfa að horfa á það í næsta hreppi, í næsta sveitarfélagi, að þeir, sem ættu að stofna og reka gagnfræða- og unglingaskóla þar, fá kostnaðinn greiddan af ríkinu.

Reglan, sem reynt var að leysa þennan vanda með, er sú, að kveðið er svo á, að rekstrarkostnaður héraðsskólanna skuli greiddur í grundvallaratriðum af ríki og sveitarfélögum í heild í sömu hlutföllum og gilda almennt um gagnfræða- og unglingaskóla, en vegna þess hve algengt er, að í héraðsskólunum séu nemendur úr mörgum héruðum, af svo að segja öllum landshornum, þá er sú regla tekin upp, að sveitarfélag það, sem nemandinn kemur úr, skuli borga venjulegan rekstrarkostnað, hann skuli borga hlut sveitarfélagsins í rekstrarkostnaði þessa héraðsskóla eftir venjulegum reglum. Þetta gæti orðið mjög einfalt í framkvæmd, vegna þess að ríkið hefur fjárhagsskipti vegna skólanna við hvert einasta sveitarfélag á landinu, og hér þurfa því engar beinar greiðslur að fara á milli. Allt og sumt, sem þarf að gerast, er það, að hlutaðeigandi skólastjóri héraðsskóla sendir fjármálaeftirlitsmanni ríkisins skrá um nemendurna, sem í skólanum eru, og hvaðan þeir koma, og síðan tekur fjármálaeftirlitsmaðurinn tillit til þessa kostnaðar, þegar hann gerir upp við hlutaðeigandi sveitarfélag. Þetta er mjög einfalt í framkvæmd. Og að síðustu vildi ég segja það og leggja á það alveg sérstaka áherzlu, að þetta ákvæði var sett í frv. í nánu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Samband ísl. sveitarfélaga fékk það hlutverk við undirbúning þessa frv. að gæta sérstaklega hagsmuna sveitarfélaga utan Reykjavíkur, en Reykjavíkurborg er svo stór aðili að skólamálum landsins, að mér fannst það sjálfsagt, að Reykjavíkurborg ætti sérstakan fulltrúa í n., sem undirbjó þetta mál. Og báðir þessir aðilar, fulltrúi Reykjavíkurborgar og fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga, samþ., að ákvæðin skyldu vera eins og þau eru í frv., og ekki nóg með það, síðasta mgr. í 21. gr., um þetta efni,

var tekin inn í frv. samkv. beinni ósk stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með sama hætti skal sveitarfélögum, sem láta nemendum úr öðrum sveitarfélögum í té kennslu í skóla gagnfræðastigs, heimilt að endurkrefja heimasveitir nemenda.“

Þetta var ekki í upphaflegu frv. menntmrn., en stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sagði, að það væri fullkomið réttlætismál gagnvart því sveitarfélagi, sem annast kennslu nemenda úr öðrum sveitarfélögum, að mega endurheimta greiðslu frá hlutaðeigandi sveitarfélagi, því að öðrum kosti væri hætt við því, að sum sveitarfélög beinlínis kæmu sér undan því að stofna unglinga- eða gagnfræðaskóla, en sendu sína nemendur í næsta sveitarfélag og fengju kennslu handa þeim þar.

Að allra síðustu skal ég svo fara örfáum orðum, að gefnu tilefni, um Eiðaskóla, því að mér skilst, að hv. 1. þm. Austurl. hafi haldið því fram í ræðu hér í gærkvöld, að vegna þess að Eiðaskóli hafi á sínum tíma verið gefinn ríkinu eða afhentur því samkv. gjafabréfi, þá geti ákvæði frv., þ. e. a. s. þessar reglur, sem ég var að lýsa, ekki gilt um hann, vegna þess að það samrýmist ekki þessum gerningi á sínum tíma. Hér tel ég vera um algjöran misskilning að ræða. Ég bendi á það, að samkv. skýlausum ákvæðum frv. eru allir héraðsskólarnir að Eiðaskóla meðtöldum ríkisskólar áfram. Í 21. gr. segir, með leyfi hæst. forseta:

„Ríkissjóður greiðir einn kostnað samkv. þessari mgr. vegna skóla, sem taldir eru í 14. gr., og eru að öllu leyti eign hans.“

Það er auðvitað algjörlega fráleitt, að Alþ. gæti t. d. ekki ákveðið skólagjöld í ríkisskólum og þá eins í Eiðaskóla og öllum öðrum skólum. Það, sem hér er verið að gera, er ekkert annað en það, að Alþ. er með samþykkt þessara ákvæða að ákveða, að hlutaðeigandi skóli skuli fá greiðslu frá aðstandanda eða frá því sveitarfélagi, sem nemandi skólans kemur frá. M. ö. o., hvert sveitarfélag greiðir fyrir sinn nemanda, eftir almennum reglum, sem gilda. Það er allt og sumt, sem um er að ræða, og skil ég ekki, að neinn geti að athuguðu máli haldið því fram í alvöru, að þetta samrýmist ekki því, að Eiðaskóli hafi á sínum tíma verið gefinn ríkinu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er ekki meining mín að fara að endurtaka það, sem við ræddum hér í gærkvöld, þegar hæstv. menntmrh. var ekki viðstaddur, en hins vegar ætla ég að gera nokkra grein fyrir þeirri brtt., sem ég flutti þá og tók til baka til 3. umr. eftir beiðni hæstv. forseta. Þessi brtt., sem ég flutti, er við 9. gr. Í 9. gr. stendur nú, með leyfi hæstv. forseta: „Eigi má hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþ. menntmrn. Ef hafnar eru framkvæmdir án samþ. rn., verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.“ Og svo kemur síðasta mgr., sem ég legg til, að verði felld niður: „Séu þegar samþ. fjárveitingar Alþ. til skólamannvirkis ónógar til að greiða 1/3 af áætluðu stofnkostnaðarframlagi ríkisins, má menntmrn. ekki leyfa að hefja framkvæmdir fyrr en að fengnu skriflegu samþ. fjmrn.“

Í þeim lögum, sem nú gilda um þessi efni, frá 1955, í I. kaflanum um stofnkostnaðinn er ýmislegt tekið fram, t. d. að „nú hefur Alþ. samþ. slíka fjárveitingu og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað,“ og enn fremur „ef hafnar eru framkvæmdir, án þess að framantöldum skilyrðum sé fullnægt, er stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi,“ og ýmislegt fleira þannig, en þetta ákvæði, sem þessi 9. gr. þarna endar með, er þar ekki til. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., hvort þessi ákvæði eða samsvarandi ákvæði séu til í nokkrum öðrum lögum.

Ég veit, að sveitarfélögin eru oft sett í þá aðstöðu, að þau megi ekki gera hitt og þetta, nema að fengnu skriflegu samþ. ákveðins rn. Ríkisstj. reynir sem sé að hafa alveg sérstakt eftirlit með því, á hvern hátt ýmsir aðilar, sem undir hana eru gefnir, haga sínum framkvæmdum. En hvar er það annars staðar til í íslenzkum lögum, að eitt rn. setji öðru rn. lög um, hvernig haga skuli framkvæmdum? Við höfum verið vanir því að líta á ríkisstj. sem einn aðila, þannig að þau rn., sem ein ríkisstj. saman stendur af, séu einn aðili gagnvart fólkinu í landinu. Ef menntmrn. hefur skrifað ákveðnu sveitarfélagi eitthvað og ekki haft skriflegt samþ. fjmrn. til þess, þá er það samkv. þessu hér sem sé ógilt. Ég álít, að öryggi þegnanna í þjóðfélaginu fari að minnka nokkuð mikið og valdaskiptingin á milli rn. að verða nokkuð undarleg með þessu móti. Ég vil taka dæmi. Eigum við á næstunni von á því, að þetta eða hitt, sem fjmrn. á að sjá um, öðlist ekki gildi fyrr en með skriflegu samþ. forsrn., m. ö. o., að almenningur í landinu eigi við það að búa, að einhvers staðar í lagabókstaf, sem hann ekkert þekkir, séu ákvæði um það, að svo og svo mörg af rn. séu svo að segja ómerk sinna gerða? Mér sýnist þetta tilraun til þess að gera myrkviði laganna miklu óskiljanlegra fyrir almenningi en nú þegar er. Það hefur verið vaninn yfirleitt, að ríkisstj. sjálf, ráðherrarnir, verða að gjöra svo vel sjálfir að koma sér saman um ábyrgðina í því að beita þessu og þessu valdi. Ef einn maður talar t. d. við utanrrh. og utanrrh. ákveður sjálfur, að þessi maður skuli t. d. fara í einhverja ferð fyrir utanrrn., en samkv. þessu fær maðurinn það svo kannske í hausinn rétt á eftir, að ákvarðanir utanrrn. hafi ekki gildi, nema fyrir liggi skriflegt samþ. fjmrn. Hvers konar myrkviði fer ísl. stjórn og ísl. löggjöf að verða, ef á að samþ. sem lög svona hluti eins og þarna?

Nú ætla ég að minna hæstv. ríkisstj. á eitt, sem ég er dauðhræddur um, að hún gleymi stundum, a. m. k. þegar hún er með svona löggjöf eins og þessa hérna. Þessi ríkisstj. segist alveg sérstaklega kenna sig við frelsi og framtak, og nú skyldi maður ætla, að eitt af því, sem þessari hæstv. ríkisstj. væri kært í þeim efnum, ekki sízt hæstv. menntmrh., væri frelsi almennings til þess að koma sér upp skólum og e. t. v. fleiri menningarstofnunum.

Þó að þessi löggjöf miði á vissum sviðum að vissu aðhaldi, sem er gott og blessað, þá eru nokkrar höfuðgreinar í henni, sem miðast fyrst og fremst við það að takmarka sem allra mest þetta frelsi, t. d. frelsi sveitarfélaga til þess að koma sér upp skólum, og takmarka það meira en gert var í þeim lögum, sem áður voru sett. Samt var það svo mikið takmarkað þá, að þar var því meira að segja lýst yfir, að þótt hafin væri slík framkvæmd, þá skyldi sú framkvæmd ekki njóta styrks, ef það væri gert í óleyfi ríkisstj. Þá þurfti þó ekki tvöfalt leyfi, bæði menntmrn. og fjmrn., heldur þótti nóg, að ríkisstj. sem slík takmarkaði þetta.

Nú spyr ég: Hvaða ástæða er til þess fyrir hæstv. ríkisstj., á sama tíma sem hún boðar frelsi allra braskara til að gera hvern fjandann, sem þeir vilja með allt, sem þeir komast yfir af eigum þjóðarinnar, heiðarlega eða óheiðarlega, hvaða ástæða er til þess að banna á sama tíma almenningi út um land að reyna að byggja sér skóla? Hvar er frelsið í þessum efnum, má ég spyrja? Virðist það nú ekki nokkuð nóg, að menn hafi ekki leyfi til að byrja á skóla fyrr en búið er að samþ. fjárveitingu á fjárl.? Væri það stórhættulegt, að fólk úti um land tæki upp á þeim fjanda að byggja sér skóla? Mundi það drepa þjóðfélagið? Heildsali má byggja, eins og hann vill, inni við Suðurlandsbraut, en almenningur, sem vantar skóla yfir sitt fólk, má ekki byrja á sliku fyrr en leyfi hefur verið veitt á fjárl. Nú, látum það vera, það var þó sett í lög fyrir 12 árum síðan, að slíkt þyrfti, en nú er maður búinn að fá þetta í gegn og þetta er komið á fjárl. Þá kemur næsta girðing í þessu girðingahlaupi í því að byggja skóla. Þá þarf menntmrn. að veita sérstök leyfi, og það þarf að vera sérstaklega stór hluti af stofnkostnaði, sem sé þarna öruggur. En það er ekki nóg með það, menntmrn. er ekki einu sinni sjálfrátt, nei, það er ekki svo merkilegt menntmrn., meinar hæstv. forsrh. Menntmrn. er sem sé ekki sjálfrátt, því að það er ekki svo merkilegt, segir hæstv. forsrh., heldur þarf að setja það undir fjmrn. og gera fjmrn. að yfirrn. yfir öðrum rn. í landinu.

Ég sé, að þetta sama er að gerast í sambandi við samgmrn. í því máli, sem við vorum að ræða hérna áðan, og ég skal koma að því einhvern tíma seinna, þ. e. a. s., öll önnur rn. í landinu eru, eins og hæstv. forsrh. tók alveg réttilega fram, að verða svo ómerkileg, að það er raunverulega bara fjmrn. eitt, sem á að ráða öllu, og líklega verða bráðum sérstakir erindrekar frá fjmrn. við hliðina á hverjum hinna ráðh. Og nú vil ég skjóta því að hæstv. forsrh., að nú má hann bara fara að passa sig, að fjmrn. taki nú ekki upp á að setja líka einn sérstakan eftirlitsmann með öllum útgjöldum forsrn. Þá færi nú skörin að færast upp í bekkinn, því að þegar ég var að taka hérna eina líkingu áðan, þá sagði ég, að það gæti nú farið svo, að fjmrn. mætti bráðum ekki samkv. einhverjum lögum fara að gera neitt nema að hafa uppáskrift frá forsrn. Við sjáum sem sé, að þarna eru að gerast mjög eftirtektarverðir hlutir. Þau höft — þau höft, segi ég, af því að ég veit, að hæstv. ríkisstj. kippist við, þegar hún heyrir slíkt — þau höft, sem lögð eru á byggingar skóla, eru gerð það harðvítug, að það er ekki nóg, að fyrst verði fjárl. svo að segja að hefta skólabygginguna og síðan verði menntmrn. að hefta skólabyggingarnar. Nei, ofan á allt saman kemur, að fjmrn. á að vera yfirhaftastjóri, vegna þess að hæstv. menntmrh., hver sem hann er á hverjum tíma, er ekki treyst, af því að rn. er ómerkilegt, nema þá með sérstakri uppáskrift frá fjmrn.

Þarna sjáum við, hvert þetta er að koma, og nú vil ég mælast til þess við hv. þm. í sambandi við mína brtt. á þskj. 320, að þeir frelsi nú menntmrn. undan þessum ákvörðunum og höftum fjmrn., annars vegar til þess að gera fólkið í landinu almennt ofurlítið öruggara um, hvar það standi, og hins vegar til þess að gera menntmrn. að merkilegra rn., en forsrh. vill láta það vera, því að ég lít alltaf þannig á, að menntmrn. sé eitt af merkilegustu rn. í ríkisstj. Ég verð að segja það, að mér finnst það ákaflega hart, ef almenningur úti á landi fær ekki rétt til þess að byggja sér skóla. Við skulum segja, að það sé skv. teikningum, sem menntmrn. eða viðeigandi deild þess hefur gert og allt eftir því, segjum, að þeir verði líka að halda sér við áætlunina. En af hverju má ekki eitt bæjarfélag, sem þarf á skóla að halda, byggja slíkan skóla, ef það hefur sjálft fé til þess eða getur útvegað sér á einhvern hátt fé til þess? Við vitum jú, að við lifum á verðbólgutímum, þar sem allt fé rýrnar í gildi um 10—15% á ári. Af hverju má ekki eitt bæjarfélag, ef það getur komizt yfir fé, nota það til þess að byggja þannig? Eru það sérréttindi braskaranna í Reykjavík, einni af öllum byggðum þessa lands, að fá að byggja, nálgast einhvern veginn og einhvern veginn peninga úr ríkisbönkunum og fá að byggja fyrir þá. Af hverju á að setja menntamál, sjúkrahúsamál, skólabyggingamál og annað slíkt undir alveg sérstök, margföld höft í þessum efnum, þegar öllum höftum er sleppt af öllum bröskurum, hvar sem þeir geta haft sig í frammi. Ég vil minna á það, að allt fé — allir peningar — falla í gildi um 10—15% á ári, og af hverju á að dæma bæjarfélög, sem gætu treyst sér til að byrja á ákveðnum bygg-

ingum og komast eitthvað áfram með þær og jafnvel klára þær, af hverju á að dæma þau úr leik? Því mega þau ekki eiga þetta inni hjá ríkissjóði?

Svo vil ég aðeins að síðustu benda hæstv. menntmrh. á, að hann sagði hér í ræðu sinni áðan, að það væri lagður traustur grundvöllur að áætlunargerð. Jú, í 4. gr. er mælt mjög fagurlega fyrir um áætlunargerð, er taki til allt að tíu ára tímabils. Að vísu er nú varnaglinn sleginn fljótt, því að í a-liðnum stendur: Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft sem ástæða þykir til. Hver er nú okkur reynsla hér í þinginu af þessari áætlanagerð? Við höfum fengið sérstakar áætlanagerðir, t. d. um skólabyggingar, um sjúkrahúsabyggingar, um alla mögulega hluti, sem ríkið snertir, og hvað gerist um leið og við erum búnir að samþ. þessar áætlanir? Þá gerist það á sama þingi, að það er lagt fram sérstakt stjfrv. um að skera niður þessar áætlanir, skera niður þessar framkvæmdaáætlanir um 10%, um 20% o. s. frv. Áætlanir um einstök svið geta verið góðar út af fyrir sig, ef þær eru liður í stærri heild. Ef þær búa til heildaráætlun fyrir þjóðarbúskapinn sjálfan þannig, að það sé samræmi á milli þess, sem á að gera t. d. í einkarekstrinum, og þess, sem á að gerast í vissum þáttum þess opinbera rekstrar, og þetta allt saman reiknað út sameiginlega, hvað snertir fjármagn og vinnuafl. Það er það, sem alltaf vantar, og þess vegna verður hver einstök áætlun tóm vitleysa. Þess vegna er það ekki traustur grundvöllur, sem er lagður. Þess vegna er það ótraustur grundvöllur, sem lagður er með þessu, vegna þess að það vantar, að þetta sé liður í heildaráætlun. Þess vegna er viðbúið, að það fyrsta, sem við fáum að heyra, eftir að eitthvað svona væri samþ., sé það, að nú þurfi að skera þetta niður. Því að ef eitthvað á að skera niður á Íslandi, má aldrei skera niður braskið, aldrei spillinguna, heldur aðeins sjúkrahúsin og skólana.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að ég fæ ekki almennilega skilið það ofurkapp, sem lagt er á að reka þetta margbrotna mál í gegn með svo miklum hraða og svo seint á þingi. Manni finnst, að það hefði óneitanlega verið hægt að gera eitt af tvennu að leggja meiri vinnu í að ná samkomulagi um málið eða þá að láta málið bíða og íhuga það betur til næsta hausts.

Það er eiginlega erfitt að sjá, að í þessu máli sé nokkuð, sem er svo bráðaðkallandi, að slík aðferð gæti ekki verið skynsamleg. Ég skal ekki eyða tímanum í það að fara að bollaleggja um þetta frekar en ég hef gert. Ég hef hvað eftir annað skorað á hæstv. ráðh. og hv. þm., sem ég veit, að ýmsir mundu vilja breyta ákvæðum í frv., skorað á þá að beita sér fyrir því, að frekari samkomulagstilraunir séu gerðar, en það hefur ekki borið árangur, a. m. k. ekki fram að þessu, hvað sem síðar kann að verða.

Ég ætla ekki að fara að rekja hér þá liði, sem ræddir hafa verið af frsm. minni hl., sem er kunnugri þessu málefni en ég, en hann hefur sýnt fram á, að það þyrfti talsverðar breyt. á frv., ef vel ætti að vera, og fært fyrir því skynsamleg rök og ýtarleg í mörgum liðum.

Það er sérstaklega eitt málefni af mörgum, sem í þessu felast, sem ég vildi fara enn nokkrum orðum um, og það er í sambandi við þessar fyrirætlanir um, að sveitarfélögin fari nú að greiða hluta af stofnkostnaði og rekstrarkostnaði héraðsskólanna á ný. Það er ekki langt síðan, en þó nokkur ár, að sú skipan var á gerð, að ríkið tók alveg við þessum skólum, og hygg ég, að menn hafi alls ekki gert ráð fyrir því, að komið gæti til mála, að eftir nokkur ár yrði þessu aftur hrint í gamla farveginn eins og hér er í raun og veru fyrirhugað, að því viðbættu, að gert er ráð fyrir mjög óviðeigandi innheimtuleið á þeim kostnaði, sem héruðunum er ætlað að bera. Meiningin er sem sé að búa út reikninga fyrir hvern einasta nemanda, sem í slíkum skóla er, og láta þá á hluta af rekstrarkostnaði skólans, og innheimta þetta síðan hjá hlutaðeigandi sveitarfélagi. Þessi aðferð er svo fáránleg og ógeðfelld á alla lund, að ég er alveg hissa á því, að hæstv. ríkisstj. skuli vilja leggja út í þetta og minnir þetta á löngu úrelta skipan í öðrum málaflokki, sem ég ætla ekki að fara að lýsa hér nánar, en ég held, að menn hafi orðið fegnir að losna við að senda þannig um landið þvert og endilangt slíka reikninga.

Ég geri ráð fyrir því, að mönnum komi það mjög á óvart, að hæstv. ríkisstj. ætlar að leggja þennan kostnað aftur á héruðin og vil nú enn þá einu sinni skora á hæstv. menntmrh. og þá mörgu hv. alþm., sem ég veit, að eru mótfallnir þessu, sjá á þessu mikil missmíði, að ganga nú fram í því að kippa þessu í lag.

En auk þess að minnast á þetta varðandi héraðsskólana í heild sinni, vil ég leyfa mér að minna á það aftur hér á hv. Alþ. og minna hæstv. ríkisstj. á það, að einn af þessum skólum, alþýðuskólinn á Eiðum, er settur á fót samkv. sérstökum samningi, sem Múlasýslur gerðu við ríkið á sínum tíma og sem enn er að sjálfsögðu í gildi.

Sá samningur er þannig vaxinn, að það er að mínu viti brot á honum að taka upp þá skipan, sem hér er ráðgerð. Skal ég í örfáum orðum gera grein fyrir þessu og tel mér það sérstaklega skylt, og geri það raunar fyrir hönd fleiri hv. alþm. af Austurlandi.

Við erum hér með brtt. af þessu tilefni. Sú er saga þessa máls, að rekinn var búnaðar-

skóli á Eiðum, sem Múlasýslurnar stofnuðu til, en síðar varð að ráði að leggja þennan búnaðarskóla niður, en sýslunefndir beggja Múlasýslna, sem áttu skólann, tóku þá ákvörðun að gefa landssjóði kost á því að taka við skólaeigninni, eins og hún var, þ. e. a. s. skólahúsunum, sem þá voru á Eiðum, og öllum jarðeignum Eiðastóls, þ. á m. höfuðbólinu Eiðum, gegn því að ríkisvaldið tæki að sér að reka skóla á Eiðum, sem ríkið kostaði að öllu leyti. Þessi samningur var gerður 1917 og var gengið frá honum þannig, að það voru sett sérstök lög, og frv. að þeim l. var flutt af fimm hv. alþm., og það varð að l. óbreytt eins og það kom fram, að öllum efnisatriðum til. Í 1. gr. þessara laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á Eiðum skal stofnaður alþýðuskóli með tvelmur bekkjum fyrst um sinn, og miðaðir við tveggja til þriggja vetra nám. Skal hann samskóli, jafnt fyrir konur sem karla. Jafnframt leggja Múlasýslur niður búnaðarskóla þann, sem þar hefur verið, og afhenda landssjóði eignir hans allar, fastar og lausar, Eiðastólseignir, skólabú, búsáhöld og byggingar, ásamt skuldum þeim og kvöðum, sem á eigninni hvíla og Múlasýslum hennar vegna á afhendingardegi. Afhending fer fram í fardögum 1918 og eftir ákvörðun sameiginlegs sýslufundar Múlasýslna 2. júlí 1917. Skilyrði fyrir afhendingunni er, að landssjóður starfræki framvegis á Eiðum, eða á öðrum hentugum stað í Múlaþingi, vel útbúinn, æðri alþýðuskóla, er samsvari kröfum tímans.“ Síðan segir í 2. gr., sem kveður enn þá nánar á um þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Skólinn skal að öllu rekinn á kostnað landssjóðs, enda setji landsstjórnin honum starfsreglur og hafi hans öll ráð.“

Hér er þessi samningur lögfestur á þessa lund og hefur verið framkvæmdur refjalaust síðan fram á þennan dag. Fyrst með sérstakri löggjöf um Eiða, þar sem ríkið rak skólann í samræmi við lagaákvæði, og síðan með því að setja Eiða ásamt öðrum héraðsskólum inn í almenna kerfið, þegar það var ákveðið, að ríkið kostaði héraðsskólana að öllu leyti, því að þá var þetta orðið hliðstætt, og þá var samningurinn uppfylltur á þann hátt. Síðan segir í grg. fyrrnefnds frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarskóli sá, sem Múlasýslurnar hafa stofnað og starfrækt á Eiðum að undanförnu, hefur eigi hlotið þá hylli eða aðsókn, sem vænta mátti, einkum síðan sjávarsveitunum í Suður-Múlasýslu ók fiskur um hrygg og sjávaratvinna varð þar yfirgnæfandi. Hins vegar hefur óskin um æðri alþýðuskóla verið almenn í Múlasýslum, skóla, sem veitti almenna fræðslu og byggi nemendur undir hvers kyns störf í þjóðfélaginu.

Út af því hafa sýslunefndir beggja Múlasýslna, sem nú eiga skólann, komið sér saman um að bjóða landssjóði skólaeignina alla til eignar, jarðir og lausafé, með skilyrðum þeim, sem felast í 1. gr. þessa frv., og virðist eðlilegra, að landið starfræki þarna fyrirhugaðan alþýðuskóla, eins og í öðrum landsfjórðungum, en að hann sé rekinn af einstökum mönnum eða héruðum.“

En lagagreinarnar voru þessar, sem ég las áðan, og þar er skýrum stöfum tekið fram, að skólinn skal að öllu leyti rekinn á kostnað landssjóðs og enn fremur, að það sé skilyrði fyrir afhendingu eignanna, að slíkur skóli verði rekinn á staðnum framvegis. Þetta er eins skýrt og það getur verið og sýnir, að það er ekki hægt að lögbjóða nú hið gagnstæða og brjóta samninginn, sem sé að lögbjóða nú, að ríkið skuli ekki kosta þennan skóla, og héraðið skuli leggja til hans, því að vitanlega eru það héruðin, sem eiga að bera þennan kostnað skv. frv., þó að honum sé hlutað niður eftir því, hvaðan nemendurnir eru. Það eru héruðin, sem bera kostnaðinn, eins og málið er sett upp í þessu frv.

Af þessum ástæðum leyfum við okkur, þrír þm. af Austurlandi, Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson og Lúðvík Jósefsson, að bera fram svo hljóðandi till., með leyfi hæstv. forseta:

Við 14. gr. Orðin „Alþýðuskólann á Eiðum“ falli burt.

Þessi till. miðar eingöngu að því, að ekki verði rofinn samningurinn, sem gerður var um Eiða við Múlasýslur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 551 og 552) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. síðasta ræðumanns og till. þeirra þriggja hv. þm. Austf., vildi ég aðeins ítreka og undirstrika það, sem ég sagði við 2. umr. málsins varðandi Eiðaskóla. Ég tel áfram algerlega vera staðið við þann samning, sem á sínum tíma var gerður milli Múlasýslna og ríkissjóðs varðandi rekstur Eiðaskóla. Eiðaskóli er áfram ríkisskóli. Það er skýrt tekið fram í l., að hann muni verða áfram ríkisskóli. Hitt er svo annað mál, að samningur um það, að ríkið skuli áfram reka skóla í Múlaþingi, getur að sjálfsögðu ekki komið í veg fyrir, að Alþ. t. d. setti lagaákvæði um skólagjöld fyrir slíkan ríkisskóla. En það er í raun og veru hliðstætt því, sem hér er að gerast. Hv. þm. vitnaði í það ákvæði samningsins, að ríkissjóður skuli að öllu leyti kosta skólann. Ég bendi á það, að skólinn er heimavistarskóli og nemendur greiða gjald fyrir sína vist í heimavistinni og engum hefur nokkurn tíma dottið í hug, að slík greiðsla væri í ósamræmi við ákvæði samningsins. Ég lít þess vegna þannig á, að ákvæði samningsins séu að fullu og öllu haldin, þó að frv. sé samþ. eins og gert er ráð fyrir varðandi Eiðaskóla.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég ætlaði að ræða hér aðeins um eitt atriði í þessu frv., en það er það atriði, sem nokkuð hefur verið hér

minnzt á í þeim umr., sem hér hafa farið fram, og varðar þau ákvæði í frv., að innheimta skuli gjald vegna rekstrarkostnaðar framhaldsskóla hjá þeim sveitarfélögum, þaðan sem nemendur koma í þessa skóla. Þessi ákvæði er að finna í 21. gr. frv., í tveimur síðari mgr. þeirrar gr. Ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt, að ég lýsi alveg undrun minni yfir því, að hæstv. menntmrh. skuli vilja taka upp þennan hátt, sem þarna er gert ráð fyrir. Og ekki sannfærðist ég um nauðsynina á þessum ákvæðum af því, sem hæstv. menntmrh. sagði hér, þegar þetta mál var hér síðast til umr. varðandi þetta atriði.

Samkv. þessari gr. er gert ráð fyrir, að í sjö tilteknum ríkisskólum, héraðsskólum, — skuli sá háttur verða tekinn upp, að í stað þess að ríkið hefur greitt allan rekstrarkostnað þessara skóla á nú að fara að innheimta tiltekinn hluta af rekstrarkostnaði skólanna frá þeim sveitarfélögum, þaðan sem nemendur koma í skólann. Og hér er ekki aðeins um heimildarákvæði að ræða, heldur er hér um beina skyldu að ræða. Þetta mundi þýða það í framkvæmd, að frá þessum skólum verða auðvitað sendir út reikningar til fjölda margra sveitarfélaga í landinu og þau krafin um tiltekna greiðslu miðað við nemendafjölda, sem kemur úr hverju einstöku sveitarfélagi. Og þetta er gert til þess að létta eitthvað á ríkissjóði. Ekki vildi nú hæstv. menntmrh. þó leggja aðaláherzlu á það, en vegna hvers þá? Jú, það er gert vegna þess, að menn vilja reyna að skapa samræmi varðandi þennan rekstrarkostnað hjá þessum 7 héraðsskólum og hliðstæðum skólum, sem reknir eru t. d. í kaupstöðum landsins, þ. e. í gagnfræðaskólum. En þar verða viðkomandi kaupstaðir eða sveitarfélög að borga þennan tiltekna rekstrarkostnað skólanna. Og hæstv. menntmrh. virtist telja, að hér væri um svoleiðis *fádæma misrétti að ræða á milli þessara* gagnfræðaskóla í kaupstöðum og þessara 7 héraðsskóla, að við það væri ekki unandi. Og hann beinlínis túlkaði málið hér þannig, að til þeirra í menntmrn. kæmu fulltrúar frá bæjar- og sveitarfélögum og bæru sig upp undan þessu. Ja, að því leyti, sem ég þekki til, er þessu ekki svona varið og ég trúi því varla, að það séu til þeir sveitarstjórnarmenn, sem í fullri alvöru eru að gera kröfu um það að taka upp slíka innheimtuaðferð sem þessa, svo hvimleið sem hún hlýtur að vera, til þess að koma á þann hátt nokkrum gjöldum á einstök sveitarfélög í landinu, svo að þau geti þá sagt, að þau verði að standa undir svona kostnaði vegna þessara héraðsskóla, eins og kaupstaðirnir verða að standa undir vegna sinna gagnfræðaskóla.

Ég held, að hér hafi í rauninni ekki verið á ferðinni neitt annað en það, sem við þekkjum í fjölda mörgum öðrum tilfellum. Við vitum, að í mörgum öðrum greinum hefur ríkið lagt af mörkum nokkuð meiri fjárhæð, bæði til reksturs og stofnkostnaðar og annars þess háttar, þar sem í hlut hafa átt minni sveitarfélög eða sveitarhreppar, en kaupstaðirnir hafa sætt sig við það vegna allrar sinnar miklu sérstöðu í þessum málum að fá þar nokkru minni stuðning frá ríkinu og hafa ekki amazt þar við. Þetta hefur verið svona í fjölda mörgum greinum. Ég held því, að þessi rök séu afskaplega léttvæg og það eigi ekki að taka upp jafnhvimleiðan hlut sem þetta af þessum ástæðum.

Þá er einnig í þessari sömu gr. gert ráð fyrir því, að kaupstaðirnir, sem reka gagnfræðaskóla, geti tekið upp sams konar innheimtuaðferð varðandi þá nemendur, sem til þeirra leita. Og það er vitanlega verið að gæta samræmis í þessum efnum. Þar með upphefst sá leikur, að þegar nemendur úr nærliggjandi sveitarfélögum hér við Reykjavík leita í gagnfræðaskólana í Reykjavík, og það sama gildir auðvitað á öðrum stöðum í landinu, getur Reykjavík farið að senda reikninga til sveitarfélaganna og krafið þau um tiltekinn hluta af rekstrarkostnaði skólanna, vegna þess að nemendur úr öðrum sveitarfélögum höfðu leitað í þessa skóla. Ég trúi því varla, að Reykjavíkurborg sendi marga slíka reikninga, þó að hún fái heimild til þess arna. Ég rak mig strax t. d. á það, að bæjarstjórinn hjá okkur í Neskaupstað vakti sérstaka athygli mína á þessum gr. báðum og lýsti eindreginni andúð sinni á þeim. Hann sagðist ekki óneyddur taka upp á því að senda svona reikninga til annarra sveitarfélaga, þó að nemendur hefðu komið í gagnfræðaskólann í Neskaupstað úr öðrum sveitarfélögum. Við litum þannig á, að þeir nemendur, sem leita í gagnfræðaskólann í Neskaupstað frá nærliggjandi sveitarfélögum, hafi ærinn vanda að leysa og þau sveitarfélög á óbeinan hátt líka, þó að ekki sé farið að bæta við það að innheimta af þeim sérstök gjöld vegna skólaverunnar. Og það er ábyggilegt, að hafi þetta ákvæði í síðustu mgr. 21. gr. verið sett inn eftir einhverjum tilmælum sveitarstjórnarmanna, eru þar fáir menn á ferð. Þetta er ekki ósk sveitarstjórnarmanna, það er alveg ábyggilegt.

Þar að auki er það svo þannig, að þær röksemdir, sem færðar eru fram einnig fyrir þessu ákvæði, standast ekki eins og þær koma hér fram í frvgr. Hæstv. menntmrh. sagði, að sum sveitarfélög gætu komið sér undan því að koma upp skólum og reka skóla eða taka á sig þennan kostnað með því að senda nemendur sína í skóla á öðrum stöðum, og af því væri alveg nauðsynlegt að hafa svona ákvæði. En hvað er þá að segja um það, að þeir staðir, sem hafa komið sér upp gagnfræðaskóla og reka hann, eiga einnig samkv. þessu ákvæði að þurfa að borga fyrir þá nemendur, sem leita í aðra skóla. Þetta mundi þýða það í framkvæmd, að þegar svo vill til, að einhverjir nemendur úr Neskaupstað leita í gagnfræðaskóla á Ísafirði og einhverjir frá Ísafirði leita til Neskaupstaðar, þá ætti bæjarstjórnin í Nes-

kaupstað að senda þeim á Ísafirði reikning vegna Ísafjarðarnemendanna, því að Ísafjörður á að taka ákveðinn þátt í greiðslu rekstrarkostnaðar gagnfræðaskólans á Neskaupstað, og svo kæmi auðvitað annar reikningur frá Ísafirði til Neskaupstaðar. Hver er það, sem óskar eftir slíku brölti sem þessu? Hver er það? Auðvitað er það ekki bæjarstjórnin í Neskaupstað, sem er að senda nemendur til Ísafjarðar í skóla þar, og ekki bæjarstjórnin á Ísafirði, sem er að senda neinn nemanda. Það er frjálsræði í þessu landi að velja sér skólastað, ef hægt er að fá þar pláss, nemendurnir ákveða þetta sjálfir. Viðkomandi staðir hafa þegar lagt á sig þau útgjöld, sem stafa af því að koma upp skóla og reka svona skóla. En eigi að síður er gert ráð fyrir því, að þessir staðir verði að taka þátt í því að greiða fyrir þá nemendur, sem frá þessum stöðum fara í aðra skóla. Og hæstv. menntmrh. taldi nú, að það væri hægt að koma þessu öllu fyrir á mjög einfaldan hátt, því að það væri hægt að skiptast á með þetta reikningsuppgjör allt hér í rn. fyrir sunnan, þar sem þessi mál öll gengju í gegn og það mundu því einhverjir menn hér syðra taka að sér þetta aukabókhald allt að gera upp á milli sveitarfélaganna í sambandi við svona tilfærslur á nemendum. Það fengju þá einhverjir vinnu við þá skýrslugerð. En hvað um það. Ég held, að þetta sé ekki einu sinni svona einfalt. Ég held, að þeir geti þetta ekki í mörgum tilfellum. Í sumum tilfellum mundi samkv. þessu verða sendur reikningur til sveitarfélags, sem hreinlega rekur engan skóla, bara engan. Þannig getur staðið á. Hvað verður þá um þann reikning og þá kröfu? Þá þarf sá staður, sem á kröfuna á þetta sveitarfélag, sennilega að elta þetta uppi, kannske með málsókn eða öðru slíku. (Gripið fram í.) Þetta er svo fráleitt, að ég trúi því bara ekki, að í slíkum lagabálki, sem liggur hér nú fyrir og efalaust eru mörg merkileg ákvæði í, — ég trúi því bara ekki, að hæstv. menntmrh. leggi neitt ofurkapp á að halda slíkum óskapnaði inni í frv. sem þessu. Þar að auki vil ég benda á það, að ég er ekki í neinum vafa um, að þetta verður mjög leiðinlegt í framkvæmd í einstökum persónulegum tilfellum. Ég býst við, að þegar svo vill til í einu byggðarlagi, að sumir foreldrar hafa sent börn sín í skóla annars staðar af ýmsum ástæðum, þá verði þau ekkert ánægð yfir því að heyra í sínu litla sveitarfélagi, að það hafi nú verið krafið um ákveðin útgjöld vegna þess að þau sendu sína nemendur í aðra skóla. Ég býst ekki við því, að menn verði á litlum stöðum ánægðir yfir slíku.

E. t. v. ættum við svo eftir að glugga í hreppsreikningana — og þá skulum við bara hugsa okkur það, að jafnvel hittist nú svo á í einhverju tilfelli, að oddvitinn í hreppnum leyfði sér að senda eitt eða tvö af börnum sínum í skóla annars staðar. Svo kæmi einn liður í næsta hreppsreikningi: Greitt í rekstrarkostnað í þessum og þessum skóla vegna barna oddvitans. Ég býst við því, að í ýmsum slíkum tilfellum þætti mönnum þetta heldur hvimleitt, og ég skil ekki, hvað getur í rauninni legið til þess, að reynt er að halda þessu fram. Það er ábyggilegt, að það er óþarfi að vera með þetta vegna þess að sveitarstjórnarmenn óski almennt eftir þessu. Það er einhver misskilningur þar á ferðinni. Ef til vill eru þeir sveitarstjórnarmenn, sem telja sig hafa óeðlileg útgjöld af því, að nemendur í öðrum sveitarfélögum sæki í skóla þeirra, hafa þeir eflaust í framkvæmd alla möguleika til þess að koma sér undan slíku, án þess að taka upp ákvæði eins og þetta.

Ég vil svo víkja aðeins að því, sem hér var sagt af hv. 1. þm. Austf. varðandi Eiðaskóla og að svari hæstv. ráðh. Það er ekki deilt um það, að Eiðaskóli eigi að vera ríkisskóli og rekinn fullkomlega af ríkinu samkv. samningi, það viðurkennir hæstv. ráðh., ríkisskóli, þar sem ríkið eigi að hafa allan kostnað af rekstri skólans. En nú er verið að byggja hér upp ákveðið kerfi um það, að tiltekinn hluti af rekstrarkostnaði þessa skóla á ekki lengur að greiðast af ríkinu, heldur af sveitarfélögum þeirra unglinga, sem í skólann koma. Með þessu er auðvitað verið að víkja frá því, að þetta sé í raun og veru hreinn ríkisskóli. Það er verið að velta tilteknum hluta af rekstrarkostnaðinum yfir á aðra. Og hæstv. ráðh. hefur hér sagt í umr. áður, að það sé verið að gera þetta til þess að gera rekstrarfyrirkomulag þessara skóla að þessu leyti sambærilegt við það, sem er hjá skólum þeim, sem ekki eru ríkisskólar, hjá sveitarfélagaskólum. Það þurfti einmitt að byggja upp sérstakt kerfi til þess að hafa þarna jöfnuð á milli, m. ö. o., það er verið að stíga hér skref í þá átt að hætta að hafa þessa skóla, sem hér voru teknir upp sem algerir ríkisskólar og áttu að rekast á kostnað ríkisins, í raun og veru sem ríkisrekna skóla og verið að koma rekstrarkostnaði þeirra fyrir á svipaðan hátt og nú er í skólum kaupstaðanna. Þetta hlýtur hæstv. menntmrh. að sjá, að er hreinn orðaleikur af hans hálfu. Með því að velta þessum hluta af rekstrarkostnaði skólans yfir á sveitarfélögin á hliðstæðan hátt og hann segir, að sé hjá gagnfræðaskólunum, er hann að hlaupast undan því samningsákvæði, sem ríkið er bundið við, en það er það, að ríkið eitt reki skólann.

Varðandi Eiðaskóla kemur þetta þannig út í framkvæmd, að yfirgnæfandi meiri hl. nemendanna í skólanum er úr sveitarfélögunum í Múlasýslum, sem sömdu við ríkið. Nú á kannske ekki að beinu formi til að láta Múlasýslur borga þennan kostnað, en það á hins vegar að láta sveitarfélögin í Múlasýslum borga kostnaðinn. Þetta er auðvitað í framkvæmd að svíkja samninginn. Og því held ég, að í raun og veru sé það svo, að ríkið komist ekki upp með þetta samkv. þeim samningi, sem fyrir liggur.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, því að

það var ekki ætlun mín að tala hér langt mál um þetta frv. Það eru, eins og ég sagði, mörg ákvæði í frv., sem eru til bóta. Ég hef því miður ekki getað kynnt mér þetta nægilega vel. En það sé ég strax, að þessi ákvæði, sem felast í 2. og 3. mgr. 21. gr. frv., eru alveg fráleit og af því beini ég þeim orðum mínum enn einu sinni til hæstv. menntmrh., að hann taki þetta á ný til athugunar að mæta þeim fjölmörgu óskum, sem hér hafa komið fram um það að fella niður þessi ákvæði. Þau hafa hér ekkert að gera. Og ég beini þeim orðum mínum einnig hér til hv. þm. — og þá ekki síst til þm. úr stjórnarliðinu — að þeir telji sig ekki svo bundna í þessu máli, að þeir geti ekki breytt ákvæðum eins og þessu. Ég trúi því ekki, að nokkur hv. þm. óski eftir því í raun og veru, að þessi innheimtuaðferð verði tekin upp. Ég held, að það sé rétt að hafa þetta eins og það hefur verið. Það er búið að standa þannig í nokkur ár, að héraðsskólarnir eru reknir að fullu og öllu af ríkinu og ég tel, að það eigi að gerast áfram, og þeir, sem reka gagnfræðaskólana og hliðstæða skóla, eigi að standa undir rekstri þeirra eins og verið hefur, og það eigi ekki að vera að blanda nemendunum inn í þetta mál á einn eða neinn hátt eða sveitarfélögum þeirra. Það vinnur enginn neitt á þessu. Ríkið getur kannske velt af sér nokkrum kr. á hverju ári, en það er í rauninni slíkt lítilræði, að það skiptir hér engu máli.

Ég skal svo ljúka þessu og vænti þess, að tillit verði tekið við nánari athugun til þessara sjónarmiða, sem ég hef hér sett fram.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Áður en ég vík að frv. því til skólakostnaðarlaga, sem hér liggur nú fyrir til 3. umr., vil ég lítið eitt víkja að þinghaldinu og ekki síst að gefnu tilefni frá hæstv. dómsmrh. hér við útvarpsumr. fyrir nokkrum kvöldum. Hér er á ferðinni frv., sem snerta mun hvert einasta sveitarfélag á landinu, frv., sem raunverulega snertir hvert einasta heimili í þessu landi. Það er til 3. umr. í fyrri d. og það eru tveir dagar til þingslita. Ég verð að segja það, að þegar þannig er að málum staðið, treystir hæstv. ríkisstj. mikið á það, að hv. þm. séu geðlitlir og þægir til afgreiðslu mála, þegar svo stórt mál sem þetta er sett inn til afgreiðslu á þinginu síðustu daga þess.

Það kemur fram í grg. þessa frv., að n. sú, sem fékk málið til meðferðar, hafði það í eitt ár. Í n. voru menn, sem gerla þekktu til málsins og vissu því góð skil á því og áttu að kunna vel til verks. Þegar þeir afgreiddu málið frá sér samkv. ósk ráðh., létu þeir fylgja þá umsögn, að þeir hefðu ekki lokið við að vinna málið, þó að þeir hefðu verið í heilt ár með það. Síðari n., sem fékk málið til meðferðar, var upp undir ár með það einnig. En þm., sem eiga að fjalla um þetta mál, eiga að afgreiða það með atkv. sínu, þeir eiga að fá nokkra daga til þess. Þannig er að málum staðið. Ég minnist þess frá mínu fyrsta þingi hér fyrir 11 árum, að þá var stjórnarandstaðan svo hörð, að hæstv. núv. forsrh., formaður Sjálfstfl., smalaði sínu þingliði niður í forsal í Alþingishúsinu og lét það sitja þar til þess að reyna að gera óstarfhæfa fundi hér uppi í hv. d. Það var þó snemma á þingi. Hvað hefði þá hæstv. ráðh. gert nú í stjórnarandstöðu? Ef við í stjórnarandstöðunni hefðum smalað þingliðinu burt úr þingsölum síðustu dagana, hefði orðið lítið um afgreiðslur hér í þessum hv. d. Stjórnarsinnar hafa ekki setið svo á fundum þingsins, að þeir hefðu með sínum atkv. getað komið málum þar fram. Þeir hefðu þá a. m. k. orðið að breyta um. Og samt er hér verið að fjalla um stórmál eins og skólamálin og hafnarmálin, sem taka til allra landsmanna.

Nú ætla ég ekki að fara að hæla þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð voru í stjórnarandstöðu hjá Sjálfstfl., að smala þingliðinu út úr deildunum, þegar það á að sitja þar að störfum. En það verður líka á það að líta, að þm. sé gefinn eðlilegur tími til þess að fjalla um önnur eins stórmál og það, sem hér er á ferðinni.

Um málið vil ég svo segja það, að ég tel mig fara með rétt mál, þegar ég held því fram, að það hafi aldrei verið afgreiddur lagabálkur í skólamálum hér á landi slíkur sem þessi, að staða sveitarfélaganna gagnvart ríkinu hafi ekki verið bætt. Öll þróunin hefur gengið í þá átt, að hlutur ríkissjóðs í fræðslumálunum í landinu hefur vaxið. Nú er gerð grein fyrir því hér í grg. frv. og af hæstv. menntmrh., að það sé ekki gert ráð fyrir því með þessu frv., að staða sveitarfélaganna batni gagnvart ríkinu, heldur eigi hún að vera svipuð og áður hefur verið. Hér er því um nokkurt nýmæli að ræða, því að það hefur alltaf verið reglan, að staða sveitarfélaganna gagnvart ríkinu hefur breytzt þeim í hag við lagasetningu hér á hv. Alþ. á borð við þessa.

Það, sem hæstv. menntmrh. taldi höfuðkosti þessa frv. — og fram er tekið einnig í grg. frv., — var, að málið væri nú gert einfaldara og betra í meðferð og auðveldara í framkvæmd. Hvernig er svo frv. sjálft viðvíkjandi þessu atriði? Hvernig er 20. gr. frv.? Höfuðmenn í þessum málum, Torfa Ásgeirsson í Efnahagsstofnuninni og Aðalstein Eiríksson, sem staðið hefur fyrir skólaeftirlitinu um tugi ára, greindi svo á, að þeir urðu að taka sér tíma í það tveir einir að reikna út 20. gr. og sannfæra sig um, hvernig hún mundi koma út í skiptum ríkis og sveitarfélaga, þessir tveir höfuðspekingar, sem eru þó skýrleiksmenn hinir mestu. 20. gr., sem er þó mergur málsins í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, er sem sé ekki auðveldari í framkvæmd en það í lagafrv., sem á að gera málið einfaldara en það er nú í gildandi l., að þessa höfuð-

spekinga greinir á. Enda hygg ég, að ef t. d. ætti að fá þá hv. alþm., sem sátu í menntmn. Ed. og hafa unnið mikið í þessum málum, til þess að sýna glögga útreikninga um framkvæmd á þessari grein, mundu þeir ekki geta það. Hún er ekki auðveldari eða einfaldari en þetta. Þess vegna verð ég að segja það, að ef það er mergur málsins í lagafrv. að gera það einfaldara, en höfuðgreinin er svona flókin, þá er nú erfitt að skilja, hvað átt er við með því einfalda.

Nú kemur það fram í grg. þessa frv., að þróunin hefur orðið sú á síðari árum, að það hefur meira og meira verið gengið á hlut sveitarfélaganna. Ríkisþátttakan í kostnaðinum hefur á síðustu árum orðið hlutfallslega minni en áður hefur verið. Af hverju er þetta? Það er vegna þess, að ríkið sjálft hefur haft þessa framkvæmd til meðferðar, og það hefur í sínum útreikningum og úrskurðum séð til þess, að niðurstaðan hefur orðið því í vil. Hvernig verður svo þetta atriði í framkvæmd, þegar þeir eiga um að fjalla, sem mestra hagsmuna eiga að gæta, sem er ríkið, þegar það hefur dómsorðin í þessu, en hinn aðilinn, sveitarfélagið, hefur miklu verri aðstöðu til þess að fylgjast með, að ekki sé á þeirra hlut gengið, eins og sýnt hefur sig síðustu árin? Til þess að gera þessi mál einföld, þurfti ekki að setja upp flókna reglu, heldur gera einfaldlega grein fyrir því, að ríkið greiddi þeim kennurum, sem samþykktir voru af fræðslumálastjórninni sem fastir kennarar, eða þá stundakennslu, sem skólarnir fengju að hafa. Þannig verður þetta að vera í framkvæmdinni, ef það á að verða raunveruleikanum samkv., að ríkið greiði kennslukostnaðinn eins og um er talað.

Annað atriði, sem hæstv. ráðh. taldi frv. til gildis og einnig kemur fram í grg. þess, er það, að byggingartími skólabygginga sé styttur og fjárveitingar til stofnkostnaðar séu veittar á styttri tíma en áður hefur verið. Ákvæði gildandi l. þar að lútandi eru um 5 ára tímabil. Nú hefur það verið svo í framkvæmdinni, að kostnaður við þessar skólabyggingar, sem hafa verið í framkvæmd síðustu árin, hefur yfirleitt farið langt fram úr áætlun. Sumt af þessu hefur stafað af því, að verðlag í landinu hefur mjög hækkað og í öðru lagi hefur þetta stafað af því, að áætlunin hefur ekki verið svo raunhæf sem skyldi. Nú hefur verið gripið til þess ráðs á Alþ. að leiðrétta áætlanir á byggingartímabilinu, er augljóst hefur verið orðið, að fyrri áætlun fengi ekki staðizt, og einnig hefur verið gert í því að reyna að taka tillit til verðhækkana. Þetta var í tvö ár, sem gert var verulegt átak í þessu að leiðrétta á byggingartímabilinu og taka tillit til verðhækkana. En við afgreiðslu tveggja síðustu fjárl. hefur þetta ekki fengizt, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur neitað um fé, sem til þess arna þurfti. Það hefur þýtt það, að ekki hefur verið farið að leiðrétta eða taka tillit til verðhækkana fyrr en 5 ára tímabilið hefur verið liðið. Og þannig hefur fjárveitingatímabilið orðið 8 ár í staðinn fyrir 5. Það sýndi sig hins vegar á fjárl. fyrir árin 1964—1965, að það var hægt með gildandi l. að leiðrétta þetta, ef fjárveiting fékkst til. Nú er það vel, ef byggingartíminn verður styttur og fjárveitingatíminn verður styttur, en þá verður að vera til fé til þess að veita á fjárl., til þess að þetta sé framkvæmanlegt. Síðustu árin hefur það ekki verið talið framkvæmanlegt af fjárskorti. Ég gleðst yfir því, ef þarna verður á breyt., og ég tel, að þetta ákvæði frv. sé mjög til bóta, ef það verður framkvæmt með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í frv. og talað er um í grg. En ég segi einnig, það var hægt eftir gildandi l. að framkvæma þetta betur en nú á fjárl. 1966 og 1967, og það var gert á árunum 1964—1965.

Þriðja nýmælið í frv. er að stofna sérstaka byggingadeild til þess að undirbúa eða hafa eftirlit með áætlunargerð og með framkvæmd verksins. Á þessi byggingadeild að vera í menntmrn., sem á að framkvæma þetta. Í sambandi við þetta atriði er líka tekið upp það nýmæli, að þessi byggingadeild á að ákveða, hvað kosti að byggja barnaskóla fyrir svo og svo marga nemendur í heimangönguskólum eða í heimavistarskólum, og fjárveitingin á svo við það að miðast, og við á svo að bæta á byggingartímabilinu þeim verðhækkunum, sem verða, en hins vegar á ekki að breyta því, þó að áætlunin reynist óraunhæf. Ef menn byggja stærra og finna eins og talað er um í grg. frv., kosta þeir það sjálfir, en sem sagt, breytingar verða ekki á kostnað ríkisins, hvorki að áætlun eða að formi til.

Um þetta atriði vil ég segja það, að ég hef nokkra reynslu af stofnkostnaði skóla í framkvæmd og áætlunargerð við undirbúning þeirra. Ég minnist sérstaklega eins skóla, Laugagerðisskóla, sem í upphaflegri áætlun átti að kosta 4—6 millj. kr. Þegar svo komið var að því að byggja skólann og gengið var í að gera nýja áætlun, hækkaði sú áætlun upp í 12—14 millj. kr. Það var mikið áhyggjuefni hv. þm., sem um þetta mál fjölluðu, að þar var raunverulega komið til nýtt mál og allt miklu veigameira en áður hafði verið.

Ég sat þá ásamt öðrum þm. Vesturlandskjördæmis og þeim, sem fjölluðu um skólamál í fjvn., sérstakan fund með forráðamönnum skólamála, arkitektinum og fleiri aðilum, sem að undirbúningi Kolviðarnesskólabyggingarinnar höfðu unnið. Ég minnist þess, að ég spurði um það þá sérstaklega, hver væri ástæðan fyrir þessari gífurlegu breytingu, hvort skólahúsinu sjálfu hefði verið breytt, svo að hér væri komið nýtt mál eða hvað það væri, sem leitt hefði til þessarar hækkunar. Arkitektinn svaraði því þá til, að það, sem fyrst og fremst væri hér á ferðinni, væri það, að þessi teikning væri fullunnin. Hann var með mikla og myndarlega og vel gerða bók, þar sem hann lýsti verkinu og atriðum þess hverju fyrir sig.

Og hann sagði við okkur: Nú getið þið treyst þessari áætlun, sem þið eruð með í höndunum, en áætlunin, sem þið byggðuð upphaflega á, var bara búin til með því að taka blýant og margfalda rúmmetrafjöldann og var því óraunhæf.

Þetta var um miðjan vetur. En um vorið var verkið boðið út og það var boðinn út 1. áfanginn, sem var að gera húsið fokhelt. Það var auðveldasti áfanginn í byggingu og raunverulega ódýrasti og sá, sem bezt er að áætla. Lægsta tilboðið, sem kom í þetta verk, var verulega hærra en áætlunin gerði ráð fyrir. Og embætti húsameistara ríkisins mælti með því, að tilboðinu væri tekið, en vildi ekki fallast á, að verkið yrði unnið í tímavinnu. Þó fór þessi fyrsti áfangi verulega fram úr áætlun þeirri, sem var búið að útskýra, að væri vel unnin og sýndi, hvað mundi verða. Skólinn fór svo sjálfur einar 6 millj. fram úr áætluninni.

Hvernig hefði farið fyrir hreppunum á sunnanverðu Snæfellsnesi, sem hefðu byggt þennan skóla eftir áætlun? Ég fullyrði, að það var embætti húsameistara ríkisins og arkitektinn, sem teiknaði verkið og sá um framkvæmdina, sem réði mestu um framkvæmdina. Verkið er myndarlega og vel af hendi leyst og honum á margan hátt til mikils sóma, því að þetta er glæsileg bygging, en hefði þetta verk verið reiknað út eftir því normi, sem hér er talað um, og verið gerð sú áætlun, að Laugagerðisskóli skyldi byggður fyrir 14 millj. kr., stæðu hrepparnir nú uppi með einar 6 millj. kr., sem þeir ættu að greiða að sínum hlut, vegna þess hvað áætlunin var fjarri raunveruleikanum. Þess vegna skulum við gera okkur grein fyrir því, að hér er á ferðinni mál, sem getur valdið okkur höfuðverk síðar meir. Þetta mál er ekki svo auðvelt og einfalt og ljóst, að við getum ekki fengið verulegan fjárhagsskell fyrir heimabyggðirnar einmitt í sambandi við þessa framkvæmd. Og hér kemur það fram, sem einkennir þetta frv., að ríkisvaldið tryggir sinn rétt í öllum tilfellum. Hins vegar skal ég taka undir það, að ríkisvaldið verður auðvitað að tryggja sinn rétt og sjá um, að ekki sé farið út í óhóf og vitleysu. En ég minni á, að ríkisvaldið og embætti húsameistara, sem hefur verið hinn tæknilegi aðili í þessu, og eftirlitsmennirnir hafa í fleiri tilfellum ráðið miklu meira en heimamenn. Ég vil líka minna á, að það er ekki sama, hvar skóli er byggður. Mér er sagt, að í skólanum á Hallormsstað muni fæðiskostnaður og ferðakostnaður smiða vera orðinn um 1 millj. kr., því að þegar skóli er byggður eins og Laugagerðisskóli, Leirárskóli eða Hallormsstaðarskóli, á stöðum, þar sem alla þá menn, sem vinna verkið, verður að fá að, þá eiga þeir rétt á að fá frían ferðir og frítt fæði og greidd ferðalög heim til sín eftir þar að lútandi samningum. Af þessu leiðir, að þessir skólar verða auðvitað margfalt dýrari vegna þess arna. Ef á svo að fara að segja, að heimavistarskóli eða skóli af þessari gerð með þetta marga nemendur, kosti normalt þetta eða þetta, þá er ekki rétt að staðið, ef ekki er tekið tillit til, hvernig aðstæðurnar eru. Þess vegna hefur þetta atriði vafalaust sína kosti, en það hefur verulega áhættu í för með sér.

Þá er það nýmæli í frv., að íþróttabyggingar, s. s. íþróttahús og sundlaugar, skulu styrktar eins og skólabyggingar væru, að því leyti sem þær henta skólum. Á seinustu árum hefur meira og meira verið gengið inn á þá reglu í sambandi við fjárveitingar, að styrkja bæði íþróttahús og sundlaugar sem skólamannvirki. Hefur þetta m. a. stafað af því, að fjárhagur íþróttasjóðs hefur verið svo þröngur, að hann hefur ekki getað sinnt þessu verkefni. Er það því til bóta.

Þá er það nýmæli í þessu frv., að upp skuli tekin listskreyting í skólum að hæfilegu marki. Það tel ég til bóta og tel, að það muni verða til þess að gera þessi skólaheimili ánægjulegri og vekja áhuga nemenda og kennara fyrir fögrum listum, sem er hin mesta nauðsyn. Þá kem ég að því atriðinu, sem ég tel nú allra fráleitast, en það er, hvernig búa á að héraðsskólunum samkv. þessu frv. Staða þeirra í skólakerfinu er í raun og veru alveg óbreytt frá því, sem hún var, þegar sú breyt. var gerð, að þeir voru gerðir að ríkisskólum og ríkið tók þá að sér sem sína eign kvaðalaust, eins og það er orðað.

Hæstv. ráðh. hefur talað um það, að staða héraðsskólanna verði í raun og veru áfram sú sama og verið hefur, þannig að þeir verði ríkisskólar áfram eins og þeir hafa verið nú síðustu árin, og mun ég koma betur að því síðar, en hann taldi, að sú breyt., sem gerð væri á héraðsskólunum núna með þessu frv. frá gildandi l., væri gerð til þess að menn sætu við sama borð gagnvart gagnfræðaskólum, hvort sem það væru héraðsskólar eða heimangönguskólar. Það mætti ekki veita þeim, sem að héraðsskólunum stæðu, forréttindi fram yfir annað fólk í landinu. Þeir yrðu að sitja við sama borð og þess vegna væri breytingin gerð.

Í þessu sambandi vil ég víkja að því, hvaða fólk það er, sem stendur að héraðsskólunum. Það er fólkið í hinum dreifðu byggðum. Það er fólkið, sem verður að senda börnin sín á heimavistarbarnaskóla, þegar þau fara í skólann. Það er fólkið, sem verður að hafa margfaldan kostnað af barnafræðslunni, vegna þess að barnið fer í heimavistarskóla, en gengur ekki heiman frá heimili sínu í skólann. Það ætti að vera öllum ljóst, hver sá reginmunur er á því fyrir þá, sem í þéttbýli búa og geta látið barn sitt ganga heiman frá sér að morgni og koma heim eftir hverja kennslustund, þegar henni er lokið í skólanum, njóta heimilisins og njóta fæðis, húsnæðis og umhyggju á heimilinu eða senda það burt frá sér og borga með því í heimavistarbarnaskólann. Það er þetta fólk, sem stendur að héraðsskólunum. Það er

þetta sama fólk, sem verður að senda börn sín í gagnfræðaskóla, einnig í heimavistarskóla eða í bæina og kosta þau þar. Þetta fólk hefur frá því, að barnið fer að sinna barnalærdómi og þangað til það hefur lokið sínu námi svo margfaldan kostnað og margfalt verri aðstöðu til skólagöngunnar í landinu en þéttbýlisfólkið, að það þolir engan samanburð. Þetta er fólkið, sem verður að sætta sig við það, að börn þess fái 4—5 mánaða kennslu árlega, þegar við, sem í þéttbýlinu búum, látum börn okkar njóta þar 8—9 mánaða kennslu. Það er þetta fólk, sem hæstv. menntmrh. taldi forréttindafólkið, fólkið, sem verður að búa við það að fá helmingi minni kennslu fyrir barn sitt á barnafræðslustiginu fyrir margfalt meiri kostnað en hinir, sem búa við heimangönguskólana. Þannig er þetta í raunveruleikanum. Þetta er fólkið, sem hefur staðið að héraðsskólunum. Þetta er fólkið, sem hér á hv. Alþ. er kallað forréttindafólkið. Það er fólkið, sem fær hálfa kennslu fyrir börn sín miðað við hina.

Hér er of langt gengið og hér er hlutunum raunverulega snúið við. Það er ekki óeðlilegt, þegar þetta er haft í huga, þó að héraðsskólarnir séu kostaðir af ríkinu og þetta fólk þurfi ekki að greiða þar sérstök gjöld vegna veru barna sinna þar í gagnfræðaskóla.

En hvernig verður svo staða héraðsskólanna eftir þessa breytingu? Hæstv. ráðh. segir: Þeir verða ríkisskólar eftir sem áður, ríkið á þá. En þetta verða ríkisskólar, sem í raun og veru enginn vill sinna, eiga eða hugsa um. Þannig verður staðan. Meðan héruðin áttu skólana, voru þó tengsl á milli þeirra og skólanna. Með því að afhenda ríkinu skólana og láta svo ríkið setja þá á vonarvöl eins og gert er með þessu lagafrv., verður þetta eins og fátækraframfæri.

Í 14. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkissjóður greiðir allan stofnkostnað vegna þeirra framkvæmda, sem að áliti rn. eru nauðsynlegar við eftirtalda heimavistarskóla gagnfræðastigs, enda sé miðað við núverandi stærð og nemendafjölda.“

Og svo eru taldir upp skólarnir. Af því, sem segir í grg. frv. um þetta atriði, sjáum við, hvað rn. telur nauðsynlegt í sambandi við þessa skóla, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp orðrétt:

„Samkv. heimild í l. nr. 34 1962 hefur ríkissjóður tekizt á hendur að greiða einn stofn- og rekstrarkostnað þeirra héraðsskóla, sem þess hafa óskað. Í frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ljúki á sinn kostnað öllum þeim byggingum við héraðsskólana, sem eru í smíðum, en síðari viðbætur eða nýir skólar lúti sömu greiðslureglum og aðrir gagnfræðastigsskólar.“

Í þessu sambandi vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Hvað er átt við hér með orðunum „er í smíðum“? Ég vil taka eitt dæmi. Héraðsskólinn í Reykholti hefur fengið fjárveitingu til íþróttahúss á undanförnum þingum. Fjárveiting þessi hefur verið það lítil, að ekki hefur verið hægt að hefja verkið. Það er óhafið enn og eftir venjulegri skýringu á orðunum „í smíðum“ mundum við segja, að íþróttahúsið í Reykholtsskóla væri ekki í smíðum, því að verkið er ekki hafið. Þýðir þá þessi útskýring á greininni, að þetta verk kosti ríkissjóður? Í 14. gr. segir: „að áliti rn.“ og er ekki ástæða til að ætla, að í grg. komi fram túlkun rn. á því, hvað það er, sem það raunverulega telur sig eiga að leysa af hendi? Og eftir þeim skýringum, sem koma hér fram í grg. frv., er það það, sem hafið er og nú er í smíðum, en ekki frekari byggingar.

Svo kemur annað atriði í sambandi við þetta mál, og það er það, hver á að vera hlutur mótaðilans í sambandi við framtíðarbyggingar við þessar stofnanir. Eftir orðanna hljóðan og eins og ég skil frv. tel ég, að reglan um 85% og 100% hlutdeild ríkisins í heimavistarrými barnaskóla og unglingaskóla eigi aðeins við skyldustigið. Sé hins vegar um gagnfræðaskóla að ræða, sé það 50% ákvæðið, sem á að gilda. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðh.: Er þetta þannig, að þær byggingar, sem ekki teldust að dómi rn. tilheyra ákvæði 14. gr., eigi að koma undir 50% ákvæði stofnkostnaðar? Þetta treysti ég nú hæstv. ráðh. til þess að upplýsa mig um á eftir, því að hér er um veigamikið atriði að ræða. Mér sýnist, að með þeirri aðferð, sem hér er viðhöfð, sé verið að setja þessar stofnanir á fátækraframfæri, eins og ég tók fram áðan, og þeim sé raunverulega ætlað að veslast upp.

Sýslufélögin, sem stóðu að þessum stofnunum áður, eiga ekki að taka við þeim, eftir orðanna hljóðan, og munu ekki gera það. Heimasveitirnar, smásveitir, við getum hugsað okkur Reykholtshrepp, geta ekki staðið að stofnun eins og Reykholtsskóla. Mýrahreppur getur ekki staðið að stofnun eins og Núpsskóla. Þess vegna er það ákvæði gagnfræðaskólalaganna óhugsandi, að sveitin, sveitarfélagið eða bæjarfélagið, sem þessi stofnun er í, sé mótaðili í þessu tilfelli, enda á engan hátt réttmætt, og ég hef sýnt fram á það með rökum, að aðstaða þess fólks til menntunar, sem hefur notað héraðsskólana mest, er svo miklu verri en annarra í þessu landi, að það er ekki ástæða til að gera hlut þeirra verri en áður var.

Ég vil líka minna á það, að héraðsskólarnir hafa verið mikil lyftistöng í menningarlífi íslenzku þjóðarinnar. Þeir standa margir á frægum sögustöðum, stöðum, sem hafa lyft þessari þjóð raunverulega í æðra veldi. Ég minni á stað eins og Reykholt í Borgarfirði. Hver er ástæðan fyrir hinni miklu tryggð og vináttu, sem Norðmenn hafa sýnt okkur? Það er fyrst og fremst minningin um Snorra Sturluson. Norðmenn hafa sýnt okkur æ ofan í æ margvíslegan sóma, en Reykholt hefur lítils af þessu

notið nema þess, sem þeir hafa ráðið sjálfir. Þegar Ólafur Noregskonungur kom hér og færði Íslendingum þjóðargjöf í tilefni af komu sinni, gekk ég fyrir einn æðsta mann í þessu landi og leitaði eftir því, að Reykholt nyti nú einhvers af, af því að þeim manni var jafn ljóst og mér, að það var einmitt Reykholt, staðurinn, sem tengdi okkur við Norðmenn. Nafn Snorra Sturlusonar er það, sem Norðmenn muna umfram annað. Ég gerði mér vonir um það eftir þá ferð, að eitthvað yrði gert af hálfu stjórnarvalda, sem Reykholt mundi njóta og sæist í Reykholti síðar meir. Ég hef orðið fyrir vonbrigðunum einum. Það var ekki einu sinni hægt, þegar skógræktin í landinu fékk þessa gjöf Norðmanna óskipta, — þá var ekki einu sinni hægt að láta skógræktina í landinu sjá um Snorragarð í Reykholti, heldur var verið að mylgra í hann 10 þús. kr. á ári, með eftirtölum þó. Þannig er reisnin, þannig er myndarskapurinn yfir hæstv. ríkisstj. og ráðamönnum í landinu gagnvart stað eins og Reykholti í Borgarfirði.

Fyrir nokkrum árum var sett hér, samkv. þál. frá mér og hv. 5. þm. Vesturl. nú, Benedikt Gröndal, sérstök Reykholtsnefnd, sem hv. 5. þm. Vesturl. á setu í. Hvað gerir hún nú til varnar héraðsskólanum í Reykholti? Hv. form. menntmn. Nd. stendur að áliti meiri hl. um að koma þessu máli í gegn. Það fer þó svo, að eftir þessa breyt. verður Reykholt komið á nokkurs konar fátækraframfæri, sem enginn á og enginn virðir. Svo kemur hæstv. ráðh. og segir hér: Það á að bjarga þessu öllu með því að senda reikninga til heimasveita nemendanna. Geðslegt verður það.

Hæstv. ráðh. telur sig hafa fyrir því orð sveitarstjórnarmanna, að þeir öfundist yfir því, að héraðsskólarnir skuli njóta forréttinda, fólkið í þeim byggðum, sem verður að sætta sig við það, að börn þess fái hálfa kennslu á við börn þéttbýlisins í barnaskóla, eins og nú er, það nýtur forréttindanna. Og þess vegna fagni sveitarstjórnarmenn þessum breytingum. Nú hefur það verið svo á öllum þeim ráðstefnum sveitarfélaga, sem ég hef tekið þátt í, að sveitarstjórnarmenn hafa alltaf keppt að því að gera samskipti sveitarfélaganna eins einföld og ágreiningslítil og hægt væri. Hvernig halda hv. alþm., að þetta muni svo verka og hafið þið, hv. stjórnarsinnar, gert ykkur grein fyrir, hve þetta mál er stórt? Vitið þið, að fjárhæðin, sem þið eruð að reyna að koma af ríkinu, er svona 4—5 millj. kr.? Það munar um það á 5 milljarða fjárl. Mér sýnist, að tilhneigingin með þessu frv. sé að reyna að koma yfir á þá, sem standa að héraðsskólunum, því, sem hugsanlegt er, að ríkið verði að greiða meira. Þess vegna einkennist þetta frv. af því, að sjónarmið ríkisins er eitt ráðandi og hvernig á þetta svo að vera í framkvæmd? Það á að senda reikninga heim í sveitarfélögin, þaðan sem krakkarnir koma. Hvernig verkar þetta?

Valfrelsi, sagði hæstv. forsrh. í ræðunni austur undir Eyjafjöllum, valfrelsið kýs þjóðin, valfrelsið vill þjóðin hafa. Valfrelsi unglinganna til að velja á milli skóla. Við erum með gagnfræðaskóla í Borgarnesi. Við höfum af honum kostnað og stöndum undir því. Haldið þið, að það verði ánægja hjá okkur, þegar við förum að fá reikninga frá Reykholti, Reykjum í Hrútafirði eða austan af Eiðum eða hvaðan sem er vegna nemendanna, sem fóru þangað, og svo vantaði okkur nokkur sæti í gagnfræðaskólanum. Við skulum bara hugsa okkur hlutina alveg eins og þeir eru. Við erum það mannlegir, að við lítum bara á hlutina, eins og þeir liggja fyrir, við kærum okkur ekki um að borga skólagjöld á þessum stöðum, ef við hefðum rými fyrir þessi börn í okkar gagnfræðaskóla. Hæstv. ráðh. segir: Þetta er ósköp einfalt og þægilegt í meðförum. Það á bara að taka þetta af fjárveitingunni eða fræðslumálastjórnin dregur þetta frá, þegar hún greiðir Pétri það, sem hann átti að borga til Páls. Þannig á þetta að vera.

Ég vil benda á það, að nú fara nemendur úr Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi, úr Hvammssveit í Dalasýslu, úr Leirársveit í Borgarfirði, svo að ég taki þau dæmi, sem ég þekki bezt, í gagnfræðaskólann í Reykholti eða Reykjum í Hrútafirði eða hvað sem er. Nú koma þessar kröfur til fræðslumálaskrifstofunnar um það, að þessar sveitir eigi að greiða vegna barna í þessum skólum þessa fjárhæð. Og þá á fræðslumálaskrifstofan að taka þetta af fjárveitingu til viðkomandi staða. En nú er staðreyndin þessi, að fræðslumálaskrifstofan greiðir ekki Hvammssveit í Dalasýslu, ekki Leirársveit í Borgarfirði eða Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi kostnað vegna skólahalds, vegna þess að þessir skólar eru í samfélagi með skólunum að Sælingsdalslaug í Dölum, að Laugagerði í Eyjahreppi og að Leirá í Leirársveit. Þetta skólahérað, Laugagerðisskólahérað, fær greiðsluna, og það hefur enginn rétt til þess að taka af greiðslu til Laugagerðisskóla, þá greiðslu, sem Miklaholtshreppur á að greiða. Þess vegna er málið heldur ekki einfalt í framkvæmd, vegna þess að það liggur ekki beint fyrir. Og haldið þið, að skólastjórarnir á þessum stöðum, sem flestir eru reikningshaldarar, fari að innheimta skólagjöld til annarra staða gegnum sín fjárlög? Haldið þið, að það sé of auðvelt hjá þeim eins og það er, þótt þessu sé ekki á bætt? Auk þess er svo þess að geta, að það er sett upp sérstök regla um það í frv., hvað megi innheimta hátt skólagjald af nemendunum og það á t. d. úr Borgarnesi að miðast við það, sem væri meðalkostnaður á nemanda í gagnfræðaskólanum þar. Hvernig fer um mismuninn, sem er á milli hins raunverulega kostnaðar og þessa kostnaðar? Hver á að greiða þann mismun, sem er á hinum raunverulega kostnaði og þessum áætlaða kostnaði? Það er ekkert ákvæði í frv. um það og

það er enginn aðili, sem er skyldur til að gera það. Þess vegna segi ég, að með þessari aðgerð er verið að koma héraðsskólunum á fátækraframfæri. Það er frelsið, sem sé valfrelsi nútímans, að það verður í raun og veru í framkvæmdinni þannig, að héruðin fari að gera í því að banna börnum að sækja aðra skóla en heima hjá sér. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann vilji ljúka ræðu sinni eða fresta henni, þar sem fundartíma er lokið.) Ætli það sé ekki eðlilegt að taka matinn fyrst, ég á það mikið eftir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Því hefur verið haldið fram af hálfu þm. Austf., að ákvæði þessa frv. um alþýðuskólann á Eiðum fái ekki staðizt vegna þess samnings, sem á sínum tíma, 1917, var gerður á milli Múlasýslna og ríkissjóðs og síðar var staðfestur með sérstakri lagasetningu. Ég er að vísu þeirrar skoðunar, að ákvæði frv. fái staðizt. En með hliðsjón af því, að þeirri skoðun hefur hér verið andmælt af hálfu þm. þess kjördæmis, sem hér á hlut að máli, tel ég ekki rétt, að atkvgr. fari fram nú á þessu þingi um þetta ákvæði, en ég mun gera ráðstafanir til þess, að lögfræðileg hlið þess verði athuguð í sumar, þannig að málið geti komið til kasta Alþ. aftur á næsta hausti og þá að undangenginni lögfræðilegri athugun á þessu atriði. En vegna þess að alveg hliðstæð ákvæði eru í frv. um aðra héraðsskóla í landinu, tel ég líka rétt, að ákvæðin um þá verði tekin út úr frv. og komi síðan aftur til kasta Alþ. á næsta hausti. Í kjölfar þessa siglir svo enn það, að fella þyrfti niður til samræmis úr frv. það ákvæði, sem gerir ráð fyrir heimild til sveitarfélaga, sem láta nemendum úr öðrum sveitarfélögum í té kennslu í skólum gagnfræðastigs, til þess að endurkrefja heimasveitir nemendanna. Í samræmi við þetta leyfi ég mér að flytja skriflega brtt., sem ég skal lesa, með leyfi hæstv. forseta. Hún er mjög einföld. 1. liður er um það, að 14. gr. falli niður, en það er sú gr., sem í frv. er um héraðsskólana. 2. till. er um það að fella niður síðasta málsl. 1. mgr. 21. gr., en hann hljóðar svona:

„Ríkissjóður greiðir ekki kostnað samkv. þessari mgr. vegna skóla, sem taldir eru í 14. gr. og eru að öllu leyti eign hans."

Þetta þarf sjálfsagt að falla niður líka. Og enn fremur þurfa 2. og 3. mgr. 21. gr. að falla niður, en þar eru reglurnar um heimildina til að endurkrefja heimasveit nemendanna um hlutdeild í sveitarfélagakostnaðinum.

Ég leyfi mér síðan að afhenda hæstv. forseta þessar till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 561) leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þegar ég lauk máli mínu fyrir hádegið í dag, átti ég eftir að ræða frekar um héraðsskólana og stöðu þeirra í þessu frv. og hafði þá jafnframt hugsað mér að leggja áherzlu á það í lok ræðu minnar að fara fram á það við hæstv. menntmrh., að þessu máli yrði frestað og staða héraðsskólanna í skólakerfinu athuguð betur og nánar og lögð síðan fyrir Alþ. Nú hefur hæstv. ráðh. gert till. um, að að þessu verði horfið. Sé ég því ekki ástæðu til að lengja mál mitt, því að tilgangurinn var sá einn að ræða málið, en ekki halda uppi neinu málþófi hér.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði raunar kvatt mér hljóðs við 2. umr. þessa máls og ætlaði þá að ræða nokkuð um frv. í framhaldi af þeim umr., sem fram höfðu farið af hálfu meiri og minni hl. hv. menntmn. Vegna einhvers misskilnings hafði nafn mitt fallið út af mælendaskránni, þannig að það varð ekki úr því, að ég tæki þá til máls.

Ég hafði hugsað mér að ræða í þess stað málið nokkuð við 3. umr., en mun nú ekki eyða til þess löngum tíma. Ég vildi þó minnast á það m. a., að ég hef nokkurn beyg af því ákvæði frv., sem gerir ráð fyrir því, að í stað þess, að ríkið greiðir nú stofnkostnað skóla á fimm árum, skuli það greiða hann á þremur árum, ekki vegna þess að það væri ekki í sjálfu sér mjög æskilegt, að ríkið gæti lokið stofnkostnaðargreiðslum sínum á þremur árum, heldur vegna þess að mér er fullkunnugt um, að ríkið hefur í seinni tíð átt mjög erfitt með að inna af hendi 5 ára greiðslur sínar í tæka tíð. Þetta mun mörgum vera minnisstætt frá afgreiðslu fjárl. í vetur. Mér er það t. d. minnisstætt, að sem fyrsta greiðsla í skóla, sem á að kosta eitthvað 7—8 millj., voru á fjárl. veittar, ef ég man rétt, 400 þús. kr. og sem fyrsta greiðsla í skóla, sem munu kosta tugi millj., a. m. k. eina tvo, sem ég man eftir, voru veittar sem fyrsta greiðsla 1.4 millj. kr. Og mér er það jafnkunnugt, að allmikið skortir á, að ríkissjóður hafi greitt sinn hluta á 5 árum til ýmissa skóla, sem í smíðum hafa verið, þannig að þar er nú að myndast skuldahali eins og hjá höfnunum.

Nú er mér spurn: Hvernig hefur hæstv. menntmrh. hugsað sér að framkvæma þetta nýja ákvæði l.? Hefur hann gert ráðstafanir til þess fyrir sitt leyti, að það fé, sem ríkissjóður veitir árlega til skólabygginga, verði aukið svo mjög, að ekki einungis verði hægt að standa í skilum með greiðslur samkv. 5 ára ákvæðinu, heldur verði einnig hægt að standa í skilum á þrem árum, eða er það meiningin að fækka svo mjög þeim skólabyggingum, sem ríkið styrkir árlega, að sú fjárhæð dugi, sem á fjárl. er til þess að greiða upp ríkishlutann á þrem árum? Af þessu hef

ég nokkrar áhyggjur í sambandi við þetta ákvæði og áhyggjur af því, hvernig fer þá um marga af þeim skólum, sem menn hafa gert ráð fyrir að hefjast handa um að byggja á næstunni og ljúka á 5 árum.

Hæstv. menntmrh. er ekki viðstaddur hér í d. nú og hann var heldur ekki viðstaddur við 2. umr., að ég ætla, þegar verið var að spyrjast fyrir um ýmis atriði í sambandi við þetta frv. Ég hefði einnig viljað spyrjast fyrir um það — ég veit ekki, hver því vill svara í fjarveru ráðh. — í sambandi við 2. gr., þar sem það er algerlega lagt á vald menntmrn. að ákveða skiptingu landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi og ekki gert ráð fyrir, að fræðsluráð heima í sýslunum hafi þar um neitt annað að segja en láta í ljós álit sitt, hvort það sé svo, að undanfarið hafi verið uppi ágreiningur milli menntmrn. og fræðsluráðanna um staðsetningu skóla og skiptingu í skólahéruð eða skólahverfi? Ég veit, að slíkur ágreiningur hefur verið uppi milli fræðslumálastjórnarinnar og sumra sveitarstjórna. En það, sem ég er að spyrja um, er það, hvort uppi hafi verið slíkur ágreiningur, þannig að til baga hafi verið, milli fræðslumálastjórnarinnar og fræðsluráðanna, sem taka hvert um sig yfir heila sýslu. Það er annað mál. Þetta vildi ég nú minnast á, hvort sem svör við því koma nú eða ekki. Þau koma þá kannske í hv. Ed., ef *málið kemst þangað.*

Ég vildi líka skjóta því fram, að einhvers staðar í þessu frv. er ákvæði um það, að menntmrh. geti ákveðið, að skreyta skuli skólahús með listaverkum og verja til þess viðbótarupphæð, sem nemi 2% af byggingarkostnaðinum. Einhvers staðar í grg. er áætlun um það, hverju þetta geti numið og eru það töluverðar upphæðir. Þetta er í 10. gr. Þar segir:

„Menntmrn. getur að fenginni umsögn sveitarstjórnar, ákveðið listskreytingu skólamannvirkja, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í því skyni 2% af stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar, þó aldrei hærri fjárhæð en 500 þús. kr. til hvers einstaks skóla, að viðbættri hækkun samkv. byggingarvísitölu, sbr. 8. gr.“

Það er út af fyrir sig ekki nema gott um það að segja, að skólamannvirki og skólahús verði skreytt listaverkum, en það kann að skipta nokkru máli, hver þessi listaverk eru, og mér er spurn, af því að ég átta mig ekki alveg á því samkv. gr.: Er það menntmrn., sem ákveður það, með hvaða listaverkum einstök skólahús verði skreytt og er það þá kannske meiningin, að ríkissjóður greiði einn kostnaðinn við þessa skreytingu? Það skiptir nokkru máli. Í gr. stendur, að þetta geti orðið ákveðið „að fenginni umsögn sveitarstjórnar,“ en ekki gert ráð fyrir því, að sveitarstjórnin geti fyrir sitt leyti ráðið þessu eða komið fram með hindranir. Mér finnst nú eðlilegt, að þetta hefði verið ákveðið í félagi af menntmrn. og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða skólanefnd, a. m. k. ef sveitarfélögin eiga að greiða hluta af þessu. Um þetta óska ég upplýsinga. Ég sé, að hæstv. menntmrh. er hér kominn, svo að hann ætti að geta svarað þessu og eins því, sem ég spurði um áðan, hvort uppi hafi verið ágreiningur, sem til baga hafi orðið, milli fræðslumálastjórnarinnar og fræðsluráða, ekki sveitarstjórna og skólanefnda, heldur fræðsluráða, um skiptingu fræðsluhéraða og staðsetningu skóla. Um þetta vil ég gjarnan fræðast. En það fyrsta, sem ég spurði um var, hvernig hæstv. menntmrh. hefði hugsað sér það, ef í gildi gengur ákvæðið um, að ríkið skuli greiða framlag sitt til skólamannvirkja á þremur árum, hvort hann hefði hugsað sér og kannske gert ráðstafanir til þess, að framlög ríkisins í heild yrðu hækkuð frá því, sem nú er, sem þessu svarar eða hvort það er meiningin, að þeim mun minna verði unnið að skólabyggingum og að ýmsir skólar verði að bíða því lengur sem þessu nemur. Svo vil ég segja það, að þar sem gert er ráð fyrir því í frv., að ríkið greiði að fullu kostnað við að byggja heimavistir við skóla skyldustigsins, þ. e. a. s. barnaskóla og unglingaskóla, finnst mér eiginlega fremur óeðlilegt, að hið sama gildi ekki einnig um heimavistir gagnfræðaskóla. En um það ætla ég ekki nánar að ræða.

Ég kvaddi mér aðallega hljóðs vegna brtt., sem ég flyt ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. á þskj. 545 við 14. gr. frv. Nú hefur hæstv. ráðh. lagt til, að þessi gr. falli niður, og vegna þess munum við bera fram skrifl. brtt. um, að breytingin verði gerð á annarri gr. Ég ætla ekki að fara að ræða það deilumál, sem hér hefur komið fram í sambandi við þá héraðsskóla, sem eru orðnir ríkiseign, enda þótt ég sé þeirrar skoðunar, að þeir, sem hafa gagnrýnt þá gr., hafi mikið til síns máls.

Í 3. mgr. 14. gr. stendur: „Laugaskóli í Suður-Þingeyjarsýslu komi undir ákvæði þessarar gr., verði sá skóli afhentur ríkinu samkv. heimild í l. nr. 34 1962.“

En í l. nr. 34 1962, sem eru skólakostnaðarlög, er ákvæði um það, að ríkið skuli taka að sér sem sína eign og til rekstrar nokkra tiltekna héraðsskóla, sem þá voru starfandi. Samkv. þessu ákvæði hefur ríkið yfirtekið alla þessa skóla nema einn, Laugaskóla í Suður-Þingeyjarsýslu, og þess vegna eru þessi sérákvæði í 14. gr. um hann.

Nú er brtt. okkar hv. 5 þm. Norðurl. e. um það, að á eftir þeim málsl., þar sem stendur, að Laugaskóli í Suður-Þingeyjarsýslu komi undir ákvæði gr. samkv. l. frá 1962, skuli koma: „Sama gildir um heimavistarskóla gagnfræðastigs, sem Norður-Þingeyjarsýsla rekur í Lundi í Öxarfirði, ef skólahús og aðrar eignir, sem skólinn notar, verða afhent ríkinu.“ En til vara viljum við bera fram aðra skrifl. brtt., og raunar mun þá vera rétt eftir atvikum að taka aftur aðaltill. og óska aðeins eftir, að varatill. komi til atkv., en hún er við

12. gr. þess efnis, að aftan við gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

„Ríkið yfirtekur samkv. ákvæðum l. nr. 34 1962 heimavistarskóla gagnfræðastigs, sem Norður-Þingeyjarsýsla rekur í Lundi í Öxarfirði, ef skólahús og aðrar eignir, sem skólinn notar, verða afhent ríkinu.“

Ég vil leyfa mér að skýra með nokkrum orðum þetta mál. Norður-Þingeyjarsýsla er eitt þeirra héraða, þar sem ekki hefur verið héraðsskóli starfandi og enginn gagnfræðaskóli nema unglingadeildir barnaskólanna á Raufarhöfn og Þórshöfn. Það var lengi svo, að unglingar úr Norður-Þingeyjarsýslu fengu aðgang að Laugaskóla og einnig nokkuð að Eiðaskóla og fleiri skólum, en eftir því sem árin liðu hefur þetta orðið æ erfiðara, þannig að unglingar úr þessari sýslu hafa eiginlega ekki haft neinn vísan stað, þar sem þeir hafa getað sótt gagnfræðaskóla eða héraðsskóla eða svo var það til skamms tíma. Þess vegna var það, að innan héraðsins kom upp mikill áhugi fyrir því að bæta úr þessu og koma upp héraðsskóla eða gagnfræðaskóla innan sýslunnar. Og að þessu er búið að vinna í sýslunni í allmörg ár.

Byrjunarframkvæmdir urðu þær, að veturinn 1963—64 og 1965—66 starfaði unglingadeild við barnaskólann í Skúlagarði í Kelduhverfi og veitti þar fræðslu til undirbúnings gagnfræðanámi. Svo gerðist það haustið 1965, að Norður-Þingeyjarsýsla ákvað að koma upp gagnfræðaskóla eða héraðsskóla í Lundi í Öxarfirði og þessi skóli hefur verið rekinn núna í tvo vetur, veturinn 1965—1966 og nú aftur 1966—1967. Þessi skóli hefur verið viðurkenndur af fræðslumálastjórninni og ríkisframlag til hans áætlað á gildandi fjárl. Í vor sem leið fór fram við þennan skóla bæði gagnfræðapróf og landspróf, þannig að hann starfaði í fyrra og starfar í vetur á hliðstæðan hátt og aðrir héraðsskólar, sem útskrifa nemendur með gagnfræðaprófi og landsprófi.

Sá húsakostur, sem þessi skóli hefur, eru tvö skólahús, sem eiginlega eru tilheyrandi barnaskóla Öxfirðinga í Lundi. Annað er gamalt hús, sem hefur verið endurbætt allmikið vegna héraðsskólans, en hitt er nýtt hús, sem skólinn hefur einnig til sinna nota, og af þessu hefur svo leitt, að börnin í Öxarfirði hafa sótt barnaskóla Keldhverfinga í Skúlagarði. Þetta er mjög hagkvæmt fyrirkomulag og hefur gengið eftir því, sem efni stóðu til. Nú er það svo, að ef samþ. væri og sett í lög hér á hinu háa Alþ., að ríkið yfirtæki þennan gagnfræðaskóla Norður-Þingeyjarsýslu í Lundi, mundu þessi tvö skólahús og aðrar eignir, sem skólinn hefur til afnota, verða afhent ríkissjóði. Okkur finnst það mjög eðlilegt, að þetta verði nú tekið í lög. Norður-Þingeyingar eiga á því alveg sama rétt að okkar dómi og aðrir, sem rekið hafa héraðsskóla, að óska þess, að ríkið geri hann að sínum skóla. Og mér er ekki kunnugt um, ef það kann að skipta máli, að í neinu öðru héraði standi þannig á nú. Ég veit ekki til þess, að fyrir utan gömlu héraðsskólana sé neinn héraðsskóli starfandi á þennan hátt nema héraðsskóli Norður-Þingeyjarsýslu í Lundi.

Ég held, að ég hafi svo ekki um þetta fleiri orð, en vil biðja hæstv. forseta að taka við hinni skrifl. brtt. við 12. gr., sem ég nú þegar hef lesið, og þar sem sú gr. kemur fyrr til atkv. en 14. gr., munum við taka aftur till. á þskj. 545, og vil ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari brtt.

Það væri að sjálfsögðu margt annað en það, sem ég minntist á áðan, sem ég hefði viljað gera aths. við í sambandi við þetta frv., en ég ætla ekki að gera það. Það eru sérstaklega ákvæðin í 20. gr. frv. um greiðslu rekstrarkostnaðar, sem ég eins og fleiri á dálítið erfitt með að átta mig á og hefur verið erfitt að fá umsagnir um frá reyndum mönnum, sem haft hafa skólarekstur með höndum. En einhvern veginn var nú, eins og hv. frsm. minni hl. n. tók fram við 2. umr., þannig valið í undirbúningsnefndir af hæstv. ríkisstj., að allir, sem í þeim voru, voru embættismenn í Reykjavík og nágrenni hennar, góðir og gegnir að vísu, en raddir þeirra, sem hafa með skólahaldið og skólareksturinn að gera víðs vegar um landið, hafa ekki komið fram í sambandi við grg. þessa frv. En út af þessari 20. gr. hef ég, eins og ég sagði, allmiklar áhyggjur og vil nú spyrja um eitt atriði í sambandi við hana, af því að ég er með spurningar hér hvort eð er. Og það er mjög einfalt atriði. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. um það, hvað hann álíti um minnsta skólann, sem hér er gert ráð fyrir í 20. gr., þ. e. a. s. með 10 nemendum, það mundi eiga við farskóla, t. d., hvað börnin í þeim skóla mundu eftir þessu frv. fá margar kennslustundir á dag.

Skal ég svo láta máli mínu lokið og afhendi hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. við 12. gr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 563) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég hafði nú kvatt mér hljóðs, áður en málið tók þeim breyt., sem nú hafa á orðið og hefði því átt að geta fallið frá orðinu, en ég óska heldur eftir, að það komi fram hér við umr., hver afstaða mín var til málsins og hvers vegna ég var ekki meðflm. að þeirri till. hv. samþm. á Austurlandi, sem hér lá fyrir um það að fella nafn Eiðaskóla út úr frv.

Skólakerfið hefur tekið mjög miklum breyt. frá því að Eiðaskóli var stofnaður og hann fellur nú eða nám hans inn í hið almenna skólakerfi á sama hátt og annarra alþýðu- og héraðs- og gagnfræðaskóla, og þess vegna fannst mér dálítið hæpin rök fyrir því að taka nafn hans út, þegar slíkir skólar voru taldir upp. Hins vegar var mér það alveg ljóst, eins og fram hefur komið hér, að alþýðuskólinn á

Eiðum er stofnaður með sérstökum l. og byggist á sérstökum samningi. Hann er stofnsettur á grundvelli samnings, sem gerður var á sínum tíma á milli Múlasýslna og ríkissjóðs. Og ég var þeirrar skoðunar, að sá samningur hlyti að halda gildi sínu og sá réttur, sem honum fylgdi, þrátt fyrir það, að þetta ákvæði hefði verið sett inn í l. núna. Ég skal játa það, að ég er ekki lögfræðingur og mér dettur ekki í hug að slá þessu föstu, en þetta var mitt mat og á þessu byggðist sú afstaða mín, að ég var ekki með flutningi brtt. þetta vildi ég, að kæmi hér fram.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér finnst það ávinningur að fella á nú niður samkv. till. hæstv. menntmrh. kaflann um héraðsskólana, þar sem hugsunin var að láta sveitarfélögin fara að greiða hluta af rekstrarkostnaði þeirra. Ég tel þetta mikinn ávinning, en vegna þess að hæstv. ráðh. talaði um, að það ætti að skoða þetta mál betur í sumar, vil ég láta í ljós þá skoðun mína, að hans rök varðandi afstöðuna til Eiðaskóla fá ekki staðizt.

Hann hélt því fram, að samningurinn væri uppfylltur með því, að ríkið ræki áfram skóla á Eiðum eins og áður, og þar með væri samningurinn framkvæmdur, því að þrátt fyrir ákvæði þessa frv. ræki ríkið þarna áfram skóla.

En þetta finnst mér hæstv. ráðh. megi ekki segja, vegna þess að í samningnum og eldri l. stendur þar til viðbótar, að landssjóðurinn eigi að greiða að öllu leyti kostnaðinn við skólahaldið, og það er þetta ákvæði, sem ekki yrði haldið, ef breytt yrði til, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég vil, að þessi skilningur standi í þingtíðindunum alveg skýr af minni hendi, ef þessir lögfræðingar, sem hæstv. ráðh. var að tala um, fara að kíkja í þingtíðindin. Ég vil að þessi skilningur komi þar alveg greinilega fram, og hann sýnist mér vera sá eini rétti. Sem sagt, ég tel þetta mikinn ávinning, og við tökum brtt. um Eiða að sjálfsögðu til baka, skrifl. brtt., sem er hjá hæstv. forseta.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Eins og hv. þm. heyrðu, bar ég fram hér áðan nokkrar spurningar til hæstv. ráðh. varðandi einstök atriði í þessu frv. Engin svör hafa komið fram við þessum spurningum, og í sambandi við það vil ég lýsa því yfir, að ég mun greiða atkv. á móti þessu frv. Má að vísu vera, að svörin hefðu orðið á þá leið, að ég hefði heldur ekki séð mér fært að greiða atkv. með frv., þótt þau hefðu fram komið, en eins og á stendur, að svörin hafa ekki komið, mun ég greiða atkv. gegn frv.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur nú flutt skrifl. brtt. við þetta frv., sem breytir því verulega og fagna ég því, að svo skyldi nú takast til, eftir að d. var búin að fella till. frá okkur minni hl. alveg sams konar, að hann skuli þó á síðustu stundu flytja þessa till. Og till. er um það, að 14. gr. falli alfarið niður og auk þess tvær síðustu mgr. í 21. gr. M. ö. o., frv. snertir þá ekki ríkisskólana, sem nú eru. Þetta breytir óneitanlega miklu. En þar með er ekki, og langt frá því, fullnægt þeim óskum, sem við í minni hl. bárum fram, bæði í n. og með brtt. hér í hv. d. Þær voru miklu fleiri en snertir þetta, þó að auðvitað hafi þær verið misjafnlega veigamiklar. En ég tel, að það séu veigamiklar breytingar, sem þurfi að gera á þessu frv. enn, þrátt fyrir þetta og skal aðeins í stuttu máli drepa á þrennt, sem ég tel, að enn þurfi að breyta.

Það eru í fyrsta lagi ákvæðin í 7. gr. Í upphafi hennar stendur: „Ríkissjóður greiðir 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins kennslurýmis fyrir skóla, sem lög þessi taka til, og 85% af stofnkostnaði fullbúins heimavistarrýmis. Sameinist tvö eða fleiri núverandi sveitarfélög um heimavistarskóla skyldunáms o. s. frv., greiðir ríkissjóður allt heimavistarrýmið.“ Enn þá stendur eftir í frv. þessi regla, að ríkið á ekki að greiða nema helminginn af skólahúsnæðinu sjálfu og 85% af heimavistarrýminu. Það má segja, að þetta sé lítil breyting hvað snertir heimangönguskóla, vegna þess að ríkið greiðir þar núna 50% eins og þarna er gert ráð fyrir um skólarýmið, og þar er yfirleitt ekki um heimavist að ræða. En þetta snertir heimavistarskólana, bæði barnaskóla, heimavistargagnfræðaskóla og heimavistarhúsmæðraskóla. Ég gat þess og sýndi allgreinilega fram á það í framsöguræðu minni fyrir nál. minni hl., að þessi hlutföll geta orðið mjög óhagstæð sveitarfélögum frá því, sem nú er. Það veit að vísu enginn, hver hlutföllin eru nú milli heimavistarrýmis og skólarýmis. En þetta þurfa menn að vita, ef þeir eiga að geta borið þetta saman.

Nú fá allir heimavistarskólar, hvort sem það er barnaskóli, gagnfræðaskóli eða húsmæðraskóli greidd frá ríkissjóði 75% af öllum stofnkostnaði skólanna, bæði vegna heimavistar og skólarýmis. Í staðinn eiga að koma 50% af skólarýminu og 85% af heimavistarrýminu, því að þessi 100% regla, sem er í þessari gr., nær ekki nema til skyldunámsins. Ef héruðin eiga nú ekki að tapa á þessari breytingu hvað snertir stofnkostnaðinn, verður heimavistarrými að vera yfir 70% af heildarkostnaðinum til þess að það samsvari núverandi reglum um stofnkostnað. Og ég fullyrði, að það er ekki nálægt því. Það verður því tap fyrir þessi héruð frá því sem nú er, sem þurfa að byggja heimavistargagnfræðaskóla fyrir nemendur utan skyldunáms og heimavistarhúsmæðraskóla, alveg tvímælalaust tap. Þess vegna var það, sem við fluttum þá brtt., að 85% ákvæðið félli niður. Þetta er eitt atriðið, sem ég vil benda á, það stendur enn eftir í frv. Það verður að mínum dómi tvímælalaust tap frá því sem nú er fyrir öll þau héruð, sem þurfa að

reisa heimavistargagnfræðaskóla og heimavistarhúsmæðraskóla. Annað atriði, sem ég vil benda á og stendur enn óbreytt, er, að stofnkostnaðurinn á að skiptast eftir áætluðum stofnkostnaði, en ekki raunverulegum stofnkostnaði. Það hefur mikið verið gert að því að gylla það fyrir mönnum, að sveitarfélögin bara græði á þessu, vegna þess að ef byggt verði ódýrar en áætlunin hljóðar upp á, hljóti viðkomandi sveitarfélög afganginn. En hvaða líkur eru til, að byggt verði ódýrar? Hefur reynslan sýnt það yfirleitt, að byggingar hafi orðið ódýrari en áætlað hefur verið? Nei, þvert á móti hefur kostnaður oft orðið 50% eða jafnvel 75% hærri en áætlað var. Reynslan hefur orðið sú, að byggingarkostnaðurinn hefur jafnvel farið þetta fram úr áætlun, og þarf ekki að rekja mörg dæmi til að sýna fram á þetta. Hvað stoðar þá byggingarvísitala, þó að henni sé bætt ofan á? Allan afganginn, sem fram yfir áætlun er, eiga sveitarfélögin að borga. Og það er ríkisvaldið, sem endanlega gengur frá áætlununum, en ekki hinn aðilinn, sem á að borga. Þetta tel ég alveg óhafandi.

Eins og hæstv. ráðh. gat um réttilega, á að koma á allsherjarreglu um byggingarformin, svokölluð norm, sem gilda yfir allt landið, og eftir þeim normum á að setja þessar áætlanir. Það verður ekki nein séráætlun fyrir hvern skóla. Nei, það á að vera áætlun, sem á að gilda yfir allt landið. Þessi áætlun gæti kannske staðizt á einstaka stað, þó að hún fari öll út um þúfur á öðrum stað, þar sem dýrara er að byggja. Þannig getur eitt sveitarfélag sloppið sæmilega vel, en annað sveitarfélag afar illa og yrði að borga stórar upphæðir í stofnkostnað eitt, án þess að ríkissjóður tæki þátt í þeim umframkostnaði. Þetta er ákaflega varhugavert.

Síðasta atriðið, sem ég ætla að benda á, er hin margumtalaða 20. gr. Mönnum finnst það, sumum, sennilega alveg fullnægjandi, að í frv. stendur, að ríkissjóður greiði öll laun, bæði föst laun og stundakennslu, en það eru takmarkanir á því í 20. gr. Þurfi einhver skóli nauðsynlega á meiri vinnu, meiri kennslu og meiri þjónustu starfsfólks að halda en segir í þessari 20. gr., verða sveitarfélög hreinlega að borga afganginn. Og það er eins og það sé eitthvert trúaratriði, að ákvæðin í 20. gr. séu alveg óyggjandi, óbrigðul. Ég hef reynt að kynna mér þetta mál, og ég segi það alveg eins og það er, mér sýnist þau ekki vera óbrigðul, jafnvel þó að smávægilegar lagfæringar hafi nú verið gerðar á þessari gr. hér í þessari hv. d. Mér finnst þau ekkert óbrigðul. Það var þess vegna, sem við í minni hl. n. fluttum svohljóðandi brtt., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú kemur í ljós, að reiknaðar stundir eru ekki nægjanlegar, að dómi rn., til að fullnægja námsskrá og þörfum hvers einstaks skóla fyrir nauðsynlega starfskrafta, miðað við starfstíma skóla, nemendafjölda, víxlkennslu og störf þau, sem nauðsynleg eru á þessu sviði, og skal þá fjölga reiknuðum stundum svo, að þessu marki verði náð.“

Við ætluðum með þessari mgr. að tryggja það, að ekki lenti á bæjar- eða sveitarfélögum sú umframvinna, sem verður að vinna þarna, fyrst áður er búið að segja í frv., að ríkið eigi að greiða þessi laun. En þessi till. var felld. Óvissan og öryggisleysið um það, að þessi reiknaði stundafjöldi nægi, er alveg eins enn.

Ég gat þess í minni framsöguræðu fyrir áliti minni hl., hvernig þetta hefði nú komið út í viðtölum við höfunda frv. í menntmn. Ég efast ekkert um, að þeir tveir menn, sem mættu hjá okkur, Aðalsteinn Eiríksson skólaeftirlitsmaður og Torfi Ásgeirsson, skrifstofustjóri í Efnahagsstofnuninni, eru einhverjir allra fróðustu mennirnir, sem við gátum fengið til þess að skýra gr. Annar, Torfi Ásgeirsson, hafði samið hana, hinn hefur langa reynslu sem skólaeftirlitsmaður, fyrst og fremst með skólakostnaði í landinu, og þeim bar ekki saman. Annar taldi, að það þyrfti tvímælalaust að breyta gr., og það stórvægilega. Hinn taldi, að þetta væri hreinn misskilningur. Og hvað skeður svo? Við fáum þá aftur á fund og biðjum þá að bera sig saman ræki lega, koma til okkar næsta dag og koma þá með þær brtt., sem þeir legðu til, að yrðu gerðar, ef þeir sæu þörf á því. Jú. Þeir koma næsta dag á fund n., koma með brtt., sem er ofurlítil rýmkun, en aðalákvæðum gr. er ekki breytt. Þeir sögðu, að þarna hefði komið fram misskilningur á milli þeirra, þeir skildu ekki greinina. En þegar þeir skilja hana ekki, skiljum við hana þá? Það er svo mikið öryggisleysi í þessari gr., að ég tel nauðsynlegt að setja varnagla þarna við, eins og við gerðum með till. okkar, minni hl. n., en hún var felld, og þannig stendur þetta enn. Það, sem kom fram hjá þessum mönnum út af þessari gr. og reyndar fleirum, var, að ef þessi ákvæði frv. um skiptingu skólakostnaðarins ættu að standa eins og þau eru enn í frv. í öllum aðalatriðum, mundi hluti sveitarfélaga af rekstrarkostnaði húsmæðraskólanna hækka um 113%. Hvernig lagfærðu þeir þetta? Ekki með því að breyta neitt ákvæðunum í gr., heldur með því að bæta við nýrri mgr., sem segir:

„Sveitarfélögunum, sem standa að húsmæðraskólunum, er heimilt að fara eftir gömlu lögunum.“

Það var ekki hægt að breyta gr. eða kerfinu þannig, að þeir gætu látið húsmæðraskólana falla þar inn í. Á þessu sjá menn, hvað erfitt er að gera sér grein fyrir, hvernig þessi 20. gr. verkar. Það er svo erfitt, að þeir, sem kunnugastir eru, ég vil segja allra manna í landinu, þeir sjá þetta ekki fyrir. Samt ætlar Alþ. að afgreiða þetta án nokkurs öryggisákvæðis, eins og við vildum þó gera.

Ég hef hér drepið aðeins á þrjú ákvæði frv.,

sem eftir standa af þeim, sem við gerðum ágreining út af, en sleppi öllum minni háttar till. okkar til breytinga. Og ég vildi mælast til þess, að breytingar fengjust á þessum ákvæðum. Í fyrsta lagi, að 85% reglan um stofnkostnað gildi ekki. Í öðru lagi, að stofnkostnaður skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga eftir raunverulegum kostnaði, en ekki áætlunarkostnaði. Og í þriðja lagi, að bætt verði inn í 20. gr. ákvæði, sem útilokar það, að of fáar kennslustundir séu reiknaðar skólunum. Ég get reyndar endurtekið það enn, að einn af skólastjórum heimavistarskólanna, sem kom til okkar á fund, sagði, að ef þessar reglur í 20. gr., þ. á m. 70% reglan í niðurlagi gr., sem nú er orðin 80%, ættu að ganga í gegn, eins og þegar frv. var lagt fram, mundi föstum kennurum við skóla hans fækka um helming. Ég held, að það hefði verið betur ráðið, eins og ég lagði til í upphafi á fundum n., að þetta frv. hefði verið sent þeim aðilum úti á landinu, sem mest hafa þessi mál á sinni könnu. En engum var sent frv. til umsagnar.

Ég skal ekki lengja umr. meira, en ég taldi rétt að skýra það fyrir hv. þm., hverjar voru stærstu brtt., sem við vorum með. Sú langstærsta er að vísu horfin, þar eða hæstv. ráðh. hefur tekið hana til greina. En þær eru þarna æðistórar þrjár, sem ég vildi nefna og eru eftir enn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Áður en ég vík að efnishlið þessa máls, kemst ég ekki hjá því að lýsa megnri furðu minni á því, að svona máli skuli vera kastað hér inn í þingið alveg í þinglok, enda hefur allur ferill þessa máls verið ein hrakfallasaga og er ekki lokið enn. Þetta bætist ofan á það, að sú mynd er gefin af þingræðinu hér á hv. Alþ., að fjölda stórmála er hrúgað inn í þingið á síðustu dögum þess, og það er ætlazt til þess, að þau séu afgr. í skyndi, án nokkurrar verulegrar aðstöðu til að kryfja þessi mál til mergjar, þ. e. a. s. það er sjónarspil eitt, að þau fái þinglega meðferð. Flest þessara mála eru þó þannig vaxin, að hæstv. ríkisstj. liggur bara ekkert á að keyra þau í gegn á þessum seinustu dögum þingsins. Þau mættu gjarnan bíða til upphafs næsta þings og fá umsögn þeirra aðila, sem þessi mál varða mjög mikið. Í þessu tilfelli hefði t. d. varla verið forsvaranlegt að ganga frá löggjöf án þess að senda frv. fræðslu- og skólanefndum landsins, að ég nú ekki tali um einnig þá að láta einhverja skólamenn líta á þetta. Mitt mat á þessu frv. er það, að þetta sé kontórverk suður í Reykjavík, en ekki samið af sérfræðingum í skólamálum, og það álít ég vera mjög varhugavert, að því er þá hlið málsins snertir. Það má segja kannske, að fjármálahlið málsins snerti meira sveitarfélögin og ríkið beint, en það eru vissar hliðar þessa máls, sem sannarlega snerta skólana og skólastarfið og sem ekki hefði átt að flana til að lögfesta, án samráðs við skólamenn, og ég held, að það geti ekki neinni góðri lukku stýrt að keyra málið í gegn án samráðs við þá menn, sem um lengri eða skemmri tíma eiga svo við þetta að búa sem löggjöf.

Lítum svo á hina hlið málsins, sem einnig sýnir, hvernig þingræðið er leikið nú á þessum síðustu og verstu dögum, og hún er sú, að í bunkum og hrúgum liggja frv. og till. stjórnarandstæðinga, jafnvel frá því í þingbyrjun, og hafa ekki fengið þinglega meðferð. Það er andstæðan við þau vinnubrögð, sem við eru höfð um málefni stjórnarliðsins. Hvort tveggja er ósæmilegt og óframbærilegt við Alþingi Íslendinga, bein niðurrifsstarfsemi á áliti þess hjá þjóðinni. Þessi lagabálkur hefur svo sem ekki orðið til í skyndi. Það er upplýst, að n. er skipuð til að undirbúa þessa löggjöf. Það er auðséð af ferli þeirrar n., að henni hefur þótt málið vandasamt. En það liggur svo mikið á að hrifsa málið úr höndum n., sem er búin að leggja ársvinnu í það, að henni er ekki gefið tóm til að ljúka störfum. Önnur n. er sett í málið. Það segir ekki frá því, hvort hún hefur fengið frið til að ljúka störfum eða hvort það hefur bara verið málamyndanefnd, sem sett var í það, en tvær n. eru búnar að baksa við þetta mál á annað ár eða hátt upp í tvö ár og telja málið að síðustu svo vandasamt, að mörg atriði séu óklárað í því, þegar þeir skila málinu frá sér.

Svo kemur málið inn í þingið og þá þykir nauðsynlegt að gera á því yfir 20 breyt. N. segir frá því, að málið hafi vakið þann gust meðal ýmissa aðila, sem það varðar mjög, að það koma á fund n. þrír skólastjórar heimavistarskóla og einnig barst n. erindi frá nokkrum skólamönnum viðs vegar að, ekki til að tjá n. þakkir fyrir ágætt verk, heldur til að láta í ljós, að þeir hefðu ýmislegt við það að athuga. Á þessum stutta tíma, sem þetta mál er í meðförum þingsins hér í þinglokasúpunni, streyma menn að til þess að gera aths. við frv. og vara við ýmsu, og það er lítt á þetta hlustað. Þetta er í nál. meiri hl. með frv. Þessir aðilar, skólastjórarnir og skólamenn viðs vegar að, töldu frv. vera til nokkurra bóta frá því, sem nú er, en bentu á atriði, sem þeir töldu, að breyta þyrfti. Það var sem sé úr öllum áttum látið í ljós, að frv. væri þannig, að á því þyrfti að gera miklar breytingar. Þær aths., sem teknar voru til greina, birtast á þskj. 482, í formi 22 breytingaratriða við frumvarpið.

Ég held, að þetta eitt sýni nú, að þetta frv. þurfti gaumgæfilegrar athugunar. En ekki nóg með það. Þegar menn hafa rætzt við hér um málið um sinn, neyðist sjálfur menntmrh. til að koma með hverja brtt. á fætur annarri sjálfur, skrifl. breyt. með afbrigðum hér á Alþ., til þess að berja svolítið í brestina á síðustu stundu. Og það er vitanlega ekki gert af hæstv. ráðh. fyrr en hann sér, að þessi ákvæði, sem hann gengst inn á að breyta, eru alveg fráleit, enda voru þau það. Þau hefðu verið

Alþ. til skammar, ef þau hefðu sloppið hér í gegn. Og það er ég alveg viss um, að ef þessa undanslátt hefði þó ekki orðið vart og þetta fengizt fram, hefði það orðið Pyrrhusarsigur hjá hæstv. ríkisstj. að fá lögfestingu á þessu máli, því að það hefði einhver þeirra þm. orðið fyrir skrámum í kosningabardaganum út af lögfestingu þessara atriða. Það er ég alveg sannfærður um.

En það eru eftir mörg atriði í frv. enn, sem þeir geta fengið skeinur af, og væri maklegt, að þeir fengju. Ég minnist þess bara ekki, að mál hafi verið afgreitt með neitt svipuðum hætti á hv. Alþ. þau 20 ár, sem ég er búinn að vera hér að störfum. Ráðh. kemur sjálfur af knýjandi nauðsyn fram með skrifl. brtt. við 3. umr. málsins til þess að lögfesta ekki ákvæði, sem hefðu kannske valdið uppreisnarástandi í sumum sveitum landsins sem ranglætisverk og gjörsamlega óhugsuð. En ég skal ekki fara vandlega út í frv., eins og það nú liggur fyrir. Það er til nokkurra bóta, að burt er nú numin 14. gr. frv. og breyt. gerð á 21. gr., nálega helmingur hennar felldur niður líka. En þar með er ekki búið að sníða öll vansmíði af þessu frv.

Ég felli mig illa við það, ef það er meiningin að fara að setja upp tæknilegar deildir í öllum rn. Það er a. m. k. víst, að það kemur til með að kosta ríkið ærið fé. Skv. 5. gr. þessa frv. á að setja á stofn í menntmrn. deild, sem hafi með höndum eftirlit með byggingu skólamannvirkja, og í deildinni skuli m. a. starfa húsameistari, verkfræðingur og byggingaeftirlitsmenn, heil sveit manna bara til þess að hafa eftirlit með skólabyggingum út af fyrir sig. Hvaða þörf er á því að hafa sérstakt eftirlit tæknifróðra manna með skólabyggingum? Þarf ekki líka að hafa það með öllum öðrum opinberum byggingum? Hefur ekki ríkið einmitt haft slíka eftirlitsmenn með opinberum byggingum almennt? Á að koma sérstök deild eftirlitsmanna og sérfræðinga í heilbrmrn. varðandi byggingu sjúkrahúsa? Á að koma sérstök deild tæknifróðra manna í dómsmrn. til þess að hafa eftirlit og undirbúa tæknilega byggingu sýslumannabústaða? Á að vera sérstök deild, tæknileg deild, í kirkjumálarn. til þess að undirbúa byggingu prestssetra? Og svona mætti lengi telja. Þessi starfsemi hefur hingað til farið fram á vegum húsameistara ríkisins og hans skrifstofu og sérstaks eftirlitsmanns af hendi ríkisins. Lengi var Björn heitinn Rögnvaldsson einn með þetta eftirlit allt saman og hafði þá menn í þjónustu sinni, ef hann ekki annaði því einn, en þetta var undir einni stjórn.

Þarna er eins og að þessum málum sé staðið þannig, að það sé bara um að gera að færa út ríkisapparatið og láta það kosta sem mest, en ég er viss um, að þetta gefst því verr, sem því er skipt meira upp. Ég er þess vegna alveg andvígur þessum ákvæðum í 5. gr., og sé a. m. k. enga sparnaðarviðleitni í því, og það, sem verst er, þetta mun koma að verra gagni en með því að hafa þetta á einni hendi hjá ríkinu. Það er lengi hægt að auka við stofnunum og ausa þannig út fé ríkisins, en það ber a. m. k. ekki að gera, ef það er líklegt til þess að spilla framkvæmd. Þessi gr. er alveg forkastanleg, nema því aðeins að það sé bara takmark í sjálfu sér að eyða og spenna að óþörfu. Það hefði kannske átt við þarna að hnýta því aftan við greinina, að þessi n. skyldi þó ekki sett á stofn af menntmrn. nema með samþ. hæstv. fjmrh., en þarna er því sleppt. Hins vegar stendur í niðurlagi 9. gr., að menntmrn. megi ekki leyfa að hefja framkvæmdir, sem búið er að samþ. á fjárlögum ríkisins, fyrr en að fengnu skriflegu samþ. fjmrn. Vitanlega er þetta alveg óþolandi fyrir menntmrn., og það er óþolandi fyrir Alþ. Íslendinga, að það, sem búið er að samþ. á Alþ., skuli ekki ná fram að ganga, nema skrifleg staðfesting komi fyrst frá menntmrn., og menntmrn. má ekki hreyfa legg eða lið, fyrr en það er búið að fá skriflegt samþ. frá fjmrn. En þegar um eyðsluatriðin er að ræða út í loftið án tilgangs, þarf ekki slíkt samþykki frá fjmrn.

8. gr. er ákaflega lítt að mínu skapi líka, og ég hefði talið þörf á að fella hana niður. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Kostnaðaráætlun skólamannvirkja skal miða við byggingarkostnað á þeim tíma, sem áætlunin er staðfest.“

Við þann tíma á kostnaðaráætlunin að miðast. Síðan getur bætzt við þessa áætlunarupphæð vísitala byggingarkostnaðar, reiknuð út af Hagstofu Íslands. En hvað er verið að gera þarna? Það er verið að slá því föstu, að áætlun, sem gerð er, þegar staðfesting fæst, skal vera grunnurinn, og ríkið er losað við alla áhættu af því, að áætlun standist ekki, en fátæk sveitarfélög skulu bera byrðina, ef það skyldi henda, að áætlun haldi ekki, og eru menn nú ekki nokkuð kunnugir því, að áætlanir geta reynzt óáreiðanlegar, þannig að verulegu skakki? Þá skal ríkið vera laust allra mála, sveitarfélagið skal bera alla skekkjuna milli áætlunar og framkvæmda. Er þetta sanngjarnt? Ég held það ekki. Ég held, að það sé ekkert vit í þessu.

Við erum nýlega búnir að frétta af áætlun um höfnina í Straumsvík. Áætlun 69 millj. kr., og svo kemur tilboð, sem er búið að margfalda þá upphæð, allt upp í 220 millj. kr. (**Dómsmrh. JóhH:** Þetta er nú misskilningur.) Er það misskilningur? Það eru tvö lægri tilboð en ég nefndi og svo þetta hærra. Var hún ekki 69 millj.? Hæstv. dómsmrh. segir, að þetta sé misskilningur, en þó að þetta dæmi sé ekki svona krassandi eins og ég nú nefndi og tel mig þó hafa sannar tölur um, er það alkunna, að þó að menn gangi frá sérfræðilegum áætlunum, er það svo sem ekki alveg öruggt, að það verði í samræmi við raunverulegan kostnað.

Sveitarfélagið virðist mér, skv. þessu upphafi 8. gr., vera bundið við áætlunarupphæðina, og fari þar fram úr, verður það að bera mismuninn, en ríkið er sloppið, ríkið þarf ekki að greiða nema skv. áætlunarupphæðinni. M. ö. o. óvissubyrðina skal leggja á lítilmagnana, ríkið vill hafa sitt á þurru, skv. lagabókstafnum. Ég held, að þetta gæti bókstaflega í mörgum tilfellum orðið til þess að stöðva byggingar í miðjum klíðum, og það gæti orðið bæði sveitarfélagi og ríki dýrt. Ég held, að þessi gr. sé svo fráleit, að hæstv. ráðh., sem hefur gengið inn á að fella niður tvær óþurftargreinar úr frv., eigi að ganga inn á það, að þessi verði felld niður líka eða hinkra við með frv., þangað til það hefur fengið almennilega athugun í góðu tómi.

Ég kann líka illa 9. gr. frv., sem er um þessa flækju, að það má ekki hefja framkvæmdir á skólamannvirkjum, sem búið er að ákveða fjárveitingar til, skv. fjárlögum, skv. l. frá Alþ., fyrr en fyrir liggur skriflegt samþykki menntmrn., og ef sveitarfélag treystir sér nú til þess að fara út í að hefja bygginguna, hvað liggur þá við? Jú, það er að vísu ekki tugthússök, en þá verður bara byggingarkostnaðurinn ríkissjóði óviðkomandi, ríkið er þá bara sloppið við allar sínar skuldbindingar að lögum. Ég held, að það sé alveg ótækt, að ríkið geti nokkurn tíma sloppið frá sínum lögbundnu skyldum, eftir að búið er á Alþ. að samþykkja fjárveitingar til mannvirkis, hvort sem það er skólabygging eða annað. En ef út af er brugðið þarna um tímann, á meðan þessi bréfaskipti ganga á milli Heródesar og Pílatusar, á milli menntmrn. og fjmrn., og þangað til öll bréf eru komin, ef eitthvað hefur verið byrjað á byggingunni á meðan, er bara ríkið sloppið, sloppið við að greiða það, sem því ber skv. lögum. Þetta eru a. m. k. allharkaleg lagaákvæði, sem ég felli mig mjög illa við.

Ég vék frá áðan, en sú gr., sem ég felli mig þó einna verst við af þeim öllum, sem enn standa í þessu frv.-ræksni, er 20. gr., og ég heyrði, að hv. 3. þm. Vestf. var að tala um hana, þegar ég kom. Það er sagt frá því í grg. frv., að það séu ákaflega flóknar reglur núna í gildi varðandi kennslukostnaðinn í skólum. Og svo er sett hérna upp tafla í 20. gr. í mörgum liðum, þar sem segir, að á barnafræðslustigi skuli miða við 40 mínútna kennslustund og fyrir skóla með allt að 10 nemendum komi þá 9 stundir á hvern nemanda, með 11—20 nemendum komi 90 stundir, auk 8 stunda á hvern nemanda umfram 10, með 21—40 nemendum komi 170 stundir, auk 7 stunda á hvern nemanda umfram 20, með 41—80 nemendum komi 310 stundir, auk 6 stunda á nemanda umfram 40, með 81—160 nemendur komi 550 stundir, auk 5 stunda á hvern nemanda umfram 80, og fyrir skóla með 160—240 nemendur komi 950 stundir, auk 4 stunda á hvern nemanda umfram 160. Í skólum með fleiri en 240 nemendur komi jafnmargar stundir á hvern nemanda og í skóla með 240 nemendum. Og okkur er sagt, að þessar reglur séu nú settar upp til þess að gera þetta einfaldara, því að það sé alveg óheyrilega flókið núna. Hverjir af óskólafróðum mönnum skyldu nú skilja þetta? Ég hygg, að þeir séu fáir. Ég hef fengizt dálítið við kennslu og skólastjórn 15—20 ár, en ég botna lítið í þessu, og ég leit aftur í grg. til skýringar. Jú, þar stendur: Lagt er til, að fjöldi fastra kennara sé að jafnaði ekki meiri en svo, að skyldukennsla þeirra sé 70% af þeim stundafjölda, sem skólinn á rétt á. Sannleikur málsins er sá, að það eru vandræði fyrir skóla að hafa ekki fasta kennara til þess að inna allan meginstofn kennslunnar af hendi. Að þurfa að leita til stundakennara um allt að þriðjung kennslunnar tel ég vandræði í framkvæmd, og sums staðar mundi haga þannig til, að engir möguleikar væru til að fá aukakennslu. Það er kannske framkvæmanlegt í Reykjavík, en víða hagar svo til á landinu, að það er ekki hægt að drífa upp þessa aukakennslu, svo að vel fari. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. afsökunar, ég vildi aðeins spyrja hann, hvort hann ætti mikið eftir af ræðu sinni. Áformað hafði verið, að fresta fundi eða slíta kl. 4.) Nei, það fer nú að síga mjög á seinni hlutann hjá mér. (**Forseti:** Treystir hv. þm. sér til þess að ljúka ræðu sinni á örstuttri stundu eða vill hann fresta henni?) Ef ég ekki fer út í fleiri atriði en þetta, sem ég er nú að ljúka, mundi ég vilja verða við beiðni forseta eftir svona 5—7 mín. (**Forseti:** Hv. þm. heldur áfram ræðu sinni.) Jæja, takk fyrir.

En til hvers er þá þetta ákvæði? Jú, í skýringunni kemur það. Nauðsynlegt þykir að hafa slíkt hámarksákvæði, til þess að fastir kennarar eigi kost nokkurrar aukakennslu, og eins þess, að skólar geti ráðið stundakennara til sérkennslu. Þetta er þá bara gert til þess, að það sé hægt að leggja meiri kennslu en skyldukennsluna á herðar kennaranna, sem líka þykir vandræðaúrlausn hjá skólamönnum að þurfa að gera. Þegar þeir eru búnir að kenna allt að 40 nemendum 36—40 stundir á viku, er nóg á þá lagt með þeirri heimavinnu, sem því fylgir, a. m. k. í gagnfræðaskólum. Nei, en þá eru ákvæði um það, að ekki skuli vera fastir kennarar til þess að inna af hendi meira en 70% kennslunnar skv. þeim stundafjölda, sem skólinn á rétt á, til þess að hægt sé að tryggja þeim aukakennslu, til þess að hægt sé að leggja á þá meiri vinnu en forsvaranlegt er frá uppeldislegu sjónarmiði. Ef þetta er ekki vitlaust lagaákvæði, veit ég ekki, hvað er vitleysa í löggjöf. Og þetta er a. m. k. ekki samið af skólamönnum, það þori ég að fullyrða, þetta er gert af kontóristum suður í Reykjavík, sem ekki hafa vit á kennslu eða uppeldismálum.

Það er sannleikur málsins, að það er ekki

mögulegt að setja fastar, ófrávíkjanlegar reglur um kennsluskyldu, sem á að hvíla á hverjum kennara. Það fer eftir eðli skólans. Tökum t. d. gagnfræðaskóla. Ef hann framkvæmir skólalöggjöfina, á hann að hafa allt að helmingi sinna nemenda við verklegt nám, að meira en hálfu leyti. Verklega námið er ekki hægt að framkvæma nema í hópkennslu, þar er ekki hægt að hafa 40 menn í bekk. Það verður að hafa 10 nemendur í einu, og má þó skólinn vera vel útbúinn að ytri tækjum til þess að geta það. En hér í frv. er sagt, að lágmarkið í hóp við verklega kennslu skuli vera 12. Það er of hátt. Lágmarkið er of hátt. Það verður ekki hægt að framkvæma það alls staðar. Ákvæðið, sem hér var minnzt á áðan varðandi húsmæðraskólana, byggist einmitt á þessu. Þar verður að framkvæma mikinn hluta kennslunnar í hópkennslu. Þar er ekki hægt að koma bekkjarkennslu við að neinu gagni. Þá væri kennslan ónýt með öllu, og það er ekki hægt að keyra allar tegundir skóla, bóknámsskóla og verknámsskóla, undir sömu reglu, það verða menn að sætta sig við, ef það á að vera nokkurt vit í því. En þetta er reynt að gera hér, og verður úr því hörmulegt missmíði, sem aldrei verður með neinum sóma í framkvæmdinni.

Ég lofaði hæstv. forseta að ljúka máli mínu, þegar ég hefði gert þessu atriði skil. Þetta er eitt versta ákvæðið í frv. og á ekkert skylt við raunverulega framkvæmdamöguleika. Og þó ekkert væri annað að frv. nú en það, að þessi gr. er óhæf, ætti að fresta því og bera þetta undir skólanefndir núna yfir sumarið og taka málið upp aftur í byrjun næsta þings. Það eru eindregin tilmæli mín til hæstv. menntmrh., að hann misstígi sig ekki svo að keyra þetta mál nú í gegn. Það er hvorki honum til sóma né uppeldismálum landsins til gagns, og ef litið er á fjárhagshlið þessa máls, liggur ríkinu ekkert á að keyra það í gegn, því að það hefur verið fullyrt af öllum, að byrðarnar leggist nokkurn veginn jafnt, þegar á heildina sé litið, á ríkið og sveitarfélögin, svo að það er ekki verið að spara neitt fyrir ríkið með því, enda á ekki að þyngja byrðarnar á sveitarfélögunum. Það er þó gert í mörgum tilfellum í þessu frv., sem sízt skyldi þó. Ef eitthvað á að þyngja byrðarnar á öðrum aðilanum, er það heldur á ríkinu. Það getur meira borið en hin fámennari og fátækari sveitarfélög, en í vissum tilfellum koma á fátæk, lítilsmegandi sveitarfélög auknar byrðar með lögfestingu þessa frv. Og það er ekki heldur gott.

Ég skal svo, hæstv. forseti, láta máli mínu lokið. En ég endurtek það, að ég tel, að þrátt fyrir 22 breyt. við meðferð n. og þrátt fyrir það, að hæstv. ráðh. hefur gengið í að þurrka út tvær gr. úr frv., séu enn í því greinar, sem þyrftu að hverfa, og ef þær fást ekki teknar út nú, er betra að hugsa sig dálítið um og lögfesta ekki frv. núna í flaustri fyrir þingslit.

ATKVGR.

Brtt. 520 felld með 20:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, HV, LJós, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÓlJ, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG.

nei: JÍ, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, PS, RJ, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, EmJ, GuðlG, SB.

7 þm. (HÁ, IG, JSk, ÓL, RA, BP, EðS) fjarstaddir.

Brtt. 545 felld með 20:13 atkv.

— 551 og 552 teknar aftur.

— 561 samþ. með 35 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 30:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 564).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar síðdegis í dag með 30:3 atkv. Nokkur ágreiningur reyndist bæði í n. og í d., fyrst og fremst um eitt atriði frv., þ. e. a. s. þann þátt þess, að framvegis skuli ríkið ekki greiða allan stofn- og rekstrarkostnað svonefndra héraðsskóla, heldur skuli sveitarfélög taka þátt í rekstrarkostnaði og framhaldsstofnkostnaði þeirra eftir sömu reglum og gildir almennt um unglinga- og gagnfræðaskóla, þó þannig, að kostnaðarhlutfall sveitarsjóða sé greitt af heimasveit nemenda, sem í héraðsskólanum stunda nám. Jafnframt var það dregið í efa af hálfu hv. þm. Austf., að ákvæði frv. um það, að þessar reglur, sem ég nú var að lýsa, skyldu einnig gilda um Eiðaskóla, gætu staðizt vegna samnings, sem 1917 var gerður milli Múlasýslna og ríkisins og síðan var staðfestur með l. Vegna þessa ágreinings þótti ríkisstj. ekki rétt að halda í frv. og láta koma til atkv. ákvæðið um Eiðaskóla, heldur skyldi það mál skoðast frá lögfræðilegu sjónarmiði í sumar og koma þá aftur til kasta þingsins á næsta hausti og jafnframt þótti ríkisstj. þá ekki heldur rétt að leggja til, að lögfest yrði sú breyting á aðstöðu héraðsskólanna, sem ég gat um áðan, enda er Eiðaskóli í raun og veru eign þeirra, og flutti ég því þá brtt. við frv., að öll ákvæði frv., sem breyta stöðu héraðsskólanna, skyldu tekin úr því. Í frv. var einnig samkv. sérstakri ósk stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga ákvæði um, að ef í gagnfræðaeða unglingaskóla væri nemandi úr öðru sveitarfélagi en því, sem annast rekstur skólans, væri rekstrarsveitarfélagi skólans heimilt að innheimta gjald fyrir hann hjá heimasveit nemandans, og þetta ákvæði var líka fellt úr frv., vegna þess að það var sett í samræmi við þær reglur, sem ráðgert var, að teknar yrðu upp varðandi héraðsskólana. Ég vona, að eftir

að þessi ákvæði frv., sem voru helzti ásteytingarsteinn hv. stjórnarandstöðu í Nd., eru horfin úr frv., eigi það greiðari gang gegnum þessa hv. d.

Að svo mæltu skal ég í fáeinum orðum gera grein fyrir meginefni frv., en um það held ég, að geti ekki verið neinn ágreiningur, að mörg ákvæði frv. eru til stórmikilla bóta frá því, sem verið hefur varðandi greiðslu og skiptingu kostnaðar við stofnun og rekstur skóla milli ríkis og sveitarfélaga. Það vil ég taka fram í upphafi, að það er ekki tilgangur þessa frv. að breyta hlutföllunum í skiptingu kostnaðarins við stofnun og rekstur skóla á milli ríkis og sveitarfélaga. Það var ekki meiningin og ekkert slíkt verður afleiðing af samþykkt þessa frv. Nýmælin í frv. eru hins vegar á öðru sviði en þessu, að kostnaðarhlutfallinu sé raskað frá því, sem verið hefur. Og ég skal nú geta í fáum orðum þeirra helztu.

Í frv. eru settar miklu einfaldari reglur um fjárhagssamskipti ríkis og sveitarfélaga í sambandi við stofnun og rekstur skóla en er í gildandi skólakostnaðarl. frá árinu 1965. Reglurnar, sem þá voru settar, eru óþarflega flóknar og reynslan hefur leitt í ljós á þeim margvíslega annmarka. Þær reglur, sem hér eru settar, eru samdar að mjög yfirveguðu ráði af þeim embættismönnum, sem mesta þekkingu og mesta reynslu hafa á þessu sviði og í nánu samráði við fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og stærsta sveitarfélagi landsins, Reykjavíkurborg. Þá er það og mjög mikilsvert nýmæli í frv., og um það er ég viss um, að allir þm. eru sammála, að kveðið er á um, að ríkið skuli greiða sitt framlag á 2—3 árum, en ekki 5 árum, eins og gildandi lög segja til um, og ætti þetta að geta orðið til þess að stuðla mjög að auknum byggingarhraða skólamannvirkja.

Þá er í frv. gerð sú grundvallarbreyting á því, hvað ríkið greiðir í stofnkostnað skóla, að gert er ráð fyrir því, að sérstök deild, sem koma á á hjá menntmrn., byggingadeild menntmrn., semji í samráði við sveitarfélögin áætlun, norm, um það, hver sé eðlilegur byggingarkostnaður á ýmsum stöðum á landinu og á ýmsum tegundum skólabygginga og síðan greiði ríkið lögbundinn hluta sinn af kostnaðinum samkv. þessum áætlunum. Ef sveitarfélagi síðan tekst að byggja fyrir minna en sem svarar til þessa væntanlega meðalkostnaðar, sem samkomulag hefur orðið um, er það hagnaður sveitarfélagsins. Þessum reglum er ætlað að stuðla að því, að sem mests sparnaðar sé gætt við byggingarframkvæmdirnar. Þessum reglum er beinlínis ætlað að hvetja sveitarfélög til þess að byggja sem hagkvæmast. Enginn mun hins vegar geta talið það ósanngjarnt, ef sveitarfélag heldur það illa á byggingarmálum, að byggingarkostnaðurinn fer fram úr þessu áætlaða meðaltali, sem samkomulag hefur orðið um, að sveitarfélagið beri sjálft kostnaðinn af því. Sú regla, sem gilt hefur allar götur til þessa, er sú, að ríkið greiðir lögboðinn hundraðshluta af kostnaðinum, hver svo sem hann verður, og því er ekki að leyna, að við í menntmrn. og fjármálaeftirliti skóla höfum fundið mörg dæmi um það, að talsvert hefur skort á hagsýni og gætni í meðferð fjármála við skólabyggingar eins og aðrar byggingar, m. a. vegna þess, að það er vitað, að ríkið hefur greitt allt að 75% af byggingarkostnaðinum, hver svo sem hann hefur raunverulega orðið.

Þá er í frv. lagður traustur grundvöllur að áætlunargerð um skólabyggingar. S. l. 3 ár hefur verið unnið eftir áætlun, sem hefur haft það í för með sér, að byggingartími skólabygginga hefur stytzt að mun. Það hefur verið hægt að láta þær byggingar sitja fyrir, sem mest þörf var á að ljúka, og hefur verið, held ég að mér sé óhætt að segja, almenn ánægja með þá skipun, sem upp hefur verið tekin smám saman, en hefur þó ekki haft traustan lagagrundvöll að standa á. En hér í frv. er gert ráð fyrir því, að beinlínis verði unnið eftir föstum framkvæmdaáætlunum að skólabyggingum á hverju ári. Þá er gert ráð fyrir því að koma upp sérstakri deild, byggingadeild í menntmrn. til þess að tryggja það, að undirbúningur að skólabyggingum verði sem beztur og nákvæmastur og til þess að unnt sé að fylgjast með því, að farið sé eftir teikningum og kostnaðaráætlunum fylgt. Reynsla er þegar búin að sýna það, að með slíku eftirliti má koma mörgu góðu til leiðar og stuðla að margs konar hagkvæmni og sparnaði.

Í frv. er enn fremur ákvæði um það, og er það í fyrsta skipti, sem slíkt er lögtekið, að verja megi allt að 2% af byggingarkostnaði til þess að listskreyta skólabyggingarnar, en þó ekki meira en ½ millj. í hvern skóla. Vona ég, að þetta verði upphaf þess, að í lagaákvæði um aðrar opinberar byggingar verði teknar sams konar heimildir.

Að síðustu vildi ég svo geta þess, að gert er ráð fyrir því að koma upp samstarfsnefnd menntmrn. og sveitarfélaganna um framkvæmd frv., ef að lögum verður, og setningu reglugerðar samkv. því. Hér er um að ræða mjög mikilvæg og mikil skipti milli ríkisins og sveitarfélaganna og þess vegna nauðsynlegt að tryggja sem allra bezt, að um gott samstarf sé að ræða á þessu sviði, og samstarfsnefndinni er ætlað að tryggja, að svo geti orðið. En ákvæði, sem í frv. voru upphaflega um héraðsskólana, eru sem sagt ekki í því lengur, og þangað til Alþ. ákveður öðruvísi, verður því allur stofn- og rekstrarkostnaður þeirra allra, að Eiðaskóla meðtöldum, greiddur úr ríkissjóði. En mál Eiðaskóla og héraðsskólanna allra mun verða athugað enn rækilegar í sumar í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og væntanlega einhverjar till. gerðar í málinu fyrir næsta þing.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri n., sem væntanlega fær þetta frv. til athugunar, og mun mér þar gefast kostur á að athuga málið og láta uppi skoðun mína á einstökum atriðum frv., og af þeirri ástæðu er ekki þörf á, að ég tali mjög langt um þetta mál nú við 1. umr. Ég tel þó rétt að segja, þegar á þessu stigi málsins, nokkur orð um það í heild og viss atriði, sem ég tel ávinning að, að sé vakin athygli á, áður en málið fer til n. Það er nú talað um það meðal þm., að brátt muni líða að því, að þinglausnir fari fram að þessu sinni, og ef það er rétt, sem talað er um, er sýnilegt, að þessari hv. d. gefst lítið ráðrúm til þess að fjalla um þetta mál. Hér er þó um að ræða stórt fjárhagsmál um samskipti ríkisins og sveitarfélaganna, mál, sem er mjög margþætt, og erfitt að átta sig til hlítar á sumum ákvæðum þess. Ég verð því að átelja mjög þau vinnubrögð eða þann hátt, sem hafður er á um afgreiðslu þessa máls, hvað þessari hv. d. er ætlaður lítill tími til þess að fjalla um málið.

Meginefni þessa frv. er um fjárhagsleg samskipti ríkisins og sveitarfélaganna í landinu að því er snertir stofnkostnað og rekstrarkostnað allra þeirra skóla, sem frv. tekur til. Það liggur í augum uppi, að þessi fjárhagslegu samskipti og sá kostnaður, sem skólahaldinu fylgir, er svo mikill, að það er full ástæða til þess, að þm., sem um þetta mál fjalla og taka ábyrgð á afgreiðslu l. með atkvæði sínu, kosti kapps um að gera sér grein fyrir því til hlítar, hvað í einstökum atriðum þessa frv. felst. En um meginstefnuna, sem frv. virðist byggt á, má fá nokkra hugmynd með því, er segir í grg. frv., þar sem má segja, að meginstefnan sé dregin saman í örfá orð. Og ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vekja sérstaka eftirtekt á þessari mgr. Hér segir í grg. frv.:

„Eðlilegt er, að menn vilji gera sér grein fyrir, hvaða breytingu á fjárhagslegum samskiptum ríkissjóðs og sveitarfélaga ákvæði þessa frv. feli í sér. Við það hefur verið miðað, að greiðslubyrðin í heild og hvors aðila um sig, ríkissjóðs og sveitarfélaga, haldist nokkurn veginn óbreytt. Þó má gera ráð fyrir, að fremur halli nú á ríkissjóð í samskiptunum, enda er talið samkv. því, sem áður hefur verið skýrt hér að framan, að greiðsluhlutfall hafi fremur breytzt sveitarsjóðum í óhag á undanförnum árum. Hitt verður að játa, að erfitt er nema með mjög ýtarlegri og umfangsmikilli rannsókn að gera tölulegan samanburð á kostnaði samkv. gildandi fyrirkomulagi og kostnaði samkv. þeim reglum, sem frv. gerir ráð fyrir. Fyrirsjáanlegur kostnaður og þá fyrst og fremst vegna hinnar nýju byggingadeildar verður að sjálfsögðu nokkur, en þar á að koma á móti sparnaður vegna styttri byggingartíma og meiri undirbúningsvinnu og aukins eftirlits með byggingarframkvæmdum".

Þessi orð úr grg. segja til um þá stefnu, sem frv. virðist byggjast á. Hér er það viðurkennt, að það sé aðalsjónarmið, að greiðslubyrðin í heild hjá hvorum aðila, ríkissjóði og sveitarfélagi, haldist nokkurn veginn óbreytt. En jafnframt er tekið fram af þeim, sem hafa samið þetta frv., að það verði að játa, að það sé mjög erfitt nema með ýtarlegri og umfangsmikilli rannsókn að gera sér grein fyrir þessu til hlítar. Nú hef ég bent á það, að þessari hv. d. eru ekki ætlaðir nema örfáir dagar í mesta lagi til þess að skoða þetta mál, en höfundar frv. viðurkenna, að til þess að gera sér grein fyrir efni þess, þurfi ýtarlega og umfangsmikla rannsókn. Af þessu má ljóst vera, að þm., a. m. k. í þessari hv. d., eru ekki búin í hendur af hálfu hæstv. ríkisstj. góð skilyrði til þess að afgreiða löggjöf sem þessa, sem hér er borin fram. Það kemur einnig fram í grg., að höfundar frv. hafa reynt að gera sér grein fyrir því, hvernig þróunin um skiptingu kostnaðar af skólahaldi hefur verið á undanförnum árum að því er snertir hlutdeild ríkisins annars vegar og hlutdeild sveitarfélaganna hins vegar. Það er birt yfirlit yfir það í stuttum töflum hér á bls. 8 og 9 í grg. Þær sýna, að þróunin hefur verið sú, að hlutur sveitarfélaganna hefur þyngzt allverulega frá árinu 1956, en hlutur ríkissjóðs að sama skapi orðið léttari. Þetta hlutfall er þó ekki hið sama um alla skólaflokka. Að því er snertir barnaskóla í kaupstöðum er talið, að hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði hafi á árinu 1956 verið 69.8%, en hlutdeild sveitarfélaganna í rekstrarkostnaði 30.2%. Þetta hlutfall hefur breytzt þannig, að 1964 er hluti sveitarfélags í rekstrarkostnaðinum orðinn 35.8% í stað 30.2% 1956.

Þegar kemur að öðrum skólaflokki, þ. e. heimangönguskóla utan kaupstaða, verður þessi munur enn þá meiri samkv. því, er segir í grg. frv. Talið er, að 1956 hafi hluti ríkissjóðs í rekstrarkostnaði þessara skóla numið 80.7%, en hluti sveitarsjóðs 19.3%. 1964 er sú röskun orðin á þessu hlutfalli, að hluti sveitarsjóðs er orðinn 28.9% í stað 19.3% 1956.

Ef litið er á gagnfræðaskóla, er niðurstaðan svipuð. Talið er, að hluti sveitarfélaganna í rekstrarkostnaði þessara skóla hafi 1956 numið 22.4%, en er orðinn 24.3% 1964.

Þegar fjallað hefur verið um breytingar á skólakostnaðarl. á liðnum tíma, hefur þróunin hér á hv. Alþ. ævinlega verið sú, að það hefur verið létt á sveitarfélögunum, en hlutdeild ríkissjóðs í fræðslumálunum aukin að sama skapi. Sú þróun, sem ég var að lýsa, að orðið hefur á þessu sviði síðan 1956, gefur ótvírætt til kynna, að nú væri sérstök ástæða til þess að fara að eins og gert hefur verið áður við endurskoðun skólakostnaðarl., þ. e. að létta nokkuð hlut sveitarfélaganna, en auka sem því nemur þau framlög, sem ríkið stendur straum af. En það er meginstefna þessa frv., eins og

grg. lýsir og ég hef áður vakið athygli á, að greiðslubyrðin í heild og hvors aðila um sig, ríkissjóðs og sveitarfélaga, haldist nokkurn veginn óbreytt með setningu þessara l., og þá skil ég það svo, að miðað sé við, að hún haldist óbreytt við það, sem nú er í framkvæmd, þegar þetta frv. er lagt fram.

Þegar litið er á þessa meginstefnu frv., verð ég að láta í ljós þá skoðun mína, að það hefði þurft að ganga lengra heldur en gert er í ýmsum greinum þess í þá átt að létta hlut sveitarfélaganna og bæta aðstöðu þeirra frá því, sem nú er, til þess að standa straum af lögboðnu og nauðsynlegu skólahaldi í landinu.

Ég vil þá þessu næst vikja að fáum atriðum frv., því að vitanlega hef ég ekki ætlað mér og gefst ekki kostur á nú við 1. umr. að fjölyrða um öll ákvæði þess. Þegar ég fékk þetta frv. í hendur og fór að kynna mér efni þess, furðaði ég mig nokkuð á ákvæðum 14. gr. frv., en sú gr. er um heimavistarskóla gagnfræðastigs, þá sem venjulega eru kallaðir héraðsskólar, og í samhengi við þessa gr. voru ákvæði í 2. og 3. mgr. 21. gr. Ég furðaði mig á þessum ákvæðum, vegna þess að það er ekki langt síðan Alþ. steig það spor að taka þessa skóla yfir á ríkissjóð með heimildarl. frá 1962, sem eru grundvöllur að samningum milli sýslnanna eða þeirra aðila í héruðum, sem að þessum skólum stóðu áður, og ríkisins. Og samningar á grundvelli þessara heimildarl. munu hafa verið gerðir um Reykholtsskóla, Núpsskóla, Reykjanesskóla, Reykjaskóla í Hrútafirði, Skógaskóla og Laugarvatnsskóla. En Laugaskóli í Þingeyjarsýslu mun ekki enn hafa notfært sér heimildarákvæði l. frá 1962, en honum stendur það vitanlega opið, hvenær sem forráðamenn skólans í héraði óska eftir að taka slíka samninga upp. Nú var ákvæði þessa frv. þannig, að það átti að stíga hér spor til baka á þann veg, að héruðin færu nú aftur að taka á sig fjárhagsbyrðar af stofnkostnaði og við rekstur þessara skóla, stofnkostnaði á þann hátt, sem viðbyggingar kynnu að eiga sér stað við skólana, og mundi það þá að mínum dómi taka jafnt til kennslurýmis sem kennarabústaða og heimavistarrýmis, sem nauðsyn bæri til að auka við þessar stofnanir. Í annan stað átti samkv. frv. að láta heimasveitir þeirra nemenda, sem nám stunda í þessum skólum, greiða tiltekinn hluta af rekstrarkostnaði skólanna, og það átti, að mér skilst, að ná til þeirra nemenda, sem stunda nám í því húsrými, sem þegar er komið og er notað.

Nú hygg ég, að þetta hafi verið gagnrýnt allsterklega í hv. Nd., og ég sé á þskj., að till. hafa verið fluttar um það, m. a. af minni hl. menntmn. Nd., að þessum ákvæðum, sem ég geri nú að umtalsefni, yrði breytt. Ég hef nú ekki getað fylgzt með öllum umr. eða atkvgr. um þetta mál í hv. Nd. En ég sá rétt í þann mund, að þessi fundur var að hefjast, að hæstv. menntmrh. hefur lagt fram brtt. við frv. við síðustu umr. þess í Nd., og ég skildi mál hans svo hér áðan, að þær brtt. hefðu verið samþ. og þar með væri búið að nema úr frv. þau ákvæði, sem ég nú hef verið að gera að umtalsefni.

Þá vil ég álykta sem svo, að afleiðingin af þessari breytingu sé sú, að starfsemi þessara skóla verði þá framvegis eins og verið hefur hin síðari ár, byggð á grundvelli heimildarl. frá 1962 og þeim samningum, sem síðan hafa verið gerðir, þannig að þessir skólar verði reknir af ríkinu að öllu leyti og stofnkostnaður þeirra, að því leyti sem þurfa þykir að bæta við þá eða endurbæta þá, verði einnig greiddur af ríkinu að öllu leyti. Ég dreg þá ályktun af þessari breytingu, sem gerð hefur verið í Nd., og ef þetta er ekki réttur skilningur, vænti ég, að aðrar skýringar komi fram. En ég tók eftir því í framsöguræðu hæstv. ráðh., að hann lét orð falla á þá leið, að það mundi verða athugað frá lögfræðilegu sjónarmiði í sumar um þann samning, sem gerður var á sínum tíma um Eiðaskóla og stöðu þessara héraðsskóla gagnvart ríkisvaldinu. Ég vil út af þessu fara örfáum orðum um Eiðaskóla og þá sérstöðu, sem hann hefur að þessu leyti. Ég vil segja hæstv. ráðh. það, að staða Eiðaskóla hefur fyrr komið til athugunar og álits á hv. Alþ. að þessu leyti. Skólinn var upphaflega stofnaður með samningi, sem Múlasýslur gerðu við ríkið, og sá samningur öðlaðist síðan lagagildi. Meginefni þessa samnings eru þau, að Múlasýslur lögðu fram og afhentu ríkinu til eignar og umráða skólahús og innbú, sem tilheyrði búnaðarskóla, er sýslurnar höfðu áður rekið á Eiðum. Enn fremur voru lagðar fram jarðeignir, höfuðbólið Eiðar og einar 5 jarðeignir aðrar í grennd við þetta höfuðból, sem ríkinu var afhent til eignar, og þessu fylgdi bústofn, sem þá var á Eiðabúinu, allverulegur, a. m. k. 400 fjár, þegar samningurinn var gerður, og annar bústofn. Þetta var allt afhent ríkinu, en það skilyrði fylgdi, að ríkið stofnaði og ræki vel búinn alþýðuskóla á Eiðum og yrði hann að öllu leyti rekinn á kostnað landssjóðs, eins og segir í l. frá 1917.

Þegar lög um skólakerfi og fræðsluskyldu voru sett á þinginu 1945 og lagabálkurinn um gagnfræðanám, kom það mjög til athugunar og var rætt í menntmn. Alþ. um þá sérstöðu, sem Eiðaskóli hafði og hefur á grundvelli þessa samnings. Og niðurstaðan hjá hv. Alþ. þá eftir allmikla athugun í menntmn. var sú, að Eiðaskóli ætti að halda sinni sérstöðu, sem hann hefur haft allt frá 1917. Síðan l. um skólakerfi og fræðsluskyldu öðluðust gildi 1946, hefur því Eiðaskóli í framkvæmd haft þá sérstöðu, sem staða hans upphaflega mótaðist af. Þær byggingar, sem síðan hafa verið gerðar á Eiðum, hafa allar verið kostaðar af ríkinu að öllu leyti, og m. a. vil ég benda hæstv. ráðh. á, að sérstaða Eiða hefur komið fram m. a. að því leyti, að það hefur engin skólanefnd starfað við þessa ríkisstofnun, þó að skólanefndir starfi samkv. l. við aðra skóla á gagnfræða-

stiginu, heldur hefur skólastjóri þessarar ríkisstofnunar komið yfirleitt með sín erindi beint til menntmrn. til úrlausnar. Og þegar l. um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, voru sett 1955, er Eiðaskóli enn látinn halda þessari sérstöðu, vitanlega eftir athugun á hv. Alþ. Þetta vildi ég láta koma fram og tel, að út af fyrir sig sé þetta bæði svo skýrt og aðstaða Eiðaskóla í þessu efni hefðbundin um langan tíma og henni hefur verið haldið með vitund og vilja Alþ., þegar meiri háttar breytingar hafa verið gerðar á l. um skólakerfi og fræðsluskyldu og gagnfræðanám að undanförnu, að ég tel út af fyrir sig ekki þurfa neina nýja lögfræðilega athugun á þessu atriði.

Þá vildi ég leyfa mér þessu næst að vekja athygli, áður en málið fer til n., á einu atriði, sem ég tel eftirtektarvert. Með þessu frv. á að nema úr gildi l. frá 1955 um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Þau lög hafa tekið til barnaskóla, skóla gagnfræðastigsins og húsmæðraskóla. En þau lög hafa ekki tekið til iðnfræðslunnar, heldur hafa verið sérstök lög um iðnskóla og iðnfræðsluna í landinu og kostnað við þann skólaflokk. Nú er sú breyting gerð, að með 1. gr. þessa frv. er ákveðið, að lög þessi taki til barnaskóla, unglingaskóla, miðskóla, gagnfræðaskóla, iðnskóla og húsmæðraskóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Hér er bætt við með þessu frv. þessum skólaflokki, iðnskólunum. En um leið og þetta er ákveðið, verð ég að álykta svo, að ákvæði 25. gr. þessa frv. taki til iðnskólanna, en þau eru þannig: Skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga, í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. — Hér er þá komið að einu veigamiklu atriði, þ. e. um eignarhlutdeild iðnskólanna í landinu. Nú eru til nýsett lög um iðnfræðslu. Þau voru afgr. á hv. Alþ. fyrir tæpu ári, 30. apríl 1966. Þar er gert ráð fyrir að gerbreyta iðnfræðslunni og aðstöðu iðnskólanna frá því, sem áður var, þannig að það verði settir upp fáir, en stórir og vel búnir iðnskólar, einn í hverju kjördæmi landsins. En um leið og þessir stóru skólar koma upp, eiga að falla niður eða sameinast hinir mörgu og litlu iðnskólar, sem nú veita iðnfræðsluna. En vitanlega var Alþ. það ljóst, þegar þessi lög voru sett s. l. vor, að svo stórum áfanga eða stórfelldum breytingum á iðnfræðslunni yrði ekki komið við í framkvæmd nema á nokkuð löngum tíma. Þess vegna er mælt svo fyrir, að ráðh. ákveði, að fengnum till. iðnfræðsluráðs, hvenær ákvæði 1. mgr., þ. e. a. s. um þessa nýju skóla, komi til framkvæmda og hverjir núverandi iðnskólar skuli starfa áfram til frambúðar eða fyrst um sinn.

Þegar þessi lög voru til athugunar hér á hv. Alþ., lá fyrir yfirlit um það, hve iðnskólarnir eru margir nú og hve þeir voru fjölmennir á skólaárinu 1964, en það var síðasta árið, sem yfirlitið náði yfir. Og þá kemur það fram, að það eru reknir 20 iðnskólar á landinu, eins og skipan þessara mála er nú, að þrír þessara skóla höfðu 100 nemendur eða fleiri, 5 skólanna 30—80 nemendur, en 11 skólar voru með innan við 30 nemendur. Þessir skólar hafa verið stofnaðir eftir hinum eldri iðnfræðslulögum og þeir hafa lengst af starfað samkv. ákvæðum þeirra l., sem felld voru úr gildi s. l. vor. En samkv. þeim l. mátti stofna til iðnskóla með ýmsu móti. Bæjarfélög gátu stofnað til þeirra, sýslur og iðnaðarmannafélög eða samband þeirra, enda komi meðmæli og samþykki bæjarstjórnar eða sýslunefndar til. Þegar stofnunin hafði verið undirbúin á þennan hátt, átti ráðh. að löggilda iðnskóla. Ég vil nú álíta, að þetta að löggilda iðnskóla hafi falið það í sér, að ráðh. átti að kynna sér og fá það staðfest, að þeir veittu þá fræðslu, sem tilskilin er, störfuðu í samræmi við iðnfræðslul. Hins vegar hef ég ekki fundið eða getað komizt að raun um, að nokkur lagastafur sé til um það, hverjir eiga þessa 20 iðnskóla, sem nú starfa í landinu, hvernig eignarrétti þeirra er háttað, hvort til hans getur ekki verið stofnað á fleiri en einn veg. Ég sé t. d. í fjárl., að þar er talað um að veita styrk til Iðnskólans í Reykjavík og styrk til Iðnskólans í Hafnarfirði og svo framlag til iðnfræðslu utan Reykjavíkur. En nú vil ég spyrja: Er það svo, að Iðnskólinn hér í Reykjavík eða allir þessir iðnskólar séu nú sameign ríkisins og sveitarfélaganna? Hefur það verið athugað í sambandi við þetta mál? Og ef svo er ekki, er hér um atriði að ræða, sem snertir aðstöðu þeirra sveitarfélaga eða annarra aðila, sem nú halda uppi iðnfræðslunni, og þess vegna vil ég bera fram þessa ákveðnu spurningu til hæstv. ráðh., og mér þætti nokkru skipta að fá svar við henni, áður en málið fer til n.: Er það ætlun ráðh. og skilningur hans á ákvæðum þessa frv., að þeir 20 iðnskólar, sem nú starfa á víð og dreif um landið, verði, um leið og þetta frv. öðlast gildi sem lög, sameign ríkisins og sveitarfélaganna? Eða er það skilningur ráðh., að þessi skipan eigi að koma í gildi, þegar hinum nýju, stóru iðnskólum verður komið á fót samkv. hinum nýsettu l. Ég vænti þess, að þessu verði skýrt svarað við þessar umr. og skal ekki fjölyrða um þetta atriði þá frekar.

Þá vildi ég mega víkja að því, að sum ákvæði þessa frv. eru að mínum dómi vægast sagt varhugaverð. Þessu til sönnunar vil ég minna á ákvæðin um það, að hér eftir skuli stofnkostnaður eða hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði skólanna fara eftir áætluðum kostnaði, eftir áætlun, en ekki vera gerður upp eftir raunverulegum reikningum að verkinu loknu. Ég tel þetta ákvæði mjög varhugavert og eiginlega ekki hægt að sjá fyrir, hvaða byrðar kunna að geta fallið á sveitarfélög í sambandi við þetta ákvæði. Við vitum það ákaflega vel, sem

eigum sæti hér á hv. Alþ. og fylgjumst með framkvæmdum í landinu, einkum hver í sínu kjördæmi, að það er mjög oft, að ég ekki segi það algenga, að áætlanir, sem gerðar hafa verið af vel menntuðum og hæfum, verkfróðum mönnum um mannvirki á ýmsum sviðum, standast ekki í reynd. Kostnaður fer fram úr áætlun og oft svo mjög miklu nemur. Þetta er ekkert sérstakt um skólamannvirki, heldur kemur þetta fram á mörgum öðrum sviðum, svo sem í samgöngumálum, við brúargerðir, í raforkumálum og við þekkjum söguna um félagsheimilin, og margt fleira mætti nefna í þessu sambandi. Vitanlega á mikinn þátt í þessu sú verðlagsþróun, sem við höfum búið við. Það má segja, að þegar verðlagið hækkar jafnört og reynslan hefur sýnt á undanförnum árum, eru áætlanir jafnvel orðnar hálfúreltar, þegar kemur að framkvæmdunum sjálfum. Svo örar eru verðlagsbreytingarnar. Ég veit, að ákvæðin um byggingarvísitölu eiga að vega upp á móti þessu, en að mínum dómi gera þau ákvæði það ekki fyllilega. Ég tel, að í þessum ákvæðum frv., sem ég nú geri að umræðuefni, felist of mikil áhætta fyrir sveitarfélögin til þess, að það sé rétt eða eðlilegt af hv. Alþ. að ganga frá málinu eins og hér er stofnað til með þessum ákvæðum.

Þá vil ég enn benda á það, að gert er ráð fyrir því í frv. að gera mun á framlögum ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar fullbúins heimavistarrýmis, annars vegar eftir því, hvort tvö eða fleiri sveitarfélög standa saman að slíkum skóla og hins vegar eftir því, hvort í skólanum fer fram skyldunám eða nám á síðari hluta gagnfræðastigs, sem kalla má frjálst nám. Þetta tel ég óeðlilegt og á þessu þurfi að fást breyting. Aðstaða getur verið þannig í fámennu og efnalega veikbyggðu sveitarfélagi, að það eigi örðugt með að vera í samvinnu eða sambandi við aðra um sitt skyldunám. En með ákvæðum frv., eins og það er nú, á hlutdeild ríkisins við slíka aðstöðu að vera 15% lægri í stofnkostnaði heimavistarrýmis en þegar um samvinnu sveitarfélaga eða sameiningu þeirra um slíka framkvæmd er að ræða. Ég tel líka, að það þurfi að koma til athugunar, hvort þessi ákvæði eiga ekki að ná lengra en til skyldunámsins. Það er nú yfirleitt svo, að þjóðfélagið heimtar meiri og meiri undirbúningsmenntun undir flest störf, sem unga kynslóðin á að takast á hendur, og landspróf eða gagnfræðapróf, þ. e. a. s. nám í efri bekkjum gagnfræðastigsins er nauðsynlegur og óhjákvæmilegur undirbúningur undir slíka verkmenntun eða þjálfun, sem þjóðfélagið krefst af unga fólkinu, og reynslan er sú, að langflestir unglingar, a. m. k. í þéttbýlinu, halda áfram, þegar skyldunáminu er lokið. Mér finnst því, að það séu full rök fyrir því að breyta þessum ákvæðum á þann veg, að þau nái lengra en til skyldunámsins eins.

Ég skal nú fara að stytta mál mitt, þó að margt fleira sé athugavert í þessu frv. En ég vil að síðustu þó minna á aðeins tvö atriði með örfáum orðum. Hér er gert ráð fyrir því, að rn. verði heimilað að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti til byggingar skólamannvirkja, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu né að nothæfum áfanga með fjárveitingum Alþ., sem fyrir hendi eru, og framlögum sveitarfélaga. Og það er gengið svo langt, að séu þegar samþykktar fjárveitingar Alþ. til skólamannvirkis ónógar til að greiða 1/3 af áætluðu stofnkostnaðarframlagi ríkisins, þá má menntmrn. ekki leyfa að hefja framkvæmdir fyrr en að fengnu skriflegu samþykki fjmrn. Ég hygg, að þó að ástæða kunni að vera til að hafa einhver ákvæði í þessa stefnu, þá sé sá hemill, sem hér er settur, um of. Ég tel eðlilegt, að nokkuð sé dregið úr þessum ákvæðum í sambandi við athugun og meðferð á þessu máli.

Þá get ég ekki lokið svo máli mínu að minnast ekki örfáum orðum á 20. gr. frv. Það er greinin, sem kveður á um skiptingu rekstrarkostnaðar milli ríkisins og sveitarfélaga. Þessi gr. á víst að vera sett í frv. til þess að gera málin einfaldari en þau hafa verið. En ákvæði þessarar gr. eru svo flókin, að eftir því, er ég hef fyrir satt, hefur það vafizt mjög fyrir manni eins og Aðalsteini Eirikssyni, sem hefur haft það að atvinnu og sérgrein í 10 ár að yfirfara reikninga um skólakostnað, að gera sér grein fyrir því, hvað í þessum ákvæðum felst raunverulega. Þegar þessu er þannig háttað, þá er nú ekki hægt að leggja þm. það til lasts, þó að þeir svona á örstuttri stund eigi erfitt með að kanna þetta til hlítar eða gera sér grein fyrir því, hvernig ákvæði þessarar gr. verða í framkvæmd. En það vil ég segja og láta koma fram hér, að ég hef orðið þess var, að þeir, sem fylgjast með í þessum efnum úti á landi, og oddvitar, sem hafa með höndum fjárreiður ýmissa skólastofnana og hafa reynslu af því að fást við fjármál af þessu tagi, þeir hafa látið í ljós við mig í símtölum og á annan hátt allmikinn ugg út af ákvæðum þessarar gr., m. a. hringdi til mín í morgun oddviti hér á Suðurlandsundirlendinu, sem ég er nú ekki gagnkunnugur, en þekki svona í sjón, og við höfum talazt við, og fór sérstaklega að færa í tal í alllöngu símtali ákvæði þessarar gr. og lét í ljós alveg eindreginn ugg út af því, að sér litist ekki á blikuna, þegar hún kæmi til framkvæmda. Ég verð því að segja, að það er mjög illa farið, ef hæstv. ráðh. hugsar sér að láta afgr. þetta mál í mesta flaustri. Þetta mál hefði þurft að koma fyrir Alþ. mörgum vikum fyrr en það gerði, en úr því sem komið er, hefði það náttúrlega veitt miklu meiri upplýsingar um málið, hefði afgreiðsla þess ekki verið knúin fram nú, en frv. sent til umsagnar oddvitum og ýmsum mönnum, sem kunnugir eru af eigin reynslu að fjalla um fjármál skólanna. Þá hefði málið allt í

heild getað legið miklu skýrar fyrir þm. næsta haust, og þá hefði gefizt tóm til að setja þessa löggjöf í sæmilega góðu næði og að beztu manna yfirsýn á haustmánuðum, og hefði hún getað öðlazt gildi um n. k. áramót.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fyrirspurn hv. síðasta ræðumanns um iðnskólana, sem nú starfa, svara ég þannig, að ég tel þá tvímælalaust vera sameiginlega eign ríkis og sveitarfélaga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 564, n. 590 og 594, 595).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað það frv., sem hér liggur fyrir til umr., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 590, leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. skilar séráliti. Hæstv. menntmrh. gerði við 1. umr. málsins grein fyrir aðalatriðum og nýmælum þessa frv. Það eru að mínu viti tveir af aðalkostum þess, að annars vegar er lagt til, að styttur verði úr 5 árum í 2—3 ár sá tími, sem framlög ríkissjóðs til skólabygginga eiga að greiðast á, og hins vegar einfaldari og gleggri skipting á þeim rekstrarkostnaði, sem hvorum aðila, ríki og sveitarfélagi, ber að standa straum af. Í núgildandi l. frá 1955 um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, er kveðið svo á, að ríkissjóður sjálfur skuli hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, á 5 árum frá því að fyrsta framlag var innt af hendi. Sveitarsjóðirnir hafa því þurft að leggja út og binda í þessum byggingarframkvæmdum umfram sitt eigið framlag mikið fé og í mörgum tilfellum árum saman, þangað til framlag ríkisins hefur verið greitt að fullu eða þá að framkvæmdir hafa dregizt óhóflega á langinn, vegna þess að fjármagn hefur ekki verið fyrir hendi. Það gefur auga leið, að fyrir sveitarfélögin og alla þá yfirleitt, sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við skólabyggingar, er stórkostlega mikill ávinningur að þessu ákvæði frv., ef að l. verður.

Um hitt atriðið, skiptingu rekstrarkostnaðar skólanna, er í frv. gert ráð fyrir einfaldari aðgreiningu þess annars vegar, hvaða kostnað ríkið greiði og hins vegar sveitarsjóðir, einfaldari aðgreiningu en er samkv. núgildandi skólakostnaðarl. frá 1955, en þau lög voru á sínum tíma mikið spor í framfaraátt, ekki sízt ákvæði þeirra um það, að stofnkostnaðarframlag ríkisins skyldi greiðast innan ákveðins árafjölda. Samkv. frv. ber ríkissjóði að greiða öll kennaralaun, en samkv. núgildandi l. skiptist hins vegar sá kostnaður eftir flóknum reglum, sem iðulega hafa orðið tilefni til ágreinings um greiðsluskyldu aðilanna. Það má líka teljast eðlileg og heppileg regla, að ríkið, sem er samningsaðili um laun og kjör kennara, beri launakostnað hvað þá snertir. Þar á móti kemur samkv. frv. það, að sveitarfélögin taki á sig greiðslur tiltekins kostnaðar, sem samkv. núgildandi l. skiptist milli ríkis og sveitarfélaga, svo sem vegna húsvörzlu, upphitunar skólahúsnæðis, ræstingar, lýsingar o. fl., enda eru það yfirleitt sveitarsjóðirnir, sem eru samningsaðilar um launakjör þess starfsfólks, sem hér verður um að ræða.

Ég hef nefnt þessi tvö atriði, en vil þá einnig sérstaklega taka undir það ákvæði frv., að gerð verði framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið. Þó að ég sjái ekki ástæðu til þess að lengja umr. með því að víkja sérstaklega að öðrum ákvæðum frv., vil ég aðeins segja það, að það mun álit manna yfirleitt, að frv. stefni í rétta átt og vinningur yrði, að það öðlaðist lagagildi.

Menntmn. hafði skemmri tíma en æskilegt hefði verið til þess að athuga þetta mál, sem er vissulega stórt mál. Hins vegar hafa þm. haft allríflegan tíma til þess að athuga málið síðan það var lagt fram á Alþ. N. varð, eins og ég áður sagði, ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. mun skila séráliti og, að mér skilst, flytja brtt. við frv., en meiri hl. leggur til, eins og fram kemur í nál., að frv. verði samþ. óbreytt, enda má segja, að lítil von sé til þess, að málið hljóti afgreiðslu á þessu þingi, sem senn er að ljúka störfum, ef á því yrðu gerðar breytingar.

Á þeim fundi, sem málið var tekið fyrir á, var einn nm., hv. 5. þm. Reykn., fjarstaddur, og vil ég láta það koma hér fram, en þess er ekki getið í nál. því, sem fyrir liggur á þskj. 590.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um frv. eða efni þess að svo stöddu og geymi mér rétt til þess við síðari umr., ef tilefni gefst til.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Menntmn. var kvödd til fundar um miðnætti s. l. nótt, og nm. báru saman ráð sín um þetta mál nokkra stund. Það kom þegar í ljós, að samstaða mundi ekki verða um flutning brtt., og þess vegna varð ekki samstaða í n. um afgreiðslu málsins. Annar tími hefur ekki gefizt til þess að athuga þetta mál í n. Ég bar fram þau tilmæli um miðnætti í nótt, að n. kæmi saman á fund fyrir hádegið og fengi til viðtals ráðh. eða ráðuneytisstjóra um eitt ákveðið atriði í frv., sem ég mun víkja síðar að, en þetta hefur ekki orðið.

Við 1. umr. þessa máls, sem fram fór í gær, gerði ég nokkra grein fyrir frv. almennt og vék að nokkrum atriðum, sem ég taldi, að þyrftu breytingar við. Í samræmi við þetta

berum við fram, sem skipum minni hl. menntmn., þ. e. hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég, á þskj. 595 allmargar brtt. við frv., og mun ég í stuttu máli gera grein fyrir efni þeirra. Í frv. er kveðið svo á, að stofna skuli sérstaka deild í menntmrn., byggingadeild, sem á að annast undirbúning skólamannvirkja, samþykkja áætlanir, endurskoða reikninga o. s. frv. 1. brtt. okkar fjallar um það, að í frv. sé ekki ákvæði um að stofnsetja sérstaka deild í þessu skyni, heldur hafi menntmrn. þessi mál með höndum og sjái um, að þessi atriði séu framkvæmd, sem í till. greinir. Við teljum alls kostar óþarfa að vera að setja það í lög um skólakostnað, hvernig skipta eigi rn. í deildir. Í sjálfu sér er það óþarft að ákveða deildaskiptingu, en helzt ætti það vitanlega heima í sérstakri löggjöf um Stjórnarráð Íslands, hvernig deildaskipting rn. er, en ekki eitt einstakt atriði í hinum eða þessum almennum l.

2. brtt. okkar er við 6. gr. frv. Þar segir svo, að sveitarstjórnir ráði sérfræðinga til þess að gera uppdrætti að skólamannvirkjum, verklýsingar og áætlun um framkvæmd verksins og kostnað. Við leggjum til, að við þessa mgr. bætist, að sá kostnaður, sem af þessum undirbúningi skólamannvirkja leiðir, teljist til stofnkostnaðar. Vera má, að það vaki fyrir höfundum frv. og þeim, sem standa að flutningi þess, að þetta verði svo, en eðlilegra er að kveða alveg skýrt á um þetta í l. sjálfum, svo að það sé ekkert vafaatriði, heldur ótvírætt.

Næsta brtt. okkar, sú 3. í röðinni, er við 7. gr. frv., en í 7. gr. er það veigamikla og að mínum dómi varhugaverða ákvæði, að greiðslur ríkissjóðs til stofnkostnaðar skóla skuli miða við áætlaðan stofnkostnað. En fari byggingin raunverulega fram úr áætlun, á sveitarfélagið að bera þann hluta stofnkostnaðarins eitt og njóta hagnaðar að vísu, ef byggingin reynist ódýrari en áætlunin gerir ráð fyrir. Brtt. okkar felur það í sér, að eftirleiðis verði, eins og verið hefur, miðað við raunverulegan kostnað eins og hann reynist samkv. reikningum, þegar verkinu er að fullu lokið og menntmrn. hefur látið taka verkið út, eftir að það hefur að sjálfsögðu fylgzt með byggingarframkvæmdum. Einnig felur brtt. okkar það í sér, að stofnkostnaður skuli greiddur af ríkinu að öllu leyti vegna heimavistarrýmis í öllum þeim skólum, sem þetta frv. tekur til. En eins og frv. er, er þetta takmarkað annars vegar við það, að fleiri en eitt sveitarfélag hafi sameinazt um að standa saman að byggingu skólahúss, og í öðru lagi er þetta takmarkað við það, að þetta 100% ákvæði nái einungis til heimavistarrýmis vegna skyldunáms. Brtt. okkar gengur lengra en frv., og er það að öllu leyti eðlilegt, einkum eða þó ekki sízt, ef svo ber að, að eitt fátækt og fjárhagslega vanmegnugt sveitarfélag þarf, vegna staðhátta eða af öðrum ástæðum, að standa eitt að skólabyggingu, að hlutur þess sé ekki gerður lakari vegna aðstöðunnar heldur en annarra, þar sem hægara er um, að fleiri aðilar sameinist.

4. brtt. okkar er um það, að 8. gr. frv. falli niður. Þessi brtt. er í sambandi við það, sem ég hef áður tekið fram, að við leggjum til, að ekki sé miðað við áætlun um stofnkostnaðinn, þegar lokafjárhagsskil eru gerð um framkvæmdina milli ríkis og sveitarfélaga, heldur raunverulegan kostnað og verði sú till. samþ. og framkvæmdum hagað á þann veg, eru ákvæði 8. gr. frv. um sérstaka vísitölu, sem Hagstofan reikni út og uppbætur samkv. henni á stofnkostnaðarframlag ríkisins óþörf. Þess vegna leggjum við til, að þessi gr. falli niður.

5. brtt. okkar er við 11. gr. frv. Við berum fram þessa brtt. vegna þess, að á þessum eina stutta fundi, sem menntmn. hélt um málið, lá fyrir n. erindi frá íþróttafulltrúa ríkisins. Þetta erindi var tekið fyrir í n. og lesið eða útdráttur úr því, en samstaða varð ekki um það, að n. tæki upp þá breyt., sem íþróttafulltrúinn leggur til á 12. gr. frv., en það er nokkur breyt. á orðalagi gr. og felur í sér, að ákvæði hennar eru gerð nokkru víðtækari en í frvgr. er kveðið á, en að sjálfsögðu er hér stefnt alveg að sama marki. Við höfum tekið upp brtt. íþróttafulltrúa ríkisins, og er það 5. brtt. á þskj., stíluð við 12. gr. frv. Íþróttafulltrúi lét fylgja þessari till. alllangt erindi og rökstuðning af sinni hálfu, en ég sé nú ekki ástæðu til, nema sérstakt tilefni gefist eða þess verði óskað, að fara að lesa þetta erindi upp.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, bæði í 9. gr. og í 13. gr., að menntmrn. skuli heimilt að fresta framkvæmd skólabygginga, þótt fé hafi verið veitt til þeirra á fjárl., ef sýnilegt er, að ekki sé hægt að koma upp nothæfum áfanga eða ljúka byggingu með fjárveitingum Alþ., sem fyrir hendi eru, og framlögum sveitarfélaga. Og þar er gengið svo langt, að ef fjárveitingar Alþ. eru lægri en 1/3 hluti af áætluðu stofnkostnaðarframlagi ríkisins, þarf fjmrn. að koma til og veita sitt samþykki, og menntmrn. er óheimilt að leyfa að hefja byggingu nema að fengnu samþykki fjmrn., ef fjárveitingar eru ónógar til að greiða 1/3 af áætluðu stofnkostnaðarframlagi. Ég skal nú ekki blanda mér í samskipti milli rn. eða hvaða hátt hæstv. ráðh. telja eðlilegt að hafa á um þau skipti. En að mínum dómi er í þessum ákvæðum, sem felast í 9. og 13. gr. frv., of langt gengið í þessu efni. Við leggjum því til nokkra orðalagsbreyt. á 13. gr., en efni þeirrar breyt. er það, að ekki megi koma í veg fyrir, að bygging sé hafin, ef fjárveitingar til skólamannvirkis, sem Alþ. hefur samþ., nægja til að greiða 1/3 hluta stofnkostnaðar. Það er gert ráð fyrir því sem meginreglu í frv., að framlög ríkisins skiptist á 2—3 ára greiðslutímabil, og hafi hv. Alþ. fyrir sitt leyti ákveðið að leggja fram 1/3 hluta, hefur það fullnægt þeirri skyldu fyrir sitt leyti, sem l. gera ráð fyrir að hvíli á ríkinu í þessu

sambandi, og þá naumast eðlilegt að gera ráð fyrir öðru en að rn. láti framkvæma það, sem Alþ. þá sýnilega ætlast til.

Þá kem ég að 7. brtt., sem er við 14. gr. frv., eins og það er nú orðið eftir 3. umr. í Nd., en þar var felld burt ein gr., og þess vegna breytist greinatalan frá upphaflega frv. Í þessari 14. gr. frv. segir svo: „Greiðsla á framlagi ríkissjóðs hverju sinni er háð því, að framlag viðkomandi sveitarsjóða sé greitt, og skulu framlög þeirra og mótframlög ríkissjóðs greidd í sérstakan reikning byggingarinnar í banka eða sparisjóði, sem samkomulag verður um á milli menntmrn. og hlutaðeigandi sveitarfélaga.“ Hér er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. eða rn. setji það skilyrði fyrir útborgun fjárveitinga til skólamannvirkis, að mótframlag sveitarsjóðs sé greitt, þ. e. a. s. fyrir fram greitt. Okkur þykir hér vera of langt gengið og viljum, að þetta orðist þannig, að greiðsla á framlagi ríkissjóðs hverju sinni séð háð því, að tryggt sé, að framlag viðkomandi sveitarsjóða sé handbært, þegar á þarf að halda. Og vitanlega er það auðvelt fyrir rn. og þá eftirlitsmenn, sem það hefur í þjónustu sinni, að ganga úr skugga um, hvernig þessu er háttað, hvaða fjárvon er hjá sveitarfélaginu til framkvæmdarinnar, þó að það fé, sem sveitarstjórn getur tryggt, sé ekki fyrir fram fyrirliggjandi í banka.

Þá kem ég að 8. brtt. okkar. Hún er við 15. gr., þar sem við gerum ráð fyrir, að síðari mgr. orðist þannig: „Andvirði skólabifreiða greiðir ríkissjóður, ef með því sparast heimavistarrými, að mati ráðun.“ Þessi brtt. er í nánu sambandi við þá brtt. okkar, að ríkið skuli greiða 100% af stofnkostnaði heimavistarrýmis skólanna. Ef að mati rn. er hagkvæmara að kaupa skólabifreið og stofna „heimanaksturssskóla“ og spara með því heimavistarrými, er það alveg rökrétt, að slík skólabifreið, sem keypt er og rekin með samþykki rn., sé greidd af ríkissjóði að fullu.

Næst kem ég að 9. brtt. Hún er við 19. gr. frv., eins og það er nú orðið, en í þeirri gr., hinni upphaflegu 20. gr. frv., eru mjög margþætt, viðamikil og flókin ákvæði um greiðsluskyldur ríkisins vegna kennslu, umsjónar og margvíslegra annarra starfa hjá skólunum. Þessi ákvæði eru þannig, að það er lítt viðráðanlegt á skömmum tíma að gera sér til hlítar grein fyrir, hvernig þau verða í framkvæmd. Og eins og ég drap á við 1. umr. þessa máls, mun það hafa komið fram í sambandi við athugun á þessu máli, að það hafi vafizt fyrir mönnum eins og Aðalsteini Eiríkssyni og ýmsum öðrum, sem segja má, að hafi það að sérgrein að fylgjast með skólakostnaðarreikningum, að gera sér grein fyrir því, hvað þessi ákvæði í raun og veru þýða. Ég viðurkenni, að með breyt., sem gerðar voru á þessari gr. í hv. Nd., hefur hún tekið nokkrum lagfæringum, og ég tel allar þær breyt., sem gerðar voru á gr. í Nd., vera til bóta, en samt sem áður tel ég, að þær gangi ekki nógu langt, og það má segja, að til öryggis leggjum við til, að 3. mgr. þessarar gr. orðist svo:

„Nú kemur í ljós, að reiknaðar stundir eru ekki nægjanlegar að dómi rn. til að fullnægja námsskrá og þörfum hvers einstaks skóla fyrir nauðsynlega starfskrafta miðað við starfstíma skóla, nemendafjölda, víxlkennslu og störf þau, sem nauðsynleg eru á þessu sviði, og skal þá fjölga reiknuðum stundum svo, að þessu marki verði náð.“

Okkur virðist, sem stöndum að þessari brtt., það vera mjög eðlilegt og raunar sjálfsagt, að ákvæði eins og þetta komi inn í þessa frvgr. Það er fyrir fram ákveðið og í mörgum greinum lögboðið að halda uppi vissri kennslu, og fræðslumálastjórnin gefur út námsskrá til handa skólunum, sem fara á eftir í framkvæmd við kennsluna. Og þá liggur í augum uppi, að það verður að búa svo um í skólakostnaðarlögunum, að það sé hiklaust og snurðulaust hægt að halda uppi þeirri starfsemi, sem menntmrn. og fræðslumálaskrifstofa kveða á um, að skuli gert. Þessi mgr. eða þessi brtt. um umorðun á einni mgr. í 19. gr. frv. miðar að því að hafa nokkurt öryggi í löggjöfinni í þessu efni.

Þá kem ég að ákvæðinu um viss frávik frá meginákvæðum frv. um útgjöld úr ríkissjóði, þar sem kveðið er á um, að þau megi nema allt að 2% af áætluðum heildarútgjöldum samkv. þessari gr. Það hámark er sett, nema samþykki fjmrn. komi til. Þessi ákvæði eru nú í fyrsta lagi talsvert torskilin. Það er ekki alveg ljóst eiginlega, hver sá grundvöllur er, sem á að reikna þessi 2% af, né hve viðtæk þessi heimild er til að greiða samkv. þessu ákvæði, og við leggjum til, að þetta ákvæði falli niður. Einnig leggjum við til, að annað ákvæði í þessari gr. falli niður. Það er um takmörkun á því, hvað megi setja eða skipa marga kennara við skóla og að það takmark er miðað við 80% af þeim stundafjölda, er viðkomandi skóli á rétt á, nema þegar 1—4 kennarar, að skólastjóra meðtöldum, fullnægja kennsluþörf og rétti skólanna með fjölda skyldustunda sinna. Við teljum, að þetta muni verða mjög flókið í framkvæmd. Menntmrn. skipar eða setur kennara við skóla ríkisins, og þegar slíkum embættismönnum er veitt staðan, hlýtur rn. að gera sér grein fyrir því og fá um það yfirlit, hvort þörf er á slíkum starfsmanni eða ekki, og eðlilegt er, að þessi takmörkun kennarafjöldans sé metin í sambandi við það, en ekki samkv. ákvæðum í þessari lagagrein.

10. brtt. okkar er við 20. gr. frv., og hún mælir svo fyrir, að ríkissjóður greiði eftir á, samkv. endurskoðuðum reikningum og fskj., viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Flutningskostnað nemenda, þegar við það sparast heimavist, bygging skólamannvirkja eða hagkvæmt þykir af öðrum ástæðum, greiðir ríkissjóður og að

fullu. En heilbrigðisþjónustu í öllum skólaflokkum greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði. Þetta er nú efnislega alveg hliðstætt því, sem segir í frv., en þessi ákvæði, eins og þau eru orðuð í okkar till., eru nokkru rýmri en ákvæði frv. sjálfs.

Svipað er að segja um 11. brtt. okkar, þ. e. við 22. gr. frv. Hún felur í sér allmikla rýmkun á ákvæðum frv., en þar er mælt fyrir um greiðslu á vissum kostnaðarliðum vegna rekstrar skólans, þ. e. hitun, rafmagnsnotkun, húsvörzlu og vátryggingargjöld. Það er gert ráð fyrir því í frv., að sveitarfélögin ein beri þennan kostnað, en við leggjum til, að ríkissjóður greiði helming þessara kostnaðarliða og höfum þó það sérákvæði um hitunarkostnað í heimavistarskólum, þar sem ekki nýtur jarðhita, að þá greiðir ríkissjóður 3/4 hitunarkostnaðarins. Þetta ákvæði um að gera mun á þeim skólum, sem njóta jarðhita til upphitunar, og hinum, sem hafa ekki þá aðstöðu, er ekki nýtt. Þetta ákvæði er nú í gildandi l., en það er gert ráð fyrir að fella það niður í þessu frv. Í þessari brtt. okkar felst því það, að það ákvæði, sem nú er í gildandi l. um þetta, haldist áfram. En um hina liðina, hitun, þar sem nýtur jarðhita, rafmagnsnotkun og vátryggingargjöld skólamannvirkja er það að segja, að þessi gjöld reynast mjög há í sumum þeim skólum, sem komið hefur verið upp og teknir eru til starfa, og það er álit okkar, að það sé mjög sanngjarnt, að ríkissjóður beri nokkurn hluta þessara kostnaðarliða. Það muni verða nóg fyrir sveitarfélögin að inna af hendi þann kostnað, sem þeim er að öðru leyti gert að greiða. Og um einn þessara liða, vátryggingargjöldin, vil ég taka það fram, að það sýnist alls kostar eðlilegt, að iðgjöld vegna vátrygginga séu greidd hlutfallslega eftir því, sem eignarhluti aðilanna er í skólahúsinu. Ef skólahús brennur, verður tryggingarfé notað til að endurbyggja húsið, og þá á eignarhlutdeildin væntanlega að haldast óbreytt í hinni nýju byggingu, eins og var í þeirri, sem tjónið náði til. Þess vegna er það algerlega rökrétt, að iðgjöld vegna vátrygginga séu greidd að nokkrum hluta af ríkinu vegna þeirra skóla, sem það á hlutdeild í. Við gerum svo ráð fyrir, að heimavistargjöld vegna húsnæðis verði ekki innheimt hjá nemendum, það verði beinlínis tekið fram í þessu frv. Við vitum, að aðstaða ungmenna til náms er mjög misjöfn í þessu landi, svo að það er eitt af vandamálum landsbyggðarinnar, hin misjafna aðstaða, sem unga kynslóðin þar hefur til skólanáms, samanborið við jafnaldra hennar, þar sem aðstaðan er bezt í þéttbýlinu. Það er reynt að bæta úr þessu með því að gefa unga fólkinu kost á að stunda nám í heimavistarskólum. Og þá teljum við það vera í samræmi við viðleitni ríkisvaldsins til þess að jafna aðstöðumuninn að þessu leyti, að það sé beint tekið fram í skólakostnaðarlöggjöfinni, að heimavistargjöld vegna húsnæðis verði nemendur ekki látnir greiða. Hér er um sanngirnismál að ræða, en vissulega ekki stórt fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð eða þá, sem að rekstri skólanna standa.

Þá kem ég að 13. og síðustu brtt. okkar, við 24. gr., og það er að mínum dómi eitt veigamesta atriðið, sem í brtt. okkar felst. Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að sameign ríkisins samkv. l. um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru af ríki og sveitarfélögum, er afmörkuð við skóla gagnfræðastigsins og húsmæðraskólana. En ég benti á, að með þessu frv. væru skólakostnaðarlögin látin taka til skólaflokks, sem hefði verið farið með eftir sérlögum hingað til, og á ég þar við iðnfræðsluna í landinu. Og ég benti á það, að í 25. gr. frv. segir, að skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, þ. e. a. s. frv., þegar það er orðið að l., skuli vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Af þessu leiðir, að þessi ákvæði eiga nú hér eftir að taka til iðnfræðslunnar.

Ég beindi þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvort það væri skilningur hans á frv. og ætlun hans í sambandi við þessa lagasetningu, að þetta ákvæði næði til hinna mörgu, tiltölulega smáu og dreifðu iðnskóla, sem nú starfa í landinu, eða hvort þetta ætti einungis að taka til þeirra nýju iðnskóla, sem reistir yrðu samkv. iðnfræðslulöggjöfinni frá síðasta þingi. Hæstv. ráðh. svaraði með einni setningu eða svo, sem var efnislega á þá leið, að hann teldi, að iðnskólarnir væru sameign ríkisins og sveitarfélaga. Þetta svar tel ég ekki rétt og ekki fullnægjandi svar við þeirri spurningu, sem ég lagði fyrir hæstv. ráðh. Mér er ekki kunnugt um, að það sé nokkurs staðar lagaboð um það nú, áður en þetta frv. er orðið að l., að þeir 20 iðnskólar, sem nú starfa víðs vegar um land, séu sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga. En mér virðist, eftir þessu frv. og eftir svari ráðh., að að því sé stefnt, að svo verði eftirleiðis. En í þessu felst raunar miklu meira en ég hafði orð á við 1. umr., og að því vil ég nú leyfa mér að víkja.

Það hefur verið talið ótvírætt til þessa, að barnaskólahúsin, öll skólamannvirki, sem eru reist í þágu barnafræðslustigsins í landinu, bæði í kaupstöðum og út um sveitir, séu eign sveitarfélaganna. Þetta hefur verið talið ótvírætt við setningu fræðslulöggjafarinnar hingað til, og við þurfum ekki annað en fletta upp fasteignamatsbókunum, sem gefnar eru út að tilhlutan fjmrn. og undirbúnar af þar til hæfum mönnum heima í héruðunum. Þar er sagt til um hverja einustu fasteign, hver sé eigandi hennar. Og ef við flettum upp fasteignamatsbókunum og skoðum barnaskólahúsin, hvort sem það er í Reykjavík, öðrum kaupstöðum eða í sveitum, stendur það skráð, óvefengjanlega, að þetta skólamannvirki, þetta skólahús sé eign viðkomandi sveitarfélags.

Nú segir í þessu frv., að það taki til barnaskóla, skóla gagnfræðastigsins, húsmæðraskóla og iðnskóla. Og 25. gr. kveður á um það, eins

og ég áður hef bent á, að skólamannvirki, sem l. þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Ég fæ ekki betur skilið en í þessum ákvæðum felist það, að með þessu ætli menn nú á skammri stundu að færa eignarhald barnafræðsluskólanna allra í landinu úr einhliða eign sveitarfélaganna yfir í sameign ríkisins og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Ef það er ætlunin, að þetta taki aðeins til þeirra skólamannvirkja, sem síðar verða byggð, eftir að þetta frv. er orðið að l., þarf áreiðanlega að orða þetta eitthvað öðru vísi, vegna þess að þessi lög taka í fjölmörgum atriðum til þeirra skóla, sem nú eru starfandi í landinu. Ég hefði nú talið sjálfsagt að leita um þetta efnisatriði álits sveitarfélaganna, a. m. k. stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og hefur það þó ekki umboð fyrir hin einstöku sveitarfélög til þess að ljá máls á eða segja til um breytingu á eignum þeirra. Ég hefði í sjálfu sér talið eðlilegt, að frv. væri sent út, t. d. í sýslurnar, til skoðunar og fengin umsögn um það, m. a. um þetta atriði. En þeir, sem standa að frv., virðast ekki hafa hug á þessu. Og það var út af þessu atriði, að ég mæltist til þess á skyndifundi í nótt, að þetta yrði skoðað betur nú fyrir hádegið í dag og á fund n. til kvaddir t. d. ráðh. eða ráðuneytisstjórar og jafnvel fleiri menn, en til þess hefur ekki gefizt tóm. Vegna þessa, svo og í hvaða farveg þetta mál er nú komið, leggjum við til, sem skipum minni hl., að hafa orðalagið á ákvæði núverandi 24. gr. frv. eins og það er í gildandi l., að afmarka sameign ríkisins og sveitarfélaganna við gagnfræðaskólastigið og húsmæðraskólana, eins og gert hefur verið undanfarin 10 ár, og raunar lengur um gagnfræðaskólana. En ef till. okkar verður samþ., er aðstaða barnafræðslustigsins óbreytt frá því, sem verið hefur, og aðstaða iðnskólanna líka óbreytt að þessu leyti frá því, sem verið hefur. Ef ástæða þætti til við nánari athugun síðar, á næsta þingi eða síðar, eftir að menn hefðu þá kynnt sér álit sveitarstjórnarmanna um þetta, að færa málið í þann farveg, sem frv. að þessu leyti myndar, er nægur tími til að koma þeirri breyt. á löggjöfinni að síðar.

Ég vil svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en tel, að ég hafi gert grein fyrir þessum till. okkar, og þó ekki sízt þessu síðasta efnisatriði, sem ég gerði að umræðuefni.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég tel ástæðu til að segja nokkur orð í tilefni af því, sem hv. síðasti ræðumaður, 4. þm. Austf. (PÞ), gerði að umtalsefni í síðasta hluta ræðu sinnar, þ. e. a. s. það, sem hann sagði um ákvæði frv. um það, að barnaskólar skyldu skoðaðir sameign ríkis og sveitarfélaga.

Fyrir 1946, er fræðslulög, sem höfðu inni að halda ákvæði um greiðslu kostnaðar við skólahald, voru sett, greiddi ríkissjóður aðeins styrk til barnaskóla utan kaupstaða, en engan styrk til barnaskóla í kaupstöðum. Í löggjöfinni 1946 var hins vegar svo kveðið á, að ríkið skyldi styrkja alla barnaskóla, sem og raunar gagnfræðaskóla og fleiri skólategundir, og skyldi kostnaðurinn skiptast í vissum hlutföllum á milli ríkis og sveitarfélaga. Það mun rétt hjá hv. þm., að í þeirri löggjöf var ekki kveðið á um það beinum orðum, að skólarnir skyldu upp frá því skoðast sameign ríkis og sveitarfélaga. Hins vegar var frá upphafi tekið að líta þannig á, að svo væri, og allar götur síðan 1946 hefur ekkert sveitarfélag nokkru sinni hreyft öðrum skilningi á þessu atriði, enda má segja, að það hafi raunar aldrei haft beina þýðingu, haft sérstaka fjárhagsþýðingu, hvort þetta væri svo eða ekki. Þannig hefur verið litið á allar götur síðan 1946. Þegar svo löggjöf um skólakostnað var sett fyrir tæpum 10 árum, hefur af einhverjum ástæðum, sem mér er ekki fullkunnugt um, ekki þótt ástæða til þess að taka bein ákvæði um þetta inn í þau skólakostnaðarlög, lögin frá 1955, þó að allir, bæði embættismenn ríkisins og embættismenn sveitarfélaganna, hafi talið það vera orðið svo í reynd, að þessir skólar eins og aðrir, sem ríki og sveitarfélög byggja og reka sameiginlega, séu sameign ríkis og sveitarfélaga, enda má geta nærri, hversu óeðlilegt það væri, ef það sama gilti ekki um barnaskólana og gildir t. d. um gagnfræðaskóla, húsmæðraskóla og aðrar skólategundir. Þess vegna vildi ég mega líta þannig á, að það hafi í raun og veru verið misgáningur að taka ekki skýr ákvæði um þetta inn í lögin 1955, og úr því er bætt nú í þessu frv. Auðvitað er mönnum það ljóst, þau atriði, sem hv. þm. gat um, að tekin yrðu upp skýr ákvæði um barnaskólana, og það er gert í fullu samráði við fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga og fulltrúa langstærsta sveitarfélagsins, Reykjavíkurborgar, sem unnu að undirbúningi þessa máls á öllum stigum.

Tvö atriði vildi ég nefna, og gæti þó nefnt fleiri, þeirri skoðun til stuðnings, að undanfarna áratugi, undanfarin 20 ár, hafi verið litið þannig á mótmælalaust, að um sameign hafi verið að ræða, en þau eru eftirfarandi: Þegar kostnaðarhlutdeild ríkisins í rekstrarkostnaði heimavistarskóla í sveitum var breytt úr 1/4 upp í 3/4, var það beinlínis gert til samræmis við eignaraðild ríkis og sveitarfélaga að þessum skólum, vegna þess að ríkið hefur lagt til 3/4 stofnkostnaðarins og er þar með talið eigandi að þremur fjórðu að þessum mannvirkjum. Var talið rétt, að viðhald þeirra skyldi skiptast í sama hlutfalli. Þannig var þessu breytt 1955, og síðan hefur ríkissjóður greitt 3/4 hluta viðhaldsins í þessum stofnunum.

Annað atriði, sem einnig tvímælalaust styður það, að þannig hafi verið litið á, að skólarnir séu sameign ríkis og sveitarfélaga, er það, að þegar þessir skólar hafa haft tekjur,

sem komið hefur fyrir, hefur þeim verið skipt í því sama hlutfalli, sem talið hefur verið eignaraðild að skólunum, sem sagt annaðhvort hefur ríkið fengið helming og sveitarfélagið helming, ef um þess konar skóla hefur verið að ræða, eða ríkið fengið 3/4 og sveitarfélagið 1/4, ef um þess konar skóla hefur verið að ræða. Þessi tvö atriði vildi ég nefna sem dæmi um hið almenna samkomulag um þann skilning, að í sameigninni um barnaskóla og aðra skóla, sem reknir eru og kostaðir sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, sé eignarhlutdeild í þeim í sama hlutfalli og greiðsla til stofnkostnaðar þeirra.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Í sambandi við það mál, sem hér er til umr., frv. til l. um skólakostnað, vildi ég segja nokkur orð um vinnubrögð hér á hv. Alþ. og málsmeðferð alla. Það er öllum hv. alþm. kunnugt, að núna síðustu daga þings hefur hvert stórmálið rekið annað, sem hafa verið knúin í gegn á óeðlilega skömmum tíma, án þess að Alþ. gæfist kostur á að fjalla um flókin löggjafarmálefni, sem eðlilegur er og nauðsyn ber til. Því miður er þetta ekki alveg ný bóla, að þannig lendi allt í hnút undir þinglok, en mér virðist, að þetta fari svo að segja árversnandi. Ég minnist þess, að þannig var statt undir þinglok í hitteðfyrra, að þá var rekið fast á eftir því, að hvert stórmálið á fætur öðru væri afgreitt með hraði og varla hægt að gefa þn. svo að segja nokkurt tóm til þess að kanna málin. Þetta var dálítið skárra á síðasta þingi, undir lokin á síðasta þingi, en nú virðist mér, að raunar keyri alveg úr hófi. Ég vil minna á það, að þessa allra síðustu daga þingsins hafa svo viðamikil mál verið til meðferðar eins og vegáætlunin, sem verið var að afgreiða nú í Sþ., eins og hafnarlög, eins og orkulög og síðast, en ekki sízt sú löggjöf, sem hér er til umr., ný löggjöf um skólakostnað.

Ég vil leggja á það áherzlu, að ég tel þessi vinnubrögð afar varhugaverð og raunar fyllilega ámælisvert, að þegar um er að ræða viðamikil mál, sem snerta fjölda fólks og fjölda stofnana sveitarfélaga um land allt, skuli Alþ. ekki gefast tóm til þess að fjalla um slík mál með eðlilegum og ég vil segja þinglegum hætti. Það eru hinar venjulegu aðferðir við könnun þingmála hér á Alþ., að eftir að þau hafa verið rædd við 1. umr., eru þau send til n. N. taka síðan til starfa og byrja gjarnan á því að senda málin, jafnvel hversu einföld og smá sem þau eru, til umsagnar hinna og þessara aðila, sem málið snertir eða kunnugir eiga að vera, og þetta er vissulega góð regla og er alveg sérstaklega ástæða til að fylgja henni, þegar um viðamikil mál og margþætt og flókin er að ræða. Í sambandi við meðferð þessa máls hefur því miður ekki verið hægt að hafa slíkan hátt á. Ef ég man rétt, var þetta frv. að vísu lagt fram skömmu áður en alþm. fóru í páskaleyfi, en raunverulega hefur það ekki verið til meðferðar hér í hinu háa Alþ. nema í mjög skamman tíma, og eins og hv. dm. hér vita, var það ekki fyrr en síðdegis í gær, sem þetta veigamikla mál kom hingað til d., eða raunar ekki fyrr heldur en í gærkvöld, að 1. umr. fór fram. Síðan var nefndarfundur haldinn, stuttur, um þetta mál um miðnætti s. l. nótt. Ég sótti ekki þann fund og ég vil nota þetta tækifæri til þess að mótmæla alveg sérstaklega þeim vinnubrögðum, sem höfð eru í sambandi við jafnviðamikið og sérhæft mál og þetta.

Ég mun ekki fara langt út í þá sálma að ræða um einstök atriði þessa frv. Mér sýnist, að það sé tvímælalaust eitt og annað til bóta, en sitthvað vafalaust það hæpið, að full ástæða hefði verið til, að tóm hefði gefizt til þess að athuga þá hluti betur. Þetta mál hefur þegar tekið mjög verulegum breytingum í hv. Nd., og eftir því sem mér sýnist, eru þær flestar til bóta, en þessari hv. d. hefur í rauninni ekki gefizt neinn kostur á að fjalla um þetta mál með eðlilegum hætti. Þegar málið var lagt fram og enginn skriður sérstakur var á þessu máli, datt mér ekki annað í hug en hér væri verið, eins og mjög algengt er með veigamikil frv., að kynna þetta mál, sýna það fyrir þinglok, til þess að hægt yrði að athuga það nánar, áður heldur en nýtt Alþ. kæmi saman, sem síðan ætti að fjalla um þessa löggjöf. En það reyndist nú ekki vera, og nú alveg að þinglokum er lagt á það ofurkapp að knýja þetta mál fram. Ég vil af þessu sérstaka tilefni vekja athygli á því, að það virðist vera sívaxandi tilhneiging hjá hæstv. ráðh. til þess að láta Alþ. afgreiða flókin stórmál á síðustu dögum þinga. Þessi aðferð er vissulega óheppileg og hún er meira að segja hættuleg. Hún er að mínu viti sérstaklega hættuleg sjálfu Alþ. og virðingu þess. Ég vil af þessu sérstaka tilefni beina því til hæstv. ríkisstj., og það mætti þá verða einnig til athugunar fyrir komandi ríkisstj., að það er óráð að halda áfram á þessari braut. Það getur að sjálfsögðu alltaf átt sér stað með eitt og eitt mál, sem nauðsyn ber til eða þykir bera til að samþykkja og láta hafa forgang, e. t. v. á síðustu dögum þings. Það kann að standa þannig á með eitt og eitt mál, en hitt er óhæfa, að þannig skuli vera ástatt um fjölda stórmála, að þau geti í rauninni ekki fengið þinglega meðferð. Slík þróun mála, sem hefur því miður orðið meir og meir áberandi nú hin síðari ár, er vissulega til þess fallin að útbreiða þá skoðun, að Alþ. sé í rauninni alltaf að verða valdaminni og valdaminni stofnun, og með því að þola slík vinnubrögð eins og þessi mótmælalaust, er ég smeykur um, að Alþ. glati smám saman þeim sessi og þeim áhrifum, sem það getur haft og á að hafa sem löggjafarstofnun. Ég óttast, að það kunni að glata áliti og virðingu, ef þannig verður áfram haldið að gefa alþm. ekki kost á að fjalla um stórmál með eðlilegum hætti. Ég tel fullkomlega tímabært og alveg nauð-

synlegt, að á þetta sé bent og þetta sé sérstaklega undirstrikað í sambandi við meðferð þessa máls. Um einstök efnisatriði þess ætla ég svo ekki að ræða.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Eftir að ég mælti fyrir brtt. minni hl. menntmn. fyrr á þessum fundi, hélt hæstv. menntmrh. stutta ræðu til að gera grein fyrir efnisatriði einnar gr. frv., sem við flytjum brtt. við. Það kom fram í ræðu ráðh., að hann viðurkennir, að sú skoðun, sem ég hef haldið fram um ákvæði frv. í þessari gr., er rétt, og ég tel það vel farið, að þetta kom skýrt fram í orðum hans, af því að það liggur þá skýrt fyrir, hvert efni þessa máls er. Og ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir það.

Hins vegar verð ég að segja, að skýringar hæstv. ráðh. á þessu missa gersamlega marks. Hæstv. ráðh. fór að minna á, hvernig hlutdeild ríkissjóðs hafi smám saman verið aukin í stofnkostnaði skólabygginga með lagabreytingum, t. d. 1946. Út af fyrir sig er það rétt, sem hæstv. ráðh. sagði um það, en það er bara annað mál eða annar þáttur málsins. Aukin hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði skólabygginga hefur það ekki í för með sér, að það sé sjálfsagt eða hafi verið ætlun Alþ. að breyta í því sambandi eignarumráðum mannvirkjanna, og ég vil í þessu sambandi gera ofurlítinn samanburð við önnur mannvirki. Ég nefni sjúkrahúsin. Við höfum verið að smáauka hlutdeild ríkissjóðs með breytingum á sjúkrahúsal., þannig að nú greiðir ríkissjóður sums staðar 40, sums staðar 60 og upp í 67% af stofnkostnaði sjúkrahúsa. En þessi lagabreyting hefur ekki haft þau áhrif, að breytt sé um eignarrétt eða eignarumráð á sjúkrahúsunum í landinu, þannig að þau séu yfirfærð til ríkisins í sambandi við þessa aukningu á framlögum til stofnkostnaðar. Sjúkrahúsin eru eftir sem áður eign sýslnanna eða bæjarfélaganna, og ég hygg, að það þætti tíðindum sæta, ef hér á Alþ., e. t. v. á skyndifundi að lítt athuguðu máli, væri gerð sú lagabreyting, að sjúkrahúsin yrðu að meira eða minna leyti færð yfir í eigu ríkisins. Ég tek annað dæmi. Það eru hafnarmannvirkin. Það er sömu sögu að segja, að með lagabreytingum hefur verið aukinn hluti ríkissjóðs í stofnkostnaði hafnarmannvirkjanna og nú höfum við milli handanna frv., sem gengur í þá átt. Við höfum milli handanna frv., sem kveður svo á, að það skuli færa stofnkostnaðarframlag ríkissjóðs upp í 75% af veigamiklum framkvæmdum við hafnargerðir. En fylgir það því, að með því frv., sem við erum hér að fjalla um, eigi að breyta eignarumráðum yfir höfnunum? Nei, það er ekki ætlun Alþ. eða ætlun hæstv. ríkisstj., sem ber það frv. fram. Sveitarfélögin eiga að telja hafnarmannvirkin sína eign eftir sem áður og annast rekstur hafnanna á sama veg og verið hefur. Þessi skýring hæstv. ráðh. missir því gersamlega marks.

Þá vék hæstv. menntmrh. að því, eða það mátti skilja á orðum hans, að það hefði — ja, einhvern veginn fallið niður eða þess hefði ekki verið gætt, þegar ákveðið var að auka framlag ríkissjóðs til skólabygginganna, einkum með l. frá 1946, að færa eignarumráð barnaskólanna yfir á hendur ríkisins í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Ég verð nú að telja, að þeir, sem fjölluðu hér á hv. Alþ. um þá löggjöf veturinn 1945—1946, hafi alveg eins góð skilyrði til þess að rifja þetta upp eins og hæstv. ráðh., sem þá var ekki kominn í þessa stofnun og hefur e. t. v. verið erlendis við sitt háskólanám. Ég man það nú ekki fyrir víst. En ég fullyrði, að frá þessu atriði var gengið í l. frá 1946 að vel athuguðu máli og af ráðnum hug. Það var ekki af neinni vangá af hálfu Alþ., að svo var frá þessu atriði gengið eins og þá var gert og staðið hefur í l. síðan. Þetta mætti skýra með fleiri orðum, ef ég vildi eyða tíma til þess. En 1954 koma þessi mál aftur til íhugunar hér á hv. Alþ. með l. um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Það verður nú að virða mér það til vorkunnar, þó að ég hafi ekki, við það annríki, sem hér hefur verið í dag, getað komið því við að lesa þskj. frá liðnum tíma. Ég verð því að treysta á minni mitt. En mig minnir, að frv. að l. um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, sé samið af einum fremsta lögfræðingi þessa lands, Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara, fyrir beiðni ríkisstj. Ólafs Thors, sem sat að völdum frá 1953—1956. En menntmrh. í þeirri stjórn var Bjarni Benediktsson, núv. hæstv. forsrh., og embættis hans vegna hlaut það að falla í hans hlut að vera í fyrirsvari í þinginu um þessa löggjöf, sem gilt hefur um greiðslu skólakostnaðar nú í rúm 10 ár. Dettur hv. þm. það í hug, að höfundur þessa frv. hafi ekki vitað, hvað hann var að fara, þegar hann afmarkar í frv. og síðar í l. sameignina við gagnfræðaskólastigið og húsmæðraskólastigið, og fyrirsögn l. segir sína sögu um þetta, því að l. heita ekki lög um greiðslu kostnaðar við skóla, sem eru sameign ríkisins og sveitarfélaganna, heldur greiðslu kostnaðar skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og höfundurinn hefur vitanlega af sinni þekkingu og greind hagað fyrirsögninni á þennan veg, vegna þess að barnaskólahúsunum var ekki ætlað að vera sameign ríkisins og sveitarfélaganna, enda var þannig frá l. gengið, eins og raun ber vitni um. Og þau hafa staðið þannig óbreytt nú í rúm 10 ár. Ég geri ekki ráð fyrir því, að ég þurfi að rökstyðja þetta öllu frekar. Ég geri ekki ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. eða öðrum þdm. detti það í hug, að þáv. menntmrh. og Alþ., eins og það var skipað, þegar þessi lög voru sett, hafi gengið svona frá málum eins og raun er á af ógætni eða af vangá. Nei, þetta hefur verið gert að vel athuguðu ráði.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég tel alveg fráleitt og raunar furðu gegna, ef menn ætla nú á síðustu stundu þessa þinghalds að afgreiða þessa frvgr. óbreytta, án þess að hafa leitað um þetta álits sveitarfélaganna. En eins og málum er nú komið, er hægt að komast fram hjá þessum vanda, vil ég segja, með því að samþykkja síðustu brtt. okkar á þskj., og ef menn hafa áhuga á því, hæstv. ríkisstj. eða aðrir, að stefna að því að gera þessa skipulagsbreytingu á eignarumráðum barnaskólanna, sé það gert síðar og athugað miklu betur en kostur er nú á þessari stundu.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt ábending, sem var tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs. Í umr. um þetta mál hafa komið fram tilmæli um, að staða héraðsskólanna verði tekin til athugunar milli þinga, staða skólanna og fjárhagslegur stuðningur ríkisins við þá. Ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. menntmrh., hvort ekki mætti taka til athugunar í sambandi við þessa endurskoðun, að ríkissjóður styddi að einhverju leyti kennslu, sem haldið er uppi fyrir nemendur á unglingafræðslustigi í skólum, sem reknir eru af öðrum en ríki og sveitarfélögum. Ég á hér sérstaklega við einn skóla, heimavistarskólann í Hlíðardal í Ölfusi, sem rekinn er af samtökum aðventista og hefur verið rekinn um nokkurra ára bil, að því er ég ætla, af mikilli fyrirmynd að dómi þeirra, sem til þekkja. Þennan skóla hefur sótt mikill fjöldi nemenda, bæði úr nágrannasveitarfélögum og eins úr Reykjavíkurborg, og ég hygg, að meðal þeirra nemenda séu unglingar, sem eiga nú e. t. v. við erfiðar heimilisástæður að búa eða af öðrum ástæðum þykir heppilegt, að dveljist á heimavistarskólum.

Það má færa viss rök fyrir því, að rétt væri, ef tök væru á, að finna form fyrir því, að ríkið veitti til rekstrar slíks skóla einhvern stuðning og í sambandi við ákvæði, sem hafa verið tekin út úr þessu frv., hygg ég eðlilegt, að heimasveitarfélagi hvers nemanda í slíkum skóla verði gert að greiða einhvern hlut í rekstri skólans, og þannig mætti t. d. koma til móts við þær sanngjörnu kröfur, sem ég veit, að komið hafa frá forráðamönnum skólans um það, að þeir hljóti einhvern stuðning.

Fyrst ég á annað borð kom hingað, vil ég aðeins láta þess getið, að mér þykir þetta frv. stórt skref í rétta átt og má til með að lýsa furðu minni yfir því orðalagi, sem notað er í nál. hv. minni hl. menntmn., þar sem hann telur, að sum ákvæðin séu að vísu til bóta miðað við gildandi lög, önnur aftur á móti varhugaverð eða jafnvel spor aftur á bak. Hv. frsm. minni hl. hafði á orði þann mismun, sem er á aðstöðu unglinga í dreifbýli og þéttbýli til skólanáms, og í sambandi við það hugðarefni, sem margir bera fyrir brjósti, þá brýnu nauðsyn að skapa unglingum í sveitum sömu aðstöðu til að njóta skólagöngu og unglingar í þéttbýli hafa, verð ég að segja, að þetta frv. er mjög stórt skref í rétta átt, með því að ríkissjóður tekur á sig, í þeim tilvikum, þar sem sveitarfélög, tvö eða fleiri, sameinast um rekstur skóla, bókstaflega allan stofnkostnað. Um þessar mundir er ástandið þannig í sveitum landsins, að af 220 barnaskólum landsins eru um 40 farskólar með um 700 nemendur. Þetta ástand er náttúrlega ekki viðunandi til frambúðar, og ég hygg, að þetta frv. marki mjög stór spor í að koma fræðslumálum dreifbýlisins í viðunandi horf. Þetta vildi ég, að kæmi fram og hygg, að kostir þessa frv. séu svo veigamiklir, að fyllsta ástæða sé til, enda þótt málsmeðferð sé ekki eins og æskilegt væri, að leggja áherzlu á, að það verði afgreitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 595,1 felld með 11:6 atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 595,2 felld með 11:6 atkv.
6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 595,3 felld með 11:6 atkv.
7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 595,4 felld með 11:5 atkv.
8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 595,5 felld með 11:6 atkv.
12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 595,6 felld með 11:5 atkv.
13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 595,7 felld með 11:5 atkv.
14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 595,8 felld með 11:6 atkv.
15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
16.—18. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 595,9 felld með 11:6 atkv.
19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 595,10 felld með 11:6 atkv.
20.—21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 595,11 felld með 11:6 atkv.
22. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 595,12 felld með 11:6 atkv.
23. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 595,13 felld með 11:6 atkv.
24.—29. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 629).

49. Stjórnarskipunarlög (stjfrv.).

Á 55. fundi í Ed., 20. marz, var útbýtt:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944 [170. mál] (stjfrv., A. 370).

Á 56. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem menn rekur minni til, var á síðasta Alþ., hinn 22. apríl, samþ. þáltill. þess efnis aðallega, að athuga skyldi, hvort tímabært væri og æskilegt að lækka kosningaaldur. Í því skyni var kosin nefnd, sem hefur nú skilað áliti, og er það undirritað hinn 9. febr. 1967. Aðalatriði þess álits er prentað á síðu 6 í fskj. með því frv., sem hér liggur fyrir, þar sem sagt er:

„Þegar litið er til framangreindra atriða og annarra viðhorfa, er það sammæli n., að rétt sé að hverfa að því að lækka kosningaaldur til alþingiskosninga og annarra almennra kosninga frá því, sem nú er. Skiptar skoðanir voru hins vegar um það innan n., hve langt ætti að ganga í þessu efni, en n. er þó sammála um það að mæla með því, að hann verði á þessu stigi lækkaður um eitt ár eða niður í 20 ár."

Um þetta voru allir nm. sammála, og færa þeir að því þau rök, að staða ungra manna í þjóðfélaginu hafi breytzt verulega hina síðustu áratugi og þá ekki sízt hin allra síðustu ár, þannig að þeir hafi nú mun sjálfstæðari stöðu, bæði í sínu eigin lífi, um hjúskaparstofnun og tekjur, heldur en áður var, og færa að þessu ákveðin rök, svo sem nánar kemur fram í þessu nál. Ég hygg, að allt þetta sé ómótmælanlegt og rökstyðji, að eðlilegt sé að lækka kosningaaldurinn, en hann var lengst af 25 ár, en lækkaður á árinu 1934 í 21 ár.

Nú er kosningaaldur einnig hinn sami og kjörgengisaldur, en áður var þar á munur, þannig að kjörgengisaldurinn var hærri. Eðlilegt er, að menn athugi einnig, hvernig þessu er fyrir komið í öðrum löndum, og þá eru um það allmismunandi reglur. Því verður ekki neitað, að þau þjóðfélög hafa verið fúsust til þess að lækka kosningaaldur, þar sem kosningarétturinn hefur minnsta þýðingu. Hin hafa aftur á móti verið íhaldssamari í þessum efnum, þar sem almennar kosningar raunverulega ráða, hvaða úrslitaákvarðanir eru teknar um stjórn þeirra ríkja, sem hlut eiga að máli. En þó að reglur séu um þetta býsna misjafnar, er það einnig svo erlendis, að þróunin fer greinilega í þá átt að lækka kosningaaldurinn, eins og n. varð sammála um að leggja til að gert yrði hér.

Aðalágreiningur innan n. virðist hins vegar hafa verið um það, að sumir hafa viljað láta það standa meira eða minna opið fyrir almenna löggjafann að kveða nánar á um, hver kosningaaldurinn skyldi verða. Mér virðist þó, að lágmark hafi átt að vera 18 ár. Fyrir þessu má færa þau rök, að eðlilegt sé að breyta þessu smám saman, að þróunin fari í þá átt að jafna þann mismun á ungum og gömlum, sem áður var, og óþarft sé að ómaka stjórnarskrárgjafann með slíkum breytingum. Hér er hins vegar um slíkt grundvallaratriði allrar stjórnskipunarinnar að ræða, að eðlilegra sýnist, að um þetta sé kveðið á í sjálfri stjórnarskránni og þá hægurinn hjá svipað og nú að gera þessa breytingu, þegar hvort eð er á að ganga til almennra kosninga, þannig að óþarfa ómak af þeim sökum verður trauðlega mikið. Og ef menn koma sér saman um að lækka kosningaaldurinn nú ofan í 20 ár, eins og lagt er til í till. n., virðist ósennilegt, að á því yrði gerð breyting á næstu 3—4 árum, hvort eð er. Það er ærinn tími til þess að gera það, næst þegar almennar kosningar fara fram. Það varð þess vegna ofan á og ríkisstj. varð um það sammála að leggja til að breyta þessu ákvæði þannig, að 20 ára aldur kæmi í stað 21 árs aldurs. Þetta þykir næg breyting að sinni. Með því er engan veginn sagt, að menn geti ekki á síðari stigum málsins hugsað sér meiri breytingar, en eins og ég gerði grein fyrir, er þetta það spor, sem allir nm. komu sér nú saman um að leggja til að stigið yrði, og engar ákvæðnar till. voru um það, að efnislega yrði farið lengra að þessu sinni en hér er fallizt á.

En úr því að þessu ákvæði átti að breyta, þótti rétt að færa kosningarréttarskilyrðin til meira samræmis við eðlilega reglu, ef svo má segja, heldur en þau hafa verið, og var það þó einkum ákvæðið varðandi 5 ára búsetu, sem ekki þótti lengur eiga við. Þetta ákvæði komst inn, þegar við áttum í stjórnskipulegum deilum við Dani, og var til þess að draga úr hættum, sem ýmsir töldu stafa af jafnréttisákvæðum þeim til handa. Ég hygg, að það hafi þegar verið í stjórnskipunarl. frá 1915 og endurnýjað með nokkuð öðrum hætti í stjórnarskránni 1920. Það er ljóst, að þessi langa búseta á ekki lengur við, eftir að orsakir hennar eru úr sögunni, og ástæðan til þess, að menn hafa ekki breytt þessu, er, að þessi hluti stjórnarskrárinnar hefur verið látinn óhaggaður. Menn héldu sig 1944 að beinum formlegum breytingum, sem urðu nauðsynlegar vegna lýðveldisstofnunar, og síðan að þeim breytingum, sem hafa verið óhjákvæmilegar vegna breytingar á kjördæmaskipan. En efnislega hygg ég, að enginn sé lengur með því að hafa 5 ára búsetu. Hins vegar er það rétt, sem mér var bent á, að búsetuskilyrðin hafa alveg fallið niður, og það er meira en ætlunin var, og kemur í ljós, að aldrei er neitt mál of vel skoðað. Ég þóttist hafa rennt augunum yfir þetta aftur, eftir að frá því var gengið, en þarna hafa orðið nokkur mistök, sem er hægur hjá að leiðrétta

við meðferð málsins á þingi, vegna þess að að sjálfsögðu er það eðlilegt, að þess sé krafizt, að menn séu búsettir hér, og raunar ekki óeðlilegt, að þess sé krafizt, að menn hafi verið búsettir t. d. um eins árs bil, eins og löngum var skilyrði um kosningarrétt og kjörgengi. En látum það vera. A. m. k. er búseta í landinu eðlilegt skilyrði fyrir kosningarrétti að mínu viti.

Hins vegar var sérstaklega athugað, hvort ástæða væri til að fella niður skilyrðið um óflekkað mannorð, sem sums staðar hefur verið fellt niður annars staðar. En það þótti þvílík efnisbreyting, að ekki væri ástæða til þess nema að betur athuguðu máli að fella það úr gildi. Ég vil hins vegar taka fram, að ef menn hér í d. eða á Alþ. í heild telja, að rétt sé að haga þessu með svipuðum hætti og á sér stað nú hjá okkar nágrannaþjóðum, finnst mér það vel koma til athugunar. En sú athugun, sem fram fór og var að vísu í skyndi gerð, þegar þetta frv. var undirbúið, leiddi til þess, að menn töldu ekki ástæðu til þess að fella þetta skilyrði niður. Hins vegar er það nú sem áður mjög rúm heimild, sem löggjafinn er talinn hafa til þess að túlka, hvað í þessu skilorði felst, og naumast í samræmi við almenna réttarvitund enn, að því er ég hygg, að fella skilorðið alveg niður. Það er þó, eins og ég segi, til athugunar. En eitthvert búsetuskilyrði er tvímælalaust rétt að hafa, þó að því hafi verið sleppt, þegar 5 ára búseta var felld niður.

Þá var einnig breytt ákvæði varðandi túlkun á því, hvort konur teldust fjár síns ráðandi við giftingu. Þetta hefur ekki átt við alllengi miðað við núverandi löggjöf, og var því eðlilegt, að það væri fellt niður.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta frv. Efni málsins er einfalt og ljóst. Það er hins vegar greinilegt, að ef frv. verður samþ. nú og aftur að þingkosningum loknum, er eðlilegt, að þegar í stað verði gerðar aðrar og fleiri breytingar á réttarstöðu ungra manna í samræmi við frv.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. fari til 2. umr. Ég hygg, að oftast hafi verið venja, að sérstök stjórnarskrárnefnd hafi verið skipuð til meðferðar stjórnarskipunarfrv., en hvort menn, vegna þess að málið er ekki stærra eða flóknara að þessu sinni heldur en ég hef nú gert grein fyrir, telja nóg, að það fari til allshn., læt ég á vald forseta og hv. d., en bendi á, að þetta tvennt kemur til varðandi nefndarskipun.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að lýsa yfir fylgi við þetta frv. Ég tel eðlilega þá meginbreytingu, sem í því felst, sem er lækkun kosningaaldurs úr 21 ári niður í 20 ár. Ég fellst einnig algerlega á þá breytingu, sem felst í þessu frv., að felld er niður 5 ára búseta í þessu landi sem skilyrði kosningarréttar. Sú krafa var eðlileg, meðan ekki var krafizt ríkisborgararéttar, en eftir að ríkisborgararéttar er krafizt, er hún að mínu viti mjög óeðlileg. Hvort eitthvert annað og styttra búsetuskilyrði eigi að koma í staðinn, hef ég ekki sérstaklega hugleitt, en eðlilegast finnst mér, að ekki séu gerð nein sérstök búsetuskilyrði, heldur sé það eftirlátið kosningalögunum að kveða þar á um. Mundi það væntanlega birtast í því, að kosningalög setja ákvæði um það, að til þess að eiga kosningarrétt í kjördæmi, þurfi maður að hafa átt þar heima á ákveðnum degi, við hvaða tímamark sem það væri miðað. Mér sýnist þess vegna ekki nein óhjákvæmileg nauðsyn til þess að setja neitt sérstakt búsetuákvæði inn í stjórnarskrárgreinina, þó að segja megi, að það spilli náttúrlega ekki að taka það þar fram, að menn þurfi að vera búsettir hér á landi, ef menn vilja þá hafa það. Það er ekki endilega nauðsynlegt að gera ráð fyrir því. Ég er að sjálfsögðu einnig sammála því, að fellt er niður það ákvæði, sem nú er í 33. gr. stjórnarskrárinnar, um það, að gift kona teljist fjár síns ráðandi, þó að hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum. Það er eins og hæstv. forsrh. drap á, að það skilyrði er algerlega út í hött og hefur verið lengi og því eðlilegt að nema það burt, þegar breyting er gerð á þessari stjórnarskrárgrein.

Það er augljós prentvilla í grg., þar sem talað er um, að niður sé felld 3. mgr., það á að vera 2. mgr., en kemur náttúrlega ekki að sök, þar sem þetta er fullskýrt í gr.

2. mgr. er svo samhljóða 3. mgr. nú og er á þann veg, að kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar. Ég er því sammála, að þetta ákvæði standi óbreytt. En um leið verða menn að gera sér það ljóst, að það veitir mjög viðtækar heimildir og mikið svigrúm fyrir almenna löggjafann að haga þessu á þá lund, sem hann kýs, og hefur það verið gert í framkvæmdinni hér áður.

Að sjálfsögðu telja ýmsir menn þörf á frekari breytingum á stjórnarskránni og ýmsum ákvæðum hennar. En þar sem hér er um það að ræða, að um meginatriði þessa frv. hefur fjallað nefnd skipuð fulltrúum allra flokka, hún hefur orðið sammála um að ganga svo langt í þessu efni sem hér segir og gera vissa breytingu á kosningaaldrinum, og ég tel þær litilfjörlegu breytingar, vil ég segja, sem að öðru leyti eru gerðar á gr., sjálfsagðar og eðlilegar, þá munum við framsóknarmenn ekki flytja neinar brtt. við þetta frv., eins og það hér liggur fyrir, heldur stuðla að því, að það gangi með greiðum hætti gegnum þingið.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Á samkomum Alþfl. undanfarin ár og á tveimur síðustu flokksþingum hans hafa verið gerðar mjög ákveðnar og skorinorðar ályktanir þess efnis, að flokkurinn beitti sér fyrir því, að lækkaður yrði kosningaaldurinn úr 21 ári í 18 ár. Það var á grundvelli þessarar samþykktar, sem Alþfl.-menn fluttu þáltill. þá,

sem varð til þess, að sú mþn., sem frv. þetta samdi, hóf störf sín, og telur Alþfl. ástæðu til að fagna þeim áfanga, sem með frv. þessu er náð til móts við till. hans, og þrátt fyrir það að flokkurinn telji, að of skammt sé gengið til móts við þessar till., telur hann þennan áfanga svo mikilsverðan, að hann vill, eins og framkoma þessa frv. ber með sér, stuðla að því, að þetta frv. nái fram að ganga óbreytt, eins og það birtist á þskj.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Mér þykir ekki skrefið stórt, sem hæstv. ríkisstj. hefur stigið með þessu frv. Ég var ekki svo vel að mér, að ég byggist við slíku frv. nú að sinni, en þegar ég sá þetta frv. í gær, kom mér vart annað til hugar en hér væri um að ræða lækkun kosningaaldurs úr 21 ári niður í 18 ár. En hér er sem sagt aðeins um það að ræða að lækka kosningaaldurinn um eitt einasta ár. Í því sambandi er vert að spyrja sig: Borgar það sig að flytja frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskránni fyrir þetta lítilræði? Ég hef ekki heyrt margar raddir að undanförnu, sem óskuðu þess, að kosningaaldurinn yrði lækkaður um eitt ár. En ég hef heyrt margar raddir um það, að hann yrði lækkaður um 3 ár, úr 21 niður í 18, og hefði ég talið ómaksins vert að breyta stjórnarskránni fyrir það, en tæpast fyrir þetta eina ár, sem hér um ræðir. Ég er þeirrar skoðunar a. m. k., að tilhneigingin verði sú á komandi árum að lækka kosningaaldurinn af mörgum og margvíslegum ástæðum, sem ég skal ekki telja upp hér. Ég hefði þess vegna talið rétt annaðhvort að bíða með þetta frv., sem hér um ræðir, enn í nokkur ár eða stíga skrefið til fulls og lækka aldurinn niður í 18 ár. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. ekki þótt henta. Hún vill taka þetta í smáskrefum og breyta stjórnarskránni tvisvar eða þrisvar í staðinn fyrir einu sinni. Hæstv. forsrh., sem hafði orð fyrir þessu frv., gat þess, að allvíða væri kosningaaldurinn 18 ár, en það væri helzt í löndum, þar sem lýðræði væri takmarkað. Ég veit ekki, hvort þetta er rétt. En ég á bágt með að trúa því, að Samband ungra jafnaðarmanna eða Samband ungra sjálfstæðismanna sé að leita að slíkum fyrirmyndum, þegar þau gera ákveðnar till. og samþykktir um að skora á Alþ. að lækka kosningaaldurinn niður í 18 ár. Ég veit ekki um lýðræðið austan járntjaldsins, ég veit tæpast um það heldur í Bandaríkjunum, en það mun vera svo, að bæði austan hafs og vestan eru dæmi um, að ríki hafi kosningaaldurinn 18 ár. Hæstv. forsrh. benti á, að það væri kannske eitt og annað í þessu frv., sem væri vert að athuga nánar, og taldi sig ekki mótfallinn því. Og ég stend nú upp til þess að bæta við einu atriði, sem ég teldi vera rétt, að Alþ. athugaði nánar, og það er aðalatriði málsins, hvort ekki sé rétt að stíga skrefið til fulls, lækka kosningaaldurinn úr 21 ári og niður í 18 ár.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil einungis vekja athygli á því, að það er misskilningur hjá hv. síðasta ræðumanni, að hér sé eingöngu um að ræða till. ríkisstj. Hér er um að ræða till. þeirrar n., sem kosin var á síðasta Alþ. og eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. tók fram allir flokkar áttu fulltrúa í og voru sammála um. Till. þarf ekki að vera skynsamlegri fyrir það út af fyrir sig, en þetta er sú till., sem mþn. bar fram.

Ég hygg, að ef hv. þm. les grg., sjái hann einnig, að ég tók sízt of sterkt til orða, að kosningarétturinn er lægstur, þar sem hann er minnst virði. Við vitum, að það hefur ekki ýkjamikla þýðingu, hvort menn hafa kosningarétt eða kosningarrétt ekki í þeim mannflestu löndum, þar sem kosningarétturinn er 18 ára. Hitt veit hv. þm. jafnvel og ég, að kosningarréttur í Suðurríkjum Bandaríkjanna þykir ekki heldur ýkjamikils virði, a. m. k. fyrir menn, sem eru svartir á hörund, svo að ég sagði sízt of mikið um það í mínum orðum áðan.

Fyrir okkur flesta þm. er það hins vegar ekkert sérstakt viðmiðunartakmark, þessi 18 ár, frekar en 20 ár. Það er að vísu svo, að það eru aðallega lönd í austanverðri Evrópu, sem hafa 18 ár, en við teljum ekkert sérstakt keppikefli eða fullu réttlæti náð, þó að við þau lönd sé miðað.

Hvort mönnum þykir hins vegar ekki taka því að gera þessa breytingu, ef menn telja hér sanngirni á ferðum á annað borð, þá er á það að líta, að ef ég skil rétt þær tölur, sem birtar eru á síðu 6 í grg., þá er þarna um að ræða nokkur þúsund manns á hverju ári, sem munu öðlast kosningarrétt vegna þessara laga, en mundu ekki ella öðlast hann. Og það er þó vissulega töluvert takandi mark á því, hvort þessu fólki sé gert rétt til eða ekki, ef menn eru sammála um, að það sé eðlilegt, að menn hafi þennan rétt, ef þeir eru orðnir 20 ára. Lengra nær samkomulagið ekki enn, en þangað nær samkomulagið, og þá sýnist vera eðlilegt að gera þá breytingu.

Aths. hv. 3. þm. Norðurl. v. voru efnislega réttar, og ég get tekið undir þær, og það má segja, að hann bendi réttilega á, að það sé ekki endilega þörf á því að hafa í l. beint búsetuskilyrði, vegna þess að slíkt hljóti að koma fram, þegar ákveðið skuli, í hvaða kjördæmi menn eigi rétt á að greiða atkv. En ég spyr hann hins vegar sem lögfræðing, sem um þessi efni hefur fjallað með svipuðum hætti og ég fræðilega: Mundi þó ekki vera vissara að hafa sjálft búsetuskilyrðið, vegna þess að ella væri talið hæpið að setja það inn með löggjöf? Ég játa, að þetta er meira deila um keisarans skegg, um kenningu, heldur en raunveruleika, og sjálfur ber ég ábyrgð á frv., eins og það er lagt fram án þessa búsetuskilyrðis. En ég held þó að athuguðu máli, að það sé réttara að hafa sjálft búsetuskilyrðið í frv. Efnislega breytir það engu frá því, sem fyrir mönnum hefur vakað, og það má

segja, að skilyrði um eins árs búsetu í kjördæmum, sem áður var ekki fram tekið í sjálfri stjórnarskránni, en kosningalög leiddu til að haldið var, — þetta var aldrei vefengt að fengi staðizt, og hv. þm. getur bent á það sem fordæmi fyrir því, sem hann segir nú. En ég vildi þó, að menn íhuguðu þetta aðeins nánar.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það getur náttúrlega aldrei neinu spillt að setja þetta inn í sjálfa stjórnarskrárgreinina. Ef menn vilja vera algerlega öruggir, er það kannske réttara. Hins vegar finnst mér fyrir mitt leyti þess ekki vera nein þörf. Ég geri ráð fyrir því, að þeim íslenzkum ríkisborgara búsettum úti í löndum, sem ætlaði að óska eftir að kjósa hér á landi, yrði nokkuð erfitt um að fá sig dæmdan inn á kjörskrá í kjördæmi, af því að um það hljóta kosningalög að setja ákvæði, í hvaða kjördæmi menn eigi kosningarrétt, og hljóta að setja skilyrði fyrir því, að menn séu þar búsettir eða hafi verið þar búsettir á einhverjum degi, áður en kosning fer fram. En sem sagt, þetta atriði skiptir náttúrlega í sjálfu sér engu máli um efni frv., eins og hæstv. forsrh. sagði. Það eru allir sammála um, að þetta hljóti og eigi að vera svo, að það séu menn hér á landi búsettir, sem eigi kosningarrétt, þó kannske með vissum undantekningum, þannig að starfsmenn utanríkisþjónustu séu taldir hér heimilisfastir og fái að kjósa, þó að það sé náttúrlega hugargerð í sjálfu sér, því að raunverulega hafa þeir e. t. v. verið að ferðast úti í löndum áratugum saman, þannig að hvort sem þetta er látið vera óbreytt, eins og það er í frv., eða það er skotið inn alveg ákveðnu ákvæði um þetta, er fylgi mitt við frv. alveg óbreytt eftir sem áður. Það breytir auðvitað engu um það.

Viðvíkjandi því, sem kom hér fram í umr., um það, hvort setja eigi þetta kosningaaldursmark við 20 ár eða einhvern lægri aldur, vil ég segja það, að ég vil í þessu tilliti fyrst og fremst binda mig við það, sem samkomulag hefur náðst um. En það er auðvitað og verður algert álitamál, hvort það á kannske að miða við 20 ár eða 19 ár eða 18 ár. Það er álitamál, og það er svo sem ekki nein algeng regla í því efni, eins og menn sjá, þegar menn kynna sér, hvaða ákvæði gilda um þetta í öðrum löndum. En þetta er það mark, sem menn nú hafa orðið sammála um, og þess vegna get ég alveg fallizt á að samþykkja það. Og ég verð líka að segja, að mér finnst það heldur eðlilegt, þegar ekki er hreyft við kjörgengisskilyrðum, þ. e. a. s. þegar látin eru saman falla kosningaaldursskilyrði og kjörgengisskilyrði. En fari menn mjög langt niður með kosningarréttarskilyrði, býst ég við því, að ýmsum þætti eðlilegt að gera strangari kjörgengisskilyrði. Ég geri ráð fyrir því, að sumum þætti það vafasamt að miða kjörgengisaldur við 18 ár, þó að þeir gætu fallizt á það að miða kosningarrétt við 18 ár.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 370, n. 429 og 441, 430).

Frsm. meiri hl. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Meginefni þessa frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á 33. gr. stjórnarskrár fjallar um lækkun á aldursmarki um kosningarrétt við kosningar til Alþingis úr 21 í 20 ár. Forsaga þess, að frv. þetta er fram komið, skal ekki rakin hér. Það var gert við 1. umr. málsins hér í hv. d. og ekki ástæða til, að það verði endurtekið. Þess skal þó getið, að mþn. hefur fjallað um málið síðan í fyrra, og var hún skipuð 7 mönnum. Voru þeir allir sammála um að lækka aldursmarkið, en skiptar skoðanir voru um það innan n., hve langt skyldi ganga í því efni, en nm. voru þó sammála um það að lækka kosningaaldurinn í 20 ár að þessu sinni.

Samkomulag varð um það hjá ríkisstj. og stjórnarflokkunum að flytja frv. til breytinga á 33. gr. stjórnarskrárinnar í samræmi við þetta. Því er hins vegar ekki að leyna, að ýmsir, a. m. k. Alþfl.-menn, hefðu gjarnan fallizt á að ganga nokkru lengra í þessu efni.

Hv. 9. þm. Reykv. klauf allshn., sem um málið hefur fjallað, og ber fram á sérstöku þskj. brtt. við frv. á þann veg, að aldursmarkið verði fært niður í 18 ár. Enda þótt ég sé út af fyrir sig efnislega ekki á móti slíkri lækkun á aldursmarkinu, mun ég greiða atkv. gegn þeirri till., enda tel ég ekki við hæfi að rjúfa samkomulag, sem gert hefur verið um málið til tryggingar framgangi þess milli stjórnarflokkanna og ég hef áður getið um.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl. allshn., hefur meiri hl. n. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með breytingum, sem ég held að allir viðstaddir nm. hafi verið sammála um, einnig hv. 9. þm. Reykv. Hin fyrri breyting er um að fella inn í frvgr. ákvæði um lögheimili hér á landi sem kosningarréttarskilyrði. Verður að teljast eðlilegt, ef ekki nauðsynlegt, að slíkt ákvæði sé í gr. Hin breytingin er sú, að í stað orðsins „fjárráður" komi: ekki sviptur lögræði. Samkv. gildandi l. um lögræði verða menn ekki fjárráða fyrr en 21 árs og mundu því ekki öðlast kosningarrétt 20 ára, eins og ætlazt er til með frv., nema þessi orðalagsbreyting á því verði gerð. Þótt að vísu sú leið sé opin að breyta lögræðisl. til samræmis við ákvæði frv., þá varð n. sammála um, að eðlilegra sé að miða hér við lögræði en fjárræði, því að úr því að rök þykja fyrir því, að menn sviptir fjárræði hafi ekki kosningarrétt, hljóta að vera enn meiri rök fyrir því, að þeir, sem sviptir eru sjálfræði, hafi ekki þann rétt.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um

þetta mál. Það liggur ljóst fyrir, og aðalatriði þess voru rædd nokkuð ýtarlega við 1. umr. hér í hv. d. Einn nm., hv. 1. þm. Vestf., var ekki viðstaddur á fundinum, þegar n. afgreiddi málið.

Ég vil að lokum láta þess getið, að ég hafði áhuga á að fella niður óflekkað mannorð sem kosningarréttarskilyrði. Var um þetta rætt nokkuð ýtarlega á fundum allshn. Samstaða fékkst þó ekki um þessa breytingu, og vildi ég því ekki flytja um það brtt., sem kynni að leiða til þess að torvelda framgang frv. eða tefja hann.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál að þessu sinni. Ég hef í nál. minni hl. heilbr.- og félmn. gert nokkuð ýtarlega grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. til stjórnarskipunarlaga og fjölyrði því ekki um það nú.

Það er lagt til í frv. að lækka kosningaaldur um eitt ár, úr 21 ári niður í 20 ár. Hins vegar hefur löngum verið um það rætt að undanförnu að lækka kosningaaldur niður í 18 ár. Um það hafa margs konar samtök hér á landi gert samþykktir og m. a. sjálfur Alþfl. á þingi sínu 1963. Þá var honum gert að skyldu að beita sér fyrir því, að kosningaaldur yrði lækkaður niður í 18 ár. Nú hefur Alþfl. og aðrir þeir, sem vilja lækkun niður í 18 ár, sýnilega orðið fyrir andstöðu í þessu máli. Einhver öfl hafa verið því andvíg að lækka kosningaaldurinn. Útkoman, lækkun um eitt ár, er málamiðlun milli þessara afla. En mig langar sérstaklega til þess að benda þeim mönnum, sem í hjarta sínu eru fylgjandi lækkun kosningaaldurs í 18 ár, á það, að vafasamur og meira en vafasamur vinningur er að ganga inn á þessa málamiðlun. Ég hygg, að það hefði verið skynsamlegra af þeim, sem berjast fyrir lækkun í 18 ár, að ganga ekki inn á málamiðlun, láta heldur stranda á þessari kröfu að þessu sinni. Ég þykist þess fullviss, að málstaður þeirra, sem vilja lækkun í 18 ár, muni á næstu árum eiga vaxandi fylgi að fagna. En einmitt það að breyta stjórnarskránni nú og aðeins um eitt ár torveldar áreiðanlega að fá fram í náinni framtíð frekari breytingu í þessu efni á stjórnarskránni. Stjórnarskrárbreyting er alltaf mikið fyrirtæki, og það þarf helzt mjög almenna samstöðu, til þess að hún fáist, og ég efast um, að þessi lækkun verði til annars en tefja fyrir framgangi málsins, að kosningarrétturinn verði það mikið rýmkaður, að 18 ára menn og eldri fái að kjósa til Alþingis. Þetta sjónarmið er ekki hvað sízt þess valdandi, að ég legg nú til, að ákvæðinu verði breytt, ákvæði frv. um, að 20 ára kosningaaldur skuli gilda í stjórnarskránni, verði fært niður í 18 ár. Ég hefði talið miklu æskilegra, ef ekki gat orðið samkomulag nú um fulla lækkun, að fara þá aðra leið en hér er gert, m. ö. o. binda ekki í stjórnarskránni aldurstakmarkið, heldur hafa það að einhverju leyti opið að breyta aldurstakmarkinu síðar með lögum án stjórnarskrárbreytingar. Og ef þessi till. mín um lækkun í 18 ár verður felld hér í hv. d., mun ég við 3. umr. bera fram brtt. þess efnis, að unnt verði með lögum síðar að lækka allt niður í 18 ár, eftir því sem þá skipast til og menn kunna að óska.

ATKVGR.
Brtt. 430 felld með 15:1 atkv.
— 441 samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 483, 494).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 494 felld með 15:1 atkv.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt í samræmi við till. mþn., sem kosin var á síðasta Alþ. og í áttu sæti fulltrúar allra flokka. Hún gerði, eins og kunnugt er, till. um það að lækka kosningaaldur um eitt ár, úr 21 ári niður í 20 ár.

Það má segja, að í Ed. væri í meginatriðum samkomulag um þetta frv. Einstaka þm. vildu að vísu ganga lengra, lækka aldurinn niður í 18 ár eða hafa það opið fyrir hinn almenna löggjafa að ákveða, að slíkt mætti gera, en meginhluti Ed. var sammála um að halda sér við till. mþn. Er ekki önnur breyting í þessu frv. fólgin heldur en sú að efni til og svo hin, að 5 ára búsetuskilyrðið er nú fellt niður, en í stað þess ákveðið, að menn þurfi að eiga lögheimili hér á landi, sem sjálfsagt má telja.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. Ed. taldi ekki ástæðu til þess að kjósa sérstaka stjórnarskrárnefnd, eins og oft hefur verið gert, vegna þess, hversu breytingin er einföld, og er þá væntanlega ekki ástæða til þess heldur hér í þessari hv. d. að hafa þann hátt á. Legg ég því til, að málinu sé vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 483, n. 580).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 580, mælir allshn. hv. d. með samþykkt frv., en einn hv. nm. skrifar undir nál. með fyrirvara, og hefur hann áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Frv. þetta felur það í sér, að kosningaaldur skuli lækka úr 21 ári í 20 ár, og hefur tekizt víðtækt samkomulag um það hér á hv. Alþ., að þessi breyting skuli ná fram að ganga. Ég vil fyrir mitt leyti og fyrir hönd míns flokks fagna því, að þessi samstaða skuli hafa náðst, því að eins og kunnugt er hefur Alþfl. það á stefnuskrá sinni að lækka kosningaaldur niður í 18 ár. Við gerum okkur það ljóst í Alþfl., að ekki er líklegt, að samstaða náist um að stíga svo veigamikið skref í einum áfanga, en með þessum fyrsta áfanga, sem náðst hefur, teljum við mikið unnið og vonum, að áður en langt líður, náist samstaða um að þoka þessu máli frekar áleiðis. Við vitum, að það eru skiptar skoðanir um það, hvort lækka beri kosningaaldurinn meira, en við höfum tímann fyrir okkur til þess að vinna málinu fylgi og gerum okkur eftir atvikum ánægða með þá afgreiðslu, sem málið nú fær.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Sú breyting á stjórnarskipunarlögum, sem hér liggur fyrir, er flutt af hálfu hæstv. ríkisstj. á grundvelli álitsgerðar, sem gefin var af mþn. Ég átti sæti í þessari mþn. og lét þá skoðun þar í ljós, að rétt væri, að kosningaaldurstakmarkið yrði fært niður í 18 ár. Um það varð þó ekki samkomulag, og vildu ýmsir nm. ekki ganga lengra en svo að lækka kosningaaldurstakmarkið um 1 ár. Þar sem ljóst var, að því almennara sem það samkomulag væri, er tekizt gæti um niðurstöður n., þeim mun meiri líkur væru til þess, að einhver lækkun yrði þó gerð á kosningaaldri, taldi ég sjálfsagt að gera ekki frekari ágreining í mþn., og hún skilaði samhljóða áliti.

Þegar frv. kom til hv. allshn., kom strax fram, að sumir nm. og þar á meðal ég vildu, að kosningaaldur yrði lækkaður nú þegar niður í 18 ára aldur, ef samkomulag gæti tekizt um það í þinginu. Meiri hl. n. var þó andvígur því á þessu stigi málsins að gera breytingu á frv. Þetta frv. er seint á ferðinni og skammt til þingloka. Landsþing Sjálfstfl. vofir yfir höfðum okkar, og störf Alþ. hljóta að víkja fyrir svo örlagaríkri og hátíðlegri samkomu. Þar sem frv. til stjórnarskipunarlaga hefur þegar verið afgr. frá Ed. og hún hefur fellt till. um lækkun kosningaaldurs í 18 ár og þar sem alger óvissa er um örlög frv. vegna tímaskorts, ef því yrði breytt hér í hv. Nd., hef ég ekki talið ástæðu til að flytja hér brtt. við frv.

En ég vil láta þess getið, að ég tel, að skynsamlegra hefði verið að miða aldurstakmarkið, þegar þessi breyting var gerð, við fæðingarár, en ekki fæðingardag, eins og hingað til hefur verið gert og er einnig lagt til í þessu frv. Ef miðað væri við fæðingarár, en ekki fæðingardag, mundu allir þeir fá kosningarrétt, sem orðnir væru 20 ára í byrjun kosningaársins, eftir að þessi breyting hefði náð fram að ganga. Nú þarf, eins og allir vita, að leggja mikla vinnu í að athuga, hverjir af öllum tvítugum kjósendum eigi afmæli fyrir kosningadaginn og hafi því náð lágmarksaldri. Eins og kunnugt er, eru kosningadagar á mjög mismunandi tíma, og það veit enginn, þegar kjörskrá er samin, hvort tvítugir borgarar muni hafa öðlazt kosningarrétt fyrir kjördag eða ekki. Þetta er að sjálfsögðu mjög óhentugt og óeðlilegt skipulag á allan máta, og er miklu eðlilegra að miða kosningarréttinn við fæðingarárið, eins og gert er um þá, sem skóla stunda, því að næstum allir nemendur í sama árgangi mundu þá sem sagt fá kosningarrétt á sama tíma. Ég vil að lokum geta þess, að þetta skipulag hefur verið tekið upp víða erlendis. Mþn. benti einnig á, að það mætti breyta þessu tæknilega atriði til frekara hagræðis, en því miður hefur ríkisstj. ekki séð ástæðu til þess að íhuga þessa ábendingu eða taka hana til greina. Ég tel rétt að vekja athygli Alþ. á þessu atriði. En eins og ég hef áður sagt, mun ég ekki flytja brtt., þar sem hætt er við, að frv. fengi ekki afgreiðslu nú fyrir þinglok og yrði að fresta því í 4 ár, ef taka ætti til meðferðar nýjar brtt. og senda þær síðan til Ed.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. frá Alþingi (A. 618).

---

50. Sala Lækjarbæjar.

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ [26. mál] (þmfrv., A. 26).

Á 5. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir á þskj. 26 frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ. Flm. erum við 4 þm. Norðurl. v., sem sæti eigum í þessari hv. d.

Jörðin Lækjarbær er ekki gamalt býli. Þess er ekki getið í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Hins vegar ber sóknarmannatal Staðarbakkaprestakalls það með sér, að árið 1860 var farið að búa í Lækjarbæ. Ég hygg, að þar hafi ekki fyrr verið búið, þó vil ég nú ekki fullyrða um slíkt, en mér er a. m. k. ekki kunnugt um, að þar hafi áður verið búið. Þá var jörðin í byggð til aldamótanna síðustu, féll þá úr ábúð á árunum 1901—1908, síðan var búið þar 1909—1913, þá var jörðin enn í eyði í 2 ár, 1915 kom bóndi þangað, og þar var búið til ársins 1924, en þá fór jörðin í eyði, og síðan hefur ekki verið búið þar og enginn falazt eftir ábúð á jörðinni, og ég tel ekki líkur benda til þess, að svo verði hér eftir. Þarna er ekkert tún, engin mannvirki, þangað er enginn vegur og langt þaðan til næstu bæja. En þarna er allstórt og kjarngott beitiland.

Nú gerðist það á þessu ári, að innsta jörðin í Núpsdal í Vestur-Húnavatnssýslu fór í eyði, og þá keypti Fremri-Torfustaðahreppur þá jörð í því skyni að nota land hennar til beitar fyrir búpening hreppsbúa. Kom þá jafnframt upp áhugi fyrir því hjá hreppsbúum að fá Lækjarbæjarland einnig keypt, því að þessar tvær jarðir eru samliggjandi, og er það ætlun þeirra, ef svo verður, að nota það land einnig sem afrétt, og því höfum við, eftir beiðni þeirra, flutt þetta frv.

Hér er sem fskj. með grg. útdráttur úr fundargerð almenns hreppsfundar í Fremri-Torfustaðahreppi, sem haldinn var 17. maí s.l. vor, og er þar birt ályktun, sem þar var samþykkt, þar sem beðið er um það, að hreppsnefnd leiti eftir því að fá Lækjarbæjarland keypt af ríkissjóði, og þá fylgir einnig hér með bréf frá oddvita hreppsnefndar, dags. 12. sept. s. l., þar sem hreppsnefndin fer fram á það, að Alþ. heimili sölu á þessu landi til Fremri-Torfustaðahrepps.

Ég vænti þess, að þessu máli okkar verði vel tekið hér í d. Það er till. mín, herra forseti, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 30 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 71).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar og afgreiðslu frv. á þskj. 26. Landbn. mælir með því, að þetta frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem n. leggur til, að á því verði gjörð, og er brtt. n. prentuð á þskj. 71.

Þetta frv. felur í sér að heimila ríkisstj. að selja Fremri-Torfustaðahreppi í Vestur-Húnavatnssýslu eyðijörðina Lækjarbæ í sama hreppi, og er það ætlan hreppsbúa að leggja land þessarar jarðar undir afrétt. N. sendi þetta mál til umsagnar bæði landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins og kemur fram í umsögnum þeirra, að þeir telja engar líkur á, að þessi jörð byggist aftur og mæla því með því, að þetta frv. verði samþ. Það er eftir ábendingum frá jarðeignadeildinni, sem n. flytur brtt., en breyt. er í því fólgin, að við leggjum til, að bætt verði við 2. mgr. 1. gr. orðunum „eða hlunnindi, sem henni fylgja". Að vísu má segja, að þetta sé e. t. v. óþarft að gera, því að þetta felist í orðalagi frv. sjálfs, að það sé óheimilt að selja veiðirétt jarðarinnar, en þau hlunnindi, sem hér er um að ræða, eru einmitt veiðiréttur í Vesturá. En brtt. tekur af öll tvímæli um þetta atriði.

Eins og ég sagði, leggur n. til, að frv. verði samþ. með áminnztri breyt.

ATKVGR.
Brtt. 71 samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 81).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 81).
Á 20. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 273).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál er flutt í Nd. af fjórum þm. Norðurl. v. og fjallar um sölu eyðijarðar, sem nefnist Lækjarbær, í Húnavatnssýslu. Málið var afgreitt frá Nd. með lítils háttar breyt., sem landbn. telur fremur til bóta og þar sem þannig stendur á, að hér er um eitt eyðikot að ræða, sem er á mörkum þess að vera í byggð eða í afrétt, húsalaust, veglaust og

mannvirkjalaust, er eðlilegt að líta svo á, að einboðið sé að leyfa ríkinu að selja jörðina viðkomandi sveitarfélagi, sem hefur farið fram á það. Málið fékk þá meðferð í Nd., sem venjuleg er um slík mál, að það var borið undir jarðeignadeild ríkisins og landnámið, sem mæltu með sölunni, og landbn. Ed. hefur orðið sammála um að mæla einnig með sölu á þessari jörð, en geta skal þess, að tveir nm. voru fjarverandi, þegar málið var afgreitt, eins og nál. ber með sér.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 291).

---

51. Löggilding á verzlunarstað í Egilsstaðakauptúni.

Á 11. fundi í Sþ., 23. nóv., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um löggildingu á verzlunarstað í Egilsstaðakauptúni í Suður-Múlasýslu** [65. mál] (þmfrv., A. 74).

Á 19. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Við höfum, allir þm. Austurl. ásamt einum landsk. þm., leyft okkur að bera fram frv. til l. á þskj. 74, þar sem við leggjum til, að Egilsstaðakauptún verði löggiltur verzlunarstaður. Egilsstaðakauptún er ört vaxandi og hefur verið það að undanförnu. 1960 voru þar eitthvað um 297 íbúar, en í árslok eða 1. des. 1965 voru þar skráðir 476 íbúar og hefur talsvert fjölgað síðan.

Eins og kunnugt er, er Egilsstaðakauptún miðstöð samgangna, þjónustufyrirtækja og verzlunar, fyrst og fremst fyrir allt Fljótsdalshérað, og ýmis starfsemi íbúa þorpsins nær í raun og veru lengra, t. d. niður á firði. Það er ástæðulaust að hafa hér um mörg orð. Málið er einfalt og augljóst, og við væntum þess, flm., að það fái góðar undirtektir hér á hv. Alþ. Ég vil leyfa mér að stinga upp á, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, n. 240).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., fer fram á það, að löggiltur verði verzlunarstaður í Egilsstaðakauptúni í Suður-Múlasýslu. Frv. er borið fram af öllum þm. Austfjarðakjördæmis og enn fremur landsk. þm. þaðan, og hreppsnefnd Egilsstaðahrepps hefur einróma samþ. að taka þennan hátt upp. Allshn. hefur athugað þetta mál og rætt sín á milli og telur ekkert við það að athuga, að það nái fram að ganga. Þetta kauptún, Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu, er vaxandi að mannfjölda og er miðstöð samgangna á Austurlandi eða á Fljótsdalshéraði, og hreppsnefndinni þykir eðlilegt, að þarna verði löggiltur verzlunarstaður og telur það verða til hagsbóta fólki þarna og staðnum í heild. Eins og ég sagði, hafði allshn. ekkert við þetta mál að athuga og leggur einróma til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., 23. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Ed., 7. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 74, n. 284).

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta um að löggilda verzlunarstað í Egilsstaðakauptúni í Suður-Múlasýslu er flutt af

öllum þm. Austf., sem sæti eiga í Nd. Það hefur farið ágreiningslaust í gegnum Nd. Allshn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og ekki fundið neitt athugavert við það og mælir með samþykkt þess, eins og nál. á þskj. 284 ber með sér.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 326).

---

52. Stýrimannaskóli í Vestmannaeyjum (frv. GuðlG).

Á 20. fundi í Ed., 29. nóv., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 31. des. 1934, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum** [75. mál] (þmfrv., A. 87).

Á 22. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 87 frv. til l. um breyt á l. um stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

Frv. þetta er aðallega og má segja eingöngu flutt til þess að samræma l. um stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum við l. um stýrimannaskólann í Reykjavík, eftir að þeim hafði verið breytt allverulega á síðasta Alþ.

Sú breyt., sem lagt er til hér, að gerð verði á umræddum l., er við 2. gr., en þar er í l. gert ráð fyrir, að skólinn starfi í einni tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf, en lagt til í frv., að skólinn starfi í eins og tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf. Við 3. gr. er lagt til, að á eftir orðunum „íþróttir" komi „einkum sund". Við 4. gr. er lagt til, að hún breytist þannig, að í skólanum skulu vera fiskimannapróf 2. og 1. stigs, en í l. er aðeins gert ráð fyrir fiskimannaprófi.

4. gr. þessa frv., sem yrði 5. gr. l., ef samþ. verður, er um námsefni til fiskimannaprófs 1. stigs, og er í öllum aðalatriðum sama efnis og nú er í gildandi l. um stýrimannaskólann í Reykjavík, að því er fiskimannapróf 1. stigs varðar. Það sama er að segja um 5. gr. þessa frv., hún er einnig um námsefni í skólanum og er til samræmis við tilsvarandi grein í l. um stýrimannaskóla í Reykjavík, að því er fiskimannapróf 2. stigs varðar.

Við 6. gr. er gerð sú breyt., að eins og nú er í l., er gert ráð fyrir að hafa tvo prófdómara í öllum fögum, auk kennara, en í þessu frv. er gert ráð fyrir, að aðeins skuli vera einn prófdómari, auk kennara, nema í fallgreinum, þar skulu vera tveir prófdómarar.

Í 7. gr. frv., sem yrði 8. gr., ef frv. verður samþ., fjallar um prófskírteini, og gerir ráð fyrir, að prófskírteini við brottför skuli, auk þess að vera á íslenzku, einnig vera a. m. k. á einu alþjóðamáli, en aðeins á íslenzku varðandi fiskimannapróf 1. stigs.

Í heild eru þær breyt., sem lagt er til, að gerðar verði á l. um stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, til samræmis við núgildandi l. um stýrimannaskólann í Reykjavík og verður það að teljast eðlilegt, þar sem báðir þessir skólar útskrifa skipstjóraefni, að því er varðar fiskimannapróf, með hliðstæðum réttindum, séu einnig l. að þessu leyti samhljóða og námsefni einnig.

Um stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum skal ég geta þess, að á þeim stutta tíma, sem hann hefur starfað, mun hann nú í vor hafa útskrifað rúmlega 40 nemendur, þar af flesta með fullnaðarprófi, og hefur aðsókn að skólanum farið nokkuð vaxandi ár frá ári og hygg ég, að hann svari þeim vonum, sem Vestmannaeyingar gerðu sér um hann, þegar til hans var stofnað. Ég hef það eftir þeim prófdómurum, sem þar hafa verið við burtfararpróf, að kennsluaðstaða þar og kennsla svari alveg því, sem til er ætlazt skv. l. um stýrimannaskólann þar og sambærilegt við það, sem ætlazt er til í l. um stýrimannaskólann í Reykjavík, þannig að þau skipstjóraefni, sem útskrifuð eru frá þessum skóla, ættu sízt að vera verr undir það búin að gegna því starfi, sem þeim er ætlað að loknu námi.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 87, n. 215).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég tel ekki, að langa framsögu þurfi að flytja með því nál., sem hér liggur fyrir. Þegar málið var tekið fyrir við 1. umr. í þessari hv. d., gerði ég grein fyrir efni frv., sem er það eitt, að segja má, að færa l. um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum til samræmis við þá breyt.,

sem gerð var á l. um stýrimannaskólann í Reykjavík á s. l. ári. Þetta er má segja eini tilgangur þess frv., sem hér liggur fyrir, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það en ég gerði í framsöguræðu, þegar það var lagt hér fyrir.

Menntmn. hefur haft frv. til athugunar, og kemur fram á þskj. 215, að hún leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., 16. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 41. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 87, n. 310).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. þetta er þmfrv., flutt í Nd. Alþ. og var þar samþ. einróma og óbreytt. Eins og fram kemur í grg. við frv., er það flutt til þess að samræma l. um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum samsvarandi ákvæðum í hinum nýju l. um stýrimannaskólann í Reykjavík, sem samþ. voru á síðasta þingi. En þau ákvæði, sem þarna er um að ræða, eru þau, sem varða fiskimannadeild.

Í stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum er nú starfandi ein tveggja ára fiskimannadeild, eða deild fyrir fiskimannapróf, en með frv. er lagt til, að í þess stað verði ákveðið, að þar starfi eins og tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf. 3. gr. frv. er svo í beinu samhengi við 1. gr., en hins vegar fjalla 4. og 5. gr. frv. um námsefni. Ég sé ekki ástæðu til að rekja fleiri gr. frv., en vil aðeins bæta því við í framhaldi af því, sem ég áður sagði, að efni einstakra greina er svo að segja eða í flestum tilfellum alveg orðrétt fært til samræmis við það, sem er í l. um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Menntmn. þessarar hv. d. hefur haft málið til meðferðar og, eins og fram kemur á þskj. 310, leggur n. til, að frv. verði samþ. Einn nm., hv. 4. landsk., var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í n.

Helgi Bergs: Herra forseti. Eins og hv. frsm. hefur gert grein fyrir, fjallar þetta frv. um breyt. á tilhögun og námsefni í fiskimannadeild við stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, og mér virðist, að frv. sé, eins og hv. frsm. tók fram, sama eðlis og þær breyt., sem gerðar hafa verið á stýrimannaskólanum í Reykjavík, og virðist þess vegna eðlilegt, að þetta frv. verði samþ. En eins og hv. dm. er kunnugt, hef ég, og reyndar fleiri, verið þeirrar skoðunar, að fleiri breyt. þyrfti að gera á l. um stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum. L. um hann eru með þeim einkennilega hætti, að þar er gert ráð fyrir, að Vestmannaeyjabær standi undir kostnaði við rekstur skólans, en eins og kunnugt er stendur ríkið undir annarri sjómannafræðslu. Nokkur ríkisstyrkur hefur að vísu seinustu tvö árin verið á fjárlögum til þessa skóla, en eigi að síður er hann talsverður fjárhagslegur baggi á Vestmannaeyjabæ. Ég hef þess vegna hugleitt, að tímabært sé að kanna, hvort ekki sé orðinn meiri hluti fyrir að breyta þessu, og þá hefði kannske legið beint við að flytja það sem brtt. við þetta frv. Á hinn bóginn komst ég við nánari athugun að raun um það, að þar sem efnislega er um tvö ólík atriði að ræða, væri eðlilegra að flytja sérstakt frv. um kostnaðinn við skólann, og það hef ég gert. Það var lagt fram hér fyrir nokkrum dögum í þessari hv. d. Þetta taldi ég eðlilegt að kæmi fram, þegar þetta frv. er hér til meðferðar, og ég vænti þess, að þegar mitt frv. kemur til meðferðar í hv. d., fái það einnig gaumgæfilega og velviljaða athugun.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 343).

53. Læknaskipunarlög.

Á 21. fundi í Sþ., 2. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965 [102. mál] (þmfrv., A. 197).

Á 40. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hefi leyft mér að flytja frv. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965, um að aftan við 16. gr. l. komi ný mgr., svo hljóðandi: „Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ráða lækni til þess að veita sjómönnum síldveiðiflotans læknishjálp á fjarlægum miðum. Skal slíkur læknir þá hafa bækistöð um borð í síldarleitar- eða rannsóknarskipi. Laun hans greiðast úr ríkissjóði."

Það mun ekki þurfa að flytja ýtarleg rök fyrir nauðsyn þessa frv. Það er almennt viðurkennt, að mikla nauðsyn beri til þess, að hinn fjölmenni fiskiskipafloti Íslendinga, sem sækir á æ fjarlægari mið, einkum á síldveiðum, eigi kost á læknisþjónustu, þegar slys eða veikindi ber að höndum um borð í skipunum. Þess vegna er lagt til í þessu frv., að ríkisstj. verði heimilað að ráða lækni til þess að veita sjómönnum síldveiðiflotans slíka þjónustu á fjarlægum miðum.

Ég tel, að hér sé um mikið heilbrigðis- og öryggismál að ræða, sem þörf sé skjótra úrræða í. Ég leyfi mér að vitna til þess, að skömmu eftir að þetta frv. kom fram, var stofnað félag síldveiðisjómanna hér á landi, og gerði stofnfundur þess ályktun einmitt um þetta mál, þar sem áherzla var lögð á nauðsyn þess, að síldveiðiskip, sem sækja á fjarlæg mið, eigi kost læknishjálpar. Það mun hafa komið fyrir þráfaldlega, að þessi skip hafa orðið að leita læknishjálpar norður við Jan Mayen t. d. annaðhvort hjá rússneskum eða norskum skipum, eða jafnvel hjá læknum, sem staðsettir hafa verið norður þar. Ég held þess vegna, að það fari ekki á milli mála, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða. Á það má einnig benda, að í þáltill., sem flutt var snemma á þessu þingi, er á það minnzt, að kannað verði, hvort ekki sé mögulegt að koma á fót læknaþjónustu, sem fylgt geti síldveiðiflotanum, a. m. k. á djúpmiðum.

Þessi till. er flutt af þrem hv. þm. í Sþ.

Það er af öllu þessu auðsætt, að hér er um aðkallandi öryggis- og heilbrigðismál að ræða, sem ég vænti, að verði vel tekið hér í hv. þd., og að þetta frv. fái lagagildi. Ég leyfi mér svo að óska þess, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 197, n. 238).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. því, sem hér liggur fyrir um breyt. á læknaskipunarl., var vísað til heilbr.- og félmn., og var n. sammála um að mæla með samþ. frv. með þeirri breyt., að niður falli í 1. gr. frv. „Skal slíkur læknir þá hafa bækistöð um borð í síldarleitar- eða rannsóknarskipi." N, taldi eðlilegt, að það yrði að ráðast hverju sinni, hvar hentugast væri í framkvæmd, að læknirinn væri staðsettur og taldi því óeðlilegt, að það væri sett inn í l., að hann ætti að hafa bækistöð um borð í síldarleitar- eða rannsóknarskipi, og mælir þar margt gegn því, t. d. það, að síldarleitar- og rannsóknarskip eru oft mjög langt frá veiðiflotanum og því óeðlilegra að læknirinn hafi aðsetur þar. Hins vegar yrði það að vera í framkvæmdinni hverju sinni, hvar hentast þætti, að læknirinn hefði sitt aðsetur. Að öðru leyti telur n. þessa breyt. á læknaskipunarl. mjög eðlilega og sjálfsagða og mælir með samþ. frv.

ATKVGR.
Brtt. 238 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 252).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., 21. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 43. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 252, n. 321).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Í þessu frv., sem er þmfrv., flutt í hv. Nd., felst sú breyt. á læknaskipunarl. frá 1965, að ríkisstj. verði heimilað að ráða lækni, launaðan af

ríkissjóði, til þess að veita sjómönnum síldveiðiflotans læknishjálp á fjarlægum miðum. Í grg. með frv. er bent á nauðsyn þess, að kostur sé slíkrar hjálpar, þegar veikindi eða slys ber að um borð í skipunum.

Í frv. var upphaflega ákvæði um það, að slíkur læknir hefði bækistöð um borð í síldarleitar- eða rannsóknarskipi, en í hv. Nd. var samþ. brtt. frá heilbr.- og félmn. þeirrar d. í þá átt, að þetta ákvæði félli niður úr frv., þannig að það yrði þá ekki bundið í l., á hvern hátt slíkri læknisþjónustu yrði fyrir komið í framkvæmdinni, ef aðrar leiðir kynnu að verða taldar heppilegri en sú, sem í ákvæðinu fólst, og yrði slíkt að metast þá á hverjum tíma.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og óskað um það umsagnar landlæknis. Umsögn landlæknis hefur borizt n., og er hún svo hljóðandi:

„Hér með svar við bréfi heilbr.- og félagsmn. Ed. Alþ., dags. 2. þ. m., þar sem mér er sent til umsagnar frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögunum nr. 43 1965, varðandi heimild til að ráða lækni til þess að veita sjómönnum síldveiðiflotans læknishjálp á fjarlægum miðum. Ég hef engar aths. að gera við frv. þetta." Undirritað af landlækni.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 321, mælir heilbr.- og félmn. með samþ. frv., en 2 nm., þeir hv. 9. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Vesturl., voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt úr nefndinni.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil nú fyrst láta í ljós óánægju mína með, að þetta frv. skyldi hafa verið afgr. úr n., án þess að ég fengi tækifæri til að vera á þeim fundi, en mér hafði ekki borizt nein tilkynning um, að þennan fund ætti að halda, svo þess vegna mætti ég ekki.

Ég er ekki á neinn hátt andvígur frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á læknaskipunarlögum. Hér er um heimild að ræða og þörfu máli vissulega hreyft. Hitt hefði ég talið æskilegt, að Alþ. hefði athugað nokkuð betur möguleika á framkvæmd þess ákvæðis, sem heimila skal. Mér skilst, að hvorki hv. flm. né þær n., sem um þetta hafa fjallað, hafi á nokkurn hátt gert sér grein fyrir, hvernig ætti að framkvæma það nauðsynjamál, sem hér um ræðir. Og ég vil láta það koma fram hér, að á meðan ekki eru eygðir neinir möguleikar til að framkvæma þetta, tel ég ákvæðið harla lítils virði. Hér er um heimild að ræða. Hæstv. ríkisstj. er í lófa lagið, hvort hún vill framkvæma hana eða ekki, og í öðru lagi er allsendis óvíst, þótt hún vildi framkvæma ákvæðið, að henni væri það þá mögulegt. Það er ekki æskilegt, að Alþ. samþ. lög, sem ekkert er hugsað um, hvort framkvæmanleg séu eða ekki. Þessa litlu aths. vildi ég láta koma fram við afgreiðslu þessa máls, en ég mun að sjálfsögðu greiða frv. atkv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 365).

---

54. Leigubifreiðar.

Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 31. jan. 1966, um leigubifreiðar [155. mál] (þmfrv., A. 304).

Á 49. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Skv. gildandi l. um leigubifreiðar er bæjarstjórnum heimilt, að fengnum till. hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstöðum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar. Samgmrn. er enn fremur heimilt, að fengnum till. hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiða, annað hvort eða hvort tveggja.

Það hefur komið í ljós á ýmsum stöðum, að ástæða þykir til að rýmka þessi lagaákvæði, svo að þau geti náð til fleiri staða heldur en nú er mælt fyrir um. Ég hef sérstaklega í huga aðstöðu í Egilsstaðakauptúni á Austurlandi. Egilsstaðakauptún er mjög vaxandi að mannfjölda, og þar er samgöngumiðstöð fyrir Fljótsdalshérað og að nokkru leyti fyrir kauptúnin og kaupstaðina á Austfjörðum, þar sem á Egilsstöðum er aðalflugvöllur landsfjórðungsins, og hann er nú orðinn annar eða þriðji flugvöllur landsins að umferðarþunga.

Vegna þessara miklu samgangna á þessum stað er mikil þörf á því, að þarna sé starfrækt leigubifreiðastöð, bæði vegna flutninga að og frá flugvelli inn í kauptúnið og einnig vegna aksturs víða um héraðið. Hreppsnefnd Egilsstaðahrepps hefur haft það til athugunar að koma upp leigubifreiðastöð og veita henni viðurkenningu, svo sem heimilt er, að bæjar-

stjórnir geri í kaupstöðum, en við athugun á því máli kemur í ljós, að Egilsstaðakauptún er ekki innan ramma þeirra ákvæða, sem ég gerði grein fyrir, að nú eru í gildi um þetta efni. Út af þessu hefur bifreiðastjórafélag Egilsstaða snúið sér til okkar, þm. Austurl., og sent okkur erindi, sem ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa. Það er svo hljóðandi:

„Hv. alþm. Skv. l. nr. 40 1957 um takmörkun leigubifreiða til mannflutninga, þurfa íbúar að vera 700, til þess að starfrækja megi bifreiðastöð. Hér í Egilsstaðakauptúni eru rúmlega 500 íbúar og vantar því um 200 til að ná tilskildri tölu. Hreppsnefndir Valla- og Fellahrepps hafa fallizt á fyrir sitt leyti, að óskað verði staðfestingar samgmrh. á reglugerð um takmörkun leigubifreiða til mannflutninga, á félagssvæði bifreiðastjórafélags Egilsstaða, sem ætlað er, að nái yfir þessa þrjá hreppa. Skv. áðurgreindum l. er ekki heimilt að taka aðliggjandi hreppa í slíkan félagsskap. Vér viljum því fara þess á leit við yður, að þér beitið yður fyrir breyt. á l., sem heimili okkur starfrækslu bifreiðastöðvar á áðurgreindum grundvelli. Bifreiðastöð er okkur nauðsynleg, þar eð hingað koma leigubifreiðarstjórar frá öðrum landshlutum og rýra þannig atvinnu okkar. Vér viljum leggja áherzlu á, að þetta gæti náð fram að ganga á yfirstandandi Alþingi."

Við þm. Austurl. höfum rætt þetta erindi okkar á milli og erum allir á einu máli um að gera það, sem í okkar valdi stendur, til þess að koma fram lagabreytingu í þessu efni. Það hefur orðið að samkomulagi okkar á milli, að þetta frv. yrði lagt fram hér í hv. Ed., en það er gert í samráði við samþingmenn mína, og stöndum við allir fimm þm. Austurl. raunverulega að flutningi þessa máls. En breyt. sú, sem þetta frv. felur í sér frá gildandi l., er um það, að þar sem í l. segir, að samgmrn. sé heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri, komi svo hljóðandi ákvæði til viðbótar: „Sama gildir um fólksbifreiðar í þeim kauptúnum, sem ásamt aðliggjandi hreppum hafa 700 íbúa eða fleiri, enda komi til meðmæli hreppsnefnda í þeim sveitarfélögum, sem félagssvæðið nær til. Heimilt er hreppsnefndum að ákveða, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga hafi afgreiðslu á bifreiðastöð, sem rekin er af stéttarfélagi fólksbifreiðarstjóra."

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vænti þess, að það fái skjóta og góða afgreiðslu hér í hv. d., og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgmn. með 15 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 304, n. 341).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í l. um leigubifreiðar nr. 1 frá árinu 1966 er fjallað um allar tegundir leigubifreiða, þ. e. a. s. fólksbifreiðar, vöruflutningabifreiðar og sendiferðabifreiðar, en í frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 304, er lagt til, að gerð verði breyt. á l. um leigubifreiðar. Þessi breyt., sem felst í frv., snertir einvörðungu fólksbifreiðar, en efnislega er hún á þá leið, að heimilt sé að takmarka fjölda fólksbifreiða í kauptúnum, sem ásamt aðliggjandi hreppum hafa 700 íbúa eða fleiri. En í núgildandi l. er takmörkunarheimildin bundin við kauptún eða kaupstaði með 700 íbúa eða fleiri. Þarna eru aðliggjandi hreppar teknir með, og sýnist vera full ástæða til að gera þessa breyt., því að það getur verið, að kauptún, sem hefur undir 700 íbúa, sé í raun og veru meiri samgöngumiðstöð en annað, sem er fjölmennara, og fer þetta auðvitað eftir staðháttum í héraðinu í kring og íbúafjölda þess og samgönguaðstæðum, en vissulega geta þessi kauptún, sem hafa undir 700 íbúa, verið þannig í sveit sett, að eðlilegt sé, að í þeim ásamt aðliggjandi hreppum sé heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða. Þá er einnig í þessu frv. gert ráð fyrir heimild til þess, að hreppsnefndir ákveði, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga hafi afgreiðslu á bifreiðastöð, sem rekin sé af stéttarfélagi fólksbifreiðarstjóra. Þessu frv. var vísað til samgmn., og n. hefur athugað þetta frv. og mælir einróma með, að það verði samþ., eins og nál. á þskj. 341 ber með sér.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Allir þm. Austf. standa að flutningi þessa máls, en efni frv. er, að samgmrn. verði framvegis heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða til fólksflutninga í þeim kauptúnum, sem ásamt aðliggjandi hreppum hafa 700 íbúa eða fleiri, og hreppsnefndum sé heimilt að ákveða, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga á hlutaðeigandi félagssvæði hafi afgreiðslu á bifreiðastöð, sem rekin er af stéttarfélagi bifreiðastjóra.

Nýmæli er, að fleiri en einn hreppur geti sameiginlega staðið að ráðstöfunum af þessu tagi, en áður hefur þetta verið bundið við, að hvert byggðarlag væri út af fyrir sig og þá miðað við, að þessi skipulagning gæti eingöngu átt sér stað í byggðarlögum, sem hefðu 700 íbúa eða fleiri. En þarna er gert ráð fyrir því, að fleiri en eitt byggðarlag geti staðið saman, ef hreppsnefndir eru allar sammála. Reynslan hefur sýnt, að okkar dómi, að það væri mjög nauðsynlegt og skynsamlegt að gera þessa lagabreyt., og hv. Ed. féllst á það og samgmn. d. mælti með því einum rómi, og ég leyfi mér fyrir hönd okkar flm., sem að þessu stöndum, að leggja til, að málinu verði vísað til hv. samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgmn. með 21 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umræðu (A. 304, n. 398).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur gengið gegnum Ed. og var samþ. þar með shlj. atkv. Samgmn. hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 454).

---

55. Sala níu jarða í Neshreppi utan Ennis og Lækjardals í Öxarfjarðarhreppi.

Á 50. fundi í Nd., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja níu jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis [153. mál] (þmfrv., A. 301).

Á 51. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 301 hef ég ásamt hv. 3. og 5. þm. Vesturl. flutt frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Neshreppi utan Ennis níu jarðir og grasbýli í Neshreppi fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið samkv. mati dómkvaddra manna. Eins og við flm. höfum tekið fram í grg. með frv., hafa ábúendur jarðanna Keflavíkur innri, Keflavíkur ytri, Dyngju og Kleppsbúðar gefið samþykki sitt og mæla með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seldar jarðirnar, sem þeir hafa haft í ábúð. Þá meðtók ég í gær staðfest símskeyti frá þeim Hafliða Guðmundssyni og Ársæli Jónssyni á Hellissandi, þar sem þeir gefa meðmæli sín með sölu jarðanna Hallslækjar og Kjalvegar til Neshrepps utan Ennis, en þeir hafa haft afnot af nefndum jörðum um árabil og Hafliði byggingarbréf fyrir Hallsbæ eftir því, sem hann tekur fram í símskeytinu.

Frv. þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Neshrepps utan Ennis, með því að hreppsnefndin telur eðlilegt, að hreppsfélagið verði eigandi þess lands, sem kauptúnið byggist á, og annist úthlutun lóða, sem þorpsbúar þurfa að fá á leigu fyrir íbúðarhús og aðrar nauðsynlegar byggingar á Hellissandi. Það er raunar eðlilegt, að sveitarstjórnarmenn æski þess, að hreppsfélagið verði eigandi að landi jarða þeirra, sem mynda kauptúnið Hellissand, og þar með annist hreppsfélagið eitt úthlutun lóða í kauptúninu í stað þess að fimm eða sex aðilar hafa haft með höndum úthlutun lóða í kauptúninu, sem verður að teljast óviðunandi.

Herra forseti. Ég tel óþarft að hafa fleiri orð um frv. að þessu sinni, en óska, eftir, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 301, n. 380, 386).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þær jarðir, sem hér er um að ræða, níu jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis, eru í raun og veru innan Hellissands. Það, sem hér er um að ræða, er aðeins að hreppsfélag, sem er vaxandi og á fram undan að vaxa mun meira heldur en hingað til, vill tryggja sér yfirráðarétt yfir landinu, sem það mun vaxa á. Með hinu upphaflega frv. eru fskj., þar sem ábúendur þeirra jarða, sem seljast eiga, veita samþykki sitt. Aðrar eru eyðijarðir. N. mælir með samþykkt frv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja við þetta frv. brtt. á þskj. 386 þess efnis, að heimilað verði að selja eig-

anda nýbýlisins Leifsstaða í Óxarfjarðarhreppi eyðijörðina Lækjardal í sama hreppi fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið að mati dómkvaddra manna, en það eru þau ákvæði um söluverð, sem í frv. voru. Tilmæli um að flytja þessa breyt. eða gera till. um þá heimild, sem hér er um að ræða, barst mér eftir að nál. hafði verið afgreitt frá landbn., en ég hef ásamt nm. öðrum skrifað undir þetta nál. og mælt með samþ. frv.

Leifsstaðir og Lækjardalur voru hvoru tveggja fyrir rúmlega áratug eyðijarðir í ofanverðum Óxarfirði. Þetta eru litlar jarðir samliggjandi og höfðu verið nokkuð lengi í eyði. Svo gerðist það fyrir nokkrum árum, að byggt var nýbýli á Leifsstöðum. Og maðurinn, sem byggði nýbýlið, Rögnvaldur Stefánsson frá Syðri-Bakka í Kelduhverfi, er nú bóndi þar. Þegar Landnám ríkisins mælti með því, að nýbýli yrði stofnað á Leifsstöðum, var það gert með það fyrir augum, að eyðibýlið Lækjardalur yrði síðar sameinað Leifsstöðum, þannig að nýbýlið ætti báðar jarðirnar. Þessu var ekki hægt að koma í kring þá, m. a. vegna þess að bóndi þar í sveitinni hafði ábúðarrétt og hafði lengi haft Lækjardal, en hins vegar féllst hann á, að nýbýlingurinn mætti rækta land á jörðinni og hafa af henni nokkur not, þangað til sameiningin gæti farið fram. Nú er ekkert lengur til fyrirstöðu, að þessi gömlu eyðibýli verði sameinuð, og eigandi Leifsstaða hefur farið þess á leit við mig, að ég flytji till. um, að söluheimild yrði veitt. Ég hef, af því að nú er orðið mjög áliðið þings, leitað umsagnar hreppsnefndar Óxarfjarðarhrepps um þessa sölu og umsagnar Landnáms ríkisins og hef báðar þessar umsagnir í mínum höndum, en þær eru jákvæðar, þannig að mælt er með sölunni. Einnig hef ég rætt við þann mann, sem hafði ábúðarréttinn í Lækjardal, og hann er því samþykkur fyrir sitt leyti, að salan fari fram. Þar sem landbn. hefur ekki getað athugað þetta mál, vil ég nú, enda þótt ég hafi flutt till. við þessa umr., taka hana aftur til 3. umr. til þess að n. geti kynnt sér þau skjöl, sem ég hef nefnt og vil þá jafnframt mælast til þess, að hún verði tekin til umr. og atkvgr. við 3. umr.

Flm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. landbn. fyrir jákvæða afgreiðslu hennar á frv. á þskj. 301, og að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir, að samþykkt fáist fyrir þeirri brtt., sem hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur borið hér fram og sem hann hefur tekið aftur til 3. umr. til að tefja ekki málið. Ég vil biðja hæstv. forseta að flýta málinu, þannig að það verði tekið á dagskrá helzt á morgun eða ekki síðar en á laugardag.

Forseti (SB): Því miður treystir forseti sér ekki til þess að ljúka 2. umr. um málið í dag sakir liðfæðar í hv. þd., en annars mun verða orðið við þeirri ósk hv. 2. þm. Vesturl. að hraða afgreiðslu málsins í d.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 386 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 386 samþ. með 26 shlj. atkv.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., 10. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 416, n. 491).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Þetta mál er komið frá Nd., og fékk það alla venjulega athugun, sem slík mál sem þetta þurfa við og einróma meðmæli landbn. þar. Þess ber að geta, að við upphaflega frv. var bætt heimild til að selja eina jörð í Óxarfjarðarhreppi og var það samþ. eftir venjulega athugun á því máli. Landbn. kynnti sér lítillega þau skjöl, sem fylgdu frv. í Nd., og telur ekkert að athuga við að heimila sölu þessara jarða og mælir með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 533).

56. Sala kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi.

Á 20. fundi í Nd., 28. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi [73. mál] (þmfrv., A. 85).

Á 22., 23. og 24. fundi í Nd., 6., 8. og 9. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Nd., 13. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 85 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um heimild fyrir hreppsnefnd Miklaholtshrepps til að selja kristfjárjörðina Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi.

Eins og fram er tekið í bréfi oddvita Miklaholtshrepps, dags. 3. okt. s. l., sem prentað er sem fskj. með frv., er það sameiginlegt álit hreppsnefndarinnar, að jörðina eigi að selja ábúandanum, þar sem hreppsnefndin vill ekki að svo stöddu leggja fram fé til umbóta á jörðinni, meira en gert hefur verið. Óskar hreppsnefndin því samþykkis hins háa Alþingis fyrir sölu jarðarinnar til ábúandans, Ingveldar Jóhannsdóttur, og að söluverðið megi renna til menningarmála með þeim hætti, að hinn nýi barna- og unglingaskóli að Laugargerði megi njóta söluandvirðisins.

Oddviti Miklaholtshrepps getur í bréfi sínu frá 3. okt. um forsendu gefandans, Gísla Árnasonar, fyrir gjöf hans á jörðinni í gjafabréfinu frá 1880, sem einnig er prentað sem fskj. með frv. Þar ræðir gefandinn um, að tekjur af jörðinni skulu renna til styrktar fátækum í Miklaholtshreppi, hreppsnefndin telur, að sú þörf sé raunverulega fallin burtu með aukinni samhjálp hins opinbera. Þetta sjónarmið hreppsnefndarinnar ætti hið háa Alþ. að geta fallizt á.

Herra forseti. Ég mun, áður en frv. verður tekið til meðferðar við 2. umr. hér í hv. d., fara fram á heimild til handa hreppsnefnd Miklaholtshrepps til að mynda sjóð af söluandvirði Litlu-Þúfu. Skal sjóðurinn bera nafn gefandans, Gísla Árnasonar. Jafnframt verði hreppsnefndinni í Miklaholtshreppi, sem verður falið að hafa eftirlit með sjóðnum, heimilað að verja 3/4 hlutum af árlegum vöxtum hans til hins nýja barna- og unglingaskóla í Laugargerði.

Margt bendir til þess, að nauðsyn sé á því að koma öðrum kristfjárjörðum í einkaeign. Tvær kristfjárjarðir í Helgafellssveit innan Snæfellsnessýslu, Drápuhlíð innri og Efri-Hlíð, eru báðar í eyði, þar sem öll jarðarhús eru fallin og ekkert fjármagn fyrir hendi til að byggja nauðsynleg íbúðarhús og peningshús á jörðum þessum. Engin eftirtekja er af jörðunum og geta þær því ekki lengur fullnægt hlutverki því, sem gefandinn hafði í huga, er hann ákvað að gefa jarðirnar til styrktar fátækum í Helgafellssveit hinni fornu. Ég tel aðkallandi, að þeim kristfjárjörðum, sem enn eru í mörgum sýslufélögum hér á landi, verði gerð nánari skil af hendi löggjafans og sveitarstjórna á næstu árum, svo að þær megi, á einn eða annan hátt, gegna hlutverki því, sem gefendur jarðanna höfðu í huga, er þeir ákváðu að láta þær af hendi og að tekjum af þeim skyldi varið til styrktar fátæku fólki.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til landbn. með 33 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 85, n. 372, 230).

Frsm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Í fjarveru form. landbn. og frsm. vil ég segja um þetta nokkur orð.

Landbn. þessarar virðulegu d. hefur haft til athugunar frv. til l. á þskj. 85 um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi ásamt brtt. á þskj. 230. Samkvæmt frv. er óskað heimildar fyrir hreppsnefnd Miklaholtshrepps til að selja ábúanda jarðarinnar hana fyrir það verð, er um semst eða metið verður af dómkvöddum mönnum. Frv. þetta er flutt samkv. beiðni oddvita hreppsins fyrir hönd hreppsnefndar. Samkv. brtt. á þskj. 230, sem borin er fram af flm. frv., heimilist hreppsn. að mynda sjóð af söluandvirði jarðarinnar, er bera skal nafn gefandans, Gísla Árnasonar, og vera í umsjá hreppsn. Þá heimilist að verja 2/3 hl. af tekjum sjóðsins til hins nýja barna- og unglingaskóla í Laugargerði. Tildrög málsins eru þau, að hreppsn. Miklaholtshrepps telur, að eignar- og umráðaréttur hreppsins samkv. gjafabréfinu frá 1880, sem prentað er sem fskj. með frv., sé nokkuð takmarkaður, en er fús að selja ábúandanum jörðina, ef leyfi hins háa Alþingis liggur fyrir. Hins vegar hefur hreppsn. synjað ábúandanum um fjárframlög til umbóta á jörðinni, a. m. k. fyrst um sinn, umfram það, sem gert hefur verið til þessa. Hv. landbn. hefur leitað umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og segir þar, að það sé umdeilanlegt, hvort leyfilegt sé að selja kristfjárjarðir, sem eru dánargjafir, og að fræðimenn séu ósammála um það eða telji, að gerningar, sem gerðir hafa verið, séu

jafnvel ólögmætir. En einnig telur jarðeignadeildin sig skorta kunnugleika af gjafabréfinu, en þar virðast nú hafa orðið mistök hjá stofnuninni, vegna þess að gjafabréfið er prentað sem fskj. á 2. síðu frv. Einnig hefur n. leitað umsagnar landnámsstjóra ríkisins, en í bréfi hans segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Jörð þessi er að fasteignamati 16 300 kr., þar af landverð 7400 kr. og húsaverð 8900 kr. Því nær allt land jarðarinnar er ræktanlegt. Hins vegar er jörðin ekki landrýmisjörð, en myndi með aukinni ræktun geta framfleytt mjög góðu búi fyrir eina fjölskyldu. Tún jarðarinnar er 6,53 ha. Frú Ingveldur Jóhannsdóttir hefur framfleytt á jörðinni s. l. 3 ár þessum bústofni: 1963—64 12,80 kúgildum, 1964—65 14,20 kúgildum og 1965—66 12,85 kúgildum. Af því er ljóst, að ábúandi hefur ekki fullnægjandi ræktun samanborið við bústofn, og er því mikil nauðsyn að umbæta jörðina, auk þess sem húsakostur jarðarinnar þarf nauðsynlega að endurbyggjast. Þar sem hreppurinn færist undan að veita aðstoð sína til umbóta á jörðinni, verður að telja ósk ábúandans um kaup á jörðinni eðlilega, þar sem vænta má, að söluráðstöfun með þeim hætti, sem frv. gerir ráð fyrir, myndi betur tryggja ábúð á jörð þessari, einkum þar sem vænta má, að börn eða skyldmenni myndu taka við búi þar, ef núverandi ábúandi yrði að hætta búskap. Mæli ég með, að frv. verði, eins og það liggur fyrir, samþykkt.

Virðingarfyllst,
Pálmi Einarsson."

Skv. l. nr. 111, 9. okt. 1941 um eftirlit með opinberum sjóðum bar að leita umsagnar félmrn. svo og eftirlitsmanna með opinberum sjóðum um hliðstæð mál og hér um ræðir, en þar sem l. þessi voru felld úr gildi með l. nr. 20 frá 20. maí 1964 og ríkisendurskoðendum falið að annast eftirlit með þeim sjóðum í landinu, sem hlotið hafa staðfestingu forseta (eða konungs áður) á skipulagsskrá, svo og öðrum hliðstæðum sjóðum, var leitað umsagnar ríkisendurskoðanda um þetta mál, og vil ég vitna í þá umsögn, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til munnlegrar beiðni um umsögn mína um heimild hreppsn. Miklaholtshrepps til að selja kristfjárjörðina Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi, skal tekið fram, að með því að opinberir aðilar hafa nú tekið í sínar hendur, á skipulegan hátt, alla þá félagslegu umönnun, sem tekjum af kristfjárjörðum var fyrr á tímum ætlað að standa undir, m. a. Miklaholtshreppur að sínu leyti eins og önnur sveitarfélög, og engin ástæða er til að búast við, að á því verði breyting í fyrirsjáanlegri framtíð, tel ég, að ekki ætti neitt að vera því til fyrirstöðu, að hreppsnefnd Miklaholtshrepps ráðstafi eign sinni, Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi, svo sem væri hún kvaðalaus.

Virðingarfyllst,
Einar Bjarnason,
ríkisendurskoðandi."

Eins og fram kemur í nál. hv. landbn. á þskj. 392, mælir hún með sölunni, en ég vil taka fram, að 2 nm., þeir hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Norðurl. v., voru ekki mættir á fundinum, en með tilvísan til þess þskj., sem ég nefndi áðan, mæli ég með því fyrir hönd n., að tilgreint frv. ásamt brtt. á þskj. 230 verði samþ. og málinu vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 230 samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 417).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 417, n. 490).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Jörð sú, sem hér um ræðir, er svonefnd kristfjárjörð í Miklaholtshreppi, Litla-Þúfa. Alþ. hefur áður gengið inn á þá braut að heimila sölu á nokkrum kristfjárjörðum, þar sem sveitarstjórnir hafa óskað þess og talið, að jarðirnar lægju undir þeirri hættu að fara í eyði, ef ekki yrði breytt um fyrirkomulag á eignarrétti þeirra. Ég ætla, að sala á slíkum jörðum sem þessum þurfi raunar mikillar athugunar við, því að þessar svokölluðu kristfjárjarðir eru með mjög sérstæðum hætti. En þar sem talið er nauðsyn, byggðanna vegna og jarðanna vegna, að heimila það að selja ábúendum slíkar jarðir og það hefur a. m. k. tvisvar sinnum verið gert áður, telur landbn. eftir atvikum rétt að heimila þessa jarðarsölu. Á þessari jörð býr ekkja með börnum sínum, sem er að hætta búskap, og mælir það einnig með að leyfa söluna.

Ýmsar umbætur þarf að gera á jörðinni, og þetta unga fólk vill ekki við henni taka, nema það fái hana keypta, því að það er ekki hægt að fá venjulega fyrirgreiðslu með lán út á kristfjárjarðir. Hreppsnefndin hefur óskað ákveðið eftir því, að jörðin verði seld og ég hef borið þetta undir landnámsstj., Pálma Einarsson, sem er allra manna kunnugastur ástandi jarða um allt land, og hann telur mjög nauðsynlegt að leyfa, að þessir ábúendur jarðarinnar fái hana keypta. Landbn. Nd. mælti samróma með því að heimila þessa sölu, og landbn. Ed. hefur einnig orðið ásátt um að mæla með sölunni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 534).

---

57. Sala sex eyðijarða í Grýtubakkahreppi og Rjúpnafells í Norður-Múlasýslu.

Á 24. fundi í Sþ., 22. febr., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu** [134. mál] (þmfrv., A. 255).

Á 43. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram þetta frv. um að ríkisstj. verði heimilað að selja sveitarsjóði Grýtubakkahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu sex eyðijarðir, sem ríkið á þar í hreppi. Þetta hef ég gert eftir ósk hreppsnefndar Grýtubakkahrepps, eins og útdráttur úr fundargerð hreppsnefndarinnar sýnir, sem prentaður er með frv. sem fskj. Allar þessar sex jarðir eru í svonefndum Fjörðum, en þeir eru landssvæði nyrzt á skaganum milli Eyjafjarðar og Skjálfanda við Hvalvatnsfjörð, Þorgeirsfjörð og Keflavík. Þetta svæði er fjöllum lukt að kalla má á þrjá vegu inn frá hafinu, en tengt þó aðalbyggð Grýtubakkahrepps, Höfðahverfi, með Leirdalsheiði, sem er að vísu há, en þó slakki milli aðalfjalla, sem ráða sér í samfellu að austan og vestan heiðarinnar langs eftir skaganum þarna allt frá Fjörðum og suður á móts við Höfðahverfi og þorpið Grenivík, sem þar er við Eyjafjörð. Í Fjörðum var mannmargt fyrrum og margir rekja ættir sínar til fólks, sem þar átti heima. Þar var stutt á fiskimið og gott til matfanga, þegar fiskgengd var á miðunum, gróðursælt, ef vel viðraði á sumrum, en vetrarríki venjulega mjög mikið og einangrunin óskapleg.

Skáldkonan Látra-Björg, sem uppi var á 18. öld og átti heima á Látrum, sem er næsti bær við Fjörðu, en flakkaði annars og fór víða og kynntist mörgum sveitum, gaf byggðinni, Fjörðum, þessa einkunn:

Fagurt er í Fjörðum
þá frelsarinn gefur veðrið blítt
heyið grænt í görðum,
grös og heilagfiski nýtt.
En er veturinn að þeim tekur sveigja,
veit ég enga verri sveit
um veraldarreit,
menn og dýr þá deyja.

Ég kann ekki gagnorðari lýsingu á þessu gamla byggðarlagi, sem þær sex jarðir tilheyra, sem um ræðir í frv.

Í Fjörðum er talið, að hafi verið 16 býli, þegar flest var, en fimm þeirra hurfu til annarra jarða, svo að nú eru þar 11 eyðijarðir, sjálfstæðar, ef svo má að orði komast um eyðijarðir. Síðustu jarðirnar þrjár voru yfirgefnar 1944. Þær jarðir voru kirkjustaðurinn Þönglabakki í Þorgeirsfirði, Botn í sama firði og Tindriðastaðir í Hvalvatnsfirði. Síðan 1944 hefur enginn maður átt heima í Fjörðum, en bændur Grýtubakkahrepps hafa síðan rekið þangað norður fé sitt til sumarbeitar, því að sumarhagar eru þarna vel grónir og fé unir sér þar ágætlega, en hreppsbúar annars afréttarlandslitlir, sóttu áður afréttarnot til Fnjóskdæla og á Flateyjardalsheiði. Svo afskekktir eru Firðirnir og inniluktir, að varla slæðist þangað kind úr öðrum sveitum en Grýtubakkahreppi. Ekki er því líklegt, að aðrir fari fram á að fá þar beitarnot.

Ég sagði áðan, að í Fjörðum væru nú taldar 11 sjálfstæðar eyðijarðir. Styðst ég þar við bókina Byggðir og bú, sem Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu gaf út 1963 og ætti að vera góð heimild. Fjórar þeirra jarða á sveitarsjóður Grýtubakkahrepps nú þegar, er búinn að kaupa þær af fyrrverandi eigendum. Eru það eyðijarðirnar Kaðalstaðir, Kussungsstaðir og Eyri, allar þrjár í Hvalvatnsfirði, en sú fjórða er Hóll í Þorgeirsfirði. Ríkið á þarna sex jarðir, Gil, Tindriðastaði og Brekku í Hvalvatnsfirði, Þönglabakka og Botn í Þorgeirsfirði og Keflavík vestan Þorgeirsfjarðar en austan Gjögra

við samnefnda vík. Ein eyðijörðin er þó ótalin, en það er Þverá í Hvalvatnsfirði. Hún er í einkaeign. Nú vill hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, að sveitarsjóðurinn kaupi þessar tilgreindu sex jarðir af ríkinu. Þær hafa að vísu án samninga verið notaðar til sumarbeitar af hreppsbúum, því að þar eru engar girðingar og sauðfé virðir ekki óvarin landamerki. En hreppsnefndin telur þó miklu viðkunnanlegra og eðlilegra, að hreppurinn eignist lönd þessi til óumdeilanlegra frjálsra afnota og fullra umráða. Ekki get ég séð, að það brjóti í bága við hagsmuni eins eða neins, þó að Grýtubakkahreppur fái þessar afskekktu eyðijarðir í sínu umdæmi til eignar. Ég sé ekki betur t. d. en það sé í fullu samræmi við anda þann, sem er í stjfrv. því, sem hefur verið lagt fyrir þetta þing um jarðeignasjóð ríkisins. Þar segir í 6. gr.:

„Jarðeignir, sem ríkið eignast samkv. 1. gr. þessara l., má selja sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til."

Það skal fram tekið, að engin hús eru lengur nothæf á hinum umsóttu jörðum nema skipbrotsmannaskýli tvö, annað á Þönglabakka og hitt í Keflavík, en þau eiga slysavarnafélög, og ekki mun hreppurinn amast við þeim. Ég leyfi mér samkv. áður sögðu að vænta þess, að hv. þd. geti samþ. frv. og legg til, að eftir þessa umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 342).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um sölu á sex eyðijörðum í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Allar eru þessar jarðir í hinni fornu Þönglabakkasókn, sem náði yfir Þorgeirsfjörð, Hvalvatnsfjörð og Keflavík í Fjörðum. Þetta byggðarlag var allfjölmennt á sumum tímum landsbyggðarinnar, t. d. voru þar 120 íbúar árið 1880. Síðasta jörð í þessu byggðarlagi mun hafa farið í eyði árið 1944. Þessar sex jarðir eru að sjálfsögðu í eign ríkisins, úr því að þetta frv. er flutt, en hins vegar á sveitarfélagið eitthvað af öðrum eyðijörðum í þessu forna byggðarlagi, en einstakir menn þó eina eða tvær jarðir, að ég hygg. Allar eru þessar jarðir húsalausar nú og tún komin öll í órækt, en eitt hús stendur þó á hinu forna prestssetri, Þönglabakka, skipbrotsmannaskýli. Nokkur hlunnindi fylgja sumum þessum jörðum, bæði reki og veiði í ám, og þarna var áður fyrr mikið útræði, á meðan byggð hélzt í Fjörðunum.

Nú er álitið, að ekki komi til mála að reisa þarna byggð að nýju, a. m. k. ekki fyrst um sinn. Þetta frv. hefur verið sent til umsagnar jarðeignadeild ríkisins og landnáminu, og umsagnir hafa borizt frá báðum þessum stofnunum, báðar jákvæðar og leggja eindregið til, að ríkinu sé heimilað að selja sveitarfélaginu þessar sex jarðir, svo sem frv. gerir ráð fyrir. Landbn. hefur tekið þetta mál fyrir á fundi sínum og mælir einróma með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Tveir af hv. þm. Austf. óskuðu eftir því, að landbn. tæki til athugunar, hvort hún gæti flutt brtt. við þetta frv., sem er í því fólgin að tengja við frv. ákvæði um að heimila einnig sölu á einni eyðijörð í Vopnafirði, sem heitir Rjúpnafell. Þessir fulltrúar Austurlands munu hafa óskað eftir þessu til þess að stytta leið þessarar till. gegnum þingið, þar sem nú er liðið mjög að þinglokum. Landbn. tók þetta til athugunar í morgun á fundi. Hv. 4. þm. Austf. skýrði fyrir n., hvað í þessari till. felst. N. varð sammála um það, að rétt væri að verða við þessum tilmælum, þar sem fyrir lágu upplýsingar um það, að enginn ágreiningur mundi vera um það, að þetta næði fram að ganga, hvorki í hópi þm. Austf. né hjá öðrum aðilum, sem þetta snertir eitthvað.

Í fyrsta lagi má geta þess, að fyrir liggur ósk eða meðmæli frá sveitarstjórn í Vopnafjarðarhreppi, dags. 27. okt. 1963, þar sem hreppsnefndin samþykkir samhljóða að mæla með því, að Val Guðmundssyni, Fremri-Hlíð, yrði seld jörðin Rjúpnafell í sama hreppi. Fyrir liggja einnig meðmæli frá fulltrúa landbrh. í jarðeignadeildinni, Sveinbirni Dagfinnssyni, sem mælir með þessari jarðarsölu. Í þriðja lagi er svo álit landnámsstjóra, Pálma Einarssonar, um þetta mál og held ég, að málið skýrist bezt í fáum orðum með því að lesa kafla úr áliti hans, sem er dags. 17. febr., með leyfi hæstv. forseta:

„Rjúpnafell féll úr ábúð fyrir rúmum 20 árum og er algerlega húsalaus jörð. Tún á jörðinni er 4 ha, hefur síðustu ár gefið af sér 120 hestburði heys. Meðan búið var á jörðinni var heyjað á engjum, sem gáfu allt að 300—400 hesta. Ræktunarskilyrði eru mýrar með góðri framræsluaðstöðu og aðliggjandi túni jarðar.

Beitiland er gott, laxveiðiréttur í Vesturárdalsá, en hefur ekki til þessa gefið miklar tekjur. Jörðin liggur 18 km frá Vopnafjarðarkaupstað. Bílvegur að undanskildum 1/2 km kafla næst að bænum. Það mun vera álit hreppsyfirvalda, að þau telja, að jörð þessi ætti að endurbyggjast, en þar sem skortir veg og aðstöðu til rafmagns í náinni framtíð tel ég litlar líkur til, að sótzt verði eftir ábúð á jörðinni. Jörðin Fremri-Hlíð er næsta byggða jörð norðan Rjúpnafells og er þriggja km loftlína milli bæjanna og aðstaða til að nytja báðar jarðirnar saman. Telja má líklegt, verði báðar jarðirnar eign sama aðila, að jarðir þessar geti setið tveir ábúendur annað tveggja með félagsrekstur á báðum jörðum eða Rjúpnafell endurbyggist sjálfstætt af skyldmennum þeirra, er nú eiga Fremri-Hlíð. Tel ég því ekkert til fyrirstöðu, að samþ. verði að heimila sölu á þessari jörð."

Að þessu öllu athuguðu varð landbn. sammála um það að leggja fram skrifl. brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir til 3. umr., svo hljóðandi:

„1. við 1. gr.: 2. málsgr. falli burt.

2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar (greinartala breytist samkv. því):

a. (2. gr.) Ríkisstj. er heimilt að selja Val Guðmundssyni, Fremri-Hlíð, jörðina Rjúpnafell í Vopnafjarðarhreppi.

b. (3. gr.) Verð jarðarinnar, sbr. 1. og 2. gr., fer eftir því, sem um semst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna."

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar og bið hæstv. forseta að taka við þessari skrifl. brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 401) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 401,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 401,2.a samþ. með 12 shlj. atkv.

— 401,2.b samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Sþ., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 402).

Á 62. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 402, n. 473).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Landbn. hv. d. hefur athugað þetta frv., sem er komið frá Ed., en á því var gerð breyt. í þeirri hv. d., og n. leggur til, að það verði samþ., en það hefur láðst að gera breyt. á fyrirsögn frv., þegar það var afgr. úr hv. Ed., sem n. virðist eðlilegt að gert sé og flytur því brtt. um það, að fyrirsögn orðist eins og segir á þskj. 473. Ég vil beina því til hæstv. forseta, að e. t. v. er hægt að líta á þetta sem leiðréttingu, þannig að málið þurfi ekki að ganga til Ed. aftur, en þarna er vitanlega ekki um neina efnisbreytingu að ræða, heldur afleiðingu af því, sem búið var að fella inn í frv., en n. leggur sem sagt til, að það verði samþ. með þeirri lagfæringu, sem fram kemur á þskj. 473.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 473 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu og jörðina Rjúpnafell í Norður-Múlasýslu.

Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 538).

---

58. Heimild til að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd.

Á 46. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum [138. mál] (þmfrv., A. 266).

Á 47. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er um heimild handa ríkisstj. til að selja Kópavogskaupstað nýbýlalöndin Ástún, Birkihlíð, Grænuhlíð, Lund, Meltungu, Sæból, Snæland og Efstaland og að auki hluta úr jörðinni Kópavogi, sem hefur verið í umsjá heilbrmrn. og liggur austan Hafnarfjarðarvegarins, en sunnan Fífuhvammslækjar. Frv. þetta er flutt samkv. einróma samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs. Ástæðurnar eru augljósar, eins og fram er tekið í grg. með

frv., að á þeim 10 árum, sem liðin eru, frá því að Kópavogskaupstaður eignaðist meginhluta Digraness og Kópavogslands, hafa orðið mjög gagngerðar breytingar. Kaupstaðurinn hefur byggzt upp, og eðlilegt er að þétta byggðina innan þeirra marka, sem nú eru, jafnhliða því að byggða svæðið færist út.

Á korti, sem fylgir með hér sem fskj., er nánari skilgreining á því, hvað hér er um að ræða, og þar er einnig sýnt, að þegar fyrir nokkru síðan er talsvert farið að skerða nýbýlalöndin með erfðaleigusamningum og lóðaleigusamningum úr þeim. Eins og fram er tekið í grg., er á sumum þessara nýbýla þegar aflagður búskapur og á öðrum nokkuð dreginn saman og það er ekki ólíklegt, að sú verði þróunin með þau velflest og máske öll.

Það hagar einmitt svo til, að á þeim nýbýlum, þar sem búskapur er aflagður núna, er um að ræða það landsvæði, sem hagkvæmast er að taka til byggingar. Þar má við bæta, eins og vikið er að í grg., að það er hagkvæmt af fleiri ástæðum að byggja þetta svæði heldur en ég hef nú þegar talið, m. a. vegna þess, að þetta svæði er á vatnasvæði Fossvogshol-ræsisins, sem er mikið mannvirki og Kópavogskaupstaður er aðili að. Enn fremur má minna á, að væntanlegur Suðurlandsvegur mun liggja niður Fossvogsdalinn, þegar þar kemur, að hann verður endurbyggður, og til umr. hefur komið milli bæjaryfirvalda í Kópavogi og borgarstjórnar Reykjavíkur, að sá vegur muni skipta löndum milli Kópavogs og Reykjavíkur. Það er hins vegar líklegt, að vegurinn muni liggja alfarið Kópavogsmegin í Fossvoginum. Þar þurfa því að eiga sér stað makaskipti.

Það er eðlilegast í sambandi við fyrirgreiðslu þess máls að þar eigist bæjarfélögin við, en eins og nú er, er eigandinn að þessu landi ríkið. Ég vil bæta því við, að einnig er ráðgert, að hin nýja Reykjanesbraut, sem liggur úr Blesugróf austan núverandi byggðar í Kópavogi allt suður til Hafnarfjarðar, muni og skipta löndum milli Kópavogs og Reykjavíkur þar og að Reykjavík muni þá láta af hendi til Kópavogskaupstaðar nokkur svæði þar, þannig að ef af þessum samningum og samkomulagi verður, sem allt bendir til, er eðlilegast og þægilegast, að það geti átt sér stað samtímis.

Þá er og farið fram á það, að bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar fái heimild til að taka eignarnámi ábúðarréttindi á eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Eins og sjálfsagt er, mun fara um þá framkvæmd, ef til kemur, eftir ákvæðum l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

Eins og ég vék að, herra forseti, er þetta frv. flutt samkv. einróma samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs, og er það von okkar, að það megi fá afgreiðslu hér á þessu þingi. Ég vil, herra forseti, leyfa mér að óska þess, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 411).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 266, um heimild til handa ríkisstj. að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum. Frv. var sent til umsagnar þeirra aðila, sem n. taldi eðlilegt, að um það fengju að fjalla, og var það jarðeignadeild ríkisins, Landnám ríkisins og landlæknir. Umsagnir Landnáms ríkisins og jarðeignadeildar eru jákvæðar. Segir landnámsstjóri m. a. í niðurlagi sinnar umsagnar:

„Með vísun til, að við meðferð þessa máls og framkvæmd verði gætt hagsmuna ábúenda í samræmi við ákvæði stjórnarskrár og l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917, svo og gætt réttar veðhafa til fullnaðargreiðslna áhvílandi lána, get ég mælt með samþykkt frv."

Umsögn landbrn., jarðeignadeildar, hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Jarðeignadeild hefur borizt bréf heilbr.- og félmn. Nd. Alþ., þar sem beðið er um álit jarðeignadeildar á fram komnu frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Kópavogskaupstað hluta af jörðinni Kópavogi og enn fremur lönd nokkurra nýbýla í Kópavogi. Jarðeignadeild leiðir hjá sér að segja neitt um sölu á fasteignum úr Kópavogsjörðinni, þar sem hún er að öllu leyti á vegum heilbrmrn. Er því sjálfsagt að fá umsögn þess um sölu á því landi. Um sölu á löndum nýbýlanna skal það tekið fram, að jarðeignadeildin vill fyrir sitt leyti mæla með henni, m. a. vegna þess, að Kópavogskaupstaður á nú þegar mest allt land þessara jarða og aðstaða til búskapar á þeim fer ætíð versnandi, en þörf kaupstaðarins fyrir byggingarlóðir vex hins vegar óðfluga með ári hverju við stækkun hans. Það skal tekið fram, að jarðeignadeildin lítur svo á, að allt landið norðan Nýbýlavegar að bæjarmörkum Kópavogs og Reykjavíkur sé í eigu ríkisins. Um tilnefningu manna í gerðardóm til að meta löndin, ef ekki næst samkomulag um verð, leggur jarðeignadeildin til, að hæstiréttur tilnefni oddamann."

Þetta var umsögn jarðeignadeildar. Umsagnir landlæknis og félmrn. eru hins vegar neikvæðar að því leyti, að þessir aðilar telja ekki eðlilegt, að Kópavogi sé selt þetta land, sem ríkisspítalarnir þarna eiga, en það mun vera austan Hafnarfjarðarvegar. En þar sem hér er aðeins um heimild að ræða handa ríkisstj. til að selja Kópavogskaupstað landið, ef sam-

komulag að öðru leyti næst, taldi n., að hún fyrir sitt leyti gæti þó mælt með frv., þar sem það verður þá að vera samningsatriði milli ráðamanna Kópavogskaupstaðar og forsvarsmanna ríkisspítalanna, hvort um það land, sem þar um ræðir og er í þeirra eigu, næst samkomulag. N. hefur því í áliti sínu mælt með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., 11. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 507).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. d. hefur fjallað um frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til þess að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum, sem borið var fram í Nd. á þskj. 266. Álit fjhn. er á þskj. 507, og leggur hún til einróma, að frv. verði samþ.

Efni frv. er í megindráttum það, að ríkisstj. er heimilt að selja Kópavogskaupstað 7 nýbýlalönd, Ástún, Birkihlíð, Grænuhlíð, Lund, Meltungu, Snæland og Sæból, er stofnuð voru samkv. nýbyggðal. frá 1936 og Efstaland, sem stofnað var samkv. lögum um nýbyggð og endurbyggingar í sveitum frá 1947, svo og þann hluta jarðarinnar Kópavogs, sem heilbrmrn. hefur til umráða austan Hafnarfjarðarvegar. Í öðru lagi er bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar heimilt að taka eignarnámi ábúðarréttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags.

Rétt er að taka fram, að heilbr.- og félmn. Nd., sem fjallaði um málið, leitaði umsagnar nokkurra aðila, sem ætla mætti að vildu tjá sig um efni þess, og frá einum þeirra bárust mótmæli. Umsagna hefur verið leitað hjá fjórum aðilum, dómsmrn., Landnámi ríkisins og landbrn., og þessir aðilar telja eðlilegt, að Kópavogskaupstaður fái þetta land til umráða og eignar. Hins vegar hefur stjórnarnefnd ríkisspítalanna mótmælt efni frv. og þykir mér rétt að gera hv. d. grein fyrir samþykkt, sem stjórnarn. hefur sent, og er frá fundi hennar 3. apríl.

„Stjórnarnefndin telur ekki koma til greina, að látið sé af hendi land ríkisspítalanna í Kópavogi, meðan skipulag landspítalalóðar hefur ekki verið ákveðið og geðveikrasjúkrahúsi ríkisins hefur ekki verið ákveðinn framtíðarstaður."

Landlæknir hefur látið þeirri n. Nd., sem fjallaði um málið, í té þessa samþykkt. Hins vegar hefur umrædd n. í Nd. ekki talið ástæðu til að taka þessi mótmæli til greina og mun þá, að ég ætla, hafa í hyggju niðurlagsmálsgr. í 1. gr. frv., þar sem segir á þessa leið:

„Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða á landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá með sama verði hlutfallslega og Kópavogskaupstað var gert að greiða fyrir landið."

Ég ætla, að með þessu ákvæði hafi Nd. þótt nægilega fyrir því séð, að ríkisspítalarnir eða heilbrigðisstofnanir aðrar gætu fengið þetta land, ef talið væri æskilegt að það yrði tekið undir slík mannvirki. Ég vildi, að d. væri kunnugt um þetta, en síðan vil ég að lokum árétta að n., sem er fjhn. þessarar d., mælir einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Að lokinni þessari umr. er lagt til, að málinu verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 582).

---

59. Lögtak.

Á 23. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar [123. mál] (þmfrv., A. 224).

Á 43. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Fyrir nokkrum árum var um það samið á milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda hér á landi, að greidd skyldi ákveðin prósenta af kaupi vinnandi fólks í sjúkrasjóði verkalýðsfélaga. Þótti þetta mikil umbót af hálfu verkalýðsfélaganna og hafa þau byggt upp með þessu fé sjúkrasjóði sína, sem gert hafa í mörgum atvikum mjög mikið gagn. Má segja, að þetta sé þýðingarmikil viðbót við tryggingakerfið, sem félögin hafa þarna komið sér upp með samkomulagi við atvinnurekendur.

Nú vitum við, að fjárhagur atvinnurekenda og rekstrarfé er með ýmsu móti hér á landi og gengur þar á ýmsu. Reynslan hefur því sýnt, að það vill verða nokkrum erfiðleikum bundið að innheimta þetta fé, sem atvinnurekendur tóku að sér að halda eftir af kaupi og greiða. Hefur þetta valdið báðum aðilum allvarlegum vandræðum á ýmsum stöðum.

Af þeim sökum höfum við, nokkrir Alþfl.-menn, undanfarin tvö eða þrjú þing flutt frv. þess efnis, að heimilt sé að beita lögtakslögunum í þessu sambandi, en frv. hefur ekki orðið útrætt hingað til. Við flytjum þetta nú enn einu sinni skv. ákveðnum óskum nokkurra verkalýðsfélaga og væntum þess, að þingið sjái sér fært að veita verkalýðsfélögunum þann stuðning, sem í því mundi felast að gera frv. þetta að l. Þetta þýðir ekki, að mönnum detti í hug, að nauðsynlegt verði að grípa til lögtaks hjá atvinnurekendum, heldur má vænta þess, að þetta ákvæði mundi hjálpa verulega sem aðhald, þannig að unnt yrði að forðast, að þessar greiðslur söfnuðust um of upp. Það þekkja allir, að tiltölulega litlar greiðslur hjá einu atvinnufyrirtæki, alveg eins og hjá einstaklingi, geta orðið að allmiklu vandamáli, ef þær eru látnar safnast upp um of langan tíma.

Herra forseti. Við viljum vænta þess, að þingið taki þessu máli vel og sýni verkalýðshreyfingunni það vinarbragð að samþ. frv., í því trausti, að það muni verða til þess að greiða fyrir vinsamlegri sambúð á milli atvinnurekenda og verkalýðshreyfingar og að framkvæmdin á þessu sjúkrasjóðaákvæði megi vera í sama góða anda og þeir samningar, sem upphaflega voru um það gerðir.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 224, n. 466).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Skv. frv. þessu er lagt til, að verkalýðsfélögin fái þá aðstoð við innheimtu á gjaldi til sjúkrasjóðs, að það megi taka lögtaki án undanfarins dóms eða sáttar. Eins og kunnugt er, sömdu nokkur verkalýðsfélög um það við atvinnurekendur árið 1961 að greiða 1% af kaupi verkamanna í sjúkra- og styrktarsjóð félaganna, og flest verkalýðsfélög munu nú hafa stofnsett sjúkra- og styrktarsjóði á hliðstæðan hátt. Gjaldið til sjúkrasjóðanna er, eins og ég sagði, 1% af kaupi verkafólks, og eiga atvinnurekendur að skila því í árslok til viðkomandi félags. Reynslan hefur sýnt, að á þessu hefur viljað verða misbrestur, og er frv. þetta flutt til að bæta úr því, og gera flytjendur frv. ráð fyrir, að lögtaks- og fjárnámsrétturinn, sem í frv. felst, reynist nokkurt aðhald báðum aðilum til góðs, en ekki þurfi oft að beita þessum rétti. Allshn. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., 14. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 66. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 224, n. 525).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Efni þessa litla frv. er það, að í 10. gr. lögtaksl. verði bætt ákvæði um, að umsamdar greiðslur atvinnuveitenda í sjúkra- og styrktarsjóði verkalýðsfélaganna skuli njóta lögtaksréttar. Þetta er þmfrv., komið frá Nd. og var þar samþ. shlj. Allshn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. og leggur einnig til einróma, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 9. þm. Reykv., var ekki viðstaddur, þegar n. afgreiddi málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 584).

---

60. Sala lands úr jörðinni Grenivík í Grýtubakkahreppi.

Á 51. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sölu lands úr ríkisjörðinni Grenivík í Grýtubakkahreppi [156. mál] (þmfrv., A. 308).

Á 52. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Nd., 13. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að ríkisstj. verði heimilt að selja hafnarsjóði Grýtubakkahrepps landspildu úr landi Grenivíkur, allt að 7 ha að stærð, er verði athafnasvæði fyrir nýja höfn í Grenivík. Náist ekki samkomulag um verð hins selda lands, skuli það ákveðið af tveimur dómkvöddum mönnum. Eins og fram kemur í grg. með frv., hefur að undanförnu verið unnið að hafnargerð við Grenivík á vegum hreppsnefndarinnar og hafnarnefndar. Þessu verki hefur miðað allvel áfram, og telur nú hreppsnefndin og hafnarnefnd nauðsyn bera til þess, að hreppurinn fái eignarhald á nauðsynlegu landrými í kringum þessa höfn. Frá Grenivík hefur verið rekin töluvert mikil útgerð á undanförnum árum, og er þess að vænta, að hún eigi frekar eftir að aukast, en þar er nú í smíðum lítið frystihús.
Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 308, n. 396).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft til meðferðar frv. á þskj. 308 um sölu lands úr ríkisjörðinni Grenivík í Grýtubakkahreppi. En þetta frv. fjallar um heimild til að selja hafnarsjóði Grýtubakkahrepps landspildu úr landi Grenivíkur allt að 7 ha að stærð, sem verði athafnasvæði fyrir hina nýju höfn á Grenivík, og svo koma hér nánari ákvæði um mat. Ný hafnargerð í Grenivík er nýlega hafin, og í sambandi við hina nýju höfn þarf hafnarsjóður á landi að halda og er samkomulag um það milli hafnarnefndarinnar og hreppsnefndarinnar í Grýtubakkahreppi, þar sem Grenivík stendur, að óska eftir því, að þessi sala fari fram. En Grenivík er gamall kirkjustaður og kirkjujörð, var fyrir skömmu prestssetur, sem nú er lagt niður. Landbn. hefur sent þetta frv. til umsagnar Landnámi ríkisins og jarðeignadeild og eru umsagnir beggja þessara aðila jákvæðar. N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., 11. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 308, n. 577).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Nd. og flutt þar af tveimur hv. þm. Norðurlands e. og fjallar um það að heimila ríkinu að selja hluta úr landi Grenivíkur, sem er ríkiseign, sveitarfé-

laginu í Grýtubakkahreppi, til þess að nota það fyrir athafnasvæði vegna nýrrar hafnar, sem þar er verið að gera. Málið hefur fengið venjulega meðferð í Nd. og hefur verið sent til umsagnar bæði landnámsstjóra og jarðeignadeild ríkisins, og hafa báðar þær stofnanir, þ. e. a. s. landnámið og jarðeignadeildin, lýst sig fylgjandi því, að frv. verði samþ. Landbn. Nd. hefur einnig athugað frv. og telur einboðið að heimila þessa sölu, þar sem þarfir sveitarfélagsins krefjast þess.

Fyrir hönd landbn. Ed. leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 623).

---

61. Sala Þormóðsdals og Bringna.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur [172. mál] (þmfrv., A. 373).

Á 60. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Samkv. beiðni hreppsn. Mosfellshrepps höfum við endurflutt þetta frv. Það náði ekki fram að ganga á síðasta þingi, en það felur í sér heimild fyrir ríkisstj. til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur.

Eins og segir hér í grg., var þetta frv. flutt á síðasta þingi og þá getið um það, að þessar jarðir væru báðar í byggð. Síðan hefur sú breyting á orðið, að jörðin Bringur er komin í eyði og ekki horfur á, að þar verði byggt upp, eins og sakir standa. Það er hins vegar nokkurt áhugamál yfirvalda Mosfellshrepps, að hreppurinn fái öll yfirráð þessarar jarðar, og eins og fram er tekið hér í grg., er hreppsn. reiðubúin að semja um afnot þar, eða annars staðar þar sem hentugra þætti, fyrir tilraunastöðina á Keldum vegna hagagöngu þeirra hrossa, sem nú ganga til beitar einmitt á landspildu úr landi jarðarinnar Bringna.

Ég vona, herra forseti, að þó að þetta sé flutt hér á seinni dögum þingsins, megi takast að koma þessu máli fram. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., 8. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 373, n. 501).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Á þskj. 373 flytja fimm þm. Reykjaneskjördæmis frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur. Hv. landbn. þessarar virðulegu d. hefur haft þetta mál til athugunar. Mál þetta var einnig á ferðinni hér í hittiðfyrra og hlaut þá ekki afgreiðslu. Þá var leitað álits landnámsstjóra, sem taldi varhugavert að selja jörðina, með tilliti til þarfa ríkisins á landrými hér í nágrenni höfuðborgarinnar og þá sérstaklega í sambandi við starfsemi ríkisins að Keldum. En það lágu fyrir meðmæli frá Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, þar sem skorað var á Alþ. að samþykkja þetta frv. Einnig hefur Sveitarstjórnasamband Reykjaneskjördæmis einróma mælt með því, að þetta frv. yrði samþykkt, en viðvíkjandi því, sem ég sagði áðan, að landnámsstjóri og jafnvel fleiri myndu ekki vera því meðmæltir, að þessar jarðasölur færu fram, vil ég segja það, að hér er um heimild að ræða fyrir ríkisstj. og er þá sérstaklega um það að ræða, að hv. landbn. hefur veitt Keldum afnotarétt af beitarlandi á Bringum fyrir blóðhross, en hreppsnefnd Mosfellshrepps telur eðlilegt, að Keldur haldi þeim afnotarétti. Ég vil til viðbótar segja það, að ég var á haustinu 1965 heyrnarvottur að því, þegar þeir ræddu saman, forstöðumaður Keldna og oddviti Mosfellshrepps, og skildi ég forstöðumann Keldna þannig, að ekkert yrði því til fyrirstöðu, að fullt samkomulag gæti orðið um skipti á löndum í sambandi við þetta. Bringur liggja að heiðalandi Mosfellshrepps og hreppsnefndin leggur mikið kapp á að fá heimild til kaupa á þessu landi, og hefur hv. landbn. þessarar virðulegu d. orðið sammála um að leggja til, að ríkisstj. fái heimild til að selja Mosfellshreppi jarðirnar, enda er það í samræmi við það, sem yfirleitt hefur viðgengizt hér á landi, þegar um hreppsfélög hefur verið að ræða.

Að þessu mæltu tel ég ekki ástæðu til þess að hafa þessa framsögu lengri, en vitna til nál. á þskj. 501, þar sem landbn. leggur til, að heimild þessi verði veitt. Og ég legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er farið að tíðkast mjög mikið, að ríkið selji jarðir. Ég man nú ekki, hvað mörg frv. það eru, sem liggja núna fyrir þessari hv. d. um að ríkissjóður selji jarðir, sem hann á. Að vísu er það svo með flest af þessu, að ríkissjóður er að selja því opinbera, hreppsnefndum eða öðrum slíkum aðilum, og svo er einnig hér. Hins vegar hagar hér nokkuð sérstaklega til. Við vitum, að það er um allt annað að ræða, þegar verið er að selja jarðir, sem eru hér í nágrenni Reykjavíkur, en þegar verið er að selja gamlar eignir ríkisins í Vestmannaeyjum eða einhvers staðar úti á landi. Hér kemur ríkið til með að þurfa á því að halda á komandi áratugum að eiga sjálft sínar lóðir. Við vitum, að ríkið eða ýmsar opinberar stofnanir ríkisins eru nú að kaupa fyrir milljónatugi lóðir hér í Reykjavík, sem ríkið gaf að meira eða minna leyti fyrir hálfri öld. Og ef við hugsum ofurlitið fram í tímann, við, sem höfum upplifað, hvernig Reykjavík hefur breytzt á einni hálfri öld, hljótum við að sjá, að þær jarðir, sem ríkið á hér í nánd, verða því mjög dýrmætar eftir nokkurn tíma. Ég skil það vel, að þessar hreppsnefndir, sem hér eru í kring, muni gjarnan vilja eignast þessar jarðir oft og tíðum. Þróunin hefur nú öll gengið út á það, að þessir hreppar hér í kring hafa meir og meir verið lagðir undir Reykjavík, og við sjáum, hvernig stækkunin á Reykjavík hefur verið nú undanfarið.

Ég held, að það eigi að athuga þessa hluti ofurlitið betur. Ég fæ ekki séð, hvað sérstaklega liggi á með þessa hluti, og mér finnst það ekki vera rétt eða viðkunnanlegt að fara að knýja þetta fram, svona á þeim annadögum, sem nú eru í þinginu. Aðaltrúnaðarmenn ríkisins mæla á móti þessu, eins og hér var upplýst, og ég fæ ekki betur séð en að rétt væri fyrir okkur að taka nokkurt tillit til slíks. Ég verð þess vegna að segja, að ég álít, að þetta frv. megi vel bíða, það liggi ekki svo mikið á. Það sé ekki réttmætt að ætlast til þess, að farið sé að knýja það fram núna á þessum allra síðustu dögum. Ég sé að vísu, að það á að tryggja ríkinu byggingarlóðir seinna meir undir opinberar byggingar, en það er svo margt annað, sem við komum til með að þurfa á að halda. Við sjáum t. d. hvert Reykjavík stefnir núna, byggingarnar í Reykjavík. Það verður ekki langt þangað til — ekki langt miðað við mannsævina — að þær fara að nálgast Mosfellsdalinn. Ég hefði þess vegna viljað mælast til þess, að þetta mál fengi að bíða nú og mun fyrir mitt leyti ekki greiða atkv. með því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21:2 atkv.
2. gr. samþ. með 21:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var verið að ræða þetta mál hér í gærkvöld og voru nú ekki margir viðstaddir. Ég vildi gjarnan fá dálitið betri upplýsingar, ef það tíðkast yfirleitt hjá hæstv. ríkisstj. að gefa upplýsingar í sambandi við þau mál, sem hún ætlast til, að Alþ. afgreiði. Mig langar í fyrsta lagi til þess að vita, hvort ríkisstj. mundi nota þessa heimild, ef hún væri afgreidd, vegna þess að það hefur borizt hér manna á milli, ég þori ekki að segja það fyrir víst, en ég ætla, að það eigi sinn uppruna e. t. v. hjá landbrh., að þessi heimild mundi ekki verða notuð, ef hún væri samþ. Nú vil ég leyfa mér að spyrja að þessu, af því að það er vaninn, þegar samþ. eru heimildarlög til handa ríkisstj., að það sé litið svo á, að Alþ. sé þar með að leggja fyrir ríkisstj. að gera viðkomandi hlut, og það kemur ákaflega sjaldan fyrir, þó að það hins vegar sé til, að ríkisstj. noti ekki slíka heimild.

Ég benti á í þeim umr., sem fram fóru í gærkvöld, að þó að sala á jarðeignum ríkisins væri orðin mjög tíð, ekki sízt á þessu þingi, gegndi nokkuð öðru máli, þegar um væri að ræða jarðeignir í algeru nágrenni Reykjavíkur. Það er vitanlegt, að stórjarðeignir, sem það opinbera átti hér í Reykjavík fyrir hálfri öld síðan og voru svo að segja gefnar eða seldar fyrir slikk, eru keyptar aftur á 10—20 millj. kr. nú. Og með þeirri þróun, sem er í byggð landsins, og með vaxandi þéttbýli hér er það vitanlegt, að þó að það séu jarðir, sem ríkið á, uppi í Mosfellshreppi nú, hafa þær sitt gildi eftir nokkurn tíma.

Þess vegna held ég, að það sé nauðsynlegt fyrir ríkið, sem þarf á landsvæði að halda, bæði undir byggingar og annað, og er að kaupa landsvæði fyrir tugi ef ekki hundruð millj. kr. núna, að hugsa ofurlitið fram í tímann, til næstu 50—100 ára, og vita, hvort það sé ekki eins gott, að ríkið eigi þetta. Og ég vil þá enn fremur spyrja í þessu sambandi að því, hvernig farið er með þessar jarðir af hálfu ríkisins nú, hvernig þeim er ráðstafað og hvort það sé e. t. v. meiningin hjá Mosfellshreppi, sem fer fram á þetta, að reyna að bjarga þessum jörðum undan óstjórn ríkisins. Mig langaði til þess að fá upplýsingar um það, hvernig það allt hangir saman og hvort það sé óhugsandi, að ríkisstj. geti stjórnað þannig meðferð á þessum jörðum, að hreppsnefndum hér í nágrenni finnist ekki þörf á að láta ríkið helzt selja sér jarðirnar, til þess að byggð á þeim sé skynsamlega stjórnað.

Ég held, að ef á að fara að setja mál hérna í gegn á síðustu dögum þingsins, án þess að nokkrar upplýsingar fáist um þau, og mönnum sé bara sagt, að það eigi að greiða atkv., af því að það sé stjfrv. eða af því að það sé frv., sem þm. úr ákveðnu kjördæmi flytja, ég held, að svona afgreiðslur geti ekki gengið. Það eru þm. mestmegnis úr Reykjaneskjördæmi, sem að þessu standa, en ég held, að við þm. hér í Reykjavík ættum líka að geta haft nokkuð um þetta að segja. Ég vildi þess vegna leyfa mér að óska eftir betri upplýsingum um þetta heldur en liggja fyrir. 1. flm. hefur upplýst af sinni hálfu ræki lega, hvernig þetta stendur, en mig langar til þess að fá greinargerð hæstv. ríkisstj. og sérstaklega frá hæstv. landbrh.

Frsm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Sem frsm. landbn. vil ég segja nokkur orð, þó að ég ætli ekki að fara að svara því fyrir hönd ríkisstj., hvort heimild sú, sem hér er um að ræða og lagt er til, að verði veitt ríkisstj., verður notuð. Það er í sambandi við Bringur. Þar bjó gamall maður, Hallur Jónsson, sem hætti búskap á s. l. ári. Þetta er jörð, sem liggur að heiðalandi Mosfellshrepps, og það er áreiðanlega að mínu viti langt þar til sú jörð kemst inn í miðbæ Reykjavíkur. Ríkisstj. hefur ákveðið, að Keldur fái ákveðinn hluta af þessari jörð til afnota vegna hrossaræktar í sambandi við þær tilraunir, sem gerðar eru að Keldum, og að sjálfsögðu mun þetta haldast, þó að þessi breyting verði gerð, þ. e. a. s. Mosfellshreppur yrði eigandi að jörðinni.

Um Þormóðsdal er það að segja, að þar býr ungur maður og það er í fullu samráði við hann, sem Mosfellshreppur óskar eftir kaupum á þessari jörð, og mun hann fá að nytja hana, svo framarlega sem hann óskar þess. Ríkissjóður á 5 jarðir í Mosfellshreppi, og það er álit flm., sem eru úr öllum þingflokkum, að það sé rétt að veita þessa heimild, enda er gert ráð fyrir því, að ríkið fái land undir þau mannvirki, sem það þarf að byggja á þessu svæði. Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég vil svara því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði nú, en ég vil taka það fram, því að mér láðist að geta þess í gær, að skipulagsstjóri ríkisins, Zóphonías Pálsson, mælir með sölu þessara jarða til Mosfellshrepps.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 373, n. 578).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta jarðasölumál er komið frá Nd., flutt þar af þm. úr öllum flokkum og fékk nokkurn veginn shlj. afgreiðslu í þeirri hv. d. Það fjallar um það að heimila ríkinu að selja tvær jarðir í Mosfellshreppi, Þormóðsdal og Bringur, sveitarfélaginu. Þar sem það er í l., að ábúendur hafa forkaupsrétt að jörðum, þarf sérstaka lagaheimild til að selja öðrum ríkisjarðir en þeim. Nú stendur þannig á með þessar jarðir, að önnur þeirra er í eyði, Bringur, en hin í byggð. Það er talið mjög nauðsynlegt fyrir sveitarfélagið að hafa umráð yfir þessum jörðum vegna skipulags og til þess að útvíkka afréttarlönd sín. Þess er rétt að geta, að tilraunastöðin á Keldum hefur haft afnot af annarri þessara jarða til hagagöngu fyrir hross, sem tilheyra stöðinni, og hefur hreppsnefndin lýst því yfir, að hún telji sjálfsagt og eðlilegt, að tilraunastöðin haldi þessari aðstöðu, ef hún óskar þess.

Þetta mál var flutt hér á hv. Alþ. 1964 og 1965 og var þá ekki afgreitt. Það var enginn ágreiningur í hv. landbn. Nd. um það að mæla með þessari sölu og hún kannaði þetta mál betur en landbn. Ed. hefur tök á, af því að það er rétt komið til hennar, en við athugun taldi landbn. hér í þessari hv. d. þó enga ástæðu til þess að bregða fæti fyrir frv., og lögðu allir nm., sem á fundi voru, það til, að frv. yrði samþ., en þess ber að geta, að einn nm. var ekki viðstaddur, Jón Árnason.

Ég legg til fyrir hönd n., að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 625).

62. Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Á 41. fundi í Nd., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum [121. mál] (þmfrv., A. 222).

Á 42. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 222 frv. um breyt. á l. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga, og er flutt nú óbreytt.

Efnislega fjallar þetta frv. um það að rýmka nokkuð rétt manna til þess að verða aðilar að þessum lífeyrissjóði, að heimila sjóðstjórninni að veita í fyrsta lagi sjómannafélögum, sem aðild eiga að sjóðnum, rétt til þess að tryggja sína starfsmenn í honum. Það hefur færzt í vöxt á hinum síðari árum, að þessi félög hafa átt þess kost að ráða sjómenn til sín sem starfsmenn í landi. Í flestum tilfellum eru þetta menn, sem koma beint úr starfi af flotanum og hafa notið þessara lífeyrissjóðsréttinda þar, og þess finnast dæmi, að ekki hafa fengizt góðir menn til starfa fyrir þessi félög, vegna þess að þeir hafa tapað þessum réttindum við það að taka að sér störf fyrir stéttarfélögin. Ég held, að allir hljóti að vera sammála því, að það sé mjög nauðsynlegt, að hinir beztu menn ráðist til slíkra starfa á hverjum tíma, og því er lagt til, að þessi heimild verði veitt. Einnig legg ég til, að útgerðum farskipa, varðskipa og togara sé heimilt að tryggja skipverja sína, þó að þeir séu ekki lögskráðir um stundarsakir, m. a. ef þeir starfa við skip, sem eru í viðgerð, flokkunarviðgerð eða gegna öðrum störfum í þágu útgerðar.

Lögin segja skýrt og skorinort, að aðeins þeir, sem lögskráðir séu á skip, njóti þessara réttinda, aðildar að sjóðnum, á meðan þeir séu lögskráðir, en auðvitað þekkjast þess mörg dæmi, m. a. frá landhelgisgæzlu ríkisins, að talið er nauðsynlegt að hafa undirmenn við ákveðin störf í landi um stundarsakir, en á meðan á því hefur staðið, hafa þessir sömu menn tapað þessum réttindum. Þess vegna er lagt til, að sjóðstjórninni sé heimilt að leyfa útgerðunum að kaupa lífeyrisréttindi í sjóðnum áfram, þegar svona stendur á.

Einnig finnast þess dæmi, að sjómenn hafa hætt við að fara í sérskóla sjómannastéttarinnar, stýrimannaskóla og vélskóla, eða a. m. k. frestað því, vegna þess að þegar þeir fara í skólann, hafa þeir einnig tapað af réttindum þessa sjóðs, en eitt meginatriði í hug sjómanna í sambandi við sjóðinn er það, að honum hefur tekizt að veita aðildarfélögum sínum, auk lífeyrisréttindanna, mikil og góð lán, þegar þeir hafa staðið í húsbyggingum eða íbúðarkaupum og er á margan hátt skiljanlegt í okkar þjóðfélagi, að menn, sem eru komnir með fjölskyldu, hiki við að henda frá sér slíkum möguleika, jafnvel þótt þeir þurfi þá um leið að fórna löngun sinni til frekara náms í sínu fagi. Það er líka lagt til, að heimilt sé fyrir þá að kaupa sér og halda við sínum réttindum í sjóðnum, þótt þeir stundi nám í sjómannafræðum.

Þá hef ég talið eðlilegt að heimila einnig þeim, sem slasast eða veikjast, að halda við sínum réttindum og að stjórn sjóðsins ákveði iðgjald.

Það hefur verið minnzt á það við mig, nú eftir að ég flutti þetta frv., hvort ekki væri rétt að endurskoða fleiri ákvæði í þessum l., þ. á m. ákvæði 18. gr., þ. e. ef skipverji tekur út það tillag, sem hann hefur látið til sjóðsins, ekki til þess að kaupa sér lífeyrisréttindi annars staðar, heldur tekur það út sem eyðslueyri, hvort ekki væri þá rétt að heimila togaraútgerðum að fá sitt framlag einnig endurgreitt. Með hliðsjón af því, hvernig okkar togaraútgerð er komið, og einnig með hliðsjón af því, að þessi sjóður er orðinn einn öflugasti lífeyrissjóður hér á landi, og þótt þetta hafi verið eðlilegt ákvæði við setningu þessara l., finnst mér sjálfsagt, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, gefi gaum að þessu atriði og einnig því, að þess þekkjast dæmi, að sjómenn, aðrir en togarasjómenn og farmenn, hafa óskað eftir því að fá að kaupa sér réttindi í þessum sjóði, án þess að útgerðin kæmi þar við sögu. Mér finnst einnig sjálfsagt, að athugað verði, hvort talið sé fært að koma með slíkar breyt. á þessum l., og í trausti þess óska ég eftir því við þá n., sem fær málið til meðferðar, að hún athugi þessi atriði jafnframt frv. mínu, en ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 222, n. 505, 506).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Á þskj. 222 bar hv. 7. þm. Reykv. fram frv. um breyt. á l. nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Sjútvn. þessarar virðulegu d. hefur haft mál þetta til athugunar og sendi það til stjórnar lífeyrissjóðs togarasjómanna og hefur fengið svar við því ásamt fskj., sem prentað er með í nál. á þskj. 505.

Stjórn lífeyrissjóðsins fellst á þá breyt., sem lögð er til í frv., þ. e. a. s. ef breyt. er færð í

heimildarform fyrir sjóðstjórnina og hefur sjútvn. einmitt tekið tillit til þess og ber fram brtt. um þessi atriði á þskj. 506. Það, sem hér er um að ræða, er að leyfa sjómannafélögunum að tryggja starfsmenn sína í sjóðnum og einnig það, að útgerðarfélög farskipa, varðskipa og togara fái að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu ekki lögskráðir, þegar þeir eru við störf í landi, svo sem viðgerðir, flokkunarviðgerðir o. s. frv. Þá er einnig um það að ræða að selja mönnum, sem hafa verið á skipunum, tryggingu, þótt þeir séu við nám, því að samkv. því, sem flm. og frsm. fyrir þessu frv. sagði á sínum tíma, mun það hafa þó nokkrum sinnum komið fyrir, að menn hafi einmitt frestað að fara í sjómannaskólann af þessum ástæðum, því að eins og allir vita, verða menn að vera búnir að ávinna sér vissan rétt, vera í sjóðnum ákveðinn tíma, svo að þeir njóti fullra réttinda, t. d. í sambandi við lántöku, sem er vissulega stór þáttur í starfsemi lífeyrissjóðanna yfirleitt.

Eins og ég sagði, hefur sjútvn. þessarar virðulegu d. fært þetta í það horf, sem stjórn sjóðsins leggur til. En vegna fsp., sem sjútvn. sendi stjórn sjóðsins, bendir stjórnin einmitt á það, að upp skuli tekin ný ákvæði varðandi sjómenn á togurum, ef þeir fara á aðrar veiðar. Það eru dæmi til þess, að einmitt vegna þessa ákvæðis, sem er bundið við togveiðar, muni samningar ekki hafa tekizt um slíkar veiðar á einum af stærstu togurunum, þ. e. a. s. þegar var verið að undirbúa það að gera þennan togara út á síldveiðar með hringnót. Þetta ákvæði, sem er síðasti málsl. brtt. á þskj. 506, fjallar um það og er í fullu samræmi við það, sem sjóðstjórnin leggur til.

Þá vil ég einnig víkja að því, að rétt væri að sjóðstjórnin athugaði, ef þetta frv. ásamt brtt. á þskj. 506 verður samþ., hvort þeir starfsmenn sjómannafélaganna, sem eru orðnir fullorðnir og búnir að starfa lengi, eigi ekki einnig að fá aðild að sjóðnum á sama hátt og gamlir sjómenn, sem voru komnir í land, þegar þessi lög voru samþ. á sínum tíma. En gangur málsins mun hafa verið sá, að fyrir þá, sem voru komnir að hámarksaldri eða yfir hámarksaldur, mun ríkið hafa keypt réttindi og greitt þeim þessi réttindi, en þetta er atriði, sem sjóðstjórnin þarf að taka til athugunar, þó að flest það sé ekki beint í sambandi við þessar breyt., sem hér liggja fyrir, en á þetta vil ég benda.

Þá minntist flm. í sinni framsögu á það, að af sérstöku tilefni hefðu sumir bent á, hvort það væri ekki eðlilegt vegna þeirra miklu breytinga, sem eru einmitt í þessum sjóði, að vinnuveitendur, þ. e. a. s. fyrst og fremst togaraeigendur, fengju endurgreiðslu á þeim hluta, sem þeir greiða fyrir þá aðila, sem hætta að vera sjóðsmeðlimir. En í þessum sjóði munu vera meiri hreyfingar en í öðrum lífeyrissjóðum, vegna þeirra breytinga, að menn skipta um atvinnu og fara þá kannske í aðra lífeyrissjóði eða hætta að vera sjóðsmeðlimir á annan hátt. Um þetta atriði segir einmitt tryggingafræðingur sjóðstjórnarinnar, að það sé ljóst, að úrganga hafi orðið sjóðnum stórum drýgri tekjulind en gert muni hafa verið ráð fyrir í upphafi. En jafnframt segir hann, að ekki hafi verið hægt að reikna með því, að aðeins 10% iðgjöld, þ. e. a. s. bæði frá atvinnurekendum og sjóðsmeðlimum, nægðu til þess að standa undir skyldum sjóðsins. Þess vegna leggur hann til, að athugað verði nánar tryggingafræðilegt uppgjör á sjóðnum, en fyrr en það hefur átt sér stað er ekki eðlilegt, að hægt verði að taka tillit til þessara óska og yrði það þá að sjálfsögðu að takast upp að nýju. En ég vil sem sagt benda á þetta atriði, bæði vegna þess að flm. minntist á það og af öðrum ástæðum. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Ég legg til fyrir hönd sjútvn., að frv. á þskj. 222 verði samþ. ásamt breyt. á þskj. 503 og verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 506 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 541).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 541).
Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 541, n. 566).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta felur það í sér, að auknar eru heimildir lífeyrissjóðs togarasjómanna til þess að taka að sér auknar tryggingar fyrir sjómannafélögin, útgerðarmenn og útgerðarfélög ýmissa skipa, þegar svo stendur á t. d., að skipverjar eru ekki lögskráðir undir þeim kringumstæðum, að skip eru í viðgerðum eða flokkunarviðgerðum eða öðru því um líku. Þá eru það nýmæli í

frv., að stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum eða slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem af þessum ástæðum fellur niður.

Eins og fram kemur í nál. sjútvn., mælir hún einróma með samþykkt till. Ég vil leyfa mér fyrir hönd hennar að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur hér fyrir og því síðan vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 627).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 33. fundi í Sþ., 11. apríl, voru teknar á dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umræðan fer þannig fram í kvöld, að hver flokkur fær til umráða 50 mín. ræðutíma, er skiptist í tvær umferðir, 25—30 mín. hin fyrri og 20—25 mín. hin síðari. Röð flokkanna í báðum umferðum verður þessi: Alþb., Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. Ræðumenn verða fyrir Alþb. í fyrri umferð Lúðvík Jósefsson, í síðari umferð Geir Gunnarsson og Björn Jónsson, fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð Bjarni Benediktsson, í síðari umferð Ingólfur Jónsson, fyrir Framsfl. í fyrri umferð Eysteinn Jónsson og Ingvar Gíslason, í síðari umferð Jón Skaftason og Gísli Guðmundsson, fyrir Alþfl. í fyrri umferð Emil Jónsson og Eggert G. Þorsteinsson og í síðari umferð Birgir Finnsson og Sigurður Ingimundarson.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls Lúðvík Jósefsson og talar af hálfu Alþb.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Sjö ár eru liðin, síðan núv. stjórnarflokkar tóku upp nýja stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þessi nýja efnahagsmálastefna, sem hlaut nafnið „viðreisn", hefur vissulega fengið fullan reynslutíma. Hún hefur haft margvísleg áhrif í atvinnu- og fjármálum landsins og einnig sett sinn svip á félagslegar framkvæmdir, þróun menningarmála og sjálfstæðismál þjóðarinnar. Það er því eðlilegt og sanngjarnt, að miklar umr. fari fram um viðreisnarstefnuna, um eðli hennar og tilgang og um þau áhrif, sem hún hefur haft í ísl. þjóðmálum. Eftir tvo mánuði fara fram kosningar til Alþ. Í þeim kosningum gera stjórnmálaflokkarnir upp ýmis átakamál sín á milli og þá gerir þjóðin líka upp reikningana við flokkana. Við slíkt uppgjör hlýtur ráðandi stjórnarstefna að vera tekin til sérstakrar athugunar. Við skulum nú athuga í stuttu máli stöðu íslenzkra atvinnuvega eins og hún er í dag og kanna nokkuð áhrifin frá efnahagsstefnu ríkisstj.

Í upphafi viðreisnar var því mjög haldið fram, að ætlunin væri að fella niður alla styrki til framleiðsluatvinnuveganna og allar uppbótagreiðslur. Reynslan hefur orðið allt önnur, eins og allir vita. Nú er talið, að styrkir til atvinnuveganna, útflutningsuppbætur og niðurgreiðslur á vöruverði muni nema rúmum 1700 millj. kr. á árinu 1967. Slíkar greiðslur hafa aldrei fyrr orðið svona háar. Í upphafi viðreisnar var mikið um það talað, að óhjákvæmilegt væri að taka upp hina nýju stefnu, m. a. vegna þess, að þjóðin hefði safnað skuldum erlendis með miklum kaupum á fiskiskipum og öðrum framleiðslutækjum. Eftir sjö ára viðreisn hafa erl. skuldir þjóðarinnar ekki minnkað, heldur aukizt, og eru skuldirnar nú ekki aðeins vegna kaupa á framleiðslutækjum, heldur einnig vegna kaupa á daglegum eyðsluvörum.

Hin neikvæða afstaða viðreisnarinnar til framleiðsluatvinnuveganna kom skýrt fram strax í upphafi. Þannig var ein fyrsta fjármálaákvörðunin fólgin í því að hækka stórlega alla vexti á lánum. Vaxtahækkunin hafði lítil áhrif á hag verzlunarfyrirtækja og annarra, sem fengust við innlend viðskipti. Slíkir aðilar veltu hækkuninni auðveldlega af sér út í verðlagið og tóku jafnvel til sín nokkra aukahækkun í leiðinni, enda verðlagningin gefin frjáls að mestu leyti. En vaxtahækkunin skall með fullum þunga á útflutningsatvinnuvegunum, fyrst með beinum útgjöldum aukins vaxtakostnaðar og síðan í hækkandi dýrtíð í landinu. Jafnhliða vaxtahækkuninni komu svo fyrirmæli um lækkun á lánum Seðlabankans út á framleiddar afurðir. Sú ráðstöfun leiddi enn til aukinnar hækkunar á vöxtum framleiðslunnar, þar sem afurðalán Seðlabankans voru með lægstum vöxtum áður. Þessi ráðstöfun hafði auk þess það í för með sér, að rekstrarlán framleiðslunnar minnkuðu frá því, sem þau höfðu lengi verið áður. Þessum ráðstöfunum, sem allar voru fyrst og fremst gegn hagsmunum framleiðslunnar, fylgdu svo fyrirskipanir um það að stytta lánstíma á stofnlánum atvinnuveganna. Þannig voru 20 ára stofnlán færð niður í 15 ár og 15 ára lán í 12 ár. Það

fór ekki á milli mála í upphafi viðreisnartímabilsins, að álit þeirra viðreisnarmanna á ísl. atvinnuvegum var ekki upp á marga fiska. Það var ljóst, að þeir ætluðu að byggja viðreisn sína á öðru en trausti á þeim atvinnuvegum, sem þjóðin hafði byggt á og sótt sína velgengni í um áraraðir. Dæmi um þessi viðhorf forystumanna viðreisnarinnar eru mörg. Ég nefni till. til þál., sem sjö þingmenn Sjálfstfl. fluttu árið 1961, þar sem þeir skoruðu á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að þeir nýju stálfiskibátar, sem þá voru að koma til landsins, 150—250 rúmlestir að stærð, yrðu settir á veiðar við Afríkustrendur, þar sem enginn grundvöllur væri til útgerðar slíkra skipa við Ísland, eins og tillögumenn orðuðu það.

Þannig var álit viðreisnarinnar á síldarútvegi landsmanna, og þannig var skilningur forystumanna viðreisnarstefnunnar á möguleikum ísl. útgerðar. Þeirra viðhorf var að telja skuldir vegna nýrra skipa sérstakt dæmi um lélega efnahagsstöðu. Og skipin sjálf voru í þeirra augum mestu vandræðafyrirtæki. Aðalspámenn viðreisnarinnar, þeir Jónas Haralz og Jóhannes Nordal, lýstu því báðir yfir árið 1962, að þeir teldu útilokað að byggja efnahagsafkomu þjóðarinnar á sjávarútvegi eins og gert hefði verið, þar sem fullvíst væri, að sjávarútvegurinn gæti ekki staðið undir meiri framleiðsluaukningu en sem næmi 4.5—5% á ári. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að framleiðsluaukningin í sjávarútvegi hefur numið að meðaltali 14% á ári s. l. 5 ár.

Hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, hefur einnig hvað eftir annað lýst yfir sams konar vantrú sinni á ísl. atvinnuvegum og þeirri skoðun sinni, að nauðsynlegt væri fyrir landsmenn að leggja grundvöll að nýjum atvinnugreinum og þá helzt stóriðju í höndum útlendinga. Þessi dæmi, sem hér hafa verið nefnd um afstöðu viðreisnarmanna til atvinnuveganna, er nauðsynlegt að hafa í huga, þegar atvinnu- og efnahagsmál þjóðarinnar eru rædd og stefna ríkisstj. í þeim málum. Þær staðreyndir, að framleiðsla þjóðarinnar hefur stóraukizt á síðustu árum, tekjur farið vaxandi og hagvöxtur orðið meiri hér en víðast hvar annars staðar, eiga því ekkert skylt við stefnu ríkisstj. í atvinnu- og efnahagsmálum. Framleiðsluaukningin hefur byggzt á hagstæðu árferði, hinum dýrmætu fiskimiðum við landið og dugnaði og kappi ísl. sjómanna og allra þeirra, sem unnið hafa langan vinnudag til þess að gera aflann að verðmætri útflutningsvöru. Hinn hagstæði árangur hefur náðst, þrátt fyrir alranga og hættulega efnahagsmálastefnu ríkisstj.

En hvernig er svo staða framleiðsluatvinnuveganna eftir margra ára góðæri frá náttúrunnar hendi, en sjö ára viðreisnarstefnu í framkvæmd? Í upphafi viðreisnartímabilsins voru gerðir út 46 togarar í landinu. Nú á að heita, að gerðir séu út 16 togarar. 30 hafa hætt rekstri. Togaraútgerðin er rekin með miklum styrkjum og þó með stórfelldu tapi. Ríkisstj. hefur aðgerðalaust horft á eyðingu togaraflotans. Hún hefur drepið allar till. um endurnýjun skipanna og breyt. á rekstri þeirra í þá átt, sem gerzt hefur með öðrum þjóðum. Vélbátaútgerðin, þ. e. a. s. minni bátanna, er að komast í sömu þrotin og togaraútgerðin. Mþn., sem athugaði afkomu minni vélbáta, komst að þeirri niðurstöðu, að rekstrargrundvöll skorti fyrir útgerð þeirra. Reynslan sýnir, að þessi bátafloti, sem þó er meginundirstaða fiskiðnaðarins, er alltaf að minnka og rekstrartími bátanna styttist vegna fjárhagsörðugleika. Ríkisstj. horfir aðgerðalaust á þessa þróun. Þýðingarmesta grein fiskiðnaðarins, frystiiðnaðurinn, er einnig að komast í þrot. Þrátt fyrir miklar verðhækkanir á erl. mörkuðum nokkur undanfarin ár, er nú svo komið, fyrst og fremst vegna verðbólguþróunarinnar innanlands, að frystihúsin þola ekki neina lækkun á útflutningsverðinu og gefast upp um leið og hún gerir vart við sig.

Í iðnaði hefur gætt vaxandi samdráttar í nokkur ár, og ljóst er, að hagur margra iðnfyrirtækja fer óðum versnandi. Í landbúnaði varð samdráttur á s. l. ári, þ. e. a. s. framleiðslan beinlínis minnkaði, og augljóst er, að málefni landbúnaðarins eru komin í hina mestu sjálfheldu vegna algers skipulagsleysis.

Og nú síðast er svo komið, að sá þáttur framleiðslunnar, sem verið hefur sterkastur, síldarútgerðin og síldariðnaðurinn, er einnig kominn í fjárhagslega erfiðleika.

Þannig er þá ástandið eftir nokkurra ára uppgripaafla og síhækkandi verðlag á útflutningsvörum þjóðarinnar. Þannig er þá ástandið eftir meiri framleiðsluaukningu hér á landi en hjá öðrum þjóðum og eftir meiri og örari hagvöxt hér en annars staðar. Hvað veldur þessu ástandi? Lítum svolitið nánar á málið og athugum, hvað hefur verið að gerast.

Á sjö ára starfstíma viðreisnarstjórnar hefur verðlag í landinu á vörum og þjónustu hækkað um 130%. Þessi óstjórnlega dýrtíð hefur ætt yfir vegna þess, að ríkisstj. hefur gefið milliliðum lausan tauminn. Hún hefur hvað eftir annað samþykkt hækkanir á álagningu. Hún hefur gefið verðlagningu á margvíslegum vörum og þjónustu frjálsa. Hún hefur horft aðgerðalaus á brask með íbúðarhús almennings. Og sjálf hefur stjórnin gengið á undan með álögur ofan á álögur, skatt á skatt ofan, hækkað söluskatt svo að segja árlega og þannig stórmagnað dýrtíðina í landinu. Jafnhliða því, að óðaverðbólgan hefur grafið undan atvinnuvegunum, hefur ríkisstj. knúið fram þá stefnu í peningamálum, sem óhjákvæmilega hefur þrengt kosti framleiðsluatvinnuveganna, þannig að nú er komið í algert óefni. Minnkun afurðalána Seðlabankans leiddi óhjákvæmilega til þess, að viðskiptabankar framleiðsluatvinnuveganna, Landsbankinn og Útvegsbankinn, urðu að taka á sig aukin rekstrarlán til atvinnuveganna. Stóraukin framleiðsla kallaði auðvitað líka á aukin peningalán. Þrátt fyrir þessar

staðreyndir voru rekstrarlánabankar framleiðslunnar knúðir til þess að binda í Seðlabankanum og framkvæmdaáætlun ríkisstj. 40% af öllu nýju innstæðufé. Þessi peningapólitík ásamt með þeirri staðreynd, að nýir og nýir bankar, sem aðallega störfuðu á viðskiptasviðinu, drógu til sín sparifé landsmanna í auknum mæli, hefur leitt til þess vandræðaástands, sem nú er komið upp í aðalviðskiptabönkum landsins og þyngst bitnar á framleiðsluatvinnuvegunum. Stofnlánaþörf framleiðslufyrirtækja er ekki sinnt nema að litlu leyti og rekstrarlán eru algerlega ófullnægjandi, og þó eru þau veitt í mörgum greinum þvert ofan í settar reglur. Ríkisstj. og ráðunautar hennar virðast ekkert við það hafa að athuga, þó að sívaxandi hluti af fjármagni þjóðarinnar bindist í verzlun og viðskiptum eða í beinu milliliðabraski, en undirstöðuatvinnuvegirnir séu að komast í þrot vegna fjárskorts. Það er næsta nöturlegt ástand, sem nú blasir við augum í ísl. atvinnu- og fjármálum og æði mótsagnakennt. Annars vegar liggur fyrir sú staðreynd, að þjóðarframleiðslan hefur náð nýju hámarksmeti og þjóðartekjurnar á hvern íbúa eru orðnar með því hæsta, sem þekkist í heiminum. En hins vegar liggur fyrir sú staðreynd, að undirstöðuatvinnuvegirnir, sem öll þessi velgengni byggist á, eru komnir í fjárhagslegar kröggur. Annars vegar blasir við metinnflutningur og meteyðsla, 5 þúsund bílar keyptir á einu ári fyrir rúmlega 1000 millj. króna, fyrir 1 milljarð kr., og 10 þús. sjónvarpstæki á sama ári fyrir 250 millj. kr. og önnur eyðsla eftir því, en hins vegar blasir svo líka við hrynjandi togaraútgerð, minnkandi bátaútvegur og ríkisstyrkt frystihús.

Hún er sláandi, þessi tvöfalda mynd. Annars vegar má sjá brosandi og ánægðan heildsala og státinn viðskiptamálaráðherra og seðlabankastjóra með 2 þús. millj. gjaldeyrissjóð. En hins vegar á myndinni gefur svo að líta hnípinn útgerðarmann úr Sandgerði, sem neyðzt hefur til þess að selja nýjasta bátinn sinn vegna fjárskorts.

Svona er ástandið í ísl. atvinnu- og fjármálum í dag. Viðreisnarspekingarnir eru þeir sömu og áður og hagstjórnarvísindi þeirra eru þau sömu og fyrr. Þeir viðurkenna að vísu, að fram undan séu erfiðleikar í efnahagsmálum, en ráð gegn þeim vanda sjá þeir engin önnur en gömlu úrræðin. Þeir boða meiri samdrátt í útlánum bankanna. Hin miklu útlán bankanna skapa þenslu, segja þeir, og virðist þá engu máli skipta í þeirra augum, hvort lánin hafa farið til þess að auka við framleiðsluna, auka við tekjur þjóðarinnar eða til þess að standa undir aukinni eyðslu á gjaldeyri. Útlán eru útlán, segja spekingarnir, og þau verður að stöðva. Það verður ekki langt þangað til þeim tekst að stöðva alla framleiðslu landsins með áframhaldi þessarar stefnu.

Í byrjun s. l. árs knúði ríkisstj. enn fram nýjar álögur á þjóðina. Þær munu hafa numið 250—300 millj. kr., miðað við ár. Allar hafa þessar nýju álögur farið út í verðlagið og aukið dýrtíðina a. m. k. jafnmikið og álögunum nam. Afleiðingar þessa koma fram í auknum erfiðleikum útflutningsatvinnuveganna. Tekjur ríkissjóðs urðu miklar á árinu, einkum vegna mikils innflutnings og mikillar verzlunar. Tekjur ríkissjóðs fóru 850 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga, og hreinn greiðsluafgangur nam 474 millj. kr. Afkoma ríkissjóðs sýnir, að álögurnar í upphafi ársins voru óþarfar og niðurskurðurinn á verklegum framkvæmdum þurfti enginn að vera. Greiðsluafgangur ríkisins sannar, að ríkið hefur tekið meiri fjármuni til sín en það hefur þurft og þar með aukið dýrtíðina í landinu að þarflausu. Mikill hluti greiðsluafgangsins er nú lagður inn í Seðlabankann og þannig er þessi skattheimta ríkisins notuð sem viðbótarsparifjárbinding.

Þrátt fyrir góða afkomu ríkissjóðs og óhóflega eyðslu á ýmsum sviðum, er haldið fast við þá stefnu að skera niður áætlað fé til verklegra framkvæmda ríkisins, eins og hafnarframkvæmda, skólabygginga, sjúkrahúsabygginga og vegagerðar. Þessi niðurskurðarstefna er knúin í gegn, þó að ekki megi blaka hendi við óþarfa innflutningi, byggingu verzlunarhalla og byggingu bílasölustöðva eða annarrar eyðslu á vegum einstaklinga eða félaga. Skipulagsleysið er eitt helzta einkennið á stjórn ísl. efnahagsmála í dag. Dýrmætum gjaldeyri þjóðarinnar er eytt af algjöru handahófi og oft í fánýtt glingur. Fjárfestingin er einkum miðuð við duttlungagróðasjónarmið. Allt skipulag er eitur í beinum efnahagsráðunauta ríkisstj., nema þá það skipulag, sem miðast við niðurskurð á framkvæmdum opinberra aðila, þeim framkvæmdum, sem sérstaklega varða þjóðarheildina.

Þeir erfiðleikar, sem nú steðja að ísl. atvinnulífi, virðast ekki hafa mikil áhrif á ríkisstj. og ráðunauta hennar. Skýringar þeirra eru einfaldlega þær, að erfiðleikarnir stafi af því, að atvinnuvegirnir séu ótraustir og fallvaltir. Ástandið er atvinnuvegunum að kenna, en ekki stjórnarstefnunni að þeirra dómi. Og í beinu framhaldi af þeim skýringum undirbýr ríkisstjórnin aukna þátttöku útlendinga í atvinnurekstri í landinu í nýjum atvinnugreinum. Samdráttur í ísl. iðnaði og minnkandi rekstur í vissum greinum sjávarútvegsins valda ríkisstj. og ráðunautum hennar engum sérstökum vonbrigðum. Þeir segja blátt áfram, eins og ekkert óvænt hafi gerzt, að hinar nýju stórframkvæmdir við Búrfell og síðar á þessu ári við Straumsvík, ásamt með framkvæmdum við Kísilgúrverksmiðjuna, þurfi á miklu vinnuafli að halda og að óhjákvæmilegt sé að greiða fyrir þessum framkvæmdum. Og enn er unnið að undirbúningi nýrra stórframkvæmda á vegum útlendinga, og er olíuhreins-

unarstöðin þar efst á blaði. Stefna núv. ríkisstj. er ísl. atvinnuvegum háskaleg. Hún er við það miðuð, að ísl. atvinnuvegir búi við allt önnur og lakari kjör en atvinnurekstur útlendinga á að búa við.

Í kosningunum í sumar verður þjóðin að koma í veg fyrir það, að þessari háskastefnu gagnvart ísl. atvinnuvegum verði haldið áfram. Eftir kosningar verður að taka upp nýja stefnu. Sú stefna þarf að einkennast af þremur grundvallaratriðum.

Í fyrsta lagi, að ráðstafanir í fjárhags- og peningamálum séu miðaðar við hagsmuni undirstöðuatvinnuveganna og þá fyrst og fremst útflutningsatvinnugreinanna. Þannig sé verðlag innanlands ekki látið fara fram úr því, sem útflutningsframleiðslan getur borið og stefnan í markaðs- og viðskiptamálum verður að miðast við þarfir útflutningsatvinnuveganna.

Í öðru lagi, að allar ráðstafanir í efnahagsmálum þurfa að gerast í samráði við launþegasamtökin í landinu. Þannig á að leysa húsnæðismál almennings og ýmis félagsleg réttinda- og hagsmunamál, og þannig á að tryggja launþegum réttlátan hluta af vaxandi þjóðartekjum.

Í þriðja lagi á stefnan að miða að efnahagslegu og stjórnmálalegu sjálfstæði þjóðarinnar. Landsmenn eiga einir að eiga og reka atvinnutækin í landinu og nýta gæði lands og sjávar. Landsmenn eiga sjálfir að móta menningarlíf þjóðarinnar, og þeir eiga einir að ráða landi sínu.

Kosningarnar í sumar geta vissulega orðið örlagaríkar. Í þeim getur það ráðizt, hvernig atvinnulíf landsins þróast á komandi árum. Úrslit kosninganna geta skorið úr um það, hvort útlendur stórrekstur á að setja svipmót sitt á atvinnulíf í landinu á komandi árum eða eiginn atvinnurekstur landsmanna grundvallaður á náttúruauðlindum landsins.

Í kosningunum í sumar verða ísl. atvinnurekendur, stórir og smáir, að gera sér fulla grein fyrir þeirri stöðu, sem þeir eru komnir í með atvinnurekstur sinn. Þeir þurfa að átta sig á eðli vandans. Eigendur frystihúsanna hafa vafalítið velt þessum vandamálum fyrir sér síðustu mánuðina og þeir bátaeigendur, sem eru við það að gefast upp af efnahagsörðugleikum, ættu líka að hafa áttað sig á alvöru málsins. Iðnrekendur, sem nú standa frammi fyrir minnkandi rekstri, sífellt harðnandi samkeppni erlendra aðila, en hækkandi tilkostnaði innanlands, hljóta að sjá, hvað að fer, ef þeirri stefnu gagnvart ísl. atvinnurekstri, sem nú er mótuð af ríkisstj., verður haldið áfram. Hvað ætla þessir atvinnurekendur að gera í komandi alþingiskosningum? Ætla þeir að fljóta sofandi að feigðarósi eða bregðast mannlega við vandanum og knýja fram breytta stefnu? Hvað ætla þeir mörgu menntа- og millistéttarmenn að gera, sem hingað til hafa stutt stjórnarflokkana? Ætla þeir að þola áframhaldandi niðurskurð skólaframkvæmda og sjúkrahúsabygginga í mesta góðæri, sem gengið hefur yfir landið? Ætla þeir af misskilinni flokkshollustu að styðja áfram þá flokka, sem sýnt hafa einstakt andvaraleysi gagnvart útlendum yfirgangi í landinu og varið hafa og leyft þann ósóma að senda hermannasjónvarp inn á heimili almennings í mesta þéttbýli landsins? Bændur og verkamenn munu ábyggilega að miklum meiri hluta skipa sér gegn þeim flokkum, sem stjórnað hafa landinu undanfarandi ár. Þeir hafa fengið að finna til dýrtíðarstefnunnar, skipulagsleysisins, húsnæðisokursins og skilningsleysis ríkisstj. í málefnum hinna lægst launuðu. Í kosningunum í sumar þurfa að verða þáttaskil í ísl. stjórnmálum. Flokkaböndin eiga að bresta. Sú andúð á stjórnarstefnunni, sem enginn vafi er á að er mikil, á að koma fram skýrt og ótvírætt.

Núv. ríkisstj. er þegar fallin í áliti almennings í landinu. Í hlutlausri skoðanakönnun mundi stjórnin verða í miklum minni hluta, því að stefna hennar er andstæð vilja og hagsmunum þjóðarinnar.

Í kosningunum í sumar hlýtur Sjálfstfl., forystuflokkur ríkisstj., að stórtapa fylgi. Það væri blátt áfram hlægilegt, ef fylgistap Sjálfstfl. yrði til þess að efla Alþfl., sem er í raun og veru ekkert annað en það sem forysta íhaldsins vill á hverjum tíma. Staða Framsfl. í kosningunum í sumar er sú, að hann getur hvergi unnið þingsæti, og uppbótarsæti fær flokkurinn ekki. Fylgisaukning Framsóknar mun því engu breyta um valdaaðstöðu núv. ríkisstj. Þeir missa ekki meiri hluta sinn á Alþ., stjórnarflokkarnir, nema með atkvæðaaukningu Alþb. Stefna Framsfl. er þannig, að enginn veit, hvað flokkurinn í raun og veru vill. Stefnan er tvöföld í flestum málum. Framsókn er t. d. með vestrænu varnarbandalagi, eins og það er orðað, og vill efla varnirnar, en mótmælir þó varnarframkvæmdum t. d. í Hvalfirði. Hún var ýmist með eða móti erlendri stóriðju, sumir flokksmenn með henni, ef hún yrði fyrir norðan, en aðrir með henni, af því að hún var ákveðin fyrir sunnan. Framsfl. er nú á móti hermannasjónvarpinu, en hann leyfði það á sínum tíma. Þannig hefur Framsókn tvær andstæðar stefnur í flestum stórmálum. Enginn veit, hvað gerast mundi í ísl. stjórnmálum með eflingu Framsfl. Stefna Alþb. er skýr í öllum meginþjóðmálum. Alþb. er sterkasti fulltrúi ísl. verkalýðshreyfingar. Það miðar stefnu sína við hagsmuni þjóðarheildarinnar. Afstaða þess til hernámsins er skýr og ótvíræð. Afstaða þess til atvinnurekstrar útlendinga í landinu er öllum kunn og ótvíræð. Afstaða þess til ísl. atvinnuvega er einnig skýr. Eina leiðin til þess að tryggja fall ríkisstj. í kosningunum í sumar er að efla Alþb., og efling þess er eina tryggingin fyrir því, að breytt verði um stefnu í mikilvægustu málum þjóðarinnar.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti, góðir hlustendur. Þegar ég heyri hið digurbarkalega tal hv. stjórnarandstæðinga eins og síðasta ræðumanns, kemur mér stundum í hug sagan af karlinum, sem horft hafði á skipsstrand og ekki hafzt neitt að. Nokkru síðar hitti hann forystumann björgunarmanna og sagði: „Ég mundi nú hafa hjálpað ykkur, ef veðrið hefði ekki verið svona anzi vont".

Mikillæti hv. Alþb.-manna og framsóknarmanna eftir frammistöðu þeirra, þegar vinstri stjórnin strandaði, minnir óneitanlega á þennan karl. En öllum yfirsést okkur einhvern tíma, og auðvitað ber að fagna því, ef menn í raun og veru hafa tekið sinnaskiptum, svo að þeir séu aðrir og betri en áður, eins og ætla mætti af því ástfóstri, sem báðir hv. stjórnarandstöðuflokkar segjast nú hafa tekið við atvinnurekendur. Öðruvísi mér áður brá, að heyra Lúðvík Jósefsson tala fyrir nokkrum árum eða biðilssöng hans nú til atvinnurekenda. Í kenningakerfi kommúnista er stéttabaráttan eitt aðalatriðið og atvinnurekendur fyrirbæri, sem útrýma ber með öllu. Og hver kann að telja upp öll þau ónefni, sem Tíminn á sinni hálfrar aldar ævi hefur valið ísl. atvinnurekendum? Strax koma þó upp í huganum nöfn eins og „braskarar", „Grímsbylýður", „afætur", svo fátt eitt sé nefnt. Hin síðustu misseri — og nú síðast fyrir fáeinum mínútum — er það hins vegar talið höfuðásökunarefni á ríkisstj., að hún hafi ekki nægan skilning á erfiðleikum atvinnurekenda, enda hafi ýmsir þeirra *gagnrýnt gerðir hennar.*

Fyrir rúmum tveim árum var eins og oftar rætt um hag útvegsins hér á Alþ. Aðaltalsmenn hv. stjórnarandstæðinga vitnuðu þá í tvo mikilsvirta útgerðarmenn og eigendur fiskiðjuvera. Eftir öðrum þeirra var haft, að ástandið væri þá hið alvarlegasta, enda fengjust ekki lán til þess að kaupa nauðsynlegustu vélar til fiskiðnaðarins, og eftir hinum, að hann hefði eignazt þrjú frystihús áður fyrr, en hann gæti ekki viðhaldið þeim á viðreisnartímum. Hann hefði ætlað að endurbæta lítils háttar eitt frystihúsið, en verið stoppaður við það, því að viðreisnin leyfði það ekki. Þetta sögðu hv. stjórnarandstæðingar *fyrir tveimur árum.*

Síðar í umr. varð ég fyrir hörðum ávítum frá hv. þm. Eysteini Jónssyni fyrir að draga í efa, að hinir tveir mikilsvirtu hraðfrystihúsaeigendur væru svo illa staddir sem hv. stjórnarandstæðingar vildu vera láta. Ég vitnaði sem sé þegar í stað til þess, að því færi fjarri, að fjármunamyndun í fiskiðnaði hefði minnkað á tímum viðreisnarstjórnarinnar frá því, sem áður var. Hún hefði þvert á móti aukizt mjög í raunverulegum verðmætum og benti ég á það, að harla ólíklegt væri, að hinir tveir miklu framkvæmdamenn, sem raunar eiga ekki einungis hraðfrystihús, heldur fiskimjöls- og síldarbræðslur auk veiðiskipa, hefðu orðið afskiptir í þessari miklu aukningu. En ef svo væri, þá sýndi það einungis fánýti þeirrar kenningar hv. stjórnarandstæðinga, að í tíð núv. stjórnar hefðu hinir ríku orðið ríkari og fátæku fátækari. Því sannarlega hefðu báðir þessir menn verið taldir í hópi hinna efnaðri Íslendinga áður en viðreisnarstjórnin tók við völdum.

Ég minni nú á orðaskiptin á Alþ. 1965, vegna þess að héðan í frá verður ekki um það deilt, hversu rakalausar þessar kvartanir voru. Nú er það ekki einungis staðfest í óvefengjanlegum skýrslum, heldur berum orðum viðurkennt af fulltrúum eigenda hraðfrystihúsa, að árið 1964 hafi verið gott ár fyrir þá og árið 1965 hið bezta, sem sú atvinnugrein nokkru sinni hafi notið. Með sama hætti var árið 1964 eitt hið allra bezta ár, sem þorskveiðibátar hafa hlotið, og var önnur reynsla ekki komin á um miðjan marz 1965, þó að það ár reyndist áður en yfir lauk lakara fyrir bátana. Engu að síður þurftu menn á þessum uppgangstímum hraðfrystihúsanna að standa í hörðum umr. hér á Alþ. og annars staðar til að verjast ásökunum um, að búið væri að leika hina öflugustu eigendur þeirra óhóflega illa. Skiljanlegt er, að þeir sjálfir beri sig ekki allt of vel, því að enginn er búmaður, nema hann berji sér. Á þessum tímum allsherjarkröfugerðar hugsa jafnt ríkir og fátækir svo, að ef þeir beri ekki sjálfir fram kröfur og kvartanir, þá verði þeir aftur úr í kapphlaupinu. Sjálfir skapa atvinnurekendur sér þó hættu með ótímabærum barlómi, því að viðbúið er að fyrir þeim fari eins og fjárhirðinum, sem hræddi þorpsbúa með því að kalla: „úlfur, úlfur", þó að enginn úlfur væri á ferð, með þeim afleiðingum, að þegar úlfurinn loksins kom, þá trúði honum enginn, svo að fjárhópurinn stóð varnarlaus fyrir gini vargsins. Það er og mjög tortryggilegt, þegar þeir, sem lengst af stjórnmálaferils síns hafa lagt á það megináherzlu, ýmist eins og kommúnistar, að útrýma atvinnurekendum og athafnamönnum með öllu eða hæða þá í orðum og torvelda störf þeirra, snúast einmitt með þeim til ásökunar í garð stjórnvalda, þegar óyggjandi rök eru fyrir, að sízt var á atvinnurekendur hallað. Enn tortryggilegra verður þó þetta athæfi, *þegar sömu mennirnir, sem segja of illa búið* að atvinnurekendum, fullyrða einnig, að verkalýðurinn fái allt of lítið í sinn hlut. En hverjir fá þá of mikið aðrir en atvinnurekendur? Ekki er á mínu færi að segja, hvað fyrir hv. stjórnarandstæðingum vakir, þegar þeir hafa þessa tvöfeldni í frammi. Ég er þó hræddur um, að mörgum atvinnurekandanum mundi þykja bæði naum og köld vist hjá núv. hv. stjórnarandstæðingum, ef þeir næðu völdum.

Með því segi ég engan veginn, að svartsýni hv. framsóknarforkólfa sé uppgerð til að koma sér í mjúkinn hjá þeim, sem eðlilegar áhyggjur hafa af umfangsmiklum atvinnurekstri. Eigið vandaleysi og sjálfræði „almúgans", sem framsóknarmenn kölluðu svo á sínum mestu valdadögum, hefur bersýnilega blind-

að nokkurn hóp manna á, hvað hefur raunverulega gerzt á Íslandi undanfarin ár. Mætti ætla af lýsingum hv. stjórnarandstæðinga, að þeir byggju í allt öðru þjóðfélagi en við hinir. Þeir hafa í mörg ár talað svo, að hér væri allt í kalda koli, grundvöllur atvinnuvega brostinn og allsherjarupplausn fram undan, eins og hv. þm. Lúðvík Jósefsson gerði hér áðan. Hið einkennilega er þó, að sumir þessara manna segja allt annað í hinu orðinu, enda hefur einn þeirra í blaði sínu látið uppi sérstaka aðdáun á „útsmoginni og neyðarlegri illkvittni", eins og hann komst að orði. Þetta er maður, sem öðru hvoru bregður sér í annan ham og þá er allt annað á honum að heyra. Hann komst nokkra daga inn á Alþ. í fyrra og sagði þá, hinn 15. des. 1965:

„Við þurfum sannarlega ekki að blygðast okkar í samanburði við aðra fyrir þá efnahagsþróun, sem hér hefur orðið á undanförnum áratugum, og efnahagslega séð erum við betur færir til þess en nokkru sinni fyrr að ráðast í ný verkefni."

Þetta sagði þessi hv. stjórnarandstæðingur þá, og sami maður sagði í grein, sem hann birti s. l. gamlársdag:

„Mörgum hættir einnig við því á tímum, þegar búksorgir eru ekki eins nærgöngular og endranær, að týna niður félagslegum viðhorfum og hefja eftirsókn eftir vindi. En einstaklingar, sem sökkva sér niður í þvílíka singirni, fá að sanna þá fornkveðnu speki, að það stoðar lítið að eignast heiminn, ef menn fyrirgera sálu sinni."

Þetta sagði þessi rithöfundur á gamlársdag, síðast.

Nú fer því að vísu fjarri, að við í ríkisstj. og stuðningsmenn okkar höldum, að „búksorgir" séu orðnar okkur svo fjarri hér á Íslandi, að nokkur þurfi að lenda í sálarháska þess vegna. Viðfangsefni eru sannarlega enn ærin, þótt það sé satt, að við Íslendingar þurfum sízt að skammast okkar, þegar við berum efnahagsþróun hér á landi saman við það, sem orðið hefur á síðustu áratugum annars staðar. Við getum með sanni sagt, að einni eða tveimur kynslóðum hefur tekizt að gerbreyta landi okkar svo, að það er nú orðið mun betra og viðráðanlegra land að búa í en áður var. Aldrei hafa framfarir og breytingar til bóta þó orðið meiri en frá því að viðreisnarstjórnin tók við völdum. Raunverulegur þjóðarauður Íslendinga hefur aukizt frá árslokum 1959 þangað til nú um 40—50%. Þessi aukning þjóðarauðsins hefur farið til að byggja upp þúsundir og aftur þúsundir heimila í landinu, bæta aðbúnað fólksins sjálfs, bæði heima og að heiman, og ekki sízt til að gera því mögulegt að afla sér öruggara lífsframfæris héðan í frá en hingað til. Skýrslur sýna, að eign landsmanna í ýmiss konar atvinnutækjum hefur á þessu árabili aukizt um enn hærra hlutfall en sjálfur þjóðarauðurinn, eða nokkuð yfir 50%.

Þetta þrekvirki hefur verið unnið, án þess að á almenning eða launþega hafi verið hallað með of háum sköttum eða án þess að þeir fengju hlutfallslega minna í sinn hlut en áður. Þegar skattar í heild eru skoðaðir, þá eru þeir skv. síðustu skýrslum lægri hér en t. d. í Svíþjóð, Noregi og Danmörku og munar miklu, t. d. miðað við Svíþjóð. Athyglisvert er og, að smáríki eins og Luxembourg, á litlu fullnumdu landsvæði, hefur mun hærri skatta en við.

Stundum er raunar samtímis kvartað yfir því, að skattar séu hér of háir og að lægra hlutfall þeirra fari nú en einhvern tíma fyrr til tiltekinna verklegra framkvæmda. Slíkur samanburður er algjörlega út í hött, þegar af því að nú er varið stórfelldu fé, hlutfallslega miklu meira en áður til ýmiss konar trygginga og tekjuöflunar til þess að bæta hag hinna verr stöddu í þjóðfélaginu. Þegar talað er um hag hinna verst stæðu einan út af fyrir sig, þykjast allir vera sammála um, að hann þurfi að bæta og segjast raunverulega vilja gera enn betur en gert hefur verið. Jafnframt láta sumir sem það sé hneyksli, að þvílík útgjöld taki sinn hluta af ríkistekjunum. Þannig rekst eitt á annars horn hjá þeim, sem ráfa um í svartsýnisþokunni. Að sjálfsögðu verður að taka tillit, bæði til aukinna trygginga og lækkaðra beinna skatta á láglaunamönnum, þegar meta á hag hinna lakast settu í þjóðfélaginu nú, miðað við það, sem áður var. Upphæð hinna svokölluðu ráðstöfunartekna varðar hér mestu, og stendur þá á sama, hvaða reikningsmáti er, allar aðferðir leiða til sömu niðurstöðu, þeirrar, að launþegar hafa vissulega fengið sinn fyrri hlut og vel það af hinum stórauknu þjóðartekjum, sem orðið hafa á þessu tímabili. Hækkun þjóðartekna stafar af aukinni framleiðslu og hækkuðu verðlagi erlendis á afurðum landsmanna, og hafa þó verðlagssveiflur verið sitt á hvað, því að í fyrstu var verðlagsþróun óhagstæð, en síðan hagstæð um nokkurra ára bil, þangað til á miðju s. l. ári. Þjóðartekjur á mann jukust um þriðjung frá árinu 1959 fram til ársins 1966. Sú þróun er örari en í flestum öðrum löndum, enda sýna alþjóðlegar skýrslur, að á árinu 1965 urðu þjóðartekjur á mann hérlendis með þeim allra hæstu í heiminum. Hefði slíkt til skamms tíma verið talið skröksögu líkast. Á þessu sama tímabili hafa ráðstöfunartekjur kvæntra fjölskyldumanna í fjölmennustu launastéttunum, þ. e. a. s. alls almennings, aukizt um 47%, þegar þjóðartekjurnar jukust um 33%. Þessar tölur sýna, svo að ekki verður um deilt, að verkalýðurinn hefur fengið meira en sinn fyrri hlut til eigin ráðstöfunar, auðvitað nokkuð misjafnt eftir stéttum og aðstæðum.

Í þessu sambandi tjáir ekki að vitna til þess, að kaupmáttur tímakaups vissra launaflokka verkamanna hafi lækkað á fyrri hluta viðreisnartímabilsins, því að um afkomuna kem-

ur fleira til en tímakaupið eitt. Það er engin nýjung, að menn hafi bæði viljað og þurft að bæta kjör sín með löngum vinnutíma. Eitt af því, sem hv. stjórnarandstæðingar höfðu á móti viðreisnarstjórninni í fyrstu, var, að hún mundi afnema eftirvinnu og þar með gera lífskjör verkamanna óbærileg. Hrollvekja hv. þm. Sigurvins Einarssonar um þetta efni á fyrsta ári viðreisnarinnar hljómar enn í eyrum manna um allt land. Annað mál er, að vinnutími hér er of langur og hefur verið leitazt við að fá hann styttan. Nokkur árangur í því efni hefur þegar náðst, þó að betur megi, ef duga skal. Aðalatriðið í þessu sambandi er, að eftir að júnísamkomulagið 1964 var gert, þá hefur tekizt að bæta svo mjög kaupmátt tímakaupsins, að Efnahagsstofnunin telur, að samvegið verkamannakaup hafi að meðaltali hækkað að kaupmætti skv. vísitölu framfærslukostnaðar um tæp 25%, eða sem næst fjórðungi frá árinu 1963 til ársloka 1966. Athuganir kjararannsóknarnefndar staðfesta, svo langt sem þær ná, þessar niðurstöður Efnahagsstofnunarinnar.

Af stórauknum heildartekjum hefur stærri hluta verið varið handa þeim verr settu en áður fyrr var gert. Að því leyti má til sanns vegar færa, að kvartanir hinna tekjuhæstu séu ekki alveg út í bláinn. Þeirra hagur hefur að vísu síður en svo verið skertur, því að hann er einnig mun betri, en ekki í sama hlutfalli og áður. Með þessu hefur tekizt að ná þjóðfélagsumbótum, sem allir töldu sig stefna að, en aldrei hefur fyrr lánazt í jafnríkum mæli og á allra síðustu árum. Fyrir okkur sjálfstm. er boðorðið „stétt með stétt" lífsregla, sem við leitumst við að láta móta athafnir okkar, eins og raun ber vitni.

En stafa örðugleikarnir nú ekki einmitt af því, að launþegar hafi fengið of mikið í sinn hlut og atvinnurekendur of lítið? Þannig kynnu sumir að spyrja. Bezta svarið við því er það, að hraðfrystihúsin hafa aldrei haft betri afkomu en árið 1965. Þrátt fyrir stórbættan hag verkalýðsins, var þess vegna þá ekki tekið meira af þessum atvinnurekendum en þeir gátu vel undir risið, enda er þess einnig að gæta, að eitt af verkum viðreisnarstjórnarinnar er lagfæring skattalaga, svo að af atvinnurekstri þarf sízt að greiða hærri skatta hér en erlendis, áreiðanlega, þegar til alls er litið, mun lægri beina skatta hér en víðast annars staðar. Þessi skattalagabreyting er einmitt eitt af því, sem ríkisstj. á sínum tíma var ávítuð harðast fyrir og það af sumum þeirra, sem nú telja hana hafa leikið atvinnurekendur of illa. Í öllum lýðfrjálsum löndum telja verkalýðsfélögin það skyldu sína að fylgjast með hag atvinnurekenda og gæta þess að þeir taki ekki meira en verkalýðurinn telur góðu hófi gegna í sinn hlut. Þetta á jafnt við, þar sem verkalýðsflokkar hálf-sósíalískir, eins og á Norðurlöndum, ráða, eins og í Bandaríkjunum, þar sem auðvaldið er talið mun voldugra. Slíkir starfshættir eru jafnóðlilegir á Íslandi og í öðrum löndum, enda samþykktu atvinnurekendur án atbeina og milligöngu ríkisstj. á s. l. sumri, áreiðanlega með hliðsjón af útkomu ársins 1965, að hækka kaup verkamanna um 3½%. Þetta sýndi mat atvinnurekenda á aðstæðum þá. Því fer fjarri, að ég gagnrýni það mat, en ég ítreka, að það sýnir skoðun þeirra á sinni eigin getu, þegar þessir samningar voru gerðir. Það er þess vegna gersamlega rangt að ásaka ríkisstj. fyrir, að þessir atvinnurekendur hafi ekki safnað stórfé, sem þeir gætu geymt í handraðanum, til að vera betur viðbúnir örðugum tímum.

Síðan á miðju s. l. ári hefur hraðfrystur fiskur farið lækkandi í verði, nú þegar yfir 10%, og óttast framleiðendur — því miður að því er virðist ekki að ástæðulausu, — að lækkunin kunni að verða mun meiri. Á s. l. ári tóku síldarlýsi og síldarmjöl einnig stórkostlegum verðsveiflum, þannig að síldarlýsi lækkaði um 37½% frá því, að það var hæst á árinu, og síldarmjöl um 25%, og er þó rétt að geta þess, að lækkunin frá því verði, sem lagt var til grundvallar um vorið, var nokkru minni eða 29 og 15%. Hvar sem væri mundu þvílíkar verðlækkanir á aðalútflutningsvöru þjóðar vera taldar alvöruefni og raunar meira en það.

Hér er um að ræða atvik, sem engin íslenzk stjórn getur ráðið við. Markaðsverð erlendis er utan valdsviðs okkar, og er þó einnig í þessu efni rétt að hugleiða skammsýni stjórnarandstæðinga. Þeir láta sem þessar verðlækkanir skipti ýmist litlu máli eða mundu vera vel viðráðanlegar, ef annarri efnahagsstefnu hefði verið hér fylgt. Ekki hafa þeir þó einu sinni haft tilburði í þá átt að gera grein fyrir, með hvaða undrum það hefði átt að verða. Samtímis tala þeir með ítrustu fyrirlitningu og stöðugum aðvörunum um þátttöku Íslands í hinum miklu markaðsbandalögum, sem nú starfa hér í álfu. Ríkisstj. þarf engrar áminningar við um að gæta fyllstu aðgæzlu í þeim efnum, því að slíka aðgæzlu hefur stjórnin sannarlega sýnt. Fram hjá hinu verður ekki komizt til lengdar, að ein af orsökunum fyrir hinu lága verði á síldarlýsi og því, að háar sölur á ísfiski nýtast ekki sem skyldi, er, að við erum utan þessara bandalaga og njótum þess vegna ekki tollfríðinda af veru þar. Þessi vandi blasir nú þegar við og fer fyrirsjáanlega vaxandi. Algjör misskilningur er, að fram úr honum verði ráðið með því einu að treysta því, að einhvern tíma síðar muni aðrir sjá aumur á okkur. Við erum ekki lengur í hópi þeirra, sem eru taldir þurfa góðverka eða miskunnar við í venjulegum verzlunarviðskiptum og verðum því hiklaust að skoða kost og löst á þvílíkum samskiptum. Ef við sannfærumst um, að fram á meira sé farið við okkur en við viljum af höndum inna, þá er að hafna samstarfi. En þá tjáir ekki heldur að aumkva sig yfir, að illa sé með okkur farið.

Sjálfir verðum við að bera óþægindin af þeirri einangrun, sem við kjósum. Fáir mundu nú hafa geð í sér til að ganga um með sams konar betlibauk og vinstri stjórnin gerði eftir að hún hafði brugðizt loforði sínu um að vísa varnarliðinu úr landi á árinu 1956.

Vegna hins góða fjárhags ríkissjóðs og grundvallarstyrkleika atvinnuvega og efnahags þjóðarinnar í heild, var unnt að bregðast við verðfallsvandanum með verðstöðvunarlögunum fyrir áramót og lögunum um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins nú um páskana. Þrátt fyrir alla gagnrýnina hafa stjórnarandstæðingar ekki getað sýnt fram á, að öðrum úrræðum hefði átt að beita en beitt var, enda voru hvor tveggja lögin samþykkt á Alþ. í einu hljóði, og höfðu stjórnarandstæðingar þó, meðan á samningum við atvinnurekendur stóð, sumir, en engan veginn allir, gert sitt ítrasta til þess að spilla því, að samningar kæmust á. Þótt enginn treysti sér til þess að greiða atkv. á móti stjórnarfrv., höfðu fæstir stjórnarandstæðingar dug til þess að greiða atkv. með þeim, heldur völdu þann kost, sem minnst mannsbragð er að, þeir sátu hjá.

Vöruútflutningur er rúmlega fjórði hluti af þjóðartekjum okkar, og nær verðfallið til rúml. tveggja þriðju hluta af öllum okkar útflutningsvörum. Ef hið gífurlega aflamagn á síldveiðunum bætti ekki úr skák, þá mundi vandinn nú vera miklu meiri en hann þó er. Munurinn á aflamagni og þar með arðbæri skapar einnig sín vandamál. Að vísu er það rangt, sem haldið er fram af hv. stjórnarandstæðingum öðru hvoru, að verðbólga hafi vaxið hér meira hin síðari ár heldur en áður, allt frá atvinnuleysisárunum fyrir seinni heimsstyrjöldina. Þegar yfir þennan rúma aldarfjórðung er litið, sést, að vandamálið hefur ætíð verið svipað. Verðbólguvöxturinn hefur haldið áfram, hverjir sem við völd voru og hvaða úrræðum, sem beitt var. Úrræðin hafa raunar ætíð reynzt hin sömu, að vinna gegn ofþenslu með því að hamla á móti örri lánsfjáraukningu, hækka vexti og hafa opinberar framkvæmdir ekki svo miklar, að það þætti fyrirsjáanlega leiða til stóraukins kapphlaups við atvinnurekendur um vinnuafl.

Þó að verðbólga hafi herjað á allar ríkisstj. og stöðugt skapað örðugleika, hafa engir flúið af hólmi fyrir þeim nema vinstri stjórnin í árslok 1958, þ. á m. kempurnar tvær, hv. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson og Eysteinn Jónsson. Berið saman flótta valdhafanna þá og viðbrögðin nú. Ætlan mín er sú, að fleiri en hv. stjórnarandstæðinga grunar muni í vor velja þá, sem vandanum hafa reynzt viðbúnir og vaxnir. Ekki skulum við þó gleyma því, að allt hefur þetta tímabil verið tími ekki einungis meiri framkvæmda og breytinga í ísl. þjóðlífi en nokkru sinni fyrr, heldur einnig tími meiri farsældar og gæfu fleiri Íslendinga en áður í sögu þjóðarinnar. Þess vegna er sízt ástæða til að æðrast vegna þess, að okkur hefur tekizt sumt verr en við sjálfir vildum og vonuðum.

Enginn er alveg fullkominn, en vonin til umbóta liggur í því að huga að því, í hverju okkur hefur yfirsézt. Sjálfur hef ég stundum talað um það, að hin öflugu almannasamtök, og þó einkum verkalýðshreyfingin, hefðu ekki ætíð sýnt næga þjóðhollustu, heldur borið fram óraunhæfar kröfur og beitt sínu mikla valdi frekar til pólitískrar togstreitu en hags fyrir sína fjölmörgu þátttakendur. Ég skal nú vera manna fúsastur til að játa, að á s. l. árum hefur tekizt þjóðhollt samstarf milli ríkisvaldsins, verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda til að ráða fram úr aðsteðjandi vanda. Með þessu samstarfi hefur auðnazt að leysa margt, sem áður virtist lítt leysanlegt, svo sem skapa meiri vinnufrið, ná raunhæfari samningum og þar með bæta kjör hinna verst settu í raun og veru, en ekki með orðum einum. Verðlagshækkanirnar reyndust hins vegar of örar, einkum eftir samningsgerðina 1965.

Sumir segja, að hið háa verðlag stafi af óhóflegum verzlunargróða, það mátti heyra á hv. þm. Lúðvík Jósefssyni áðan, og vilja þó þeir stjórnarandstæðingar, sem sjálfir fást við verzlun, hvort heldur félagsverzlun eða einkaverzlun, sízt af öllu viðurkenna, að álagning sé of há í þeim verzlunargreinum, sem þeir þekkja af eigin raun. Þaðan heyrast stöðugir kveinstafir um, að óhóflega sé þjarmað að verzluninni, en félagar þeirra benda á verzlunarhallir, sem upp hafi risið, og sívaxandi fjölda verzlunarmanna. Sá tölulestur er villandi, því að oft er ruglað saman ýmiss konar þjónustustörfum, sem hvarvetna fer fjölgandi, og verzlunarstörfum í þrengri merkingu. En eðlilegt er, að þeim hafi einnig fjölgað á seinni árum, þegar litið er til hinnar stórkostlegu aukningar kaupmáttar og bóta á lífskjörum, sem yfirleitt hefur orðið hjá öllum almenningi. Sem betur fer höfðu menn almennt til hnífs og skeiðar á Íslandi einnig á vinstristjórnar-árunum. Síðan hefur bati lífskjara orðið allt að 50%. Þessi gerbylting lýsir sér einkum í aukinni eftirspurn margháttaðrar vöru, sem menn áður gátu ekki veitt sér, en þeir nú telja sjálfsagða, ef ekki beina nauðsyn. Það telja sér fleiri leyfilegt að aka í bíl heldur en bara framsóknarbroddar og Lúðvík Jósefsson. Útvegun þessarar vöru hlýtur að krefjast mjög aukins mannafla. Hin auknu viðskipti krefjast og aukins húsrýmis, ekki sízt hér í Reykjavík, þar sem árum saman var bannað að byggja venjuleg starfshýsi samtímis því, sem kaupfélagshallir risu upp um allt land.

Vafalaust má gera verzlunarrekstur á Íslandi hagkvæmari, eins og flest annað, sem hér er að unnið. En skýringin á hinu háa verðlagi hérlendis liggur ekki fyrst og fremst í þessu, heldur margháttuðum kostnaði, sem stafar af jöfnun lífskjara í svo sveiflukenndu og misbrigðasömu þjóðfélagi sem við búum í. Menn fást ekki til að stunda þorskveiðar, ef

afkomumöguleikar þar eru allt of frábrugðnir því, sem er við síldveiðar. Þess vegna verður að jafna þarna á milli. Bændum eru, með gamalli löggjöf og allsherjarsamþykki, ætluð sambærileg kjör við aðrar tilteknar stéttir, og fékkst þó ekki sæmilegt öryggi fyrir því í framkvæmd, fyrr en með viðbótarlöggjöf, sem núverandi hæstv. landbrh. beitti sér fyrir á árinu 1959. En þessu verður ekki náð, nema mikið fé verði flutt á milli. Ýmiss konar iðnrekstur er hér tollverndaður, þ. e. a. s. nýtur hærra verðlags en ef hann yrði að keppa verndarlaust við innflutning á sambærilegum vörum utanlands frá. Til þess að halda uppi sjálfstæðu ríki með menntun, samgöngum og öllu, sem til þess heyrir nú á dögum, verður hver einstaklingur að leggja meira á sig en þegnar í fjölmennari ríkjum þurfa að gera, til þess að standa undir sambærilegum kostnaði. Allt er þetta nauðsynlegt, ef við viljum efla ekki einungis þær einstöku stéttir og héruð, er af þessu njóta góðs, heldur ísl. þjóðerni, menningu og sjálfstæði. Ef við viljum ekki gerast ættlerar, heldur skila til okkar eftirkomenda þeim arfi, er við hlutum og tókum að okkur að ávaxta, verðum við að gera okkur grein fyrir, hvað það kostar, að glopra honum ekki niður. Það kostar mikið í bili, meira að segja mun hærra verðlag en ella. Verðlag, sem oft hlýtur að koma illa við ýmsa, ekki síst framleiðendur, er keppa þurfa við erlendan varning, hvort heldur á útlendum eða innlendum markaði. En þegar til lengdar lætur, borgar þessi kostnaður sig betur en nokkur önnur útgjöld, sem við leggjum á okkur. Meira máli varðar samt hitt, að þau verðmæti, sem um er að tefla og við þurfum að inna af höndum, eru í eðli sínu ósambærileg og fánýt miðað við það, sem við mundum glata, ef við legðum ekki lengur á okkur að halda uppi sérstakri menningu, marggreindu þjóðfélagi með sæmilegu jafnvægi og sjálfstæðu ríki.

Ef menn átta sig ekki á, af hverju hærra verðlag er hér en með nágrannaþjóðunum, fá menn og heldur ekki skilið, hvað gera þurfi, til þess að það verði okkur ekki að óeðlilegum farartálma. Vandinn verður ekki leystur, nema ríkið annist um millifærslu fjár til að halda nauðsynlegu jafnvægi, og hlýtur það að hafa í för með sér meiri ríkisafskipti en út af fyrir sig eru æskileg, en þau mega aldrei verða meiri en óhjákvæmilegt er. Ætíð, þegar vafi leikur á, hvort velja beri leið frelsis eða ófrelsis, ber að velja frelsisleiðina, hafna ríkisforsjá og höftum. Á meðan við erum svo háðir sveiflum vegna afla og verðlags sem raun ber vitni, er ógerlegt að segja fyrir um það, hverjum úrræðum þurfi að beita á hverri stundu, en frelsið mun lengst af reynast bezta leiðarstjarnan.

Jafnframt ber að keppa eftir að draga úr óvissu og sveiflum, og verður það ekki síst gert með því að skjóta fleiri stoðum undir efnahaginn, að hagnýta allar auðlindir landsins. Óskiljanlegt er, að nokkur sá, sem þekkir til á Íslandi og kann að meta kosti þess og galla, skuli neita því, að nýta beri öll landgæði. En ekki er lengra síðan en tæpt ár, að hér á Alþ. voru háðar harðar umr. um það, hvort við þyrftum á því að halda að hefja stórvirkjanir nú þegar, eða hvort við ættum að bíða óákveðinn tíma með upphaf stóriðju á Íslandi. Þá héldu sumir góðviljaðir menn því fram, að út af fyrir sig gætu þeir verið með stórvirkjunum og stóriðju, en þeir teldu ekki tímabært að ráðast í það þá, vegna þenslu í framkvæmdum og velgengni atvinnuvega. Við hinir, sem ekki vildum bíða, játuðum, að þenslan kynni að skapa nokkra erfiðleika í bili, en ef koma ætti í veg fyrir atvinnuleysi, væri of seint að hefja undirbúning stóriðju, eftir að atvinnuleysisvofan væri komin á kreik. Nú hljóta menn að spyrja, eftir reynslu þessa eina árs, með öllum þeim verðsveiflum, sem orðið hafa, og óstöðugleika veðurfars og gæftaleysi að undanförnu: Var of snemma hafizt handa um stórvirkjun og upphaf stóriðju eða mátti þetta ekki seinna vera? Von er, að spurt sé. Jafnframt vek ég athygli á því, að sumir, sem mest hömuðust á móti samningnum um álbræðslu, þó að synjun þeirrar samningsgerðar hlyti að tefja stórlega virkjun Þjórsár, eru nú farnir að saka stjórnina um, að hún hafi látið stórvirkjanir dragast of lengi úr hömlu. Ekki er samræminu fyrir að fara hjá þessum herrum.

Ég skal játa það, að ég sá ekki í fyrra fyrir verðfall á ísl. afurðum né kom mér þá til hugar óstöðugleiki veðurfarsins á þessum vetri, en alveg eins og ég vissi, að hv. stjórnarandstæðingar gerðu allt of mikið úr örðugleikum atvinnurekenda á árinu 1965, vissi ég af reynslunni, að verðlag á einhæfri útflutningsvöru er óvisst, og að afli og veðurfar hafa verið stöðugum breytingum undirorpin. Þessi sígilda reynsla hlýtur að kenna öllum þeim, sem sjá vilja og skilja, að Íslandi er lífsnauðsyn á því, að fá fleiri stoðir undir velmegun sína og að nýta þarf öll gæði landsins, til þess að við getum haldið áfram að inna af höndum þær skyldur, sem fylgja því að vera Íslendingur. Þær skyldur eru okkur velkomnar, en við fullnægjum þeim ekki, nema við skiljum, hverjar þær eru. Þá munum við einnig halda áfram að bæta land okkar á þann veg, að það verði um alla framtíð talið öfundsvert að hafa lifað hér á upphafsárum hins endurreista lýðveldis.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti, góðir áheyrendur. Það ætti ekki að þurfa að eyða mörgum orðum að því, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur tekizt, því auðvitað hefur henni mistekizt. Um það ætti ekki að þurfa að deila. Hún hefur setið á 8. ár, og á þessum árum hafa viðskiptakjör Íslendinga verið betri en nokkru sinni áður. Verðlag útflutningsafurða hefur far-

ið hækkandi og það svo, að þrátt fyrir nokkra lækkun upp á síðkastið, stendur það miklu hærra en í byrjun þessa tímabils. Óvenjuleg aflauppgrip hafa verið, svo engin dæmi eru slíks áður í þjóðarsögunni.

En við þessi skilyrði er þannig ástatt, að kaupmáttur dagkaups fyrir venjulegan vinnudag í algengri vinnu hefur nálega ekkert aukizt skv. niðurstöðum kjararannsóknarnefndar, en atvinnuvegirnir eru þannig leiknir samt, að þeir dragast áfram á neyðarráðstöfunum til bráðabirgða, eins og ríkisstj. sjálf hefur orðið að játa.

Á sama tíma hefur kaupgjald í löndum umhverfis farið hækkandi jafnt og þétt yfir höfuð og hagur atvinnuvega batnað. Hér hefur allt farið á aðra lund og þó hafa ytri skilyrði varðandi verðlagsþróun og þvílíkt líklega óvíða verið ákjósanlegri en hér.

Þrátt fyrir nokkra lækkun, sem orðið hefur á útflutningsvörum síðustu mánuðina, standa þorskafurðir t. d. í 37—86% hærra verði en þegar ríkisstj. tók við, og stæði allt með blóma, ef óstjórnin hefði ekki komið til.

Ríkisstj. tók upp nýjar hagstjórnaraðferðir, sem áttu að verða til þess að stöðva vöxt dýrtíðarinnar og tryggja örugga afkomu atvinnuveganna. Því var lofað, en allt hefur snúizt öfugt í höndum hennar. Hagstjórnaraðgerðir hennar hafa verkað eins og eitur á atvinnulífið og grafið undan lífskjörum manna, jafnóðum og menn hafa reynt að leita úrræða til að fá í sinn hlut meira af hinum auknu þjóðartekjum.

Verðbólguna hafa þessar aðgerðir ekki getað stöðvað, því að hún hefur vaxið hér vægast sagt 3—4 sinnum hraðar en í nálægum viðskiptalöndum okkar. Úrræðin hafa átt að vera fólgin í því að takmarka peningamagn í umferð með því að takmarka útlánin og skera þau niður holt og bolt, raunverulega miðað við þarfirnar og með því að leggja látlaust á nýja og nýja skatta og sópa peningum inn í ríkissjóð og helzt fá greiðsluafgang í ríkisbúskapnum til þess að leggja inn í Seðlabankann. Þessar aðfarir hafa látlaust hækkað reksturskostnað atvinnuveganna og haft í för með sér rekstursfjárskort, sem grafið hefur undan afkomu einstakra fyrirtækja.

Er helzt svo að sjá sem þannig verði kreppt að rekstrslánabönkunum, að fjöldi heilbrigðra fyrirtækja verði fyrir óbærilegum áföllum vegna rekstrslánaskortsins. Óðadýrtíðin hefur hækkað framfærslukostnað heimilanna og hefur eina undankomuleið margra orðið sú að lengja látlaust vinnutímann í stað þess, að annars staðar, þar sem skynsamlega hefur verið stjórnað og sæmilega tekizt, hefur vinnutími stytzt með vaxandi þjóðartekjum og atvinnuvegirnir blómgazt.

Auðvitað hefði ríkisstj., sem þannig hefur mistekizt, átt að vera farin frá fyrir löngu og borið að játa á heiðarlegan hátt, að það þyrfti að leita nýrra leiða. En þess í stað hefur ríkisstj. þráazt við að sitja og hælt sér af því, þótt hún hafi ekki náð tökum á málefnum þjóðarinnar, og hafa jafnvel hörðustu fylgismenn hennar nú orðið að viðurkenna upp á síðkastið, að seta ríkisstj. hafi eingöngu byggzt á því, að verðlag afurðanna fór síhækkandi á erlendum mörkuðum.

Samt hrökk það þó ekki til, því að ríkisstj. taldi sig þurfa til viðbótar að fella gengi ísl. krónu tvisvar til þess að geta hangið fram á þennan dag. Síðari gengislækkunin árið 1961 var þó raunar gerð sem hefndarráðstöfun við stórhækkandi útflutningsverðlag og gersamlega að ástæðulausu, en ætluð til þess að sýna launafólki, hvers það ætti von, ef það reyndi að rífa sig út úr þeirri sjálfheldu, sem kjaramálin voru komin í, við látlausa dýrtíðarþróun.

Til þess að mæla bót þrásetu sinni við þessar ástæður, var stjórnarliðið komið út á þá braut að gæla við verðbólguna og telja hana meinlausa og raunar óviðráðanlegt náttúrulögmál hér á landi og nánast nokkuð vel fallna til þess að hleypa auknu fjöri í framkvæmdalífið og dreifa þjóðartekjunum. Bar sérstaklega mikið á, að þessu væri komið á framfæri í fyrravetur, þegar áhyggjur landsmanna fóru stórvaxandi út af verðbólguvextinum, sem magnaðist sífellt, þrátt fyrir ósleitilegar inngjafir verðbólgulyfja ríkisstj.

Þessar gælur við verðbólguna og meðfylgjandi fullyrðingar um, að allt væri í lagi, þrátt fyrir hana, gátu þó ekki staðið eins lengi og vonir þeirra sjálfsagt stóðu til, þ. e. a. s. fram yfir kosningarnar, því að skyndilega hætti verðlag á ísl. útflutningsafurðum að hækka og fór nokkuð lækkandi, og kom þá enn heiftarlegar í ljós en áður, hvernig óðaverðbólgustefna ríkisstj. hafði grafið undan afkomu almennings og atvinnuveganna.

Varð þá að hætta þessum gælum, því bláköld alvaran blasti við, hvar sem litið var. Urðu nú góð ráð dýr. Var þá tekið að leita að leið til þess að leyna því fyrir mönnum í nokkra mánuði, fram yfir kosningar, hvernig raunverulega væri komið. Var í skyndingu fundin hin svokallaða stöðvunarstefna, en hún á að vera fólgin í því, að nú á 8. ári óðaverðbólgunnar hefði uppgötvazt einfalt ráð til þess að stöðva verðbólgu og dýrtíð. Það þyrfti sem sé ekki annað en að setja það í lög, að ekkert verðlag mætti hækka, nema ástæða væri til, og svo að vísu til viðbótar að stórauka niðurgreiðslur á vöruverði innanlands og útflutningsuppbætur til atvinnuveganna af margvíslegri gerð, án þess að afla tekna til þess.

En hið rétta er, að ríkisstj. taldi sig sjá, að með þessum aðferðum mundi vera hægt að halda öllu gangandi fram yfir kosningarnar, alveg eins og 1959, þegar sams konar aðferðir voru við hafðar. Raunar hefur einn af forystumönnum stjórnarflokkanna, Emil Jónsson, verið svo hreinskilinn, að hann hefur beinlínis vitnað til ársins 1959 til nánari skýringar á því,

sem nú væri að gerast. 1959 var þetta þannig, að þá var skrapað saman fé til þess að greiða niður verðlag og halda útflutningi gangandi í nokkra mánuði, en þegar búið var að kjósa, kom stórkostleg gengisfelling, nýir skattar í nálega óteljandi myndum og margvíslegar aðrar ráðstafanir í sömu átt, m. ö. o. þá ruddi dýrtíðarfljótið svikastíflunni, sem lafði uppi, meðan verið var að kjósa.

Framkvæmdafé ríkissjóðs er nú mokað í dýrtíðarhítina til bráðabirgða, og svo langt hefur orðið að ganga til þess að koma endunum saman á pappírnum, að nýju niðurgreiðslurnar hafa ekki einu sinni verið áætlaðar í fjárl. þessa árs nema 10 mán. af 12, sem sé, svo koma tímar og svo koma ráð. Síðasta framkvæmdin í þessari grein er sú að klípa enn af framkvæmdafénu, eftir að fjárl. voru afgr. og láta sveitarfélögin í þokkabót leggja til 20 millj. til þess að halda á floti í bili, enda þótt þau hafi verið búin að reikna með þeim peningum til sín. Útsvörin verða þá bara því hærri, eftir kosningarnar.

Hvort stöðvun er fram undan má svo hér um bil sjá af því, að fjárl. hækkuðu núna um meira en 1000 millj. frá því í fyrra, og til þess að standa undir þeirri fúlgu þyrfti innflutningurinn á þessu ári að verða a. m. k. jafnmikill og hann var í fyrra, og þó meiri, en innflutningurinn í fyrra var metinnflutningur og ók um nálega 1000 milljónir á árinu. Útflutningurinn var einnig metútflutningur og ók um 500 milljónir, en hrökk samt ekki til þess að borga innflutninginn, þannig að mikill verzlunarhalli varð. Þessi gífurlegi innflutningur yrði því að endurtaka sig á þessu ári og vel það, ef ríkistekjurnar ættu að hrökkva í uppbótakerfið. En það þýddi tröllaukinn halla á viðskiptunum við útlönd, enda ráðgerir Efnahagsstofnunin fullum fetum vaxandi viðskiptahalla við útlönd á þessu ári.

Stöðvunin í bili er því byggð á áformum um stórfelldan hallabúskap. Þannig er þetta blygðunarlaust sett á svið fyrir allra augum, en ekki verður sagt, að mikillar fjölbreytni gæti á sýningarskránni í fjölleikahúsi ríkisstj., þegar þess er gætt, að hér er á ferðinni nákvæmlega sams konar atriði og leikið var 1959 og áður er frá sagt, og fölvi féll á þetta sýningaratriði s. l. laugardag, þegar fjmrh. gaf um það yfirlýsingu hér á Alþ., að ríkisstj. væri hætt að treysta sér til þess að gera áætlanir um framkvæmdir og þjóðarbúskap fram í tímann, vegna þeirrar óvissu, sem nú ríkir. Setti bardagamenn stjórnarflokkanna hljóða við þessi tíðindi.

Ég minntist á, hvernig stjórnarstefnan hefur leikið atvinnulífið, en ríkisstj. hefur einnig rekið kjaramálin í þvílíka sjálfheldu og þvílíkan hnút, að nálega engir kjarasamningar eru í gildi lengur. Er ekki til skýrari gjaldþrotayfirlýsing um stjórnarstefnuna en sú, sem í því felst, að hvorki atvinnurekendur né launþegasamtökin telja hægt að semja fljótandi í feni viðreisnarinnar.

Með þessu er þó því miður ekki öll sagan sögð, því ofan á þetta bætist, hvernig farið hefur um og komið er varðandi þýðingarmestu þjónustuframkvæmdir í landinu. Ekkert meiri háttar roforkuver hefur verið byggt á þessum 7 árum, og hefur slíkt ekki átt sér stað áratugum saman, að ekkert nýtt stórátak hafi verið gert á jafnlöngum tíma. Raforkuskortur er búinn að vera stórfelldur undanfarin ár. Áburðarverksmiðjan hefur t. d. gengið með lítið meira en hálfum afköstum. Stóráföll hafa orðið í síldariðnaði og síldveiðum á Austurlandi vegna raforkuskorts. Á meira en 5 milljarða fjárl. er ekki ein kr. til vegamála. Stórfé mokað samt í ríkissjóð til almennra útgjalda með álögum á umferðina. Samið var um við vegamálaráðh. og stjórnarflokkana, er vegalög voru sett, að á fjárl. skyldi ekki vera minna en 47 millj. til nýrra vega, en þessi samningur hefur verið svikinn. Fóru þó ríkistekjurnar fram úr áætlun á s. l. ári um 850 millj.

Segja má, að ríkið sé í þann veginn að hætta að leggja fram fé til hafnarframkvæmda, því hæsta fjárveiting við höfn er um 630 þús. kr. Mikill þorri byggðarlaga hefur á undanförnum árum orðið að leggja fram af eigin fé framlag ríkisins, ásamt sínum eigin framlögum, og þá oftast með lántökum, og er víða svo komið, að ríkisframlögin endast ekki til að borga vextina af því fé, sem byggðarlögin hafa tekið að láni til þess að greiða ríkissjóðshlutann. Ríkisstj. hefur svo nú lagt fram frv., sem gerir ráð fyrir því að fella úr l. skyldu ríkissjóðs til þess að leggja fé í hafnirnar.

Í skólamálum er þannig ástatt, að víða í landinu er nálega ógerningur að koma unglingum í skóla, og óunnin verkefni hlaðast upp óðfluga, miðað við fólksfjölgunina. Byggðarlögum er á hinn bóginn bannað að byrja skólabyggingar nema ríkisstj. samþ., jafnvel þó fé sé fyrir hendi. Strandferðir hafa drabbast niður og eru komnar í öngþveiti og er þetta atvinnulífi víðs vegar um landið stórkostlegur fjötur um fót. Eldri skipin hafa verið seld, án þess að ný hafi verið til taks að taka við.

Í heilbrigðismálum er ástandið þannig, að þeir sem bezt til þekkja, hafa af því mestar áhyggjur. Þýðingarmiklar framkvæmdir í þeim málum, sem heilbrmrh. lofaði fyrir 2 árum, hafa ekki komizt í framkvæmd. Í stuttu máli sagt, þrátt fyrir stórfelldari skattaálögur en nokkru sinni fyrr, fer það fjármagn minnkandi tiltölulega, miðað við þörfina, sem lagt er til lífsnauðsynlegra þjónustuframkvæmda.

En ríkisbáknið vex með ofsahraða og eyðslan og sukkið situr í öndvegi. Á nálega hverjum meiri háttar framkvæmdalið fjárlaga hanga óreiðuskuldir, og nemur sá hali hundruðum millj. kr., en á síðasta ári var þjóðin skattlögð um mörg hundruð millj. til ríkissjóðs um-

fram ríkisútgjöldin, dýrtíðin mögnuð með þessu um allan helming og fénu síðan mokað inn í Seðlabankann, en vanskil ríkissjóðs við sveitarfélögin og aðra vegna framkvæmdanna látin halda áfram að hlaðast upp. Það er ekki að furða, þótt hæstv. forsrh. sé státinn af þessari ráðsmennsku.

Ríkisstj. hefur notað algjörlega úreltar stjórnaraðferðir, sem eiga alls ekki við hér. Hún hefur einhliða snúið sér að því að draga úr þenslu með ráðstöfunum, sem hafa grafið undan afkomu sjálfra atvinnuveganna og afkomu almennings. Hún hefur algjörlega vanrækt að veita nauðsynlega forystu um uppbyggingu atvinnulífsins og stefna hennar orðið til þess, að þær framkvæmdir í atvinnulífinu, sem mesta þýðingu hafa, og þýðingarmestu þjónustuframkvæmdir hafa hrakizt aftur fyrir og orðið út undan.

Það er ráðsmanna á þjóðarbúinu að gera grein fyrir því, hvað orðið hefur af þjóðartekjunum, og verða þeir krafnir sagna um það á næstu vikum og mánuðum, en kaupmáttur tímakaupsins eða dagkaupsins og ástandið í iðnaðinum, landbúnaðinum og sumum þýðingarmestu greinum sjávarútvegsins sýna, hvar þjóðartekjuaukinn hefur ekki staðnæmzt.

Í þýðingarmestu greinum þjóðarbúskaparins hafa skapazt grundvallarvandamál og vonlaust, að úr rætist til frambúðar, nema horfzt sé í augu við það og litið þannig á kjarna þessara mála, en til þess þarf stefnubreytingu, ný viðhorf og nýjar vinnuaðferðir.

Ríkisstj. hefur horft á það aðgerðarlaust, að starfandi togarafloti hefur minnkað um meira en helming, þorskveiðiflotinn gengið saman ár frá ári og verðbólgan, lánastefnan, og minnkandi þorskveiðifloti hefur grafið undan grundvelli frystiiðnaðarins, sem hefur verið þýðingarmesti einstaki þátturinn í þjóðarbúskapnum.

Ríkisstj. hefur látið eins og þessi vandamál væru ekki til, enda öll afskipti af slíku vafalaust talin algjört brot á stjórnleysisstefnunni, sem ríkisstj. hefur talið sig fylgja. Á hinn bóginn átti að leysa vandamál togaranna í haust með því að hleypa þeim inn á bátamiðin í landhelginni og verður vafalaust gert eftir kosningar, ef stjórnarflokkarnir geta ráðið þá.

Þýðingarmiklar greinar sjávarútvegsins ásamt iðnaði í flestum efnum og landbúnaði eru flakandi í sárum eftir aðfarir ríkisstj. og framkvæmd viðreisnarinnar, en einn aðalþáttur þess leiks hefur verið takmörkun rekstrslána, en rekstursfjárskorturinn er einhver hinn hættulegasti mölur, sem komizt getur í atvinnulífið.

Allt þetta blasir nú við í slíkri nekt, að hreint ofboð hefur gripið þm. stjórnarflokkanna síðustu vikurnar. Hafa þeir nú allt í einu rubbað upp og kastað inn á Alþ. frv. og þáltill., sem fjalla um ýmiss konar afskipti ríkisstj. og ríkisvalds af þessum málum framvegis. Er átakanlegt að horfa upp á þetta, því að í þessu öllu saman felst ótvíræð viðurkenning á mistökum ríkisstj. af hendi stuðningsmanna hennar, sem þó bera fulla ábyrgð á þessu. En tilgangi sínum, að lofa bót og betrun fyrir kosningarnar, svo á verði trúað, nær þetta ekki, því að reynslan er ólygnust í því, að þeir, sem ráða í stjórnarflokkunum, virðast hafa óbeit á þeirri forystu, sem ríkisvald í nútíma þjóðfélagi verður að hafa í efnahags- og atvinnumálum, og því samstarfi við einstaklingsframtak og félagssamtök, sem er lífsnauðsyn, ef vel á að fara.

Reynsla síðustu 7 ára er óhlutdrægasti dómarinn og dómsniðurstaðan liggur fyrir allra augum í ástandi atvinnuveganna annars vegar og kjaramálanna hins vegar. Það sem annars staðar er talið lífsnauðsynlegt, að ríkisvaldið hafist að í samstarfi við einstaklingsframtak og félagsframtak, er hér af forgöngumönnum hinna úreltu vinnuaðferða talið óalandi og óferjandi og kallað höft.

Framsóknarmenn eru ráðnir í því að beita allri orku sinni til þess að koma í framkvæmd nauðsynlegri stefnubreytingu í þessum efnum, en kjarni hennar er endurreisn atvinnulífsins eftir aðfarir þeirra viðreisnarmanna og að leysa með því jafnframt kjaramálin úr þeirri sjálfheldu, sem þau eru nú í komin.

Höfuðatriðið er að taka upp skynsamlegan áætlunarbúskap, sem byggður sé á nánu samstarfi ríkisvalds, einstaklingsframtaks og félagasamtaka, velja verkefnin í slíku samstarfi og fylkja liði sameiginlega til þess að leysa þau, setja lánastefnuna í samband við þessar fyrirætlanir og sömuleiðis fjárlagapólitíkina, þ. e. að beina fjármagninu í þessar áttir. Þetta er jákvæð leið, en ekki leið hafta. Koma þarf því fram fyrir, sem mestu máli skiptir, ráðast gegn þeirri stefnu, sem verður til þess, að þýðingarmestu framkvæmdir í þjónustu atvinnulífsins lenda í úrkastsflokki eins og nú.

Upp úr feni verðbólgunnar verður heldur aldrei komizt nema eftir leiðum aukinnar tæknihagræðingar og vélvæðingar og nýtízkulegri vinnubragða í öllum greinum atvinnulífsins og með því að taka upp nýja fjármálapólitík og peningapólitík, sem er miðuð við þetta. Kalla þarf á unga fólkið í atvinnulífinu, launþegasamtökunum, frá visindunum og ríkisvaldinu til þess að efna til náinnar, varanlegrar samvinnu og samstarfs, sem byggt er á því að vinna saman, en ekki á því að hlusta á áróðursræður ráðh. Kveðja þarf til þetta fólk, sem ekki er haldið þeirri úreltu firru, að öll afskipti ríkisvaldsins séu höft og einstaklingsframtak og ríkisvald hljóti að eiga fjandsamleg skipti saman.

En kjarni nútíma skynsamlegra stjórnarhátta er einmitt sá, að þessi öfl vinni saman en hittist ekki bara í kokkteil-boðum ríkisstj. eða í bezta falli á einhvers konar málfundum þar sem ekkert gerist, nema þá helzt að hlusta á einhverja áferðarsnotra loðmullu, sem ekkert er hægt á að byggja.

Þá verður það að vera aðalatriði nýrrar

stefnu að styðja íslenzkt framtak, efna til stórbrotinna framkvæmda á þess vegum, en kveða niður þann hugsunarhátt, að útlendingar eigi í vaxandi mæli að taka við atvinnurekstri á Íslandi.

Sömu skil ber að gera úrtölum þeim, sem beitt er skipulega á vegum ríkisstj. og byggist á þessu látlausa suði, sem við þekkjum, um það, hve erfitt sé að lifa á Íslandi. Hefja ber þann sannleika á hinn bóginn til vegs, sem reynslan hefur sannað, að Íslendingar hafa fulla ástæða til þess að vera bjartsýnir og trúa á landið, ef með ráðdeild og dugnaði er að farið og skynsamlega stjórnað. Ríkisstj. hefur á sér öll merki þreytu og úrræðaleysis og því fylgja miklar hættur, þegar svo er komið. Hún hefur reynzt ístöðulaus út á við, en til viðbótar öðru hrokafull inn á við, hefur tekið illa aðfinnslum, gert ráðstafanir til þess að reyna að bæla niður eðlilega gagnrýni og orðið t. d. ber að því að þvinga meiri hl. útvarpsráðs til þess að loka fyrir þann þátt í útvarpinu, sem mesta möguleika gaf til þess, að hinn almenni borgari gæti látið uppi álit sitt og skoðanir. Jafnframt treður ríkisstjórnin látlaust áróðri sínum inn í útvarpið, svo sem hún framast fær við komið.

Með þessum aðferðum hefur ríkisstj. fallið í þá gröf, sem oftast er búin fyrr eða síðar þeim stjórnum, sem óttast almenningsálitið, að hún vegur að málfrelsinu í því skyni að rétta þannig hlut sinn. En Íslendingar eru þannig gerðir, að þessar aðfarir munu ekki ná tilgangi sínum, heldur þvert á móti sýna, svo tæpast verður um villzt, að nú er komið nóg af þessu og þörf á því að breyta til.

Nú er líka að því komið, að menn verða að gera það upp við sig, hver og einn, hvort þeir vilja stuðla að því með atkvæði sínu í vor, að núverandi stjórnarflokkar geti farið með allt að sinni vild næstu fjögur árin eða ekki. Mættu menn þá minnast þess, að þessir flokkar sjá enga aðra leið en þá, sem farin er, og *menn vita, hvert hún hefur leitt.*

Minnast mættu menn þess einnig, að fram undan er að ákveða stöðu landsins til Efnahagsbandalags Evrópu. Vilja menn, að þessir tveir flokkar geri það eftir sínu höfði? Og að þeir geti einnig á sama hátt ákveðið hlut ísl. aðila og erl. aðila í þjóðarbúskap okkar í framtíðinni? Þannig mætti halda áfram að spyrja um stærstu þætti þeirra viðfangsefna, sem fram undan eru. Mundi ekki vera skynsamlegt að breyta til og ganga þannig frá, að dugi til þess að knýja fram stefnubreytingu og að reyndar verði nýjar leiðir. Það þarf tæpast að segja mönnum, hvað gera þarf til þess að tryggja breytingu, því það vita flestir, að Framsfl. er eini flokkurinn, sem er í vexti, og efling hans er eina leiðin út úr hinni hættulegu sjálfheldu.

Ingvar Gíslason: Herra forseti, góðir hlustendur fjær og nær. Þó að atvinnumálin hljóti ávallt að skipa öndvegissess meðal hinna ýmsu þátta þjóðmálanna, er að fleiru að hyggja, ef hér á að dafna heilbrigt menningarþjóðfélag á nútíma vísu. Þarfir nútímafólks eru fjölþættar og kröfur til lífsgæða og afkomuöryggis að sjálfsögðu miklar, enda er hægt að fullnægja þeim með eðlilegum hætti, ef rétt er á haldið. Skiptir þá mestu, hversu landinu er stjórnað og hversu þjóðartekjunum er skipt og varið. Þess vegna er það jafnbrýnt í nútímaþjóðfélagi að sinna vel, ásamt traustri atvinnu- og efnahagsuppbyggingu, hvers kyns félagsmálum í víðustu merkingu þess orðs, þar með talin heilbrigðismál, fræðslu- og menntamál o. s. frv., en það verður ekki gert án markvissrar stefnumótunar og traustrar forystu. Því miður hafa þessi mál orðið fórnardýr þess mikla stjórnleysis, sem einkennt hefur þjóðmálin undanfarin ár. Í stað þess að nota góðæri og hina miklu verðmætissköpun síðustu ára sem grundvöll undir varanlega uppbyggingu á sviði félags-, heilbrigðis- og menningarmála, þá ber flest, sem gert hefur verið í þessum málum, vitni um skipulagsleysi og skort á heildaryfirsýn.

Nýlega hafa orðið miklar umr. um heilbrigðismál á opinberum vettvangi og manna á meðal um allt land. Þessar umr. áttu sér óvenjulegan aðdraganda, sem var í því fólginn, að sjálf ríkisstj. fór að hlutast til um efni fasts útvarpsþáttar og fékk því til leiðar komið, að flutningur þáttarins var bannaður í ríkisútvarpinu að fullu og öllu. Þetta sýnir einræðishneigð ríkisstj., en hitt einnig, að hún er dálítið seinheppin. Bannið á útvarpsþættinum „Þjóðlíf" vakti almenningsálitið til andstöðu gegn þeim yfirgangi, sem þarna var framinn, og knúði á um umr. á opinberum fundum og í blöðum um sjúkrahúsmál og önnur heilbrigðismál. Þó að ríkisstj. telji sér skylt og rétt að einoka ríkisútvarpið bæði leynt og ljóst, þá er hér þó enn ritfrelsi og fundafrelsi, og stjórnin hefur því fengið að reyna það, að ritskoðun útvarpsþátta er til lítils gagns fyrir lélegan málstað hennar.

Í heilbrigðismálum er ástandið þannig, að um 20 læknishéruð víðs vegar um land eru læknislaus. Skortur er heimilislækna í Reykjavíkurborg. Sérfræðingar haldast ekki við í landinu vegna lélegs aðbúnaðar og ófullkominnar vinnuaðstöðu á sjúkrahúsum. Hjúkrunarkvennaskortur stendur starfsemi sjúkrahúsa fyrir þrifum og geigvænlegur skortur er á öðru sérþjálfuðu starfsfólki í heilbrigðisþjónustunni. Sjúkrahúsaskorturinn er þó hvað alvarlegastur. Daglega verður að neita sjúklingum af ýmsu tagi um sjúkrahúsvist og senda sjúklinga fyrr heim af sjúkrahúsum en forsvaranlegt getur talizt. Byggingu sjúkrahúsa miðar nálega ekkert áfram. Þau eru mörg hver áratugi í smíðum, enda eins líklegt, að margt í búnaði þeirra og skipulagi verði úrelt orðið og á eftir tímanum, þegar þau loks verða tekin í notkun.

Í framhaldi af því, sem ég hef nú sagt um heilbrigðismálin, má minnast á þann mikla þátt, sem almannatryggingakerfið hefur í sambandi við uppbyggingu réttláts þjóðfélags. Þó að mörgu hafi verið til leiðar komið á því sviði, stendur þó enn margt til bóta. Meðal þeirra mála, sem Framsfl. hefur barizt fyrir, er það, að stofnaður verði almennur lífeyrissjóður, sem allir landsmenn eigi kost á að tryggja sig hjá. A. m. k. síðustu 10 ár hefur þetta verið sérstakt baráttumál framsóknarmanna, og svo er komið, að sérstök stjórnskipuð n., sem í eiga sæti fulltrúar allra þingflokka, vinnur að því að semja frv. til l. um slíkan almennan lífeyrissjóð. Almennur lífeyrissjóður er mikið hagsmuna- og réttlætismál og mundi gjörbreyta, ef vel tekst til, lífsafkomu aldraðs fólks og annarra, sem sjóðsréttinda nytu. Einnig vil ég minnast á það hér, að á nýafstöðnu flokksþingi framsóknarmanna var samþ. að undanþiggja bæri frá sköttum, — og ákveða með l., — bótagreiðslur almannatrygginga og þurftartekjur aldraðs fólks. Það er bæði ranglátt og óþarft að skattleggja gamalmenni, þótt vinnufær teljist, sem aðeins bera þurftartekjur úr býtum.

Mennta- og menningarmálin í landinu eru meðal þeirra málaflokka, sem nú ríður mest á að taka til fullkominnar endurskoðunar, þar sem höfuðáherzla verði lögð á að samræma þau kröfum og þörfum nútímans, þótt áfram verði reist á grunni hins þjóðlega menningararfs, sem okkur ber framar öðru að varðveita og ávaxta. Eitt hið allra brýnasta í skólamálum nú er að jafna aðstöðu barna og unglinga til skólagöngu, hvar sem er á landinu, en mjög vantar á, að slíkum jöfnuði sé náð. Enn eru heil héruð og landshlutar, sem skortir gagnfræðaskóla og sækist seint að fá úr því bætt, þótt vitað sé, að árlega er vísað frá fullsetnum héraðsskólum nemendum í tuga- eða jafnvel hundraðatali. Þetta er ófremdarástand, sem fyrst og fremst bitnar á æsku sveitanna og hinna smærri þorpa. Einnig sækist allt of seint að útrýma leifum farskólafyrirkomulagsins, sem löngu er vitað, að er stórgallað og í engu samræmi við kröfur tímans. Því miður eru aðgerðir ríkisstj. allt of íhaldssamar í þessu efni, enda hefur hún í fjölmörgum dæmum staðið í vegi fyrir skólaframkvæmdum með því að setja ýmsar hömlur á, að í þær væri ráðizt, þótt áhugi og vilji hafi verið heima fyrir. Eru nú þegar tugir skóla á biðlista og alltaf bætast nýir við, en ríkissjóður er langt á eftir með lögboðinn hluta af framlögum til skólamannvirkja. Þetta getur ekki gengið svona ár eftir ár. Skólabyggingarmálin verður að taka þeim tökum, sem nauðsyn krefst. Það er óheilbrigt að láta þau ávallt sitja á hakanum og gera þau að fórnardýri ringulreiðar í framkvæmda- og fjárfestingarmálum.

Tímans vegna get ég ekki rætt þessi mál frekar að sinni, en ég vil leyfa mér að leiða athygli hlustenda að ályktun síðasta flokksþings framsóknarmanna um mennta- og menningarmál, þar sem stefna flokksins í þeim efnum er ítarlega mörkuð.

Það getur tæplega orðið að ágreiningsefni, að húsnæðisþörfin er ein af frumþörfum mannsins, ámóta eins og fæði og klæði. Það er einnig ljóst, að þeirri þörf verður ekki fullnægt án víðtækra samfélagsaðgerða. Húsnæðismálin eru eitt hið stærsta félagslega verkefni þjóðarinnar og einnig hið fyrirferðarmesta fjárfestingarmál. Byggingarþörf er hér meiri en í flestum löndum, sem fyrst og fremst stafar af því, að þjóðinni fjölgar mjög ört, auk þess sem eldra húsnæði er ófullkomið og úr sér gengið. Hjá því verður ekki komizt, að við fjárfestum mikið í íbúðarhúsabyggingum. En á því veltur að skipuleggja byggingariðnaðinn þannig, að sem mest nýting verði á því fjármagni, sem varið er til þeirra mála, en á það brestur nú stórum. Þó að byggingariðnaðurinn sé ein fyrirferðarmesta grein þjóðarbúskaparins, fer hitt ekki milli mála, að hún er sú grein hans, sem einna lakast er skipulögð hvað snertir fjármagn, vinnutilhögun og notagildi. Það ber að harma, að engar frambúðarlagfæringar hafa verið gerðar á húsnæðismálum hin síðari ár, þó að skilyrði hafi verið til þess vegna óvenju hagstæðs árferðis, auk þess sem reynslan sannar, að frá þjóðhagslegu sjónarmiði er endurskipulagning húsnæðismála sennilega brýnni en margt annað. Verðbólguþróunin á að verulegu leyti rætur að rekja til hins óhagstæða húsnæðiskostnaðar og annars ófremdarástands í byggingarmálum. Í þessum málum þurfa að verða alger straumhvörf. Það verður að taka upp nýja byggingarhætti, útrýma braskinu, stöðva húsnæðisokrið og umfram allt að koma upp starfhæfu veðlánakerfi, sem stuðlar að því, að almenningur geti eignazt hóflegar íbúðir með viðráðanlegum kjörum. Nauðsynlegt er að stofnsetja húsnæðisbanka, sem hafi með höndum almenna húsnæðislánastarfsemi og aðra yfirstjórn húsnæðismála og ákveða bankanum svo rúm fjárráð, að hægt sé að lána út á staðlaðar íbúðir allt að 80—90% af verði þeirra til langs tíma. Einnig þarf að koma upp sjóði, sem lánar til kaupa og endurbóta á eldra húsnæði. Mundi það stuðla að betra viðhaldi og nýtingu eldra húsnæðis, sem í ýmsum tilfellum kann að reynast hagkvæmara en að ráðast í nýbyggingar. Meginmáli skiptir, að öll lánskjör séu miðuð við það, að árleg kostnaðarbyrði af húsnæði sé í eðlilegu samræmi við almennt kaupgjald á hverjum tíma. Það hlýtur ávallt að skipta höfuðmáli, að réttlátt hlutfall sé á milli tekna og húsnæðiskostnaðar. Fari það hlutfall stórlega úr skorðum, eins og viðgengst hér á landi, mun m. a. reynast ógerningur til frambúðar að hafa hemil á verðbólgu og dýrtíð. Húsnæðismálin eru eitt okkar alvarlegasta efnahagsvandamál og þau ber að leysa ekki sízt með þá staðreynd í huga.

Góðir áheyrendur. Winston Churchill nefndi

árin fyrir síðari heimsstyrjöld „árin, sem engispretturnar átu". Við Íslendingar getum með svipuðum hætti nefnt síðustu 7—8 ár, eða valdatíma núv. stjórnarflokka, „ár hinna glötuðu tækifæra". Allan þennan tíma hefur verið góðæri innanlands og síbatnandi viðskiptakjör út á við. Eigi að síður hefur flest sigið á ógæfuhlið í stjórnarfari landsins og miklum tækifærum til framfara og framtíðaruppbyggingar verið glatað. Það er því kominn tími til umskipta og nýrrar stjórnmálaforystu. Þá fyrst er hugsanlegt, að hægt sé að hefja það endurreisnarstarf í ísl. þjóðmálum, sem nauðsyn krefst, eftir stjórnleysi og glötuð tækifæri síðustu ára. — Góða nótt.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. næstsíðasti ræðumaður, 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, átti ekki nógu sterk orð yfir það, hversu verðbólga hefði vaxið í tíð núv. ríkisstj. og taldi það einbera sýndarmennsku, sem gert væri nú til verðstöðvunar, líkt og hefði átt sér stað 1959, sagði hann. Hann virtist hafa gleymt því, að verðbólguvöxturinn 1958, þegar hann sjálfur sat við stjórnvölinn, var svo gífurlegur, að stjórnin neyddist til þess að hrökklast frá. Hún réði ekki við verðbólguna og hún gafst hreinlega upp. Hins vegar tókst Alþfl.-stjórninni 1959 að halda verðlaginu stöðugu meðan hún sat, og nú hefur tekizt að halda verðstöðvuninni síðan lög þar um gengu í gildi.

Núv. ríkisstj. hefur setið við völd í 7½ ár, tvö kjörtímabil samfleytt eða lengst allra ríkisstj. íslenzkra. Samstarf stjórnarflokkanna nær þó einu ári lengra aftur í tímann eða til ársins 1958, þegar Alþfl. myndaði sína minni hl.-stjórn með óbeinum stuðningi Sjálfstfl. Á þessu 8½ ári, sem síðan er liðið, hafa farið fram þrennar kosningar til Alþ. og í öll skiptin hefur þjóðin vottað þessu samstarfi traust.

Fyrir stjórninni var ekki spáð vel af stjórnarandstöðuflokkunum, þegar hún tók við. Var talið víst, að í kjölfar hennar mundi koma það, sem þeir kölluðu móðuharðindi af mannavöldum, atvinnuleysi og ýmiss konar harðræði, sem stjórnin með stefnu sinni og starfi mundi leiða yfir þjóðina. Þegar þetta stóðst nú ekki og atvinnuleysi hafði aldrei verið jafn fjarlægt og í tíð hæstv. stjórnar, var blaðinu snúið við og hætt að tala um móðuharðindin, en í þess stað var sagt, að stjórnarstefnan væri röng og með óákveðnu orðalagi, að heilbrigðara og betra mundi hafa verið að fara „hina leiðina", sem raunar enginn vissi, hvað þýddi. Menn hafa þó verið að reyna að geta sér þess til, hvað hér væri um að ræða, ef það væri nokkuð nema innantóm orð, og komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri fyrst og fremst að ræða um höft og bönn, sem takmörkuðu frelsi borgaranna, fyrst og fremst til innflutnings og fjárfestingar, sem nú um skeið hefur verið lítið sem ekkert takmarkað. Frelsi í samskiptum einstaklingsins við samfélagið hefur verið eitt meginatriðið í stefnu núv. ríkisstj. Hafa því verið afnumin svo að segja öll innflutningshöft og innflutningsverzlunin gefin að heita má fullkomlega frjáls. Hið sama má segja um fjárfestinguna. Menn hafa á undanförnum árum getað stofnað til fjárfestingar án þess að þurfa um nokkurt leyfi að sækja, en þeir, sem muna svo sem 10 ár aftur í tímann, geta gert sér grein fyrir því, hvílíkur reginmunur er á ástandinu þá og ástandinu nú, þá, þegar allt var háð leyfum og enginn mátti hreyfa sig nema hann fengi til þess tilskilin leyfi. Þetta er kerfið, sem framsóknarmenn vilja sennilega innleiða á ný og kom það raunar einnig að nokkru leyti fram í ræðu hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, áðan. Þetta gera þeir til þess að geta veitt skjólstæðingum sínum leyfi til athafna, sem öðrum er synjað um. Þetta er sennilega „hin leiðin". Það, sem einkennir stjórnarandstöðuna hér í dag, bæði Framsókn og Alþb., er það, að hún er neikvæð. Hún dregur úr og vill ekki, að rekin sé hin jákvæða pólitík, sem ríkisstj. hefur haft uppi. Hún hefur verið á móti því frelsi, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir í viðskiptamálum. Hún hefur verið á móti söfnun gjaldeyrisvarasjóðs, sem orðið hefur til með bindingu sparifjárins að nokkru leyti og er nú orðinn um 2000 millj. kr. eða sem svarar til upp undir hálfs árs innflutnings, þó að ekkert komi á móti. Menn beri þetta saman við upphaf tímabilsins, þegar enginn gjaldeyrisvarasjóður var til og raunar minna en það, þegar bankarnir lifðu á erlendum yfirdrætti og áttu undir högg að sækja, hvort væri hægt að leysa inn erlendar kröfur, sem bárust fyrir nauðsynlegustu vörusendingar. Skilyrðið fyrir því, að þessi gjaldeyrissöfnun væri möguleg, var, að sparifjárinnlögin væru að nokkru leyti bundin, en á móti því hefur stjórnarandstaðan jafnan barizt.

Við skulum taka annað dæmi. Undanfarin ár hafa farið fram samningaviðræður við svissneskt alúmíníumfirma um byggingu alúmíníumbræðslu á Íslandi. Ísland er ekki ríkt af náttúruauðæfum, sem svo eru kölluð, en þau eru þó til og sum í mjög ríkum mæli. Á ég þar við orkulindirnar, sem bundnar eru í íslenzkum fallvötnum og jarðhita. Hvorugt þetta hefur verið nýtt að nokkru ráði enn sem komið er. Fossaaflið er talið munu nema alls virkjanlegt um 4 millj. kw. Þar af er ekki virkjað í dag nema um 100 þús. kw. eða aðeins 1/40 hluti. Getur þetta mikla afl orðið undirstaða undir ýmiss konar merkilegum iðnaði, sem veitt getur atvinnu þúsundum manna. Samningar hafa tekizt við hið svissneska firma um kaup á mikilli orku eða um 100 þús. kw. til alúmíníumbræðslu í verksmiðju, sem reist verður í Straumsvík fyrir sunnan Hafnarfjörð. Með þeim samningi var í fyrsta lagi skapaður möguleiki til hagkvæmrar virkjunar í Þjórsá við Búrfell og í öðru lagi atvinnumöguleikar fyrir nokkur hundruð manns í þessari verksmiðju. Eru með virkjun þessari og verksmiðju-

byggingu mörkuð tímamót í íslenzkri atvinnusögu, þegar fossaorkan er í fyrsta sinn tekin í notkun til stóriðnaðar á heimsmælikvarða. En auðvitað þurfti hin neikvæða afstaða stjórnarandstöðunnar að koma hér fram eins og alls staðar annars staðar. Báðir stjórnarandstöðuflokkarnir, Framsókn og Alþb., hömuðust á móti því, að þessi samningur yrði gerður og lögfestur hér á Alþ. og þar með á móti því, að verksmiðjan yrði reist og hægt væri að haga virkjunarframkvæmdunum í Þjórsá á þann hátt, sem hagkvæmast var.

Í öllum þeim umr., sem fram hafa farið frá fyrstu tíð, er farið var að ræða um hagnýtingu vatnsaflsins á Íslandi, veit ég ekki betur en alltaf væri út frá því gengið, að sá orkufreki stórrekstur, sem hagnýting vatnsaflsins byggðist á, væri rekinn af erlendum aðilum, því að Íslendingar hefðu ekki fjárhagslegt bolmagn til þeirrar fjárfestingar, sem nauðsynleg væri, auk ýmissa annarra ástæðna, sem gerði slíkan rekstur óviðráðanlegan fyrir Íslendinga. Og þó beit Framsfl. höfuðið af skömminni með því að láta í það skína, að hann mundi e. t. v. hafa getað fylgt málinu, ef verksmiðjan yrði reist á öðrum stað, þar sem allar aðstæður voru erfiðari, verksmiðjan dýrari í stofnkostnaði og rekstrarafkoman hæpnari. Öll var þessi afstaða tækifærissinnuð í mesta máta og ekki hugsað um alþjóðarheill. En þannig hefur afstaðan verið í flestum málum, þó að fleiri dæmi verði ekki nefnd hér.

Eitt það gæfusamlegasta í tíð núv. stjórnar tel ég vera, að atvinna hefur verið næg fyrir alla þetta tímabil. Hefur það fyrst og fremst byggzt á góðum aflabrögðum hjá þeim, sem sjávarútveg hafa stundað, sérstaklega síldveiðum. Hefur þar verið um metafla að ræða. En þessi metafli hefur því aðeins verið mögulegur, að skip hafa verið byggð og fengin til landsins, sem hentuðu þessum veiðum. Hefur fjárfesting í þessum skipastól verið gífurleg og því aðeins möguleg, að fiskveiðasjóði hefur verið gert kleift að tryggja erlend lán að 2/3 hlutum af skipsverðinu, sem hefur verið þetta frá 12—20 millj. kr. á skip. Enn hafa verið byggðar margar síldarverksmiðjur á Austurlandi og Suðurlandi, svo að afköstin þar hafa aukizt mikið frá því, sem áður var. Áhyggjum veldur þó, að þorskstofninn virðist ganga saman og er það ekki eingöngu íslenzkt fyrirbrigði, heldur munu þorskveiðar í N.-Atlantshafi einnig hjá öðrum fiskimönnum, sem þar stunda veiðar, vera á sama hátt minnkandi. Er þetta mikið áhyggjuefni fyrir okkur Íslendinga og tilefni til að freista þess að vernda uppeldisstöðvarnar á landgrunninu. Verður það sjálfsagt eitt merkasta og um leið erfiðasta viðfangsefni þeirrar ríkisstj., sem hér fer með völd næsta kjörtímabil að fá landgrunnið friðað fyrir veiðum, sem skaðsamlegar eru ungviðinu.

Fiskveiðarnar hafa verið og eru nú undirstöðuatvinnuvegurinn, sem öll okkar góða afkoma byggist á. Þess vegna verður að tryggja þessar veiðar eins vel og frekast eru tök á. Fjöldamargt annað mætti nefna, sem ríkisstj. hefur tekizt að færa til rétts vegar á þessu tímabili. Ég nefni af áhugamálum Alþfl. t. d. grundvallarbreytingar, sem gerðar hafa verið á tryggingalöggjöfinni, afnám skerðingarákvæðisins svokallaða, en þetta skerðingarákvæði fól í sér, að ef maður, sem kominn var á þann aldur, að hann ætti rétt á lífeyri, vann sér inn nokkrar tekjur, minnkaði fyrst ellilífeyririnn, en hvarf síðan með öllu, ef eigin tekjur náðu vissu marki, sem þó var ekki hærra en tvöfaldur ellilífeyrir. Þetta ákvæði var nú fellt úr l. og nú njóta allir fulls ellilífeyris, þó að þeir hafi einhverjar atvinnutekjur. Hitt atriðið í sambandi við tryggingalöggjöfina, sem ég tel ástæðu til að minnast á og lagfæring hefur fengizt á á þessu tímabili, er afnám verðlagssvæðanna svokölluðu, þannig að nú fá allir, hvar sem þeir eru búsettir á landinu, sama ellilífeyri, en á því var mikill munur áður.

Fjölda margt annað mætti nefna. Húsbyggingamálin hafa þokazt verulega í rétta átt með því að aukins fjármagns til þeirra hefur verið aflað. Konur fá nú sömu laun og karlar fyrir sömu vinnu. Afkoma almennings hefur verið góð og menn hafa getað aflað sér meiri neyzluvarnings en nokkru sinni áður. Fjármunamyndun hefur þó verið meiri heldur en nokkru sinni áður. Áætlunargerð um opinberar framkvæmdir hefur verið tekin upp og gefizt vel og stefnt að því, að hún verði viðtækari. Stjórnarsamstarfið hefur verið, að ég vildi segja, gott. Höfuðstefnumið samstarfsflokkanna eru að vísu mjög ólík, en þeir hafa hvorugur haldið þeim til streitu, heldur einskorðað sig við lausn vandamála dagsins og ég tel, að það hafi tekizt vel. Ég tel mig mega fullyrða, að á engu tímabili Íslandsbyggðar hafi orðið eins miklar og örar framkvæmdir og betri afkoma hjá almenningi en á þessu tímabili núv. stjórnarsamstarfs. — Góða nótt.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Á öllum tímum Íslandsbyggðar hafa úrtölumenn verið uppi, þótt í mismunandi mæli hafi verið og hafa ávallt hlotið verðskuldaðan dóm sögunnar sem mestir óþurftarmenn. Sannleikurinn er og sá, að hefðu þessir menn ráðið stefnunni í þjóðmálum okkar, væri hér á landi á annan veg umhorfs en þær staðreyndir, sem nú blasa við okkur. Þessi hópur manna siglir gjarnan undir yfirskini hins gamla spakmælis, að ekki valdi sá, er varir. En miklu fremur mætti færa iðju þeirra undir orðin „þeim er ótta von, sem illt gerir". Þess munu dæmi, að menn geti um sinn aukið valdaaðstöðu sína eða samtaka sinna með slíkri iðju. En ávallt hefur sagan endurtekið sig á sama hátt, að erfiðasta úrlausnarefni þeirra hefur verið að sigrast á sínum eigin fyrri úrtölum og neikvæða starfi. Erfið

veðrátta og tímabundnir erfiðleikar í sölu afurða okkar erlendis eru vandamál, sem þjóðin hefur glímt við áður og með dugnaði og þrautseigju sigrazt á við margfalt verri aðstæður en nú. Þeir, sem velja sér slíkt ástand til pólitísks framfæris, verða því að flokkast undir úrtöluhópinn.

Hverjir þessir úrtölumenn íslenzkra þjóðmála eru, munu útvarpshlustendur sjálfir geta metið og ekki mun á því standa, að þeir kynni sig sjálfir, því að það hafa þeir þegar gert, það, sem af er umr., með því að mála dökku litina nægilega sterka. Alþfl. er andvígur slíkum bardagaaðferðum og telur, að fátt hafi skaðað íslenzkt atvinnulíf meira. Hann mun því láta öðrum flokkum eftir að beita þeim. Þeir einir, sem trúlausir eru á glæsta framtíð íslenzku þjóðarinnar, geta á slíkum vopnum haldið.

Þar sem þetta eru síðustu eldhúsdagsumr. Alþ. fyrir alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara nú í vor, er bæði eðlilegt og sjálfsagt, að litið sé um öxl yfir helztu þætti félags- og atvinnumála s. l. kjörtímabil og framtíðarhorfur metnar á grundvelli þess, sem gerzt hefur í þeim málum fyrir forgöngu ríkisstj. Ég mun nú leitast við að gera það umfram það, sem þegar hefur verið gert.

Á kjörtímabilinu hafa verið sett ný lög og breytingar á eldri l. félagsmálalöggjafarinnar um 30 talsins. Skal nú minnzt á það helzta úr lagasetningum þessum umfram það, sem þegar hefur verið drepið á af hæstv. utanrrh. Bætur almannatrygginga, aðrar en fjölskyldubætur, voru í upphafi kjörtímabilsins hækkaðar um 15% og ári síðar var ákveðið að greiða sömu bætur með 32.25% álagi. Þá var aukin aðstoð til sjúkra manna, örkumla eða fatlaðra, sérstaklega hvað viðkemur æfingarmeðferð og öðrum þörfum þeirra. Rýmkaðir voru verulega ferðastyrkir sjúklinga, sem leita þurftu læknishjálpar erlendis. Aukin voru verulega gjöld þau, er renna til lána og styrkveitinga til hælisbygginga vegna vangefinna, fatlaðra og öryrkja og ákveðin var aðild hjarta- og æðaverndarsamtakanna að þessum gjöldum til byggingar rannsóknarstöðva, og hafa fjárframlög þessi mjög örvað til slíkra bygginga. Alþfl. telur enn brýna nauðsyn bera til að leiðrétta það misræmi, sem enn er í gildi á ellilífeyrisgreiðslum til hjóna annars vegar og hins vegar til tveggja einstaklinga. Samræming á þessu atriði kostar hins vegar allmikið fé, sem nauðsynlegt er að tryggja, áður en breyting verður þar á gerð, sem telja verður sanngirnis- og réttlætismál.

Hátíðisdagur verkafólksins 1. maí var lögskipaður hvíldardagur allrar þjóðarinnar. Aðild verzlunar- og skrifstofufólks að atvinnuleysistryggingasjóði var lögfest.

Í sveitarstjórnarmálum hafa verið gerðar margvíslegar lagabreytingar og eru þær merkastar, að ný lög voru sett um skipulag bæja og kauptúna og aukin aðstoð ríkisins við landakaup kaupstaða og kauptúna. Orlofslögunum var breytt til hækkunar úr 6% í 7% af launum. Sérstök n. vinnur nú að því að endurskoða framkvæmd l. með það fyrir augum að gera orlofslögin og upphaflegan tilgang þeirra raunhæfari í framkvæmd. Skipuð var af félmrn. sérstök n. til að semja frv. um almennan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn eftir nákvæma frumathugun Haralds Guðmundssonar, fyrrv. form. Alþfl.

Húsnæðismálin hafa á kjörtímabilinu svo sem lengi áður verið ofarlega á baugi og hafa í þeim efnum átt sér stað gerbreytingar á öllum fjárhagsgrundvelli í útlánastarfsemi stofnunarinnar. Undirstaða hins aukna fjármagns er fyrst og fremst til komin í fyrsta lagi vegna hækkunar á skyldusparnaði úr 6% í 15%, í öðru lagi vegna 1% launaskatts og í þriðja lagi vegna aukinna lána úr atvinnuleysistryggingasjóðnum. Á fyrstu 5—7 árum í starfi Húsnæðismálastofnunarinnar hlóðst upp mikill fjöldi lánsumsókna, sem óx ár frá ári og enga fyrirgreiðslu gat fengið. Þetta getuleysi stofnunarinnar kom svo fram í ótrúlegum fjölda hálfbyggðra íbúða, sem sliguðu hlutaðeigandi byggjendur og framkölluðu sífellt lengri byggingartíma, enda þá ekki til ráðstöfunar nema 40—60 millj. kr. á ári. Það var svo ekki fyrr en með milligöngu ríkisstj., og samkomulaginu milli verkalýðssamtakanna og vinnuveitenda í júní 1964 og júlí 1965, að nýr skriður kemst á fjárhagslega undirbyggingu lánastarfseminnar með þeim árangri, að á s. l. ári voru lánaðar á vegum stofnunarinnar 343 millj. 399 þús. kr. eða sem svarar til 940 fullra lána með þágildandi hámarksláni, kr. 280 þús. á íbúð, að viðbættum lánum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, 16 millj. 965 þús. kr. Í fyrrgreindu samkomulagi við verkalýðssamtökin var ákveðið að reyna að tryggja lán til 750 íbúða á ári. Á s. l. ári hefur því verið lánað til nálega 200 fleiri íbúða en lofað var við áðurnefndar samningagerðir. Á yfirstandandi ári er áætlað, að ráðstöfunarfé húsnæðismálastjórnar muni verða rúml. 380 millj. kr. og mun húsnæðismálastjórn nú innan skamms tíma hafa ráðstafað í lánum og tímasettum lánsloforðum, sem svarar til 670 fullra lána það, sem af er þessu ári. Að hinni nýju byggingartilraun, sem um var samið að reyna fyrst í Reykjavík á vegum sérstakrar framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, hefur þegar verið unnið mikið en nauðsynlegt undirbúningsstarf og munu sjálfar byggingarframkvæmdir væntanlega geta hafizt nú með vorinu. Þar sem hér er um algera nýjung að ræða í byggingarháttum landsmanna, hefur eðlilega verið við ýmsa byrjunarörðugleika að etja og verður sjálfsagt, meðan fyrstu húsin eru að komast í söluhæft ástand. Erlend reynsla er sú, að alllangan aðlögunartíma þurfi við slíkar tilraunir, til að umtalsverður árangur náist í lækkuðum byggingarkostnaði, án þess að gengið sé á gæði

íbúðanna. Það gæti því orðið nokkuð hættuleg blekking, ef við teldum, að hér á landi væri hægt að komast hjá öllum slíkum reynslutíma. Við verðum að reka okkur á það, sem fyrir fram er ekki hægt að koma í veg fyrir, en læra þeim mun betur af reynslunni og þá yfirstígum við vandann í þessum efnum og fáum fram það, sem að er keppt, lægri húsnæðiskostnað, sem tvímælalaust er ein af raunhæfustu leiðunum til kjarabóta almennings. Eitt af því nauðsynlegasta er að koma upp almennri og sem allra víðtækastri samkeppni einstaklinga og félaga um land allt um byggingu ódýrra íbúða, án þess að gengið verði á nauðsynlega gæðastöðu þeirra. Verðlauna ætti þá aðila, er fyrir slíkum byggingum standa, með sérstakri forgangsfyrirgreiðslu þess opinbera. Ýmsir atburðir síðustu tíma benda til, að almennari vakning en oft áður eigi sér nú stað um, að það geti einnig verið eftirsóknarvert markmið að sýna áþreifanlegan árangur til lækkunar á veigamesta útgjaldalið almennings, húsnæðiskostnaðinum.

Í sjávarútvegsmálum hafa á kjörtímabilinu verið lögfest 14 ný lög og breytingar á eldri l. Veigamesta lagasetning þessa málaflokks verður áreiðanlega talin hin nýju lög um Fiskveiðasjóð Íslands og sú sameining í lánamálum sjávarútvegsins, sem þar átti sér stað, ásamt lagasetningu um smíði síldarleitarskips. Hið alvarlega verðfall, sem átti sér stað á helztu útflutningsvörum okkar á miðju s. l. ári, og óhjákvæmilegar afleiðingar þess hafa svo skilmerkilega verið ræddar á opinberum vettvangi, að óþarft er að endurtaka það hér í einstökum atriðum. Öllum heilskyggnum mönnum er ljóst, að þegar verðfall á síldarlýsi komst í 29% og síldarmjöli í 15%, eftir að síldarverð hafði verið ákveðið og á meginhluta frystra fiskafurða um 11%, hlaut svo þungt högg að segja til sín í rekstursafkomu veiðiflotans og vinnslustöðvanna í landi og annarra þeirra, sem afkomu sína byggja á þeim störfum, og um leið á fjárhagsafkomu þjóðarinnar allrar. Skylt er að viðurkenna, að sjómenn og útgerðarmenn sýndu á þessum erfiðleikatímum sanngirni og rétt mat á aðstæðum, er þeir sættu sig við lægra síldarverð s. l. sumar. Það er of oft og á stundum ómaklega rætt um heimtufrekju og ósanngirni í launamálum og þess vegna rétt að minnast þess einnig, þegar með sanngirni er fundin lausn viðkvæmra deilumála. Erfiðleikar hafa verið í rekstri togaraflotans og minni vélbáta með þeim afleiðingum, að úr vinnslugetu hraðfrystihúsanna hefur dregið með minnkandi bolfiskafla. Hverjir svo sem skipa ríkisstj., þá ráða þeir ekki við náttúruöflin, veðurfar eða fiskigengd og þaðan af síður við markaðsverð erlendis. Margt má þó bæta til að draga úr áhrifum vonandi tímabundinna erfiðleika af þessum völdum. Það hefur ríkisstj. gert og vinnur stöðugt að því að tryggja, svo sem verða má, þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar sem öruggastan rekstur. Stærsti liður þeirrar viðleitni eru verðstöðvunarlögin og síðasta lagasetning um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Fiskiskipastóllinn hefur mjög verið efldur og bættur á kjörtímabilinu og reyndar öllum starfstíma stjórnarinnar. Á árunum 1959–'65, að báðum árum meðtöldum, jókst rúmlestatala fiskiskipaflotans úr 57 800 í 77 900 rúml. og fiskiskipum fjölgaði á þessum árum úr 707 í 830. Allt s. l. ár og það, sem af er þessu, hafa fiskveiðiflotanum enn verið að bætast ný og fullkomin veiðiskip. Hin aukna og bætta aðstaða sjómanna til sjósóknar og alls búnaðar um borð í hinum nýju fiskveiðiskipum kemur m. a. fram í því, að fjöldi starfandi sjómanna virðist mun stöðugri en hann var fyrir komu þessara skipa eða 6000—6300, þegar mest er í hámarki vetrarvertíðar og sumarsíldveiða og fer ekki niður úr 4000 sjómönnum þess á milli. Fyrir komu þessara skipa komst tala sjómanna milli aðalvertíða niður 2300—2600.

Sú mikla bylting, sem átt hefur sér stað í stækkun og fjölgun skipa í fiskveiðiflotanum, kallar á aukið hafnarrými og þá um leið aukna aðstoð þess opinbera til þeirra framkvæmda. Með hliðsjón af þessum staðreyndum hefur ríkisstj. nú lagt fyrir Alþ. frv. til nýrra hafnalaga, sem tryggja ætti, ásamt bættu skipulagi, þessa grundvallarstefnu, ef að lögum verður. Í ársbyrjun 1961 var heildarafkastageta frystihúsanna í landinu miðað við 16 klst. vinnslu á sólarhring talin vera 1929 lestir. Í ársbyrjun 1965 hafði hún aukizt upp í 2503 lestir miðað við sama vinnslutíma. Afkastageta síldarverksmiðjanna á öllu landinu var árið 1958 talin 70 840 mál á sólarhring. Árið 1965 var þessi afkastageta komin upp í 120250 mál á sólarhring. Á s. l. ári er talið, að verksmiðjur á svæðinu frá Raufarhöfn suður til Djúpavogs hafi aukið afkastagetu sína um nálega 33% á því eina ári. Þróarrými verksmiðjanna var árið 1958 talið 414 500 mál, en í árslok 1965 var það orðið 700 þús. mál. Nýtt og fullkomið síldarleitarskip er væntanlegt til landsins í júlímánuði n. k. og er fyrsta skipið, sem sérstaklega er smíðað fyrir vísindamenn okkar og ætti að gjörbreyta aðstöðu þeirra við hin mikilvægu störf. Rétt um þessar mundir er verið að ljúka við útboðslýsingu á smíði fullkomins hafrannsóknaskips og þegar hafa verið gerðir nokkrir undirsamningar um smíði einstakra hluta í skipið. Á vegum sjútvmrn. hefur að undanförnu verið leitað eftir því erlendis að fá hingað til lands leigða nýtízku skuttogara til reynslu við íslenzkar aðstæður, sem byggja mætti síðar á við endurnýjun togaraflotans. Þessar tilraunir hafa enn ekki borið árangur. Meðan þessi athugun fór fram, hafa nokkrir innlendir aðilar gefið sig fram og látið í ljós áhuga fyrir kaupum á slíkum skipum, en með mismunandi stærðir í huga. Með hliðsjón af þessu ákvað ríkisstj. að leita fyrir sér með kaup á 4 nýjum skuttogurum tveggja þilfara af mismunandi stærðum og hefur hún nýlega

falið sérstakri n. að gera till. um framkvæmd málsins.

Góðir hlustendur. Samstarfið í núv. ríkisstj. hefur í heild verið gott. Ágreiningsmál hafa verið leyst með sanngirni og án pólitískra hrossakaupa. Grundvallarágreiningur í stefnumálum stjórnarflokkanna er að sjálfsögðu enn fyrir hendi og verður seint leystur. Látnir hafa verið sitja í fyrirrúmi þeir málaflokkar, sem samstaða hefur tekizt um. Alþfl. gengur ótrauður til þeirrar kosningabaráttu sem fram undan er og treystir á rétt mat kjósenda á störf hans á kjörtímabilinu. Ástæða er til að vara flokksfólk og aðra velunnara flokksins við þeim lævíslega áróðri, sem þegar hefur verið leynilega hafinn, að Alþfl. muni án fyrirhafnar berast fylgisaukning og þess vegna geti þeir nánast beðið aðgerðalausir eftir kosningaúrslitunum. Það er glöggt, hvað andstæðingar okkar vilja með slíkum áróðri. Þeir telja m. ö. o. nauðsynlegt að slæva starf Alþfl.-fólks. Af því stendur þeim óttinn. Staðreyndin er hins vegar sú, að í síðustu alþingiskosningum fékk flokkurinn 4 kjördæmakjörna þm. og 4 landskjörna eða samtals 8 þm. Tveir af hinum 4 kjördæmakjörnu þm., þ. e. 1. maður A-listans á Vesturl. og 2. maður A-listans í Reykjavík, náðu kosningu með naumum meiri hl. Það er á slíka möguleika, sem er einblínt, þegar reynt er að draga úr starfi Alþfl.-fólks og velunnara jafnaðarmanna. Sú staðreynd blasir því enn einu sinni við, að Alþfl. þarf á öllum sínum starfskröftum að halda og ekkert annað en þrotlaust starf fyrir málefnunum sjálfum mun færa okkur ánægjuleg úrslit, úrslit, sem tryggja áframhaldandi og aukin áhrif flokksins á gang íslenzkra þjóðmála. — Góða nótt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar kjörtímabili er nú að ljúka, er enginn vafi á því, að hinn almenni dómur kjósenda hvarvetna á landinu um stjórnarfarið undanfarin ár er sá, að illa hafi verið nýtt þau tækifæri, sem einstök góðæri hafi veitt stjórnarvöldunum til stórfelldra átaka í þeim málum, sem alþjóð varðar mestu. Hinn almenni borgari í landinu hefur í æ ríkara mæli verið ofurseldur óheftu gróðabraski þeirra fjáraflamanna, sem mótað hafa þá stefnu, sem fylgt hefur verið undanfarin tvö kjörtímabil. Þessir aðilar hafa dyggilega notað sér þá aðstöðu, sem meiri hl. vald Sjálfstfl. fyrir tilstyrk Alþfl. hefur veitt þeim til að byggja þjóðfélagsskipunina í æ ríkari mæli upp á þann veg, að hún þjóni sem bezt þeirri lífsskoðun, að allur rekstur þjóðarbúsins og öll samskipti manna eigi að miðast við gróðamöguleika útvaldra einstaklinga. Engin svið þjóðlífsins hafa verið friðhelg fyrir gróðabraski þessara skjólstæðinga ríkisstj. til athafna á kostnað almennings og sízt þau málefni, sem helzt hefði þó verið hægt að ætlast til, að haldið væri utan við gróðabraskið, en húsnæðismálin, einmitt þau mál, þar sem frekast hefði mátt gera kröfu til, að hagsmunir almennings væru einhvers metnir, hafa orðið hvað mestur gróðavettvangur og þar hefur almenningur orðið að greiða hvað þyngstan skatt vegna ráðsmennsku stjórnarflokkanna og þá að sjálfsögðu mest það fólk, sem hefur verið að basla við að eignast þak yfir höfuðið, og öll alþýða manna hefur orðið að gjalda fyrir þau áhrif, sem gróðabrask þeirra, sem byggja og selja íbúðir, hefur haft á dýrtíðarþróunina í landinu, þá dýrtíðarþróun, sem er að eyðileggja allan grundvöll undir rekstri atvinnuveganna. Barátta Alþb. fyrir því, að almenningi verði búin viðunanleg kjör í húsnæðismálum er löng og verður ekki rakin nema í nokkrum dráttum á þeim stutta tíma, sem ég hef hér til umráða. Fram að stjórnartíma vinstri stjórnarinnar hafði veðlánakerfið engar eigin tekjur og hafði einungis yfir að ráða því fé, sem unnt reyndist að fá að láni á hverjum tíma úr bankakerfinu eða annars staðar að. Veðlánakerfið var til þess tíma ekki fært um neitt annað en framlána það fé, sem tókst að skrapa þannig saman fyrir hverja úthlutun, en vinstri stjórnin lagði grundvöllinn að lánakerfi, sem byggði á árvissum eigin tekjustofnum. Með því var stigið mikilvægt byrjunarskref í rétta átt og það var launþegum afar mikilvægt, að stjórnarvöldin héldu áfram úrbótum eftir þeirri braut, sem þá var mörkuð. En það var öðru nær en ákvarðanir viðreisnarstjórnarinnar, sem síðan tók við völdum, gengju í þá áttina. Gengislækkanir og gífurleg verðbólguþróun, sem eftir fylgdi, hefur valdið stórfelldri hækkun á byggingarkostnaði og þar á ofan bættust vaxtahækkanir, sem viðreisnarstjórnin greip til við upphaf stjórnferils síns, enda dró úr íbúðarbyggingum, en góður gróðavettvangur myndaðist fyrir þá, sem aðstöðu höfðu til að fá lóðaréttindi og fjármagn til bygginga íbúða til sölu.

Eftir að felldar höfðu verið á Alþ. till. Alþb. um niðurfellingu tolla á byggingarefni til íbúðarhúsa og lækkun vaxta á íbúðarlánum, flutti Alþb. vorið 1964 viðamikið frv. um úrbætur í húsnæðismálum, þar sem einkum var annars vegar lögð áherzla á að auka svo fjármagn byggingarsjóðs ríkisins, að honum væri unnt af eigin fé að veita lán, sem næmu 67—75% byggingarkostnaðar til 35 ára og með 3% vöxtum til nýbygginga og til kaupa á eldri íbúðum. Hins vegar var það eitt meginatriði frv. Alþb. að færa sem mest af byggingum íbúðarhúsnæðis á félagslegan grundvöll með stofnun eins almenns byggingarsamvinnufélags í hverju sveitarfélagi, en þessum byggingarsamvinnufélögum yrði gert kleift að annast verulegan hluta íbúðarbygginga á hverjum stað, en íbúðirnar síðan seldar félagsmönnum á kostnaðarverði. Var þá einnig gert ráð fyrir því, að kaupendum væri heimilt að annast byggingu íbúða sinna sjálfir, en þeir gerðu þá venjulegan verksamning við byggingarsam-

vinnufélagið. Allar voru þessar ráðstafanir ætlaðar til þess, eins og sagði í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta: „að koma í veg fyrir, að milliliðir og braskarar geri íbúðarhúsnæði miklu dýrara en vera þarf.“ En þær staðreyndir, sem í Reykjavík hafa verið dregnar fram í dagsljósið þessa dagana, sanna, að ekki hefði verið vanþörf á slíkum ráðstöfunum til verndar þeim, sem brutust í því að eignast eigið húsnæði. Framlag ríkisstj.-flokkanna var svo það eitt, eins og ég áðan lýsti, að hækka byggingarkostnaðinn stórkostlega, stytta lánstímann og hækka vextina. Það varð því ljóst, að til þess að koma í veg fyrir, að húsbyggjendur þyrftu að búa við svo stórkostlega versnandi hag, að til alvarlegra vandræða horfði á meðan núv. stjórnarflokkar færu með meirihlutavald á Alþ., meirihlutavald, sem reynslan hafði sýnt og sannað, að var miskunnarlaust beitt gegn öllum till. til úrbóta í húsnæðismálum, varð að beita samtakamætti verkalýðsfélaganna til þess að knýja fram, að svo miklu leyti, sem unnt væri, þær úrbætur, sem ekki fengjust með eðlilegum hætti lögfestar á Alþ.

Vegna þess, hversu stjórnarflokkarnir komu húsnæðismálum almennings í uggvænlegt horf við upphaf stjórnarferils síns og vegna algerrar og margítrekaðrar andstöðu þeirra gegn öllum úrbótum í þeim málum á Alþ., hefur stjórnartímabil þessara flokka m. a. einkennzt af því, að úrbætur í þessum brýnu hagsmunamálum alls almennings hafa verið knúnar fram við lausn kjaradeilna, þar sem ríkisstj. hefur verið þrýst til að gefa yfirlýsingar um, að lögfestar skyldu sömu eða hliðstæðar úrbætur í húsnæðismálum og ekki hafa fengizt fram með eðlilegum hætti á Alþ. Má þar til nefna auknингu tekna byggingarsjóðs ríkisins, sérstaka byggingu 1250 staðlaðra íbúða á 5 árum á vegum ríkisins og sveitarfélaga með forkaupsrétti fyrir láglaunafólk í verkalýðsfélögum og með sérstökum lánakjörum, þar sem lán nema 80% af verðmæti íbúðar. Lánstími er 33 ár og engar afborganir fyrstu 3 árin. Enn fremur sérstök viðbótarlán, 75 þús. kr. til efnalitilla félagsmanna verkalýðsfélaga. Þannig hafa auknar íbúðabyggingar og bætt lánakjör verið eitt af meginatriðum samkomulags um launamál 1964 og 1965 og þær ráðstafanir verið knúðar fram með afli verkalýðssamtakanna þvert gegn því, sem ríkisstj. hafði fyrirhugað um húsnæðismál, eins og bezt sést á því, að ekki var ráð gert fyrir neinum slíkum fjárhagsráðstöfunum í framkvæmdaáætlun ríkisstj. fyrir árin 1963—1966. Nauðsyn þess, að almenningur í landinu búi við viðunandi kjör í húsnæðismálum verður ekki ofmetin. Ekki er aðeins afkoma hvers alþýðuheimilis að mjög verulegu leyti háð því, hver húsnæðiskostnaðurinn er, heldur hefur sá útgjaldaliður hin víðtækustu áhrif á öll verðlags- og efnahagsmál og öll barátta gegn verðbólgu er vonlaus, meðan gróðabrask og vaxtaokur er látið setja aðalmark á húsnæðismálin. Þess vegna er það eðlilegt, að þegar verkalýðsstéttina skortir nægilegan tilstyrk á Alþ. til þess að knýja fram brýnustu hagsmunamál almennings í húsnæðismálum, sé afli verkalýðssamtakanna beitt til þess að knýja fram þær úrbætur, sem ekki er liðsstyrkur til að fá fram á Alþ. með eðlilegum hætti. En það er eigi að síður almenningi dýrt að hafa ekki við alþingiskosningar, í þeirri kjarabaráttu, sem þá fer fram og útlátaminnst er, tryggt þá skipan þingsins, að kröfur verkalýðssamtakanna og allrar alþýðu um úrbætur í húsnæðismálum eigi þar tryggan og öruggan framgang og því afli, sem verkalýðssamtökin þurfa ávallt og ævinlega á að halda í hinni beinu launabaráttu, þurfi ekki að verulegu leyti að beina til þess að knýja fram löggjafaratriði, sem alþýða manna á kost á að tryggja sér við alþingiskosningar með því að fjölga þar fulltrúum sínum, en kasta ekki atkv. sínu á flokka, sem fyrst og fremst gæta hagsmuna þeirra, sem mestan áhuga hafa á að gera sér húsnæðisþarfir almennings að féþúfu, eins og reynslan hefur sýnt og sannað.

Þrátt fyrir það, sem verkalýðshreyfingunni hefur tekizt að knýja fram til úrbóta í húsnæðismálum, eru kjör þeirra, sem eru að reyna að eignast þak yfir höfuðið, svo óviðunandi, að mikil barátta er fram undan til þess að úr fáist bætt. Byggingarkostnaðurinn hefur hækkað svo stórlega á tímabili viðreisnarstjórnarinnar, að frá árinu 1961 hefur kostnaðarverð 350 rúmmetra íbúðar samkv. byggingarvísitölu hækkað um rúml. 450 þús. kr. eða um nærri 25%, meira en nemur öllu því hámarksláni, sem ætlunin er, að húsnæðismálasjóður láni út á íbúð á þessu ári. Ástandið er því þannig í dag, að verulega skortir á, að lánuð sé sú hækkun, sem orðið hefur á raunverulegum byggingarkostnaði á s. l. 5 árum, en ekkert kemur upp í þann byggingarkostnað, sem þá þegar var fyrir hendi.

Fulltrúar og málgögn Alþb. hafa haldið því fram, að það verð, sem almenningur, einkum í Reykjavík og nágrenni, hefur orðið að sæta við kaup á íbúðum, sé óeðlilega hátt og langt umfram raunverulegan kostnað. Ekki sé þar aðeins um að ræða skort á skipulagi við framkvæmdir og skort á hagkvæmu og nægu fjármagni, heldur hafi fjáraflamenn og braskarar féflett íbúðakaupendur í stórum stíl. Nú nýlega hafa þessar staðhæfingar verið sannaðar og staðfestar með því, að opinberlega hafa verið birtir reikningar byggingarsamvinnufélags í Reykjavík, sem sýna, að verð íbúða, sem félagið hefur byggt, er svo miklu lægra en almennt markaðsverð á sambærilegum íbúðum, að sýnilegt er, að ýmsir þeirra, sem byggja íbúðir til sölu, hirða um 80—100% ágóða eða 300—500 þús. kr. á íbúð. Öll var þó sú bygging, sem hér er um að ræða, unnin samkv. ströngustu uppmælingatöxtum og er vert að vekja á því athygli, að þar með fellur um sjálfan sig allur sá andróður, sem hefur verið

haldið uppi gegn iðnaðarmönnum og launakjörum þeirra og þær staðhæfingar, að laun þeirra væru aðalorsök óhóflegs húsnæðiskostnaðar. Það liggur því fyrir, hvaða hlutverk byggingabraskarar hafa leikið undanfarið og það er auðsætt, að þeir hafa að jafnaði gert drjúgum meira en hirða af íbúðarkaupendum í hreina álagningu allt húsnæðismálasjóðslánið og stundum tvöfalda lánsupphæðina, svo að þegar almenningur á við að kljást meiri hækkun raunverulegs byggingarkostnaðar á s. l. 5 árum en nemur hámarksláni og þar á ofan kemur skattgjald til þeirra, sem eiga sérstakan aðgang að byggingarlóðum og fjármagni, svo að nemur allt að tvöföldu húsnæðismálasjóðsláninu, er naumast annars að vænta en venjulegt fólk sé að kikna undan þessum byrðum.

Því er oft haldið á loft, að íslenzk ungmenni fái að búa við þá sérstöku mildi forsjónarinnar, að þau þurfi ekki að eyða hluta af dýrmætasta tíma ævi sinnar til þess að gegna herskyldu svo sem æskufólk í öðrum löndum. En íslenzk æska þarf að búa í húsum eins og æska annarra þjóða og hún þarf, þegar tími hvers og eins kemur, að eignast eigið heimili og þá býr þjóðfélagið svo að íslenzku æskufólki, að þótt það komist hjá því að fórna nokkrum tíma til þess að tryggja raunverulega eða ímyndaða hagsmuni þjóðar sinnar við herskyldustörf, hafa hin sívaxandi yfirráð fjáraflamannanna í þjóðfélaginu dæmt þessa sömu æsku til þess í staðinn, ef hún vill eignast heimili, að fórna hverri frístund öll sín beztu ár til þess að standa undir þeim ágóða, sem fjáraflamennirnir áskilja sér af íbúðinni. Það er mál, að slíkri þegnskylduvinnu í þágu braskaranna linni. Íslendingar guma af því, að þjóðarframleiðsla á mann hér á landi sé með því allra mesta, sem þekkist í heiminum. Það ættu því að vera allar aðstæður til þess, að landsmenn fengju að búa við svipuð kjör um húsnæðismál og gerist meðal nágrannaþjóðanna, sem minni hafa þjóðartekjur á mann. En til þess þurfa launþegar að láta kosningarnar í sumar ekki snúast um það, að úrbætur verði gerðar í húsnæðismálum og fólki með venjulegar tekjur verði gert kleift að standa undir húsnæðiskostnaði án sleitulauss þrældóms um langt árabil, eins og nú á sér stað. Launþegar geta því aðeins gert sér vonir um, að þær úrbótatill., sem Alþb. hefur lagt fram á Alþ., nái fram að ganga, að þeir hver og einn beiti til þess kjörseðlinum í sumar og veiti Alþb. aukið áhrifavald á Alþ., en helztar þessara till. eru íbúðarbyggingar á félagslegum grundvelli án millilliða og braskara, lengri lánstími, afnám vísitöluálags á afborganir og vexti íbúðarlána, bygging leiguhúsnæðis, bygging íbúða utan Reykjavíkur á sama grundvelli og nú eru að hefjast framkvæmdir á í Reykjavík með sérstökum kjörum fyrir láglaunafólk samkv. samningum, sem verkalýðsfélögin knúðu fram við kjarasamninga 1965. Aðild iðnnema að viðbótarlánum þeim, sem verkalýðsfélögin sömdu um sumarið 1964 og nú síðast frv. um að þeir verkamenn verkalýðsfélaga, sem ekki fá lán úr lífeyrissjóðum, fái 125 þús. kr. viðbótarlán úr sérreikningi síns verkalýðsfélags í atvinnuleysistryggingasjóði til 33 ára með 4% vöxtum, afborgunarlaust fyrstu 3 árin.

Til þess að þessar og aðrar úrbætur fáist í húsnæðismálum, þarf sú ríkisstj., sem nú situr og alið hefur fjármálabraskarana, að falla. Einungis verulegur sigur Alþb. í alþingiskosningunum í sumar getur tryggt það. Forystumenn ríkisstj.-flokkanna vita, að fylgi flokka þeirra með þjóðinni er minna nú en við síðustu alþingiskosningar. Hið eina, sem getur því bjargað stjórninni frá að missa meiri hl. sinn, er, að atkv. þeirra, sem nú hverfa frá stuðningi við stjórnarflokkana, falli að einhverju leyti á Framsfl., því að með því móti falla þau dauð. Hverjum, sem eitthvað fylgist með, er ljóst, að Framsfl. á hvergi í nokkru kjördæmi nokkurn kost á að auka þingmannatölu sína. Flokkurinn fékk við síðustu kosningar fullnýtta alla möguleika sína varðandi kjördæmakjörna þm. og við úthlutun uppbótarsæta kemur Framsfl. ekki til greina. Hann var svo fjarri því við síðustu kosningar að fá uppbótarsæti, að þótt úthlutað hefði verið 5 sætum til viðbótar við þau 11, sem fyrir eru, hefði Framsókn ekki fengið eitt einasta þeirra. Það er því ekki að ástæðulausu, að ríkisstj.-flokkarnir setja nú allt traust sitt á, að þau atkv., sem þeir fyrirsjáanlega missa, kunni að einhverju leyti að falla á Framsókn og nýtast þannig ekki gegn stjórninni. Hvert einasta atkv., sem Alþb. fær, getur hins vegar ráðið úrslitum um skiptingu uppbótarsætanna milli Alþb. og stjórnarflokkanna. Milli ríkisstj.-flokkanna og Alþb. stendur því baráttan um fall viðreisnarstjórnarinnar og nýja stefnu í þjóðmálum, ekki sízt um framgang þess brýna hagsmunamáls, að almenningi sé gert kleift að rísa undir húsnæðiskostnaðinum. Ég beini því sérstakri áskorun minni til allra þeirra, sem láta sig miklu skipta lausn þessa máls, að þeir geri sér ljóst, að það kemur til þeirra kasta hvers og eins í alþingiskosningunum í sumar að tryggja því framgang með auknum styrk Alþb. á Alþingi. — Góða nótt.

Björn Jónsson: Herra forseti. Heiðruðu tilheyrendur. Ekki fer milli mála, að stjórnarsamsteypa Sjálfstfl. og Alþfl., sem nú hefur farið með völd í landinu nokkuð á 9. ár, hefur haft meiri og betri möguleika til þess að koma fram varanlegum umbótum í íslenzku þjóðfélagi heldur en nokkur önnur ríkisstj., sem setið hefur í landinu fyrr og síðar. Kemur þar fyrst til, að valdatímabil stjórnarinnar er orðið lengra en dæmi eru til, samstarf flokkanna svo innilegt, að þar hefur hnífurinn ekki geng-

ið á milli og þó fremur öðru sú staðreynd, að flest það, sem stjórnvöldum er ósjálfrátt, hefur gengið þeim og þjóðinni í haginn. Samfellt góðæri hefur ríkt til lands og sjávar, hvert aflametárið rekið annað, verðlag á útflutningsafurðum þjóðarinnar farið síhækkandi, gjaldeyrisöflun vaxið að meðaltali um 14% á ári, þjóðartekjur aukizt öruggum skrefum í kjölfar góðæranna allt upp í 9—10% á ári. Þannig hafa öll ytri efnaleg skilyrði til stórfelldrar uppbyggingar í landinu verið fyrir hendi, undirstaða afkomuöryggis ætti að vera traustari en nokkru sinni fyrr, atvinnuvegirnir að standa með blóma, lífskjör almennings vera betri, framtíðarhorfur allar bjartari en nokkru sinni, þó að eitthvað blési á móti um stundarsakir, þ. e. a. s., ef málefnum þjóðarinnar hefði verið stýrt með heildarhagsmuni hennar eina fyrir augum. Slík stjórn hefði lagt á það höfuðkapp að treysta stöðu undirstöðuatvinnuveganna í efnahagskerfinu. Hún hefði beint bróðurhluta fjárfestingarfjármagns þjóðarinnar til þess að byggja þá upp af bættri tækni, aukinni rekstrarhagkvæmni og möguleikum til vaxandi fullvinnslu afurða, sem gerði þá hæfa til árangursríkrar samkeppni á heimsmörkuðum, þótt tímabundnum og tilviljanakenndum verðhækkunum slotaði. Í þessu skyni hefði hún kappkostað að láta þessa atvinnuvegi njóta arðsins, sem hún hefði skapað, og þannig stuðlað að því, að fjármagn og vinnuafl leitaði fremur til þeirra en til óarðbærra þjónustugreina og milliliðastarfsemi. Hún hefði sett stolt sitt í það að skila þjóðinni sjálfbjarga og gróskumiklum atvinnuvegum, sem færir væru um að bjóða vinnandi fólki til lands og sjávar afkomuöryggi, batnandi launakjör, styttan vinnudag og félagslegar umbætur. Og hún hefði leitazt við að tryggja varanleik umbótanna með því að halda verðlagi innanlands í þeim skefjum, að þær brynnu ekki jafnharðan upp í eldi verðbólgu og dýrtíðar. En það er ærið breitt bilið á milli þeirra möguleika, sem fyrir hendi hafa verið, og þess viðskilnaðar, sem nú blasir við. Arður góðæranna hefur ekki runnið til undirstöðuatvinnuveganna eða þeirra, sem við þá starfa. Þeir hafa verið mergsognir af milliliðum og verzlunarvaldi, sem nú hirðir til sín fjórfaldan til fimmfaldan hlut móts við það, sem var fyrir valdatöku viðreisnarinnar. Ótrúlegur hluti arðs þeirra hefur einnig runnið sem skattpeningur til fjárfestingarsjóða, þaðan sem þeir svo náðarsamlegast geta fengið lánað aftur sitt eigið fjármagn með okurvöxtum. Þessir skattar einir nema nú milli 500—1000 millj. kr. á ári og allan kostnaðarauka af völdum óðaverðbólgunnar hafa þeir einnig mátt þola. Afleiðingin hefur orðið sú, að hinn trausti og heilbrigði rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuveganna, sem lofað var, er nú fólginn í tilkomu umfangsmesta styrkja- og uppbótakerfis, sem sögur fara af, sem nú gleypir álíka upphæð árlega og nemur öllum tolltekjum ríkissjóðs, en fullnægir þó ekki þörfum útflutningsatvinnuveganna betur en svo, að þeir eru í ýmsum greinum reknir með geigvænlegum halla.

Uppbygging atvinnuveganna lýsir sér m. a. í því, að verið er að þurrka út togaraflotann og bátaflotann, sem eru hornsteinar fiskiðnaðarins í landinu og um leið liftaug sjávarbyggðanna víðs vegar um landið. Það einstæða afrek hefur verið unnið að taka út úr rekstri 30 togara og nær 100 báta á fáum árum. Á móti hefur að vísu komið fjölgun síldveiðiskipa og aukin gúanóframleiðsla, sem haft hefur lánið með sér nú um skeið, en sem er frumstæð atvinnugrein og ein sú ótryggasta, hvað markaði og verðlag snertir. En samt er þetta í dag eina stóra grein útflutningsatvinnuveganna, sem telst sjálfbjarga, þegar á heildina er litið.

Skattheimtukerfi ríkisins hefur vaxið risaskrefum undanfarin ár jafnframt því, sem skattalögunum hefur verið umturnað þannig, að gróðamynduninni í landinu hefur verið hlíft, en söluskattar, sem lenda með mestum þunga á almenningi, og nefskattar hafa verið þyngdir að sama skapi. Samt er nú svo komið að fjárlög eru nú raunverulega afgreidd með 100 millj. greiðsluhalla, sem falinn er með fölskum tölum um fjárþörf uppbótakerfisins og með því að taka stórfelld lán til framkvæmda ríkisins utan fjárl. Svo er nú komið, þrátt fyrir það, að reynt verður að halda uppi tekjuöflun ríkisins með stórfellt meiri gjaldeyriseyðslu en þjóðin hefur efni á, miðað við samtímatekjur. Skattheimtubáknið rís ekki lengur undir byrðum verðbólgustefnunnar fremur en höfuðatvinnuvegirnir og allur almenningur í landinu. Þrátt fyrir skattheimtu, sem á þessu ári nemur hvorki meira né minna en röskum 4000 millj. kr., sem er um fimmföldun á valdatímabili viðreisnarstjórnarinnar, skortir algerlega samtímatekjur fyrir aðstoð við sjávarútveg og fiskiðnað og til niðurgreiðslna á vöruverði, samtals um 282 millj. kr. og auk þess framkvæmdafé, sem hrifsa á úr viðskiptabönkum, upp á a. m. k. 200 millj. kr. Raunverulegur halli verður því eftir ásetlunum stjórnarliðanna sjálfra ekki undir 500 millj. kr., þrátt fyrir það, að innflutningur og þar með tolltekjur fari stórlega vaxandi. Þannig eru höfuðdrættir þeirrar myndar efnahagslífsins, sem nú blasir við. Stórfelldur hallarekstur ríkisbúskaparins, gífurlega versnandi gjaldeyrisstaða, útflutningsatvinnuvegunum haldið gangandi til bráðabirgða með uppbóta- og styrkjakerfi, sem samtímatekjur eru ekki til fyrir.

En þá er spurt: Hefur þá ekki hinn almenni maður í landinu gengið með rýran hlut frá borði? Staðreyndir tala þar um sínu skýra máli. Samkv. viðmiðunaraðferðum, sem hlotið hafa viðurkenningu jafnt verkalýðssamtakanna sem samtaka vinnuveitenda, er kaupmáttur tímakaups verkamanna því sem næst hinn sami nú og 1959, en kaupmáttur daglauna eða vikukaups fyrir umsamdan vinnudag er í dag tals-

vert lægri en hann var þá eða sem svarar styttingu dagvinnutímans, sem um var samið sumarið 1965. Hversu oft hefur okkur ekki verið sagt, að kjarabætur ættu að vera í samræmi við vöxt þjóðarteknanna? Ef þeirri kenningu, sem er vafalaust réttlætislágmark, hefði verið fylgt, hefði kaupmáttur átt að aukast um 5—7% á ári að undanförnu, en ekkert slíkt hefur gerzt, heldur hefur vinnandi fólk orðið að sækja sína rauntekjuaukningu, að því leyti, sem um hana hefur verið að ræða, að öllu leyti í lengdan vinnutíma og tímabundnar yfirborganir, þar sem umframeftirspurn hefur á annað borð verið eftir vinnuafli. Það eru þessar staðreyndir um þróun kjaramála verkafólks ásamt síversnandi afkomu undirstöðuatvinnuveganna og lánsfjárkreppu, sem þegar í dag hefur leitt af sér alvarlegan samdrátt í ýmsum greinum atvinnulífsins og til tilfinnanlegs atvinnuleysis í heilum landshlutum, sem nú um sinn hafa sett eðlilega og lífsnauðsynlega kjarabaráttu vinnandi fólks í sjálfheldu og ógna nú jafnvel þeim neyðarmöguleikum, sem verkafólk hefur þó haft til þess að framfleyta sér og sínum með gegndarlausri yfirvinnu. Styttur vinnutími, svo knýjandi, sem hann þó er, hlýtur að leiða til neyðarástands, ef kaupgjald hækkar ekki að sama skapi eða kaupmáttur tímakaups er ekki aukinn eftir öðrum leiðum, sem því svarar. Og það er slíkt ástand, sem nú er að skapast í æ ríkara mæli. Úr þessari sjálfheldu verður íslenzk verkalýðshreyfing að brjótast og það getur hún, ef hún beitir til þess jöfnum höndum samtakamætti sínum á sviði hinnar faglegu hagsmunabaráttu og á stjórnmálasviðinu og tryggir sér þar sterk áhrif í samfélagi við þau þjóðfélagsöfl, sem nú hafa þar sömu hagsmuna að gæta.

Eins og nú er komið eftir 8 ára stjórn verzlunarvaldsins, er það orðin ríkari nauðsyn en nokkru sinni áður, að framleiðslustéttirnar, verkafólk, bændur og atvinnurekendur, sem bera hitann og þungann í sjávarútvegi og iðnaði, snúi bökum saman í íslenzkum stjórnmálum. Hinir sameiginlegu hagsmunir eru auðsæir. Kjör vinnustéttanna verða ekki bætt varanlega, nema staða framleiðsluatvinnuveganna í efnahagskerfinu verði bætt að miklum mun. Meðan þeir eru mergsognir af milliliðum og verðbólgu, verða óhjákvæmilegar kjarabætur ekki sóttar í þeirra hendur. Meðan ríkisvaldið hindrar ekki, að þessar afætur hrifsi til sín sívaxandi hluta af fjármagni og vinnuafli þjóðarinnar og þær látnar eftirlitslaust ráðstafa æ hærri hluta af gjaldeyri hennar til óarðbærrar eyðslu, meðan það er þolað, að algert stjórnleysi ríki í fjárfestingu landsmanna og ekkert er aðhafzt til þess að skipuleggja rekstur atvinnuveganna og gera þeim fjárhagslega kleift að endurbæta hann með aðstoð nútímatækni og vísindastarfsemi, geta framleiðslustéttirnar ekki vænzt bjartari eða betri tíma.

Tímabil slembilukkunnar, einstæðra aflaára og samfelldra verðhækkana geta reynzt brigðul, eins og reynslan sannar. Til langframa getum við ekki reiknað með því, að okkar útflutningsafurðir hækki um 40—50% á fáum árum, meðan aðrar þjóðir verða að sæta nokkurn veginn föstu verðlagi. Og þá er okkur aðeins eftir skilin sú leiðin, sem öll þróuð þjóðfélög í austri og vestri hafa farið til þess að auka hagvöxt sinn og bæta lífskjör þegnanna, að bæta rekstur atvinnufyrirtækjanna með hvers konar tækni og auka þannig framleiðsluna og nýtingu vinnuafls og fjármagns. En í okkar örsmáa þjóðfélagi verður slíkt ekki framkvæmanlegt nema með skynsamlegri heildarstjórn á öllum stærstu þáttum þjóðarbúskaparins, afnámi þess milljarða arðráns, sem framleiðsluatvinnuvegirnir og fólkið, sem við þá vinnur, verður að þola. Og þessi eina færa leið til hagsældar verður heldur ekki farin nema stórfelld fjármunatilfærsla frá þessum aðilum og til framleiðsluatvinnuveganna verði framkvæmd og þannig skapaðir möguleikar þeim til handa til hraðrar uppbyggingar og aukinna framleiðsluafkasta. Núríkjandi stjórnarsamsteypa hefur sýnt og sannað, að hún hvorki vill né getur stýrt þjóðarbúinu eftir þeim leiðum, sem nú eru einar færar, og stendur því ráðþrota og skilningsvana í því öngþveiti og stjórnleysi, sem stefna hennar hefur skapað. Það er því mál til komið, að hún fái hvíldina og hinum nauma þingmeirihl. hennar verði hnekkt í komandi kosningum.

Eins og flokkaskipan í landinu er nú háttað, verður slíkt þó því aðeins mögulegt, að Alþb. hljóti vaxandi traust og fylgi, sem skapi því úrslitaáhrif á löggjafarþinginu á næstu árum. Þau úrslitaáhrif mun það öllu öðru fremur nota til þess að móta og framkvæma markvissa uppbyggingarstefnu í atvinnumálum þjóðarinnar í samvinnu við framleiðslustéttirnar til lands og sjávar og til að tryggja örugga lífskjarabætur og félagslegar framfarir á þeim grundvelli. Alþb. hefur nú birt framboð sín um allt land og um þau hefur verið og er alger einhugur og sigurvissa í 7 kjördæmum af 8. Hitt er ekki launungarmál, að í einu kjördæmi hefur orðið ágreiningur um skipan framboðslista. Við þá, sem þegar hafa reynt og munu reyna að nota sér þann ágreining til framdráttar lélegum málstað, vil ég aðeins segja þetta: Maður, líttu þér nær og tíundaðu þá einingu, sem í þínum flokki ríkir. Allan ágreining, stóran sem smáan, innan Alþb. ber að harma, en hann mun ekki, má ekki og getur ekki hindrað, að allt það stóra, sem sameinar, ráði úrslitum, þegar meira er í húfi í tvísýnni baráttu fyrir framtíð íslenzkrar þjóðar en nokkru sinni áður. Ágreininginn gerum við upp á réttum vettvangi innan okkar eigin raða, en tvíeflum baráttuna fyrir fullum sigri þeirrar einingarstefnu verkalýðshreyfingarinnar, sem vinstri menn og verkalýðssinnar hafa háð árum saman innan Alþb. sem utan og

ein getur skapað verkalýðshreyfingunni þá stjórnmálalegu brjóstvörn, sem hún nú þarfnast öllu öðru fremur. — Góða nótt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Haustið 1959, þegar Sjálfstfl. myndaði stjórn með Alþfl., var dimmt yfir íslenzku þjóðlífi. Vinstri stjórnin hafði hrökklazt frá völdum, vegna þess að hún sá engin úrræði til lausnar þeim vanda, sem að steðjaði. Skuldir söfnuðust erlendis og lánstraust þjóðarinnar var þrotið. Gjaldmiðillinn fékkst ekki skráður í erlendum bönkum og íslenzkir peningar voru einskis virði í augum erlendra manna. Vöruskortur, höft og skömmtun var yfirvofandi, líkt og á stríðstímum. Atvinnuvegirnir voru í spennitreyju og hefðu stöðvazt, ef ekki hefði verið breytt um stefnu í efnahagsmálum, eftir að núv. ríkisstjórn tók til starfa.

Þessa sögu ættu allir landsmenn að kunna utanbókar, vegna reynslunnar af þeim myndarskap, sem rúmlega tveggja ára vinstri stjórn hafði leitt yfir þjóðina. Þeir, sem eru það ungir að muna ekki þá tíma, ættu að lesa hlutlausar skýrslur og kynna sér heimildir um þetta efni, enn fremur að ræða þessi mál við hina eldri, sem muna, á hvaða vegi þjóðin var stödd í byrjun þess stjórnartímabils, sem nú hefur staðið talsvert á 8. ár. Nauðsynlegt er, að þjóðin geri samanburð á þjóðarhag nú miðað við það, sem var um það leyti, sem Hermann Jónasson, forsrh. vinstri stjórnarinnar, lýsti uppgjöfinni.

Á ræðum stjórnarandstæðinga í kvöld má heyra, að stefna þeirra er enn óbreytt frá vinstri stjórnar tímum. Staðan út á við og viðhorf annarra þjóða til Íslands er nú gjörbreytt frá því, sem áður var. Um það vitna opinberar skýrslur og alþjóðastofnanir. Íslendingar njóta nú trausts og virðingar meðal menningarþjóða, m. a. fyrir það, hversu vel hefur tekizt um stjórn efnahagsmálanna og uppbyggingu atvinnulífsins í landinu. Það er ekki lengur um það deilt, að lífskjörin á Íslandi eru með þeim beztu, sem gerast meðal vestrænna þjóða. Það kemur til af því, að með efnahagslöggjöfinni í ársbyrjun 1960 var mörkuð stefna framfara og athafnastefna frelsis og framkvæmda. Þjóðin fagnaði stefnubreytingunni og framfarahugur fór um þjóðlífið. Þannig var traustur grundvöllur fenginn fyrir mesta og glæsilegasta framfaratímabilið, sem yfir þjóðina hefur komið.

Á þessum tíma hafa verið góð aflaár og hagstætt tíðarfar öðru hverju. Verðlag á útflutningsafurðunum hefur einnig verið hagstætt meiri hl. þessa tímabils. En það hefði ekki komið að gagni að þessu sinni fremur en á árunum 1957 og 1958, en þá voru metaflaár, ef stjórnarstefnan og meðferð efnahagsmálanna hefði ekki tryggt þá kvæða þróun atvinnuveganna og hagnýta meðferð þeirra verðmæta, sem þjóðin aflaði. Með tilkomu hinna stóru fiskibáta, sem búnir eru fullkomnustu tækjum, hefur tekizt að ná í aflann, þótt langt væri að sækja. Ef flotinn hefði ekki verið endurnýjaður með stórhug og víðsýni, eins og raun ber vitni, hefðu síldveiðar verið litlar undanfarin ár. Ef verksmiðjur og iðjuver hefðu ekki verið byggð, eins og sjá má víða um land, hefði ekki reynzt unnt að hagnýta þann afla, sem að landi hefur borizt. Alhliða uppbygging í sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði var óframkvæmanleg með sveltistefnu, eins og stjórnað var eftir á vinstri stjórnar árunum. Það reyndist mögulegt að afla tækjanna, vegna þess að breytt var um stjórnarstefnu, vegna þess að þjóðin vann aftur það traust út á við, sem hún hafði glatað, og hafði þannig möguleika til þess að fá að láni hluta af andvirði skipa og véla, sem nauðsyn bar til, vegna takmarkaðs gjaldeyris á fyrstu árum viðreisnarinnar. Það var mikils vert, að athafnavilji landsmanna var vakinn með því, að frelsið var aukið til farsælla athafna. Með endurnýjun og aukningu atvinnutækjanna var atvinna auk in og lífskjör almennings bætt. Atvinnuleysi er nú óþekkt og fjarlægt í hugum þeirra, sem yngri eru og ekki muna fyrri tíma. Endurnýjun og aukning siglingaflota í lofti og á legi er ekki lítill þáttur í fjölbreytni atvinnulífsins. Aukinn ferðamannastraumur og þjónusta við erlenda ferðamenn gefur vaxandi gjaldeyristekjur og veitir mörgum atvinnu. Efling landbúnaðar með mikilli ræktun, vélvæðingu og byggingum kostar mikla fjármuni í fyrstu, en gefur þjóðinni varanlegan hagnað og treystir sjálfstæði hennar.

Á örfáum árum hefur orðið mikil eignaaukning í þjóðarbúskapnum, vegna uppbyggingar á flestum sviðum þjóðlífsins. Talið er, að eignaaukning þjóðarinnar á árum viðreisnarinnar nemi um 13 þús. millj. kr. Safnazt hefur gjaldeyrisvarasjóður í stað skulda, sem áður söfnuðust. Eignaaukningin er í framkvæmdum, sem alls staðar blasa við hverjum sjáandi manni. En svo virðist vera, sem sumir menn eigi erfitt með að sjá og þess vegna hefur það komið fyrir að þeir hafa spurt, hvað hefur orðið af þeim verðmætum, sem aflazt hafa í góðærinu undanfarið? Þannig er það, að jafnvel nú á dögum geta menn efazt, þótt þeir þreifi á og hafi fyrir sér það, sem þeir virðast ekki geta komið auga á. Iðnaðurinn mun á næstu árum veita atvinnu vaxandi fjölda vinnandi handa og verða þannig stór þáttur í því að tryggja öllum landsmönnum atvinnu. Aukin vinnsla og hagnýting landbúnaðarvara og sjávarafurða krefst vaxandi vinnuafls, auk þess sem iðnaður úr innfluttu hráefni á fullan rétt á sér hérlendis eins og víða annars staðar meðal iðnaðarþjóða.

Til þess að iðnaður þróist í landinu, þarf raforku á hagstæðu verði. Virkjunarstaðir hafa verið rannsakaðir víða um land og sem betur

fer er mikið vatnsafl hér með hagstæðum virkjunarskilyrðum. Er nú unnið að undirbúningi að nýjum virkjunum og aukningu á eldri virkjunarstöðum. Stefnt er að því að tengja saman orkuverin til þess að tryggja betri nýtingu orkunnar og jafna aðstöðu notendanna, hvar sem þeir eru búsettir. Með stórvirkjun í Þjórsá er mörkuð ný og heillarík stefna í virkjunarmálum. Með Þjórsárvirkjun var horfið frá þeirri reglu, sem áður þótti óhjákvæmilegt að fylgja vegna fjárskorts, að virkja smátt, en fá þannig mun dýrari orku en fæst, ef hagkvæmasti virkjunarkostur er valinn. Þegar ákvörðun var tekin um stórvirkjun í Þjórsá, voru margir stjórnarandstæðingar mótfallnir því og vildu virkja með það fyrir augum, að miðað væri við þann orkumarkað, sem fyrir hendi var í landinu vegna heimilisnota og iðnfyrirtækja, sem landsmenn einir hafa með höndum. Með byggingu álverksmiðjunnar fæst stór kaupandi að þeirri raforku, sem virkjun við Búrfell hefur umfram þarfir landsmanna. Þannig mun álverksmiðjan borga öll þau lán, sem tekin verða vegna þessarar virkjunar og verða lánin því aldrei baggi á þjóðinni. Með þessu er í raun og veru lagður fjárhagsgrundvöllur að áframhaldandi virkjunum í landinu á ákjósanlegasta hátt. Með stórvirkjun er lagður mikils verður grundvöllur að ýmiss konar iðnaði. Undirstaða iðnaðar er nægileg og ódýr raforka. Með því að rétt var að farið með virkjun við Búrfell, má ætla, að um mörg ár verði raforkan allt að 60% ódýrari en verið hefði frá smærri virkjun í Þjórsá. Þeir, sem vildu smærri virkjun og þar með dýrara rafmagn, gleyma því, að atvinnuvegirnir á vélaöld byggjast að miklu leyti á því, að þeir eigi kost á raforku með hagstæðu verði. Víða um land munu koma byggðakjarnar, sem notfæra sér þá aðstöðu, sem tiltölulega ódýr raforka veitir. Við sjálfstæðismenn höfum unnið að því undanfarið, að svo mætti verða. Margþætt löggjöf, sem sett hefur verið að undanförnu, miðar að því að jafna aðstöðuna og koma þannig í veg fyrir, að öll fólksfjölgunin verði á Faxaflóasvæðinu. Lög um strjálbýlissjóð stuðla að því að veita fjármuni til staða víða um land, vegna uppbyggingar og atvinnurekstrar, m. a. í kauptúnum, þar sem þess gerist þörf. Árangur er þegar kominn í ljós hvað þetta snertir. Samkv. manntali Hagstofunnar hefur fólki nú fjölgað í ýmsum byggðarlögum úti á landi, þar sem fækkun átti sér stað fyrir 5—10 árum.

Lög, sem snerta landbúnaðinn og sett hafa verið í tíð núv. stjórnar, eiga stóran þátt í hagstæðri þróun landbúnaðarins og bættum kjörum bænda og skal aðeins drepið á örfá atriði í þessu sambandi. Lög hafa verið sett um bændaskólana og fjárveitingar til þeirra. Hefur mikil endurbót verið gerð á skólunum og öllum aðbúnaði þeirra. Hefur aðsókn aukizt mjög mikið og því orðið að vísa ýmsum frá síðustu árin vegna plássleysis. Fyrir fáum árum var aðsókn ekki meiri en svo, að talað var um, að nægilegt væri að hafa aðeins einn bændaskóla. Nú minnist enginn á slíkt, enda hefur reynslan sýnt, að skólarýmið þarf frekar að auka heldur en minnka, og með nýju skólabyggingunni á Hvanneyri mun verða unnt að veita fleiri nemendum móttöku nú en áður. Minna má á lög um lánamál landbúnaðarins, sem voru að loknu valdatímabili framsóknarmanna í mesta öngþveiti, þar sem lánasjóðirnir voru gjaldþrota. Árið 1966 voru veitt 1578 lán að upphæð 154.1 millj. kr. úr stofnlánadeild landbúnaðarins. Hafa lán frá stofnlánadeildinni aukizt ár frá ári, síðan hún tók til starfa á rústum gömlu sjóðanna. Nú hafa allir gætnari og skynsamari framsóknarmenn séð, að það var rangt að hafa uppi áróður gegn þessari þörfu stofnun, sem eflist stöðugt og verður landbúnaðinum sú lyftistöng, sem beztu vonir stóðu til. Minna má á lög um búreikningaskrifstofu landbúnaðarins og aukna fjárveitingu til hennar. Standa vonir til, að starfsemi búreikningaskrifstofunnar megi verða landbúnaðinum til gagns.

Rétt er að geta um margs konar lagfæringar á framleiðsluráðslögunum, sem gerðar hafa verið til þess að tryggja bændum meiri rétt en þeir áður höfðu. Síðan 1960 hefur oftast tekizt að greiða fullt grundvallarverð fyrir afurðirnar. Mátti það verða vegna laga um tryggingu á útflutningi búvara, sem seljast á lágu verði erlendis. Áður en núv. ríkisstj. kom til valda, urðu bændur sjálfir að taka á sig tapið, sem leiddi af lágu útflutningsverði. Miklar umbætur hafa verið gerðar á jarðræktarlögunum og framlög stóraukin til framkvæmda, sem jarðræktarlögin ná til. Árangur af því hefur ekki látið á sér standa. Ræktunin hefur stóraukizt og aðrar framkvæmdir, sem njóta framlaga samkv. þessum l. Opinberar skýrslur sýna, að allt fram til 1930 var ríkisframlag samkv. jarðræktarlögunum 5—10% af heildarkostnaðinum, en síðustu 5 árin hefur þetta hækkað mjög mikið og var 1965 18.2% af heildarkostnaðinum. Jarðræktarframlag 1965 nam 20 þús. kr. á hvern jarðabótamann. Búnaðarfélag Íslands gegnir mikilvægu hlutverki. Það hefur fært út kvíarnar í tíð núv. ríkisstj., aukið leiðbeiningastarfsemina og hlutazt til um víðtækari rannsóknarstarfsemi í þágu landbúnaðarins heldur en áður var unnt að gera. Búnaðarfélagið bjó lengi við fjárskort. Árið 1958 var fjárveiting til Búnaðarfélagsins 2.6 millj. kr., en 1967 13.6 millj. kr. Búnaðarsamböndin eru þýðingarmiklar stofnanir, en bjuggu lengi við þröngan fjárhag. Á valdatímum framsóknarmanna 1958 fengu búnaðarsamböndin framlag úr ríkissjóði 520 þús. kr. til sinnar starfsemi. Á árinu 1967 er gert ráð fyrir, að greiðslur til búnaðarsambandanna nemi 4 millj. kr.

Árið 1961 ákvað Stéttarsamband bænda að gera áætlun um hugsanlegar framkvæmdir í landbúnaðinum fyrir áratuginn 1961—1970. Á

hálfnuðu áætlunartímabilinu kemur í ljós, að framkvæmdirnar eru miklu meiri á flestum sviðum en menn þorðu að gera áætlun um. Áætlunin var talin í byrjun mjög djörf af mörgum og vonlítið væri, að hún gæti staðizt. Aukinn stuðningur ríkisvaldsins með fjárframlögum og endurbótum á búnaðarlöggjöfinni hefur gert hinar mikilvægu framkvæmdir áhugasamra og dugandi bænda mögulegar. Miklar lagfæringar hafa verið gerðar á tollamálum landbúnaðarins. Í tíð vinstri stjórnarinnar varð að greiða 33% í tolla af flestum búvélum, en fyrir 4 árum var tollurinn lækkaður í 10%. Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður í vetur með 50 millj. kr. stofnframlagi. Er þar um að ræða nýmæli og standa vonir til, að góður árangur fáist af þessari lagasetningu. Jarðeignasjóður ríkisins verður stofnaður með 36 millj. kr. framlagi. Er sjóðnum ætlað að kaupa jarðir, sem af þjóðhagslegum ástæðum er talið eðlilegt, að fari úr byggð.

Lög um landgræðslu og gróðurvernd hafa verið sett. Eru það merk nýmæli, sem vænzt er mikils árangurs af. Lögð er aukin áherzla á gróðurvernd samfara uppgræðslunni. Hafa fjárveitingar verið stórauknar til landgræðslu. Á vinstri stjórnar árunum var árleg fjárveiting innan við 2 millj. kr., en á þessu ári 9.63 millj. kr. Sett hafa verið lög um skjólbelti og er unnið að skógræktarmálum með auknum stuðningi ríkissjóðs. Mikið af þeim endurbótum, sem gerðar hafa verið á landbúnaðarlöggjöfinni síðustu 7 árin, hefur verið gert í góðu samstarfi við stjórn Stéttarsambands bænda og trúnaðarmenn bændastéttarinnar. Það kemur stundum fyrir, að þm. Framsfl., sem studdu aðgerðaleysi og ráðleysi vinstri stjórnarinnar í landbúnaðarmálum, telji, að nú sé illa að landbúnaðinum búið. Hefur margur bóndinn brosað, þegar hlustað hefur verið á tal þessara manna, sem sættu sig við aðbúnaðinn, sem landbúnaðurinn varð við að búa á vinstri stjórnar árunum.

Áhugi fyrir fiskirækt hefur aukizt með þjóðinni. Hefur tilkoma fiskiræktarstöðvarinnar í Kollafirði átt drjúgan þátt í því. Veiðimálastjóri og veiðimálastofnunin gátu ekki starfað á dögum vinstri stjórnarinnar vegna fjárskorts. Þá voru aðeins veittar árlega til þessara mála 300 þús. kr. Síðan hefur fjármagnið verið stóraukið, og eru á þessu ári veittar til veiðimála 2.6 millj. kr. auk þess fjár, sem fer til Kollafjarðarstöðvarinnar, sem byrjað var að koma upp árið 1962 og fengið hefur árlega fjármagn síðan. Kostnaður við Kollafjarðarstöðina er nú kominn upp í 20 millj. kr. Stöðin er hvort tveggja í senn til leiðbeininga og tilrauna. Er þess vænzt, að með rekstri hennar fái þjóðin beint og óbeint margfalt aftur það, sem til hefur verið kostað.

Rafvæðing sveitanna er nú komin vel á veg. Lokaátakið er þó eftir, en mörg ár þarf ekki héðan í frá til þess að koma rafmagni til allra landsmanna. Um síðustu áramót höfðu 3320 býli rafmagn frá samveitum, en frá einkarafstöðvum 1326 býli. Má því ætla, að um 700 býli hafi ekki rafmagn. Árið 1958 fengu 148 býli rafmagn, en þá mátti vegalengd milli bæja ekki vera yfir 1 km. Á árunum 1960—1965 fengu 188 bæir rafmagn árlega að meðaltali og á s. l. ári voru tengdir 210 bæir. Nú er vegalengdin allt að 1½ km milli bæja og verður því tenging kostnaðarsamari en áður. Raforkusjóður lánar að jafnaði 50 þús. kr. til kaupa á dieselvélum með 6% vöxtum til 10 ára. Á s. l. ári fengu 200 bændur þess konar lán.

Með vegalögunum 1963 var stigið mikið framfaraspor í vegamálum. Síðasta vinstri stjórnar árið var varið til vegagerðar aðeins 83 millj. kr. eða 4.8% af útgjöldum ríkissjóðs, útflutningssjóður meðtalinn. Þá þótti aldrei fært að gera stórt átak í vegamálum. Síðan hefur Reykjanesbrautin verið gerð, vegur fyrir Ólafsvíkurenni, Strákavegur, Múlavegur og vegagerð samkv. Vestfjarðaáætluninni. Framkvæmdir þessar hafa kostað hundruð millj. kr. og eru viðkomandi byggðarlögum og þjóðinni allri til mikils gagns. Aðrar vega- og brúargerðir hafa einnig verið stórauknar. Fyrsta árið, sem nýju vegalögin voru í gildi, 1964, voru tekjur vegasjóðs áætlaðar 262.2 millj. kr. Þar af voru 47 millj. kr. framlag ríkissjóðs. Tekjur vegasjóðs 1965 samkv. áætlun voru 281.1 millj. kr., 1966 331.9 millj. kr. og 1967 368.3 millj. kr. Tekjurnar hafa alltaf orðið umfram það, sem áætlað var, og hefur það yfirleitt verið notað til þess að mæta verðhækkunum, sem orðið hafa. Á árinu 1967 mun ríkissjóður útvega fé til vegar á milli Húsavíkur og Mývatnssveitar að kísilverksmiðjunni. Sá vegur mun kosta 52.6 millj. kr. og verður unnið á þessu ári fyrir tæplega 30 millj. kr. Ríkissjóður ber allan kostnað af þessari vegagerð. Til vegaframkvæmda verður því á þessu ári varið 398.3 millj. kr. auk þeirra lána, sem tekin eru til ýmissa framkvæmda samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstj. En samkv. því mun verða að útvega 81 millj. kr. til vegaframkvæmda. Það verða því 480 millj. kr., sem varið verður til vegamála á þessu ári eða nærri 600% hærri upphæð en 1958, þegar framsóknarmenn fóru með vegamálin. Af þessari upphæð fara 42 millj. kr. í vaxtagreiðslur. Framsóknarmenn hafa sagt, að vegasjóður væri gjaldþrota. Þetta er auðvitað ómerkt tal. Vegasjóður hefur staðið við öll fyrirheit samkv. vegáætlun eins og fram hefur komið í skýrslum, sem lagðar hafa verið fram á Alþ. í vetur um framkvæmdir í vegamálum. Það kemur enn fremur fram í till. þeirri, sem liggur fyrir Alþ. um endurskoðun á vegáætluninni fyrir árið 1967—1968. Hækkun tekna vegasjóðs frá 1964 hefur orðið samkv. reikningsyfirliti 163.2 millj. kr. Hluti af þessari hækkun hefur notazt til þess að mæta auknum kostnaði, en stærri hlutinn er til framkvæmda, sem ekki var reiknað með í fyrstu áætlun í vegagerð skv. nýju vegalögunum. Þarf-

irnar í vegagerð eru miklar og því eðlilegt, að óskað sé eftir auknu fjármagni til vegagerðarinnar. Því verður þó ekki neitað, að miklar umbætur hafa orðið. Menn ættu að gera sér grein fyrir því, hvernig viðhorfið væri, ef ekki hefðu verið sett ný vegalög, ef enn væri búið við gömlu aðferðina í framkvæmd með því að leggja á benzínskatt og láta hann renna í ríkissjóð. Um leið og unnið verður að því að auka vegafé almennt, er ákveðið að undirbúa vegagerð með varanlegu slitlagi, þar sem umferðin er mest. Er hér um að ræða 200—300 km vegalengd á næstu árum. Þetta kostar mikið fé og undirbúning. Undirbúningur verður hafinn á þessu ári og unnið að því að ljúka við hann á árinu 1968, til þess að fyrir liggi útboðslýsingar seinni hluta árs og hefjast megi handa með framkvæmdir á árinu 1969, en þá hefst nýtt fjögurra ára áætlunartímabil í vegagerð, eins og vegalög gera ráð fyrir. Unnið verður að því að fá erlent fjármagn til varanlegrar vegagerðar, sem nemur allt að 40% af heildarkostnaði. Það er ljóst, að gera verður ýmsar frekari ráðstafanir til þess að afla fjár í þessu skyni á viðtækari hátt, m. a. með því að auka tekjur vegasjóðs.

Til flugvallagerðar var varið á s. l. ári um 55 millj. kr. og verður svipuð upphæð á árinu 1967. Til samanburðar má geta þess, að árið 1958 var varið aðeins 6.7 millj. kr. til þessara mála. Þess má geta, að kostnaður við flugvalla- og vegagerð mun hafa hækkað síðan um 80% eða nálægt því og er því greinilegur munur á fjárveitingum þeirra ára, sem borin eru saman.

Kjör almennings hafa batnað í tíð núv. ríkisstj. Afurðaverð landbúnaðarins hefur verið hækkað, þannig að hlutur bænda er núna nær því en nokkru sinni fyrr að vera til jafns við það, sem aðrir hafa. Kaupgjaldið hefur hækkað í krafti aukinnar framleiðslu og hækkaðs verðs á útflutningsvörum landsmanna. Til viðbótar því hafa almannatryggingarnar verið stórum auknar og hlutur fólks í sveitum og kauptúnum leiðréttur til samræmis við það, sem gilti í kaupstöðum. Fá nú allir jafnar tryggingabætur, hvort sem búið er í sveit, kauptúni eða kaupstað. Leiðrétting á tryggingamálunum fékkst ekki fyrr en núv. stjórnarflokkar komu sér saman um það. Tryggingabæturnar hafa yfirleitt fimm-sexfaldazt síðan núv. ríkisstj. gerði endurbætur á tryggingalöggjöfinni.

Á s. l. ári lækkaði verð á útfluttum fiskafurðum. Hefur það skapað erfiðleika í bili. Vona allir, að hér sé um stundarerfiðleika að ræða og hefur þeim verið mætt með aðstoð úr ríkissjóði og verðstöðvunarlögum, sem vissulega koma útflutningsatvinnuvegunum til góða. Hafa ýmsir talið, að verðstöðvunin hefði átt að koma fyrr til framkvæmda. Rétt er að gera sér grein fyrir því, að á meðan útflutningsafurðirnar seldust á hækkandi verði, var vonlítið um, að verðstöðvun og kaupgjaldsstöðvun væri framkvæmanleg. Verðstöðvun að þessu sinni hefur verið mætt með skilningi af almenningi, vegna þess að flestir gera sér grein fyrir nauðsyn hennar, eftir að útflutningsframleiðslan hefur lækkað í verði. Gjaldeyrisvarasjóður er mikils virði fyrir þjóðina, ekki sízt, ef erfiðleikar steðja að í framleiðslu- og verðlagsmálum útflutningsatvinnuveganna. Ekki gera allir sér grein fyrir því, hvers virði gjaldeyrisvarasjóðurinn er, enda hafa komið fram till. um það að verja helmingi varasjóðsins nú þegar til kaupa á vélum og ýmsu, sem menn gjarnan kynnu að hafa áhuga fyrir að kaupa. Undanfarið hefur verið unnið öfluglega að vélvæðingu og verður auðvitað haldið áfram með það eftir því, sem nauðsyn ber til. Þeir, sem ekki gera sér grein fyrir gildi gjaldeyrisvarasjóðsins, mundu við fyrsta tækifæri gera ráðstafanir til þess að eyða honum fyrir innflutning ýmiss konar vara samkv. vinstri stjórnar stefnunni. Gjaldeyrislaus þjóð verður við fyrsta áfall, svo sem minnkandi afla í fáa mánuði eða lítið verðfall á afurðum, að taka upp skömmtun og höft. Við Íslendingar höfum lengst af búið við gjaldeyrisskort og ættum því fremur en aðrir að varast þá erfiðleika og leiðindi, sem af því leiðir.

Við sjálfstæðismenn munum halda áfram að vinna að uppbyggingu atvinnuveganna og aukningu framleiðslunnar. Við munum stuðla að því, að komizt verði áfallalítið yfir þá erfiðleika, sem gert hafa vart við sig vegna verðfalls afurðanna og lélegs afla það, sem af er þessari vertíð. Við munum leggja kapp á að skapa fjölbreytni í framleiðslunni og auka atvinnutækin. Þannig mun öllum verða tryggð atvinna. Með þeim hætti mun þjóðin ávallt afla nægilegra verðmæta til þess að mæta þeim útgjöldum, sem af innflutningi, neyzlu og fjárfestingu leiðir. Þannig mun fást jafnvægi í efnahagsmálum og æskileg þróun fjármála og framkvæmda.

Menntun og samhjálp ber að efla og vernda frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar. Auðlindir landsins ber að nýta og fiskimiðin á landgrunnssvæðinu til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Frelsi þjóðarinnar og frelsi einstaklingsins verður ekki aðskilið. Þjóðfélaginu verður bezt borgið með því, að þegnarnir hafi sæmilegt athafnafrelsi. Megi komandi ár verða tímar framfara og velgengni ekki síður en verið hefur á árum viðreisnarinnar. — Góða nótt.

Jón Skaftason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hv. þm. Geir Gunnarsson kvað ríkisstj.-flokkana vilja beina þeim atkv., er þeir kynnu að missa í alþingiskosningunum, til Framsóknar, vegna þess að Framsfl. gæti engan þm. unnið í næstu kosningum. Þetta eru tíðindi fyrir mig, og ég spyr ykkur, hv. hlustendur, hafið þið orðið sérstakra elskulegheita varir í garð Framsóknar úr herbúðum stjórnarflokk-

anna undanfarið? Með ummælum sínum kemur hv. þm. upp um þann ótta, sem inni fyrir býr, um að Framsfl. kunni að vinna viðbótarþingsæti í næstu alþingiskosningum. Síðustu sveitarstjórnarkosningar benda til þess, að svo geti orðið og þetta þarf alls ekki að gerast á kostnað Alþb., heldur á kostnað stjórnarflokkanna.

Eldhúsdagsumr. þessar fara fram tveimur mánuðum fyrir kosningar til Alþ. Því er eðlilegt, að sú stjórnarstefna, sem ráðið hefur í landinu rúm 7 ár, sé hér sótt og varin og mun ég leitast við að gera það, eftir því sem tími minn leyfir. Við dóm um árangur viðreisnarstjórnarinnar er rétt strax í upphafi að gera sér grein fyrir, hverju stjórnin stefnir aðallega að og hvernig til hefur tekizt í stærstu málum þjóðarinnar. Aukaatriði skipta minna máli. Um það er ekki deilt, að aðalstefnumál viðreisnarstj. var að koma atvinnulífi landsmanna á heilbrigðan grundvöll án uppbóta eða styrkja. Þetta átti að tryggja með því að stöðva verðbólguna og hækkandi framleiðslukostnað innanlands. Um þetta sagði Ólafur Thors, fyrrv. forsrh., í áramótaræðu í árslok 1962 m. a. þetta orðrétt:

„En takist ekki að sigrast á verðbólgunni, gleypir hún fyrr eða síðar ávexti þess, sem bezt hefur tekizt. Er þá unnið fyrir gýg og beinn voði fyrir höndum".

Til þessara sannmæla hins þaulreynda, látna stjórnmálaforingja er vitnað til þess að undirstrika, hvað hann taldi þýðingarmest, og ég tel því ekki ósanngjarnt að byggja aðallega dóm minn um viðreisnarstj. á þessu atriði, þó að að öðru verði einnig vikið. Síðan ummæli þessi voru sögð í árslok 1962, hefur vísitala neyzluvöruverðs hækkað úr 123 stigum í 195 stig til ársloka 1966. Mun verðbólguvöxtur þessi vera einsdæmi í allri Íslandssögunni. Þessa staðreynd má ekki einasta rekja til getuleysis viðreisnarstjórnarinnar til þess að kljást við þetta vandamál, heldur einnig til þeirrar einkennilegu tregðu Bjarna Benediktssonar, hæstv. forsrh., að viðurkenna í tíma hættur verðbólgunnar fyrir efnahagslíf þjóðarinnar. Þannig hefur hann ítrekað bæði í orði og riti fjallað um þá kosti, sem verðbólgu séu samfara og yfirleitt fundið skýringar á verðbólguvextinum í flestu öðru en sjálfri stjórnarstefnunni. Stjórnarliðar segja nú í þessum umr., að margt hafi tekizt vel hjá stjórninni á undanförnum árum og lesa upp langa afrekaskrá því til sönnunar. Margt af því, sem þeir segja, er vafalítið rétt út frá vissum sjónarhól skoðað. En er ekki líka rétt sú staðhæfing mín, að vegna þess, hversu hrapallega ríkisstj. hefur tekizt í glímunni við verðbólguna, megi líka fullyrða, að í öllum atriðum hafi henni mistekizt.

Jafnvægi í efnahagsmálum er af öllum ábyrgum hagfræðingum talið grundvallarforsenda heilbrigðrar efnahagsstarfsemi, prófsteinninn á hæfni hverrar ríkisstj. til þess að veita málefnum landanna forystu. Á því prófi hefur viðreisnarstjórnin kolfallið. Afleiðingar þess blasa nú hvarvetna við augum. Í vaxandi erfiðleikum og stöðvun margra atvinnugreina, lánasvelti og vaxandi öryggisleysi í afkomu launafólks og er þá fátt eitt talið. Hvernig hefur þetta mátt gerast á tímum mesta góðæris, sem yfir þjóðina hefur komið? Ég álít, að sjálf stjórnarstefnan eigi hér mesta sök. Ríkisstj. hóf valdaferil sinn með því að stórfella gengið tvívegis á rúmu ári og hækkaði um leið alla vexti í landinu. Jafnframt þessu var í nafni frelsisins svo til allur innflutningur og verðlagning gefin frjáls. Allt skyldi frjálst nema vinnulaun þeirra, sem semja verða um þau. Við framkvæmd þessarar frjálshyggju naut Bjarni Benediktsson dyggilegs stuðnings Gylfa Þ. Gíslasonar, hæstv. viðskmrh. og varaform. Alþfl., en sá flokkur telur sig enn þá aðhyllast sósíalisma. Örlög Gylfa Þ. Gíslasonar, hæstv. ráðh., í stjórnmálum síðasta áratugs eru ærið torskilin og vandfundinn samfelldur þráður í stjórnmálaathöfnum hans. Þannig minnist ég þess, að á fyrstu árum viðreisnar hélt hann mikla ræðu, þar sem hann taldi til merkari afreka hjá viðreisnarstjórninni að gefa innflutning og viðskipti frjáls. Líkti hann þessu við þýzka efnahagsundrið og mátti skilja, að hann ætlaðist til þess að vera talinn íslenzkur dr. Erhardt. Svo þegar verðstöðvunarlögin voru til umr. í okt. s. l., brá svo við, að hann lýsti yfir heils hugar stuðningi sínum og síns flokks við þau, enda þótt augljóst væri, að þau gengju þvert á frjálshyggjuboðskap þann, er hann áður átti tæpast nógu sterk orð til að prísa. Áhrif gengislækkananna, vaxtahækkananna, stóraukinna skattaálaga ríkisins ásamt frjálsræðinu í verðlagningu sögðu fljótt til sín, því að verðlag hækkaði óðar í stökkum. Launastéttirnar fundu fljótlega, að þær gátu ekki lifað af kaupi sínu, og um mitt árið 1961 hófust launadeilur. Framhaldið þekkja allir, svo að óþarfi er að lýsa því. Ætla mætti, að reynsla undangenginna ára hefði fyrir löngu átt að sanna frjálshyggjupostulunum, hversu fjarri er, að hin svo kallaða frjálsa samkeppni tryggi hér á landi lægsta verðlag og að allir njóti sannvirðis vinnu sinnar. Kenningar Adams Smith og annarra klassíkera um kosti frjálsrar samkeppni eru settar fram við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú eru fyrir hendi. Í nútímaþjóðfélagi verður ríkisvaldið sjálft með lagasetningu og ströngu eftirliti að reyna að tryggja, að kostir frjálsrar samkeppni fái notsín og gengur það þó oft erfiðlega. Engin lög og ekkert eftirlit er til hér á landi í þessum efnum, enda reynslan eftir því. Ég þykist vita, að hv. sjálfstæðismenn grípi tækifærið og reyni í tilefni þessara orða að stimpla mig sérstakan haftapostula. Því vil ég svara með því að minna á, að hægt er að hafa stjórn á efnahagslífinu án beinna hafta. Það er vel þekkt fyrirbæri annars staðar frá. Jafnframt vil ég minna á, að einkaframtakið og félags-

framtakið býr nú við meiri höft en oftast áður vegna lánsfjárskorts og gífurlegra skattaálaga. Þær miklu verðhækkanir, sem hér hafa orðið á öllum sviðum, hafa óhjákvæmilega leitt til mikilla kauphækkana, án þess þó að launastéttirnar hafi gert betur en halda sínu hlutfalli í síhækkandi þjóðartekjum frá því, sem það var fyrir viðreisn. En með þessu var aftur komin í gang víxlhækkun kaupgjalds og verðlags í skyldleika við það, sem tíðkaðist á styrjaldarárunum, með hinum geigvænlegustu afleiðingum fyrir undirstöðuatvinnuvegina og þá fyrst og fremst útflutningsatvinnuvegina, eins og nú sést vel.

Fyrsta atvinnugreinin, sem galt verulegt afhroð vegna viðreisnarstefnunnar, var íslenzkur iðnaður. En í skjóli frjálshyggjunnar var erlendum iðnvarningi rutt inn í landið undir því yfirskini, að verið væri að lækka verðlag með því að stofna til samkeppni við innlendan iðnað. Hitt var minna rætt, að í leiðinni væru ómældar tollatekjur teknar í ríkissjóðinn af innflutningi þessum, en án gífurlegra tollatekna af þörfum og óþörfum innflutningi gat ríkissjóður ekki verið og viðreisnin var í strandi. En íslenzkur markaður er smár og ekki til skiptanna, þannig að íslenzku iðnfyrirtækin eru nú að leggja upp laupana hvert af öðru, ekki fyrst og fremst vegna þess að verðlag þeirra sé of hátt heldur vegna þess að velta þeirra verður of lítil og það ásamt lánsfjárskorti hindrar hagkvæmni í rekstri.

Lengi má um það deila, hvaða innlendan iðnað beri að fóstra í landinu. En hitt ætti ekki að þurfa að deila um, að þegar búið er að koma upp tilteknum iðngreinum með ærinni fyrirhöfn og fjárútlátum, þurfa sterk rök að liggja til þess að mylja þær holt og bolt niður, eins og nú virðist vera gert. Hæstv. iðnmrh., Jóhanni Hafstein, hefur æði oft orðið skrafdrjúgt um þá mola, sem hann hefur látið falla af borðum ríkisstj. til iðnaðarins. M. a. hefur hann reiknað út háa prósentaukningu í útlánum iðnlánasjóðs á valdatímabili viðreisnarstj., en þó vantar alla lán. Sannleikurinn mun þó sá, að allir molar hæstv. iðnmrh. vega létt á vogarskálum iðnaðarins á móti þeim hnullungum, sem viðreisnin hefur lagt á hina vogarskálina. Þetta þarf ekki að skýra neitt nánar, því að iðnrekendur og iðnverkafólk þekkir bezt, hvar skórinn kreppir og frá þeim hafa birzt margar yfirlýsingar um ástandið. Við venjulegar aðstæður hefði sjávarútvegurinn verið enn harðar leikinn af völdum viðreisnarstefnunnar en iðnaðurinn, enda minnir mig, að hv. samþm. minn, Sverrir Júlíusson, hefði á sínum tíma líkt áhrifum viðreisnarstefnunnar á sjávarútveginn við lömun á mannslíkamanum. En þá komu til hjálpar óvænt og óvenjuleg höpp, kraftblökkin og asdictækin ásamt annarri tækni, sem leiddi til stóraukins afla, og þá fyrst og fremst á síldveiðum. Samtímis fór verðlag sjávarafurða hækkandi ár eftir ár.

Vegna þessa, sem hæstv. ríkisstj. hefur á barnalegan hátt viljað þakka sér ávextina af, hefur útgerðinni að mestu tekizt að þrauka, en ekki án mikils fjárhagsstuðnings frá því opinbera. Hinn mikli síldargróði gaf gullið tækifæri, sem ríkisstj. hefði átt að hafa forystu um að nýta skynsamlega, styrkja alhliða grundvöll sjávarútvegsins og þar með afkomumöguleika þjóðarinnar. Þetta var hægt að gera með því að festa um stundarsakir toppana í síldargróðanum, til þess annars vegar að koma í veg fyrir óeðlilegt launamisræmi innan sjávarútvegsins og hins vegar tryggja alhliða nýbyggingu fiskveiðiflotans á vinnslustöðvar í samræmi við heildaráætlun. En forystuleysið og skipulagsleysið réð sem fyrr. Og nú blasa vandamálin við, hvert sem litið er. Togara- og bátaflotinn dregst saman, þar sem hann hefur engan rekstrargrundvöll og fiskvinnslustöðvarnar loka hver af annarri vegna hráefnisskorts og lélegrar afkomu. Ofan á bætist, að vegna viðskiptastefnu ríkisstj. hafa tapazt dýrmætir markaðir fyrir frysta síld í Austur-Evrópu og við það hafa mörg frystihúsanna misst mikilvægt verkefni, enda er sannast sagna hráefnisskorturinn meira vandamál margra þeirra en margumrædd verðlækkun, sem nú er kennt um alla erfiðleika.

Ég get ekki látið undir höfuð leggjast að minna á þá fjölmörgu smáskatta, sem lagðir hafa verið á sjávarútveginn á viðreisnartímanum og skipta tugum. En nóg virðist ekki að gert, því að í frv. til hafnalaga, sem lagt var fram í gær, er ráðgerður einn nýr skattur, hafnarbótasjóðsskattur, á skip yfir 5 smál. og veiðarfæraskatturinn illræmdi er afturgenginn í breyttu formi og hann á nú að lemja í gegn á Alþ. Af framantöldu er hag sjávarútvegsins nú þannig komið, að hann getur hvorki keppt um fjármagn eða vinnuafl við ýmsar starfsgreinar í landi. Sanngjarnt og eðlilegt væri að launa sjómenn hærra en margra landvinnumenn vegna eðlis starfsins og fjarvista frá heimilinu. En slíkt er í flestum tilfellum ekki hægt, enda fjölgar ekkert í sjómannastétt og þannig mætti áfram rekja söguna.

Með sanni má segja, að nú í lok viðreisnar sé við margan vanda að stríða, eins og í upphafi hennar. En það fer hins vegar ekki fram hjá neinum, að mikill munur er á forystumönnum nú og þá. Hermann Jónasson gerði sér fulla grein fyrir vandamálunum í árslok 1958 og æskti samstarfs sem flestra flokka um lausn þeirra. Bjarni Benediktsson hefur ítrekað farið hinum háðulegustu orðum um þessa stjórnmálalegu ábyrgðartilfinningu Hermanns. Sjálfur hefur hann talið sig þess umkominn að leysa vandann. Hann fékk tækifærið. Öll ljótu orðin um uppgjöf og fleira, sem hann viðhafði um Hermann Jónasson, hafa sannazt á honum í reynd, því að nú blasir við upplausn og hrun á mörgum sviðum atvinnulífsins, stórum ægilegra og óviðráðan-

legra en í árslok 1958. Mun erfitt að finna þess dæmi, að nokkur íslenzkur stjórnmálamaður hafi hlotið jafnharðan pólitískan dóm og Bjarni Benediktsson.

Góðir hlustendur. Eftir 2 mánuði gefst ykkur tækifæri til þess að kveða upp dóm yfir viðreisnarstjórninni. Haldi hún meiri hl. sínum, mun sama óstjórnin ríkja og við þekkjum hvert og eitt okkar. Er ekki breytingar þörf? Ég vænti þess, að gæfa landsmanna dugi til þess að tryggja ótvíræðan ósigur stjórnarflokkanna í kosningunum 11. júní. — Góða nótt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur um land allt. Við Lúðvík Jósefsson og Geir Gunnarsson vil ég fyrst leyfa mér að segja þetta: Mér sýnist, að ráðið til að fella stjórnina sé að efla þann stjórnarandstöðuflokkinn, sem er vaxandi, þ. e. a. s. Framsfl. Áróður, eins og Lúðvík og Geir voru með í kvöld, bjargaði stjórninni vorið 1963, svo sem kunnugt er.

Nú eru rúmlega 7 ár liðin, síðan hæstv. ríkisstj. tilkynnti þingi og þjóð, að hún hefði tekið að sér að stýra efnahagsmálum Íslendinga inn á nýjar leiðir. Hún kvaðst ætla að framkvæma viðreisn á þessu sviði. Hvað var það, sem hún ætlaði að reisa við? Jú, það var verðgildi ísl. krónu. Þegar viðreisnin væri komin í kring, áttu menn ekki lengur að þurfa að vera í vafa um, að krónan væri króna, og eins og hún hefði verið geymd í sparisjóði.

Stjórnin sagði á hátíðlegri stundu, að ef ekki tækist að vernda krónuna, m. ö. o. að stöðva verðbólguna, væri verk hennar unnið fyrir gýg.

Stjórnarflokkunum var fyrir 7 árum boðið samstarf um meðferð þessara mála: að allir þingflokkarnir skyldu nefna til fulltrúa, er tækju sér fyrir hendur sameiginlega að reyna að finna færa leið. Stjórnin og stuðningsmenn hennar vildu ekki þetta samstarf, þeir ætluðu að leysa vandann einir. En þegar það kom í ljós, hverjar hinar nýju viðreisnarleiðir voru, þótti mörgum sýnt, og höfðu orð á því, að þær mundu ekki bera árangur. Þær þóttu bera vott um of mikla trú á gamlar fyrirmyndir frá háþróuðum iðnaðarþjóðfélögum stórþjóða, og að of lítið tillit væri tekið til íslenzkrar reynslu og sérkenna ísl. atvinnulífs.

Nú vitum við, að það, sem stjórnin sagðist ætla að gera, hefur mistekizt. Krónan frá 1960 er nú ekki nema brot af því, sem hún var þá. Því fer jafnvel fjarri, að aprílkrónan frá 1966 sé króna í dag. Hin svo nefnda verðstöðvun fram að kosningum kallar á meiri skattpeninga í ár og hvað svo? En þó að krónan sé ekki lengur sú króna, sem hún var, reyna nú margir að bjarga sinni krónu. Þess vegna er nú ofvöxtur í eyðslunni og ofvöxtur í fjárfestingunni á sumum sviðum, og gjaldeyrinum, sem harðar hendur vinna fyrir, er sóað af illri nauðsyn til að ná inn tollum og sölusköttum í dýrtíðarsvelginn. Þeir, sem ætluðu að vernda krónuna, telja sér nú trú um, að þeir séu að vernda frelsið, en frelsið, sem þeir vernda, er stjórnleysi. Þessi stjórn er búin að lifa sjálfa sig og hér verður að breyta til. Það er ekki hollt að láta þá halda áfram að beita valdi á ýmsum sviðum, sem eru orðnir skjálfhentir við stýrið.

Sumir segja, að lítil síldveiði á skipi geti stafað af því, að menn kunni ekki á radarinn, og þeir segja þá kannske líka sem svo, að stjórnin hafi ekki kunnað á radar efnahagsmálanna, eða var það bara ólagið á nótinni, þ. e. a. s. hagstjórnartækjunum, sem ógæfunni olli? Hvað sem því líður, hefur hér á þessum árum verið metafli og hækkandi verð lengst af á útfluttum vörum. Þetta hefur skapað góðæri og hjá mörgum velmegun, enda þótt mikilvægur þáttur árferðisins, þ. e. a. s. stjórnarfarið, hafi brugðizt. En við skulum ekki vera ósanngjörn. Í tíð þessarar stjórnar hafa auðvitað orðið umbætur á löggjöf á sumum sviðum með hennar atbeina. Slíkt gerist í tíð allra ríkisstjórna. Samt hefur hún lengst af verið ófáanleg og alltaf treg til að sinna því framtíðarmálinu, sem mestu skiptir, að mínum dómi.

Í byrjun afla- og markaðsgóðærisins fyrir 5 árum, fluttum við framsóknarmenn í fyrsta sinn frv. okkar til l. um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga, og á þingi því, sem nú situr, flytjum við það í fimmta sinn. Enn er mér í minni, og mun lengi verða, þskj. nr. 363 á Alþ. 1962, þar sem meiri hl. alþm. lýsti yfir því við atkvgr., að löggjöf af þessu tagi væri með öllu óþörf. Það er heldur ekki langt síðan, að einn af núv. ráðh. sagði í þingræðu, að þetta lagafrv. væri „gersamlega út í hött" og „alls ekki flutt með það fyrir augum, að það sé framkvæmanlegt."

Svo bar það til tíðinda fyrir 2 árum, að þm. úr stjórnarfl., sem eiga að vera í forsvari fyrir byggðarlög, sem alltaf eru að missa fólk og fé, vöknuðu upp við þann vonda draum, að þeir voru búnir að láta skuldbinda sig til að staðsetja milljarðastóriðjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, sem bjó við vinnuaflsskort, og setja þar með í gang nýja sogdælu til að örva fólksstrauminn suður.

Ráðh., sem ég nefndi áðan, minntist á þetta í blaðaviðtali 3. nóv. s.l. Hann sagði þar:

„Þegar svo loks niðurstöður rannsókna leiddu til þess, að álbræðsla var staðsett við Hafnarfjörð í tengslum við stórvirkjun Þjórsár, þótti einsýnt, að efla yrði aðgerðir til atvinnujöfnunar í landinu".

Þetta sagði ráðh. Þannig og af þessum ástæðum varð atvinnujöfnunarsjóðurinn til í fyrravor. Jafnvel velkan vilja ber að virða. En reiptogið á milli álverksmiðjunnar miklu annars vegar og atvinnujöfnunarsjóðs ríkisins hins vegar, verður ójafn leikur, þar sem á næstu 5

árum þúsundir milljóna togast á við álika mörg hundruð milljóna, sem eru þó ekki nema að litlu leyti handbært fé, heldur misjafnlega trygg skuldabréf, sem sjóðnum hafa nú verið afhent sem starfsfé. Þetta er harkaleg staðreynd. Á bak við þessi l. var „klofinn hugur", eins og hv. 1. þm. Norðurl. e., Karl Kristjánsson, sagði í þingræðu í fyrra.

Ráðh., sem ég nefndi áðan, veit þetta og skilur. Þess vegna sagði hann líka í blaðaviðtalinu 3. nóv. s. l.:

„Hér er að sjálfsögðu um miklu stærra verkefni að ræða en fjárreiður atvinnujöfnunarsjóðs ná til að leysa nema að sáralitlu leyti."

Síðan bætti hann við þessum orðum: „Getur vel svo farið, að nauðsynlegt reynist að setja hér sérstaka byggðaþróunarlöggjöf". Já, getur vel svo farið, að setja verði sérstaka byggðaþróunarlöggjöf, sagði ráðh. Þessa löggjöf vildum við setja fyrir 5 árum og raunar fyrr og fengum þá hin köldu svör. Á árinu 1967 ver ríkissjóður Íslands 700—800 milljónum til að greiða niður heimatilbúna dýrtíð innanlands. Við framsóknarmenn viljum verja 90--100 milljónum á ári, 2 aurum af hverri krónu, sem ríkið fær, og 1000 milljónum að láni samt. á 5 árum, auk atvinnujöfnunarsjóðsins, til að hefjast handa um það að tryggja komandi kynslóðum umráð yfir landi sínu með því að stuðla að því, að landið verði byggt og gæði lands og sjávar nytjuð af Íslendingum. Pappírsáætlanir fyrir kosningar eru góðar, það sem þær ná. En þær hrökkva skammt. Hér þarf skipulagða starfsemi án afláts og afl þeirra hluta, sem gera skal.

En við skulum ekki dvelja um of við ádeilur á liðna tíð eða fráfarandi ríkisstj., heldur horfa fram. Verndun og efling landsbyggðar er þjóðfélagi voru nauðsyn, ef það vill lífi halda. Spennan, sem skapast við ofvöxt höfuðborgarsvæðisins, á ríkan þátt í vexti verðbólgunnar. Almenningur í Reykjavík hefur ekki óskað eftir þessari ofvaxtarþróun, enda fylgja henni mikil vandkvæði fyrir höfuðborgina og litlir kostir. Reykvíkingar, ekki síður en aðrir, vilja eiga byggt land handa sér og sínum niðjum. Baráttan í þessu máli er barátta í þágu komandi kynslóða við blind öfl og við lögmál hinnar seigu tregðu. En með þjóðfélagstækni er hægt að ráða við hin blindu öfl þjóðlífsins, eins og verktækni nútímans getur breytt stefnu hinna miklu fallvatna. Byggðajafnvægisfrv. okkar framsóknarmanna er frumsmíði í íslenzkri löggjöf, en þegar þjóðin veitir því brautargengi, munu leiðtogar nýrra kynslóða móta það verk og endurbæta í samræmi við reynslu nýrra tíma.

En í stórum landshlutum norðanlands og austan, sunnan og vestan og í flestum byggðarlögum innan þeirra er nú varizt í vök. Ýmist er um beina fólksfækkun að ræða frá ári til árs eða hlutfallslega fólksfækkun, sem stendur í vegi fyrir eðlilegri framþróun. Í sveitum og víðar fækkar heimilum. Kaupstaðir og þorp ná ekki æskilegri stærð, og það er svo bágt að standa í stað. Vaxandi viðurkenning landsbyggðarstefnunnar mundi glæða marga von, sem stórborgarþróunin er að slökkva.

Einu sinni fyrir löngu kvað Matthías Jochumsson:

„Vertu óhrædd veika þjóð
vörn í þinni sök
fram mun færð um síðir
með full og heilög rök."

Hið skyggna skáld sá rétt. Vörn í máli smáþjóðarinnar var um síðir færð fram, svo dugði. „Heilög rök" hennar fyrir stjórnarfarslegu sjálfstæði voru tekin til greina. Gjarnan vildi ég með orðum skáldsins mega segja við þá, sem þetta heyra víðs vegar um land: Verið óhrædd um framtíðina, þó að kalt sé á góunni. Heilög rök landsbyggðar fyrir tilveru sinni í þágu þjóðarsjálfstæðisins verða til sigurs metin.

Samt verð ég að láta mér nægja að minna á hið fornkveðna, sem hér á við um þjóð vora, að „hver er sinnar gæfu smiður". Hvort sem rök þessa máls eru talin heilög eða ekki heilög nú á tímum, munu þau verða metin af þjóðinni og þeim, sem hún felur umboð sitt á komandi árum. — Góða nótt.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Hv. hlustendur nær og fjær. Hin tíðu stjórnarskipti, sem áttu sér stað, áður en núv. stjórnarsamstarf hófst, hafa án alls efa verið þjóðinni skaðleg og sízt til þess fallin að efla trú manna á það lýðræðis- og þingræðisstjórnarfar, sem við höfum valið okkur. Þetta þarf ekki að rökstyðja með mörgum orðum, því að augljóst er, að þegar ein og sama stjórn situr aðeins skammman tíma, verða úrræði hennar í aðsteðjandi vandamálum, hvort sem þau hafa nokkuð til síns ágætis eða ekki, aldrei reynd til hlítar, og þegar næsta ríkisstj. tekur við, sem einnig verður skammlíf, og reynir gagnstæðar leiðir, verður árangurinn engu betri, og þannig koll af kolli.

Einkum á þetta við í efnahagsmálunum og var það raunar meðferð þeirra, eða stundum óviðráðanleg þróun, sem áður varð flestum stjórnum að falli, þegar rekin var ýmiss konar tilraunastarfsemi á því sviði. Stefna núv. stjórnarflokka í efnahagsmálum, sem þeir mótuðu í upphafi og hafa síðan haft tækifæri til að framfylgja í 8 ár, hefur hins vegar borið mikinn og góðan árangur, sem alls staðar blasir við og er vel til þess fallinn að endurvekja traust þjóðarinnar á lýðræðislegu — og þingræðislegu stjórnarfari ísl. ríkisins. Á hinn bóginn er svo reynsla fyrri ára þjóðinni til varnaðar um þær afleiðingar, sem það kynni að hafa, ef hún kysi sér í þingkosningunum í júnímánuði n. k. stjórn, sem færi í gagnstæða átt, eða hina leiðina, og stefndi að niðurrifi þess, sem upp hefur verið byggt á síðustu 8—9 árum. Sú niðurrifsstefna er margyfirlýst af hálfu stjórnarandstöðunnar, og er raunar það

eina áþreifanlega í stefnu hennar. Allt annað í þeim herbúðum einkennist af fálmkenndum yfirboðum og kjósendaveiðum. Langar og margendurteknar þingræður stjórnarandstæðinga, svo og blaðaskrif og samþykktir á flokksþingum þeirra, benda ótvírætt til þess, að með því, sem Eysteinn Jónsson hefur nefnt „hina leiðina", stefni stjórnarandstaðan, og þá einkum Framsfl., að sliku niðurrifi. Kjarninn í þeim boðskap er sá, að horfið skuli frá sparifjárbindingu, vextir lækkaðir, útlán aukin án tillits til getu bankanna og gjaldeyrisvarasjóðnum eytt.

Það er þó öllum vitanlegt, að útlán peninga í heilbrigðu hagkerfi hljóta að byggjast á innlánum og sparnaði, sem fæst því aðeins, að greiddir séu viðunandi vextir og girt sé fyrir verðgildisrýrnun innlánsfjárins. Einnig er augljós þörfin fyrir öflugan gjaldeyrisvarasjóð, þar sem þannig hagar til, eins og hér á landi, að útflutningsframleiðslan er tiltölulega einhæf, og þjóðin þarf að flytja inn flestar vörur til neyzlu og fjárfestingar. Verðsveiflur og magnsveiflur í útflutningnum geta valdið mjög snöggum umskiptum í gjaldeyrisstöðunni til hins verra, og þá er ómetanlegt að geta gripið til gjaldeyrisvarasjóðs, í stað þess að innleiða hafta- og skömmtunarkerfi í líkingu við það, sem áður þekktist hér, og allir voru fegnir að vera lausir við þegar viðreisnin afnam það.

Það mætti segja, að fyrirætlanir stjórnarandstöðunnar um niðurrif þess efnahagskerfis, sem viðreisnarflokkarnir hafa byggt upp, væru réttlætanlegar, ef hægt væri með rökum að sýna fram á, að þeir erfiðleikar, sem nú steðja að ýmsum greinum atvinnuveganna, væru kerfinu að kenna og ættu rót sína að rekja til ágalla þess. Svo er þó alls ekki, heldur er auðvelt að sanna, að ástandið mundi vera orðið miklu verra en raun ber vitni, ef e k k i hefði verið komið upp gjaldeyrisvarasjóði, ef e k k i hefðu verið bundnar innstæður til að sjá atvinnuvegunum fyrir lánsfé og ef vextir hefðu e k k i verið hækkaðir til þess að örva þann sparnað, sem er grundvöllur þess, að eitthvað fáist til útlána. Vegna stefnunnar í þessum málum hefur fjármagnsmyndun í landinu orðið meiri en nokkru sinni áður, og þjóðin er nú efnahagslega sjálfstæðari en hún var fyrir viðreisn.

Við stjórnarsinnar játum fúslega, að ekki hefur tekizt að stöðva dýrtíðina, þó margt hafi einnig áunnizt í því efni og miðað í rétta átt. Það hefur verið dregið stórlega úr dýrtíðarvextinum með ýmsum aðgerðum stjórnarinnar og málamiðlun í kjarasamningum og samningum um afurðaverð til bænda. Þó má telja víst, að árangurinn á þessu sviði hefði orðið betri, ef skilningur á efnahagsmálastefnu stjórnarflokkanna hefði verið almennari, en stjórnarandstöðunni hefur vissulega tekizt að villa ýmsum sýn í þessu efni með stöðugum áróðri og blekkingum. Á sú iðja stjórnarandstöðunnar drjúgan þátt í því, að ekki hefur tekizt að leggja dýrtíðina að velli eða draga hæfilega mikið úr vexti hennar. Þrátt fyrir þetta mundi ástandið í dýrtíðarmálunum vera miklu verra, ef ekki hefði tekizt að framfylgja stefnunni í þeim mæli, sem raun ber vitni. Það markmið hefur náðst að stórauka framleiðsluna og halda uppi almennri og mikilli atvinnu, og lífskjörin hafa farið ört batnandi. Framkvæmdir hafa verið eins miklar og vinnuafl hefur frekast leyft, og meira fé hefur verið varið til fjárfestingar en títt er á meðal flestra annarra þjóða. Sú fjárfesting hefur verið mest í atvinnuvegunum, sbr. þær upplýsingar, sem fjmrh. gaf þinginu í síðustu viku um framkvæmd fyrstu fjögurra ára áætlunarinnar. Hún er einnig mikil í opinberum framkvæmdum og íbúðarhúsabyggingum, og allt mun þetta skila framtíðinni miklum arði og létta þjóðinni lífsbaráttuna langt fram í tímann. Hið sama gildir um stórvirkjun, sem nú er hafin, og þá stóriðju, sem á henni byggist.

Stjórnarandstaðan hamrar á því í tíma og ótíma, að stjórnarflokkarnir sýni atvinnuvegunum litinn skilning og hrunsöngur hennar hljómar sífellt hér á Alþ. og í eyrum þjóðarinnar, eins og hlustendur hafa heyrt í kvöld. Ef trúa mætti þessum söng, væru bændur landsins allir á vonarvöl, útgerðin öll á hausnum og iðnaðurinn upp til hópa að gefa upp öndina. Sem betur fer, eru lýsingar stjórnarandstöðunnar mjög ýktar, þótt finna megi þeim einhverja stoð, og er það ekkert nýtt í sögunni, að ekki sé alls staðar eða í öllum greinum jafngóð útkoma. Ýkjur stjórnarandstæðinga að þessu leyti eru öllum opinberar, sem á annað borð vilja viðurkenna staðreyndir, en staðreyndirnar tala sínu máli um mikla viðreisn og framfarir á flestum sviðum um gjörvallt landið. Þannig ber það síður en svo vott um skilningsleysi á þörfum atvinnuveganna, þegar litið er yfir 4 ára áætlunina og í ljós kemur, að fjárfesting atvinnuveganna hefur farið fram úr áætlun, en fjárfestingu þess opinbera hefur verið haldið innan ramma áætlunarinnar. Það ber heldur ekki vott um slíkt skilningsleysi, að á s. l. ári, þegar ríkissjóður kemur vel út, lækkar hann skuld sína við Seðlabankann um 331 millj. kr., einmitt til þess, að bankakerfið hafi þeim mun meira fé til ráðstöfunar til fyrirgreiðslu við atvinnuvegina. Stjórnarandstaðan heldur því fram, að þessi skuldagreiðsla hafi verið óþarfi. Það hefði mátt nota þessa fjármuni til vegagerðar, hafna, skólabygginga o. s. frv. Setjum svo, að það hefði verið gert. En hvaðan átti þá bankakerfið að fá jafnháa upphæð, 331 millj. kr., til útlána handa atvinnuvegunum? Það sjá vonandi allir, að annað hvort varð að gera og að útilokað var að gera hvort tveggja með sömu peningum. Þeir voru látnir renna til atvinnuveganna í gegnum bankakerfið, en ekki notaðir til vinsælla, opinberra framkvæmda, enda þótt kosningar fari í hönd. Það eru hagstjórnaraðferðir eins og þessi, sem Eysteinn

Jónsson sagði í kvöld, að verkuðu eins og eitur á atvinnulífið.

Ég drap á það áðan, að þeir erfiðleikar, sem nú steðja að sumum greinum atvinnuveganna, væru síður en svo efnahagskerfinu að kenna. Þeir mundu þvert á móti vera miklu meiri, ef efnahagskerfið væri ekki slíkt, sem það er. Bankarnir megnuðu t. d. á síðasta ári að auka útlán sín til atvinnuveganna um meiri fjárhæð en innlánsaukningu nam á árinu. Það hefðu þeir ekki getað nema í skjóli innstæðubindingarinnar. Ríkissjóður var látinn taka á sig á s. l. ári og þessu ári hundruð millj. kr. í auknar niðurgreiðslur, til þess að unnt væri að koma á verðstöðvuninni. Hann hefur einnig tekið á sig stóraukna aðstoð við sjávarútveginn, til þess að útgerð til þorskveiða og fiskvinnsla stöðvaðist ekki vegna verðfalls á erlendum mörkuðum. Hvorugt þetta hefði ríkissjóður getað gert, ef ekki hefði verið fylgt þeirri stefnu undanfarin ár að reka greiðsluhallalausan ríkisbúskap og beita aðhaldi í rekstri ríkisins. Slíkar hagstjórnaraðferðir segir Eysteinn Jónsson, að verki eins og eitur á atvinnuvegina. Ekkert af þessu hefði verið mögulegt, ef fylgt hefði verið annarri stefnu. Þá hefði ekki verið unnt að koma atvinnuvegunum til hjálpar í þrengingum þeirra nú, á þann hátt, sem gert hefur verið, og er þó engan veginn séð fyrir endann á því, að sú aðstoð reynist nægileg, hvað sjávarútveginn snertir, vegna þess, hversu vetrarvertíðin hefur verið ógæftasöm og afli víðast hvar rýr. En það er viðhorf, sem ekki var hægt að sjá fyrir, og þannig er það því miður allt of oft í þeim atvinnuvegum okkar, sem háðir eru veðráttunni.

Í almennum umr. um afkomuna síðustu árin er það áberandi, að stjórnarandstaðan viðurkennir ekki slík tilvik, en heldur þeim mun betur á loft árgæzku og góðum aflabrögðum og þakkar þeim, en alls ekki efnahagskerfinu, þær framfarir, sem hún er tilneydd til að viðurkenna.

Annar ræðumaður Alþfl. mun hér á eftir kryfja það nánar til mergjar, hversu mikillar árgæzku stjórnarfl. hafa notið á stjórnarárunum, en í því tilliti mun gæta óhappa, ekki síður en happa, þegar yfir það er litið, og með hliðsjón af því verður að meta þátt efnahagskerfisins í þeim árangri, sem náðst hefur. Sá þáttur er vissulega svo mikilvægur, að það væri ógæfa þjóðarinnar, ef stjórnarandstaðan fengi nú tækifæri til að framkvæma ráðagerðir sínar um að brjóta efnahagskerfið niður. Ég er fyrir mitt leyti bjartsýnn á, að stjórnarandstöðunni verði ekki fengið slíkt tækifæri í kosningunum.

Þjóðin hefur skilið nauðsyn verðstöðvunarinnar, og enn þá hefur stjórnarandstaðan ekki treyst sér til atlögu við hana. Í augnablikinu er það mikilvægast, eins og útlitið er með útflutningsframleiðsluna og markaðsverð fiskafurða erlendis, að stöðva kapphlaupið á milli kaupgjalds og verðlags, og ráðstafanir stjórnarinnar á því sviði hafa átt almennum skilningi að mæta. En tíminn fram undan er nokkurs konar umþóttunartími, því að ef ekki rætist úr með útflutninginn á næstu mánuðum, verður að grípa til nýrra ráða í lok þessa árs, og þann vanda verða þeir að leysa, sem þá ráða í ríkisstj. og á Alþ. Það má ekki henda, að kjósendur stofni afkomu sinni og þjóðarinnar í tvísýnu með því að greiða Framsókn og Alþb. atkv. Það síðastnefnda er nú í upplausn og ekki líklegt til samstilltra átaka, sbr. þann ágreining í röðum þess, sem Björn Jónsson gerði að umræðuefni í lok ræðu sinnar áðan. Framsókn rekur sína venjulegu valdastreitu- og hentistefnupólitík og hamast nú hvað mest gegn því efnahagskerfi, sem fært hefur þjóðinni velmegun, atvinnuöryggi og stórstígar framfarir. Framsókn er tvöföld í flestum málum, eins og Lúðvík Jósefsson lýsti skilmerkilega hér fyrr í kvöld. Stjórnarflokkarnir hafa að vísu ekki samið fyrir fram sín á milli með tilliti til hinna nýju vandamála, en ég fyrir mitt leyti efast ekki um, að ef þjóðin vottar þeim traust í kosningunum, muni þeim takast að endurnýja samstarfið og semja um hin nýju og breyttu viðhorf.

Þegar um þetta tvennt er að velja, annars vegar glundroða og stefnuleysi stjórnarandstöðunnar, en hins vegar heiðarlegt og markvisst samstarf Alþfl. og Sjálfstfl., sem ágætlega hefur reynzt í 8 ár, á valið að verða auðvelt. Alþfl. hefur lengi haft lykilaðstöðu í stjórnmálunum. Með þetta vald sitt hefur flokkurinn jafnan farið með fyllstu ábyrgðartilfinningu og alltaf látið hag og heill þjóðarinnar og umbjóðenda sinna sitja í fyrirrúmi fyrir þröngum flokkshagsmunum. Flokkurinn hefur hiklaust unnið með öðrum flokkum að úrlausn erfiðra, tímabundinna vandamála og um leið komið fram ýmsum stefnumálum sínum, t. d. auknum almannatryggingum, launajöfnuði kvenna og karla, áætlunarbúskap og nú síðast auknum kosningarrétti handa ungu fólki. Launajöfnuðurinn hefur þegar fært vinnandi konum ótaldar millj. kr. í bættum launakjörum og áætlunargerðin hefur tryggt betri hagnýtingu vinnuafls og tækja og þar með auknar framkvæmdir. Áætlunargerð er hafin fyrir einstaka landshluta, og hafa þegar verið gerð stór átök í samgöngumálum Vestfjarða skv. slíkri áætlun. Tryggingakerfið hefur aldrei áður greitt hinum tryggðu jafnháar bætur. Þannig lýsir stefna Alþfl. sér í framkvæmd.

Fái flokkurinn aðstöðu til að semja um stjórnarsamstarf á ný, að afstöðnum kosningum, mun hann leggja höfuðáherzlu á að standa vörð um það, sem áunnizt hefur, t. d. á sviði almannatrygginga, og einnig fylgja fram þeirri stefnu sinni að koma á lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn, en þeirri réttarbót verður naumast komið á, nema á tímum góðra rekstursskilyrða fyrir höfuðatvinnuvegina. Þess vegna m. a. fer það saman, að flokkurinn mun leggja sig fram

um að styrkja reksturgrundvöll sjávarútvegsins, og þeirra atvinnuvega, sem mesta þýðingu hafa fyrir þjóðarbúið.

Nú hefur Alþfl. átt aðild að ríkisstj. með Sjálfstfl. í tæp 8 ár, en þar áður fór flokkurinn einn með stjórn í 1 ár. Þessi festa í stjórn landsins komst á með kjördæmabreytingunni, og tvímælalaust hefur hún reynzt affarasælli heldur en þau tíðu stjórnarskipti, sem áður áttu sér stað. Árangurinn hefur heldur ekki látið á sér standa, eins og alls staðar má sjá, ef menn horfa í kringum sig án þess að setja upp Framsóknarmóðuharðindagleraugu. Sá árangur er báðum samstarfsaðilum að þakka, og einnig ber að skipta ábyrgðinni á því, sem miður kann að hafa farið, jafnt á þá báða. Enginn heldur því fram, að allur vandi hafi verið leystur, en því verður hins vegar ekki í móti mælt, að aldrei hefur þjóðinni vegnað betur en á þessum árum. Þá velmegun hefur Alþfl. átt sinn þátt í að skapa og tryggja, og hann gengur þess vegna til kosninganna í vor í fullu trausti þess, að kjósendur láti hann njóta sannmælis. — Ég þakka þeim, sem hlýddu.

Sigurður Ingimundarson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Málflutningur stjórnarandstöðunnar við þessar útvarpsumr. hér í kvöld er okkur Alþfl.-mönnum hvorki nýstárlegur né lærdómsríkur. En nú hefur þjóðin öll haft tækifæri til að hlusta á þennan málflutning og ætti vissulega að taka hann til gaumgæfilegrar athugunar og bera hann saman við staðreyndirnar. Stjórnmál verða ekki rædd af neinni skynsemi, nema það sé viðurkennt og haft í huga, að þjóðartekjurnar nema ákveðinni upphæð á ári hverju, eða eins og það er stundum orðað, að kakan, sem til skiptanna kemur á milli þjóðfélagsþegnanna, hefur ákveðna, takmarkaða stærð.

Alþfl. lítur svo á, að eitt aðalmarkmið stjórnmálanna sé að stækka þá köku sem mest, ár frá ári, og skipta henni á skynsamlegan og réttlátan hátt. Þetta verður bezt gert með því að efla og auka þær atvinnugreinar, sem mest gefa í aðra hönd, miðað við tilkostnað, búa þær betri og fullkomnari framleiðslutækjum, skv. fyrirfram gerðri framkvæmdaáætlun, en jafnframt að leggja kapp á aukna menntun landsmanna, ekki sízt tæknimenntun og verkmenningu. Það er þetta, sem er undirstaða hagvaxtar og framfara. Að sjálfsögðu ber síðan að beita tiltækilegum hagstjórnartækjum, til þess að atvinnutæki landsmanna og vinnuafl nýtist sem bezt.

Ég tel rétt í lok þessara umr. í kvöld að athuga, þó að ekki verði gert nema í mjög stórum dráttum, hvort þessi markmið núv. ríkisstj. hafa náðst eða hvort málflutningur stjórnarandstöðunnar er á rökum reistur. Það getur verið erfitt að átta sig á dægurmálum líðandi stundar, hvort ákveðið þingmál eða stjórnarathöfn hafi verið nauðsynleg eða horfi til heilla, þegar á hagsmuni þjóðarheildarinnar er litið. Ekki sízt, þegar óábyrg stjórnarandstaða kappkostar af öllu megni að gera alla hluti tortryggilega og lætur einskis ófreistað í því efni. Málin ættu þó að skýrast, þegar yfir lengra tímabil er litið.

Stjórnarandstaðan hefur, að því er virðist, haft langar og stríðar áhyggjur af stjórnarfarinu og afkomu þjóðarinnar. Henni var að vísu nokkur vorkunn, þó að hún væri taugaóstyrk eftir viðskilnaðinn 1958, þegar hún hrökklaðist frá völdum, eftir 17 stiga vísitöluhækkun síðustu 3 mán., sem hún sat við völd. Útflutningsframleiðslan var algerlega strönduð, og ekki náðist samstaða um úrræði. „Hin leiðin" var þá ekki orðin til í hugskotum framsóknarmanna. Það vantaði ekki, að núv. ríkisstj. væri óskað farartheilla. Spáð var samdrætti og atvinnuleysi og hvers konar óáran af manna völdum, eins og það var svo smekklega orðað. Þegar svo þessi spá vildi ekki rætast og við tók stórfelldari uppbygging, meiri gróska og meiri atvinna en áður hafði þekkzt, var axlað um og farið að tala um framúrskarandi góðæri af náttúrunnar völdum ár eftir ár, og hafa ræðumenn stjórnarandstöðunnar hér í kvöld enn stagazt á góðærinu sem sameiginlegu slagorði. Þennan áróður er rétt að athuga nánar en gert hefur verið. Hér hlýtur að vera átt við árferði í þeim atvinnuvegum, sem mest eru háðir veðurfari og aflabrögðum. Kannast bændur landsins við þetta sérstaka árferði? Flest árin hafa verið meiri eða minni erfiðleikar í einum eða fleiri landsfjórðungum af náttúrunnar völdum. Landsins forni fjandi, hafísinn, hefur verið nær landi en oftast áður undanfarna áratugi og jafnvel valdið samgönguerfiðleikum fyrir Norðurlandi langt fram á vor. Tún hefur kalið í heilum landsfjórðungi, og heyfengur hefur verið misjafn, rétt eins og gengur og gerist, vegna vorkulda og veðurfars. Er þess skemmst að minnast, að kartöfluuppskeran s. l. sumar var aðeins 1/3 af meðaluppskeru. Þetta er nú góðærið í landbúnaðinum. Ég held, að það verði varla talið meira en meðalárferði, þegar á allt er litið. Þrátt fyrir það hefur landbúnaðarframleiðslan í heild vaxið, á sama tíma sem vinnandi höndum við landbúnaðarstörf hefur fækkað. Þessi aukna framleiðni sýnir aðeins, að landbúnaðinum hefur vaxið fiskur um hrygg. Hann hefur eflzt með aukinni ræktun og stækkun búa. Betri tæknibúnaður hefur gert hann óháðari árferði en áður var.

Á sama hátt verður varla sagt, að gæftir hafi verið betri eða vertíðarafli bátaflotans hafi verið meiri en vænta mátti, miðað við sókn og tæknibúnað, og afli togaraflotans hefur yfirleitt verið mjög rýr. Það er að vísu rétt, að síldarafli hefur stóraukizt, en hitt er vafasamara að tala í því sambandi sérstaklega um góðæri. Það, sem raunverulega hefur skeð í þessu efni, er það, að á stjórnarárum núv. ríkisstj. hefur verið byggður nýr bátafloti til

síldveiða á úthafinu með miklu stærri og betur búnum skipum. Það var vitað mál, að síldin hélt sig í hafinu austur af landi, en við áttum ekki bátaflota eða tæknibúnað til þess að nýta þennan afla. Í upphafi þessa stjórnartímabils voru fiskibátar yfir 100 rúmlestir að stærð innan við 50 talsins, en eru nú nærri 200. Fjöldi þeirra hefur m. ö. o. ferfaldazt og rúmlesta-aukningin í þessum flokki báta er enn miklu meiri, því að þróunin er sú, að byggðir eru sífellt stærri og fullkomnari bátar og betur búnir tækjum. Á sama tíma hafa afköst síldarverksmiðjanna vaxið úr 70 upp í 130 þús. mál á sólarhring, og fjárfesting í sjávarútvegi hefur numið hátt á fjórða milljarð króna. Það má segja, að á þessu sviði hafi orðið hrein bylting í atvinnurekstri, og nýttir nýir möguleikar. Það er efling útgerðarinnar, þessi mörgu nýju, stóru skip, aukin tækni og fjárfesting, sem gert hefur síldaraflann að veruleika. Niðurstaðan er því sú, að góðæríð liggur fyrst og fremst í stórfelldri eflingu atvinnuveganna til lands og sjávar. Þessar niðurstöður er auðvelt að sanna með opinberum skýrslum.

Ríkisstj. gerði á sínum tíma 4 ára fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 1963—66. Nú hefur komið í ljós, að meðalvöxtur þjóðarframleiðslunnar á þessum árum hefur numið 5.3% á ári, sem er mjög mikil aukning, og aukning raunverulegra þjóðartekna um 7% á ári. Fjármunamyndunin á sama tímabili jókst um 47% og dreifðist tiltölulega jafnt á helztu greinar atvinnulífsins. Þessi mikla fjárfesting á vissulega eftir að bera ávöxt um ókomin ár. Alþfl. hefur um langt árabil beitt sér fyrir gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlana og styrkri hagstjórn. Varla verður annað sagt en að árangurinn af þessari fyrstu þjóðhagsáætlun hafi verið góður, og það, sem mest er um vert, er það, að þjóðin er nú miklu betur búin framleiðslutækjum en nokkru sinni fyrr og betur undir það búin að mæta erfiðu árferði eða öðrum erfiðleikum en áður hefur verið.

Þessar staðreyndir koma einnig glöggt fram í síðustu ársskýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París. Þar kemur m. a. fram, að fjárfesting er orðin meiri á mann á Íslandi en í nokkru öðru þátttökuríki. Það kemur einnig fram, að þessi mikla fjárfesting ber ávöxt. Hvað þjóðarframleiðslu á íbúa snertir, er Ísland, ásamt Sviþjóð, næst á eftir Bandaríkjunum, þessum gamalgrónu og tæknimenntuðu þjóðum, og hvað einkaneyzlu á mann snertir, kemur Ísland, ásamt Kanada, næst á eftir Bandaríkjunum, og er þar orðið á undan gamalgrónum ríkjum eins og Sviþjóð og Sviss.

Þessar upplýsingar Efnahagsstofnunarinnar um hagvöxt og lífskjör Íslendinga koma vel heim við aðrar kunnar staðreyndir og breytingar í ísl. þjóðlífi á síðustu 8 árum. Þjóðin hafði búið við höft og gjaldeyrisskömmtun í nærri 30 ár og stundum svartamarkað á vörum og gjaldeyri. Nú er verzlunin að heita má frjáls. Íslenzka krónan hafði ekki verið skráð í erlendum bönkum í nærri 30 ár og var þjóðinni háðung. Nú er ísl. krónan skráð og keypt eins og hver annar gjaldeyrir. Íslendingar geta nú horft framan í útlendinga ekki aðeins menningarlega, heldur einnig efnahagslega. Lán til stórframkvæmda voru varla fáanleg nema í gustukaskyni eða fyrir sérstakan velvilja. Nú fær þjóðin lán til allra skynsamlegra stórframkvæmda.

Um aukna neyzlu þjóðarinnar og bætt lífskjör má nefna ýmis dæmi. Á síðustu 8 árum hefur bílaeign landsmanna meir en tvöfaldazt. Hún hefur hækkað úr 19 þús. í rúm 38 þús. Bíllinn er á góðri leið með að verða hér almenningseign, eins og í gömlum og gamalgrónum þjóðfélögum. Sjónvarp þótti fyrir fáum árum fjarlægur draumur, miðað við okkar fámenni og dreifbýli. Nú virðist þjóðin ætla að verða sjónvarpsþjóð á skemmri tíma en hún varð útvarpsþjóð. Bæjarsímstjórinn sagði nýlega í blaðaviðtali, að fólk vildi nú talsíma um leið og eldavél. Þetta eru nú hallærisárin 8, sem þm. framsóknarmanna, Ingvar Gíslason, lét engispretturnar éta, eins og hann orðaði það hér áðan. Það getur verið að Churchill gamla hefði dottið í hug að nota þessi orð um vinstri stjórnar árin, en ég held varla, að hann hefði notað þau um þau lífskjör, sem þjóðin býr nú við.

Þau dæmi, sem ég hef nefnt, sýna, að hagvöxtur og framfarir hafa orðið hér meiri og stórfelldari en nokkru sinni fyrr og lífskjör þjóðarinnar hafa tekið stórstígum framförum. Með því er þó ekki sagt, að öll vandamál almennings hafi verið leyst, því fer fjarri. Í húsnæðismálum eru í undirbúningi stórfelldar framkvæmdir við byggingu íbúða með sérstökum kjörum fyrir meðlimi verkalýðssamtakanna, sem ætla má, að hafi áhrif til lækkunar á söluverð íbúða, og lán húsnæðismálastjórnarinnar hafa verið stórhækkuð, en það þarf enn mikilla átaka við í þessu efni, einkum um lækkun byggingarkostnaðar.

Þegar þessi hagstæða efnahagsþróun og hin stórfellda uppbygging atvinnuveganna er höfð í huga, er varla ástæða til þeirrar svartsýni og þess áróðurs, sem stjórnarandstaðan hefur haft í frammi. Að vísu er það vissulega rétt, að verðbólguþróunin er stöðug ógnun við útflutningsframleiðsluna, sem verður að sætta sig við verðlag á erlendum markaði. Engum hefur verið ljósara en ríkisstj., að boginn hefur verið spenntur til hins ítrasta hvað þetta snertir. En það er nú einu sinni svo, að verðbólga fylgir jafnan miklum framförum, miklum framkvæmdum og mikilli eftirspurn eftir vinnuafli. Verðbólgan er í sjálfu sér tákn velgengni, mikillar fjárfestingar og mikillar neyzlu hjá þjóðinni. Vandinn er bara sá, að hún stöðvi ekki útflutningsframleiðsluna. Aðferðir til að draga úr eða stöðva verðbólgu eru vel kunn-

ar og sömu aðferðirnar eru notaðar til þess um allan hinn menntaða heim. Vandinn er bara sá, að allar koma þær meira og minna illa við skammsýna stundarhagsmuni hinna ýmsu stétta þjóðfélagsins og eru meira og minna óvinsælar, meðan allt getur slarkað. Það er einmitt þetta, sem óábyrg stjórnarandstaða hefur notað sér til hins ítrasta. Ríkisstj. hefur beitt ýmsum ráðstöfunum af þessu tagi, en þó aldrei harkalegri en nauðsynlegt hefur verið hverju sinni vegna útflutningsframleiðslunnar. En í öllum tilfellunum hefur stjórnarandstaðan, eða a. m. k. Framsfl., beitt sér gegn þeim af öllu því afli og með allri þeirri ósvífni, sem hann hefur haft yfir að ráða. Tekið hefur verið undir allar kröfugerðir, hvaðan sem þær hafa komið, jafnt frá atvinnurekendum sem launþegum, og ekki sízt þeirra tekjuhæstu. Þetta er að vera allra vinur, en engum trúr. Tilgangurinn hefur verið sá einn að torvelda stjórn landsins, hvað sem það kostaði þjóðina, og komast á ný í stjórnaraðstöðu. Baráttan við verðbólguna hefur fyrst og fremst verið barátta við stjórnarandstöðuna, og má segja, að þar hafi stjórnarandstöðunni orðið töluvert ágengt.

Útflutningsframleiðslan hefur nú orðið fyrir talsverðu áfalli vegna verðfalls á erlendum markaði, sem vonandi er þó tímabundið. En þjóðin var betur undir það áfall búin en nokkru sinni fyrr. Hún er vel búin að framleiðslutækjum. Afkoma ríkissjóðs hefur verið mjög góð, vegna mikils innflutnings og mikillar neyzlu og þjóðin á 2000 millj. kr. gjaldeyrisforða. Þessar aðstæður gerðu verðstöðvunarstefnuna framkvæmanlega, án þess að leggja á nýja skatta eða skerða lífskjör þjóðarinnar. Þjóðin stendur vörð um verðstöðvunarstefnuna og verkalýðshreyfingin og forystumenn hennar hafa tekið henni vel og drengilega, en hlotið snuprur fyrir hjá framsóknarmönnum. Það ábyrgðarleysi verður þjóðin að muna í kosningunum í vor. Það er öllu öðru nauðsynlegra að kveða niður ábyrgðarleysi í ísl. stjórnmálum. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið almennum stjórnmálaumr. (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umræðan fer þannig fram í kvöld, að hver þingflokkur fær 55 mínútna ræðutíma, sem skiptist í þrjár umferðir, 25 mín. í 1. umferð, 20 mín. í 2. umferð og 10 mín. í 3. umferð. Röð flokkanna í öllum umferðum verður þessi: Alþb., Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. Ræðumenn verða fyrir Alþb. í 1. umferð Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf., í 2. umferð Eðvarð Sigurðsson, 3. landsk. þm. og Ragnar Arnalds, 5. landsk. þm., og í 3. umferð Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn. Fyrir Sjálfstfl. í 1. umferð Jónas Pétursson, 3. þm. Austf., og Sverrir Júlíusson, 6. landsk. þm., í 2. umferð Jóhann Hafstein dómsmrh. og í 3. umferð Magnús Jónsson fjmrh. Fyrir Alþfl. í 1. umferð Gylfi Þ. Gíslason menntmrh. og Friðjón Skarphéðinsson, 9. landsk. þm., í 2. umferð Jón Þorsteinsson, 4. landsk. þm., og í 3. umferð Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl. Fyrir Framsfl. í 1. umferð Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v., og Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl., í 2. umferð Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., og í 3. umferð Þórarinn Þórarinsson, 5. þm. Reykv.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls hv. 5. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, og talar af hálfu Alþb.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur um land allt. Sennilega hafa ekki margir áheyrenda minna komið inn á vinnustofu vísindamanns, sem hefur þann starfa að rækta bakteríur. Vökvinn í tilraunaglösunum hans getur sýnzt vera hreinn og tær og ómengaður, en skoðir þú hann í smásjá, getur komið í ljós, að krökkt sé af bakteríum í glasinu hans og ófagurt á að líta.

Nú, þegar líður að kosningum, er ekki nema sjálfsagt, að kjósendur taki fram tilraunaglös stjórnarinnar og bregði þeim undir smásjána, gangi þannig úr skugga um, hvað í þeim er raunverulega, leiti sannleikans. Ég tek aðeins fram eitt einasta glas. Á því stendur stóru og skýru letri: Verðstöðvun. Vökvinn sýnist hreinn og tær, gæti meira að segja verið Gvendarbrunnavatn, hreinasta vatn í heimi. En hvað er þetta? Undir smásjánni er vökvinn nánast sagt eins og þunnur grautur, allt á iði. Furðuljót kvikindi þeytast þarna fram og aftur hvert um annað þvert. Hvað hefur stjórnin verið að rækta í þessu glasi? Bakteríur verðbólgu og dýrtíðar og það með slíkum frábærum árangri. En á glasið setti hún samt áletrunina: Verðstöðvun. Ekki var það nú beinlínis vísindalegt, en svona er það nú einmitt með verðstöðvun hæstv. ríkisstj. Hún er yfirborðsfyrirbæri. Undir niðri er allt á ferð og flugi. Dýrtíð og verðbólga aldrei æðisgengnari en nú. Það er bara yfirborðsfyrirbærið vísitala, sem er stöðvuð. Henni er haldið kyrri með hundraða milljóna greiðslum úr ríkissjóði og úr ýmsum almannasjóðum. Vísitalan má ekki hækka fram yfir kosningar. Það er allt og sumt. Kosti hvað það kosta vill. Þetta er verðstöðvun hæstv. ríkisstj., en skuldadagarnir koma bara, góðir kjósendur, eftir kjördaginn.

Aðeins eitt dæmi til skýringar. Tryggingastofnun ríkisins gengur á sjóði sína um 40—50 millj. kr. á einu ári vegna verðstöðvunarlaganna. En á næsta ári verður hún að taka þá upphæð tvöfalda af hinum tryggðu, þ. e. a. s. þér og mér. Þannig er sýndarverðstöðvun stjórnarinnar. Þetta er sannleikur málsins.

Alþb. var heils hugar með stöðvun verðbólgu og dýrtíðar. Það vissi, að raunveruleg verðstöðvun var óhugsandi nema með því að þrengja að ýmsum, gera margvíslegar þjóðfélagsráðstafanir, sem gátu komið sér illa, og

það bar fram fjölda margar till. í þá átt. En þær voru allar kolfelldar. Stjórnin vildi bara sýndarstöðvun fram yfir kosningar, og svo mátti flóðið koma. Þannig var nú með þetta tilraunaglas ríkisstj., þegar undir smásjána kom, og nú heiti ég á þig, hlustandi minn. Taktu hvert tilraunaglasið hjá stjórninni á fætur öðru, settu það undir smásjá dómgreindar þinnar, leitaðu sannleikans og myndaðu þér svo heilbrigðar þjóðmálaskoðanir, hvað sem moldviðri fjársterkra málgagna líður.

Ræðumenn Alþb. í fyrrakvöld, þeir Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson og Björn Jónsson, sýndu hlustendum með sterkum rökum, sem ekki hefur verið hnekkt, hvernig komið er í atvinnumálum þjóðarinnar, efnahagsmálum hennar, húsnæðismálum og á fleiri sviðum þjóðlífsins eftir nær 9 ára samstjórn íhaldsins og Alþfl., þrátt fyrir hið mesta uppgripagóðæri, sem yfir land og þjóð hefur nokkru sinni komið. Inn á þau svið sé ég því ekki ástæðu til þess að fara, enda er sá eldurinn heitastur, sem á sjálfum brennur, þ. e. a. s. reyndin er öllum orðum áhrifameiri. Ekki batnar heldur hlutur stjórnarinnar, ef smásjá dómgreindarinnar er beint að ástandi heilbrigðismálanna, skólamálanna eða dóms- og réttarfarsmálanna. Létu sérfræðingar í heilbrigðismálum nýlega til sín heyra hér í höfuðborginni um þann málaflokk og var þá sem hulu væri svipt frá margra augum. Við blasti ömurleg mynd ráðleysis, aðgerðaleysis og óstjórnar, eins og á flestum öðrum sviðum. Skal ég þó hlífa hlustendum við að endurvekja óhugnað þeirrar myndar. Líka skal ég að þessu sinni sleppa skömmum og skætingi í garð stjórnarinnar, nóg er nú samt, sem hún verður að heyra og þola um þessar mundir.

Alþb. er ungur flokkur. Ég tel því rétt að verja meginhluta máls míns til þess að gera hlustendum ljóst, hvað Alþb. vill á þeim alvörutímum, sem í hönd fara, ef kjósendur gefa því aðstöðu til úrslitaúrræða með dómsúrskurði sínum á kjördaginn. Auðvitað kemur þá fyrst í hugann uppbygging atvinnulífsins og hvernig Alþb. vilji standa að því höfuðmáli. Það er þá fyrst, að byggja verður upp ítarlega framkvæmda- og framfaraáætlun í nánu samstarfi við fulltrúa atvinnuveganna, héraðanna og hins vinnandi fólks. Styrkja verður þróun atvinnulífsins í þeim byggðarlögum, þar sem samdráttur eða stöðnun hefur orðið. Þannig skal vinna að þjóðhollu byggðajafnvægi. Reynslan sýnir, að séu gróðasjónarmiðin ein og skipulagsleysið látin ráða staðsetningu atvinnutækja, vilja þau hrúgast saman á mesta þéttbýlissvæðið og raska þannig þjóðfélagsjafnvægi.

Landhelgismálið er grundvallarmál, hvort sem á það er litið sem atvinnumál eða sem sjálfstæðismál, en það er hvort tveggja. Um það vil ég fyrst segja þetta. Alþb. telur, að samningar núv. ríkisstj. við Breta, þar sem ákveðið er, að Íslendingar séu háðir samþykki erlends dómstóls um stækkun landhelginnar, séu nauðungarsamningar og þannig ekki bindandi fyrir íslenzku þjóðina. Beri því að vinna að því, að þeir verði formlega niður felldir hið fyrsta. Landgrunnið allt verði friðað fyrir rányrkju og friðunarráðstafanir allar byggðar á fiskifræðilegum rökum og efnahagslegum þörfum íslenzku þjóðarinnar.

Sjávarútvegur og fiskiðnaður verða enn um langa framtíð undirstaða atvinnulífsins. Festa verður strax kaup á 5 nýtízku skuttogurum eftir till. sérfróðra manna. Aflinn sé heilfrystur á skipsfjöl, en síðan fullunninn í vinnslustöðvum í landi. Áframhaldandi uppbyggingu nýs togaraflota ber síðan að dreifa á nokkurt árabil. Smíði fiskiskipa að öðru leyti ber að færa inn í landið og gera smíði fiskibáta að fastri framleiðslugrein í nokkrum kaupstöðum og kauptúnum. Takmarkið er og hlýtur að vera það, að Íslendingar smíði öll sín fiskiskip sjálfir. Tryggja verður það, að fiskiskipastóll og fiskverkunarstöðvar séu fullnægjandi fyrir íbúana á hverjum stað. Því má blind tilviljun alls ekki ráða. Auðvelda ber rekstur útgerðarinnar með lækkun vaxta og útgerðarnauðsynjar eins og olíur, salt og veiðarfæri á að útvega útgerðinni á réttu verði. Okur í því efni er vitleysa. Vátryggingarkerfið verður einnig að endurskipuleggja útgerðinni til hags og styrktar. Þá ber einnig að lækka útflutningsgjöld sjávarafurða. Það eru hrein öfugmæli að tala um styrki til útgerðarinnar og það öfugmæli verður að hverfa. Þaðan koma nálega allar gjaldeyristekjur íslenzku þjóðarinnar. Sameinum svo reynslu og vísindi um uppbyggingu fiskiðnaðarins. Með því margföldum við verðmæti sjávarafurðanna. Nýtum enn um skeið saltsíldar- og saltfiskmarkaði eins og tök eru frekast á. Þá er hraðfrysting fiskafurða hvergi nærri fullnýtt enn þá. Niðursuðuiðnaðurinn í margs konar myndum á þó framtíðina. Komum upp lýsisherzluverksmiðju. Fullkomin fiskiðjuverksmiðja, sem framleiði tilbúna fiskrétti, hygg ég einnig, að eigi rétt á sér hér á landi. Komið verði á fót tæknistofnun sjávarútvegsins og leggja ber þunga áherzlu á hafrannsóknir og fiskileit. Loks verður hið opinbera að stjórna viðtækri og skipulegri markaðsleit fyrir íslenzkar framleiðsluvörur og leita þar engu síður til Afríku- og Asíulanda en til okkar fyrri viðskiptaþjóða.

Iðnaðurinn var orðinn annar aðalatvinnuvegur íslenzku þjóðarinnar, en nú er mjög að honum þrengt og liggur við hruni hans. Það verður að kanna vandlega, hvaða iðngreinar hafi mesta þjóðhagslega þýðingu. Sýna ber hráefnum nauðsynjaiðnaðarins tollahlíð, sem um munar. Það er óviturlegt að spilla innanlandsmarkaði með óþörfum innflutningi iðnaðarvara, svo sem niðursoðnum síldarvörum og kökubotnum. Iðnfræðslan verður að svara nútímakröfum og tæknimenntun verður að efla í landi okkar. Vegna smæðar þjóðfélagsins

verður öll stóriðja á Íslandi að vera ríkiseign. Þar höfum við góða reynslu af Síldarverksmiðjum ríkisins og Sementsverksmiðjunni og Áburðarverksmiðjan á einnig að verða ótvíræð ríkiseign. Alþb. telur rétt að skipa stóriðjunefnd, sem með aðstoð hæfustu sérfræðinga geri t. d. 10 ára áætlun um þróun stóriðju á Íslandi, um beztu hagnýtingu auðlinda þjóðarinnar, svo sem vatnsorku, raforku og jarðhita og um það, hvaða íslenzk hráefni og erlend geti orðið gagnlegust íslenzkri stóriðju. Ef svona væri að iðnaðarmálunum staðið, mundi iðnaðurinn í senn geta tryggt ómetanlegt jafnvægi og öryggi í íslenzku atvinnulífi.

Um landbúnaðinn vil ég segja þetta. Bændum ber óskoraður samningsréttur gagnvart ríkisvaldinu um verðlagsmál landbúnaðarins, um önnur hagsmunamál stéttarinnar og margvíslegar nauðsynlegar ráðstafanir, sem jafnan hljóta að fylgja þessum málum. Gera ber áætlun til nokkurra ára um þróun landbúnaðarins. Það sé meginstefna í framleiðslumálum landbúnaðar, að hann sé jafnan fær um að fullnægja þörfum vaxandi þjóðar um landbúnaðarvörur. Þeir menn eru óheilir landbúnaði, sem halda því fram, að útflutningsuppbætur gefi bændum til lengdar tekjuöryggi, sem þeir geti treyst. Þar kemur fyrr en varir að óyfirstíganlegum takmörkum. Og versnaði í ári, gæti hæglega svo farið, að ríkið yrði að fella slík útgjöld niður með öllu, og það gæti verið hart áfall og þungt fyrir landbúnaðinn. Lengja ber lánstíma og lækka aftur vexti landbúnaðarlána, styrkir eiga helzt að hverfa, þeir eru svo lágir og litlir, að engu munar. Auk þess eru þeir niðurlægjandi fyrir stéttina. Efla ber mjólkurframleiðslu, þar sem ræktunar- og markaðsskilyrði eru bezt, en sauðfjárræktina, þar sem bezt eru beitilöndin. Efla ber fiskirækt í ám og vötnum, ekki bara sem sport, heldur sem arðvænlega framleiðslugrein í landbúnaði.

Ullariðnaður á Íslandi býr yfir miklum möguleikum. Ef engin ull væri flutt óunnin úr landi, mundi verðmæti ullarframleiðslunnar margfaldast. Á sama hátt má vinna dýrmætar iðnaðarvörur til útflutnings úr íslenzkum skinnum, og verður að teljast sjálfsagt, að bæði ullar- og skinnaiðnaðurinn verði í miðstöðvum sveitanna. Þá er það stefnumál Alþb., að því fólki, sem við landbúnað starfar, tryggi þjóðfélagið lífvænleg kjör, sem séu í fullu samræmi við kjör starfandi fólks í öðrum atvinnugreinum.

Að lokum þetta um landbúnaðinn: Alþb. telur, að vísindalegar rannsóknir í þágu landbúnaðarins verði að stórauka og þó einkum sé það nauðsynlegt, að ráðstafanir séu gerðar til þess, að niðurstöður rannsóknanna og árangur geti sem allra fyrst komið landbúnaðinum að almennum notum. Þetta verð ég að láta nægja um stefnu Alþb. í atvinnumálum, en verð að sleppa mörgu úr stefnu þess varðandi önnur minni háttar málefni.

Öngþveiti því, sem röng stefna ríkisstj. í efnahagsmálum hefur valdið og skilur nú eftir sig, hefur verið lýst af mörgum í þessum umr. Þar vil ég engu við bæta. En ég vil undirstrika það alveg sérstaklega, að Alþb. vill miða stefnu sína og allar aðgerðir í efnahagsmálum við það, að allar helztu framleiðslugreinar atvinnulífsins búi við öruggan rekstrargrundvöll, svo að hægt sé að fullnýta framleiðslutæki þjóðarinnar og vinnuafl hennar. Sé á þessum grunni byggt, munu mörg önnur vandkvæði efnahagsmála leysast eins og af sjálfu sér. Og eitt legg ég alveg sérstaka áherzlu á. Það verður að sameina öll ábyrg þjóðfélagsöfl um það verkefni, að verðlagsþróunin hér á landi verði ekki hraðari en í helztu viðskiptalöndum okkar. Sem einstakar aðgerðir í efnahagsmálum leggjum við Alþb.menn ríka áherzlu á þetta: 1. Að vextir verði lækkaðir. 2. Að söluskatti verði létt af brýnustu lífsnauðsynjum. 3. Að álagning verði lækkuð, þar sem rannsókn sýnir, að hún sé umfram nauðsyn. 4. Að dregið verði úr verzlunarkostnaði, sem stafar af skipulagsleysi, svo sem sóun vinnuafls. 5. Að íbúðarhúsnæði verði lækkað með félagslegri byggingarstarfsemi og ráðstöfunum af hendi ríkisvaldsins. 6. Löggjafarráðstafanir verði gerðar til þess að ákvarða hóflega húsaleigu. 7. Verðlagseftirlit verði skerpt, m. a. með nánu samstarfi við almannasamtök. Þá telur Alþb., að ríkisvaldið verði að hafa örugga yfirstjórn á utanríkisviðskiptum þjóðarinnar, einkum með það fyrir augum, að sala á útflutningsvörum og innkaup á vörum til landsins séu í samræmi við hagsmuni þjóðarheildarinnar, en ekki ákvarðaðar af sérhagsmunum einstaklinga.

Nú sé ég, að ég verð tímans vegna að stikla á stóru. Þó vil ég enn nefna nokkra einstaka drætti í stefnu Alþb. og minni hér á þetta. Til varðveizlu þjóðernis og þjóðmenningar verður í fyrsta lagi að tryggja, að allar menningarmiðstöðvar í landinu séu undir íslenzkri stjórn. Í öðru lagi verður þjóðin sjálf að hafa full og óskoruð umráð yfir atvinnulífi landsins, auðlindum þess og efnahagskerfi. Alþb. lýsir yfir andstöðu sinni við þá stefnu að hleypa erlendum auðhringum til úrslitaáhrifa í íslenzkt atvinnulíf. Það er stefna Alþb., að atvinnutæki og náttúruauðæfi öll á Íslandi eigi landsmenn einir að eiga, Alþb. vill engar herstöðvar þola á íslenzkri grund á friðartímum. Það telur, að Ísland eigi að segja sig úr Atlantshafsbandalaginu, strax og samningstímabilinu lýkur eða árið 1969.

Ísland á að stuðla að því, að öll hernaðarbandalög verði leyst upp og í krafti vopnleysis síns og hlutleysis á það afdráttarlaust að fordæma beitingu vopnavalds í samskiptum ríkja, hvar sem er í heiminum og hver sem í hlut á. Alþb. vill, að Ísland taki virkan

þátt í störfum Sameinuðu þjóðanna og einnig vill það efla praktíska norræna samvinnu, sérstaklega á sviði menningarmála og félagsmála og viðskiptamála. Alþb. telur nauðsynlegt, að tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum samkv. fyrirfram gerðum áætlunum. Nauðsynlegt er að skipuleggja fjárfestingu landsmanna með alþjóðarhag fyrir augum í stað þess að láta blind peningalögmál og gróðasjónarmið ráða þar stefnunni. Ríkið sjálft á að annast mikilvægar greinar innflutningsverzlunarinnar, svo sem t. d. olíuverzlunina. Alþb. vill leita félagslegra úrlausna á margvíslegum vandamálum nútímaþjóðfélags. Það vill, að komið verði á fót lífeyrissjóði og ókeypis heilbrigðisþjónustu fyrir alla landsmenn. Vilji Ísland með réttu heita menningarþjóðfélag, ber sérstaklega að tryggja framfærslurétt og öryggi barna og öryrkja, einstæðra mæðra, ekkna og aldraðs fólks.

Útiloka ber með löggjöf, að húsnæðisneyð fólks sé gerð að gróðalind húsaleiguokrara og fasteignabraskara. Það er þjóðfélagslega mikilvægt fyrir okkar fámennu þjóð, að stórátak sé gert til þess að bæta aðstöðu kvenna til þátttöku í atvinnulífinu, t. d. með byggingu nægilegra dagheimila, leikskóla og vistheimila fyrir börn. Alþb. hóf fyrir löngu baráttuna fyrir launajafnrétti kvenna og karla og vill halda áfram baráttunni fyrir algerri jafnréttisaðstöðu kynjanna. Með námslaunakerfi verður að tryggja æskufólki fullt jafnrétti til náms og mennta án tillits til efnahags. Alþb. telur, að jafna verði fjárhagslega aðstöðu þegnanna án tillits til stéttargreiningar með látlausri baráttu fyrir réttlátri skiptingu þjóðartekna. Í þeirri jafnréttisbaráttu vill Alþb. standa við hlið verkalýðssamtakanna og annarra launþegasamtaka og veita þeim allt það brautargengi, sem það megnar. Nú verð ég að hætta hér að lýsa stefnu Alþb., en ég skýri frá því, að Eðvarð Sigurðsson mun ræða verkalýðsmálin sérstaklega í þessum umr.

Í kosningum velja kjósendurnir um leiðir. Þetta er í megindráttum leið Alþb. Leið stjórnarstefnunnar er blindgata að mínu áliti. Það er hin hæga leið, sem hallar undan fæti, eins og skýrt hefur komið fram í þessum umr. Og eins og vænta mátti dugði Framsókn ekki ein leið fremur en fyrri daginn. Hún býður nú upp á þrjár leiðir, „hina leiðina“, nýju leiðina og nú seinast jákvæðu leiðina. Nafngiftin virðist benda til þess, að rétt hafi þótt að láta hana heita vel eins og Eiríkur rauði orðaði það, þegar hann gaf Grænlandi nafn, og eins og hann bætti við „svo að fleiri skyldi fýsa þangað“. En annar Íslendingur löngu síðar sagði um þetta land:

„Landið hátt við lýðapróf
litur grænn ei skrýðir.
Það er grátt af geitnaskóf,
gamburmosa og víðir.“

Já, skyldi jákvæða leiðin e. t. v. eiga eitthvað skylt við gambur þeirra framsóknarmanna við kjósendur núna fyrir kosningarnar? Og sennilegast þykir mér nú, að heitið á leiðinni þeirra, framsóknarmanna, sé sízt meira réttnefni en nafnið Grænland á landi geitnaskófar og gamburmosa.

Ég fagna þeirri ágætu samstöðu, sem ríkt hefur í röðum Alþb.-manna úti um allt land. Þeir gengu rösklega og snemma frá öllum framboðsmálum sínum. Var það ólíkt eða hjá hinum flokkunum, sem sums staðar áttu í hinum mestu hörmungum með að lemja lista sína saman og eru raunar ekki enn komnir frá þeim mannraunum. Ég var farinn að vona, að við kæmumst kannske einir flokka klakklaust yfir kosningaundirbúninginn. En því miður fóru framboðsmál Alþb. ekki eins vel úr hendi hjá þeim, sem úrslitum réðu í Reykjavík. Það verð ég mjög að harma. Að því framboði var ekki staðið af þeim sama einhug og einingarvilja og út um landið og hvað af því kann að hljótast, get ég ekki sagt á þessari stundu. Ég og margir aðrir í verkalýðshreyfingunni höfum barizt fyrir stjórnmálalegri einingarstefnu verkalýðshreyfingarinnar og þeirri baráttu verður hiklaust áfram haldið, þótt hún verði fyrir áfalli á einum fundi í einu kjördæmi landsins. Sú stefna fer nú sigurför um Vestur-Evrópu og alveg sérstaklega um Norðurlönd. Hún verður borin fram af fólkinu sjálfu á Íslandi. Ef ég þegði og mínir samherjar, mundu steinarnir tala. Og vissulega geta kosningarnar nú orðið mikilsverður áfangi á þeirri braut.

Herra forseti. Að lokum þetta: Ég heiti á ykkur, Alþb.-fólk úti um allt land, að standa vel saman, að starfa og berjast fyrir góðum málstað Alþb. Það getur mikið oltið á styrkleika þess, hvernig samansöfnuð og óleyst vandamál viðreisnarstjórnarinnar leysast að kosningunum loknum. Gerum Alþb. að úrslitaaðila í því örlagaríka uppgjöri. — Góða nótt.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Gott kvöld, góðir áheyrendur. Mælt mál Íslendinga geymir fjölda talshátta. Einn er að sækja vatnið yfir lækinn. Er þá gjarnan um það að ræða, sem ekki heyrir undir hagræðingu, sem nú er mjög um talað. Það er í ótal efnum nokkur hætta á að sækja vatnið yfir lækinn. Hið einfalda, óbrotna líf, sem leitar ánægjunnar í daglegum störfum, er ekki einkenni dagsins í dag. En því miður er margt af því, sem telja verður tízkufyrirbæri, í ætt við þetta, að sækja vatnið yfir lækinn.

Orku og fjármunum er eytt til að leita að einhverri fullnægju, sem raunar aldrei fæst, eða a. m. k. ekki svo sem ætlað var og hefði betur náðst við bæjarlækinn. Hraðinn, sem nú er orðinn á öllu, setur okkur í hættu. Við þurfum að huga ögn betur að, hverju fram vindur, flýta okkur lítið eitt hægar. Nú vilja flest fyrirbæri gleymast fljótt, líka þau, sem gildi hafa lengur en í dag. Það virðist enginn tími

nú orðið til að safna í minningasjóð. Í stað þess að staldra við og rísla við minningasjóðinn, sem líkja má við lækinn, sem getur svalað þorsta okkar, þá erum við á hlaupum eftir svölun langt yfir lækinn. Við erum arftakar þjóðar, sem um aldir átti þrá, sem ekki varð fullnægt. Í velferð nútímans er aftur á móti býsna auðvelt að láta ýmislegt eftir sér og þá er nokkur hætta á öfgum. En ég held, að þau einkenni þessa tímabils líði hjá, að hin gegndarlausa kröfupólitík til hinna misskildu lífsgæða eigi sitt gönuskeið, sem nú sé að renna.

Það eru alþingiskosningar í vor eftir tveggja kjörtímabila stjórn undir forystu Sjálfstfl. Má því telja eðlilegt, að spurt sé líkt og í kvæði Jónasar:

„Höfum við gengið til góðs
götuna fram eftir veg?"

Ég ætla ekki að fara að rifja upp ástandið í þjóðfélaginu við uppgjöf vinstri stjórnarinnar. Það hefur svo oft verið gert. En það er vert að gera sér nokkra grein fyrir breytingum tímabilsins, drepa á nokkra þætti þjóðmálanna til glöggvunar. Við skulum líta til landbúnaðarmálanna. Efling lánasjóðanna með l. um stofnlánadeild landbúnaðarins er eitt farsælasta spor, sem stigið hefur verið í landbúnaðarmálum. Lánsfjárveitingar hafa síðan stóraukizt. Stofnlánadeildin vex af eigin fé og verður brátt hinn öflugasti sjóður. Framsóknarmenn börðust hatramlega á móti þessari löggjöf, á móti 1% framlagi af verði framleiðslunnar frá bændum gegn jöfnu framlagi úr ríkissjóði, auk 0.75% álags frá neytendum. En með þessu fæst afl þeirra hluta, er gera skal, fjármagn. Svo hatramlega börðust framsóknarmenn gegn 1% gjaldinu frá bændum, að þeir felldu Pál á Refstað í Vopnafirði úr stjórn Stéttarsambands bænda, af því að hann átti framsýni og einurð til að láta í ljós fylgi sitt við málið. En nú eru framsóknarmenn þagnaðir út af þessu máli. Nú, þegar árangur af framsýnni forystu sjálfstæðismanna í lánamálum bænda verður áþreifanlegri með hverju árinu, sem líður, í sífellt vaxandi sjóði stofnlánadeildar og þar með getu til stuðnings margvíslegra þarfa landbúnaðarins. Og nú er vaxandi skilningur almennt á gildi sjóðsmyndana til að undirbyggja stofnlánakerfi. Má þá nefna auk stofnlánadeildar landbúnaðarins fiskveiðasjóð, sem raunar var fyrirmynd í þessum efnum, iðnlánasjóð, húsnæðislánasjóð, jafnvel atvinnuleysistryggingasjóð, sem nú er orðinn hinn öflugasti fjárfestingalánasjóður. Ég vil minna á stórlega réttan hlut í verðlagsmálum bænda. Það dylst engum bónda, sem man tímana fyrir 1950. Sérstaklega á þetta þó við sauðfjárbændurna. Um það verður ekki deilt, enda hafa þess sézt menjar í góðum sauðfjársveitum. Þar hefur ríkt meiri bjartsýni síðustu árin en áður var.

Ég vil minna á öfluga viðleitni til að rétta hlut minni bændanna með auknum ræktunarstuðningi upp að 25 ha túnstærð og með aukaframlagi, 5 millj. kr. á ári í 5 ár, til að lyfta smærri búunum. Ef ekki næst verulegur árangur með þessum aðgerðum, er það ekki sök ríkisstj. eða landbrh., sem haft hefur forystu um þessi mál. Landgræðsla og gróðurvernd hefur verið stóraukin á þessum árum með auknu fjármagni og bera sandatúnin í Austur-Skaftafellssýslu m. a. glöggt vitni þar um. Framleiðsluaukning í landbúnaði hefur verið mikil í aðalframleiðsluhéruðunum. Hún stafaði m. a. af hagstæðu árferði 1964—1965. Þegar verr árar eins og 1966, segir það til sín í minni framleiðslu, en landbúnaðarframleiðslan mun hafa orðið um 3% minni 1966 en 1965. Hinar miklu framkvæmdir í landbúnaði að undanförnu í ræktun, í byggingum, í vélvæðingu eru mikil trygging fyrir framtíðina, að ekki liggi eftir hlutur þessa þáttar framleiðslustarfseminnar í landinu.

Í upphafi núv. kjörtímabils voru samþ. ný vegalög. Með þeim var stofnaður vegasjóður og vegamálin þannig skilin frá fjárl. og framkvæmdir byggðar á sjálfstæðum tekjustofnum. Vegalögin nýju mörkuðu merkileg tímamót. Stórfelld aukning hefur orðið á því fjármagni, er til vegamála hefur gengið, og stórfelld átök verið gerð í vegamálunum. En fram undan eru þó enn þá stærri átök. Hin gífurlega aukning í bílaeign annars vegar og hins vegar stóraukin þörf viðskiptaþjóðfélags á greiðum og öruggum samgöngum, ekki sízt á landi, gera þetta óumflýjanlegt. Ég vil sérstaklega minna á, að með vegalögunum nýju voru sýsluvegasjóðirnir mjög efldir og hefur orðið gerbreyting á aðstöðu þeirra til að leysa sín verkefni. Kaupstaðir og kauptún fengu hlutdeild í vegasjóðum. En fram undan hlýtur að bíða að taka stór erlend lán í vegakerfið. Varanlegt slitlag á fjölförnustu vegina verður ekki lagt án þess, og árlegar tekjur vegasjóðs geta þá gengið í miklu stærri mæli til uppbyggingar malarveganna, sem auðvitað verða um langa framtíð enn aðalsamgönguæðar í okkar víðáttumikla landi. Enda sýnir reynsla síðustu ára, að góða vegi má gera á þann hátt með þeim tækjum, sem nú er völ á. Með gerð varanlegra vega á mestu umferðarleiðunum losnar fjármagn, sem nú þarf að verja í vonlaust viðhald á þessum vegum, en verja má þá til annarra hluta.

Samgöngumálin eru ein hinna stóru mála bæði strjálbýlis og þéttbýlis og þótt tamara sé að festa augun á óloknum verkefnum, skulum við ekki gleyma stórfelldum framkvæmdum í vegamálum að undanförnu. Má þá nefna Keflavíkurveg, Strákagöng, Múlaveg, Ennisveg, vegi eftir Vestfjarðaáætlun og brúagerðir í Austur-Skaftafellssýslu. Þegar fjmrh. gerði grein fyrir framkvæmdaáætlun ríkisstj. 1967 fylgdi ítarleg skýrsla um þjóðarframleiðslu,

verðmætaráðstöfun o. fl. um nokkur undanfarin ár. Vöxtur þjóðarframleiðslunnar hefur verið mjög mikill á 5 ára tímabili, meiri en 5% að meðaltali árlega. Vöxtur þjóðartekna þó enn meiri vegna hagstæðra viðskiptakjara, þ. e. vegna hækkandi verðlags á framleiðsluvörunum erlendis. Hér valda mestu um síldveiðarnar fyrir Austurlandi á undanförnum árum. En þessar veiðar hafa orðið svo miklar vegna hinna nýju fiskiskipa, sem aflað hefur verið til landsins með fullkomnasta tæknibúnaði, og vegna rannsókna og síldarleitar og stórbættrar aðstöðu í landi til móttöku. Undirstaða þessa er stefna ríkisstj. til athafnafrelsis, sem leysti úr læðingi þau öfl atorku og sjálfsbjargar, sem allar þessar athafnir bera vott um og greitt hefur verið fyrir, að þau öfl fengju notið sín. Og enn er mikill floti stórra síldveiðiskipa í smíðum, sem koma á þessu og næsta ári. En þótt meginhluti verðmætasköpunar síldveiðanna hafi farið fram á svæðinu frá Raufarhöfn og austur og suður til Djúpavogs, hefur blóðrás viðskiptalífsins dreift afrakstrinum meira og minna um allt land. Er sérstök ástæða til að leggja áherzlu á það, hversu öll þjónustustarfsemi og verzlun í landinu hefur blómgazt vegna síldveiðanna undanfarin ár. Þær raddir heyrast, að of langt sé gengið nú orðið í uppbyggingu síldariðnaðarins á Austurlandi. Ég vil benda hér á fróðlegar upplýsingar, sem fylgja í grg. með frv. sjálfstæðismanna um fiskimálaráð, m. a. um vinnslugetu síldarverksmiðja á Suðvestur- og Vesturlandi, á Norðurlandi til Langaness og Austurlandi sunnan Langaness. Vinnslugeta í tonnum er þessi: Suður- og Vesturland, 17 síldarverksmiðjur, afköst 5995 tonn á sólarhring eða ca. 6 þús. tonn. Norðurland, 15 síldarverksmiðjur, afköst 6725 tonn eða ca. 6700 tonn á sólarhring og Austurland, 14 síldarverksmiðjur, afköst 5630 tonn eða ca. 5600 tonn á sólarhring. Hver vill á annan deila, þegar þessar tölur eru athugaðar? Við skulum ekki láta okkur detta í hug, að ekki eigi sér stað einhver vafaatriði, sem nefna mætti mistök, í athafnalífi landsins. Og þótt þau eigi sér vafalaust stað í sjávarútvegi sem öðrum atvinnugreinum, verðum við að muna, hver undirstaða sú atvinnugrein er, muna, að síldveiðarnar síðustu árin hafa verið undirstaða hinnar auknu velmegunar, m. a. vegna þess að stjórnarstefnan hefur rétt örvandi hönd.

Nú er um það bil ár liðið frá því, að Alþ. samþykkti samninginn um álverksmiðju í Straumsvík. Vafalaust er flestum í fersku minni, að flestir stjórnarandstæðingar börðust á móti þeirri löggjöf, Alþb.-menn óskiptir, en nokkur sneið klofnaði út úr Framsókn. En það er athyglisvert, að stjórnarandstöðumenn halda nú þessu máli lítið á lofti. Stofnun álverksmiðju í Straumsvík byggist á nýtingu vatnsorku í Þjórsá. Engum getur dulizt, er rennir huga að verðmætum landsins, að náttúrugæðum Íslands, að orka fallvatnanna er einn okkar dýrmætasti auður, en því aðeins, að menn kunni að nota hana. Við megum ekki óttast að nýta náttúruauðinn, þótt við hefðum margir kosið fremur, að hann hefði að þessu sinni getað komið meir að liði í strjálbýli okkar á þeim landsvæðum, þar sem fólkinu hefði fjölgað hægt eða íbúatala þeirra staðið í stað. Það kemur síðar. Raforkan er vaxandi þáttur í lífi þjóðarinnar. Við eigum að ganga ótrauðir í það að hagnýta þennan náttúruauð, að þessu sinni í Þjórsá, síðan áfram í öðrum fallvötnum í ört vaxandi mæli.

Ég minni á strjálbýlissjóðinn, atvinnujöfnunarsjóðinn, sem einnig var stofnaður með lögum frá síðasta Alþ., sjóð til að styðja strjálbýli landsins, sem í þessum skilningi eru allar byggðir aðrar en Reykjavík og nágrenni hennar. Sjóð, sem auk verulegs stofnframlags og árlegs framlags úr ríkissjóði í 10 ár, fær tekjur sínar frá Straumsvíkurverksmiðjunni, þegar hún er tekin til starfa. Á þann hátt á Straumsvíkurverksmiðjan að styðja alla byggð í okkar landi. Mætti það lengi vera munað í sveit og við sjó um þvert og endilangt Ísland, hverjir lýstu trausti sínu á land og þjóð í þessu máli. Búrfellsvirkjun, álbræðsla í Straumsvík og kísilverksmiðja við Mývatn, sem núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, eru tákn framsýni. Við erum með þessum framkvæmdum, eins og þjóðskáldið Matthías orðaði það, að fella stein við stein og styðja hverjir annan. Og áfram verður haldið. Sjálfstæðismenn óttast ekki stór átök. Án erlends fjármagns verða þau ekki gerð. Fram undan eru stór átök í vegamálum, í raforkuframkvæmdum, á atvinnusviði, en bæði raforkan og samgöngurnar eru þar frumskilyrði.

En í strjálbýlismálum er það mikilvægast, að fólkið í hinum strjálu byggðum trúi á sjálft sig, eigi frumkvæði að athöfnum, skipi sér saman í sterkar heildir, eins og t. d. í sveitarstjórnarmálum, beiti fjárhagsorku sinni að þýðingarmestu verkefnunum. Austfirðingar eiga t. d. ekki að hika við að axla nokkra byrði í byrjun til að mynda raforkufyrirtæki, Austurlandsvirkjun, sem yfirtæki alla raforkuvinnslu á Austurlandi og áframhaldandi orkuöflun með virkjun í Lagarfossi. Dreifing raforku um sveitir landsins hefur verið eitt af viðfangsefnunum á undanförnum kjörtímabilum og mikið hefur áunnizt. En til þess að örar mætti ganga dreifingin, upp að 2 km vegalengd milli bæja, væri hyggilegast að njóta beinnar og óbeinnar aðstoðar strjálbýlissjóðsins. Þannig er hægt að ná því marki, að þeim framkvæmdum verði lokið 1970.

Góðir áheyrendur. „Hin leiðin" heillar ekki. Við þurfum að halda áfram að starfa með athafnaþránni, með sköpunargleði fólksins, með sól og sumri fyrir land og þjóð til að nýta auðæfin í mold og á miðum, fossum og hverum, en leitast jafnframt við að flýta

okkur með þeim hraða, er farsæld fylgir. Slík er viðleitni sjálfstæðismanna og til þeirra hluta treystum við á stuðning fólksins. — Góða nótt.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti, góðir Íslendingar. Að tveim mánuðum liðnum munum við Íslendingar ganga að kjörborðinu. Á Alþ. og í málgögnum stjórnmálaflokkanna má sjá þess mörg dæmi, að kosningar nálgast. Því er nauðsynlegt fyrir kjósendur að rifja upp hleypidómalaust, hvaða áhrif stjórnmálastefna Framsóknar hafði á sínum tíma á afkomu almennings og hag hvers einstaklings í landinu, nú þegar Sjálfstfl. hefur verið leiðandi aflið um stjórn landsins um 8 ára skeið. Ég vil vekja menn til umhugsunar um þessi atriði um leið og ég bendi á, að Framsfl. er sá flokkur, sem lengst hefur viljað ganga í stjórnarathöfnum og afskiptum í atvinnumálum, húsnæðismálum, verzlunar- og viðskiptamálum, að ógleymdu skömmtunarkerfinu, er náði til alls gjaldeyris og allra lífsnauðsynja. Svo ekki sé minnzt á, þegar Farmsókn ætlaði á vinstri stjórnar árunum að víkja til hliðar nær helmingi þjóðarinnar, öllum sjálfstæðismönnum, og gera þá áhrifalausa. Það var þá talið forsenda þess, að hægt væri að stjórna þessu landi. En hvernig fór? Eftir 2½ árs forystu hljóp hún frá vandanum í annað sinn, í des. 1958, en í fyrra skiptið var það, eins og kunnugt er, árið 1938, þegar fyrra vinstri stjórnar tímabilinu lauk. Þá var leitað til sjálfstæðismanna og þjóðstjórnin mynduð. En hver var aðkoman, þegar sjálfstæðismenn tóku við 1959? Allir gjaldeyrissjóðir tómir, miklar skuldir í erlendum gjaldeyri og lánstraust landsins alveg þrotið. Það var því ærið verkefni fyrir viðreisnarstjórnina að rétta við lánstraust þjóðarinnar og mynda gjaldeyrissjóði. Öllum mun vera ljós nauðsyn trausts efnahags hverju sjálfstæðu ríki, er lifa vill menningarlífi við vaxandi velmegun, okkur Íslendingum eigi síður en öðrum þjóðum, vegna þeirrar miklu uppbyggingar, sem þjóðinni er lífsnauðsyn vegna þeirrar kyrrstöðu, er ríkti um aldaraðir. Viðreisnarstjórninni hefur tekizt að rétta við lánstraust og álit þjóðarinnar það vel, að nú standa alþjóðalánastofnanir henni opnar. Einmitt þess vegna hefur reynzt kleift að ráðast í stærstu mannvirkjagerð, sem er lykill að stóriðju á Íslandi, er rennir fleiri stoðum undir atvinnulíf og gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Það er ekki ætlun mín að segja, að ekkert megi finna að stjórnarfari síðustu 7—8 ára. Nei, alltaf er hægt að finna eitthvað, sem betur má fara. En höfuðverkefnin, er viðreisnarstjórnin tók að sér, hefur tekizt að leysa. Í því sambandi endurtek ég myndun gjaldeyrissjóðs, endurheimt lánstraust þjóðarinnar, aukna sparifjármyndun og að aldrei hefur verið flutt inn jafnmikið af stórvirkum atvinnutækjum til lands og sjávar, að ógleymdum loftflota landsmanna. Hafizt hefur verið handa um stærstu virkjun landsins, Búrfellsvirkjun, er gerir kleift að hefja stóriðju á Íslandi. Á það má minna, að stjórnarandstaðan var á móti þessum framkvæmdum, þ. e. a. s. álverksmiðjunni. Aðeins tveir framsóknarmenn sátu hjá við afgreiðslu þessa máls. Myndun gjaldeyrisvarasjóðs er forsenda frjálsra viðskipta við aðrar þjóðir og má benda á, að þrátt fyrir hinn mikla innflutning, er átt hefur sér stað síðustu árin, og frjálsræði um sölu erlends gjaldeyris, var gjaldeyrissjóður landsmanna um síðustu áramót nær 2 milljarðar kr.

Um það er vart ágreiningur, að forsenda fyrir mannsæmandi menningarlífi í landinu er sú, að þannig sé búið að atvinnuvegunum af hálfu hins pólitíska valds, að þeir geti staðið undir sér með eðlilegum hætti og eigi hvað sízt sé búið vel að þeim atvinnuvegum, er standa að verulegu leyti undir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Enginn atvinnuvegur í landinu er jafn áhættusamur og sá þáttur sjávarútvegsins, er að hráefnaöflun lýtur. Hann er jafnframt sá þáttur, sem þjóðin má sízt án vera. Að mínu áliti eru það nokkrir samverkandi þættir, sem verða að vera til staðar, svo þjóðin njóti ávaxta af þeim auði, er fiskimið okkar bjóða upp á: Nægilegur fjöldi dugandi sjómanna, er sækir gull í greipar Ægis á hverjum tíma. Athafnamenn, er bæði hafa vilja og þor til að hætta fjármunum sínum í þennan áhættusama atvinnurekstur, sem fiskveiðar eru. Nægilegt fjármagn til byggingar fiskiskipa sé fyrir hendi á hverjum tíma. Til séu verksmiðjur og verkunarstöðvar til úrvinnslu aflans. Fyrir hendi sé þekking á markaðsmálum og sölusamtök fyrir ísl. sjávarafurðir. Í sjötta lagi, ekki hvað sízt þarf að ríkja skilningur hjá þeim stjórnmálamönnum, er með völdin fara hverju sinni. Eðlileg aukning og uppbygging þessa atvinnuvegar er ekki aðeins lífsnauðsyn fyrir þá, sem næst honum standa, heldur einnig vegna þjóðarheildarinnar. Þá getur verið rík nauðsyn, að ríkisvaldið komi til aðstoðar, þegar sérstaklega stendur á.

Ósanngjarnt væri að segja annað en að vaxandi skilnings hafi gætt hjá öllum stjórnmálaflokkum á síðustu árum. Einn er sá flokkur þó, þ. e. a. s. Framsókn, er fram eftir árum hafði hvað minnstan skilning á þessum málum og beinlínis vann á móti eðlilegri þróun þeirra, þegar sá flokkur var í stjórnaraðstöðu. Og staðreynd er, að Framsókn hefur verið utan dyra á mestu uppbyggingartímum sjávarútvegsins, sem var á nýsköpunarárunum og viðreisnartímabilinu s. l. 8 ár.

Ég vil nú taka nokkur dæmi máli mínu til sönnunar. Í árslok 1938, þegar Framsókn leitaði á náðir Sjálfstfl. og þjóðstjórnin var mynduð, var vélbátafloti landsmanna samtals 496 bátar eða tæpar 13 þús. smál. Af þessum fjölda voru 218 fleytur undir 12 lestum, 400 undir

30 lestum. Á þessum tíma var bannaður innflutningur fiskibáta og einn mektar útvegs- og athafnamaður var sektaður fyrir að gera tilraun til vöruskipta á síld til Svíþjóðar og fiskibáti til Íslands. Það er ekki fyrr en að verka nýsköpunarstjórnarinnar fór að gæta, að aukning varð á vélbátaflotanum á árunum 1947—1949. Bátarnir stækkuðu og þeim fjölgaði. Á þessum árum nær tvöfaldaðist rúmlestafjöldi þeirra, komst upp í tæpar 26 þús. rúmlestir og nær helmingur þeirra yfir 30 rúmlestir.

Í árslok 1958 fór vinstri stjórnin frá völdum. Þá var bátafjöldinn 649, samtals röskar 28 þús. rúml. Það er athyglisvert, að þegar 1. kjörtímabili viðreisnarstjórnarinnar lauk, var bátafloti landsmanna 787 skip, tæpl. 42 þús. rúml., og nú um s. l. áramót, þegar 1/2 ár er eftir af öðru kjörtímabili viðreisnarstjórnarinnar, er fjöldinn 761 bátur, að rúmlestatölu tæpl. 55 þús. lestir.

Við þetta má bæta, að í smíðum voru um s. l. áramót 34 bátar, samtals 10 800 rúmlestir. Mér virðist, að þessar tilvitnanir sýni, að þegar Sjálfstfl. hefur stjórnarforystu, þá leyfir hann einstaklingunum að njóta sín. Hann vill laða fram dug og dáð og leyfir þeim innan hæfilegra marka að njóta ávaxta af hugkvæmni sinni og dugnaði, til velferðar sér og sínum. Enginn getur náð langt í þessum efnum, nema samborgararnir og þjóðfélagsheildin njóti þar einnig góðs af. Þetta sýnir, að fjármagnið hefur leitað í stærri bátana, þ. e. a. s. síldarbátana, en sjómenn hafa leitað þangað, sem meiri hagnaðarvon er. Þess vegna hefur mjög lítið verið byggt af bátum, sem fyrst og fremst eru ætlaðir til bolfiskveiða. Þetta er áhyggjuefni vegna hráefnisöflunar fyrir fiskvinnslustöðvarnar víðs vegar um landið og verð ég að láta nægja að benda á þáltill., er við þrír þm. stjórnarflokkanna höfum flutt, um athugun á sérstökum ráðstöfunum til endurnýjunar smærri vélbátanna og bættum rekstrargrundvelli fyrir þá.

Við skulum eigi álíta, að ekki hafi orðið erfiðleikar á vegi þjóðarinnar, sem stjórninni hefur ekki tekizt að hafa í fullu tré við. Verðbólgan hefur verið það verkefni, sem þessari stjórn hefur ekki tekizt að ráða niðurlögum á, frekar en öðrum ríkisstj., er með völdin hafa farið allt frá stríðslokum. Það eru svo mörg samverkandi öfl, sem við er að glíma, en sérstaklega veldur þetta útflutningsatvinnuvegunum miklum erfiðleikum. Þegar þar við bætist, að mikið verðfall hefur orðið á ýmsum aðalútflutningsvörum okkar, svo sem síldarmjöli, síldarlýsi og hraðfrystum fiski, þá er vandinn þeim mun meiri.

Alþ. samþ. á s. l. hausti verðstöðvunarlög, er gilda skulu til 31. okt. n. k. Svo bezt ná lög þessi tilgangi sínum, að kaupgjaldið hækki ekki umfram það, sem atvinnuvegirnir geta borið. Þá hefur hæstv. ríkisstj. samið við útflutningsatvinnuvegina um nokkrar uppbætur og verðtryggingu á útflutningsafurðum hraðfrystiiðnaðarins og eru tekjur til þessara ráðstafana fengnar án nýrrar skattlagningar.

Minnisstæð frá umr. um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins verða mér ummæli hv. stjórnarandstöðuþm. og þá sérstaklega hv. þm. Lúðvíks Jósefssonar, en þar lék hann svo tveim skjöldum, að jafnvel er einsdæmi, þegar hann gaf í skyn, að 260 millj. kr., sem er millifærsla frá útgerðinni sjálfri, vátryggingariðgjöld og greiðslur í aflatryggingarsjóð, væru uppbætur úr ríkissjóði. Þeir eru margir, er telja, að of langt sé gengið til stuðnings hraðfrystiiðnaðinum, og átti þessi kafli í ræðu Lúðvíks að ná eyrum þeirra manna. Hins vegar var sá kafli, er ætlaður var frystihúseigendum. Um þeirra óánægju vissi hann, en þeir telja, að of skammt sé gengið til móts við þeirra þarfir vegna þess verðfalls, sem þegar er skollið yfir og horfur eru á, að verði á frystum afurðum. En í sambandi við lögin um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins vil ég benda framleiðendum á hugmyndina um verðtryggingarsjóði, sem þar kom fram, og er að mínu viti mjög athyglisverð. Við framleiðendur eigum að veita þeirri hugmynd verðskuldaða athygli, — svo við verðum betur undir það búnir að taka verðsveiflum, sem alltaf geta orðið á afurðum sjávarútvegsins. Það eru ýmis vandamál, er bíða úrlausnar, eins og alltaf verður, bæði varðandi útgerð báta og togara sem og vinnslustöðva í landi.

Því miður leyfir tími minn ekki að fara langt út í þá sálma nú. Ég vil aðeins benda á mál, sem varða þessar greinar sjávarútvegsins, þó ekki verði nema upptalning.

Fyrir Alþ. liggur frv. til l. um fiskimálaráð, flutt af 8 þm. Sjálfstfl., um samvinnu allra aðila, sem hlut eiga að máli, um mótun heildarstefnu í áframhaldandi uppbyggingu sjávarútvegsins, aukningu fiskiskipastólsins, um eðlilegt jafnvægi milli hinna mismunandi útgerðargreina, svo og uppbyggingu fiskvinnslu- og fiskiðnaðarfyrirtækja, sem og samvinnu um markaðsmál. Einnig þáltill. um endurbyggingu togaraflotans o. fl., flutt af 4 þm. Sjálfstfl. Þá vil ég einnig minna á þrjú mikilsverð mál, sem núv. ríkisstj. hefur til lykta leitt, til hagsbóta fyrir útvegsmenn og sjómenn.

Það eru í fyrsta lagi lögin um verðlagsráð sjávarútvegsins, er sett voru árið 1961, en þau auka samstöðu útvegsmanna og sjómanna. Í verðlagsmálum ferskfiskafla eiga þeir samleið, eins og á þeim málum hefur verið haldið frá árinu 1960. Einnig fyrirbyggja lögin stöðvun vegna ágreinings um skiptaverð til sjómanna. Þá var á síðasta þingi sett löggjöf um sameiningu stofnlánasjóða sjávarútvegsins, fiskveiðasjóðs og stofnlánadeildarinnar. Það er trú mín, að þessi sameining með auknu fjármagni verði til mikilla hagsbóta fyrir sjávarútvegsframleiðendur. Í þriðja lagi vil ég benda á, að fyrir tilstuðlan hæstv. ríkisstj. var tekin

upp á s. l. ári vigtun á allri bræðslusíld á Austur- og Norðurlandi. Við nokkrir þm. Sjálfstfl. bárum fram þáltill. um það mál á þinginu 1964, en mál þetta hafði verið baráttumál útvegsmanna og sjómanna um langan tíma.

Ég get ekki stillt mig um að vekja athygli á ummælum hv. þm. Eysteins Jónssonar s. l. þriðjudagskvöld, þar sem hann gerði að umtalsefni framlög ríkissjóðs til hafnarframkvæmda og sagði m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. hefur nú lagt fram frv., sem gerir ráð fyrir að fella úr lögum skyldu ríkissjóðs til þess að leggja fé í hafnirnar.“ Sannleikur málsins er sá, að skv. 6. gr. frv. greiðir ríkissjóður 75% stofnkostnaðar hafnargarða, dýpkana á siglingaleið að og frá höfn og hafnarsvæða innan marka, sem ákveðin eru af rn., í stað 40% áður. Af stofnkostnaði annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja verða greidd 40%, eins og verið hefur hingað til.

Þá eru í nefndu frv. till. um eflingu hafnabótasjóðs, bæði með auknu framlagi úr ríkissjóði og heimild til lántöku allt að 350 millj. kr.

Ég spyr, með hvaða hugarfari hefur hæstv. formaður Framsfl. lesið frv. þetta? Að mínu viti er frv. þetta til mikilla hagsbóta fyrir hafnarframkvæmdir í landinu. Það er nú til athugunar í sjútvn. Alþ. og vonandi vinnst tími til að afgreiða það á þessu þingi.

Það fer ekki á milli mála, að afkoma landsmanna fer eftir því, hvernig að atvinnuvegunum er búið, og þá ekki hvað síst undirstöðuatvinnuvegunum. Ég sýndi hér áðan, hvernig var að vélbátaflotanum búið, þegar Framsókn hafði að mestu ráðið um 10 ára skeið, eða árið 1938. Það er ekki fjarri sanni, að þá muni góðar meðaltekjur háseta á vélbátaflotanum hafa numið um 2000 kr. á ári, en það jafngildir, miðað við neyzluvísitölu ársins 1938 og 1966, 45 704 kr. Skv. nýjasta hefti Hagtíðinda eru meðaltekjur sjómanna, þ. e. a. s. háseta, árið 1965 kr. 290 þús., en meðaltekjur allra kvæntra karla á aldrinum 25—66 ára árið 1965, kr. 248 þús. Meðaltekjur sjómanna 1938 hafa því verið um 16 af hundraði, miðað við tekjur þeirra árið 1965. Ég held, að þessar tölur tali sínu máli. Ef nokkuð líkar aðstæður væru nú fyrir hendi, yrðu miklar lífsvenjubreytingar að eiga sér stað með þjóðinni.

Framsfl. hefur nú nýlega haldið sitt 14. ársþing og haldið upp á 50 ára afmæli flokksins. Hefur að vonum verið gert mikið úr þessum tímamótum í málgagni flokksins, en við lestur samþykkta þeirra framsóknarmanna hef ég ekki getað varizt þeirri hugsun, að í trúarlegum efnum er talað um, að menn geti frelsazt, jafnvel hér á jörðu, og fengið fyrirgefningu synda sinna. Mér virðast þeir framsóknarmenn ætla nú að reyna að telja landsmönnum trú um, að eitthvað svipað þessu hafi gerzt með flokk þeirra og nú ætli þeir að bæta ráð sitt og lífa og stjórna sem réttlátir menn eftirleiðis og hætta að veita þeim framsóknargæðingum forgang, þar sem þeir gætu komið því við. En hver trúir því? Mín vissa er, að nógu margir Íslendingar muni þeirra valdatíð og forði því, að ofstjórn Framsóknar hefji innreið sína aftur hér á landi. Þeir munu fylkja sér um Sjálfstfl., svo áfram verði haldið við uppbygginguna til farsældar fyrir land og lýð, tryggja með því áframhaldandi velmegun og réttlátt stjórnarfar í landinu, minnugir þess, að aðalkosturinn við frjálsa stjórnskipan þjóðarinnar er sá, að einstaklingurinn fær að hugsa sjálfur. Þökk þeim er á hlýddu. — Góða nótt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti, góðir áheyrendur. Fyrir skömmu var ég á morgungöngu til vinnu minnar. Leið mín lá, eins og oftast, um Hljómskálagarðinn. Kemur þá gangandi á móti mér gamall skólafélagi minn og kunningi, búsettur úti á landi, en var að reka erindi í Reykjavík og hafði gengið sér til hressingar í Hljómskálagarðinn á góðviðrismorgni. Urðu þetta fagnaðarfundir, og tókum við tal saman. Hér er um vel menntaðan gáfumann að ræða, og hafði ég ánægju af samtalinu. Þó að hann sé óflokksbundinn, að því er ég bezt veit, hefur hann áhuga á stjórnmálum og vék m. a. að þeim.

Hann sagði, að nú ætluðum við að láta kjósa. Ég svaraði því til, að réttur tími væri kominn til þess skv. lýðræðisreglum. Þá sagði hann: Trúið þið því í raun og veru, að þið séuð að halda uppi lýðræði með þessum kosningum? Er ekki alveg sama, hvernig kosningarnar fara, er ekki alveg sama, hvort þið í stjórnarflokkunum vinnið eða stjórnarandstaðan sigrar? Gerir ekki ríkisstj. eftir kosningar alveg hið sama, hvort sem þið eruð í stjórn eða einhverjir aðrir? Heldurðu t. d., að Framsfl. hefði ekki gert eitthvað ósköp svipað og þið hafið verið að gera undanfarin ár, ef hann hefði verið í stjórn? Og heldurðu t. d., að verkalýðsforingjarnir í Alþb. hefðu beitt sér fyrir jafnmiklum kauphækkunum og þeir hafa gert undanfarin ár, ef þeir hefðu verið í stjórn? Ekki gerðu þeir það á vinstri stjórnar árunum. Nei, blessaður vertu, sagði hann, þeir sem stjórna þurfa að vera ábyrgir, hvort sem það eru þið eða aðrir. Þeir reyna alltaf að stjórna af viti, hverjir svo sem það eru, en hinir, sem eru í stjórnarandstöðu, eru alltaf óábyrgir og segja allt annað en þeir myndu gera, ef þeir væru í stjórn. Þess vegna held ég, að ekki skipti svo miklu máli, hvern maður kýs af þessum flokkum. Aðstæðurnar leiða í ljós, hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar, og þær verða gerðar, hver svo sem fer með völdin.

Ég hef oft áður orðið var við, að sumir telja, að það skipti í raun og veru litlu máli, hvaða flokkar fari með völd. Þeir hegði sér allir svipað við stjórnvölinn. Munurinn á flokkunum er að sjálfsögðu ekki eins mikill og deilurnar hér á þingi, að ég ekki tali um blaðadeilurnar, gefa tilefni til að halda. En það hefur engu að síður grundvallarþýðingu á mörgum sviðum, hverjir með völdin fara. Í þessum orðum

minum langar mig til að leiða rök að því, hvers vegna aukin áhrif, annaðhvort Framsfl. eða Alþb., nú mundu verða til tjóns og hvers vegna skynsamir og ábyrgir kjósendur ættu ekki að efla þessa flokka.

Ég býst við, að ýmsum muni bregða, þegar þeir heyra mig segja, að ég telji Framsfl. nú vera mesta og í raun og veru eina afturhaldsflokk landsins. En ég skal færa rök fyrir þessari skoðun minni. Hvað er afturhaldssemi í stjórnmálum? Það er að vilja varðveita ríkjandi ástand, jafnvel þótt breyting myndi t. d. auka þjóðartekjur eða jafna lífskjör. Það er að vilja viðhalda þjóðfélagskerfi, jafnvel þótt það sé ranglátt og efli þrönga sérhagsmuni, en sé heildinni til tjóns. Það er að vilja ekki laga sig að breyttum aðstæðum og nýjum hugsunarhætti.

Og nú skal ég nefna nokkur dæmi um afturhaldssamar skoðanir Framsfl. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að síðustu tvo áratugi hafa allar þjóðir á Vesturlöndum aukið frjálsræði í viðskiptum og til framkvæmda, samtímis því sem þær hafa eflt heildarstjórn efnahagsmála með beitingu markvissrar stefnu í peninga- og fjármálum og hagnýtingu áætlunargerða til langs tíma í vaxandi mæli. Með þessu móti hafa orðið meiri efnahagsframfarir og betra jafnvægi náðst í efnahagsmálum en nokkru sinni fyrr. Jafnframt hefur verið horfið frá hvers kyns höftum í viðskiptum og framleiðslu. Þessari sömu stefnu hefur verið fylgt hér á landi á undanförnum árum. Framsfl. hefur hins vegar enn trú á höftum og úthlutunarnefndum sem hagstjórnartæki. Hann hefur beitt sér gegn ráðstöfunum ríkisstj. til þess að auka viðskipta- og athafnafrelsi. Hann hefur engan skilning á gildi gjaldeyrisvarasjóðs fyrir viðskiptafrelsi og lánstraust þjóðarinnar erlendis. Hann hefur engan skilning á nauðsyn ábyrgrar stefnu í peningamálum. Framsfl. telur sig að vísu hlynntan áætlunargerð. En þegar flokkurinn var í ríkisstj. og hafði tækifæri til að stuðla að áætlunargerð, var áhuginn fyrir henni enginn. Og þetta var raunar eitt helzta ágreiningsefnið innan vinstri stjórnarinnar milli Framsfl. annars vegar og Alþfl. og Alþb. hins vegar. Heilindin í þessu máli eru ekki heldur meiri en það nú, að í öðru orðinu tala fulltrúar flokksins um áætlunargerð sem allra meina bót, en í hinu orðinu ráðast þeir á þá áætlunargerð, sem framkvæmd hefur verið á undanförnum árum og er fyrsta viðleitni hér á landi í þessu efni. Einn ræðumaður flokksins í fyrrakvöld réðst meira að segja með offorsi á þær endurbætur í skipulagi skólabygginga, sem framkvæmdar hafa verið á undanförnum 3 árum, og orðið hafa til að flýta fyrir skólabyggingum víða um land. Á þessu mikilvæga sviði, þ. e. a. s. að því er snertir sjálfa stjórn efnahagsmálanna, sem hefur verið þungamiðja stjórnarathafna, bæði hér á landi og annars staðar á undanförnum áratugum, eru skoðanir Framsfl. því afturhaldssamar, en ekki framsæknar. Aðild hans að ríkisstj. mundi tvímælalaust leiða til þess, að hætt væri að beita stefnunni í fjármálum og peningamálum til að tryggja efnahagsjafnvægi og örva hagvöxt, og að hætt væri við beitingu áætlunargerðar í fullri alvöru. Í stað þess mundi koma afturhvarf til haftakerfis og nefndafargans, með öllum þeim töfum á framkvæmdum og framförum og allri þeirri spillingu, sem þeirri skipan fylgir.

Ég skal nefna annað dæmi. Allir skynsamir menn munu nú hafa gert sér grein fyrir því, að eitt brýnasta viðfangsefni ísl. efnahagsmála er að endurskipuleggja málefni íslenzks landbúnaðar og dreifbýlisins yfirleitt. Ísl. landbúnaður á ekki að framleiða fyrir erlendan markað, heldur til innanlandsneyzlu. Framleiðsluaukning landbúnaðarins á undanförnum árum hefur verið keypt dýru verði með gífurlegri fjárfestingu, en hún hefur ekki aðeins verið verðlaus að mestu fyrir þjóðfélagið í heild, heldur hefur hún jafnvel um skeið orðið bændastéttinni sjálfri til tjóns. Þær gífurlegu fjárfúlgur, sem greiða verður í uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur, eru mjög þungur baggi á skattgreiðendum í landinu. Hér þarf nýja stefnu. En Framsfl. bendir ekki á hana. Sú stefna, sem nú hefur leitt til offramleiðslunnar og byrðanna á skattgreiðendurna, var að verulegu leyti mótuð af Framsfl. og verður áreiðanlega ekki breytt í samstarfi við hann. Á þessu sviði vill hann enn gömlu stefnuna. Hann er afturhaldsflokkur, og hið sama verður uppi í dreifbýlismálunum yfirleitt. Á því sviði er framsækin stefna auðvitað fólgin í því, að færa byggðina skipulega saman, skv. vandlega gerðri áætlun, til þess að bæta afkomuskilyrði og menningarlíf fólksins. En það er ekki stefna Framsfl. Hann vill viðhalda því, sem er, með því að viðhalda hvers konar styrkjum og jafnvel auka þá. Framsfl. spyr t. d. aldrei þeirrar spurningar, hvað það kosti að leggja rafmagn eða veg til afskekkts bæjar. Meðan bærinn er þarna, skal hann fá bæði rafmagn og veg, jafnvel þótt líklegt sé, að fólkið flytji burt að ári. Þetta er afturhaldsstefna.

Og þriðja dæmið skal ég nefna. Á undanförnum áratugum hefur þróunin orðið sú, ekki aðeins í V.-Evrópu, heldur einnig í A.-Evrópu, og ekki aðeins í Evrópu, heldur einnig í öðrum heimsálfum, að efnahagssamstarf og viðskiptatengsl landa í milli hafa aukizt og jafnvel verið efnt til ýmiss konar efnahags- og viðskiptabandalaga. Þetta hefur yfirleitt haft í för með sér aukin millirikjaviðskipti og aukna framleiðslu. Íslendingar standa enn að mestu utan þessarar þróunar. Enginn vafi er þó á því, að á næstu árum og áratugum á Ísland eftir að tengjast umheiminum sterkari viðskiptaböndum en nú á sér stað. Það er framsækin stefna og frjálslynd að taka þátt í þessari alþjóðaþróun. Í þessum efnum fylgir Framsfl. hins vegar þröngsýnni og úreltri einangrunarstefnu.

Flokkurinn telur sig eflaust vera að halda á lofti þjóðernisstefnu, og væri það út af fyrir sig lofsvert, ef hún kæmi ekki fram sem innilokunarstefna, í algerri mótsögn við það, sem aðrar þjóðir hafa verið að gera og eru að gera í þessum efnum. Að þessu leyti er Framsfl. tvímælalaust afturhaldsflokkur. Og nú finnst mér ekki frekar þurfa vitnanna við um það, að Framsfl. stendur því miður ekki lengur undir nafni sínu. Þessi flokkur er ekki lengur það, sem hann var á dögum hinna frjálslyndu foringja, Tryggva Þórhallssonar og Jónasar Jónssonar. Hann er ekki lengur það, sem hann var, meðan hann naut enn raunhæfrar forystu Hermanns Jónassonar og stefndi að því að byggja stjórn landsins á einlægri samvinnu við launþegasamtökin. Framsfl. kafnar nú undir nafni.

Þá er að víkja að Alþb. Skyldu aukin áhrif þess geta orðið til góðs? Engum heilskyggnum manni mun nú geta blandazt hugur um, að kommúnistar ráða lögum og lofum í Alþb. og móta stefnu þess. Hafi nokkur einhvern tíma verið í vafa um það, hlýtur sá efi að hafa horfið eins og dögg fyrir sólu, þegar framboðslisti Alþb. í Rvík var kunngjörður fyrir fáeinum dögum. Þótt sá listi sé talinn listi Alþb., er hann alveg augljóslega framboðslisti Sósíalistafélagsins í Rvík, hins forna vígis þeirra hörkukommúnista, sem ekkert hafa lært og engu gleymt af þjóðfélagsþróun síðustu áratuga. Hversu margir sem þeir menn eru enn þá innan Alþb., sem hafa í raun og sannleika allt aðrar skoðanir en þessir kommúnistar, þá fer ekki á milli mála, að Alþb. er stjórnað af mönnum, sem engan skilning hafa á gildi lýðræðis, málfrelsis og mannréttinda. Því er stjórnað af mönnum, sem aldrei dettur annað í hug en að þeir hafi alltaf rétt fyrir sér, og mundu því taka allt vald í hendur lítils harðsnúins minni hluta, ef þeir hefðu aðstöðu til. Slíkt hefur gerzt í fjöldamörgum löndum á undanförnum áratugum, t. d. í A.-Evrópu. Hafið þið nokkurn tíma heyrt leiðtoga ísl. kommúnista gagnrýna einræðið í A.-Evrópu, skoðanaófrelsið, skortinn á mannréttindum? Nei, auðvitað ekki. Þeim finnst einræði kommúnistaflokks jafnréttlátt og þeim fyndist einræði einhvers annars flokks ranglátt. Slíkir menn eru satt að segja varhugaverðir. Þetta geta verið greindarmenn og persónulega bezta fólk. En þeir eru slegnir blindu á sálinni. Sú blinda er eflaust hættulítil, meðan þeir eru áhrifalitlir. En ef þeir verða áhrifamiklir, getur þessi hörmulega sálarblinda orðið afdrifarík. Meðan Alþb. er undir forystu slíkra manna, geta aukin áhrif þess í ísl. stjórnmálum ekki orðið til góðs.

Góðir áheyrendur! Alþfl. hefur nú átt aðild að ríkisstj. í næstum 11 ár. Það er lengri samfelld stjórnarþátttaka en dæmi eru til um áður í ísl. stjórnmálasögu. Á þessum árum hefur Alþfl. lagt sig allan fram að stuðla að þess konar skipan á efnahagsmálum þjóðarinnar, sem leitt geti til sem mestra þjóðartekna. Hann hefur lagt sig allan fram að stuðla að þess konar skipan á félagsmálum þjóðarinnar, að jöfnuður og réttlæti ríkti. Hann hefur lagt sig allan fram að stuðla að þess konar skipan á menningarmálum þjóðarinnar, að menntun æskunnar yrði sem bezt og listir og vísindi gætu blómgazt og bætt líf þjóðarinnar og fegrað það. Enginn sanngjarn maður mun bera á móti því, að mikið hafi áunnizt á öllum þessum sviðum á undanförnum 11 árum, og að Alþfl. eigi þar farsælan hlut að, þótt mér komi auðvitað ekki til hugar að eigna honum einum allt það, sem vel hefur verið gert á undanförnum árum. En Alþfl. hefur lagt ríkari áherzlu á að stuðla að framgangi góðra mála og ná þeim árangri, sem völ er á hverju sinni, en að halda fast í bókstaf gamalla yfirlýsinga, hvað þá að starf hans hafi nokkurn tíma verið kreddubundið. Og Alþfl. hefur jafnan lagt sérstaka áherzlu á að vera drengilegur aðili í samstarfi. Það vill hann ávallt vera.

Alþfl. er því miður minnsti stjórnmálaflokkurinn, þótt ekki muni að vísu miklu á fylgi hans og Alþb. En það jafngildir ekki því, að hann sé áhrifaminnsti stjórnmálaflokkurinn. Alþfl. hefur haft mikil áhrif á ísl. stjórnmál undanfarna áratugi, bæði meðan hann hefur verið í stjórnarandstöðu og einkum þó, þegar hann hefur verið í stjórn. Ef áhrif Alþfl. í ísl. stjórnmálum minnkuðu, yrði það til mikils tjóns. Hann er sá ísl. stjórnmálaflokkur, sem af mestu frjálslyndi og minnstri kreddufestu hefur hagað störfum sínum eins og hann hefur talið, að þjóðarheildinni væri fyrir beztu hverju sinni. Hann hefur aldrei látið neins konar ofstæki stjórna gerðum sínum. Hann hefur aldrei viljað hundsa eða lítilsvirða neinn minni hluta, hvað þá lumbra á honum, heldur ávallt verið reiðubúinn til þess að virða skoðanir annarra og taka sanngjarnt tillit til þeirra. Hann hefur viljað láta skynsemi, góðvild og drengskap stjórna gerðum sínum. Af þessum sökum yrði það áreiðanlega til góðs í íslenzkum stjórnmálum, ef kosningarnar í sumar leiddu til aukinna áhrifa Alþfl. Hann mundi nota þau auknu áhrif til þess að halda áfram að stuðla að betra þjóðfélagi á Íslandi, þroskaðra þjóðlífi, fegurra mannlífi.

Friðjón Skarphéðinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar líður að lokum þessa Alþ. og kjörtímabili er einnig að ljúka, er eðlilegt og sjálfsagt, að menn rifji upp og velti fyrir sér, hvernig störf Alþ. hafa tekizt og hvernig þjóðinni hafi vegnað undir forystu þeirrar ríkisstj., sem með völd hefur farið undanfarin ár. Það er einnig eðlilegt, að menn geri samanburð á þessum síðustu árum og öðrum tímabilum í tiltölulega náinni fortíð, þegar aðrar ríkisstj. fóru með völd. Þeim, sem hafa haft þolinmæði til þess að hlusta á hrollvekjuræður stjórnarandstæðinga í eldhúsdagsumr. á þriðjudagskvöldið var og jafnvel í kvöld líka og leggja einhvern trúnað á það, sem þar hefur verið sagt, gefst heldur en ekki á að líta. Samkv.

því, sem þeir segja, er hér allt í kaldakoli. Nálega hvergi stendur steinn yfir steini. Þjóðin sé skattpínd og mergsogin, segja þeir, og atvinnuvegirnir í rúst. Varla nokkurs staðar sé ljósglætu að sjá og ömurleikinn uppmálaður hvert sem litið er. Þetta er í aðaldráttum inntakið úr ræðum stjórnarandstæðinga.

Ég varð raunar ekkert undrandi yfir þessum málflutningi. Á slíkan málflutning er maður búinn að hlusta ár eftir ár á mörgum þingum og er raunar orðinn hálfleiður á. En ég á von á því og er raunar viss um, að fjölmargir fylgismenn stjórnarandstöðunnar hafa orðið undrandi. Það getur engum dulizt, sem heilskyggn getur talizt, að verulegur hluti af þessu moldviðri nálgast mjög að vera hrein öfugmæli. Engum blöðum er um það að fletta, að samanburður á afkomu og lífskjörum þjóðarinnar það tímabil, sem núv. ríkisstj. hefur setið að völdum, við hvaða ríkisstj.-tímabil annað sem er, er hagstæður fyrir núv. ríkisstj. og þá stjórnarstefnu, sem hún hefur fylgt. Það er fyrst og fremst þetta, sem miða á við, því að það er æðsta skylda hverrar ríkisstj. að hlutast til um, að lífskjör þjóðarinnar séu sem bezt í efnalegu, menningarlegu og félagslegu tilliti. Það vita allir, að ekkert fyrra tímabil stenzt samanburð við stjórnartíð núv. ríkisstj. að þessu leyti. Þetta viðurkenna sumir stjórnarandstæðingar í öðru orðinu, þó að þeir virðist að vísu hálffeimnir við það, en bæta því þá gjarnan við, að þetta sé eingöngu vegna þess, að aldrei hafi jafn hagstætt árferði yfir þetta land komið eins og hin síðari ár. Sigurður Ingimundarson benti réttilega á það s. l. þriðjudagskvöld í ræðu sinni, að þetta er beinlínis rangt. Hitt er vitanlega rétt, að aldrei hefur sjávarafli Íslendinga orðið jafn mikill og hin síðari ár, en það hefur gerzt einfaldlega vegna þess, að það var ekki fyrr en hin síðari ár, að Íslendingar eignuðust skip, tæknibúnað og tæknikunnáttu til þess að veiða síld í stórum stíl á fjarlægum miðum. Þetta var mögulegt fyrst og fremst vegna þess að skynsamlegri stjórnarstefnu var fylgt. Hinu verður að vísu ekki neitað, að hagstæð verðlagsþróun á hér talsverðan hlut að máli, þar til hin síðustu missiri, að brugðið hefur til hins lakara í þeim efnum.

Þó að ástæða sé til að gleðjast yfir framförum og velgengni hinna síðari ára, fer því þó fjarri, að ég vilji halda því fram, að hér sé allt eins og bezt verður á kosið. Því miður er það ekki svo, enda mun það seint verða. Verðbólguþróunin hefur verið mönnum alvarlegt áhyggjuefni í aldarfjórðungsskeið og núv. ríkisstj. hefur ekki tekizt að ráða niðurlögum hennar þrátt fyrir góðan vilja fremur en fyrri ríkisstj. Í henni er fólgin alvarleg hætta, enda hefur ríkisstj. sýnt fyllstu viðleitni til þess að halda henni í skefjum eins og raunar stjórnarandstæðingar viðurkenna. Engum mun koma til hugar að halda því fram, að framsóknar- og Alþb.-mönnum hefði tekizt að halda verðbólgunni í skefjum, þó að þeir hefðu setið í stjórn þessi ár.

Það munu seint koma þeir tímar, að ekki verði vandamál og erfiðleikar við að etja, og aldrei mun nein ríkisstj. geta þannig haldið á spilum, að ekki geti orkað tvímælis um vissa hluti, sem hún aðhefst. Það er lögmál, sem ekki verður haggað, og til þess er stjórnarandstaða í lýðræðislöndum að vekja athygli á slíku og benda á skynsamlegri leiðir að hennar dómi.

Á undanförnum árum hefur verið mikið um opinberar framkvæmdir á vegum ríkisins og yfirleitt stórum meira en nokkru sinni fyrr. Vissulega hefðu þó flestir óskað þess, að þær hefðu getað verið meiri. En því eru takmörk sett, hverju fámenn þjóð getur afkastað. Það er engan veginn óeðlilegt, að nokkurrar óþolinmæði gæti hjá ýmsum, vegna þess að of hægt þykir ganga með ýmsar framkvæmdir. Það er t. d. kunnugra en frá þurfi að segja, að margir læknar og þó einkum yngri kynslóð þeirra hefur haldið uppi gagnrýni á seinagang í byggingu og viðgangi ýmissa heilbrigðisstofnana. Vissulega vita þessir menn bezt, hvar skórinn kreppir í þessum efnum, en hitt vita þeir líka, þegar þeir leiða að því huga, að við erum með ótal verkefni önnur í takinu, sem óhjákvæmilegt er, að unnin verði samtímis og því miður eru því nokkur takmörk sett, hve miklu hægt er að verja til jafnvel svo brýnna mála sem heilbrigðismála. Ég held því ekki fram, að þessi gagnrýni sé ástæðulaus, en um það má sjálfsagt deila eins og margt annað.

Ef við leiðum hugann að vegakerfi landsins, vita allir, að á því sviði eru óhemjumikil verkefni fram undan til þess að ná því marki, að vegakerfið nálgist það að verða sambærilegt við vegakerfi flestra annarra þjóða. Um þetta tjáir ekki að sakast. Við völdum einfaldlega ekki því fjárhagslega átaki, sem til þess þyrfti, að gera þetta á fáum árum. Hins vegar hljótum við að setja markið það hátt, að það gerist á sem skemmstum tíma, og aldrei hefur jafnmiklu fé verið varið til vegamála og nú hin síðari ár. Sama máli gegnir um aðra þætti samgöngumála. Við höfum til skamms tíma verið vanþróuð þjóð í þessum efnum og má að vísu segja, að við séum það enn. En Róm var ekki byggð á einum degi. Þó að skólabyggingar hafi verið meiri hin síðari ár en nokkru sinni fyrr, eru þar einnig ótæmandi verkefni fyrir höndum. Þannig er þetta á flestum sviðum og engin furða, þó að þjóðin finni til einhverra vaxtarverkja.

Almannatryggingakerfið í núv. mynd sinni hefur verið byggt upp á síðustu 20 árum. Stærsta átakið fram á við, eftir að kerfið var stofnað, gerðist 1960, eftir að Sjálfstfl. og Alþfl. höfðu myndað ríkisstj. Þá voru bætur trygginganna hækkaðar stórkostlega og miklu meira en áður hafði átt sér stað. Síðan hafa verið gerðar mjög þýðingarmiklar umbætur á kerfinu, eins og áður hefur verið bent á í þessum umr. Við Alþfl.-menn teljum þó, að hér megi

ekki láta staðar numið. Elli- og örorkulífeyrir þarf að hækka verulega og raunar fleiri tegundir bóta og fleiri umbætur eru æskilegar. Þó að þetta kosti mikið fé, leggjum við á það áherzlu, að þetta gerist eins fljótt og hægt er og eins myndarlega og hægt er. Eins og hér á landi hefur átt sér stað atvinnubylting á hinum síðustu áratugum og með vaxandi hraða hin síðustu ár, eru almannatryggingarnar samsvarandi bylting á félagsmálasviði. Talið er, að greiddar bætur almannatrygginga á s. l. ári hafi numið nokkuð yfir 1 milljarð kr. og gefur sú upphæð nokkra hugmynd um þýðingu þeirra.

Fullvíst má telja, að stjórnarskrárbreyting um lækkun kosningaaldurs í 20 ár verði samþ. á þessu þingi. Alþfl. hefur beitt sér fyrir þessu máli og ungir jafnaðarmenn tóku fyrir allmörgum árum upp baráttu fyrir lækkun kosningaaldurs í 18 ár. Er þetta raunar í samræmi við heföbundna skoðun Alþfl. um rúman kosningarrétt. Samkomulag varð um það hjá stjórnarflokkunum, að kosningaaldurinn verði færður niður um eitt ár. Er það vissulega mikil réttarbót fyrir ungt fólk, þó að ýmsir hefðu viljað ganga lengra. En ætla má, að allir flokkar styðji þetta mál. Hins vegar mun Alþfl. vafalaust, þegar stundir líða, vinna að frekari lækkun kosningaaldurs og leita samstöðu á Alþ. um það, þegar tækifæri gefst. Ungu fólki mun vafalaust aukast ábyrgðartilfinning með auknum félagslegum réttindum og þessi réttarbót mun áreiðanlega verða þjóðinni í heild til góðs.

Á hinum síðustu missirum hefur verið rætt talsvert um svokallaðar landshlutaáætlanir, fyrst og fremst Vestfjarðaáætlun og nú síðast um Norðurlandsáætlun. Segja má, að áætlunarbúskapur og áætlunarkerfi hafi verið stefna og baráttumál Alþfl. jafnvel áratugum saman. Málinu hefur hins vegar lítt eða ekki verið hægt að þoka áfram fyrr en á hinum síðari árum. Það gerðist fyrst fyrir atbeina núv. ríkisstj., að hafizt var handa í þessum efnum, enda var þetta einn liður í samkomulagi stjórnarflokkanna. Fyrsta tilraunin af þessu tagi hér á landi var þjóðhags- og framkvæmdaáætlun 1963—1966, sem unnin var á vegum Efnahagsstofnunarinnar, eins og kunnugt er. Áætlanir um framkvæmdir bæjar- og sveitarfélaga eru nú í uppsiglingu á ýmsum stöðum, enda hafa bæjar- og sveitarfélög stöðugt með höndum óhemju miklar framkvæmdir. Vestfjarðaáætlunin, sem áður er nefnd, fjallar um vegi og önnur samgöngumannvirki, sem þar hefur skort mjög tilfinnanlega, og hefur nú verið unnið eftir henni um skeið og verður fram haldið eins og efni standa til. Talsmenn Framsfl. hafa nú um sinn tamið sér að tala um röðun framkvæmda eftir fyrir fram gerðri áætlun og sé þá farið eftir því, hvað nauðsyn hvers verkefnis er brýn. Um þetta er ekkert nema gott að segja og batnandi mönnum er bezt að lifa. En þetta er ekkert nýmæli, heldur í samræmi við þá viðleitni, sem núv. ríkisstj. hefur uppi haft í sambandi við áætlunargerðir. Hér er ekki um nýja leið að ræða og vonandi verður framhald á þessu í auknum mæli, því að augljóst er, að skipulag á framkvæmdum er æskilegra en skipulagsleysi. Vitað er, að Efnahagsstofnunin vinnur nú að samningu Norðurlandsáætlunar, en í þeirri áætlun mun megináherzla verða lögð á uppbyggingu atvinnuvega, enda hafa ýmsir bæir og kaupstaðir þar haft laklega atvinnuafkomu nú um skeið. Eru miklar vonir bundnar við það, að framkvæmd Norðurlandsáætlunar, þegar til kemur, geti orðið til þess að bæta afkomu fólksins á því svæði og þar með hamla gegn fólksflótta til Suðurlands, þar sem afkomumöguleikar hafa óneitanlega verið betri. Norðurland á miklar auðlindir í óbeizluðum fallvötnum. Að því kemur áreiðanlega fyrr eða síðar, að stór raforkuver verða þar reist og stóriðnaður hafinn einnig á Norðurlandi. Þá fyrst munu myndast raunhæf skilyrði fyrir örri fólksfjölgun á Norðurlandi í stað fólksfækkunar eða kyrrstöðu, eins og lengi hefur átt sér stað. Engin skilyrði eru þó til þess, að um þetta mál verði fjallað í áætlun þeirri, er ég gat um. En það er spá mín og von, að að því komi fyrr heldur en síðar, að tilefni verði til, að þetta mál komist á dagskrá.

Að lokum beini ég því til Alþfl.-manna og velunnara flokksins um allt land, að þeir skeri upp herör og hefji baráttu fyrir gengi flokksins í kosningunum, sem væntanlega fara fram að tveim mánuðum liðnum. Á því veltur ekki aðeins mikið fyrir þann flokk, heldur alla hina íslenzku þjóð og þá stjórnarstefnu frjálslyndis og víðsýnis, sem fylgt hefur verið undanfarin ár og áreiðanlega er líklegust til, eins og á stendur, framvegis eins og hingað til, að tryggja vaxandi velgengni þjóðarinnar. Með þeim orðum læt ég máli mínu lokið og býð góðar nætur.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Núv. stjórnarflokkar hafa farið með völd í landinu í tvö kjörtímabil samfleytt. Þeir hafa því haft nægilegt ráðrúm til þess að framkvæma stefnu sína og standa við gefin heit. Þeir hafa ekki þurft að glíma við illt árferði eða ófyrirsjáanlega erfiðleika, því að líklega hefur engin innlend ríkisstj. búið við öllu hagstæðari ytri skilyrði en núv. stjórn. En hvernig hefur henni tekizt að halda á málum og valda verkefnum sínum? Það er sú spurning, sem menn verða að kryfja til mergjar um þessar mundir og einkanlega áður en þeir fella sinn dóm í kosningunum í vor. Á stefnuskrá stjórnarflokkanna fyrir nær 8 árum stóð það fyrirheit efst á blaði, að atvinnuvegum þjóðarinnar skyldi komið á traustan og heilbrigðan grundvöll til frambúðar. Það taldi stjórnin sitt höfuðverkefni. Það átti að gera með hinu svokallaða viðreisnarkerfi, sem m. a. átti að leiða til verðbólgustöðvunar, skattalækkunar, sparnaðar í opinberum rekstri og bættra lífskjara. Í viðreisnarpésanum stóðu m. a. þessi orð:

„Bótakerfi það, sem útflutningsframleiðslan

hefur búið við síðan 1951, verði afnumið, en skráningu krónunnar breytt þannig, að útflutningsframleiðslan verði rekin hallalaust án bóta og styrkja."

Já, atvinnuvegunum skyldi komið á traustan og heilbrigðan grundvöll, uppbótagreiðslum hætt og gengið rétt skráð. Hver er nú dómur reynslunnar um þetta fyrsta boðorð ríkisstj.? Standa ekki atvinnuvegirnir án allra styrkja á föstum fótum? Ónei, það er nú eitthvað annað en svo sé. Eftir nær 8 ára viðreisnarstjórn blasir sú kalda staðreynd við, að rekstrargrundvöllur undirstöðuatvinnuveganna er gersamlega brostinn. Þeir geta ekki með nokkru móti lengur staðið undir þeim tilkostnaði og því verðlagi, sem hinn öri verðbólguvöxtur hefur skapað í landinu. Öll útflutningsframleiðsla, að heita má, nema síldarafurðirnar fær nú beinar uppbætur í einu eða öðru formi. Ekki tugi millj., heldur hundruð millj. Þar fyrir utan eru svo allar niðurgreiðslurnar, sem í núgildandi fjárl. eru áætlaðar 708 millj. í 10 mánuði, en hvað þá tekur við, veit enginn. Útgjaldaárið er þar sem sagt stytt um tvo mánuði, og sífellt er af illri nauðsyn verið að auka uppbótagreiðslurnar, sbr. nýlega samþ. ráðstafanir til aðstoðar sjávarútveginum. Enginn heldur því fram, að of vel sé gert við sjávarútveginn. Hitt mun sönnu nær, að sú aðstoð, sem honum og fiskiðnaðinum er veitt, muni reynast allsendis ófullnægjandi. Svo grátt eru þessar atvinnugreinar leiknar eftir 8 ára viðreisnarstjórn og það þrátt fyrir einstæð aflabrögð undanfarinna ára og óvenjulega hagstæð markaðskjör. Hvernig ætli ástandið hefði verið, ef við hefðum búið við aflaleysi og markaðshrun? Hér er ekki aðeins um að ræða staðhæfingar stjórnarandstöðu eða barlóm atvinnurekenda sjálfra eins og forsrh. lét liggja að í umr. í fyrrakvöld. Stjórnskipaðar n. hafa komizt að sömu niðurstöðu. Vélbátanefndin svokallaða, er skipuð var af þm. úr öllum flokkum og skilaði áliti í júnímánuði s. l., var sammála um, að fiskverð til minni bátanna yrði að hækka um a. m. k. 10% frá því, sem það var þá, til þess að rekstrargrundvöllur bátaútgerðarinnar yrði ekki lakari en hann var árið 1962, en taldi jafnframt, að auk þess yrði að gera ýmsar aðrar ráðstafanir bátaútveginum til aðstoðar. Sést af þessu nál., hversu sigið hefur á ógæfuhlið frá því 1962.

Togaranefndin, sem skilaði áliti í nóv. s. l., komst að þeirri niðurstöðu, að árlegur rekstrarhalli á olíukyntum nýsköpunartogara mundi vera 5—6 millj. á ári. Hér er um að ræða dóm flokksmanna, já, trúnaðarmanna ríkisstj. sjálfrar. Í tíð núv. ríkisstj. mun togurum hafa fækkað um rúman helming. Hér er vissulega um mikið vandamál að tefla, eitt allra alvarlegasta vandamálið, því að hvar erum við stödd, ef þessar undirstöður þjóðfélagsins hrynja? En aðgerðir stjórnarvaldanna í þessum málum hafa svo sannarlega ekki við það miðazt að koma atvinnugreinum þessum á traustan og varanlegan grundvöll, heldur hitt að fleyta þeim aðeins í bili með sífelldum bráðabirgðaúrræðum. Og enn hefur t. d. nær ekkert verið framkvæmt af till. vélbátan. Þess hefði þó ekki verið vanþörf, því að bátarnir, sem stunda þorskfiskveiðar, eiga við sívaxandi erfiðleika að etja og hefur farið fækkandi ár frá ári, en sú þróun á aftur sinn þátt í hráefnisvandamáli hraðfrystihúsanna. Vandamál togaranna bíða úrlausnar. Þar virðast engin ný úrræði vera á ferðinni af stjórnarinnar hálfu. Hjá þeim er þó ekkert fram undan nema algert þrot, ef ekki verður neitt að gert. Hafa þó togaraskipstjórar margbent á þá nauðsyn að endurnýja togaraflotann og búa skipin nýtízkutækjum til úthafsveiða. Þeir hafa og bent á nauðsyn bættrar aðstöðu í landi. Auðunn Auðunsson skipstjóri segir t. d. í sjómannablaðinu Víkingi 1966:

„Út af fyrir sig má segja, að löndunaraðstæður í Reykjavík og Hafnarfirði eigi mikinn þátt í, hvernig komið er fyrir togaraútgerðinni, því að það tekur 3—5 daga að fá afgreiðslu á 350 tonna afla, 3 daga í löndun og 1 dag að ísa aftur er algengt. Tæknina vantar svo gersamlega í löndunarstarfsemina, að þar er um algera kyrrstöðu að ræða. Og oft verða skipin að vera lengur úti, stundum viku, en æskilegt er, vegna þess að enginn möguleiki er til þess að fá aflanum landað."

Hvað er gert til þess að bæta úr þessu ófremdarástandi? Mér er það ekki kunnugt. Nú hefur stjórnin hins vegar rétt fyrir kosningar gefið út tilkynningu um það, að hún muni beita sér fyrir kaupum á 4 skuttogurum. Það hefði hún svo sannarlega átt að gera fyrr.

Afkoma iðnaðar og landbúnaðar er því miður einnig allt annað en glæsileg. Þar er við mörg vandamál að glíma, svo sem hækkandi tilkostnað og lánsfjárskort. Iðnaðurinn á í mörgum greinum í vök að verjast, í sumum tilfellum vegna vaxandi samkeppni, og sum iðnfyrirtæki hafa blátt áfram gefizt upp. Landbúnaðurinn á einnig við ýmis sérstök vandamál að stríða, en ég mun ekki gera þau hér að umtalsefni, enda verður það gert af öðrum ræðumanni hér á eftir. En svona fór nú um fyrsta boðorð stjórnarinnar. Í stað atvinnuvega á traustum grunni án allra styrkja og uppbóta sjáum við atvinnugreinar, sem riða til falls, þrátt fyrir það, að nú sé varið miklu hærri fjárhæð til útflutningsuppbóta og niðurborgana en gert var, þegar viðreisnarstjórnin tók við. Ég held, að þetta ástand atvinnuveganna feli í sér þyngsta áfellisdóminn yfir stjórnarstefnunni, því að vissulega er það hún og hennar afleiðingar, sem mestu valda um, hvernig komið er.

En hvað segir reynslan um annað boðorð um stöðvun verðbólgunnar. Það var eitt af höfuðmarkmiðum núv. stjórnar að vinna bug á verðbólgunni. Því var lýst yfir í stjórnarmyndunarræðu 1959, að ríkisstj. legði á það höfuðáherzlu að halda þannig á málum, að ekki leiddi til verðbólgu og á þessu var síðan hert af páv. forsrh. í áramótaræðu, er hann sagði, að ef ekki tækist að stöðva verð-

bólguna, væri allt annað unnið fyrir gýg. En þrátt fyrir hin stóru orð og fögru fyrirheit hefur verðbólgunni alls ekki verið haldið í skefjum. Hún hefur þvert á móti magnazt ár frá ári á valdatímum núv. stjórnarflokka. Þá sögu þekkja allir, en það er bezt að leiða vitni, sem stjórnin mun ekki andmæla. Í skýrslum Efnahagsstofnunarinnar til hagráðs í ágústmánuði s. l. segir m. a. svo:

„Á undanförnum 5 árum hefur verðlag hér á landi hækkað ört og miklu örar en í nálægum löndum. Meðalhækkunin á ári yfir tímabilið 1960—1965 er 11%, sé miðað við vísitölu framfærslukostnaðar, en 12%, sé miðað við vísitölu neyzluvöruverðlags. Á sama tíma hefur meðalhækkun verðlags í nálægum löndum numið 5—6% á ári, þar sem hún hefur verið mest, í Danmörku og Finnlandi, en meðalhækkun í 11 Evrópulöndum hefur verið um 4%."

Ljóst er af þessari skýrslu Efnahagsstofnunarinnar, að Ísland á ótvírætt Evrópumet í verðbólguvexti. Lætur nærri, að hann sé hér þrefalt meiri en í nálægum löndum. Skaðlegar afleiðingar þessarar óðaverðbólgu blasa við í öllum áttum. Þær eiga mesta sök á hallarekstri atvinnuveganna, sem áður er lýst. Þær birtast í óeðlilegri eignatilfærslu í þjóðfélaginu, auknum aðstöðumun þjóðfélagsþegnanna, óviðráðanlegum byggingarkostnaði, alls konar spákaupmennsku og mætti þannig lengi telja. Öll viðureign stjórnarflokkanna við verðbólguna einkennist af ósigrum og flótta. Þeirri hrakfallasögu verður ekki breytt né bundinn á hana endir með innantómum slagorðum um stöðvunarstefnu nú rétt fyrir kosningar.

Hin svokallaða verðstöðvun, eins og til hennar er stofnað nú, er því miður að verulegu leyti blekking. — Víxill, sem þarf að greiða eftir kosningar. — Verðstöðvunarlögin, sem samþ. voru fyrir áramótin, eru aðeins staðfesting þeirra heimilda, sem stjórnin hefur frá upphafi haft, nema hvað bannað er þar að hækka útsvör og önnur opinber gjöld án stjórnarleyfis. En heimildirnar til að ákveða álagningu og verðlag notaði stjórnin lítt eða ekki. Kjörorðið var frelsi, ótakmarkað álagningarfrelsi, verðmyndun án verðlagseftirlits. Nú er í ofboði kúvent. Allt skal sett fast. Verðlagseftirlit á öllum sviðum. Ef verðstöðvunin er þvílíkt bjargráð nú, sem látið er í veðri vaka, er spurt: Hvers vegna var ekki gripið til hennar fyrr? Hvers vegna vanrækti stjórnin að beita heimildum sínum í 7 ár? Hvers vegna notaði hún ekki þetta töfralyf fyrr? Þeirri spurningu verður stjórnin að svara.

Að vísu má segja, að betra sé seint en aldrei og verðstöðvunin er út af fyrir sig spor í rétta átt, og hún gæti sjálfsagt gert gagn, ef allt væri rétt í pottinn búið. En ef raunveruleg verðstöðvun ætti að takast, hefði fyrst þurft að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan rekstrargrundvöll. Það hefur verið vanrækt. Þess vegna kom það strax á daginn eftir áramótin, sem sagt hafði verið fyrir, en ekki var þá á hlustað, að veita þurfti sjávarútveginum aukinn stuðning. Fjárlög gerðu ekki ráð fyrir því. Þá var gripið til þess óyndisúrræðis að klípa af fjárveitingu til verklegra framkvæmda. Fjárl. eru augljóslega við það miðuð, að spennan haldi áfram, innflutningur verði sá sami og áður og í sömu hlutföllum, að því er hátollavörur snertir. Slíkt er í rauninni útilokað, ef verðstöðvun tækist eða bæri einhvern verulegan árangur. Þá eru litlar líkur til, að tekjuáætlun fjárl. stæðist. Þetta er viðurkennt í skýrslu Seðlabankans nýútkominni. Þar segir:

„Þótt með þessu móti hafi tekizt að stöðva verðhækkanir um sinn, munu þessar aðgerðir fyrirsjáanlega hafa í för með sér versnandi afkomu ríkissjóðs á árinu 1967, einkum vegna aukinna útgjalda til að greiða niður verðlag."

En niðurgreiðslurnar til að stöðva dýrtíðina eru aðeins miðaðar við 10 mánuði, þ. e. til 1. nóv. þetta ár. Menn gætu ímyndað sér, hvað þá tæki við, ef stjórnin héldi velli. Menn muna 1959. Þá var slagorðið einnig stöðvun. Þá var sagt fyrir kosningar, að verðbólgan væri stöðvuð, en strax eftir kosningar var stórkostleg gengisfelling talin óhjákvæmileg. Það er ekki að ástæðulausu að margir óttast, að nú sé verið að leika sama sjónarspilið og þá. Það dylst engum hugsandi manni, að hin svokallaða verðstöðvun ræður ekki við kjarna vandamálsins, heldur er fyrst og fremst við það miðað að skjóta vandanum á frest fram yfir kosningar — sem sagt, vísitölustöðvun með niðurborgunum fram yfir kosningar. — Þetta er auðvitað hinum greindari mönnum stjórnarflokkanna ljóst. Sjálfur forsrh. kallaði verðstöðvunarlagafrv. neyðarúrræði til bráðabirgða. Það er einmitt það rétta. Það er mergur málsins.

Samkv. stjórnarstefnunni skyldi komið á sparnaði í opinberum rekstri, og fjárlög áttu að vera hallalaus. Illa hefur stjórninni gengið að fylgja þessu boðorði. Það hefur ekki borið á sparnaði í opinberum rekstri, heldur þvert á móti. Nefndum hefur verið fækkað, embættum og stjórnarstofnunum hefur verið fjölgað. Parkinsonslögmálið hefur verið í góðu gengi. Fjárlög hafa sífellt hækkað ár frá ári. Fjárlög þessa árs eru nær 5 milljarðar og hækka á einu ári um nær því 1 milljarð. Álögur fara sívaxandi, vitaskuld sumpart af verðbólguvöldum.

Eitt boðorð stjórnarstefnunnar var jafnvægi í peningamálum. Á það mál má líta frá ýmsum hliðum. En ég held, að það sé næstum sama, frá hvaða sjónarhóli er á það litið. Niðurstaðan yrði alltaf sú sama, að sjaldan hefði ríkt hér meira jafnvægisleysi í peningamálum en einmitt í tíð núv. stjórnar og er þá ekki aðeins hið hríðfallandi verðgildi íslenzku krónunnar haft í huga.

Það væri synd að segja, að núv. ríkisstj. hafi verið stefnuföst. Hún hefur tekið upp uppbótastefnu, sem í upphafi var fordæmd. Hún ætlaði ekki að hafa nein afskipti af vinnudeilum, en hefur snarsnúizt frá þeirri stefnu, svo sem alkunnugt er, og hefur innleitt þá stefnu, að í vinnu- og verðlagssamningum er

farið að semja um ýmis þjóðfélagsmál og löggjöf. Hún boðaði frelsi í innflutnings- og verðlagsmálum, en hefur nú að nafninu til horfið að- víðtækari verðlagsbindingu og verðlagseftirliti en áður eru dæmi til og mun reynast ókleift að halda því verðlagseftirliti í framkvæmd. Og innflutningsfrelsið hefur ekki hvað sízt miðazt við það að ýta undir innflutning hátollavarnings til landsins. Kaupgjaldsvísitala var í upphafi fordæmd og aftekin. En 1964 var um hana samið og hún lögfest á nýjan leik. Þannig mætti lengi telja.

Ég hef hér gagnrýnt nokkuð misheppnaða stjórnarstefnu og ráðleysi ríkisstj. Um einstakar stjórnarathafnir hef ég ekki rætt, enda þótt þar mætti benda á sitthvað, sem miður hefur farið að mínum dómi. Það má að sjálfsögðu segja, að það sé auðveldara hlutskipti að gagnrýna og finna að, ekki sízt eftir á, en fara með ákvörðunarvald og bera ábyrgð. Það er rétt. En gagnrýnin er heldur ekki nema annar þátturinn í hlutverki stjórnarandstöðu. Hinn þátturinn er að benda á ný úrræði, aðrar leiðir en stjórnin hefur farið, svo að kostur sé að velja þar á milli. Framsfl. hefur á nýafstöðnu flokksþingi sínu samþ. ítarlega stefnuskrá, ekki aðeins almennar stefnuyfirlýsingar, heldur og nánari útfærslu að því er varðar einstaka málaflokka. Vil ég hvetja alla til að kynna sér þá stefnuskrá sem rækilegast.

Hér er þess ekki kostur að gera grein fyrir þeirri jákvæðu stefnu nema að litlu leyti. Ég vík aðeins að örfáum atriðum. Þar segir m. a., að það sé nauðsynlegt, að tekin sé upp ný stefna í efnahags- og atvinnumálum og nýjum viðhorfum sé mætt með nýjum úrræðum. Hin nýja stefna og endurreisn atvinnuveganna skal byggð á eftirfarandi grundvallaratriðum: Stjórn efnahags- og peningamála verði við það miðuð að efla atvinnuvegina og stefna að örum hagvexti, framförum og aukinni framleiðni án ofþenslu og verðbólgu. Lífskjör þjóðarinnar verði bætt og tryggt, að allir landsmenn eigi kost á fullri atvinnu. Tekin verði upp skipuleg stjórn í fjárfestingarmálum þjóðarinnar undir forystu ríkisvaldsins í samstarfi við fulltrúa samtaka atvinnulífsins. Meiri háttar framkvæmdir séu gerðar samkv. fyrirfram gerðri áætlun, þar sem verkefnum sé raðað og þau látin sitja fyrir, sem mest þörf er á, að leyst séu. Ríkisvaldið tryggir, að nauðsynlegar framkvæmdir í þágu alþjóðar sitji í fyrirrúmi. Megináherzla skal lögð á skipulega uppbyggingu atvinnulífsins og byggingu nauðsynlegs íbúðarhúsnæðis. Ríkisvaldið hafi í nánu samstarfi við einstaklingsframtak og félagsframtak forystu um ráðstafanir til eflingar og stuðnings atvinnulífsins og um val verkefna og framkvæmd þeirra. Ríkisvaldið taki upp náið samstarf og stuðning við atvinnuvegina um markaðsrannsóknir og markaðsöflun, er verði grundvöllur að nýrri sókn í útflutningsframleiðslunni. Samhliða heildaráætlun um þróun þjóðarbúsins og einstakra þátta þess skulu gerðar áætlanir um þróun tiltekinna landsvæða og þannig stuðlað að blómlegum vexti atvinnuveganna og lífvænlegri aðstöðu fólks um allt land. En það skiptir að dómi Framsfl. meira máli en flest annað, að takast megi að efla jafnvægi í byggð landsins. Ráðstöfun ríkisfjármuna verður á komandi árum að verulegu leyti að vera við það miðuð, og ríkisvaldið þarf með það fyrir augum að beita áhrifum sínum á staðsetningu framkvæmda og atvinnureksturs í landinu.

Nánari útfærsla er svo í stefnuskránni á einstökum málaþáttum, svo sem landbúnaðarmálum, sjávarútvegsmálum, iðnaðarmálum, menningarmálum og félagsmálum. Er eigi kostur að rekja það nánar hér. Fyrir framkvæmd þessarar stefnu mun Framsfl. beita sér eftir kosningar, eftir því, sem hann fær aðstöðu til. Engum er hollt að fara lengi með völd í senn. Í lýðræðisþjóðfélagi verður farsælast, að flokkarnir skiptist nokkuð á að fara með völd. Með því móti leita þjóðfélagsöflin jafnvægis. Núv. stjórnarsamsteypa hefur setið að völdum í 8 ár. Hún hefur fengið meira en nóg tækifæri. Árangurinn sýnir sig. Vegur hennar er varðaður glötuðum tækifærum. Nú þurfa valdahlutföllin að breytast. Það þarf að gefa öðrum tækifæri til að sýna, hvað þeir geta gert. Áhættan er í sjálfu sér engin, því að engum getur verr tekizt en núv. stjórn.

Framsfl. er aðalstjórnarandstöðuflokkurinn. Hann er eini flokkurinn hér á landi, sem er vaxandi. Það liggur því í augum uppi, að leiðin til að hnekkja núv. stjórnarsamstarfi er að efla Framsfl. Það er stjórnarflokkunum ljóst. Þeir beina nú, eins og allir heyra, skeytum sínum fyrst og fremst að Framsfl. Í því er viss viðurkenning fólgin. Fyrir hana er út af fyrir sig vert að þakka. Hins vegar verður að vara við þeim villandi og varhugaverðu blekkingum Alþb.-manna hér í fyrrakvöld, að atkvæðafjölgun Framsfl. komi ekki að fullu gagni, þar sem hann hafi ekki möguleika til þess að bæta við sig þingsætum. Þetta er alrangt. Með svipuðum vexti og í alþingiskosningunum og sveitarstjórnarkosningunum síðustu eru einmitt allar líkur til þess, að Framsfl. vinni þingsæti af stjórnarflokkunum, og getur það oltið á einu atkv. hvar sem er á landinu. Fram á það mætti sýna með tölum, ef tími væri til. En áþekkur áróður Alþb. átti sinn þátt í að tryggja stjórnarflokkunum áframhaldandi meiri hl. í alþingiskosningunum 1963 og bjarga ihaldsmeirihl. í Reykjavík í síðustu bæjarstjórnarkosningum. Kjósendur, sem á annað borð vilja breyta til, þurfa að sjá til þess, að sú saga endurtaki sig ekki í vor. Það þarf vissulega, góðir áheyrendur, að hreinsa til í eldhúsi núv. ríkisstj. Það þarf að opna glugga og hleypa inn nýju lofti. Ég held, að æ fleiri skilji, að hér þarf nýja stefnu, ný vinnubrögð og nýja menn. — Góða nótt.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Heiðruðu áheyrendur. Flestum, nema þm. Alþfl., þeim er hér hafa talað, ber saman um, að sjaldan eða aldrei í tíð núlifandi manna hafi náttúran verið eins gjöful til lands og sjávar og s. l.

7—8 ár. Hefur það sannazt á þessum árum, enn sem fyrr, að Ísland er farsældarfrón, sem býður börnum sínum nóg starf og gnóttir lífsins gæða. Jón Ólafsson vissi, hvað hann var að segja, þegar hann kvað hina bráðsnjöllu stöku:

Hér er nóg um björg og brauð,
berirðu töfrasprotann.
Þetta land á ærinn auð,
ef menn kunna að nota hann.

Síðan þetta var kveðið, höfum við eignazt töfrasprotann, þar sem er síaukin vísindaleg þekking, tækni og verkmenning. Með þessum töfrasprota hefur verið slegin mikil björg úr ísl. auðlindum á yfirstandandi góðæristímabili. Saga landsins vitnar um það, að góðæristímabilin hafa á liðnum öldum styrkt bændastétt þessa lands. Á góðæristímum hafa bændur eflzt efnalega, jarðir hafa hækkað í verði og byggðum býlum hefur fjölgað. Hvernig hefur þetta verið á því góðæristímabili, sem nú gengur yfir landið? Hefur bændum fjölgað? Hafa jarðir hækkað í verði? Hefur fólki fjölgað í sveitum? Er áhugi fyrir sveitabúskap að glæðast? Því miður verður að svara öllum þessum spurningum neitandi. Jarðir fara í eyði, jafnvel í miðjum góðsveitum. Bændum fækkar og meðalaldur bænda er ískyggilega hár, sem auðvitað leiðir brátt til þess, að margir hverfa úr bændatölunni á næstu árum.

Hvernig stendur á þessari þróun í góðæri? Sjálfsagt ber margt til, en ein meginástæðan er viðhorf og afstaða ríkisstj. til landbúnaðarins og bændanna. Tekjum bænda er haldið niðri. Þeir eru enn langtekjulægsta starfsstétt þjóðfélagsins, skv. opinberum skýrslum Hagstofunnar fyrir árið 1965. Meðaltekjur framteljenda í landinu voru á því ári 248 þús. kr., en bænda ekki nema 199 þús. kr., er það 25% fyrir neðan meðallag. Raunverulega er þetta þó meira, ef tillit er tekið til þess, að af þessum tekjum eiga bændur að borga vexti af skuldum vegna bús síns, fyrningar og fasteignagjöld útihúsa. Ekki eru þessar tekjur bænda þó svo litlar vegna þess, að þeir eða þeirra fólk vinni minna en aðrir, framleiðsluafköst bænda eru mjög mikil, og framleiðniaukning í landbúnaði hefur vaxið hröðum skrefum. Meðalbóndinn framleiðir yfir 20 tonn af nýmjólk, yfir 2 tonn af kindakjöti, rúmlega 1/2 tonn af stórgripakjöti, 1 tonn af kartöflum, auk þess talsvert magn af ull, gærum o. fl. Þetta er gert með mjög litilli aðkeyptri vinnu, en auðvitað er hjálp tækninnar notuð, enda hefur landbúnaðarframleiðslan fimmfaldazt á síðustu 3½ áratug, um leið og fólki við þessi störf hefur fækkað um 40 af hundraði.

Bændur hafa ekki haldið að sér höndum við umbætur og tæknibúnað á búum sínum og í því að rækta og bæta landið. Hafa bændur varið til slíkra framkvæmda mörgum hundruðum millj. kr. á ári af eigin fé og með eigin vinnu sinni. Margt hefur áunnizt í kjarabaráttu bænda. Þar hafa stéttarsamtök þeirra unnið mikið og gott starf. Einkennilegt var að heyra hv. 3. þm. Austf., Jónas Pétursson, þakka landbrh. allt, sem þannig hefur áunnizt. Þar er þó fyrst og fremst bændasamtökunum að þakka, þeim gleymdi þm., þegar þakklætistilfinningunni skaut upp í huga hans.

Það, sem gerir bændum, eins og öðrum framleiðendum hér á landi, nú sérstaklega erfitt og áhættusamt fjárhagslega að starfa við framkvæmdir og framleiðslu, er hinn óhóflegi fjármagnskostnaður, sem gengislækkanir og dýrtíð hafa valdið. Bændastéttin var öðrum fremur hlunnfarin í sambandi við hina miklu gengislækkun 1960. Þá var stofnaður sérstakur sjóður, gengistapssjóður, til þess að borga töp ýmissa lánasjóða vegna gengislækkananna. En svo var mikið ranglæti framið, að lánasjóðir bænda, ræktunarsjóður og byggingarsjóður sveitabæja, sem tekið höfðu erlent fé að láni, svo að þeir gætu fullnægt lánsþörf bænda, voru látnir bera gengistöpin sjálfir og einir slíkra stofnana, þegar allir aðrir fengu sín töp bætt. Með slíku bolabragði setti núv. ríkisstj. lánasjóði bændanna á hausinn og fann síðan upp það ráð, sem landbrh. hefur verið mjög drjúgur af síðan, að láta bændastéttina sjálfa borga þessi töp, og raunar miklu meira með því að leggja sérstakan skatt á bændur til stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem jafngildir um 2% af launum þeirra.

Í sömu lotu var vísitala á jarðræktarframlag sett föst í 4 ár og þannig haft af bændum stórfé. Fyrir harða baráttu framsóknarmanna fékkst þetta þó lagað, þegar jarðræktarlögunum var breytt. Ræktunar- og byggingarkostnaður hefur margfaldazt, svo og verð véla og tækja, vextir hafa hækkað um fullan þriðjung. Skv. verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða skuldar meðalbóndinn stofnlánadeild landbúnaðarins 80 500 kr. og greiðir af því í vexti 4428 kr. og þar að auki í stofnlánadeildarskatt af framleiðslu sinni 3640 kr. Samanlagt eru þetta rúmlega 8000 kr. og jafngildir um 10% vöxtum af fjárfestingarlánum bóndans, sem eiga að greiðast upp á 15—20 árum. Sé gert ráð fyrir því, að meðalbúskapartími bóndans sé 30 ár, sem ekki mun vera fjarri lagi, borgar meðalbóndinn á þessu tímabili um 110 þús. kr. í skatt af tekjum sínum til stofnlánadeildar landbúnaðarins, ef gert er ráð fyrir, að framleiðslan og verð hennar verði allan tímann eins og verðlagsgrundvöllurinn á þessu ári segir til um. Slíka leigu af lánsfé hygg ég, að bændur í öðrum löndum þekki ekki. Og ég fullyrði, að sá framleiðsluatvinnuvegur er ekki til, sem þolir svo háa leigu af lánum til fjárfestingar, og allra sízt landbúnaður, því að í landbúnaði getur aldrei verið um skjótfenginn gróða að ræða, sem hægt er að nota til að borga lánin með.

Nú munu sumir í hópi núv. valdhafa telja, að sú þróun, sem átt hefur sér stað á landbúnaðarsviðinu síðustu 7—8 ár fyrir þeirra tilverknað, að bændum hefur fækkað, jarðir farið í eyði og ræktað land fallið í órækt, sé nauðsynleg frá þjóðhagslegu sjónarmiði, til þess m. a. að losa vinnuafl í sveitunum, svo fremur verði

eftirspurn eftir vinnu á hinum almenna vinnumarkaði í bæjunum, því að þá verði hægara að standa gegn auknum kaupkröfum. Slíkur er hugsunarháttur þeirra, sem vilja, að stórkapítalískt samkeppnisþjóðfélag þróist hér með sterku auðvaldi annars vegar sem ráðandi afli, en hins vegar sundraðri og veikri stétt launþega og bænda. Slíka þróun þjóðfélagsins teljum við framsóknarmenn mjög hættulega. Við teljum, að borgarar þjóðfélagsins þurfi og eigi að vera sem óháðastir ríkisvaldinu, það séu þeir, sem eigi að móta ríkisvaldið og ráða stefnu þess til að efla land og lýð.

Til þess að ísl. þjóðin geti í nútíð og framtíð átt við farsæld að búa, þarf m. a. að rækta og bæta landið og vernda landkostina. Við vitum, að forfeður okkar urðu af illri nauðsyn að ganga mjög á landgæðin. Vísindamenn telja, að gróið land hafi minnkað síðan á landnámsöld um helming. Þá hafi um 50% af yfirborði landsins verið gróið, en nú séu aðeins orðin eftir 25% af yfirborði þess, sem eigi að heita gróið land, og árlega fari það minnkandi. Túnræktin er nú 3—4 þús. ha á ári. Þetta finnst ýmsum mikið. Þó er þetta ekki meira en svo, að það vegur ekki á móti því, sem árlega tapast vegna uppblásturs. Stærra gróðurland blæs upp árlega og skolast fyrir vatni og vindum á haf út heldur en það, sem ræktað er. Þetta er álit þeirra fræðimanna, sem gerst mega um þetta vita og bezt þekkja til náttúrufars landsins.

Alls staðar er það hlutskipti bændanna öðrum fremur að rækta landið. Allar menningarþjóðir vita, hvaða þýðingu slíkt starf hefur fyrir nútíð og framtíð, og þess vegna er það alls staðar talin fávísleg ráðstöfun að veikja bændastéttina. Menn skilja, hvaða gildi það hefur að eiga öfluga bændastétt og þess vegna styðja stjórnmálaflokkar með öðrum þjóðum bændur þar í starfi sínu og telja þá kjölfestu þjóðarinnar. Það er nokkuð annað en það, sem hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, vill, eins og fram kom í ræðu hans hér áðan. Hann mun því halda áfram að þjarma að bændum og fækka þeim, ef hann fær í kosningunum meiri hl. með Sjálfstfl., en þá fara þeir áfram með völdin.

Framsfl. skilur þýðingu öflugrar bændastéttar betur en aðrir flokkar hér á landi og telur, að bændum megi ekki fækka frá því, sem orðið er. Hér munu það nú vera um 12—13% af þjóðinni, sem hafa framfærslu sína af búskap og rækta jörðina. Það er svipuð hlutfallstala og meðal þeirra þjóða, þar sem fæst fólk vinnur að þessum störfum. Hér þarf því að spyrna fast við fótum, svo að ekki fækki meira í bændastéttinni. Tekjur bænda verða að hækka. Það er fyrsta takmarkið. Og það, sem næst þarf að gera bændastéttinni til viðreisnar, er að afnema þann hátt í landbúnaðarlöggjöfinni, sem núv. stjórn hefur sett, að skuldugir og þjakaðir bændur af of mikilli vinnu eru skattlagðir til lánastofnana. Slíkur skattur er í ætt við miðaldafjötra, eins og t. d. aflausnargjald til páfa, ef menn áttu að geta fengið inni í himnaríki. Það munar um minna fyrir lægst launuðu stétt landsins, í viðbót við okurvexti, að verða að láta á þessu ári af lágum tekjum um 20 millj. kr. í aflausnargjaldið, svo að þeir megi fá fyrirgreiðslu í lánastofnunum til þess að rækta og bæta Ísland fyrir núlifandi og komandi kynslóðir. Það var þetta, sem hv. 3. þm. Austf., Jónas Pétursson, lýsti gleði sinni yfir hér áðan og taldi eitt hið farsælasta spor, sem stigið hafi verið. Sá er frjálslyndur gagnvart skattheimtu af lágum tekjum bænda. Mér finnst, að þar höggvi sá, er hlífa skyldi.

Ég hef ekki getað drepið hér á nema fátt eitt á þessum mínútum, og nú er minn ræðutími að verða búinn. Ég tel, að okkar góða landi hafi verið illa stjórnað á gjöfulu tímabili frá náttúrunnar hendi og að miklum auði hafi verið sóað, sem betur hefði verið varið til að efla atvinnuvegi þjóðarinnar og tryggja þegnum landsins jafnari lífskjör og traustari framtíð. Það er ekki nóg fyrir þjóðina að eiga gott land og að hafa í höndum töfrasprota vísinda og tækni, þjóðin þarf einnig að eiga yfir sér stjórnvald, sem kann og vill þjóna landi og þjóð með almannahagsmuni efst í huga. Þeir, sem nú standa við stýrið á þjóðarfleyinu, hafa ekki siglt beitivind, heldur slegið undan verðbólgusjó og vindi. Verðbólgualdan hefur risið hærra og hærra. Ráðh. eru hræddir við, að stjórnarskútan brotni undan þeim. Verðstöðvunarlögin eru sá bárufleygur, sem þeir ætlast til að lægi svo ólguna, að þeir fái tekið land og geti búið skip sitt til nýrrar ferðar. Ég ráðlegg þjóðinni að afmunstra þessa stýrimenn í vor.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Heiðruðu áheyrendur. Gylfa Gíslasyni, hæstv. menntmrh., vildi ég segja það, að Alþb. er lýðræðisleg samtök, og framboð þess hér í Reykjavík, sem ráðh. sveigði að, var ákveðið með atkvgr. félagsmanna sjálfra, eins og vera ber, og kom þar vilji félagsmannanna greinilega í ljós.

Í þessum útvarpsumr. hafa talsmenn stjórnarfl. lagt höfuðkapp á að sanna fyrir hlustendum, að velgengni undanfarinna veltiára sé stjórnarstefnunni að þakka, velgengnin sé ávöxtur viðreisnarinnar. Einhvern grun hafa stjórnarsinnar þó um, að þetta sé kannske ekki vel ljóst fyrir almenningi og þess vegna þurfi að útskýra það rækilega. Fulltrúi Alþfl., Sigurður Ingimundarson, eyddi t. d. öllum ræðutíma sínum í fyrrakvöld í að reyna að sanna, að aflametin og góðæri undanfarinna ára væri viðreisninni að þakka. Auðvitað er þessu þveröfugt farið, og flestir landsmenn vita, að nær sanni væri að segja, að hin góða fjárhagsafkoma þjóðarinnar hin síðari ár hefur orðið, þrátt fyrir stjórnarstefnuna — þrátt fyrir viðreisnina. Hér hafa allt önnur öfl verið að verki. Það er hinn mikli sjávarafli, og þar fremst síldveiðarnar, sem eru undirstaða hinnar góðu afkomu. Annað höfuðatriði er mjög hagstætt og lengst af hækkandi verð á útfluttum sjávar-

afurðum. Hvorugt þessara atriða, aflametin eða verðið á afurðunum, sem standa undir allri fjárhagslegri velgengni okkar á undanförnum árum, verða þökkuð ríkisstj. eða stefnu hennar. Stefna ríkisstj. og stefnuleysi birtist hins vegar í því, að sá atvinnuvegur, sjávarútvegurinn, sem mesta björg hefur fært í búið, á nú við mikla erfiðleika að stríða og er kominn á nýtt uppbótakerfi. Ástæðurnar fyrir þessari stöðu sjávarútvegsins eru þessar helztar: Algert getuleysi ríkisstj. til að hafa hemil á verðbólgunni og hið óhefta frelsi verzlunarvaldsins og hvers konar milliliða og braskara, sem hrifsað hafa til sín bróðurpartinn af því, sem undirstöðuatvinnuvegirnir hafa fært í búið.

En það eru fleiri atvinnugreinar, sem nú eiga við erfiðleika að stríða og þá ekki sízt meginhluti verksmiðjuiðnaðarins. Stöðnun og samdráttur er nú víða í atvinnulífi okkar. Verkafólk um land allt hefur fengið af því reynslu á þessum vetri. Atvinna hefur dregizt saman og víða verið atvinnuleysi. Hér í höfuðborginni hefur það skeð í vetur, að fullvinnufærir verkamenn hafa á tímabili enga atvinnu haft, og fyrir nokkrum dögum skýrði eitt dagblaðanna hér frá því, að kona frá verksmiðjuiðnaðinum hefði sótt um bætur úr atvinnuleysistryggingasjóði, sú fyrsta í þeirri grein þau 10 ár, sem sjóðurinn hefur starfað, en atvinna fyrir konur hefur einmitt verið með allra minnsta móti hér í vetur. Í mörgum atvinnugreinum hefur samdrátturinn lýst sér í því, að yfirvinna hefur algerlega lagzt niður, og menn hafa þá misst þann hluta af tekjum sínum, sem hefur gert þeim fært að lifa af kaupi sínu í þeirri miklu dýrtíð, sem hér ríkir. Það er ekki ofsagt, að í vetur hefur margur maðurinn ekki átt mikið eftir af kaupi sínu, þegar gjaldheimtan hafði hirt sitt og húsnæðiskostnaðurinn verið greiddur. Emil Jónsson, hæstv. utanrrh., sagði í þessum umr., að gæfusamlegast væri, að atvinna hefði verið næg undanfarið. Því miður er ekki hægt að segja þetta um ástandið á þessum vetri. Umsamið kaup flestra verkamanna er nú 9—10 þús. kr. á mánuði fyrir dagvinnu. Hæstv. forsrh. lýsti því hér, hversu mjög ráðstöfunartekjur launþega hefðu aukizt. Það er á allra vitorði, að launþegar hafa mætt sívaxandi verðlagi með þrotlausri vinnu á óhóflega löngum vinnudegi. Í þessu felast engar kjarabætur, nema síður væri, en þetta hefur verið hægt vegna mikils framboðs á atvinnu. En þegar þessum möguleika er kippt burtu, er engin von til þess, að verkafólk geti haldið í horfinu með tekjur af dagvinnunni einni. Til þess er dagkaupið allt of lágt. Það væri áreiðanlega lærdómsrík reynsla fyrir þá, sem stöðugt halda því fram, að það sé kaup verkafólksins, sem allt sé að sliga í þjóðfélaginu, að reyna sjálfir að lifa af 9—10 þús. kr. á mánuði.

Alvarlegasti samdráttur í atvinnulífinu er, hve atvinna í sjávarútveginum hefur minnkað, og þá ekki sízt hér í Reykjavík. Í þessum efnum verða menn að gera sér grein fyrir, hvaða undirstaða togaraútgerðin hefur verið í atvinnulífi borgarinnar. Í tíð viðreisnarstjórnarinnar hefur togurum í rekstri landsmanna fækkað um 30, eða jafnmarga og nýsköpunarstjórnin festi kaup á á sínum tíma, og má það teljast táknrænt. Í Reykjavík hefur togurum í rekstri fækkað um helming á nokkrum árum. Þessi stórvirku atvinnutæki á ekki að selja úr landi eða að leggja þeim, þótt rekstur þeirra sé erfiður, án þess að annarra sé aflað í staðinn. Verzlunarhallir geta ekki komið í þeirra stað og heldur ekki atvinna við erlenda stóriðju. Stjórnarliðar kalla það svartsýni að draga fram þessa hlið málanna, og þá svartsýnismenn, sem það gera. Ég læt *mér slíkar nafngiftir* í léttu rúmi liggja, því að hér hefur aðeins verið bent á staðreyndir, en þeir, sem ekki sjá eða vilja ekki sjá þessar staðreyndir, fljóta sofandi að feigðarósi og ættu því ekki að hafa nein afskipti af þessum málum. Eitt það nauðsynlegasta í ísl. atvinnumálum nú er, að öll heilbrigð öfl í þjóðfélaginu sameinist um að treysta og byggja upp undirstöðuatvinnuvegi okkar og bægja frá allri hættu á samdrætti í atvinnulífinu.

Í þessum umr. hafa ræðumenn stjórnarflokkanna mjög lofsungið það óhefta athafna- og viðskiptafrelsi, sem þeir telja sig hafa komið á. Sjálfsagt eru þeir orðnir æðimargir fjáraflamennirnir og braskararnir, sem fullum hálsi og með þakklátum huga taka undir þennan söng. Viðreisnarárin hafa verið þeirra tíð.

En það væri einnig þess virði fyrir launþega þessa lands að staldra aðeins við og íhuga, hvernig þetta marglofaða frelsi hefur snúið að þeim. Skal þess þá fyrst minnzt, að með gengislækkunarlögunum 1960 voru afnumin úr frjálsum samningum verkalýðsfélaganna þau ákvæði, að greiða skyldi verðlagsuppbætur á kaup eftir vísitölu. Það var að því stefnt, að launþegar skyldu bótalaust þola allar verðhækkanir af völdum gengislækkunarinnar. Vitað var, að því mundu verkalýðsfélögin ekki una, og hlaut því þessi lagasetning að stofna til ófriðar á vinnumarkaðinum. Þegar svo verkalýðsfélögin sömdu um kauphækkun, eftir harða verkfallsbaráttu, sumarið 1961, kauphækkun, sem ekki jafnaði metin um verðhækkanirnar, greip ríkisstj. til þess dæmalausa úrræðis að fella gengi krónunnar enn á ný, einvörðungu í hefndarskyni við verkalýðshreyfinguna, til þess að sanna launþegum, að hún hefði öll þeirra ráð í hendi sér og að kaupgjaldsbarátta borgaði sig ekki. Næst er svo, að haustið 1963 hafði ríkisstj. knúið í gegnum allar umr. á Alþ. frv. að l., sem bannaði allar kauphækkanir um nokkurt skeið, en á síðustu stundu tókst sameinaðri verkalýðshreyfingu að koma í veg fyrir, að frv. yrði samþ. Þetta eru nokkrar skyndimyndir af því frelsi, sem viðreisnarstjórnin hefur haft upp á að bjóða launþegum og verkalýðsfélögum þessa lands. Það ber að þakka styrkleika verkalýðshreyfingarinnar og sjálfsagt einnig ráðum hyggnari og gætnari manna í stjórnarflokkunum, að ekki tókst alltaf eins og til

var stofnað, og því hafa samskipti í samningamálum verið með öðrum og betri brag síðustu þrjú árin.

Það verður að teljast hin mesta kaldhæðni, að það skyldi einmitt vera Ingólfur Jónsson, hæstv. landbrh., sem hæst kyrjaði frelsissönginn hér í fyrrakvöld, en það verður nú vart komið tölu á þau brbl., sem þessi maður hefur gefið út í ráðherratíð sinni til að banna verkföll og koma í veg fyrir frjálsa samninga fjölmargra starfsstétta, allt frá verkfræðingum til verkamanna. Öðrum ferst máske, en honum ekki.

Grundvallarsjónarmið verkalýðshreyfingarinnar í kaupgjaldsmálum hefur ávallt verið að meta kaupið í hlutfalli við verðlagið á hverjum tíma, þ. e. kaupmátt launanna, en ekki hitt fyrst og fremst, hversu krónurnar væru margar. Verkalýðshreyfingin telur hinn mikla vöxt verðbólgunnar, sem hér hefur orðið, óhagstæðan launafólki, en við höfum lagt ríka áherzlu á að tryggja launin fyrir verðhækkunum, tryggja kaupmátt launanna. Vorið 1964 bauð A.S.Í. ríkisstj. samstarf um gerð kjarasamninga og baráttu gegn verðbólguþróuninni. Árangur þess varð júnísamkomulagið. Þá var því heitið, að hemill skyldi hafður á verðhækkunum, en efndir urðu engar. Hvort mundi nú ekki margt með öðrum hætti og hagur atvinnuveganna betri, ef þá hefði verið farið að ráðum verkalýðshreyfingarinnar og verðhækkanir stöðvaðar. Með júnísamkomulaginu endurheimti verkalýðshreyfingin verðtryggingu á launin, eftir vísitölu, og því hafa kauphækkanir, sem síðan hafa orðið, komið að meiri notum og þokað kaupmættinum upp á við. Samt er kaupmáttur tímakaupsins nú svipaður og hann var 1959 og þó nokkru lægri, ef stytting vinnutímans er ekki reiknuð með, svo mikil var kjaraskerðingin orðin á viðreisnartímanum. Í samningum verkalýðsfélaganna 1964 var samið um verulega hækkun á lánum til húsnæðismála og fjáröflun til byggingarsjóðs. Þá var einnig samið um sérstakan byggingarflokk fyrir meðlimi verkalýðsfélaga í Reykjavík, þar sem lán verða 80% af byggingarkostnaði. Þessi mál voru meginefni í afrekaskrá ríkisstj. á sviði félagsmála, sem hæstv. félmrh., Eggert G. Þorsteinsson, tíundaði hér í fyrrakvöld. Má með sanni segja, að þær skrautfjaðrir voru fengnar að láni.

Í haust kom ríkisstj. á hinni svonefndu verðstöðvun, sem kosta mun ríkissjóð nokkur hundruð millj. kr. Sagt er, að ekki þurfi að leggja á nýja skatta vegna þessara útgjalda, en allir vita þó, að þessum málum er aðeins frestað fram yfir kosningar og þá muni koma að skuldadögunum. Ef Alþ. verður eins skipað eftir kosningar og nú er, mun þessum skuldaböggum verða velt yfir á almenning. Það hefur verið sagt í þessum umr., að kjarabarátta verkalýðshreyfingarinnar væri í sjálfheldu. Þetta er að vissu leyti rétt, en enginn skyldi þó halda, að verkalýðshreyfingin muni sætta sig við aðgerðarleysi í kjaramálunum vegna skipulagsleysis og óstjórnar stjórnarvaldanna í málum þjóðarinnar. En allt launafólk þarf nú jafnframt að tygja sig til pólitískrar sóknar. Í kosningunum í sumar getur atkvæðaseðillinn ráðið úrslitum um framgang kjaramálanna, en það verður aðeins með því móti, að launþegar fylki sér um Alþb. og efli það til áhrifa með fleiri mönnum á Alþingi. Alþb.-fólk um allt land, og þá ekki síst hér í Reykjavík! Vinnum vel að sókn og sigri samtaka okkar í kosningunum í sumar.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það mátti glöggt heyra á lokaorðum Eggerts G. Þorsteinssonar í umr. hér í fyrrakvöld, að Alþfl. er farinn að óttast verulegt fylgistap, eftir 8 ára auðsveipa þjónustu í þágu Sjálfstfl. Ráðh. taldi nauðsynlegt að minna á, að tveir þm. Alþfl. væru nú mjög valtir. Í fyrsta lagi sá af kjörnum þm. flokksins í Reykjavík, sem aftar ríður á merinni, þ. e. ráðh. sjálfur, og í öðru lagi Benedikt Gröndal í Vesturlandskjördæmi, sem helzt gæti fallið fyrir frambjóðanda Alþb., Jónasi Árnasyni.

Ótti Alþfl. við fylgistap er vissulega ekki ástæðulaus, eins og hann er orðinn, þessi forustuflokkur verkalýðsins, sem nú á sér enga aðra hugsjón en sitja í ríkisstj. og fá þó engu ráðið. Alþfl. var eftir styrjöldina aðili að nýsköpunarstjórninni, og þó er eins og flestir séu búnir að gleyma stjórnaraðild hans. Í vitund almennings var þetta fyrst og fremst samstjórn Sósfl. og Sjálfstfl. Eins var þessu varið með vinstri stjórnina, þar voru Alþb. og Framsfl. í forustu, en jafnvel leiðtogar Alþfl. hafa eftir á talað um vinstri stjórnina eins og þeir hafi þá verið í stjórnarandstöðu. Og alveg það sama mun gilda um núv. stjórnarsamstarf. Fólkið í landinu mun fyrst og fremst minnast þess, að sú stjórn, sem kenndi sig við viðreisn, var harðvítug íhaldsstjórn. Alþfl. er eins og hundur í smalamennsku. Það er mjög gott að hafa hann með, til þess að hægt sé að smala, en eftir á minnist enginn á það, að hundurinn hafi smalað. Það gerði húsbóndinn, enda réði hann ferðinni.

Birgir Finnsson og Sigurður Ingimundarson voru að miklast af því hér á þriðjudagskvöldið, að Alþfl. hefði stuðlað að því, að ríkisstj. gerði svokallaða þjóðhags- og framkvæmdaáætlun 1963—1966. Þetta áttu að vera hin góðu áhrif Alþfl. Ég held, að varla hafi verið unnt að finna ömurlegra dæmi um áhrif Alþfl. og sýndarmennsku ríkisstj. en einmitt þessa margumtöluðu áætlunargerð. Það er skemmst frá að segja, að slík áætlun hefur aldrei verið til. Í þessu mikla plaggi, sem nefnt var framkvæmdaáætlun, voru næstum engar framkvæmdir nefndar á nafn, og þær hagfræðilegu hugleiðingar, sem í því fólust, stefndu ekki að neinu ákveðnu marki, eins og sérhver áætlun hlýtur þó að gera. Hvernig gat líka annað verið, þegar húsbóndinn á stjórnarheimilinu, Sjálfstfl., hefur það beinlínis á stefnuskrá sinni, að ríkisvaldið skuli hafa sem minnst afskipti af fjárfestingu og uppbyggingu atvinnuveganna. Gróðasjónarmiðin eiga ein að ráða, hvaða

fyrirtæki eru byggð og hvar þau eru byggð. Raunveruleg áætlunargerð er auðvitað vonlaus frá upphafi, meðan slík efnahagsstefna er allsráðandi. Áhrif Alþfl. hafa því engin verið á þessu sviði fremur en öðrum, þegar allt kemur til alls. Og eins og til að kóróna vanmátt Alþfl. lýsti Magnús Jónsson fjmrh. yfir því fyrir fáeinum dögum, að ríkisstj. hefði algerlega gefizt upp við að gera nýja þjóðhags- og framkvæmdaáætlun til nokkurra ára, a. m. k. fyrst um sinn.

Fyrir tæpum tveimur árum beitti norðlenzk verkalýðshreyfing afli sínu, undir róttækri forustu, og knúði fram það loforð, að gerð yrði áætlun um atvinnuframkvæmdir á Norðurlandi, sem tryggði öllu vinnufæru fólki viðunandi atvinnu. Hvað líður svo þessari áætlunargerð? Sá grunur styrkist óneitanlega með degi hverjum, að Norðurlandsáætlun verði ekki öllu merkilegra plagg en hin innantóma þjóðhags- og framkvæmdaáætlun, sem aldrei var nema nafnið tómt. Þeir, sem unnið hafa að þessari áætlun, hafa skýrt frá því, að hún verði ekki birt fyrr en eftir kosningar. Hvers er að vænta, þegar ríkisstj. þorir ekki að sýna Norðurlandsáætlunina, þetta langþráða afkvæmi sitt, fyrir kosningar. Er áætlunin svo fátækleg, að hún er ekki einu sinni nothæf sem kosningabeita?

Aðgerðarleysi ríkisstj. gagnvart atvinnuvandamálum Norðlendinga er óvenjuskýrt dæmi um þá óstjórn og skipulagsleysi, sem nú er ríkjandi á flestum sviðum. Í miðju góðærinu, á þeim tíma, þegar Íslendingar eru ein tekjuhæsta þjóð í heimi, er verulegt atvinnuleysi ríkjandi í mörgum sjávarplássum, en svo að segja ekkert er gert árum saman til að ráða á því bót. Þetta er ekki mál, sem varðar Norðlendinga eina. Þetta ástand sýnir og sannar landsmönnum öllum, hvar sem þeir eru búsettir, hvers er að vænta af núv. ráðamönnum, ef atvinnuleysisvofan ber að dyrum víðar en á Norðurlandi.

Í þessum umr. hafa margir ræðumenn sýnt fram á, hvernig stjórnarstefnan hefur kippt grundvellinum undan helztu útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar. Segja má, að í þessu efni hafi ríkisstj. ekki verið sjálfrátt og gáleysi ráði gerðum hennar. Öðru máli gegnir um sinnuleysi hennar gagnvart uppbyggingu atvinnulífsins. Þar er um ásetning að ræða. Afskiptaleysi ríkisvaldsins er einmitt mikilvægur liður í sjálfri stjórnarstefnunni.

Við Alþb.-menn mótmælum þessari stefnu, og bendum enn á nauðsyn þess, að tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum og gerðar raunverulegar áætlanir um framkvæmdir og fjárfestingu til langs tíma. Jafnframt minnum við sérstaklega á nauðsyn þess, að ríkisvaldið sinni forustuhlutverki sínu í uppbyggingu ísl. atvinnuvega og komi þegar til aðstoðar til að útrýma atvinnuleysi, hvar og hvenær sem það birtist.

Vafalaust verða atvinnumál þjóðarinnar efst á dagskrá í komandi kosningum. En þegar landsmenn ganga að kjörborðinu, mættu þeir einnig minnast þess, að á næsta kjörtímabili verður utanríkisstefna landsins tekin til gagngerðrar endurskoðunar og úr því skorið, hvort Ísland heldur áfram hernaðarsamvinnu við Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið.

Að undanförnu hefur mátt sjá þess glögg merki, að kalda stríðinu er að ljúka, a. m. k. í Evrópu. Loksins rofar fyrir heiðum himni eftir tveggja áratuga púðurreyk og pólitískt þrumuveður. Evrópuþjóðir í austri og vestri rísa yfir hálffallið járntjaldið og hefja margvísleg samskipti, og smám saman eru stríðsbandalög stórveldanna, NATO og Varsjárbandalagið, að tærast upp og liðast í sundur eins og bryndrekar frá löngu horfnum tíma. Ef svo fer sem nú horfir, að Atlantshafsbandalagið leysist upp í frumparta sína að fáum árum liðnum, verða Íslendingar staddir á vegamótum. Þá vofir sú hætta yfir, að Íslendingar verði eina þjóðin í Evrópu, sem eftir situr í hernaðarneti Bandaríkjanna. Þá geta orðið síðustu forvöð fyrir Íslendinga að gera það upp við sig, hvort þeir ætla að slíta sig lausa eða ekki.

Nú þegar landsmenn ganga að kjörborðinu til að kjósa það Alþ., sem marka mun stefnuna, eiga þeir heimtingu á því að vita, að hverju flokkarnir vilja stuðla. Vitað er, að áhrifamikil öfl í ríkisstj.-flokkunum báðum munu leggja á það ofurkapp, að núv. hernámsstefnu verði haldið áfram og myndu því ekki harma, þó að Ísland héngi eitt eftir á spýtunni í höndum Bandaríkjamanna.

Afstöðu Alþb. til þessa máls þekkja allir. Við munum beita öllum áhrifum okkar til að losa landið undan áhrifavaldi Bandaríkjamanna. Við viljum, að Ísland taki upp óháða og sjálfstæða utanríkisstefnu, afneiti hvers konar vígbúnaði, segi sig úr NATO, strax og samningar leyfa og lýsi yfir hlutleysi í hernaði. Jafnframt viljum við, að Ísland leiti eftir náinni samvinnu við hin Norðurlöndin.

En þá er komið að gömlu spurningunni: Hvað gerir Framsókn? Hver verður afstaða Framsóknar? Eins og kunnugt er, hefur Framsfl. nánast verið stefnulaus í þessu máli um árabil, sveiflazt til og frá, eftir því hvaðan hann blés í það og það skiptið. Loksins í vetur ákvað flokksforustan að reyna að koma sér upp stefnu í málinu og sullaði saman tillögubræðingi, sem átti að heita stefna flokksins fram yfir kosningar. Í till. þessum er ráð fyrir því gert, að íslenzkir menn taki við störfum erlendra sérfræðinga við gæzlu hernaðarmannvirkja, en herinn sjálfur fari af landi brott á fjórum árum.

Nú hafa ýmsir velt því fyrir sér, hvers vegna framsóknarmenn leggja til, að herinn fari á fjórum árum, en ekki á einu ári, eins og samningar gera ráð fyrir. Íslendingar eiga ekki, skv. þessum till., að taka við störfum hersins, heldur aðeins við sérfræðingastörfum, og þess vegna ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu, að herinn hypjaði sig á brott á einu ári. Hvers vegna vilja þá framsóknarmenn miða

brottförina við fjögur ár? Skýringin er sú, að kjörtímabil Alþ. er fjögur ár. Skv. herstöðvarsamningnum frá 1951 verður fyrst að líða a. m. k. hálft ár, frá því að krafa kemur fram um endurskoðun samningsins, þar til unnt er að segja honum upp eða breyta honum með nýjum samningi. Bandaríkjamenn munu því raunverulega fá frest í tæp fimm ár a. m. k., ef talið er frá næstu alþingiskosningum. Ef till. Framsóknar næðu fram að ganga, yrði herinn ekki farinn úr landi, þegar næsta kjörtímabili lyki. Þetta nýja loforð er því eins konar kosningavíxill, sem búinn er þeim einstæða eiginleika, að hann fellur ekki í gjalddaga á næsta kjörtímabili. Framsókn mundi því geta gengið til kosninga aftur 1971, án þess að þurfa að hafa áhyggjur af þessu vandræðamáli. Eftir kosningarnar þá yrði svo vafalaust unnt að finna nýjar ástæður til þess að slá málinu á frest enn einu sinni.

Framsóknarflokknum er því ekki treystandi, hvorki í þessu máli né öðru. Enginn veit, hvaða afstöðu hann tekur, þegar til kastanna kemur. Til þess að reyna að breiða yfir stefnuleysi flokksins hafa framsóknarmenn reynt að undanförnu að gera afstöðu Alþb. tortryggilega með því að spyrja, hvort við myndum setja það að skilyrði fyrir þátttöku í ríkisstj., að hugsanlegir samstarfsflokkar lofuðu einnig brottför hersins. Alþb. knúði fram slík loforð í vinstri stjórninni 1956, en þau dugðu þó skammt, því að Framsfl. og Alþfl. sviku loforð sín við fyrsta tækifæri. Þá, eins og nú, er það ekki afgerandi um heilindi flokka, hvort þeir hafa mátt til að knýja fram stefnu sína í ríkisstj., heldur hitt, hvað þeir vilja, þegar á reynir. Afstaða Alþb. hefur alltaf verið skýr og ótvíræð. Sé þess nokkur kostur, mun Alþb. knýja það fram, að tekin sé upp sjálfstæð og óháð utanríkisstefna og herinn hverfi úr landi. Hins vegar getur enginn vitað fyrirfram, á hvora sveifina Framsfl. muni hallast. Það gerir gæfumuninn.

Góðir tilheyrendur. Tími minn er senn á þrotum. Í þessum umr. hefur verið minnzt á þann ágreining, sem varð um framboð Alþb. í Reykjavík. Ágreiningur um menn á framboðslista er vissulega ekkert nýnæmi. Skemmst er að minnast hinnar hatrömu baráttu á Vestfjörðum, bæði innan Framsfl. og Sjálfstfl. Ég vil minna á það hér, að ágreiningur um menn á lista er aldrei alvarlegur, ef ekki er deilt um málefni. Það er staðreynd, sem enginn getur mælt á móti, að í Alþb. er fullkomin samstaða og einhugur um öll höfuðatriði íslenzkra stjórnmála í dag.

Við Alþýðubandalagsmenn munum minnast þess, að það veltur á framgöngu okkar, hvort ríkisstj. missir meiri hluta sinn í kosningunum nú í vor. Framsfl. getur hvergi unnið ný þingsæti, þó að hann bæti við sig atkvæðum. En hann fær heldur ekki uppbótarþm. og hefði Ólafi Jóhannessyni, sem talaði hér rétt áðan, ekki enzt öll nóttin til þess að sanna hið gagnstæða, þótt hann hefði reynt það. Því aðeins fellur ríkisstj., að Alþb. vinni sigur og fái fleiri landskjörna þm. en seinast. Ég vil því sérstaklega taka hér undir þau orð, sem Björn Jónsson mælti í umræðunum á þriðjudag:

„Allan ágreining, stóran og smáan, innan Alþb. ber að harma, en hann getur ekki og má ekki hindra það, að allt hið stóra, sem sameinar, ráði úrslitum, þegar meira er í húfi í tvísýnni baráttu fyrir framtíð íslenzku þjóðarinnar en nokkru sinni áður."

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Háttvirtu hlustendur. Það hefur áreiðanlega ekki verið til vegsauka fyrir Alþ. eða þm., þegar þeir lýsa í ádeiluræðum sínum eins og við þessar útvarpsumr. ástandi og atvikum í þjóðfélaginu allt öðru vísi en staðreyndir segja til um og allt öðru vísi en meginþorri manna veit af eigin raun. Þetta hefur hent stjórnarandstæðinga mjög alvarlega fyrra kvöld þessara umr., og enn heldur sami sónninn að þessu leyti áfram í kvöld. Nú liggur það í hlutarins eðli, að í takmörkuðum ræðutíma er ekki hægt að hrekja allar þær firrur stjórnarandstæðinga, sem fram hafa verið bornar, en þó getur það ekki hafa farið fram hjá hlustendum, að talsmenn stjórnarflokkanna hafa haft allt aðra sögu að segja um stjórnmálaástandið í landinu og þróun mála en stjórnarandstæðingar. Þegar formenn stjórnarandstöðuflokkanna höfðu lokið sínum lestri, mátti helzt skilja, að hér væri allt í grænum sjó. Bar þeim samþingsmönnum Eysteini og Lúðvík lítið á milli í hrollvekjum sínum, og minni spámennirnir hafa svo höggvið í sama farið.

Ég skal nú taka nokkur dæmi af málflutningi formanna stjórnarandstöðunnar. Eysteinn Jónsson segir: „Aðgerðir ríkisstj. hafa verkað eins og eitur". Minna mátti ekki gagn gera. Lúðvík Jósefsson segir: „Hann á ekkert skylt við stefnu ríkisstj., sá hagvöxtur, sem hér hefur átt sér stað". Í kvöld sagði Ólafur Jóhannesson: „Vissulega er það að kenna stjórnarstefnunni, þeir erfiðleikar, sem vissar atvinnugreinar eiga við að búa". Svona er samræmið. Hagvöxturinn á ekkert skylt við stefnuna, en ef einhverjir erfiðleikar koma á daginn, er það afleiðing stjórnarstefnunnar. Ólafur Jóhannesson sagði einnig, að stjórnin hefði ekki þurft að glíma við erfitt árferði, engin stjórn setið við aðra eins hagsæld frá náttúrunnar hendi. Einstæð aflabrögð og óvanalega hagstætt verðlag á erl. mörkuðum.

Eins og Sigurður Ingimundarson o. fl. hafa bent á í þessum umr., þá verður hagvöxtur þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á viðreisnartímabilinu alls ekki rakinn bara til góðæris. Aflabresturinn fyrir norðan og óhemju kalskemmdir fyrir austan segja sína sögu. Hey fyrir milljónatugi var flutt til hér á landinu til bændanna fyrir austan. Togaraútgerð á takmörkuðum veiðisvæðum hefur verið með afbrigðum erfið og línuútgerð að úreldast. Naumast hægt að fá verkafólk eða sjómenn

til þeirra starfa. Bæði árin 1955 og ekki síður 1958 voru viðskiptakjör mjög hagstæð, ekki síður en nú undanfarið. Samt gafst vinstri stjórnin upp í desember 1958. Á árunum 1961 og 1963 var verðlag með eðlilegum hætti og ekkert meira en það. Árin 1964 og 1965 voru viðskiptakjörin aftur á móti mjög hagstæð, en síðari hluta ársins 1966 dynur yfir stórkostlegt verðfall á útflutningsafurðunum. Það veldur hver á heldur, og enn hefur tekizt að mæta hinu gífurlega verðfalli án verulegra skakkafalla vegna skynsamlegrar stjórnarstefnu, einmitt skynsamlegrar stjórnarstefnu.

Eysteinn Jónsson sagði, að allt hefði nú staðið í blóma, ef óstjórnin hefði ekki komið til. Þessu lýsti nú Hermann Jónasson allt öðruvísi, þegar vinstri stjórnin gafst upp í desember 1958. „Ný verðbólgualda skollin yfir", sagði þessi forsrh. vinstri stjórnarinnar, „við erum að fara fram af brúninni", og loks upplýsti hann, að ekki væri nokkur samstaða um nein úrræði til bjargar í þeirri sælu ríkisstjórn vinstra samstarfsins og þar með voru dagar hennar taldir.

Báðir voru formenn stjórnarandstöðunnar innilega sammála um, að viðreisnin hefði grafið undan afkomu almennings. Vaxandi samdráttur í iðnaði, landbúnaður í úlfakreppu og álögin eru ofboðsleg. Verðstöðvunarstefnan bara sjónhverfingar bugaðra manna, lágkúrulegar tilraunir til þess að fela ófremdarástandið. Skuldir við útlönd hefðu vaxið, skorin niður framlög til sjúkrahúsabygginga, — ég held að þeir hafi næstum allir verið að tala um það, — ekkert raforkuver byggt. Mörg fleiri málblóm gat að líta og verður kannske vikið betur að þeim, áður en lýkur. Allt var ástandið hrollvekjandi að dómi þessara manna.

Ég verð að játa, að þetta er ekki álitlegur grundvöllur til þess að byggja framtíðina á, ef satt væri. En er þetta þá satt? Er allt í grænum sjó í þjóðfélaginu? Er það virkilega hrollvekjandi að búa á Íslandi í dag? Að þessu skal nú vikið, en viðfangsefnið verður að nálgast frá nokkuð öðrum sjónarhóli. Auðvitað verður hér ekki brugðið upp nema skyndimyndum. Það verður hins vegar ekki hrakið og má hver einstaklingur vita nokkuð af eigin raun, að á síðustu 7—8 árum hafa orðið meiri framfarir í efnahag Íslendinga en á nokkru öðru sambærilegu tímabili í sögu þeirra hingað til. Á viðreisnartímabilinu hefur þjóðarauðurinn í raunverulegum verðmætum aukizt um 40—50%, eins og forsrh. upplýsti í sinni ræðu. Mest hefur aukningin orðið í vélum og tækjum og mannvirkjum atvinnuveganna. Auknar skuldir við útlönd, þegar frá er talinn gjaldeyrisvarasjóður og aðrar innistæður, nema aðeins nokkrum hundruðum millj. kr., á sama tíma sem eignamyndunin, aukin verðmæti í landinu sjálfu, hafa numið 13 þús. millj. kr. Fjármunamyndun á mann er meiri á Íslandi en í nokkru öðru Evrópu- eða Ameríkuríki. Næst á eftir Íslandi koma Sviss, Bandaríkin, Kanada og Svíþjóð. Þetta hefði einhvern tíma þótt nokkurs virði, að Ísland væri á undan þessum þjóðum. Vöxtur þjóðarframleiðslu hefur verið mjög mikill hér á landi á þessum árum, hvort sem miðað er við fyrri tímabil hérlendis eða önnur lönd. Í þessu efni hefur t. d. orðið mikil breyting frá því á árunum 1955—1960. Þá var vöxtur þjóðarframleiðslunnar hægari hér á landi heldur en í nokkru öðru landi í Vestur-Evrópu, aðeins 1% að meðaltali á ári. Eitt árið, 1957, minnkaði þjóðarframleiðslan jafnvel, miðað við næsta ár á undan. Á árunum 1961—1965 hefur þjóðarframleiðsla Íslendinga hins vegar vaxið um 5.4% á ári til jafnaðar, sem er meiri vöxtur en í nokkru öðru iðnþróuðu landi í Evrópu og Ameríku. Skv. nýútkominni skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir árið 1965, var Ísland það ár hið 3. í röðinni af aðildarríkjum stofnunarinnar í þjóðarframleiðslu á mann. Aðeins í Bandaríkjunum og Svíþjóð var framleiðslan á mann meiri. Þennan grundvöll framtíðarvelmegunar hefur tekizt að leggja, á sama tíma og launastéttir hafa fengið vaxandi hluta af þjóðartekjum, þar sem ráðstöfunartekjur kvæntra verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna með börn á framfæri hafa vaxið að meðaltali á viðreisnartímanum um 47%, samtímis aukningu þjóðartekna á mann að meðaltali 33%.

Af hálfu ríkisvaldsins hefur svo sérstaklega verið leitazt við að rétta hlut hinna lægst launuðu. Í því skyni voru m. a. á árinu 1961 sett lög um launajöfnun karla og kvenna, en með þeim var ákveðið, að á árunum 1962—'67 skyldu laun kvenna hækka til jafns við laun karla fyrir sömu störf í almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og skrifstofuvinnu. Við byrjun tímabilsins var yfirleitt 21% munur á lágmarkslaunum karla og kvenna í þessum starfsgreinum, en 1. jan. s. l. var fullum launajöfnuði náð.

Eins og félmrh. upplýsti í sinni ræðu, hafa ótalmargar breyt. orðið á félagsmálalöggjöfinni, sem hafa jafnan stefnt að því að létta lífsbaráttu þeirra, sem standa höllum fæti. Auk framangreindra lífskjarabreytinga, sem flestar eru mælanlegar í tölum og koma fram í vísitölu, verður svo að hafa í huga önnur atriði, sem að vísu hafa ekki áhrif á vísitölu, en hafa engu að síður mjög mikil áhrif á lífskjörin, m. a., að allt viðreisnartímabilið hefur víðast á landinu verið næg atvinna handa öllum og víða beinlínis skortur á vinnuafli; að vegna afnáms innflutningshafta hefur vöruval og framboð komið í stað vöruskorts og svartamarkaðsbrasks, svo almenningur getur betur nýtt hinar miklu tekjur; að vegna tollalækkana hefur lækkað verð á ýmsum vörutegundum, sem áður voru taldar lúxusvörur og eru því ekki í vísitölugrundvellinum, en eru nú taldar til sjálfsagðra lífsþæginda.

Hin margvíslegu lífsþægindi, sem þorri ísl. þjóðarinnar nýtur nú, eru talandi tákn um mikla og vaxandi velmegun hennar. Samanburður við aðrar þjóðir sýnir, að almenning-

ur nýtur óvíða jafn mikilla lífsþæginda og hér á landi. Eru dæmin talandi og almenningi kunn, þótt ekki veitist tími hér til þess að rekja það frekar.

En á fleira er að líta. Fleiri hrollvekjandi staðreyndir, svo notuð séu þeirra eigin orð, stjórnarandstæðinga. Stöðvun allrar framleiðslu landsmanna er ekki langt undan, sagði Lúðvík Jósefsson. Landbúnaður hefur dregizt saman, en Eysteinn Jónsson taldi þessa atvinnugrein vera í úlfakreppu. Landbrh. Ingólfur Jónsson er búinn að hrekja þessa firru og Ágúst Þorvaldsson, sem talaði hér af hálfu Framsfl., hann gerði það að verulegu leyti líka í kvöld, þó að það yrði kannske alveg óvart hjá þessum bónda. En hann var að lýsa því, eins og menn heyrðu, hvað bændur hefðu getað varið mörg hundruð millj. kr. árlega í framkvæmdir á viðreisnartímabilinu. Þetta var hans dómur um samdráttinn og úlfakreppuna hjá landbúnaðinum. Ágúst var að vísu að fárast yfir greiðslum bænda í stofnlánadeild landbúnaðarins. Það væri í ætt við miðaldafjötra, að bændur greiða lága prósentu af launum sínum í þeirra eigin stofnlánasjóð. Nú, ekki er talið eftir af framsóknarmönnum sams konar gjald til bændahallarinnar eða Hótel Sögu. Samræmið er ekki sem allra bezt. En á það skal minnt, að aðrir stofnlánasjóðir, sérstaklega sjávarútvegsins, fiskveiðasjóður, og að nokkru leyti iðnlánasjóður, hafa einmitt verið byggðir upp á sama hátt og enginn talið eftir.

Landbrh. sýndi fram á, að Stéttarsamband bænda sjálft hefði ákveðið að láta semja framkvæmdaáætlun fyrir landbúnaðinn fyrir áratuginn 1961—'70. Á miðju áætlunartímabilinu eða eftir 5 ár er yfirleitt komið langt fram úr áætlunargerð bændanna sjálfra, langt fram úr því, sem þeir sjálfir gerðu kröfu til og ætluðust til að koma áleiðis í þjóðfélaginu á þessum áratug. Þurrheyshlöður átti að byggja, 600 þús. teningsmetra á 10 árum, en á 5 árum var búið að byggja 741 þús. teningsmetra. Súgþurrkunarkerfi átti á 10 árum að koma upp skv. óskum bændanna og áætlun, sem svaraði 200 þús. teningsmetrum. En eftir 5 ár hafði verið byggt sem svaraði 640 þús. teningsmetrum. Þetta er úlfakreppan. Dráttarvélar áttu bændur að eignast á 10 ára tímabilinu 4000 talsins, en höfðu eignazt 3000 á 5 ára tímabili viðreisnarinnar. Íbúðarhús áttu bændur að eignast 700 talsins á 10 árum, en höfðu eignazt 538 hús á 5 ára tímabilinu. Er furða, þó að setji hroll að formanni hins gamla bændaflokks, Framsóknar, þegar svona er ástatt?

En það voru fleiri fjólur í málflutningi stjórnarandstæðinga. Form. Framsfl. sagði, að það væri ráðsmannanna á þjóðarbúinu að gera grein fyrir, hvað orðið hefði af þjóðartekjunum á undanförnum árum. Þetta er þessi maður sí og æ að endurtaka, sagði það líka á flokksþinginu. Veit hann ekki, hvað hefur orðið af þjóðartekjunum, þessi maður? Sér hann ekkert í kringum sig? Sér hann ekki bátaflotann, sér hann ekki byggingarnar, sér hann ekki tækin, vélarnar og allt, sem allur almenningur hefur fyrir augum? Auðvitað speglast þjóðartekjurnar í velmegun fólksins, eins og ég hef verið að gera grein fyrir, í raunverulega vaxandi þjóðarauði. En stjórnarandstæðingar segja, að atvinnuvegirnir hafi verið sérstaklega grátt leiknir. Þar er þó fjármunamyndunin mest. Um þetta eru til greinargóðar upplýsingar, sem birzt hafa fyrst í þjóðhags- og framkvæmdaáætluninni fyrir árið 1963—'66 og síðan í yfirliti Efnahagsstofnunarinnar um fjármundamyndunina árin 1962 og 1965.

Sé samanburður gerður á milli tveggja fjögurra ára tímabila, áranna 1956—1959 annars vegar og 1962—1965 hins vegar, hefur orðið stórmikil aukning fjármunamyndunar í vélum og tækjum í hverri einustu grein, að rafvirkjunum og rafveitum undanteknum. Er þá miðað við fast verðlag, þ. e. verðlag ársins 1960. Í heild er fjármunamyndunin eða verðmætasköpunin í vélum og tækjum h. u. b. 50% meiri á síðara tímabilinu, viðreisnartímabilinu, en því fyrra. Vélar og tæki í landbúnaði eru h. u. b. 100% hærri, fiskiskip 55% hærri, vélar í iðnaði 38% hærri og ýmsar vélar og tæki, en í þeim flokki eru flestar vinnuvélanna, 62% hærri.

Ástæðan fyrir því, að fjármunamyndunin í rafvirkjunum og rafveitum, minnkar á milli tímabilanna er að sjálfsögðu sú, að Steingrímsstöð er í byggingu á fyrra tímabilinu, en Búrfellsvirkjun ekki hafin á því síðara, sem endaði 1965. En framkvæmdir við Búrfellsvirkjun hófust á s. l. ári, 1966, fyrstu stórvirkjun í fallvötnum landsins, jafnframt því, sem hafizt er handa um stóriðju með byggingu álbræðslu við Straumsvík. En áður var búið að framkvæma virkjunarrannsóknir á 30—40 stöðum á landinu í miklu stærri stíl en nokkru sinni áður og verja til þess á annað hundrað millj. kr. Og ef borin er saman fjármunamyndun í vélum og tækjum fyrr og síðar, miðað við sama verðlag, þ. e. ársins 1965 í þessu tilfelli, kemur í ljós, að hún er um það bil helmingi meiri á s. l. ári einu en tveim árum vinstri stjórnarinnar 1957 og 1958, og þá er miðað við sama verðlag, en þessi 2 ár var hún 2279 millj., en 2100 millj. kr. á s. l. ári. Þarna getur form. Framsfl. m. a. leitað að því, hvað orðið hefur af þjóðartekjunum í tíð viðreisnar. Þetta kallaði svo Ingvar Gíslason í fyrradag „ár hinna glötuðu tækifæra". Það eru hin glötuðu tækifæri. Tvöföld fjármunamyndun í vélum og tækjum atvinnuveganna á við það, sem áður hefur þekkzt. Það er stórvirkjun í Þjórsá. Það er stóriðja við Straumsvík. Það er stórskipahöfn í Straumsvík. Það er bygging kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Það er nýr 50 millj. kr. vegur á milli Húsavíkur og Mývatnssveitar. Það eru byggðaáætlanir, fyrst Vestfjarðaáætlun og síðan Norðurlandsáætlun, og það er löggjöf um stofnfjárframlög og tekjuöflun til framkvæmda á byggðaáætlunum, þar sem eru l. um atvinnujöfnunarsjóð. Það er upphaf stálskipasmíði í landinu. Það er bygging

dráttarbrauta fyrir hinn nýja skipastól, og svona mætti lengi telja. Þetta kalla þessir menn „ár hinna glötuðu tækifæra".

Margendurteknar staðhæfingar stjórnarandstæðinga um dæmalausa verðbólgu eða óðaverðbólgu, eins og þeir orða það, á viðreisnartímabilinu, að hún sé meiri en nokkru sinni áður, eru ýmist blekkingar eða bein ósannindi. Óvefengjanlegur, fræðilegur og réttur samanburður staðfestir þetta. Á áratugnum 1. jan. 1950 til 1. jan. 1960 er hækkun vísitölu framfærslukostnaðar að meðaltali á ári 8.5%. Hækkunin á ársgrundvelli var síðasta hálft ár vinstri stjórnarinnar 35.5%. En voðinn sjálfur var þá framundan, er sú stjórn gafst upp, ef ekki hefði verið tekið í taumana. Frá 1. maí 1964 til 1. maí 1965 er hækkun framfærsluvísitölunnar aðeins 4.7%. Áhrif júní-samkomulagsins áreiðanlega, sem hér eru að verki, og það er því rangt hjá Eðvarð Sigurðssyni, að ríkisstj. hafi svikið þetta samkomulag, og átti ég sannast að segja sízt von á því frá honum. Þetta er lægsta hækkun vísitölu á ársgrundvelli, 4.7%, allt frá 1950. Enn þá minni hækkun er þó frá 1. maí 1966 og til 1. marz nú, eða aðeins 2.6% og alls er hækkun vísitölu framfærslukostnaðar á ári frá 1. maí 1964 eða undanfarin 3 ár og þar til nú aðeins 6.5%. Allt eru þetta eðlilegar staðreyndir, þegar haft er í huga, að allar ráðstafanir núv. ríkisstj. hafa fyrr og síðar verið við það miðaðar, eins og lýst var yfir, að vinna gegn vexti verðbólgunnar. Það hefur hins vegar verið viðurkennt, að ríkisstj. hefur ekki tekizt að ráða niðurlögum verðbólgunnar, en því var heldur aldrei lofað. Ólafur Jóhannesson sagði hér áðan: „Verðstöðvunin er bara blekking," og svo: „Því var ekki gripið til hennar fyrr?" Það var gripið til verðstöðvunarinnar fyrr. Eðvarð Sigurðsson var að tala um það hér áðan. Það átti að beita henni haustið 1963. Það var eitt síðasta verk Ólafs Thors á stjórnmálasviðinu og hér á Alþ. Öll stjórnarandstaðan reis upp á móti því. Henni var enn beitt, verðstöðvuninni, í samkomulaginu 1964. Framsókn var auðvitað utangátta og hafði þar ekkert erindi. Hins vegar ber að þakka góða samvinnu fulltrúa verkalýðsins og vinnuveitenda við ríkisstj. um þetta farsæla samkomulag.

Hver stjórnarandstæðinga á fætur öðrum hefur geipað um það, að dregið hafi verið úr ríkisframlögum til sjúkrahúsabygginga og meðferð heilbrigðismála sé áhyggjuefni. Hannibal Valdimarsson sagði í kvöld, að læknar hefðu svipt hulunni frá á fundi nýlega, en hann sleppti nú alveg frekari skýringu á því, hvernig hulu þeir hefðu svipt frá — lét hér við sitja. Það var syndsamleg þögn hjá hv. þm., því að allt eru þetta beinlínis ósannindi, og þeim þm., sem halda þessu fram, er það engin ofætlun að fara með rétt mál. Þeir hafa aðgang að ríkisreikningunum og fjárlögum, og sjálfur hef ég nýlega gert grein fyrir framlögum til heilbrigðismála á stúdentafundinum og enginn hreyft andmælum, sem heldur ekki var hægt, og enginn af þessum ágætu læknum — ekki einn einasti. Ef borin eru saman útgjöld ríkisins í tíð vinstri stjórnar 1958 og nú, og allt fært til sama verðlags, 1965, sést óyggjandi, að ríkisframlögin eru nú meira en helmingi hærri eða 127% hærri en þá til heilbrigðismála á helztu greinum fjárlaga. Enn fremur stóraukin félagsleg fjáröflun fyrir vangefið fólk og hjartaverndarsamtök. Þeim síðarnefndu tryggðar árlegar tekjur um 8 millj. kr., en styrktarsjóði vangefinna árlegar tekjur um 24 millj. kr.

Sagt hefur verið, að læknishéruð skorti lækna. Ekki er það ný bóla. Það hefur verið svo frá aldamótum. Einhvern veginn var það svona líka, þegar Framsókn var í stjórn, þótt þeir séu að fárast yfir þessu núna. Hins vegar hafa verið sett ný læknaskipunarlög árið 1965, sem veita héraðslæknum margs konar hlunnindi, staðaruppbót, utanfararstyrki, sérstök námslán, styrki til bifreiðakaupa, sérstakar aldursuppbætur og margt fleira, sem þegar er farið að hafa sín áhrif. Unnið er að því að setja skipulagsreglur um læknamiðstöðvar fyrir beiðni fólksins heima í héruðum á fjórum stöðum, og margt fleira mætti telja, svo sem breyt. á læknakennslunni, sem undirbúin hefur verið, og aðstöðu heimilislækna, endurskoðun alls heilbrigðiseftirlits í landinu og margt, margt fleira. Þessa stundina eru sérfræðingar heilbrigðisstjórnar á fundum með erl. sérfræðingum frá Danmörku og víðar að til þess að ljúka skipulagi Landsspítalalóðar, raða þar verkefnum og áætla kostnað hvers stigs framkvæmda fyrir sig. Ráðgert er, að hægt verði að ljúka byggingu Landsspítalans, miðað við það, sem nú er undir, á árunum 1967—'69 og nauðsynlegum öðrum byggingum, svo sem nýju mötuneyti og eldhúsi fyrir ca. 1400 manns, sem kosta mun yfir 50 millj. kr. eitt út af fyrir sig. Fjölgun sjúkrarúma, auk nýrra deilda og gjörbreyttrar aðstöðu, yrði nærri 22%, en líkleg fólksfjölgun á sama tíma 5—6%. Séu stjórnarandstæðingar nú með áhyggjur vegna heilbrigðismála, er það alveg nýtt fyrirbrigði í þeirra herbúðum.

Sagt er, að ég hafi bannað útvarpsþátt, „Þjóðlíf", um heilbrigðismál. Þetta er ósatt. Ég gerði við útvarpsráð aths. um það, hvernig að þessum þætti væri ráðgert að vinna. Undir þá gagnrýni mína, hefur sá gamli, fyrrv. útvarpsstj. Jónas Þorbergsson, fullkomlega tekið. Þetta er líka sá gamli ritstjóri Tímans, þótt hann fengi ekki, fyrr en seint og um síðir, inni í því blaði með aths. sína. Útvarpsráðið sjálft tók lögum samkv. þær ákvarðanir um þennan útvarpsþátt, sem því fannst við eiga. Ég hef hvorki fyrr né síðar heyrt efni hans og því aldrei tekið afstöðu til þess. Ósannindin um mína afstöðu er búið að kyrja svo oft, að e. t. v. trúa stjórnarandstæðingar nú sínum eigin ósannindum.

Iðnaðurinn er sagður kominn á vonarvöl. Ekki vitnaði hin merka iðnsýning 1966 þar um, þótt S.Í.S.-fyrirtækin hirtu ekki um þátttöku af sinni hálfu. Skv. skýrslum Hagstofunnar hefur verið vöxtur í velflestum iðngreinum tímabilið

1961—1965. Stofnfjármál iðnaðar hafa verið tekin föstum tökum og tekið stakkaskiptum. Iðnlánasjóður hefur á 4 síðustu árum lánað 20 sinnum meira en í tíð vinstri stjórnarinnar á sama tíma. Árleg lán voru þá um 2 millj. kr., voru 76.5 millj. kr. 1966, verða á annað hundrað millj. kr. í ár. Lausaskuldum hefur verið breytt í föst lán, hagræðingardeild stofnuð við iðnlánasjóð og einnig veiðarfæradeild, lánsheimildir stórauknar og sjóðnum útvegað lánsfé til ráðstöfunar. Aukning útlána aðeins fjögur síðustu árin er á áttunda hundrað prósent. Iðnaðarbankinn hefur á sama tíma aukið rekstrarlán sín um 230% og sett upp útibú í Hafnarfirði, Akureyri og við Grensás. Nýjar iðngreinar hafa risið upp, þótt dregið hafi úr öðrum. Iðnþróunarráð hefur verið sett á laggirnar til þess að stuðla að framtíðarrekstri þessarar atvinnugreinar. Rannsóknarstofnanir hennar hafa verið efldar. Hér væla og skæla stjórnarandstæðingar og hafa gert svo undanfarin ár, á meðan unnið hefur verið að því að treysta framtíð iðnaðar á Íslandi.

Það er ekki nýtt að heyra það úr herbúðum stjórnarandstæðinga, að stjórnarliðið sé þreytt og úrræðalaust, það vanti forustu. Hér í þingsölunum og á göngum þingsins, ekki síður yfir kaffibollanum, bera þeir sig hins vegar aumlega upp undan því, að stjórnin beri fram allt of margþætt og umfangsmikil lagafrv. Þeir séu vanbúnir að taka afstöðu til þessara frv., svo sem til er ætlazt. Hér yrði allt of langt mál að tíunda mjög umfangsmikla og blómlega löggjöf, sem vitnar um rösklegt forustuhlutverk viðreisnarstjórnarinnar og stuðningsliðs hennar, en andstæðingarnir verða minntir rækilega á hina umfangsmiklu löggjöf viðreisnarstjórnarinnar í kosningabaráttunni, það mega þeir vita. Lög um frjálsa verzlun, en með henni hefur verið endurheimt lánstraust út á við, byggður upp gjaldeyrisvarasjóður, sem nemur nærri 2000 millj. kr., og almenningi skapað frjálst vöruval. Lög um stórvirkjanir og stóriðju. Lög um stofnlánasjóði, byggðajafnvægi og margs konar menningu og framfarir. Lög um álbræðslu og kísilgúrverksmiðju, ásamt mjög veigamikilli húsnæðismálalöggjöf og fjárveitingum þess opinbera til íbúðarbygginga í ríkara mæli en nokkru sinni áður fyrr. Það verður af nægu að taka.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég hef nú dregið upp svipmyndir úr þjóðlífinu, sem ég hygg, að ekki verði um deilt, að vitni örugglega um ríkulegan árangur viðreisnarstefnunnar. Hafa verður einnig í huga aðrar ræður stjórnarsinna í þessum umr. Ég hef borið óyggjandi staðreyndir saman við hrollvekjandi lýsingar form. Framsfl. og annarra stjórnarandstæðinga á þróun þjóðfélagsmála á viðreisnartímabilinu. Við getum róleg látið hverjum og einum eftir að dæma, á hvoru sé meira mark takandi, staðreyndum eða hrollvekjum þeirra framsóknarmanna. Það er slíkan samanburð, aðeins í miklu, miklu ríkara og fjölbreyttara mæli, sem við sjálfstæðismenn munum gera okkur far um að leiða fram í dagsljósið í kosningabaráttunni í vor. Síðan látum við öruggir kjósendurna dæma. Á hverju byggjum við í framtíðinni? Sjálfstæðismenn byggja á traustri og grundvallaðri stefnu, sjálfstæðisstefnunni, þar sem sköpunargáfa, athafnaþrá og þrek einstalingsins er í senn driffjöður og burðarás framfara og frelsi í orði og athöfnum leiðast gjarnan. Við munum byggja á þeim trausta grundvelli, sem þróazt hefur alhliða í þjóðfélaginu á viðreisnartímabilinu. Við spyrjum ekki um ferðir kommúnista eða svokallaðs Alþb. Sjálfir vita þessir menn ekki lengur, hvað þeir vilja. Þeir eru sjálfum sér sundurþykkir, pólitísk samtök þeirra margklofin „eða ekki að látast", eins og Hannibal Valdimarsson hefur komizt að orði. Þegar hann byrjaði að tala um bakteríuglösin í kvöld, hélt ég að hann ætlaði að fara að skýra fyrir okkur, hvað kommúnistar hafa verið að brugga honum og sonum hans í þessu svokallaða Alþb. að undanförnu. Annars skal ég ekki angra Hannibal í sorgum þeim, sem hann tjáði í lok ræðu sinnar. Hann sagði, að steinarnir mundu tala í kosningabaráttu Alþb. Hvað við er átt með slíku, veit ég ekki.

Framsókn vill fara „hina leiðina". Það setur að þeim góðu mönnum hroll við að horfa upp á allar þær stórstígu og marghátturðu framfarir og þróun, sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu, meðan þeir voru utan stjórnar. Allt er á huldu um „hina leiðina" nema eitt. Meiri ríkisafskipti, aukin ríkisforsjá, aftur höft og úthlutunarnefndir. Við óskum framsóknarmönnum góðrar ferðar á göngu þeirra hina leiðina.

Við sjálfstæðisfólk vil ég segja: Göngum gunnreif til kosninganna í júní. Viðreisnartímabilið er mesta blómaskeið íslenzkrar þjóðfélagsþróunar. Viðreisnarstefnan hefur lagt öruggan grundvöll að framtíðinni. Okkar litla þjóð býr yfir miklum möguleikum. Unga kynslóðin, sem nú horfir vonglöð fram á veginn, erfir betra Ísland en nokkur önnur ung kynslóð á undan henni. Látum ekkert tækifæri ónotað í kosningabaráttunni, tökum höndum saman og göngum fram til sigurs. — Góða nótt.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Andstæðingar ríkisstj. halda því oft fram, bæði í ræðu og riti, að viðreisnarstefnan hafi leitt til fólksflótta utan af landsbyggðinni. Straumurinn liggi til höfuðborgarinnar og næsta nágrennis hennar. Þannig sé byggðajafnvæginu raskað á óheillavænlegan hátt og verði að skrifa þetta á reikning ríkisstj., sem vanræki hagsmunamál landsbyggðarinnar. Bergmál af þessum boðskap mátti heyra í ræðu Gísla Guðmundssonar í fyrrakvöld. Í raun og veru ætti ekki að þurfa að deila um hluti, þar sem óyggjandi staðreyndir liggja fyrir í opinberum skýrslum, sem hvert mannsbarn hefur aðgang að. Í hagtíðindunum eru yfirleitt birtar skýrslur og yfirlit yfir mannfjölda á öllu landinu og í einstökum byggðar-

lögum. Samkv. þessum skýrslum eru eftirfarandi staðreyndir ljósar.

Á áratugnum 1940—1950 fjölgar allri þjóðinni um 19%, en mannfjöldinn á Reykjavíkursvæðinu vex á þessum sama tíma um 51%. Reykjavíkursvæðið er hér talið ná til Kópavogs og Seltjarnarness auk höfuðborgarinnar sjálfrar. Á áratugnum 1950—1960 fjölgar þjóðinni allri um 22%, en mannfjöldinn á Reykjavíkursvæðinu vex þá um 36%. Á þessum árum heldur því öfugþróunin áfram, þótt röskunin sé ekki jafn geigvænleg og á styrjaldarárunum og fyrstu árunum eftir stríðið. Þá er rétt að athuga, hvað gerzt hefur í þessum efnum síðustu 6 árin, þ. e. a. s. árin 1960—1966. Á þessu tímabili fjölgar þjóðinni í heild um 12%, en fjölgunin á Reykjavíkursvæðinu á sama tíma er aðeins 14%. Óheillaþróunin hefur m. ö. o. næstum því stöðvazt, eftir að núv. ríkisstj. kom til valda og byggðajafnvægið raskazt langtum minna heldur en meðan hinnar svokölluðu byggðastefnu Framsfl. naut við. Við þetta má svo bæta, að ávextirnir af því mikilvægasta, sem núv. ríkisstj. hefur gert til stuðnings hagsmunum landsbyggðarinnar, eru enn ekki fram komnir nema að litlu leyti. Á ég þar við hina stórfelldu eflingu atvinnujöfnunarsjóðs, sem lögfest var á s. l. ári, svo og undirbúning landshlutaáætlana, sem hefur þó vissulega tekið lengri tíma en æskilegt er. En minna má þjóðina á það, að það voru einmitt stjórnarandstæðingar, sem voru andvígir því máli, sem lagði fjárhagslegan grundvöll að aukningu atvinnujöfnunarsjóðs.

Skömmu fyrir áramótin voru samþ. á Alþ. lög um verðstöðvun. Undanfari þessarar löggjafar voru stórauknar niðurgreiðslur vöruverðs úr ríkissjóði síðari hluta ársins 1966, sem haldið er áfram á yfirstandandi ári. Stjórnarandstæðingar voru lítt hrifnir af þessum aðgerðum og sögðu, að ríkisstj. væri að fela dýrtíðina á bak við verðstöðvunarfrv. á líkan hátt eins og Sósfl. felur sig á bak við Alþb. Hér er þó ólíku saman að jafna, þar sem ríkisstj. hefur ekkert að dylja og vill ekkert dylja í þessum efnum. Mælikvarði á verðbólguna, löggiltur og viðurkenndur, er vísitalan. A. m. k. hika stjórnarandstæðingar ekkert við að vitna til vísitölunnar, þegar hún sýnir verðhækkanir, en nú hefur hún staðið í stað á annað misseri og einhverra hluta vegna fer þetta ósköp í taugarnar á stjórnarandstæðingum. Alþfl. lítur á niðurgreiðslur vöruverðs sem áhrifarika aðferð til að hafa hemil á verðbólgu, enda þótt hún sé ekki einhlít og kosti sannarlega mikil fjárútlát. Kostirnir við niðurgreiðslu vöruverðs eru þessir: 1. Niðurgreiðslurnar draga úr vexti verðbólgunnar og geta jafnvel stöðvað hana um lengri eða skemmri tíma. 2. Niðurgreiðslurnar spara ríkissjóði útgjöld á öðrum sviðum. 3. Niðurgreiðslurnar eru stuðningur við útflutningsatvinnuvegina, sem ekki þola að taka á sig verðlagshækkanir innanlands, eins og nú standa sakir. 4. Niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum auka innanlandsneyzluna og draga úr því afurðamagni, sem bændur yrðu ella að selja úr landi fyrir mjög lágt verð. 5. Niðurgreiðslur á mjólk og öðrum nauðsynjavörum eru sérstök kjarabót fyrir láglaunafólk og barnmargar fjölskyldur, þar sem þetta fólk verður að verja stærri hluta af tekjum sínum en aðrar stéttir til kaupa á lífsnauðsynjum.

Á hinn bóginn kosta niðurgreiðslurnar mikla peninga. Forsendan fyrir því, að unnt sé að fara þessa leið er því sú, að fjárhagsafkoma ríkissjóðs sé góð. Að því leyti, sem góð fjárhagsafkoma byggist á auknum innflutningi og meiri tolltekjum, verður traust gjaldeyrisstaða einnig að vera fyrir hendi, en það var einmitt þessi hlekkur, sem varð sífellt veikari og veikari á árum vinstri stjórnarinnar og sem að lokum brast alveg í árslok 1959 og olli því, að hverfa varð frá stöðvunarstefnunni á þeim tíma. Nú horfir þetta betur. Undir viðreisnarstjórn hefur gjaldeyrisstaðan batnað og er enn traust, þrátt fyrir lækkandi verð á útflutningsafurðum okkar. Niðurgreiðsluleiðin er því nú færari en áður, ef sérstök áföll henda ekki. En það eru ekki allir jafn hrifnir af þessari leið. Eysteinn Jónsson kallar þetta einfaldlega að moka peningum í niðurgreiðsluhítina. Hann hefur önnur og betri ráð á takteinum til þess að vinna bug á verðbólgunni og vík ég að þeim síðar.

Þungamiðjan í gagnrýni Framsfl. á hendur núv. ríkisstj. er sú, að ríkisstj. hafi ekki ráðið við verðbólguna í landinu. Framsóknarmenn nota margvísleg orð yfir þetta. Fyrst töluðu þeir um verðbólgu, þar næst töluðu þeir um mikla verðbólgu. Svo komu heitin óðaverðbólga, skriðuverðbólga, hrikaleg verðbólga og loks eftir að stöðvunarl. komu og farið var að hafa meiri hemil á verðbólgunni en áður, er þeim tamast að tala um ofsalega óðaverðbólgu.

Nú má ekki gleyma því, að Framsfl. hefur haft tækifæri til að sýna í verki, hvers hann er megnugur í baráttu gegn verðbólgunni. Framsfl. sat samfellt í ríkisstj. frá því í marzmánuði 1950 þar til í des. 1958. Fyrsta ár þessa tímabils óx verðbólgan um 40%, sem er algert Íslandsmet, og síðustu þrjá mánuði þessa tímabils óx verðbólgan um 9½% miðað við vísitölu vöru og þjónustu, en það er sama hækkun og átt hefur sér stað undanfarna 16 mánuði. Þegar hér var komið sögu, gafst Framsfl. upp á stjórnarforystu eins og alkunnugt er, vegna þess að verðbólgualda var skollin yfir og hann treysti sér ekki til þess að stýra þjóðarskútunni gegnum brimgarðinn. Þá tók minnihlutastjórn Alþfl. við og bjargaði því, sem bjargað varð með stöðvun og niðurfærslu, en Framsfl. lýsti sig andvígan þeim ráðstöfunum. Síðan tók viðreisnarstjórnin við, gengið var fellt og verðbólgan óx á nýjan leik, en þótt vöxtur verðbólgunnar væri nokkuð mikill, varð hann samt mun hægari en sá geigvænlegi verðbólguvöxtur, sem framundan var að dómi efnahagssérfræðinga, þegar Framsfl. gafst upp. Sagan um viðureign Framsfl. við verðbólguna er sagan um flokk, sem ýmist réð ekki við vandann eða hljóp burt frá vandanum. Nú

kemur þessi flokkur fram fyrir þjóðina og segist kunna ráð við öllu. Framsóknarmenn hafa þó í rauninni ekkert lært, en treysta því, að þjóðin hafi öllu gleymt, en þar mun þeim skjátlast. Lyfseðill Eysteins Jónssonar til lækningar á verðbólgunni hljóðar á þessa leið: Verðbólga verður ekki læknuð nema með nýjum, jákvæðum aðgerðum, þar sem meginkjarninn er sá að taka hæfilega mikið fyrir, en þá verður það líka að sitja fyrir, sem mestu skiptir, því að annars grefst undan afkomu þjóðarinnar. Svo mörg eru þau heilögu orð og svona einfalt er að leysa þennan mikla vanda.

Framsóknarmenn hafa þó ekki gefið neinar greinargóðar skýringar á því, eftir hvaða reglum á að raða niður framkvæmdum að þeirra dómi og hvaða framkvæmdir það eru, sem eiga að sitja á hakanum. Eðlilegt er að spyrja í þessu sambandi, af hverju verðbólguvöxturinn hafi stafað á árunum 1950—1958 að áliti framsóknarmanna. Var þá of mikið tekið fyrir eða var þá of lítið tekið fyrir eða var það látið sitja fyrir, sem minna máli skipti? Framsóknarmenn boða stefnu sína í nokkrum setningum, sem hljóma vel, en segja lítið, eins og t. d. þessar: Að skoða vandamál togaranna frá rótum. Að auka framkvæmdaafl þjóðarinnar. Að leysa atvinnuvegina úr sjálfheldunni. Að taka upp skynsamlegan áætlunarbúskap. Að aflétta vaxtaokri og lánsfjárkreppu o. s. frv., o. s. frv. Hins vegar segir flokkurinn ekkert um það, hvernig á að gera þetta. Stefna Framsfl. er fyrirheit án fyrirhyggju og verður því boðskapur án brautargengis.

Það er engum vafa undirorpið, að á yfirstandandi kjörtímabili hafa verkalýðsstéttirnar hlotið meiri kjarabætur en nokkru sinni áður frá styrjaldarlokum. Er þar fyrst og fremst um að ræða kauphækkanir, styttingu vinnuvikunnar, tilfærslu milli launaflokka og aukinn orlofsrétt. Þetta er ekki einvörðungu álit okkar, sem styðjum ríkisstj. og þá stefnu hennar að hafa góð samskipti við verkalýðshreyfinguna og greiða fyrir faglegum og félagslegum kjarabótum eftir því, sem föng eru á, heldur er þetta einnig skoðun andstæðinga okkar. Í júlímánuði 1965 átti vikublaðið Frjáls þjóð viðtal við Björn Jónsson alþm., sem jafnframt er form. stærsta verkalýðsfélags á Norðurlandi. Viðtalið fjallaði um nýafstaðna kjarasamninga, sem ríkisstj. hafði sérstaklega beitt sér fyrir að leiða til lykta. Blaðið spyr Björn: Nú, þegar samningunum er að heita má lokið alls staðar, hvert er þitt heildarmat á þeim? Og Björn Jónsson svarar: „Í heild eru þetta óvenjuhagstæðir samningar. Engir samningar eftir stríð hafa verið eins hagstæðir launþegum". Það er eftirtektarvert, að Björn Jónsson viðurkennir, að á valdatíma viðreisnarstjórnarinnar hafi verkalýðnum tekizt að fá betri samninga heldur en á valdatíma þeirra stjórna, sem hans eigin flokkur studdi. Þessum staðreyndum virtist Björn hins vegar vera búinn að gleyma, þegar hann flutti ræðu sína á þriðjudagskvöldið. Við þetta má svo bæta, að á s. l. þremur árum hefur ríkt óvenjugóður vinnufriður í landinu og á síðasta ári fengu láglaunastéttirnar kjarabætur umfram aðra þjóðfélagsþegna. Í þessum eldhúsdagsumr. hafa húsnæðismálin verið ofarlega á baugi. Alþb. hrósaði vinstri stjórninni á sínum tíma fyrir að semja við verkalýðshreyfinguna um aukið framlag til húsnæðismála. Hins vegar finnst talsmönnum Alþb. nú, að það hafi verið eiginlega fráleitt af núv. ríkisstj. að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna um húsnæðismál. Umbæturnar í húsnæðismálunum á valdatíma vinstri stjórnarinnar voru vissulega góðra gjalda verðar, en þó verða þær að teljast smávægilegar miðað við þær mikilvægu úrbætur, sem átt hafa sér stað á undanförnu kjörtímabili. Í upphafi þessa kjörtímabils voru lán húsnæðismálastjórnar út á hverja íbúð 150 þús. kr. Nú nema lánin fyrir þá, sem hefja byggingu á þessu ári, 355 þús. kr. og að auki 75 þús. kr., ef byggjandinn er meðlimur í verkalýðsfélagi eða alls 430 þús. kr. lán út á hverja íbúð. Á sama tíma og byggingarkostnaðurinn hefur hækkað samkv. vísitölu um 64%, hafa lán húsnæðismálastjórnar hækkað um 137—187% út á hverja íbúð.

Á miðju ári 1965 gaf ríkisstj. út yfirlýsingu um húsnæðismál í sambandi við lausn á kjaradeilu verkalýðsfélaga. Í þessari yfirlýsingu var kveðið á um að reisa í Reykjavík á næstu 5 árum 1250 íbúðir handa láglaunafólki, en áætlun þessari skyldi hrinda í framkvæmd í samvinnu við verkalýðshreyfinguna og Reykjavíkurborg. Íbúðirnar skyldi selja á kostnaðarverði og lán út á hverja íbúð nema allt að 80% af kostnaðarverðinu. Með byggingum þessum á að gera alvarlega tilraun til lækkunar byggingarkostnaðarins, m. a. með því að taka upp fjöldaframleiðsluaðferðir. Síðar var svo lögfest heimild til samsvarandi byggingaráætlana út um landið með sömu kjörum. Um þetta mikilvæga framfaraspor komst Guðmundur J. Guðmundsson, varaformaður Dagsbrúnar, svo að orði í blaðaviðtali: „Félagsleg lausn húsnæðisvandans er stórsigur í réttindabaráttu alþýðu". Ég er alveg sammála niðurstöðu Guðmundar J. Guðmundssonar í þessu efni.

Í síðustu viku hófust byggingarframkvæmdir við 1. áfanga hinna 1250 íbúða, er reisa á í Reykjavík. Ef allt gengur samkv. áætlun, verða um það bil 100 íbúðir fullgerðar um næstu áramót. Við þessar byggingar eru reyndar ýmsar nýjungar í byggingarmálum okkar. Ég skal ekkert um það segja, hvern árangur þær kunna að bera til lækkunar á byggingarkostnaði í fyrstu atrennu. Samt er nú þegar ljóst, að á vissum sviðum er auðvelt að spara talsvert fé, ef byggingaráfangar eru nógu stórir. Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hefur á undanförnum mánuðum sent frá sér um það bil 30 útboð. Síðast í gærdag voru opnuð tilboð í eldhúsinnréttingar og þá kom í ljós, að samkv. lægstu tilboðunum kostar hver eldhúsinnrétting, efni, vinna og uppsetning innifalið, tæpar 25 þús. kr. Þetta er vissulega góður árangur. Yfirleitt hefur það komið í ljós við útboðin, að innlendir framleiðendur hafa

reynzt vel samkeppnisfærir við erlenda aðila um verðlag og gæði og þeir búa yfir þekkingu, tækni og aðstöðu til fjöldaframleiðsluaðferða. Stórir byggingaráfangar og heilbrigð samkeppni eru tvímælalaust leiðarvísir á brautinni til lækkandi byggingarkostnaðar.

Viðreisnarstefnan hefur fært bændum landsins, sem lengi hafa verið ein tekjulægsta stétt þjóðfélagsins, þýðingarmiklar kjarabætur á undanförnum árum. T. d. hefur kaupmáttur árslauna bóndans samkv. búvörugrundvellinum aukizt um 28% á síðustu þremur árum, er skýrslur taka til. Með stofnun framleiðnisjóðs landbúnaðarins og jarðakaupasjóðs er brotið blað í sögu íslenzks landbúnaðar, framtíðargrundvöllur lagður að bættum búrekstri og leystur brýnasti vandi þeirra, sem verst eru settir.

Íslenzkt sjónvarp, sem innan fárra ára verður komið um land allt, hefur farið af stað með myndarbrag. Sjónvarpið mun rjúfa einangrun hinna dreifðu byggða og færa sveitirnar og þéttbýlið nær hvort öðru.

Alþfl. hefur sett svip sinn á stefnu núv. ríkisstj. og hann hefur á síðustu áratugum með ábyrgri afstöðu sinni knúið fram margfalt fleiri umbótamál fyrir íslenzka alþýðu heldur en Sósfl. og Alþb., enda er það afar fátítt að heyra talsmenn þessa bandalags vitna til þess, sem þeir hafa afrekað fyrir íslenzka alþýðu, þegar þeir komust til áhrifa í ríkisstj. Nú ákalla Alþb.-menn þjóðina til fylgis við sig, á sama tíma og foringi þessa bandalags er nýbúinn að lýsa því yfir á fundi í Reykjavík, að bandalagið sé að dauða komið, en Þjóðviljinn lýsir því yfir á sama tíma, að ágreiningur innan þessa bandalags sé einmitt styrkleiki þess.

Innan fárra vikna gengur þjóðin til kosninga. Í kosningabaráttunni mun Alþfl. einkum skírskota til unga fólksins, sem veitti honum vaxandi traust í sveitarstjórnarkosningunum á síðasta ári. Það er mikilvægt, að unga fólkið leggi það á sig að kryfja stjórnmálin til mergjar og neyti atkvæðaréttar síns að vel yfirveguðu máli. Nú hafa þeir atburðir gerzt, er sýna ljóslega, að jafnaðarmenn eiga ekkert erindi í bandalag með Sósfl. Allt það fólk, sem hvarf úr röðum Alþfl. fyrir rúmum áratug og gekk til samstarfs við Sósfl., er velkomið heim í sinn gamla flokk á ný. Þá gefst því tækifæri til eðlilegra áhrifa á störf og stefnu Alþfl. til heilla fyrir land og lýð. Alþfl. lofar ekki þjóðinni gulli og grænum skógum. En hann heitir því að hlaupast eigi á brott frá þeim skyldum, er þjóðin kann að leggja honum á herðar. — Góða nótt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Út af því, sem Sverrir Júlíusson vitnaði í ræðu Eysteins Jónssonar um frásögn Eysteins af hafnarlagafrv., vil ég geta þess, að í 6. gr. frv. segir, að styrkur til hafnargerða skuli vera allt að 75%, en ekki „skylt er að veita“ eins og segir í núgildandi l. Heyrzt hefur hins vegar, að slegið hafi óhug á stjórnarliða og í ráði sé að breyta þessu framlagi í skyldu, svo að augljóst er, að barátta Framsfl. fyrir því mun bera árangur.

Út af spádómi Lúðvíks Jósefssonar og þeirra félaga um kosningarnar, vil ég segja þetta: Framsfl. er sá stjórnmálaflokkur, sem mest hefur vaxið á síðustu árum. Hann á víðar en á einum stað möguleika til þess að fá kosinn þm. til viðbótar þingliði sínu nú. Og tölurnar frá sveitar- og borgarstjórnarkosningunum í sumar sýna, að flokkurinn á möguleika á landsk. þm., ef hitt bregzt. Það, að Hannibal Valdimarsson náði kosningu á Vestfjörðum síðast, en ekki Bjarni Guðbjörnsson, bjargaði ríkisstj. þá. Þess vegna fagnaði Morgunblaðið kosningu Hannibals. Alþb. tókst að blekkja eitthvað af framsóknarfólki til þess að kjósa sig í borgarstjórnarkosningunum í sumar, það bjargaði meiri hl. Sjálfstfl. í Reykjavík. Ég vara við þessum blekkingum og undirstrika að aðeins fylgisaukning Framsfl. getur fellt ríkisstjórnina.

Við Emil Jónsson vil ég segja það út af tali hans um höft og haftastjórn. Er Emil Jónsson búinn að gleyma því, að formaður Alþfl., Stefán Jóhann, myndaði mestu haftastjórn, er setið hefur á Íslandi, og hann, Emil Jónsson, var haftamálaráðh. með fyrrv. þm. Sjálfstfl. sér við hlið sem formann fjárhagsráðs. Emil byggir því á reynslu, þegar hann talar um, að höft séu notuð til þess að hygla flokksgæðingum.

Ræður stjórnarliða hafa yfirleitt gengið út á það, að allt sé í lagi, ástandið í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar eins traust og gott og það geti bezt verið. Verðbólga hafi ekki einu sinni aukizt verulega á síðustu árum. Þjóðin eigi að vera bjartsýn, engar úrtölur eigi rétt á sér. Rétt er það. Allt ætti að vera í lagi í slíku góðæri, eins og verið hefur undanfarin ár. Bjartsýni er nauðsynleg. Það er bjartsýni að trúa á land sitt og fólkið í landinu. Þá bjartsýni á stjórnarliðið ekki. En hvers vegna tala þeir stjórnarliðar um, að þjóðin sé stödd á tímamótum velgengni og vandræða, fyrst ekkert er að? Því gera þeir ráðstafanir eins og verðlagseftirlit, sem þeir kalla sjálfir neyðarráðstafanir, fyrst allt er eins og bezt verður á kosið? Af hverju segir fjmrh., að ekki sé hægt að gera áætlanir fram í tímann vegna óvissu, fyrst ekki er nein óvissa fyrir hendi? Af hverju er verið að gera ráðstafanir í fjármálum eins og niðurskurð á verklegum framkvæmdum, fyrst þörf fyrir slíka framkvæmd er ekki til staðar? Af hverju er verið að styrkja atvinnuvegina með hundruðum millj. kr. af almannafé, fyrst fjárhagur þeirra er traustur og afkoma örugg? Ykkur stjórnarsinnum væri nauðsynlegt að líta í kringum ykkur, því að tal ykkar í þessum umr. um efnahagsmál gerir ykkur broslega í augum alþjóðar, eins og þið eruð í augum lækna, þegar þið talið um ágæti ykkar í heilbrigðismálum og í augum vegfarenda, þegar þið talið um góða þjóðvegi. Eitt vinnst þó við þetta. Þeim verður ekki treyst til umbóta, sem ekki sjá, að umbóta sé þörf.

Að þessu sinni mun ég aðeins minna á það, sem einkennt hefur ríkisbúskapinn síðustu árin, skattheimtuna og hringlandaháttinn. Á þessu kjörtímabili, sem nú er senn á enda runnið, hefur söluskattur verið hækkaður úr 3% í 7½% og gaf hann ríkissjóði áður 250—300 millj. kr. í tekjur, en nú um 1200 millj. kr. Mismunurinn hefur sagt til sín í verðlagi þjóðarinnar. Leyfisgjöld af bifreiðum hafa verið færð á fleiri flokka þeirra og gáfu ríkissjóði árið 1966 nærri þrefalt hærri fjárhæð heldur en 1963. Við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1966 var staða ríkissjóðs talin svo tæp, að lagður var á sérstakur rafmagnsskattur, 40 millj. kr., sem hækkaði allt rafmagnsverð í landinu um 15—25% samstundis og hann var á lagður. Jafnframt var felld niður fjárveiting á fjárl. til vegamála, 47 millj. kr., þrátt fyrir fyrirheit ráðh. um hið gagnstæða. Það leiddi til hækkunar á benzíni og þungaskatti bifreiða til að mæta tekjumissi í vegasjóð. Hækkunin streymdi út í verðlagið. Gjaldeyrisskattur var á lagður. Aukatekjur ríkissjóðs og stimpilgjöld voru margfölduð ofan á háa vexti. Áður hafði launaskattur verið á lagður, svo og margir smáskattar, svo sem skattur á byggingarefni, eignarskattur hækkaður. Allt þetta kjörtímabil hefur ríkisstj. verið haldin hálfgerðu skattaæði. Svo mikils þótti við þurfa að bæta hag ríkissjóðs á s. l. ári, að hætt var við niðurgreiðslur á saltfiski og smjörlíki á vormánuðum. S. l. laugardag skýrði hæstv. fjmrh. Alþ. frá fjárhagsafkomu ríkissjóðs árið 1966, er var í stuttu máli þessi: Tekjur ríkissjóðs fóru 842 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. eða 17½%. Alls hafa tekjur ríkissjóðs farið um 1½ milljarð fram úr áætlun fjárl. á 4 árum. Þannig hefur tekizt, með því að leggja á þjóðina skatt ofan á skatt, að ná í ríkissjóð tekjum, sem ekki eiga sér neinar hliðstæður áður fyrr. Til hvers hefur svo álögustefna hæstv. ríkisstj. leitt? Eins og áður er fram tekið, fóru skattálögur ríkisstj., svo sem söluskattur, rafmagnsskattur og fleiri skattar beint út í verðlagið, enda ekki hirt um annað. Skattheimtan varð að ná fram að ganga. Það var heldur ekki hirt um vöxt dýrtíðarinnar og hækkun vísitölu, þegar hæstv. ríkisstj. ákvað að hætta niðurgreiðslum á saltfiski og smjörlíki á s. l. vori. Þessi stefna hæstv. ríkisstj. átti sér hins vegar ekki langa lífdaga. Um mitt sumar hafði ríkisstj. tekizt að magna svo dýrtíðina, að hún ógnaði atvinnu- og viðskiptalífi landsmanna. Ríkisstj., sem ætlaði sér að spara 30 millj. kr. fyrir ríkissjóð með því að hætta hluta af niðurgreiðslum, ákvað í skyndi 4 mánuðum seinna að bæta á ríkissjóð útgjöldum til niðurgreiðslna, sem nema munu 200—250 millj. kr.

Það verður lítið eitt talið af útgjöldum þeim, sem verðbólgustefnan hefur bakað atvinnuvegunum í landinu síðustu árin, en geta vil ég þess, að nú fyrir páskana afgreiddi Alþ. stjfrv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem kosta mun ríkissjóð um 230 millj. kr. útgjöld, sem að verulegu leyti eru afleiðing af dýrtíðarstefnu ríkisstj. Það hefði mátt ætla, þegar hæstv. ríkisstj. hafði safnað til sín svo miklum umframtekjum, sem raun varð á á s. l. ári, hefði hún notað eitthvað af þeim til þess að greiða sveitarfélögunum vangreiðslur ríkisins vegna hafna, skóla, sjúkrahúsaframkvæmda eða til að skila vegasjóði aftur þeim 47 millj. kr., sem ranglega voru af honum teknar, eða auka rafvæðinguna í landinu.

Ekkert af þessu er gert. Þess í stað eru framlög til verklegra framkvæmda lækkuð um 10% árið 1967 frá því, sem gert var ráð fyrir í fjárl., sem afgreidd voru fyrir þremur mánuðum. Er þar höggvið aftur í sama knérunn, sem gert var árið 1965, er framlög ríkissjóðs til verklegra framkvæmda voru skert um 20%. Ekki þótti hæstv. ríkisstj. nóg að gert gagnvart sveitarfélögunum að láta þau greiða vexti af vangreiddum ríkisframlögum, heldur lagði hún skurðarhnífinn á jöfnunarsjóð sveitarfélaganna og skar það an 20 millj. kr. snúð sér til handa. Það vekur undrun, að hæstv. ríkisstj. skuli leggja sig í þann sparðatíning að tína saman 65 millj. kr. með þeim hætti að draga úr þeim framkvæmdum, sem landsfólkið þráir og kemst ekki af án. Slík vinnubrögð eru fráleit á 5 milljarða fjárl. og að það skuli gert á sama fjárhagsári og fjárveitingar til reksturs ýmissa embætta voru hækkaðar um 30—40%, eins og gert er á yfirstandandi fjárl. Tilgangur hæstv. ríkisstj. er að draga úr framkvæmdum og jafnvel að stöðva víða framkvæmdir við byggingu skóla, hafna og sjúkrahúsa og rafvæðingu í sveitum. Það sýnir svo vinnubrögðin, stefnu- og stjórnleysið, hvernig að þessum málum er staðið. Í desember eru samþ. fjárlög með ákveðnum fjárveitingum til verklegra framkvæmda. Í febrúarmánuði er ákveðið að lækka fjárveitinguna um 10%. Í apríl er svo lögð fram framkvæmdaáætlun og jafnhliða lánsfjárheimild til að afla fjár til að koma í framkvæmd sumum af verkefnum þeim, sem fyrri ákvörðun ríkisstj. átti að draga úr eða stöðva. Þannig rekur eitt sig á annars horn, enda er nú meiri óvissa ríkjandi um afkomu atvinnuveganna og verklegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga en verið hefur. Svo augljóst er það nú öllum, að jafnvel ríkisstj. viðurkennir slíkt ástand með yfirlýsingu fjmrh. um, að ekki sé fært að gera framkvæmdaáætlun fram í tímann. Afstaða hæstv. ríkisstj. til fjárveitingar vegna verklegra framkvæmda hefur leitt til þess, að ríkið skuldar að sínum hluta til vega, hafna, skóla, sjúkrahúsa og flugvalla og rafvæðingar um 1 milljarð í lok þessa árs, þrátt fyrir góðærið, þrátt fyrir 1½ milljarð í umframtekjur ríkissjóðs á einu kjörtímabili. Þetta er arfurinn, sem góðu árin skila til framtíðarinnar. Þannig er ráðsmennska hæstv. ríkisstj., þannig gleypir dýrtíðin stóran hluta af skattheimtunni, skattheimtunni, sem hefur átt verulegan hlut í því að skapa hana.

Eins og ég vék að í ræðu minni hér að framan, var það eitt af bjargráðum hæstv. ríkisstj. við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1966 að fella niður á fjárl. framlag ríkissjóðs til

vegamála. Svo var einnig á fjárl. fyrir árið 1967, sem eru þó um 5 milljarðar. Þar er enginn eyrir til framkvæmda í vegum. Þetta er hvort tveggja í senn brot á samkomulagi hæstv. ríkisstj. við afgreiðslu vegalaga, eins og áður er frá skýrt og brot á þeirri stefnu, sem mörkuð er með vegal. Þar er mörkuð sú stefna, að ríkið skuli leggja til vegasjóðsins fé, aldrei minna en 47 millj. kr. Samkomulagið og stefnan er staðreynd, þótt það hafi ekki verið haldið. Það breytir heldur engu, þótt hæstv. samgmrh. tali digurbarkalega um sitt ágæti í vegamálum og noti útflutningssjóð 1958 í samanburði við fjárlög nú, til þess að fá hagstæðan samanburð fyrir sig. Það er álíka vitleysa eins og að ég umreiknaði gengisbreytinguna 1960 og 1961 í krónutali og bætti við fjárl. nú og gerði síðan samanburð við árið 1958. Ástandið í vegamálunum sannar ágæti ráðh. eða hið gagnstæða. Nú á t. d. að auka framkvæmdafé í öllum landsbrautum á Íslandi um 800 þús. kr. Það munar um minna. Í þjóðbrautum um 6.2 millj. og hraðbrautum engan eyri. Þessi þróun og aðgerðaleysi stjórnvalda í vegamálum er með öllu ópolandi og það á sama tíma, sem ríkissjóður sópar til sín hundruðum millj. kr. í nettótekjur af umferðinni. Það er ekki hægt að koma til þjóðarinnar ár eftir ár og segja, að það skorti fjárhagsgrundvöll til framkvæmda í hraðbrautum eins og hæstv. fjmrh. gerði í fyrra og nú í sambandi við framkvæmdaáætlunina. Það er hæstv. ríkisstj. að skapa þann fjárhagsgrundvöll. Það er ekki aðeins fjárhagsgrundvöllur vegna hraðbrautanna, sem vantar, vegasjóður veldur ekki verkefnum sínum. Verði ekki meira fé til vegamála á næstu árum en nú er, brestur vegakerfið sjálft undan árlegri fjölgun bifreiða, vegna stærri bifreiða, vegna aukinna vöruflutninga. Þá verða fleiri og fleiri vegir eins og Vesturlandsvegurinn upp að Álafossi er nú. Þá falla brýr undan þunga bifreiða, eins og nú er farið að eiga sér stað. Þá verður að auka þá aðferð að taka fé að láni til viðhalds vega eins og gert var á s. l. sumri til þess að gera færan veg austur yfir Flóa. Þetta er það, sem blasir við í vegamálunum, ef ekki verður þar brotið í blað. Það, sem verður að gera og á að gera, er, að tekjur af sérsköttunum gangi beint í vegasjóðinn. Ríkissjóður greiði til vegasjóðsins vegna vegaviðhaldsins eftir mati Alþ. á hverjum tíma, þó aldrei minna en 47 millj. kr. Erlend ríkislán verði tekin til framkvæmda í hraðbrautum, vegasjóður taki innlend lán vegna framkvæmda í landsbrautum og þjóðbrautum.

Eins og áður er að vikið, hafði hæstv. ríkisstj. tekizt með skattheimtu sinni og stjórnleysi að búa svo að atvinnu- og efnahagslífi landsmanna, að hún lýsti því sjálf á haustmánuðum, að þjóðin stæði á vegamótum velgengni og vandræða. Var þá horfið að því ráði að setja allt verðlag undir eftirlit, þar sem ríkisstj. var sjálf yfirverðlagsnefndin. Hæstv. ríkisstj., sér í lagi Sjálfstfl., hefur talið sig sérstakan boðbera frelsis í athafna-, viðskipta- og verðlagsmálum landsmanna. Raunar hefur þetta ekki við nein rök að styðjast. Slíkt ófrelsi sem skattheimtan, háir vextir, lánsfjárhöft og alls konar ríkisafskipti eru í viðskipta- og athafnalífi þjóðarinnar nú. Hér var þó um algert skipbrot að ræða á frelsistali þeirra og hjá viðreisn sem efnahagsmálastefnu. Ríkisstj. hugðist komast út út skipbrotinu með því að setja á svið á nýjan leik sýndarmennskuna frá 1959 með tali um verðstöðvun. Nú hefur hún að vísu gefizt upp við það að halda þessari sýndarmennsku um verðstöðvun fram sem framtíðarleið, sbr. ummæli fjmrh. um óvissu í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar, svo að áætlunargerð fram í tímann sé óraunhæf. Sannleikurinn er líka sá, að á fjárl. eru ekki einu sinni til tekjur til þess að standa undir niðurgreiðslum að fullu nema til 1. nóv. n. k. Þó að tekjuáætlun fjárl., sem mun miðuð við verðbólgu í innflutningi og verzlun, fái staðizt. Svo og hitt, að atvinnuvegunum er nú haldið gangandi með fjárveitingum, sem aflað var á s. l. ári. Þeir fjármunir verða ekki notaðir aftur. Aðrir eru reknir með halla eins og Tryggingastofnun ríkisins. Verðstöðvunin er því gaspur eitt, tjaldið fellur að kosningunum loknum eins og 1959.

Herra forseti. Í ræðu minni hér að framan hef ég sýnt fram á, að óhófleg skattheimta, stjórnleysi í fjármálum ríkisins hefur átt verulegan þátt í vexti verðbólgunnar og þar af leiðandi erfiðleikum atvinnuveganna. Ég hef einnig bent á það, hvernig verðbólgan hefur sogað til sín ríkistekjurnar gegnum niðurgreiðslur og eyðslu. Framkvæmdir ríkisins hafa að verulegu leyti verið gerðar fyrir lánsfé. Verðstöðvunin er blekking. Tækifærin, sem góðu árin gáfu, hafa ekki verið nýtt.

Um orðinn hlut þýðir ekki að sakast. Þjóðin á tækifæri með kosningunum í sumar til að kveðja til nýja forystu. Dauðþreytt og úrræðalaust forystulið stjórnarliða mun ekki frekar eftir kosningar en fyrir þær leysa vandann. Enda ekki von, þar sem þeim er ekki ljóst, að neitt sé að. Framsfl. hefur áður sýnt örugga forystu í málefnum þjóðarinnar og á erfiðum tímum reynzt henni bjargvættur. Honum einum getur þjóðin treyst til að leysa vandann. Hann einn hefur möguleika til að auka svo fylgi sitt í næstu kosningum, að ríkisstj. falli. Honum mun þjóðin fela forystuna með fylgi sínu í kosningunum í júní til sóknar á leið til alhliða framfara. — Góða nótt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Síðasta þingi kjörtímabils er að ljúka. Það er því alls kostar eðlilegt, að hér hafi farið fram nokkur heildarúttekt á störfum þings og stjórnar, úttekt á stjórnarstefnu síðustu ára. Eftir tvo mánuði á að leggja málin undir dóm kjósenda. Maður heyrir oft sagt, að ekki sé mikið mark á slíkum umr. sem þessum takandi, heldur lítið upp úr þeim leggjandi. Þar endurtaki sig oftast sama sagan, stjórnarandstæðingar haldi því jafnan fram, að ríkisstj. hafi flest illa tek-

izt, henni sé um að kenna það, sem í ólestri er. Hins vegar fullyrði stjórnarliðar, að stjórnarfarið hafi verið með þeim ágætum, að naumast verði á betra kosið, árangurinn sé stórkostlegur. En hugsandi menn, sem líta í kringum sig í þjóðfélaginu, spyrja: Ætli sannleikurinn liggi ekki einhvers staðar þarna á milli, sumt hafi allvel tekizt, annað stórum miður? Dómur kjósenda um stjórnarstefnuna hlýtur að markast af því, hvort vegur þyngra að þeirra mati, það, sem vel var gert, eða hitt, sem miður fór. Þegar dómur skal felldur yfir þeirri ríkisstj., sem ráðið hefur stefnunni s. l. 8 ár, fæ ég ekki betur séð en það sé rétt, sem sagt hefur verið áður í þessum umr., að þetta sé ríkisstj. hinna glötuðu tækifæra. Þetta er staðreynd. Það er staðreynd, þótt Jóhann Hafstein dómsmrh. væri að reyna að mótmæla því hérna áðan.

Þessi ríkisstj. hefur setið lengur að völdum samfleytt en nokkur önnur. Í mesta góðæri, sem Íslendingar hafa lifað, hefur fólkið í landinu með dugnaði, tilstyrk nútímatækni og auðlinda landsins lagt upp í hendur stjórnarvalda þvílík tækifæri, sem engin ríkisstj. hefur áður haft. Tækifærið til að treysta undirstöður þjóðfélagsins, tryggja efnahagslegt, menningarlegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði þess á varanlegan hátt. Rangt væri að segja, að öllum tækifærum hafi verið glatað, en sorglega mörg hafa ekki verið nýtt nema til hálfs og önnur alls ekki. Mér dettur ekki í hug að segja, að þessi óhappasaga um hin glötuðu tækifæri stafi af illvilja ráðamanna eða vísvitaðri ætlan þeirra að vinna þjóð sinni tjón. Skýringanna er annars staðar að leita.

Fyrst er að nefna þá háskalegu villukenningu, sem ráðið hefur gerðum núv. ríkisstj. frá upphafi og hún einkennir með orðinu frelsi, frelsi á athafna- og viðskiptasviði, frelsi einstaklingsins, sem til þess hlýtur aðstöðu að græða á náunganum. Þessar kenningar um algert frelsi fjármagnsins hafa leitt til þess skipulagsleysis og stjórnleysis, sem hér ríkir nú á mörgum sviðum. En þessi ranga og háskalega stjórnarstefna veldur því fyrst og fremst, að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar eru nú að þrotum komnir og fá ekki risið undir þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma, hvernig sjávarútvegur og iðnaður hafa verið leiknir. Það hafa aðrir ræðumenn gert í þessum umr. Það veit líka hvert mannsbarn í þessu landi. Ég get þó ekki stillt mig um að kveðja hér til eitt vitni, vitni, sem ríkisstj. og talsmenn hennar hljóta að taka nokkurt mark á. Í ræðu, sem Jóhannes Nordal seðlabankastjóri hélt nýlega, komst hann svo að orði, að árin 1965 og 1966 hefðu einkennzt af lánsfjárskorti og sagði síðan orðrétt:

„Ekki vegna þess að framboð á lánsfé minnkaði, heldur vegna hins, að eftirspurn verður þá óseðjandi, þar sem kapphlaup um fjárfestingu og hvers konar spákaupmennsku nær tökum á efnahagslífinu. Þannig var þetta tvímælalaust hér á landi," hélt Jóhannes Nordal áfram, „einkum síðari hluta ársins 1965 og fyrri hluta ársins 1966, en þá leiddi fjárfestingarkapphlaupið til mikillar eftirspurnar eftir lánsfé og óskynsamlegra fjárráðstafana fyrirtækja, sem festu rekstrarfé sitt í nýjum framkvæmdum í trausti þess, að verðþenslan héldi áfram."

Ég fæ ekki betur séð en seðlabankastjórinn taki hér eindregið undir þá gagnrýni, að fjárfestingin hafi einkennzt af óskynsamlegu og háskalegu kapphlaupi um verðbólgugróða og hvers konar spákaupmennsku. Í þessu kapphlaupi hafa útflutningsatvinnuvegirnir verið þannig leiknir, að þeir eru nú bókstaflega að gefast upp. Það er nöturleg staðreynd, að þrátt fyrir gífurlegan vöxt þjóðartekna og þjóðarframleiðslu um margra ára skeið erum við að dragast aftur úr og búum jafnvel við hreint og beint ófremdarástand, að því er varðar gilda þætti og jafnvel sjálfar undirstöður þjóðfélagsbyggingarinnar. Þetta blasir við í atvinnu- og fjármálum, húsnæðismálum, fræðslu- og menntamálum, í heilbrigðismálum, í samgöngumálum. Getur ástæðan verið önnur en sú, að fylgt hafi verið rangri stjórnarstefnu, stefnu hinnar svokölluðu viðreisnar, sem fólgin hefur verið í sýndarfrelsi, frelsi spákaupmennsku og verðbólgubrasks? Ég held varla. Ein af mörgum háskalegum afleiðingum rangrar stjórnarstefnu síðustu ára er sú, að núv. ráðamenn hafa verið að missa traustið á grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar og orðið æ áfjáðari að flytja þann boðskap, að þessir atvinnuvegir geti ekki lengur staðið undir blómlegu atvinnu- og menningarlífi hér á landi. Þar þurfi annað að koma til og þá einkum stórfelldur iðjurekstur á vegum útlendra auðhringa. Og þegar slíkir eiga í hlut, er ekki hikað við að bjóða upp á tollfrelsi, ódýra raforku og önnur fríðindi, sem innlendur atvinnurekstur fær alls ekki að njóta.

Sjálfstæðis- og utanríkismál hafa ekki verið mikið rædd í þessum umr. Ég tel það miður farið. Ég viðurkenni að vísu, að atvinnumálin eru gildur þáttur íslenzkra sjálfstæðismála og þau eru eðlilega mjög í brennidepli nú. Blómlegt atvinnulíf er einn af hornsteinum sjálfstæðrar þjóðartilveru. Verði atvinnuvegirnir hornrekur, sé þeim ekki gert kleift að þróast með eðlilegum hætti, svo að þeir fái risið undir yfirbyggingunni, getur þess vissulega verið skammt að bíða, að við glötum því frelsi, sem mest er um vert, frelsinu til að lifa einir og óháðir í landi okkar. En það er vissulega víðar en á sviði atvinnu- og fjármála, sem stjórnarár núv. ríkisstj. hafa verið ár hinna glötuðu tækifæra. Við búum enn þá við háska og smán erlendrar hersetu á Íslandi. Enn er verið að reisa hér ný hernaðarmannvirki, að þessu sinni í Hvalfirði. Dátasjónvarpið fæst ekki stöðvað. Við erum áfram aðilar að herbandalagi og kröfu Alþb. um það, að endurskoðun fari a. m. k. fram á afstöðu Íslendinga til NATO, hefur í engu verið sinnt, hvorki af stjórnarflokkunum né Framsfl. Nálgast þó óðum sá tími, að úrsögn úr bandalagi þessu er

heimil samkv. stofnsamningi bandalagsins og ýmsar aðrar aðildarþjóðir ræða fullum fetum um breytta afstöðu sína til þess. Á stjórnartíma núv. ríkisstj. hefur utanrmn. Alþ. verið gerð óstarfhæf, enda má segja, að pukur og laumuspil hafi öðru fremur einkennt meðferð þessara mála á liðnum árum. Jafnvel stærstu lífshagsmunamál þjóðarinnar, þar sem á öllu veltur, að alger þjóðareining náist um málsmeðferð og ákvarðanir, eru meðhöndluð eins og einkamál stjórnarflokkanna, ef þau eru þá ekki vanrækt með öllu. Það er yfirlýst stefna Íslendinga að öðlast yfirráðarétt yfir landgrunninu öllu og þetta er eitthvert stærsta og brýnasta hagsmunamál íslenzku þjóðarinnar. Stjórnarherrarnir hafa neitað samvinnu allra flokka um þetta mál, eins sjálfsögð og hún ætti þó að vera. Þetta er orðið sérstakt feimnismál stjórnarflokkanna og er ástæðan án efa óheillasamningurinn við Breta frá 1961, þar sem undir það var gengizt að breyta í engu núv. fiskveiðilögsögu með einhliða ákvörðunum, heldur skjóta öllum slíkum málum undir alþjóðadómstól.

Barátta Íslendinga fyrir stækkun landhelgi og einhliða útfærsla hennar árið 1958 upp í 12 mílur hafði úrslitaáhrif á viðhorf margra þjóða til fiskveiðilögsögu. Nú er svo komið, að 12 mílna landhelgi hefur hlotið alþjóðaviðurkenningu. Jafnvel höfuðandstæðingar okkar í landhelgisdeilunni, Bretar, hafa tekið upp 12 mílna fiskveiðilögsögu. Þannig hefur tekizt að þoka þessum málum áfram með einhliða útfærslu, og það er langt frá því, að 12 mílur séu neitt alþjóðlegt hámark. Mörg ríki utan Evrópu hafa 50 mílna landhelgi, sum jafnvel enn víðáttumeiri. Í alþjóðlegri skýrslu fiskifræðinga, sem lögð var fram í fyrra, voru færðar á það sönnur, að rányrkja útlendra veiðiskipa á Íslandsmiðum stofnaði fiskistofnunum hér við land í stórhættu og ógnaði hagsmunum þeirra þjóða, sem á þessi mið sækja og þá fyrst og fremst Íslendinga sjálfra. En ríkisstj. Íslands hefur með ógæfusamningi sínum við Breta frá 1961 torveldað nauðsynlegar aðgerðir í þessu máli með því að semja af okkur möguleika til frekari útfærslu án þess að leita til Alþjóðadómstólsins. Á þann veg hefur ríkisstj. viðurkennt úrskurðarvald þessa dómstóls, enda þótt vitað sé, að hann dæmir jafnan eftir þrengsta ríkjandi réttarskilningi á hverjum tíma. Afleiðing þessarar frammistöðu er sú, að þetta stórmál er í algerri sjálfheldu í höndum núv. ríkisstj. Þess vegna neitar hún samstarfi allra flokka um þetta erfiða og vandmeðfarna lífshagsmunamál þjóðarinnar. Þess sjást nú víðar merki, að núv. ríkisstj. er orðin enn þá úrræðaminni, fálmkenndari og máttlausari til allra athafna en nokkru sinni fyrr. Vandamálin hrúgast upp, án þess að hún sýni umtalsverða tilburði til að leysa þau. Þreytumerkjanna gætir alls staðar. Í rauninni er ekki hægt að tala lengur um neina stjórnarstefnu. Af viðreisninni er ekki annað eftir en tætlur einar.

Margt gullið tækifæri hefur glatazt. Það ber að harma. En fyrst og fremst verðum við að draga rétta lærdóma af biturri reynslu. Eins og nú standa sakir, er efling grundvallaratvinnuvega þjóðarinnar brýnasta verkefnið, sem leysa verður. Þar eru ekki aðeins hagsmunir alls almennings í húfi, heldur er sjálfstæði okkar og þjóðartilvera í veði. Kosningarnar í sumar geta markað tímamót og þær þurfa að gera það. Hverfa verður frá þeirri happa- og glappastefnu, sem fylgt hefur verið nú um sinn. Í hennar stað þarf að móta nýja stefnu, sem á markvissan hátt tryggir undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar stórbætta aðstöðu og gerir þeim kleift að rækja það hlutverk sitt að bera uppi efnahagslegt, menningarlegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar. — Góða nótt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þessar útvarpsumr. eru nú á enda. Talsmenn stjórnarflokkanna hafa með skýrum rökum dregið upp mynd af mesta framfaratímabili í sögu þjóðarinnar og bent jafnframt á þau margvíslegu viðfangsefni, sem nú þyrfti að beita samstilltum átökum að, svo auðið verði að treysta betur það velferðarþjóðfélag, sem við nú lifum í.

Það er eftirtektarvert, að stjórnarandstæðingar hafa ekki gert tilraun til þess að hrekja þær tölulegu staðreyndir, sem bent hefur verið á, heldur staðhæft í einum kór, að allt hið góða, sem gerzt hafi síðustu árin, hafi orðið án tilverknaðar ríkisstj., en allt hið slæma hafi verið hennar sök. Geta hlustendur naumast komizt hjá því að álykta, ef þeir á annað borð taka eitthvert mark á orðum forystumanna stjórnarandstöðunnar, að annaðhvort hljóti ráðherrarnir að vera fábjánar eða illmenni eða þá hvort tveggja, því þeir virðast hafa lagt sig fram um það undanfarin 8 ár að vera þjóðinni til óþurftar og reyna að hagnýta sér sem verst hinar góðu gjafir máttarvaldanna. Þau ummæli eins framsóknarþm., að þessi ár mætti kalla ár hinna glötuðu tækifæra, eru raunar einkennandi fyrir ræður allra hv. stjórnarandstæðinga í þessum umr. Það eina, sem stjórnarandstæðingar hafa vendilega forðazt að minnast á nema í þokukenndum upphrópunum, er hvernig hefði átt að nota betur tækifærin og eftir hvaða leið þeir ætla að leiða þjóðina í land hinna miklu fyrirheita, þar sem bíða betri lífskjör fyrir launþega, betri hagur atvinnuveganna, nóg húsnæði fyrir alla, minni skattar, meiri framkvæmdir, nóg lánsfé, lægri vextir og engin verðbólga, svo nokkuð sé tíundað af dýrðarlýsingunum. Stjórnarflokkunum hugkvæmist ekki að halda því fram, að ekki hafi eitt og annað mátt betur fara í þeirra stjórnartíð. En enginn réttsýnn og góðviljaður maður getur neitað því, að á flestum sviðum þjóðfélagsins hafa á síðustu árum verið meiri framfarir en áður hafa þekkzt, og við búum nú í betra þjóðfélagi og við jafnari og betri lífskjör en nokkru sinni áður.

Skipting arðsins af þjóðarbúinu er grund-

vallarágreiningsefni hér á landi sem víðast annars staðar. Það er því flestum viðfangsefnum brýnna að finna úrræði til friðsamlegrar lausnar þess vanda. Það skiptir meginmáli, að allir aðilar finni, að réttar leikreglur séu notaðar og ekki reynt að falsa staðreyndir. Ég efast um, að nokkur ríkisstj. hafi lagt sig meir fram um að sætta fjármagn og vinnu í þjóðfélaginu, enda aldrei verið lagt eins mikið kapp á að afla hlutlausra upplýsinga um grundvallaratriði efnahagsmálanna.

Því ber vissulega að fagna, að verulegur jákvæður árangur hefur orðið af þessari viðleitni. Forystumenn áhrifaríkustu hagsmunasamtaka launþega og framleiðenda hafa sýnt lofsverðan skilning á mikilvægi skynsamlegra viðbragða um kröfugerð á síðustu árum, og reynslan hefur þegar sannað, að með nýjum vinnubrögðum er hægt að stuðla að betri lífskjörum almennings. Þetta nýja andrúmsloft í samskiptum atvinnurekenda, launþega og ríkisvalds hefur tryggt lengri samfelldan vinnufrið heldur en áður. Því miður hafa ýmsir stjórnmálamenn, sem hafa viljað telja sig sérstaka vini bænda og verkamanna og sumir hafa látið ljós sitt skína hér í þessum umr. og fordæmt ríkisstj. fyrir dýrtíðarstefnu, beinlínis lagt sig fram um að spilla þessum samstarfsvilja forystumanna stéttarsamtakanna, sem þó er forsenda þess, að hægt sé að ráða við verðbólguna. Sú saga er ljót, ef hún væri öll sögð. Og jafnvel á opinberum vettvangi hafa talsmenn stjórnarandstöðunnar lýst furðu sinni og sárindum yfir því, hversu forystumenn stéttarfélaganna hafa verið vinsamlegir við ríkisstj. Auðvitað hafa forystumenn þessara samtaka ekki verið að ganga erinda ríkisstj., heldur hafa þeir áttað sig á því, að ný vinnubrögð hentuðu betur hagsmunum umbjóðenda þeirra.

Ríkisstj. lætur sér það svo í léttu rúmi liggja, hvort einhverjir telja sér henta að halda því fram, að í sambandi við samningagerðir þessar hafi hún verið neydd til að fallast á umbætur í húsnæðismálum eða atvinnumálum. Allir vita, að þar var um vandamál að ræða, sem ríkisstj. hefði orðið að leysa, en kjarni málsins var, að hagsmunasamtökin gerðu sér grein fyrir því, að kröfugerðarstefna síðustu áratuga hefur ekki leitt til þeirra hagsbóta, sem að var stefnt, heldur varð að finna raunhæfari úrræði.

Allir fordæma verðbólgu í orði. En því geta menn þá ekki sameinazt um að vinna gegn henni? Ætli skýringin sé ekki fyrst og fremst sú, að þótt verðbólga sé meinsemd, þá getur verið töluvert sársaukafullt að skera þá meinsemd burtu og slíkar aðgerðir kosta pólitísk óþægindi. Það er t. d. vægast sagt barnaleg fullyrðing að halda því fram, að aðgerðir, sem allar þjóðir með svipað hagkerfi og við beita gegn verðbólgu, eigi ekki við á Íslandi. Hvaða furðuverk halda þessir menn að efnahagskerfi okkar sé? Vitanlega er orsök þessara fullyrðinga sú, að í þjóðfélagi, sem ólgar af athafnavilja, er óvinsælt að takmarka útlán og hafa háa vexti. Og af því að kosningar eru í nánd og fjárhagsörðugleikar eru hjá mörgum vegna erfiðrar vertíðar og verðfalls afurða, þá er jafnvel gengið svo langt, að lagt er til, að aflað verði fjár til ríkisframkvæmda á þessu ári með því að láta Seðlabankann leggja fram allt fé, sem væri sama og að hella olíu á eld verðbólgunnar. Þá voru önnur viðbrögð stjórnarandstöðunnar í Finnlandi, sem nýlega átaldi ríkisstj. þar harðlega fyrir að leysa fjárhagserfiðleika ríkissjóðs þar með lántöku hjá seðlabanka Finnlands.

Það er engum efa bundið, að stefna ríkisstj. í fjármálum hefur unnið gegn verðbólgu. Hitt er annað mál, að kenna má ríkisstj. um verðbólguna að því leyti, að alltaf er hætta á verðbólgu á miklum framkvæmda- og velmegunartímum. Ef hér hefði ríkt atvinnuleysi, þá væri verðbólguvandinn minni. Þá má með nokkrum rétti saka ríkisstj. um það að hafa ekki haft meiri hemil á framkvæmdum, en það skal fúslega játað, að hún hefur heldur viljað tefla á tæpt vað en skapa atvinnuleysi eins og ýmsar þjóðir beinlínis skipuleggja til baráttu gegn verðbólgu. Einnig á þessu sviði stangast ádeilur stjórnarandstæðinga harkalega á. Þeir átelja óhæfilega þenslu í framkvæmdum, en strax og dregur úr yfirvinnu og hinni miklu eftirspurn eftir vinnuafli, en þessi eftirspurn er einmitt þensluvaldurinn, er óskapazt yfir minnkandi vinnu.

Á fáum sviðum hefur verið jafn rækilega reynt að villa fólki sýn og í umr. um verðbólguna og orsakir hennar. Það er talað um skattheimtu ríkisins sem verðbólguvald, þótt skattarnir komi jafnan eftir á til að mæta verðhækkunum. Við heyrum oft sagt og síðast í þessum umr. oftar en einu sinni, að nær væri að verja fé ríkissjóðs til einna eða annarra umbótamála heldur en ausa því í verðbólguhítina og er þá átt við niðurgreiðslur og útflutningsstyrki. Hér er um grundvallarmisskilning að ræða. Það væri ekki hægt í senn að stöðva verðbólgu og halda öllu þessu fé nema þá með stórfelldri kjaraskerðingu, því að mikið af því er tilkomið vegna verðbólgunnar og er því aðeins hér um millifærslur að ræða. Þá er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að verðbólgan stafar af ýmsum ástæðum, svo sem mismunandi gjaldþoli og framleiðni atvinnuveganna. Það er ekki verðbólgan, sem hefur valdið vandræðum togara og minni báta, heldur allt annað. Það má ekki skrifa alla erfiðleika á reikning verðbólgunnar.

Meðal fárra skynsamlegra aths. stjórnarandstöðunnar í þessum umr. voru þau orð Jóns Skaftasonar í fyrrakvöld, að það hefði átt að forðast verðbólguáhrif hinnar miklu hækkunar síldarafurðaverðs með því að taka kúfinn í verðjöfnunarsjóð. Þetta er vissulega rétt, en hver fæst til þess að geyma sína jólaköku hér á Íslandi? Sigldi ekki allur síldarflotinn í höfn, af því að smávægileg tilfærsla var gerð á verði síldar í salt og bræðslu? Þar var þó ekki einu sinni um það að ræða að taka neitt af síldarverðinu. Og var ekki málgagn

Jóns Skaftasonar þá að venju háværast allra í að fordæma ríkisstj.? Stjórnarandstæðingar halda því fram, að viðreisnin hafi nú beðið skipbrot. Því fer víðs fjarri. Einmitt erfiðleikarnir nú sanna, hversu skynsamlega hefur verið á haldið. Hvenær halda menn, að hefði áður verið auðið hér á landi að mæta stórfelldri lækkun á verði meginhluta útflutnings þjóðarinnar án þess að grípa samstundis til viðskiptahafta og jafnvel skömmtunar og greiða hundruð millj. kr. til að lækka vöruverð og til aðstoðar útflutningsframleiðslunni, án þess að leggja á nýja skatta? Er þetta ekki ljós sönnun þess, hversu traustum fótum við stöndum efnahagslega? Verðstöðvun í eitt ár er framkvæmanleg án kjaraskerðingar. Verðstöðvunin er engin kosningabeita, heldur raunhæf aðgerð til þess að mæta erfiðleikum atvinnuveganna sökum verðfalls, sem varla er hugsanlegt, að geti orðið varanlegt, þar eð verðlag í flestum löndum fer almennt hækkandi. Í framhaldi af verðstöðvuninni þarf að marka þá stefnu í verðlags- og kjaramálum, er sé í samræmi við greiðslugetu atvinnuveganna.

Íslendingar búa nú við betri lífskjör en flestar aðrar þjóðir og áreiðanlega eru allir sammála um að reyna að tryggja þau lífskjör. Þar skiptir meginmáli að reyna að halda uppi sem arðbærastri framleiðslu og auka framleiðni atvinnuveganna þannig, að hver vinnandi hönd afkasti sem mestu. Þetta hafa atvinnurekendur skilið, enda hefur fjármunamyndun í vélum og tækjum aukizt geysilega síðustu árin. Er brýn nauðsyn, að þjónustustofnanir atvinnuveganna haldi uppi leiðbeiningastarfsemi varðandi vélvæðingu og margvíslega hagræðingu í rekstri.

Árið 1960 var gerbreytt um stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Horfið var að frelsi í viðskiptum og framkvæmdum í stað hafta og ríkiseftirlitskerfis, sem hafði leitt til stöðnunar í hagvexti og lakari lífskjara en í mörgum nálægum löndum. Þjóðin var furðu fljót að taka við sér eftir hin lamandi ríkisafskipti. Lífsþróttur og framtak var leyst úr læðingi og framkvæmdir á öllum sviðum jukust ár frá ári. Með endurskipulagningu og mikilli eflingu stofnsjóða atvinnuveganna og fyrirgreiðslu við ýmsar framkvæmdir stuðluðu stjórnvöldin að því að beina fjármagni að nauðsynlegum framkvæmdum, en að öðru leyti var hugviti og framtaki einstaklinganna og frjálsra félagasamtaka fengið það hlutverk, sem pólitískar nefndir áður höfðu, að meta það, hvað væri hagkvæmt og nauðsynlegt. Vitanlega hefur fé ekki alltaf verið varið skynsamlega, en hverjum dettur í hug, að hinar pólitísku nefndir hafi verið trygging skynsamlegra ráðstafana? Staðreyndin er sú, að síðustu árin hefur stærri hluti þjóðarteknanna farið til fjármunamyndunar hér en hjá flestum öðrum þjóðum og langmest hefur aukning verðmæta verið í framleiðsluatvinnuvegunum.

Oft er talað um, að öll ógæfa stafi af byggingu verzlunarhalla. Allt er þetta orðum aukið. Fjárfesting í verzlunarhúsum, og þá einnig meðtaldir olíugeymar, gistihús og ýmsar þjónustubyggingar, nemur aðeins 5% af fjármunamynduninni. Sagt er í átölutón, að fjárveitingar ríkissjóðs til verklegra framkvæmda hafi dregizt mjög saman. Á þenslutímum er nauðsynlegt, að opinberar framkvæmdir séu hóflegar, svo að fé og vinnuafl sé ekki óeðlilega dregið frá atvinnuvegunum. Engu að síður hafa fjárveitingar ríkisins til verklegra framkvæmda hækkað að meðaltali um 128% frá árinu 1958, miðað við fasta byggingarvísitölu. Íbúðarbyggingar hafa aukizt verulega og var á s. l. ári fjárfest í íbúðarbyggingum um 1700 millj. kr. Með gerð framkvæmdaáætlana hefur af stjórnvalda hálfu verið fylgzt með þróuninni og jafnframt með sérstakri fjáröflun tryggt, að nauðsynlegar framkvæmdir yrðu ekki út undan. Form. Framsfl. sagði í þessum umr., að ríkisstj. hefði gefizt upp við gerð framkvæmdaáætlana. Þetta er rangt. Vinna er þegar hafin við enn nákvæmari áætlanagerð en hægt var að koma við, þegar fyrsta langtímaáætlunin var samin. En talið var rétt að bíða fram eftir árinu með að ganga frá henni vegna óvissunnar í verðlagsþróun útflutningsframleiðslunnar, sem vitanlega hefur úrslitaþýðingu varðandi það fjármagn, sem til ráðstöfunar verður. Fyrsta skipulega byggðaáætlunin hefur verið hafin. Einn hv. framsóknarmanna lýsti hér í umr. áhuga Framsfl. á þessu máli. Þar kemur fram eins og á mörgum öðrum sviðum, hvað framsóknarmenn verða miklir umbótamenn, þegar þeir eru ekki í ríkisstj., því að á samstjórnarárum Framsfl. og Sjálfstfl. flutti ég ásamt fleiri þm. Sjálfstfl. þing eftir þing frv. um ráðstafanir til byggðajafnvægis, en þetta merkilega mál komst fyrst á rekspöl, eftir að framsóknarmenn voru farnir úr stjórn. Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar vegna erfiðleika útgerðar á Norðurlandi og var furðulegt að heyra ummæli Ragnars Arnalds um það mál.

Gerbreyting hefur orðið til batnaðar í tolla- og skattamálum á viðreisnartímabilinu og heildarskattheimta hins opinbera á borgurunum er nú hér minni en í flestum nálægum löndum, beinir skattar miklum mun lægri og söluskattur lægstur hér á Norðurlöndum. Var næsta kaldhæðnislegt að heyra Halldór E. Sigurðsson fordæma núv. ríkisstj. fyrir skattaæði, þegar hafðar eru í huga hinar dæmalausu skattaálögur í fjármálastjórnartíð Framsfl. Eigi síður blygðunarlaust var hjá sama ræðumanni að halda fram þeim ósannindum, að ríkið sé í vanskilum við sveitarfélögin um 1 milljarð kr.

Það er höfuðviðfangsefni næstu ára að treysta og efla undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar og gera ný átök til að hagnýta auðlindir landsins. Það verður mikið vandamál að sjá hraðvaxandi þjóð fyrir nægri atvinnu, því að trygging lífskjaranna er einmitt fólgin í fækkun mannshandanna við framleiðsluna. Það er því mikilvægt að hafa augun opin fyrir nýjum viðfangsefnum. Það mun ekki gleymast, hverjir voru andvígir álbræðslu og

kísilgúrverksmiðju. Afrek hafa verið unnin í uppbyggingu íslenzkra atvinnuvega á síðustu árum. Verðlag hefur verið hagstætt í sjávarafurðum, en árgæzka síður en svo meiri en oft áður. Síld hefur verið áður austur í hafi, meðan engin veiddist hér við land. Með miklu framtaki útvegsmanna og vegna efnahagsmálastefnunnar hefur nú verið á fáum árum byggður stór floti nýtízku síldveiðiskipa, sem flutt hefur hinn mikla afla að landi. Þannig hefur vélvæðing og tækni haldið innreið sína á mörgum sviðum og þarf enn að aukast. En öll þessi stóru átök í þjóðfélaginu, sem gerbreytt hafa lífskjörum þjóðarinnar og aukið henni trú á framtíðina og á mátt sinn og megin, hafa farið fram hjá forystumönnum stjórnarandstöðunnar. Þeir hafa ekki séð til sólar allt þetta tímabil. Jafnhliða því, sem atvinnuvegirnir auka fjármuni sína um þúsundir milljóna, eru þeir komnir á vonarvöl að dómi stjórnarandstæðinga. Að þeirra dómi eru síðustu 8 ár tímabil hinna glötuðu tækifæra.

Þessir svartsýnismenn biðja nú þjóðina um að velja sig til forystu. Þeir fara ekki dult með það, að þeir ætla að stefna inn á nýjar brautir. Frelsið er þeim þyrnir í auga. Allt hlýtur að ganga á tréfótum, nema pólitískir eftirlitsmenn ráði framkvæmdum og úthluti leyfum til þeirra, sem þóknanlegir eru taldir. Allar vestrænar þjóðir hafa hafnað haftastefnunni. „Hin leiðin" er að vísu af stjórnarandstæðingum búin í sætlegan þokuhjúp og kölluð skipulagt frelsi. Sjálfstfl. boðar þjóðinni áframhald þeirrar frjálslyndu efnahagsstefnu, sem á fáum árum hefur gerbreytt til batnaðar hinu íslenzka þjóðfélagi. Hann býður ekki þjóðinni nein óséð hnífakaup. Hann biður um það eitt að verða dæmdur af verkum sínum og varar þjóðina alvarlega við afleiðingum þess, ef ríkjandi stjórnarstefnu verður hafnað og stöðnun og spilling haftakerfisins heldur á nýjan leik innreið sína. Mennirnir, sem gáfust upp á brún hengiflugsins 1958, mega ekki fá tækifæri til að leiða þjóðina fram af brúninni. Það væri þjóðarógæfa. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Margt er talað og misjafnt sagt, segir máltækið. Eftir að þessar umr. hafa staðið í meira en 7 klst., líklega nær 8, ætla ég að biðja ykkur að rifja upp fyrstu ræðuna, sem flutt var á þriðjudagskvöld. Hv. þm. Lúðvík Jósefsson talaði fyrir hönd Alþb. og tilkynnti að sjálfsögðu þjóðinni, að allt væri í kaldakoli og efnahagslegt hrun fram undan. En Lúðvík lét ekki sitja við almennar ásakanir. Hann nefndi hörmungarnar réttu nafni og eitt versta dæmið um lélegt, hroðalegt stjórnarfar var að hans sögn sú óþarfa eyðsla þjóðarinnar að flytja inn 5 þús. bíla og 10 þús. sjónvarpstæki á síðasta ári. Annað var það, sem hneykslaði Lúðvík Jósefsson jafnvel enn meir en þessi voðalega eyðsla. Það var, að útgerðarmenn höfðu ekki nóga peninga með höndum.

Þetta var athyglisverð ræða. Leiðtogi Alþb. á þingi hneykslaðist nú á því, að almenningur skuli hafa ráð á að kaupa Volkswagen og sjónvarpstæki og í sömu ræðu er þessi alþýðuforingi að sálast úr áhyggjum yfir peningaleysi útgerðarmanna. Einhvern tíma hefðu Alþb.-menn lofað útgerðarmönnum sjálfum að kljást við bankana um lánsfé. Þeir eru vanir að bjarga sér. Einhvern tíma hefðu leiðtogar Alþb. haft meiri áhyggjur af því fólki, sem ekki hefur ráð á litlum bíl eða sjónvarpstæki eða einhverju enn nauðsynlegra. Einar Olgeirsson talar nú alltaf tíu sinnum á dag hér í þinginu síðustu vikurnar, sem hann á hér sæti, en aldrei kvartar hann um peningaleysi útgerðarmanna og seint mun það koma fyrir Hannibal Valdimarsson. Ætli það sé þess vegna, sem bandamenn hans, kommúnistar í Reykjavík, hafa nú svikið hann og snúið við honum bakinu?

Ragnar Arnalds og margir fleiri ræðumenn Alþb. hafa reynt að fegra deilurnar, sem nú eru í flokki þeirra hér í Reykjavík. Þeir segja, að þetta séu aðeins eðlilegar, lýðræðislegar deilur um menn. Þetta er ekki rétt. Alþb. á að heita bandalag þriggja aðila, Sósfl., Málfundafélags jafnaðarmanna og Þjóðvarnar. Þegar einn aðili tekur öll völd af hinum, er ekkert bandalag eftir. Það er þetta, sem hefur gerzt hér. Alþb. í Reykjavík er úr sögunni. Listinn er listi Sósfl. Reykjavíkur. Þess vegna eru þetta ekki venjuleg, lýðræðisleg átök um menn á framboðslista. Ragnar Arnalds líkti Alþfl. við fjárhund. Ég er ekki viss um, að ég uni neitt illa við það. Fjárhundar njóta virðingar og ástar þjóðarinnar, þeir hafa oft bjargað smala og fé, þeir hafa vísað leið út úr dimmviðri. Hins vegar mætti líkja Ragnari Arnalds við pólitískan kjölturakka, sem ekkert kann enn þá annað en gelta að heiðarlegu fólki.

Að sjálfsögðu má alltaf deila um, hvort bankarnir lána útgerðarmönnum eða heildsölum eða iðnrekendum of mikið eða of lítið fé, en þær skoðanir form. þingflokks Alþb., að fjölskyldubílar og sjónvarpstæki séu óþarfa eyðsla, eru 20 ár á eftir tímanum. Maðurinn virðist alls ekki gera sér grein fyrir þeim breytingum, sem hafa orðið á högum þjóðarinnar. Hann lifir enn í löngu liðnum heimi hafta og gjaldeyrisskorts. En mundi Alþb. t. d., ef Lúðvík yrði aftur ráðh., stjórna í þeim anda, að fjölskyldubílar og sjónvarpstæki séu óþarfa eyðsla? Mundu þeir stöðva innflutning þeirra? Ég spyr. Þeir hafa nóg tækifæri til að svara síðar. Íslenzka þjóðin er hins vegar í dag að komast í þau efni, að hún getur vel veitt svo til hverri fjölskyldu, sem vill, bifreið og sjónvarpstæki. Þessi og mörg önnur þægindi eru að verða almannaeign hér á landi eins og í grannlöndum okkar. Svo má minnast þess í leiðinni, að ríkissjóður fær jafnan stórfé í aðflutningsgjöld af þessum lífsþægindum og eru þau gjöld nú þegar notuð til að aðstoða útveginn, til þess að reisa sjúkrahús og skóla og koma sjónvarpi út um landið. Í stað þess að vorkenna útgerð-

armönnum, ættu Alþb.-foringjarnir að beina athyglinni að þeim fjölskyldum, sem ekki hafa getað veitt sér þau þægindi, sem eru að verða algeng á Íslandi. Þar eru tekjulægstu samborgarar okkar, þeir, sem við ættum að sameinast um að lyfta til betri lífskjara. Ég hef gripið bíla og sjónvarp á lofti úr ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósefssonar, en að sjálfsögðu eru þetta aðeins dæmi. Margt annað kemur á undan hjá hverri fjölskyldu. Fyrst af öllu húsnæðið, síðan innbú og tæki, sem létta vinnu húsmæðra, en þær eru, þrátt fyrir öll þægindi, líklega mest vinnuþjakaða stétt í landinu enn þann dag í dag.

Stjórnarandstæðingar stagast á því allar þessar umr., að í tíð núv. ríkisstj. hafi einkaframtakið blómgazt, sérstaklega í verzlun, dregið til sín mikið fé og grætt. Augljóst er, að afnám gjaldeyrishafta og stóraukinn innflutningur hlutu að leiða til uppgangstíma og vaxtar á sviði verzlunar og þess mundu fljótt sjást merki, m. a. í byggingum. Þetta er þó aðeins önnur hlið þess, sem gerzt hefur undir stjórn Alþfl. og Sjálfstfl. Hin hliðin er stórfelld aukning á þátttöku ríkisins í atvinnu- og athafnalífi og fastri stjórn þess á ýmsum efnahagsmálum. Á undanförnum árum hefur vaxið upp voldugasti banki landsins, Seðlabanki Íslands. Hann hefur verið styrktur og áhrif hans hafa aukizt í tíð ríkisstj. Hann framkvæmir stefnu og vilja þeirrar stjórnar, sem er við völd hverju sinni. Þetta er stóraukið ríkisframtak. Stjórnin samdi við verkalýðshreyfinguna um að hefja mestu íbúðarbyggingar í sögu þjóðarinnar samkv. byggingaráætlun. Þetta er líka stórfellt ríkisframtak. Fyrir forgöngu Alþfl. og með samþykki stjórnmálaflokkanna allra er undirbúinn lífeyrissjóður fyrir landsmenn. Hann á að tryggja okkur í ellinni sömu lífskjör og við höfðum á beztu starfsárum ævinnar. Þar bætist okkur stórfelld tryggingastarfsemi með milljarðasjóði til útlána. Þetta er líka stóraukið ríkisframtak. Stærstu verksmiðjur þjóðarinnar, eins og t. d. Sementsverksmiðjan, eru opinber eign og auka stöðugt starfsemi sína. Hið opinbera er meginaðili að kísilgúrverksmiðju. Hið opinbera kaupir togara, reisir nýjar síldarverksmiðjur og niðurlagningarverksmiðju. Það hefur fiskirækt, rekur sjónvarp og svo mætti lengi telja. Allt er þetta stóraukið ríkisframtak. Jafnaðarmenn hafa lagað gamlar hugmyndir eftir nútíma aðstæðum og fundið þeim raunhæf form.

Allt þetta ríkisframtak, sem ég hef talið, eru þjóðnýtingarhugmyndir í nútíma myndum. Hinn opinberi rekstur hefur blómgazt og aukizt við hliðina á einkarekstri og samvinnurekstri hin síðari ár og mun án efa gera það í komandi framtíð. Þegar dæmd eru verk ríkisstj. verður að hafa þennan þátt í starfi hennar í huga. Þetta er ein meginástæðan fyrir því, að Alþfl. hefur tekið þátt í núv. stjórnarsamstarfi og gert það af einlægni. Alþfl. vill einnig benda á, að þessi ríkisstj. hefur verið ein hin frjálslyndasta í félags- og menningarmálum, sem nokkru sinni hefur setið við völd hér á landi. Í upphafi viðreisnarinnar var gert stórátak í tryggingamálum með auknum bótum. Síðan hefur hver stórbreytingin verið gerð á fætur annarri, skerðingarákvæði afnumin, byggðamismunur afnuminn, bætur tengdar við almennt kaupgjald og svo mætti lengi telja. Fram undan er ekki aðeins lífeyrissjóður allra landsmanna, heldur stórfellt félagslegt starf fyrir hina öldruðu borgara, en þeim fer innan skamms að fjölga mjög verulega. Fyrir utan glímuna við dægurmál, sem er ærið verkefni hverri ríkisstj., telur Alþfl. merkum áfanga hafa verið náð á fleiri sviðum síðustu tvö kjörtímabil. Má þar t. d. nefna grundvallarréttlætismál eins og sömu laun fyrir sömu vinnu kvenna og karla. Fyrir atbeina Alþfl. og með stuðningi Sjálfstfl. var það mikla baráttumál leyst á farsælan hátt með því að stíga þrep fyrir þrep. Nú eru konurnar komnar upp stigann. Um síðustu áramót varð launajafnréttið að veruleika og bæði verkalýðshreyfingin og kvenþjóðin gátu fagnað mikilsverðum sigri, sem vannst með hægð og hugsun í friði og sátt allra. Alþfl. starfar af ábyrgð og hann nær árangri.

Flokkurinn okkar hefur í 51 ár barizt fyrir breytingum á íslenzku þjóðfélagi. Hann hefur frá upphafi haft ljósar hugmyndir um, hvað hann vildi, og till. um, hvernig þeim markmiðum mætti ná. Fjölmargar þessara hugmynda hafa orðið að veruleika á Íslandi, þjóðinni til ómetanlegrar blessunar, ekki aðeins vegna Alþfl., heldur af því, að aðrir flokkar hafa gengið til fylgis við hugmyndirnar og tekið þær upp. Hafi þeir þökk fyrir það. En vaxtarbroddurinn er enn á grein Alþfl. Það kom í ljós, þegar flokkurinn varð fyrstur til að taka upp á stefnuskrá sína 18 ára kosningaaldur. Við fluttum málið inn á Alþ. á þann hógværa hátt að biðja hina flokkana að hugleiða það í eitt ár. Nefnd var sett í málið og hún varð sammála um lækkun kosningaaldurs um 1 ár í 20. Ýmsir vildu ganga lengra, en um það varð ekki samkomulag. Alþfl. gekk inn á þessa breytingu. Hún er ekki allt það, sem stefnt er að, en hún er stórt spor í rétta átt og mikill sigur fyrir æskuna. Jafnvel löng ganga hefst á einu skrefi. Það er vandalaust að hrópa hátt og flytja frv. eða till. með yfirboðum, en það er ekki aðferð okkar að jafnaði. Alþfl. starfar af ábyrgð og hann nær árangri í þessu máli eins og mörgum öðrum.

Við kosningarnar eftir tvo mánuði munu neyta atkvæðisréttar 10—12 þús. nýir kjósendur á aldrinum 21—24 ára. Þetta unga fólk mun byggja íslenzkt þjóðfélag tæknialdar á árunum eftir 1970 og það mun sennilega stjórna landinu eftir 1990. Þetta unga fólk í dag mun flest lifa góðu lífi árið 2000 og fjöldi þess mun ekki ljúka æviskeiði sínu fyrr en árin 2010—2020. Þessir ungu kjósendur voru um og undir fermingu, þegar viðreisnin hófst. Þeirra kynslóð mun örugglega ekki kjósa yfir sig haftafargan Framsfl. Þeirra kynslóð skilur ekki

menn eins og form. þingflokks Alþb., sem finnst það syndsamleg eyðsla að eignast bíl eða sjónvarp. Kjósendum hefur fjölgað mikið síðan 1963. Það er nálega allt ungt fólk. Við þetta unga fólk vil ég segja að lokum: Ykkar tími er að koma. Þið eruð fjölmennustu árgangarnir, sem nú hafa kosningarrétt á Íslandi. Þið getið haft mikil áhrif. Notið kosningarréttinn vel. — Góða nótt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Benedikt Gröndal hrósaði núv. ríkisstj. mjög fyrir það, að bætur almannatrygginga hefðu hækkað. Þess gat hann að sjálfsögðu ekki, að mest af hækkuninni væri tekið af bótaþegum aftur í útsvörum og tekjuskatti. Ég flutti till. á þessu þingi um að undanþiggja elli- og örorkulaun, fjölskyldubætur og aðrar bætur almannatrygginga útsvari. Alþfl. hjálpaði íhaldinu til að fella þessa till.

Jóhann Hafstein sagði hér áðan, að hann hefði engan þátt átt í því að stöðva útvarpsþáttinn „Þjóðlíf", heldur hefði hann gert till. til útvarpsráðs um aðra meðferð þáttarins en stjórnandi þáttarins viðhafði. Þetta stangast alveg á við það, sem ráðh. sjálfur sagði í Morgunblaðinu 4. marz, en þar sagði hann orðrétt í viðtali við blaðið: „Ég var strax þeirrar skoðunar, að kjaramál lækna væru viðkvæmari en svo, að þau ættu að ræðast í slíkum útvarpsþáttum". Það var fyrst og fremst þessi afstaða ráðh., sem réði því, að þátturinn var stöðvaður. Til útvarpsráðs barst aldrei till. frá Jóhanni um aðra meðferð þáttarins. Benedikt Gröndal, formaður útvarpsráðs, spurðist nýlega fyrir um það að gefnu tilefni á útvarpsráðsfundi, hvort nokkur slík till. hefði borizt útvarpsráði frá Jóhanni eftir einni eða annarri leið, en fékk þau svör, að engin slík till. frá Jóhanni hefði borizt ráðinu. Það eru því hrein ósannindi Jóhanns og yfirklór eftir á, að hann hafi gert slíka till.

Það hefur mér þótt raunalegast í þessum umr. að hlusta á Gylfa Þ. Gíslason, vegna gamals kunningsskapar. Ég held, að öllu lengra sé ekki hægt að komast í skinhelgi en hann gerði í ræðu sinni. Hann talaði eins og hann væri ákaflega andvígur höftum. Ég held, að það sé ekki ofsagt, að aldrei hafi verið meiri haftamaður á Íslandi en Gylfi Þ. Gíslason. Sem bankamálaráðh. ber hann aðalábyrgð á því, að flesta morgna koma nú 400—500 manns í biðstofur bankanna í Reykjavík til að bíða þar tímum saman eftir viðtali við bankastjóra. Flestir fara þaðan aftur með óleyst erindi. Fjöldi vel stæðra fyrirtækja er í vanskilum vegna þess að þau fá ekki eðlilega þjónustu í bönkunum. Lánsfjárhöftin, sem ríkisstj. hefur komið á með sparifjárfrystingunni, eru að draga allt efnahagslíf í dróma. Fyrir þessu hef ég ummæli fjölmargra manna, sem fást við atvinnurekstur og viðskipti. Svo þykist bankamálaráðh. vera á móti höftum. Er nokkur svo fáfróður, að hann blekkist af þessari hræsni hans?

Það hefur mjög einkennt þessar umr., að kommúnistar, sem nú hafa tekið öll völd í Alþb., telja sig ekki geta bölað til vinstra fólks vegna stefnu sinnar, heldur gera það nær eingöngu á þeim grundvelli, að öruggasta ráðið til að fella ríkisstj. sé að kjósa þá, en ekki Framsfl. Þennan sama áróður ráku þeir fyrir seinustu þingkosningar í Reykjavík. Þá var sagt, að Framsfl. fengi örugglega einn mann kosinn, en öll atkv., sem hann fengi umfram það, færu til ónýtis. Hefði þessi áróður borið árangur, hefði Framsfl. fengið einn mann kosinn í stað tveggja, en Sjálfstfl. fengið 7 þm. kosna í stað 6.

Sem betur fór bar þessi áróður kommúnista ekki árangur í þingkosningunum 1963, en hann bar illu heilli árangur í borgarstjórnarkosningunum 1966. Þá var rekinn sá áróður, að Framsfl. væri öruggur með tvo borgarfulltrúa, en vonlaus með þrjá. Þess vegna ættu vinstri menn ekki að kjósa hann, heldur Alþb., sem væri að tapa þriðja manni sínum. Þess vegna fór svo, að Framsfl. vantaði tæp 400 atkv. til að fá 3 borgarfulltrúa kosna og fella með því 8. mann Sjálfstfl. Sjálfstfl. getur fyrst og fremst þakkað þessum áróðri kommúnista það, að hann missti ekki þetta sterkasta vígi sitt á s. l. vori. Það er ekki í fyrsta sinn sem kommúnistar hafa reynzt íhaldinu mest hjálparhella, þegar það hefur verið í mestri hættu. Það er því ekki að furða, þótt Bjarni Benediktsson hafi lánað þeim 10. þm., þegar kosið hefur verið í bankaráð og þýðingarmiklar nefndir. Og nú fara kommúnistar enn á stúfana til að reyna að vinna það óþurftarverk, sem eitt gæti hjálpað stjórnarflokkunum til að halda þingmeirihl. sínum. Þeir segja enn, að atkv. verði ónýt, ef þau falli á Framsfl. Sannleikurinn er hins vegar sá, að það eru engar líkur til þess, að meiri hl. stjórnarinnar tapist nema Framsfl. bæti við sig einu eða fleiri þingsætum. Þetta þingsæti eða þessi þingsæti getur flokkurinn unnið í þeim kjördæmum, þar sem tvísýnt er um seinasta sætið, en ekki er öruggt, að flokkurinn vinni það nema hann fái svo mörg atkv., að hann fái uppbótarsæti, ef hann vinnur ekki nýtt eða þá ný þingsæti í kjördæmunum.

Það er ekkert fjarlægt takmark að keppa að, að Framsfl. fái 20. þingsætið sem uppbótarsæti. Til þess þarf flokkurinn aðeins að auka áfram fylgi sitt líkt og í þingkosningunum 1963 og bæjarstjórnarkosningunum 1966. Til þess benda allar líkur, að hann geri það. Menn skilja fleiri og fleiri nauðsyn þess að efla einn sterkan umbótaflokk. Menn eru óánægðir með ríkisstj. Menn vantreysta Alþb. í vaxandi mæli, eftir að kommúnistar hafa tekið þar öll völd. Það eitt getur bjargað meiri hl. ríkisstj., að óháðir vinstri menn láti blekkjast af þeim áróðri kommúnista í annað sinn, sem tryggði afturhaldinu áframhaldandi völd í borgarstjórn Reykjavíkur á s. l. vori.

Það hefur í þessum umr. verið deilt hart á ríkisstj. og hún og stuðningsmenn hennar reynt

að færa henni flest til ágætis. Það ætla ég, að sé öllum ljóst eftir þessar umr., að þjóðin býr í dag, þrátt fyrir langvarandi góðæri undanfarið, við hallarekstur í mörgum atvinnugreinum og mikla óvissu í efnahagsmálum. Það eru allir sammála um, að með hinni svonefndu verðstöðvun sé aðeins tjaldað til einnar nætur. Það búast allir við því, að eftir kosningarnar verði að grípa til stórfelldra og róttækra efnahagsaðgerða, ef atvinnureksturinn á ekki að stöðvast. Mundi slíkt blasa við eftir hið mesta góðæri, ef fylgt hefði verið réttri stjórnarstefnu og góðærið notað til að búa í haginn fyrir framtíðina? Trúa menn því, að ríkisstj., sem hefur ekki haldið betur á málum í góðærinu, sé fær um að mæta erfiðleikum, þegar þá ber að höndum? Verður þá hægt að treysta þreyttri og úrræðalítilli ríkisstj. til að sýna þá úrræðasemi og þann manndóm, sem þá verður krafizt, ef farsællega á að leysa vandamálin?

Þau ummæli, sem fallið hafa í þessum umr. og mér hafa orðið minnisstæðust, voru sögð af Emil Jónssyni. Hann komst svo að orði, að í tíð núv. stjórnar hefðu orðið tímamót. Hver voru þessi tímamót, sem ráðh. átti við? Átti Emil kannske við það, að nú hefði togaraflotinn, sem lengi var bjargvættur Hafnarfjarðar, verið efldur og styrktur og íslenzka þjóðin hefði eigi síður en aðrar fiskveiðiþjóðir bætt stórum og glæsilegum skuttogurum í flota sinn? Nei, ekki átti Emil við þetta, því að aldrei hefur togurum fækkað meira né togaraútgerð vegnað verr en í tíð núv. ríkisstj. Átti Emil þá e. t. v. við, að þorskveiðiflotinn hefði verið efldur og styrktur, svo að valdið hafi tímamótum? Nei, saga þorskveiðiflotans hefur orðið hin sama og togaranna í tíð núv. stjórnar. Átti Emil þá við, að iðnaðurinn hefði verið almennt efldur eða ný stórfyrirtæki á vegum Íslendinga, líkt og Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðjan, hefðu verið stofnsett? Nei, ekkert slíkt hefur verið gert, heldur býr iðnaðurinn nú við versnandi kjör og vaxandi samdrátt. Átti Emil þá kannske við það, að stórt átak hefði verið gert til að efla vísindi og tækni? Nei, vissulega ekki, því að þar eru öll framlög enn skorin við nögl. Átti Emil kannske við það, að gert hefði verið stórátak í vegamálum og hafnarmálum? Nei, ekki átti hann við það, enda hefur ástand íslenzkra þjóðvega aldrei verið hörmulegra en nú og framlög ríkisins til hafnarmála hafa hlutfallslega aldrei verið lægri. Átti Emil e. t. v. við það, að tímamót hefðu orðið á sviði skólabygginga og skólamála? Nei, ekki átti hann við það, enda hefur skorturinn á skólahúsnæði ekki verið meiri um langt skeið en nú og ekkert hefur verið gert til endurbóta á hinni úreltu skólalöggjöf. Átti Emil þá við það, að tímamót hefðu orðið á sviði heilbrigðismála? Nei, enda hefur ríkt þar hið mesta sinnuleysi og sleifarlag á undanförnum árum, eins og bezt sést á því, að dregið hefur verið árum saman að fullgera Borgarspítalann og við-byggingarnar við Landsspítalann, meðan hver verzlunarhöllin annarri meiri hefur þotið upp. Og seinast en ekki sízt, átti Emil e. t. v. við það, að tímamót hefðu orðið í viðskiptasiðferði og ráðvendni og skilvísi aukizt í fjármálum? Nei, sannarlega átti hann ekki við það, því að nú er að verða uppvíst um hvert fjársvikamálið öðru meira og aldrei hafa vanskil verið almennari og stórfelldari, enda er það óhjákvæmileg afleiðing þeirrar stefnu, sem fylgt er í stjórn bankamálanna.

En hver voru þá tímamótin, sem Emil Jónsson átti við? Það var koma svissneska álhringsins til Íslands. Það var tilkoma erlends atvinnureksturs á Íslandi. Þar var rudd brautin, eins og forsrh. hefur orðað það, til lausnar þeim efnahagslega vanda, sem þjóðin glímir við. Það er forsjá og forysta útlendinga í atvinnumálum, sem á að bjarga þjóðinni úr ógöngunum, sem núv. stjórn hefur leitt hana í. Það er atvinnurekstur útlendinga á Íslandi, sem núv. ríkisstj. trúir á sem lausn alls vanda. Þess vegna er það aðaltakmark hennar að koma Íslandi í efnahagsbandalög, er myndu skapa útlendingum greiðan aðgang til atvinnureksturs á Íslandi.

En hver er þá sannleikurinn um hinn svissneska bjargvætt í Straumsvík? Hefur hann tekið að sér að reka atvinnufyrirtæki á Íslandi við önnur og lakari skilyrði en íslenzk atvinnufyrirtæki búa við? Hyggst hann þannig sanna, að íslenzkir framtaksmenn séu skussar og kunni ekki að reka fyrirtæki? Sannarlega ekki. Hann krefst í *nær öllum efnum betri aðbúnaðar* af hálfu hins opinbera en íslenzk fyrirtæki búa við. Hann krefst lægri skatta, lægri tolla og svo lágs raforkuverðs, að litlar líkur eru til, að kostnaðarverð fáist fyrir það rafmagn, sem við seljum honum. Þannig vill hann búa við allt önnur og betri skilyrði en íslenzkir atvinnurekendur. Halda menn svo, að það séu slíkir atvinnurekendur, sem eigi eftir að bjarga Íslandi? Nei, það verður aldrei erlent framtak, sem bjargar Íslandi. Það er hin fjarstæðasta villukenning, sem stjórnarblöðin halda fram, að svonefnd efnahagsundur hafi aðallega gerzt hjá þjóðum, sem leyft hafa erlenda fjárfestingu í ríkum mæli. Svo fjarstæð er þessi kenning, að mesta efnahagsundur seinustu ára hefur einmitt gerzt hjá þjóð, sem útilokar erlenda fjárfestingu. Hér er átt við Japan. Í stað þess að treysta á erlent framtak, hafa Japanir treyst á eigið framtak. Það hefur gert gæfumuninn.

Ég er nú kominn að því, sem ég vildi láta verða trúarjátningu mína að þessu sinni. Það er öllum ljóst, að við þurfum að glíma við mikil efnahagsleg vandamál næstu missirin. Hvert á að vera höfuðráð okkar við þessum vanda? Ég get svarað þessari spurningu fyrir mitt leyti með aðeins fjórum orðum: Að efla íslenzkt framtak. Í þeim efnum er ekki um að ræða neitt einfalt úrræði. Það verður að leita margra ráða, stórra og smárra, sem öll beinast að því marki, að framtak sem allra

flestra fái notið sín. Það verður að vera grundvallaratriði að búa þannig að öllum þeim atvinnurekstri, sem réttmætt er talið að starfrækja í landinu, að hann geti borið sig. Það er ekki aðeins hagur atvinnurekenda, heldur einnig hagur launþeganna, því að launakjör verða ekki bætt, svo að raunhæft sé, nema atvinnuvegirnir aukist og eflist. Það verður að fella niður þá mörgu sérskatta, sem núv. ríkisstj. hefur lagt á atvinnureksturinn og valda samanlagt óþolanlegri byrði og hóflausri skriffinnsku. Það verður að lækka tolla á vélum og hráefnum. Það verður að tryggja nóg reksturslán og lækka vextina. Það verður að tryggja nóg stofnlán til þess að auka hagræðingu og tæknibúnað fyrirtækja. Það verður að margfalda framlög til hvers konar rannsókna í þágu atvinnuveganna. Þetta er hið stóra, sameiginlega verkefni atvinnurekenda og launþega, því að þetta er undirstaða bættra launakjara og heilbrigðs atvinnureksturs.

Ég vil halda því fram, að það sé trú, sem styðst við örugga reynslu, að trúa á íslenzkt framtak og getu þess til að fást við vandamálin fram undan, ef rétt er að því búið. Meðan hér drottnaði erlent framtak, bjó þjóðin við eymd og neyð. Strax og það íslenzka framtak leystist úr læðingi, komu framfarirnar og framsóknin til sögunnar. Ég efast um, að hægt sé að benda á nokkurt annað land í heiminum, þar sem framfarir hafa orðið meiri á þessari öld en á Íslandi. Það er enginn þjóðargorgeir að segja þetta. Það er ekki annað en segja frá staðreyndum. Íslenzkt framtak getur ekki síður í framtíðinni náð glæsilegum árangri, ef leystir yrðu af því þeir fjötrar, sem núv. ríkisstj. hefur hneppt það í með lánsfjárhöftum, vaxtaokri og alls konar nýjum sköttum. Það er margt, sem skilur málefnalega á milli okkar framsóknarmanna og ráðh. En ekkert skilur meira en ólík trú á landi og þjóð. Ég efa ekki, að þeir elski landið eins heitt og við. Ekki efa ég, að þeir vilji byggja landið eins og við. En þeir treysta ekki eins mikið á landið og þjóðina eins og við. Þeir trúa ekki á, að Íslendingar geti einir og óstuddir haldið uppi blómlegu og vaxandi þjóðfélagi. Þess vegna verða útlendir að koma til. Þeim finnst í tíma og ótíma, að þeir séu í ónýtri bátskænu og þeir verði umfram allt að komast um borð í hafskipið. Það er hér, sem mest skilur á milli okkar og þeirra.

Herra forseti. Það er komið að lokum þessara umr. Við framsóknarmenn stefnum að því í næstu kosningum að fella ríkisstj. Það er frumskilyrði þess, að stefnubreyting geti orðið. En við höfum annað engu minna framtíðartakmark. Það er að koma á traustari og heilbrigðari flokkaskipun. Stjórnarfar hefur orðið traustast hjá þeim þjóðum, þar sem meginfylkingarnar í stjórnmálum eru tvær. Smáflokkar hafa alltaf með sér aukinn glundroða. Hér á landi háir það nú mest heilbrigðu stjórnmálalífi, að umbótaöflin eru enn ekki eins samstæð og íhaldsöflin eru í Sjálfstfl. Þó hefur þetta verið að breytast á síðari árum. Framsfl. hefur alltaf verið að eflast sem alhliða umbótaflokkur, sem hefur sameinað framsækið og frjálslynt fólk undir merki sitt. Þessi þróun verður að halda áfram í kosningunum í vor. Hvert atkv., sem Framsfl. fær, stuðlar að því að fella stjórnina. Hvert atkv., sem Framsfl. fær, stuðlar að heilbrigðri flokkaskipun. Hvert atkv., sem Framsfl. fær, styður að því, að trúin á íslenzkt framtak móti þróun stjórnmálanna á komandi árum og þannig verði tryggð batnandi kjör frjálsrar þjóðar í frjálsu landi.

Ég óska svo hlustendum gleðilegs sumars og býð góða nótt.

II. Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1967.

Á 31. fundi í Sþ., 7. apríl, var tekin á dagskrá:

Skýrsla fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1967.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ríkisstj. hefur nú nýlega gengið frá framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1967. Fyrir tæpu ári gerði ég Alþ. grein fyrir áætlun ársins 1966 og gaf um leið yfirlit um þróun þjóðarbúskapar á þeim þremur árum, sem liðin voru af þjóðhagsáætlunartímabilinu 1963—1966. Jafnframt gerði ég grein fyrir horfum efnahagsmála árið 1966 og þeim áhrifum, sem þær horfur höfðu haft á undirbúning framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ársins. Fyrir tveimur árum gaf þáv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, einnig sams konar yfirlit, um leið og hann gerði grein fyrir framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1965. Er þetta því í þriðja sinn, sem yfirlitsskýrsla af þessu tagi er gefin á Alþ.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á því, að útbýtt hefur verið ýmsum töflum, sem eru til leiðbeiningar um skilning á því, sem sagt verður hér í grg. minni, og enn fremur vekja athygli á því, að útbýtt hefur verið hér í dag frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna framkvæmdaáætlunarinnar og því frv. fylgja einnig töflur, þar sem sýnt er, hvernig það fé skiptist, sem áætlað er að verði til ráðstöfunar á þessu ári. Fyrir sundurliðun þess í einstökum atriðum verður að sjálfsögðu gerð grein í sambandi við umr. um það frv., en við grg. þá, sem ég hér flyt, koma þessar upplýsingar hvort tveggja til gagns og leiðbeiningar fyrir hv. þm.

Tímabili hinnar fyrstu almennu þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar til langs tíma er nú lokið. Í ræðu minni við þetta tækifæri á s. l.

ári lýsti ég þeirri fyrirætlun ríkisstj. að semja á árinu 1966 sams konar áætlun fyrir nokkur næstu ár. Þótt ýmis gagnasöfnun og annar undirbúningur hafi þegar farið fram í þessu skyni, hefur ríkisstj. ekki látið ganga frá nýrri langtímaáætlun og telur ekki rétt, að það sé gert, eins og nú standa sakir. Hin mikla breyting, sem nú er á orðin í viðhorfum efnahagsmála, hefur skapað óvissu um ýmis grundvallaratriði, sem áætlun af þessu tagi verður að byggja á. Ríkir í þessum efnum eins konar millibilsástand, en við slíkar aðstæður er ekki æskilegt, að gengið sé frá fastri áætlun til langs tíma. Telur ríkisstj. enda eðlilegt, að frá slíkum áætlunum sé gengið í upphafi, fremur en í lok stjórnartímabils. Leggur ríkisstj. því að þessu sinni aðeins fram áætlun til eins árs eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Eigi að síður telur ríkisstj. það miklu máli skipta, að áfram sé haldið að starfa að áætlunargerð til langs tíma. Í þessu sambandi vill hún leggja sérstaka áherzlu á það, að grundvöllur slíkrar áætlunargerðar sé treystur sem bezt. Verður raunar að telja þetta miklu þýðingarmeira en það, hvenær formlega er gengið frá nýjum áætlunum til langs tíma. Má í þessu sambandi einkum nefna þrennt. Í fyrsta lagi er þýðingarmikið, að nákvæmari athuganir en gerðar hafa verið fari fram á þróun einstakra atvinnugreina og vandamálum þeirra, í samvinnu við samtök hlutaðeigandi atvinnugreina. Slíkar kannanir eru nauðsynleg forsenda þess, að hægt sé að móta stefnu stjórnarvaldanna varðandi þróun þessara atvinnugreina. Í öðru lagi er þýðingarmikið, að gerðar séu athuganir á einstökum greinum opinberra framkvæmda og samdar áætlanir til langs tíma í þessum greinum. Að þessum málum hefur verið unnið allmikið á undanförnum árum, einkum á sviði raforkumála, samgöngumála og menntamála. Á hinn bóginn hefur ekki verið aðstaða til þess að sinna öðrum greinum opinberra framkvæmda og þjónustu á þennan sama hátt, og ber mikla nauðsyn til þess, að svo verði gert. Þetta krefst hins vegar breytinga á starfi og starfsaðstöðu ráðuneyta og stofnana. Í þriðja lagi skiptir miklu máli að aðferðir við undirbúning og mat framkvæmda og töku ákvarðana séu endurskoðaðar og fullkomnaðar. Með stofnun fjárlaga- og hagsýsludeildar fjmrn. hefur skapazt nokkur aðstaða til að sinna þessum málum, og hafa till. um endurbætur í þessu efni verið lagðar fram í frv. til l. um framkvæmdir á vegum ríkisins. Þá má minna á, að á undanförnum árum hefur verið unnið allmikið starf að landshlutaáætlunum, fyrst fyrir Vestfirði og síðan fyrir Norðurland. Þá hafa sum sveitarfélög hafizt handa um gerð framkvæmdaáætlunar til nokkurra ára í senn, en nýafstaðin ráðstefna Sambands ísl. sveitarfél. fjallaði um starfsaðferðir í þessu sambandi. Bæði landshlutaáætlanir og áætlanir einstakra sveitarfél. verða hins vegar að tengjast áætlunargerð ríkisvaldsins um einstaka málaflokka og um þróun atvinnuvega. Mörg og mikilvæg verkefni eru því framundan í sambandi við áætlunargerð hér á landi.

Ég mun í þessari skýrslu fyrst gera yfirlit um almenna þróun efnahagsmála á árunum 1963–1966 og bera þá þróun saman við það, sem þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin fyrir þetta tímabil gerði ráð fyrir. En nú er unnt að gera slíkan samanburð, enda þótt enn liggi aðeins fyrir bráðabirgðatölur um árið 1966. Ég mun í þessu sambandi gera sérstaka grein fyrir þróun fjármunamyndunar á þessu tímabili, og þá einkum þróun opinberra framkvæmda, og bera hana saman við það, sem þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin gerði ráð fyrir. Að þessu loknu mun ég gera grein fyrir þróun efnahagsmála á árinu 1966 og þeim viðhorfum, sem blasa við á þessu ári, og þar með þeim sjónarmiðum, sem ríkisstj. hlaut að hafa í huga í sambandi við undirbúning framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar fyrir árið 1967. Þá mun ég gera grein fyrir fjármunamynduninni á árinu 1967, eins og nú má telja sennilegast, að hún verði, og fyrir framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins.

Þjóðhags- og framkvæmdaáætlun áranna 1963—1966, er endanlega var gengið frá í aprílmánuði fyrir fjórum árum, fól í sér yfirlit um sennilega og jafnframt æskilega þróun helztu þátta þjóðarbúskaparins á þessu tímabili. Með þessu yfirliti var reynt að mynda sér skoðun um þau skilyrði, sem væru til framkvæmda, bæði atvinnuveganna og opinberra aðila, á tímabilinu. Á þeim grundvelli var síðan sett fram áætlun um fjármunamyndun í meginflokkum, en þó einkum um opinberar framkvæmdir. Í viðbót við þetta var lögð fram sérstök áætlun fyrir árið 1963, er fól í sér beinar ákvarðanir um framkvæmdir og fjáröflun á því ári, að því er varðaði helztu greinar opinberra framkvæmda. Sams konar áætlanir hafa, eins og kunnugt er, verið útbúnar fyrir hvert áranna þar á eftir, 1964—1966.

Þegar áætlunin var samin, hafði full atvinna verið ríkjandi hér á landi um margra ára skeið og vinnutími hafði lengzt á árunum 1961—1962. Mátti því telja að vinnuaflið væri í aðalatriðum fullnýtt og yrði aukning þjóðarframleiðslu umfram það, sem stafaði af fólksfjölgun, fyrst og fremst að eiga sér stað með aukningu framleiðsluafkasta. Á hinn bóginn var þá ekki hægt að sjá fyrir, að þau sérstöku skilyrði sköpuðust fyrir útflutningsframleiðslu, er gerðu það kleift að auka sérstaklega þá framleiðslu, þar sem afköstin eru mest og hafa vaxið örast. Enn síður var hægt að gera ráð fyrir miklum bata í viðskiptakjörum út á við. Þar sem áætlunin fjallaði í nánari atriðum einkum um ráðstöfun verðmæta, mátti það einnig teljast sjálfsögð gætni, að hún væri dregin upp af varkárni, þannig að ráðstöfunarfé væri ekki ofáætlað.

Með tilliti til þessara atriða var vöxtur þjóðarframleiðslu á tímabilinu áætlaður 4% á ári að meðaltali árin 1963—1966. Var þetta í samræmi við það mark, er aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar höfðu sett sér nokkru áður, fyrir áratuginn 1961—1970, og talið var eðlilegt með hliðsjón af hagþróunarstigi þessara landa. Í reynd hefur meðalvöxtur þjóðarframleiðslu á áætlunartímabilinu orðið 5.3%. Munar því í raun og veru ekki miklu á áætlun og raunverulegri þróun og ekki öllu meira en yfirleitt mun hafa reynzt í nálægum löndum, þar sem hagvöxtur hefur yfirleitt orðið örari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Við þetta bættust hins vegar hér á landi áhrif ört hækkandi útflutningsverðlags. Af þessum sökum reyndist vöxtur raunverulegra þjóðartekna 7% á ári í stað 4% í áætlun, en það er vöxtur þjóðarteknanna, en ekki þjóðarframleiðslunnar, sem ákvarðar upphæð hins raunverulega ráðstöfunarfjár, og ræður þannig mestu um vöxt verðmætaráðstöfunar til neyzlu og fjárfestingar.

Ástæðan fyrir því, að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur uxu meira en gert hafði verið ráð fyrir, var fyrst og fremst vöxtur útflutningsframleiðslunnar. Ox útflutningsframleiðslan um rúmlega 9% á ári til jafnaðar, samanborið við 5%, sem gert var ráð fyrir í áætluninni. Í samræmi við þetta hefur innflutningur vöru og þjónustu einnig aukizt miklu meira en áætlað var. Gert var ráð fyrir, að innflutningur ykist um 6% á ári til jafnaðar, en í raun hefur hann vaxið um 14%. Áætlunin gerði ráð fyrir því, að fjármunamyndun myndi aukast mest allra þátta verðmætaráðstöfunar, eða mun meira en bæði einkaneyzla og samneyzla. Var gert ráð fyrir, að þessi aukning yrði 6% á ári til jafnaðar. Reyndin hefur einnig orðið sú, að það er þessi þáttur verðmætaráðstöfunarinnar, sem mest hefur aukizt. Aukningin hefur hins vegar orðið miklu meiri en gert var ráð fyrir, enda hefur vöxtur þjóðarteknanna gefið til þess nægilegt svigrúm. Hefur aukning fjármunamyndunar reynzt 14.5% á ári að meðaltali. Nánari grein verður gerð hér á eftir fyrir þróun einstakra þátta fjármunamyndunar og samanburði þeirra við áætlunina.

Búizt var við, að á áætlunartímabilinu myndi samneyzla á vegum hins opinbera vaxa örar en svaraði til vaxtar þjóðarframleiðslunnar. Var gert ráð fyrir, að þessi vöxtur væri 5.7% á ári. Stóðu fyrirætlanir um vaxandi þjónustu af hendi hins opinbera, m. a. í sambandi við auknar opinberar framkvæmdir, að baki þessari áætlunargerð. Á þessu hefur ekki orðið breyting í reynd og hefur samneyzla vaxið á tímabilinu um nákvæmlega það, sem áætlunin gerði ráð fyrir. Hins vegar felur þessi þróun það í sér, að opinberir aðilar hafa ekki neytt þess tækifæris, sem aukið ráðstöfunarfé hefur gefið, til þess að auka hlutdeild sína í þjóðartekjunum. Þvert á móti hefur hluti samneyzlunnar farið frekar lækkandi á þessum árum heldur en hitt, þar sem vöxtur hennar hefur verið minni en vöxtur þjóðarteknanna.

Vöxtur einkaneyzlu var áætlaður 3.8% á ári til jafnaðar. Það var m. ö. o. gert ráð fyrir, að einkaneyzla yxi lítið eitt hægar en þjóðarframleiðslan. Fólst í þessu það stefnumið, að hlutdeild fjármunamyndunar og samneyzlu af þjóðarframleiðslunni væri aukin nokkuð á kostnað einkaneyzlunnar. Þar að auki átti enn frekari aukning fjármunamyndunar umfram aukningu þjóðartekna að eiga sér stað á grundvelli aukinnar hagnýtingar erlendra lána. Í reynd hefur aukning einkaneyzlunnar orðið um 6%. Er þetta að sjálfsögðu allmiklu meira en áætlunin gerði ráð fyrir, en jafnframt talsvert minna en svarar til aukningar þjóðartekna.

Staðan út á við hefur þróazt með nokkuð svipuðum hætti og búizt hafði verið við. Gerði áætlunin ráð fyrir, að erlend lán til langs tíma væru hagnýtt í talsverðum mæli og nettóskuldin við útlönd ykist um rúmlega 700 millj. kr. á tímabilinu. Jafnframt var lögð á það áherzla, að nokkur aukning yrði á gjaldeyrisforða, en þó ekki mjög mikil, eða tæplega 400 millj. kr., að því er áætlað var. Verður í þessu sambandi að hafa það hugfast, að um það leyti, sem áætlunin var samin, hafði staða landsins út á við þegar eflzt mikið, og kom það fram í verulegri minnkun nettóskuldarinnar við útlönd á árunum 1961 og 1962 og uppbyggingu gjaldeyrisforða á þessum árum. Reyndin hefur orðið sú, að erlendar lántökur hafa orðið nokkru meiri en áætlunin gerði ráð fyrir. Einnig mun reyndin hafa orðið sú, að þessi lán hafa að nokkru gengið til annarra þarfa en áætlunin gerði ráð fyrir, þ. e. a. s. meira til kaupa fiskiskipa og flutningatækja, en minna til opinberra framkvæmda. Jafnframt hefur gjaldeyrisforðinn hins vegar vaxið meira en áætlunin gerði ráð fyrir, eða um tæpar 800 millj. kr. Nettóskuldin út á við hefur því aukizt nokkuð svipað því, sem áætlunin gerði ráð fyrir, þó ívið meira eða um rúmar 900 millj. kr.

Sé litið á þróunina á tímabilinu í stórum dráttum og hún borin saman við þjóðhags- og framkvæmdaáætlunina, er ljóst, að aðalmunurinn er fólginn í hinni miklu hækkun útflutningsverðlags og þeim áhrifum, sem hún hafði á þjóðartekjur. Aukning þjóðartekna umfram það, sem gert hafði verið ráð fyrir, leiddi svo aftur óhjákvæmilega til aukningar ráðstöfunarfjár. Í þeirri aukningu héldust þó í megindráttum þau hlutföll, sem áætlunin gerði ráð fyrir. Einkaneyzla jókst minna en þjóðartekjur og sömuleyðis samneyzla. Fjármunamyndunin jókst langmest allra ráðstöfunarþátta og miklu meira en þjóðartekjur. Aðstaðan út á við breyttist tiltölulega lítið. Allt var þetta í samræmi við meginstefnu þá, sem fram kom í áætluninni, nema hin tiltölulega litla aukning samneyzlunnar. Eðlilegt er, að

spurt sé, til hvers hin mikla aukning ráðstöfunarfjár umfram það, sem búizt hafði verið við, hafi verið notuð. Ljóst er af því, sem að framan er sagt, hvert svarið við þeirri spurningu er. Aukning ráðstöfunarfjárins gekk að nokkru til aukningar einkaneyzlu, sem þó var tiltölulega hófleg, en að meginhluta var aukningunni varið til aukinnar fjármunamyndunar. Á hinn bóginn gekk aukning ráðstöfunarfjárins hvorki til aukningar samneyzlu né til eflingar stöðu landsins út á við, sem var tiltölulega sterk þegar í upphafi áætlunartímabilsins.

Þegar nú er litið til baka, má sjálfsagt með sanni segja, að æskilegt hefði verið, með tilliti til hugsanlegra erfiðleika síðar meir, að hin mikla aukning ráðstöfunarfjár umfram það, sem búizt hafði verið við, hefði í nokkru minna mæli en raun varð á gengið til aukningar einkaneyzlu og fjármunamyndunar, en í ríkara mæli til að styrkja stöðu landsins út á við með meiri eflingu gjaldeyrisforða og minni aukningu skulda. Að vísu er gjaldeyrisforðinn fullt eins mikill og yfirleitt er talið nauðsynlegt og skuldir landsins sízt miklar samanborið við útflutning og þjóðartekjur. Getan til að mæta erfiðleikunum vex þó að sjálfsögðu í samræmi við það, sem staðan út á við styrkist. Enn þýðingarmeira er þó það, að ef neyzla og fjármunamyndun hefði vaxið minna en raun ber vitni og staðan út á við styrkzt að sama skapi, hefði því jafnframt fylgt, að verð hér á landi hefði hækkað minna en raun varð á og nú verið í meira samræmi við verðlag nágrannalanda en það er. Slík þróun hefði þó því aðeins verið hugsanleg, að gripið hefði verið til miklu strangari fjárhagslegra aðgerða en gert var. Einkum hefði verið óhjákvæmilegt að beina verulegum hluta hinnar miklu aukningar útflutningstekna til sjóðsstofnunar í einni eða annarri mynd, t. d. til sjóðs, er hefði það hlutverk að jafna verðsveiflur útflutningsafurðanna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fyrir aðgerðum af þessu tagi var ekki grundvöllur á þeim tíma, sem til þeirra hefði þurft að grípa. Einnig má á það benda, að slíkar ráðstafanir hefðu að öllum líkindum dregið úr fjármunamyndun í sjávarútvegi, og þá væntanlega ekki sízt í síldveiðum og síldariðnaði, og þar með dregið úr vexti þjóðarframleiðslunnar.

Afleiðing þess, að aukning ráðstöfunarfjár hefur fyrst og fremst beinzt til fjármunamyndunar, er sú, að landið er nú betur búið að hvers konar tækjum og mannvirkjum en það hefur nokkru sinni verið áður og þá ekki sízt að framleiðslutækjum. Þetta skapar óvenju hagstæð skilyrði til að auka þjóðarframleiðslu á ný, þegar frá líður og aðstæður batna á nýjan leik. Það gerir það einnig að verkum, að í mörgum greinum getur fjármunamyndun nú minnkað um skeið eða a. m. k. hætt að vaxa. Að sjálfsögðu hefur ekki öll fjármunamyndun þessara ára verið jafn gagnleg, enda mikil hætta á, að illa undirbúnum framkvæmdum sé hrint fram á verðbólgutímum. Yfirgnæfandi hluti fjármunamyndunar undanfarinna ára í mannvirkjum og tækjum er þó í senn bæði nytsamlegur og varanlegur og mun eiga fyrir höndum að efla framleiðslu þjóðarinnar um langa framtíð.

Hér á eftir mun nú nánari grein gerð fyrir þróun fjármunamyndunar og einstakra þátta hennar á tímabilinu 1963—1966, og þá verður fyrst fjallað um fjármunamyndun almennt og síðan um opinberar framkvæmdir sérstaklega.

Fjármunamyndunin var, eins og áður er sagt, sá þáttur ráðstöfunar þjóðarframleiðslunnar, sem mest jókst á árunum 1963—1966. Nemur þessi aukning um 47% yfir tímabilið allt. Á sama tímabili jukust þjóðartekjurnar um 31%. Þessi aukning fjármunamyndunar hefur dreifzt tiltölulega jafnt um helztu greinar atvinnulífsins, íbúðarhúsabyggingar og opinberar framkvæmdir. Þó var fjárfesting í hvers konar vélum og tækjum sérstaklega mikil og aukning fjárfestingar því mest í þeim atvinnugreinum, sem einkum hagnýta sér slíkar vélar og tæki, þ. e. í fiskveiðum, flutningastarfsemi og byggingastarfsemi. Aukning fjármunamyndunarinnar var mest árið 1963, en á því ári jókst hún um 31%. Á árinu 1964 dró verulega úr aukningunni og var hún 18% það árið. Árið 1965 var síðan lítil sem engin breyting á fjármunamyndun. Stafaði þetta af minnkun skipa- og flugvélakaupa, þar sem á hinn bóginn byggingar og önnur mannvirkjagerð héldu áfram að aukast. Á árinu 1966 hefur þetta breytzt aftur og fjármunamyndun aukizt mikið, eða um 14%. Stóð aukningin ekki sízt í sambandi við kaup fiskiskipa og flutningatækja, auk verulegrar aukningar í fjármunamyndun iðnaðarins.

Sé litið yfir tímabilið 1963—1966 í heild, eru það atvinnuvegirnir, sem hafa forustu í aukningu fjármunamyndunar. Hefur fjármunamyndun á þeirra vegum aukizt um 54% yfir tímabilið allt, samanborið við 46% aukningu íbúðarhúsabygginga og 37% aukningu opinberra framkvæmda. Fjármunamyndunin í landbúnaði minnkaði nokkuð á árinu 1960 frá því, sem verið hafði árið á undan, en hefur síðan vaxið með hverju ári hröðum skrefum. Á árinu 1966 er fjármunamyndun í landbúnaðinum talin hafa verið 635 millj. kr. á verðlagi þess árs og var það að magni til um 50% meira en á árinu 1962. Svipuð niðurstaða um aukninguna fæst, ef áætlunartímabilið 1963—1966 er tekið sem heild. Gert hafði verið ráð fyrir, að fjármunamyndunin í landbúnaði yrði svipuð á þessu tímabili og á árunum 1957—61. Reyndin hefur hins vegar orðið sú, að fjármunamyndunin hefur orðið rúmlega 40% meiri heldur en á þessu tímabili og þá jafnframt mun meiri en þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin gerði ráð fyrir. Hin mikla fjármunamyndun í landbúnaðinum á undanförnum árum hefur gert bændum kleift að halda uppi

framleiðslu og auka hana með minnkandi mannafla og á margvíslegan hátt létta störf þeirra. Það er hins vegar athyglisvert, að samfara þessari miklu fjármunamyndun hefur orðið tiltölulega lítil aukning framleiðslu og virðist fjármunamyndun í landbúnaði á þessu tímabili hafa gefið minna í aðra hönd í aukinni framleiðslu en fjármunamyndun í öðrum höfuðatvinnugreinum. Kemur þar að einhverju leyti til greina óhagstætt árferði. Við þetta bætast svo vaxandi erfiðleikar við að koma í verð þeirri aukningu framleiðslu, sem á sér stað, vegna þess hversu hægt markaðurinn vex fyrir landbúnaðarafurðir innanlands og hversu lágt verð er hægt að fá fyrir þessar afurðir erlendis. Er hér vissulega um mikil og alvarleg viðfangsefni að ræða, sem hljóta að gefa tilefni til gaumgæfilegrar athugunar af hálfu bændasamtaka og ríkisvalds og aðgerða í því skyni að draga úr kostnaði við landbúnaðarframleiðslu og beina henni á sem æskilegastar brautir. Þýðingarmikil skref voru tekin í þessa átt á síðastliðnu ári með aðgerðum bændasamtakanna til að beina landbúnaðarframleiðslunni frá mjólkurafurðum til annarra afurða og með stofnun framleiðnisjóðs landbúnaðarins og jarðakaupasjóðs. Ljóst er hins vegar, að nánari athugunar á þróun landbúnaðarins og stefnunni í landbúnaðarmálum hlýtur að vera þörf á næstu árum.

Fjármunamyndun í fiskveiðum, en þar eru talin kaup og smíði nýrra fiskiskipa og lengingar og endurbyggingar á eldri skipum, hefur breytzt allmjög frá ári til árs á áætlunartímabilinu. Var þessi fjármunamyndun mjög mikil á árunum 1963 og 1964, dróst verulega saman á árinu 1965, en jókst aftur á árinu 1966. Á árinu 1967 mun þessi aukning halda áfram og má gera ráð fyrir, að fjármunamyndun í fiskiskipum verði meiri á þessu ári en á nokkru ári síðan 1960, vegna þess fjölda stórra og vandaðra fiskiskipa, sem nú er í byggingu innanlands og utan og bætast mun við fiskiskipaflotann á árinu.

Sé litið yfir áætlunartímabilið 1963—1966 í heild, var meðalfjármunamyndun í fiskveiðum 324 millj. kr. á ári, reiknað á verðlagi ársins 1966. Var þetta um 19% hærri upphæð en gert hafði verið ráð fyrir í þjóðhags- og framkvæmdaáætluninni og er einnig nokkru hærri tala heldur en meðalfjármunamyndunin varð í fiskveiðunum á árunum 1957—1961, 284 millj. Stendur þetta að sjálfsögðu í sambandi við það, að vegna vaxandi síldveiða hafa fiskveiðarnar orðið meiri þáttur í atvinnulífinu heldur en búizt var við, þegar áætlunin var samin. Fjármunamyndun í fiskiðnaði jókst mjög á árinu 1962 eða um 60% frá meðaltali 5 síðustu ára á undan, 1957—1961. Stóð þessi aukning ekki sízt í sambandi við miklar framkvæmdir í síldariðnaði, er þá hófust. Síðan hefur þessi fjármunamyndun haldizt lítið breytt, nálægt 300 millj. kr. á ári á verðlagi ársins 1966, en hafði verið 197 millj. kr. að meðaltali á árunum 1957—1961, reiknað á sama verðlagi. Þó var árið 1966 enn meiri fjármunamyndun í þessari grein en á undanförnum árum eða 363 millj. kr. Meðaltal fjármunamyndunar í fiskiðnaði fyrir allt tímabilið 1963—1966 er um 27% umfram það, sem þjóðhags- og framkvæmdaáætlun hafði gert ráð fyrir, og stafar þetta að sjálfsögðu af því, að framkvæmdir í síldariðnaði hafa orðið meiri en búizt var við. Í þessari grein er einnig búizt við verulegri fjármunamyndun á árinu 1967, ekki sízt vegna áframhaldandi uppbyggingar síldariðnaðar á Austurlandi, enda þótt einhver samdráttur verði sennilega frá árinu 1966. Hér hlýtur þó að verða um verulega breytt viðhorf að ræða á næstu árum, þar sem uppbyggingu síldariðnaðarins er nú að ljúka og má raunar segja, að sú uppbygging hafi þegar gengið lengra en eðlilegt og heilbrigt geti talizt. Ekki mun heldur þörf fyrir nýbyggingar í hraðfrystiiðnaðinum. Aftur á móti er mikil þörf á lagfæringum í uppbyggingu þess iðnaðar, eins og nú hefur mjög komizt á dagskrá í sambandi við þá alvarlegu erfiðleika, sem hann á að mæta vegna verðfalls á erlendum mörkuðum. Þessar lagfæringar munu að sjálfsögðu krefjast nokkurrar fjárfestingar, en ekki er hægt að gera ráð fyrir, að þar sé um verulegar upphæðir að ræða.

Fjármunamyndun í öðrum iðnaði en vinnslu sjávarafurða hefur aukizt mikið á tímabilinu 1963—1966. Hófst sú aukning 1963, þegar fjármunamyndunin jókst um nálega 50% á einu ári. Síðan hefur þessi vöxtur haldið áfram og var einkum mikill á árinu 1966, þegar fjármunamyndun í þessum iðnaði náði 547 millj. kr. á verðlagi þess árs eða um helmingi hærri upphæð heldur en meðaltal fjármunamyndunar í þessari grein var á árunum 1957—1961. Aukningin á árinu 1966 stóð að verulegu leyti í sambandi við framkvæmdir í dráttarbrautum og skipasmíðastöðvum og framkvæmdum við Kísiliðjuna. Meðalfjármunamyndun á ári á áætlunartímabilinu 1963—1966 hefur í þessum iðnaði reynzt 440 millj. kr. á verðlagi ársins 1966, samanborið við 282 millj. kr., sem ráð var fyrir gert í þjóðhags- og framkvæmdaáætluninni, og 264 millj. kr. raunverulega fjármunamyndun á árunum 1957—1961. Hefur því fjármunamyndun í þessari grein farið um 56% fram úr áætlun. Stendur þetta að talsverðu leyti í sambandi við framkvæmdir í dráttarbrautum og skipasmíðastöðvum, sem hafa orðið meiri en upphaflega var gert ráð fyrir, og í framkvæmdum Kísiliðjunnar. Það skiptir þó einnig verulegu máli, að aðrar framkvæmdir í iðnaði, ekki sízt bygging iðnaðarhúsnæðis, hafa reynzt meiri en búizt var við. Gert er ráð fyrir mikilli aukningu fjármunamyndunar í þessari grein á árinu 1967, vegna byggingar álbræðslunnar í Straumsvík, en fjármunamyndun í henni er áætluð 300 millj. kr. á árinu. Búizt er við, að fjármunamyndunin muni að öðru leyti lítið breytast frá hinni háu

upphæð ársins 1966. Eins og á því ári munu framkvæmdir Kísiliðjunnar, dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar verða drjúgur þáttur framkvæmda í þessari grein á árinu 1967. Þó er gert ráð fyrir, að aðrar framkvæmdir, og þó einkum bygging iðnaðarhúsnæðis, muni enn verða miklar, enda þótt sennilega muni frekar draga úr þeim heldur en hitt. Fjármunamyndun í flutningatækjum hefur verið mjög mikil á tímabilinu 1963—1966 eða meira en helmingi meiri en hún var á árunum 1957—1961 og álíka miklu meiri en þjóðhags- og framkvæmdaáætlun gerði ráð fyrir. Stafar þetta fyrst og fremst af miklum flugvélakaupum Loftleiða og Flugfélags Íslands. Á árinu 1967 má gera ráð fyrir, að fjármunamyndun í þessum flokki muni minnka lítils háttar vegna minnkandi kaupa atvinnubifreiða, sem hafa verið mjög mikil á undanförnum árum. Hins vegar minnkar fjármunamyndun í flugvélum ekki, vegna komu hinnar nýju þotu Flugfélags Íslands.

Alkunnugt er, að fjármunamyndun í flokknum verzlunar-, veitinga-, skrifstofuhúsnæði o. þ. h. jókst mjög mikið á árunum eftir 1960, þegar byggingar af þessu tagi voru gefnar frjálsar. En þeim hafði áður verið haldið niðri með beitingu fjárfestingarhafta. Í þessum flokki eru, auk húsnæðis fyrir verzlun, veitinga- og gistihúsarekstur, skrifstofuhúsnæði annarra atvinnugreina, leiguhúsnæði opinberra stofnana og húsnæði fyrir ýmsa þjónustustarfsemi, þ. á m. allt húsnæði bankanna. Sérstaklega er þýðingarmikið að benda á, að í þessum flokki eru talin gistihús, en mikið hefur kveðið að byggingu þeirra á undanförnum árum. Enn fremur eru hér taldir olíugeymar. Eftir að mikil aukning fjármunamyndunar hafði orðið í þessari grein á árunum eftir 1960, dró úr þessum byggingum á árinu 1964. Þær jukust á nýjan leik á árunum 1965—1966 og stafaði það af byggingu Loftleiðahótelsins í Reykjavík og byggingu olíustöðva á Seyðisfirði og í Reykjavík. Á árinu 1967 mun væntanlega draga úr þessari fjármunamyndun, þar sem áðurnefndum framkvæmdum er nú lokið. Á áætlunartímabilinu 1963—1966 hefur fjármunamyndun í þessari grein orðið um það bil helmingi meiri en hún var á árunum 1957—1961 og jafnframt því sem næst helmingi meiri en þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin hafði gert ráð fyrir. Stafar þetta bæði af þeim einstöku meiri háttar framkvæmdum, sem áður er getið, og af því, að hinn mikli vöxtur efnahagslífsins á þessum árum hefur haft örvandi áhrif á þessar framkvæmdir.

Mikið orð er stundum gert á fjármunamyndun í þessari grein. Í því sambandi er vert að hafa í huga, að byggingar af þessu tagi fullnægja þýðingarmikilli þjónustustarfsemi fyrir allar atvinnugreinar og eru þýðingarmikið skilyrði fyrir auknum framleiðsluafköstum og bættri þjónustu fyrir almenning yfirleitt. Hér er einnig um mjög blandaðan flokk að ræða, þar sem talin eru bæði verzlunarhús, skrifstofuhús, gistihús og olíustöðvar. Aukning í flokknum á iðulega rót sína að rekja til aðeins einnar eða tveggja þessara tegunda eða jafnvel til einstakra meiri háttar framkvæmda. Loks má á það benda, að fjármunamyndun í þessum flokki er tiltölulega lítill hluti af allri fjármunamyndun í landinu eða aðeins rúm 5%.

Enn einn flokkur fjármunamyndunar er talinn til atvinnuveganna, en það eru ýmsar vélar og tæki. Í þeim flokki eru hvers konar vinnuvélar. Fjármunamyndun í þessum flokki tók mikið stökk á árinu 1963, tvöfaldaðist frá því, er verið hafði árin á undan, og náði um 200 millj. kr. upphæð, miðað við verðlag ársins 1966. Um þetta bil hefur hún svo haldizt fram til 1966, en þá jókst hún enn mikið eða upp í 285 millj. kr., og er ekki gert ráð fyrir neinni teljandi breytingu frá þessu á árinu 1967. Sé litið á tímabilið 1963—1966 sem heild, hefur fjármunamyndun í þessum flokki orðið allmiklu meiri en þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin gerði ráð fyrir, enda þótt í þeirri áætlun hafi verið búizt við verulegri aukningu frá því, sem verið hafði árin á undan. Fjármunamyndun í íbúðarhúsum hefur aukizt jafnt og þétt á undanförnum árum. Á árinu 1962 var hún rúml. 1000 millj. kr., miðað við verðlag ársins 1966, og var það nokkru lægri tala en meðaltal áranna 1957—1961. Á árinu 1963 komst fjármunamyndunin upp fyrir 1300 millj. kr. og á árunum 1964—1965 var hún nálega 1500 millj. kr. Á s. l. ári varð svo enn mikil aukning eða upp í 1700 millj. kr. og er gert ráð fyrir, að þessi aukning muni halda áfram á árinu 1967. Eru það ekki sízt framkvæmdir í sambandi við byggingaráætlun ríkisins, sem hafa haft áhrif til aukningar á árinu 1966 og 1967.

Í sambandi við undirbúning þjóðhags- og framkvæmdaáætlunarinnar fyrir árin 1963—1966 var gerð athugun á íbúðaþörf á tímabilinu og var áætlun um nauðsynlegar framkvæmdir við íbúðabyggingar á þessum árum miðuð við þá þörf. Var reiknað með framkvæmdum, sem samsvöruðu 1300 fullgerðum íbúðum árið 1963 og 1500 fullgerðum íbúðum til jafnaðar á ári 1964—1966 eða alls framkvæmdum, er samsvöruðu 5800 fullgerðum íbúðum á öllu tímabilinu. Samkv. því, sem nú liggur fyrir, hafa fullgerðar íbúðir árið 1963 reynzt 1303, en 1510 að meðaltali árin 1964—1966 eða alls á öllu tímabilinu 5832. Aftur á móti hafa heildarframkvæmdir við íbúðabyggingar reynzt nokkru meiri en sem svarar fullgerðum íbúðum, þar eð magn þeirra íbúða, sem í byggingu eru, hefur aukizt nokkuð á tímabilinu. Séu heildarframkvæmdirnar umreiknaðar í fullgerðar íbúðir, reynast þær samsvara 6270 íbúðum og er þetta 8% hærri tala en áætlunin gerði ráð fyrir. Þar við bætist, að þær íbúðir, sem byggðar hafa verið á tíma-

bilinu, eru að meðaltali nokkru stærri og vandaðri en ráð hafði verið fyrir gert og áður tíðkaðist. Verður því aukning fjármunamyndunarinnar sjálfrar enn meiri en þetta eða um 20% meiri en áætlunin gerði ráð fyrir.

Efnahagsstofnunin hefur nýlega lokið við að gera áætlun um íbúðaþörfina á árunum 1967—1971. Hefur stofnunin gert ráð fyrir tveimur mismunandi tilvikum í þessu sambandi. Í báðum tilvikunum er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að íbúðabyggingar samsvari að fullu aukinni fjölskyldumyndun. Í fyrra tilvikinu er síðan gert ráð fyrir, að hlutfall þeirra einhleypinga, sem geta ráðið yfir íbúð, en það er hentugasti mælikvarðinn á batnandi húsnæðisástandi, geti aukizt jafnmikið á árunum 1960—1966 eða um 1.3% á ári. Í síðara tilvikinu gerir stofnunin ráð fyrir, að hækkun þessa hlutfalls verði heldur minni á næstu 5 árum heldur en árunum 1960—1966 eða 1%. Bendir stofnunin á, að eðlilegt sé að reikna með hægari vexti hlutfallsins, þegar það sé orðið tiltölulega hátt, heldur en meðan það sé lægra. Enn fremur mun einhleypingum á aldrinum 30—50 ára fækka á þessum árum, en gera má ráð fyrir, að það séu fyrst og fremst þeir, en ekki yngri og eldri einhleypingar, sem vilja eignast eða leigja íbúðir. Mismunur þessara tilvika er um 100 íbúðir á ári. Miðað við fyrra og hærra tilvikið í áætlun Efnahagsstofnunarinnar er þörf 1600 íbúða árið 1967, 1700 íbúða hvort áranna 1968 og 1969 og 1800 hvort áranna 1970 og 1971. Í reynd var fjármunamyndun í íbúðabyggingum á árinu 1966 talin jafngilda 1750 íbúðum, en tala fullgerðra íbúða á árinu var litið eitt lægri en þetta eða 1680. Gert er ráð fyrir, að fjármunamyndun í íbúðum á árinu 1967 muni samsvara um 1850 íbúðum. Tala þeirra íbúða, sem raunverulega verða fullgerðar á árinu, er meiri óvissu undirorpin, en búast má við, að hún verði litið eitt lægri en þetta. Íbúðarbyggingar á árunum 1966—1967 hafa því verið talsvert umfram þær þarfir, sem Efnahagsstofnunin hefur reiknað með á þessum árum, og lætur nærri, að þær hafi samsvarað þeim þörfum, sem gert er ráð fyrir á árunum 1970—1971. Fjármunamyndun í mannvirkjum og byggingum hins opinbera hefur eins og áður er getið aukizt um 37% yfir áætlunartímabilið. Hér er um miklu meiri samsvörun að ræða við hina upphaflegu þjóðhags- og framkvæmdaáætlun heldur en í hinum tveimur flokkunum, þ. e. atvinnuvegunum og íbúðabyggingum. Í heild vantar 4.5% á, að áætlunarupphæðinni hafi verið náð, en hún var um 1 milljarður 760 millj. kr. að meðaltali á ári á verðlagi ársins 1966, þar sem raunveruleg fjármunamyndun reyndist 1680 millj. kr. að meðaltali á ári. Þessi mismunur stafar þó eingöngu af því, að Búrfellsvirkjun er einu ári síðar á ferðinni en reiknað var með, þannig að meginframkvæmdir við hana falla á árin 1967—1968 í stað áranna 1966—1967, eins og upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Sé litið á aðrar framkvæmdir en rafvirkjanir og rafveitur, kemur í ljós, að fjármunamyndunin er um 20% meiri en áætlunin gerði ráð fyrir.

Fjármunamyndun í mannvirkjum og byggingum hins opinbera jókst mjög á árinu 1963 miðað við árið 1962. Síðan hefur orðið stöðug, en þó hægari aukning. Var hún 17% á árinu 1963, 13% 1964, 8% 1965 og 7% samkv. bráðabirgðayfirliti fyrir 1966. Eins og grein verður gerð fyrir hér á eftir, er gert ráð fyrir, að þessi aukning haldi áfam á árinu 1967, jafnvel þótt ekki sé tekið tillit til framkvæmda við Búrfell og í Straumsvík. Hér á eftir verður nánar fjallað um þennan þátt fjármunamyndunarinnar í einstökum atriðum.

Fjármunamyndun opinberra aðila 1963—1966 fól að verulegu leyti í sér ákveðnar fyrirætlanir um framkvæmdir í sambandi við hina upphaflegu þjóðhags- og framkvæmdaáætlun þessa tímabils. Eins og áður var greint, hafa framkvæmdir í þessum flokki einnig haldizt í tiltölulega náinni samsvörun við hina upphaflegu áætlun að öðru leyti en því, að framkvæmdir við Búrfell eru um 1 ári síðar á ferðinni en upphaflega var gert ráð fyrir. Þetta þýðir aftur á móti, að þáttur opinberra framkvæmda í þjóðarbúskapnum í heild hefur orðið hlutfallslega minni en hin upphaflega þjóðhags- og framkvæmdaáætlun frá árinu 1963 gerði ráð fyrir. Er þetta eðlileg afleiðing þeirra breyttu viðhorfa, sem sköpuðust á tímabilinu. Í fyrsta lagi urðu hinar auknu síldveiðar tilefni mjög aukinnar fjárfestingar í bæði veiðiskipum og verksmiðjum og sköpuðu þar að auki nauðsyn á öðrum atvinnuframkvæmdum í ríkara mæli en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Þá var með júní-samkomulaginu 1964 og enn frekar með júní-samkomulaginu 1965 tekin sú stefna að stuðla sérstaklega að aukningu íbúðarhúsabygginga jafnframt því, sem stefnt var að sem mestri aukningu raunverulegra tekna launþega. Af þessum sökum gat hið opinbera ekki nema að tiltölulega litlu leyti notað það aukna svigrúm, sem hinn mikli vöxtur þjóðartekna gaf tilefni til, til aukningar opinberra framkvæmda, heldur var nauðsynlegt, að aðrir ráðstöfunarþættir sætu í fyrirrúmi. Vegna almennrar þenslu í efnahagslífinu varð ríkisvaldið einkum að beita ströngu aðhaldi að eigin framkvæmdum og þeim öðrum framkvæmdum, er það hafði mest áhrif á. Eigi að síður hefur orðið mikil og almenn aukning opinberra framkvæmda á þessu tímabili, eins og hin upphaflega þjóðhags- og framkvæmdaáætlun einnig gerði ráð fyrir. Aukning fjármunamyndunar hefur orðið nokkuð svipuð í öllum meginflokkum framkvæmda hins opinbera, séu raforkuframkvæmdirnar undanteknar. Samgöngumannvirki hafa aukizt um 50% 1962—1966, byggingar hins opinbera um 60%, en hitaveitu- og vatnsveitufamkvæmdir hafa aukizt nokkru meira eða um 74%. Á hinn bóginn hefur orðið miklu meiri munur á aukningu hinna ýmsu undirgreina samgöngumannvirkja

og opinberra bygginga. Á samgöngumannvirkjum var mest aukning í gerð gatna og holræsa, sem gerðu talsvert betur en tvöfaldast að magni yfir tímabilið 1963—1966. Svipuð hlutfallsleg aukning varð í flugvallargerð, en þar höfðu framkvæmdir verið mjög litlar áður. Í höfnum og vitum hefur aukningin verið tæp 60%. Aftur á móti hefur lítil aukning orðið í vegagerð og í framkvæmdum pósts og síma, útvarps og sjónvarps milli áranna 1962—1966. Hefur þetta sínar sérstöku skýringar.

Framkvæmdir í vegagerð jukust mjög mikið á árunum 1963—1964 og náðu hámarki á árinu 1965. Var lagning Reykjanesbrautar til Keflavíkur veigamikill þáttur í þessari aukningu og enn fremur lagning Siglufjarðarvegar og Múlavegar. Þegar hins vegar lagningu Reykjanesbrautar lauk á árinu 1965, var ekki fyrir hendi fjárhagslegur grundvöllur til að hefja nýjar meiri háttar framkvæmdir, enda um miklar skuldagreiðslur að ræða frá byggingu þeirrar brautar. Urðu vegaframkvæmdir á árinu 1966 því mun minni en á árunum á undan og ekki öllu meiri en þær höfðu verið á árinu 1962. Þetta mun aftur breytast á árinu 1967, eins og vikið verður að hér á eftir.

Framkvæmdir pósts, síma og útvarps hafa verið mjög miklar um árabil, þar sem saman hafa farið miklar kerfisaukningar, endurnýjanir og framkvæmdir til að koma á sjálfvirkni símans. Voru þessar framkvæmdir á árinu 1962 þegar um helmingi meiri heldur en þær höfðu verið á árunum 1957—1961. Aftur á móti varð ekki frekari aukning á þessum framkvæmdum á árunum eftir 1962 fyrr en á s. l. ári, þegar framkvæmdir sjónvarpsins komu til sögunnar auk nokkuð aukinna framkvæmda við símann. Urðu framkvæmdir á árinu 1966 við póst, síma, útvarp og sjónvarp um 150 millj. kr., samanborið við 93 millj. kr. á árinu 1965, hvort tveggja miðað við verðlag ársins 1966.

Að því er snertir byggingar hins opinbera, hefur aukning orðið mest í sjúkrahúsum. Á hinn bóginn eru skólar stærsti flokkurinn í þessum byggingum og svara til nærfellt helmings hans. Byggingar skóla tóku mikið stökk á árunum upp úr 1960 og voru á árinu 1962 orðnar 50% meiri að magni til en að meðaltali á árunum 1957—1961. Síðan varð ný og mikil aukning í byggingum skóla á árinu 1964 og enn aftur á árinu 1966. Á því ári námu skólabyggingar um 240 millj. kr. á verðlagi þess árs og var þetta um helmingi hærri upphæð, reiknað á föstu verðlagi, en meðaltal áranna 1957—1961. Gert er ráð fyrir nokkurri áframhaldandi aukningu á árinu 1967. Sjúkrahúsabyggingar jukust sérstaklega mikið á árinu 1964, þegar fjármunamyndun í þeim tvöfaldaðist um það bil frá því, sem verið hafði á árunum 1962—1963, en það var svipuð upphæð og á árunum 1957—1961. Á árinu 1966 jókst fjármunamyndun í sjúkrahúsum nokkuð til viðbótar og gert er ráð fyrir, að svo verði enn á árinu 1967. Þrátt fyrir þessa aukningu vantar verulega á, að hægt hafi verið að ljúka þeim miklu framkvæmdum, sem hér eru á döfinni, viðbyggingu við Landsspítalann og byggingu Borgarsjúkrahússins í Reykjavík. Aðrar opinberar byggingar, en í þeim flokki eru fyrst og fremst skrifstofubyggingar og enn fremur ýmsar tegundir af opinberum byggingum, sem ekki falla undir hina flokkana, þ. á m. kirkjur, stóðu nokkurn veginn í stað frá árunum 1957—1961 og allar götur fram til 1965. Á því ári varð hins vegar mikil aukning í þessum byggingum, aðallega vegna ýmissa bygginga Reykjavíkurborgar. Nokkur aukning hefur haldið áfram síðan og urðu þessar byggingar 136 millj. kr. á árinu 1966, samanborið við 120 millj. kr. árið 1965 og um 70 millj. kr. árið þar á undan, allt reiknað á verðlagi ársins 1966. Gert er ráð fyrir, að á árinu 1967 muni þessar byggingar enn aukast.

Þegar litið er yfir opinberar framkvæmdir í heild og þær bornar saman við þjóðhags- og framkvæmdaáætlunina, kemur í ljós, að í flestum flokkanna hafa framkvæmdir mjög fylgt hinni upphaflegu áætlun. Þetta gildir um vegi og brýr, hafnir og vita, flugvelli, skóla og íþróttamannvirki og aðrar opinberar byggingar. Framkvæmdir pósts, síma, útvarps og sjónvarps hafa farið lítillega fram úr áætlun og er það vegna sjónvarpsframkvæmdanna. Veruleg frávik frá áætluninni hafa orðið í þremur flokkum. Þessir flokkar eru götur og holræsi, þar sem framkvæmdir fóru 79% fram úr áætlun, hitaveitu- og vatnsveitufram kvæmdir, sem fóru 66% fram úr áætlun, og sjúkrahús, sem fóru 39% fram úr áætlun. Það er athyglisvert, að það eru þeir flokkar, þar sem framkvæmdir eru að heita má algerlega á vegum sveitarfélaganna, sem mest hafa aukizt og mest hafa farið fram úr því, sem þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin gerði ráð fyrir. Vegna seinkunar á Búrfellsvirkjun hafa heildarframkvæmdirnar hins vegar ekki farið eins mikið fram úr áætlun og þessi vöxtur í sveitarfélagaframkvæmdum annars hefði gefið tilefni til. Í skýrslu þeirri, er ég gaf um framkvæmda- og fjáröflunaráætlunina á s. l. ári, gerði ég grein fyrir skiptingu opinberra framkvæmda og aukningu þeirra framkvæmda eftir því, hvort sveitarfélög eða ríki stóðu að framkvæmdunum eða báðir þessir aðilar í sameiningu. Voru tölur þær, er ég greindi frá, miðaðar við bráðabirgðaniðurstöður fyrir árið 1965. Því miður eru tölur um þetta efni ekki enn handbærar fyrir árið 1966, en hins vegar endanlegar tölur fyrir árið 1965, og er því rétt að rifja upp þennan samanburð í aðalatriðum.

Á árunum 1962—1965 jókst magn allra opinberra framkvæmda um 45%. Innan þessara framkvæmda voru það hins vegar þær framkvæmdir, sem sveitarfélögin ein stóðu að, sem jukust langmest. Tvöfölduðust þær um það bil að magni eða jukust um 103%. Framkvæmdir þær, sem ríkið eitt stendur að, jukust aftur tiltölulega lítið eða um 13%. Sameiginlegar fram-

kvæmdir ríkis og sveitarfélaga jukust um 55%. Framkvæmdir þær, sem sveitarfélögin ein standa að, eru nú orðnar veigameiri í opinberum framkvæmdum en framkvæmdir ríkisins sjálfs. Framkvæmdir sveitarfélaganna einna ásamt sameiginlegum framkvæmdum þeirra og ríkisins eða m. ö. o. þær framkvæmdir, sem sveitarfélögin eru beint frumkvæðis- og ábyrgðaraðilar að, eru nú orðnar 70% allra opinberra framkvæmda í stað innan við 50% fyrir nokkrum árum síðan. Það er að nokkru leyti fyrirkomulagsatriði, hvort ríki eða sveitarfélög eigi að sinna tilteknum tegundum framkvæmda og jafnan matsatriði, hvort brýnna sé að sinna þeim þörfum, sem sveitarfélög annast, eða þeim, sem ríkið sér fyrir. Hitt er augljóst, að hin mikla og vaxandi þýðing sveitarfélaganna í opinberum framkvæmdum hér á landi hlýtur að skapa sérstök vandamál í sambandi við stjórn efnahagsmála yfirleitt, í sambandi við áætlunargerð um opinberar framkvæmdir og í sambandi við undirbúning og tilhögun opinberra framkvæmda og fjáröflun til þeirra. Er óhjákvæmilegt að gefa þessum atriðum mikinn gaum á næstu árum í ljósi þeirrar þróunar, sem hér hefur verið lýst.

Að loknu þessu yfirliti um tímabilið 1963—1966 mun ég nú víkja nánar að þróun efnahagsmála á árinu 1966.

Á árinu 1966 áttu sér stað mikil umskipti í þróun efnahagsmála. Áttu þau upptök sín í útflutningsframleiðslu og afurðaverði á erlendum mörkuðum, þ. e. a. s. einmitt þeim greinum, sem höfðu verið aðaldriffjöðrin í hinum öra hagvexti undanfarandi ára. Útflutningsframleiðslan stóð að heita mátti í stað á árinu, bæði að magni og verðmæti. Að vísu jókst fiskaflinn í heild lítils háttar og varð um 1240 þús. tonn eða 3.5% meiri en árið áður. Aukningin kom hins vegar fram í verðminnsta hluta aflans, loðnunni, sem jókst um 75 þús. tonn. Þorskaflinn minnkaði um 46 þús. tonn og síldaraflinn var óbreyttur frá árinu áður. Þrátt fyrir verðlækkun freðfisks frá miðju ári reyndist meðalverð hans yfir árið um 7% hærra en árið áður. Bræðslusíldarafurðir skiluðu aftur á móti 8% lægra meðalverði. Var því meðalverð útflutningsafurða óbreytt. Ekki er talið, að nein aukning hafi orðið á landbúnaðarframleiðslu. Á hinn bóginn varð áframhaldandi aukning í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og byggðist aukning þjóðarframleiðslu á að heita mátti eingöngu á þessu.

Talið er samkv. bráðabirgðatölum, að þjóðarframleiðslan hafi aukizt um 3.5%. Þar sem teljandi breytingar urðu hvorki á meðalverðlagi útflutnings né innflutnings, óx magn þjóðartekna jafnmikið og magn þjóðarframleiðslu. Er hér um að ræða mikla breytingu frá þróun undanfarinna ára. Aukning þjóðarframleiðslu á árinu 1965 var 5% og þjóðartekna um 9%, en yfir fjögurra ára tímabilið 1962—1965 var meðalvöxtur þjóðarframleiðslu rúmlega 6% á ári, en þjóðartekna rúmlega 8%. Sé samanburður gerður við framleiðslu og tekjur á mann, verða þó viðbrigðin enn þá meiri. Þannig varð aukning þjóðartekna á mann aðeins um 2% á árinu 1966 samanborið við meira en 6% að jafnaði næstu fjögur ár á undan.

Enda þótt svo mjög dragi úr vexti þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á árinu 1966, varð ekki á því ári sams konar breyting á ráðstöfun þessara verðmæta til neyzlu og fjármunamyndunar. Þvert á móti héldu bæði neyzla og fjármunamyndun áfram að aukast með svipuðum hraða og á undanförnum árum. Er þetta í sjálfu sér ekki óeðlileg þróun, þegar snögg umskipti verða, auk þess, sem hin mikla tekjuaukning á árinu 1965 kom að miklu leyti fyrst fram seint á því ári og fór því ekki að hafa veruleg áhrif á neyzlu og fjármunamyndun fyrr en komið var fram á árið 1966. Breytingin frá árinu 1965 varð því meiri sem neyzla hafði vaxið tiltölulega hægt á því ári og fjármunamyndun að mestu staðið í stað. Hafði hér gætt áhrifa frá þeim stöðugleika í verðlagi og kauplagi, sem náðst hafði síðari hluta árs 1964. Fjármunamyndunin tók nú nýjan kipp og jókst um 14% 1966 eða mjög svipað því, sem hún hafði gert á hinu öra vaxtarskeiði næstu fjögur ár á undan. Einkaneyzlan jókst um 8—9%, en hafði ekki aukizt nema um tæp 5% árið áður, og er hún 6% að meðaltali síðustu fjögur árin á undan. Með einkaneyzlunni eru talin kaup einkabifreiða og annarra varanlegra muna til einkanota, svo sem húsbúnaðar og heimilistækja, en kaup af þessu tagi voru sérstaklega mikil á s. l. ári, svo sem oft vill verða í kjölfar mikillar tekjuaukningar. Aukning samneyzlu var hins vegar svipuð og áður. Jókst hún um tæp 5% á síðasta ári eða heldur minna en hún hafði gert árið áður og á umliðnum fjórum árum að meðaltali, en það var rúml. 6%.

Hin mikla aukning fjármunamyndunar og einkaneyzlu á árinu 1966 leiddi til mikillar aukningar innflutnings og var sú aukning mun örari en næstu tvö ár á undan. Heildarinnflutningur vöru og þjónustu jókst um rúmlega 16% og er það ívið meira en meðalaukning áranna 1962—1965. Einkum var áberandi mikil aukning í innflutningi hvers konar véla og tækja og því næst annarra fullunninna vara. Aukning vöruinnflutnings varð mest á fyrsta ársfjórðungi, 31% miðað við sama tíma árið áður. Smátt og smátt tók þó að hægja á þessari aukningu og var innflutningur síðasta ársfjórðungs 7% hærri en samsvarandi ársfjórðungs árið 1965.

Hin mikla aukning ráðstöfunar til einkaneyzlu og fjármunamyndunar samfara litlum vexti þjóðarframleiðslu og þjóðartekna gerði það að sjálfsögðu að verkum, að viðskiptajöfnuður breyttist mjög til hins verra. Á árinu 1965 hafði viðskiptajöfnuðurinn verið hagstæður um 214 millj. kr., en á árinu 1966 reyndist hann óhagstæður um 350 millj. kr. Umskiptin

til óhagstæðari greiðslujafnaðar námu því alls 564 millj. kr. Gjaldeyrisstaðan breyttist hins vegar ekki, þar sem hagnýting erlendra lána umfram afborganir slíkra lána svaraði nokkurn veginn til hallans á greiðslujöfnuðinum. Var gjaldeyrisstaðan í árslok 1915 millj. kr., en hafði verið 1912 millj. kr. í upphafi ársins. Afkoma þjóðarbúsins út á við reyndist því þrátt fyrir allt ekki mjög óhagstæð á árinu 1966. Hallinn á viðskiptajöfnuði var að vísu nokkur, en ekki meiri en svo, að hann var veginn upp með erlendum lántökum, sem ekki gátu talizt óeðlilega miklar. Það, sem skiptir mestu máli, er hins vegar hin mikla breyting frá sérstaklega hagstæðri afkomu ársins 1965 og þess tímabils yfirleitt, sem á undan var gengið. Í viðbót við þetta kemur svo, að áhrif þeirra breytinga á efnahagsmálum, sem urðu á árinu 1966, voru ekki að fullu komin fram á því ári. Getur því ekki hjá því farið, svo framarlega sem veruleg breyting verður ekki til batnaðar á útflutningsverði, en á því eru ekki horfur sem stendur, að afkoma út á við verði enn örðugri á yfirstandandi ári en hún var 1966.

Ekki liggja fyrir talnalegar upplýsingar um jafnvægið á vinnumarkaðinum innanlands og áhrif aukinnar neyzlu og fjármunamyndunar á það jafnvægi á sama hátt og upplýsingar liggja fyrir um áhrifin á stöðuna út á við. Alkunnugt er, að hér á landi hefur um langt árabil ríkt of mikil eftirspurn eftir vinnuafli, er leitt hefur til óhóflega langs vinnutíma og tilhneigingar til verðþenslu. Samkv. skýrslu vinnutímanefndar og kjararannsóknarnefndar lengdist vinnutími verulega á milli áranna 1961—1963, stóð í stað á árinu 1964 og styttist lítið eitt á árinu 1965, en þó ekki nálægt því eins mikið og stytting dagvinnutímans samkv. samningum hefði átt að leiða af sér. Heimildir liggja ekki enn fyrir um lengd vinnutímans árið 1966, en tiltæk vitneskja bendir til þess, að eftirspurn eftir vinnuafli hafi farið vaxandi síðari hluta árs 1965 og fyrri hluta árs 1966, miðað við sama tíma árið á undan. Þegar kom fram yfir mitt ár 1966, gætti þó hjöðnunar í vaxandi mæli, sem hefur reynzt allveruleg í sumum greinum, svo sem í járniðnaði, vinnu verkakvenna og jafnvel að einhverju leyti byggingarstarfsemi. Óhagstætt tíðarfar og treg aflabrögð á þessum vetri hafa hér haft veruleg áhrif, en auk þess kemur hér til greina breyting eiginlegrar eftirspurnar, sem stendur í sambandi við almenna þróun efnahagsmála og þá einkum verðstöðvunina og vaxandi aðhald í peningamálum.

Allar áætlanir um opinberar framkvæmdir og fjáröflun á árinu 1967 verða að sjálfsögðu að miðast við þau nýju viðhorf í efnahagsmálum, sem nú hafa skapazt. Ekki er lengur um að ræða þann öra vöxt þjóðarframleiðslu og þjóðartekna, sem staðið hefur um allmargra ára skeið. Áhrifa verðfalls útflutningsafurða mun á þessu ári gæta að fullu og litlar horfur eru á, að það muni aftur snúast til hækkunar á árinu. Þær þjóðartekjur, sem til ráðstöfunar verða, munu því frekar verða minni heldur en meiri á árinu 1967 en þær voru á árinu 1966. Sá mikli vöxtur neyzlu og fjármunamyndunar, sem enn setti svip sinn á árið 1966, hvorki má né getur haldizt. Sú breyting mun að nokkru eiga sér stað sem afleiðing þess, að tekið hefur fyrir vöxt þjóðartekna og sem afleiðing þeirrar verðstöðvunarstefnu, sem fylgt hefur verið. Þýðingarmikið er, að aðgerðir opinberra aðila í peninga- og fjármálum, svo og sú stefna, sem tekin er varðandi opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra, styðji þá myndun nýs jafnvægis, sem þannig er að skapast, án þess þó að beinlínis leiði til rýrnunar atvinnu eða til stöðvunar þýðingarmikilla framkvæmda. Hér er vandratað meðalhófið. Hefur ríkisstj. verið sérstaklega mikill vandi á höndum, annars vegar vegna þeirra þungu fjárhagslegu byrða, sem verðstöðvunin hefur lagt á ríkissjóð, -- hins vegar vegna þeirra brýnu þarfa og eindregnu óska, sem eru um aukningu opinberra framkvæmda í hartnær öllum greinum og um aukin framlög til fjárfestingarlánasjóða.

Á þessu ári og því næsta mun áhrifa framkvæmdanna við Búrfell og Straumsvík á efnahagslíf landsins gæta mest. Á það var rækilega bent í sambandi við afgreiðslu þessara mála á Alþ. á s. l. ári og í skýrslu þeirri, er ég gaf um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1966, hversu þýðingarmikið það væri, að fulls aðhalds væri gætt í öðrum opinberum framkvæmdum, meðan þessar framkvæmdir stæðu sem hæst. Komu þær skoðanir mjög í ljós í umr. hér á Alþ. á s. l. ári, að óheppilegt væri, að þessar framkvæmdir ættu sér stað einmitt á þeim tíma, sem atvinnulífið væri að öðru leyti í örum vexti og mikillar þenslu gætti í efnahagslífinu yfirleitt. Nú hefur reyndin orðið sú, að þessar framkvæmdir fara fram við aðstæður, sem eru að verulegu leyti aðrar en búizt var við fyrir ári síðan. Fjáröflun til framkvæmdanna við Búrfell og Straumsvík er, eins og kunnugt er, þegar tryggð og er að mestu af erlendum uppruna. Má því hiklaust telja, að við ríkjandi aðstæður styrki þessar framkvæmdir efnahagslífið og dragi úr því áfalli, sem landið hefur orðið fyrir vegna hins erlenda verðfalls. Hefur því reyndin miklu fremur orðið sú, að þessar framkvæmdir hafi komið á heppilegum tíma en óheppilegum, eins og almennt var óttazt fyrir ári síðan. Eigi að síður er þýðingarmikið, að tillit sé tekið til áhrifa þessara framkvæmda í sambandi við allar ákvarðanir og opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra á þessu og næsta ári. Þau viðhorf, sem hér að framan hefur verið lýst, mótuðu hin almennu sjónarmið í sambandi við opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra og til fjárfestingarlánasjóða á árinu 1967. Lögð hefur verið áherzla á, að framkvæmdir væru innan eðlilegra

marka, miðað við efnahagsjafnvægi og að innlendur sparnaður væri hagnýttur til fjáröflunar. Jafnframt hefur orðið að taka mikið tillit til þess, að mikill hluti þeirra opinberu framkvæmda, sem nú er unnið að, er á því stigi, að framkvæmdum verður ekki frestað, án þess að tjón hljótist af, og margar þessara framkvæmda sinna þörfum, sem vart fá beðið. Gildir þetta að sjálfsögðu ekki aðeins um opinberar framkvæmdir, heldur einnig um margar framkvæmdir einkaaðila, sem studdar eru af fjárfestingarlánasjóðum. Það er ekki mitt að leggja á það dóm, hvernig það erfiða mat mismunandi sjónarmiða, sem hér þurfti að gera, hafi tekizt, enda mun reynslan ein geta skorið úr um það. Frá sjónarmiði efnahagsjafnvægis bæði innanlands og út á við, hefði tvímælalaust verið æskilegt, að framkvæmdir hefðu getað orðið minni en líkur benda nú til. Á hinn bóginn mun því fjarri fara, að tekizt hafi að fullnægja öllum þeim þörfum, sem brýnar geti talizt.

Ég mun nú gefa nánara yfirlit um fjármunamyndun ársins 1967, eins og búizt er við, að hún verði. Mun fjármunamyndunin í heild og þróun megingreina hennar fyrst athuguð, en síðan lýst fjármunamyndun í mannvirkjum og byggingum hins opinbera í einstökum atriðum. Að því er bezt verður séð, má gera ráð fyrir, að fjármunamyndun ársins 1967 muni reynast tæpar 8 þús. millj. kr., samanborið við tæpar 6900 millj. kr. á árinu 1966. Er þetta hvort tveggja reiknað á verðlagi ársins 1966. Er hér ekki aðeins um að ræða mestu fjármunamyndun, sem verið hefur hér á landi, heldur einnig einhverja þá mestu aukningu, sem orðið hefur á einu ári. Fjármunamyndun ársins 1966 var 28—29% af þjóðarframleiðslu og er það svipað hlutfall og á árunum 1963—1965. Á þessu ári mun þetta hlutfall hins vegar fyrirsjáanlega aukast, væntanlega í um það bil 32%, en það er óvenjuhátt hlutfall, hvort sem er hér á landi eða annars staðar. Þessi mikla aukning fjármunamyndunar stendur að sjálfsögðu fyrst og fremst í sambandi við hinar miklu framkvæmdir við Búrfell og í Straumsvík. Þessar framkvæmdir eru taldar munu nema 960 millj. kr. á árinu, þannig að fyrir utan þær er fjármunamyndun ársins 1967 talin munu nema um 7000 millj. kr. Á hinn bóginn nam fjármunamyndun ársins 1966 um það bil 6750 millj. kr., séu framkvæmdir við Búrfell ekki taldar með. Er því útlit fyrir, að fyrir utan framkvæmdirnar við Búrfell og í Straumsvík muni fjármunamyndun ársins aukast um 250 millj. kr. eða tæp 4%. Hins vegar mundi hlutfall fjármunamyndunar við þjóðarframleiðslu væntanlega breytast lítið frá því, sem verið hefur, eða haldast um 28—29%. Þessi aukning fjármunamyndunar, annarrar en þeirrar, sem heyrir til framkvæmdunum við Búrfell og í Straumsvík, mundi verða að nokkru í íbúðarhúsabyggingum og að nokkru í mannvirkjum og byggingum hins opinbera. Hins vegar er ekki ástæða til að gera ráð fyrir aukningu fjármunamyndunar hjá atvinnuvegunum.

Mikill hluti kostnaðar við framkvæmdir við Búrfell og í Straumsvík er fólginn í kaupum á erlendum vélum og tækjum og ýmiss konar erlendri þjónustu. Er þessi hluti kostnaðar talinn um 2/3 heildarkostnaðar framkvæmdanna á þessu ári. Þessi kostnaður er allur greiddur af erlendum lánum og öðru erlendu fjármagni. Um 1/3 hluti kostnaðarins er hins vegar innlendur og fyrst og fremst fólginn í greiðslu vinnulauna hér innanlands. Þessi kostnaður er einnig að verulegu leyti greiddur af erlendum lánum og fjármagni. Áhrif þessara framkvæmda á jafnvægi greiðsluviðskipta við útlönd eru því hagstæð. Eftirspurn þeirra eftir vinnuafli getur hins vegar stuðlað að miður æskilegri spennu og jafnvægisleysi á vinnumarkaðinum. Var þetta mál sérstaklega kannað af Efnahagsstofnuninni á s. l. ári og komst stofnunin þá að þeirri niðurstöðu, að hætta væri á nokkrum vinnuaflsskorti í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á árinu 1967 og þörf ráðstafana til að tryggja jafnvægi á vinnumarkaðinum, svo framarlega sem ekki kæmi til óvænt breyting á vinnuaflsnotkuninni.

Enda þótt fjármunamyndunin fyrir utan framkvæmdir við Búrfell og í Straumsvík aukist væntanlega um 250 millj. kr. að því er nú er talið, verður ekki samsvarandi aukning í byggingum og mannvirkjagerð. Stafar þetta af ýmsum tilfærslum, sem væntanlega verða innan fjármunamyndunarinnar og þá ekki sízt af því, að í aukningunni er innifalin veruleg aukning skipakaupa. Þar við bætist, að aukinnar hagræðingar í byggingarstarfsemi og notkun byggingarhluta gætir nú í vaxandi mæli. Loks er það áberandi, að minni spenna hefur á þessum vetri verið á vinnumarkaðinum en um langt skeið undanfarið. Sé tekið tillit til þessara atriða, má gera sér vonir um, að vinnuaflsskortur reynist ekki eins alvarlegt úrlausnarefni og horfur voru á fyrir ári síðan. Ég hef þegar getið þess, að fyrir utan framkvæmdir við Búrfell og í Straumsvík megi á árinu 1967 búast við nokkurri aukningu fjármunamyndunar í íbúðarhúsum og opinberum framkvæmdum, en hins vegar óbreyttri fjármunamyndun í atvinnuvegum. Innan atvinnuveganna má hins vegar búast við talsverðum breytingum milli einstakra greina. Þannig verður veruleg aukning í fjármunamyndun fiskveiða, þ. e. a. s. í byggingu fiskiskipa og lengingu þeirra. Gert er ráð fyrir, að sú fjármunamyndun tvöfaldist eða aukist úr 250 millj. kr. á árinu 1966 í 500 millj. kr. á árinu 1967. Stafar þetta af þeim fjölda stórra og vandaðra fiskiskipa, sem nú eru í byggingu, bæði innanlands og utan og munu bætast í flotann á árinu. Í öðrum greinum atvinnuveganna má aftur á móti gera ráð fyrir nokkrum samdrætti. Er því talið líklegt, að heildarfjármunamyndun í atvinnuvegum á árinu 1967 verði óbreytt frá því, sem var á árinu 1966, eða um 3260 millj. Ástæðan fyrir þeim sam-

dætti, sem hér er búizt við, að eigi sér stað, er fyrst og fremst mikil fjármunamyndun atvinnuveganna á undanförnum árum og þá ekki sízt mikil kaup véla og tækja, auk þeirra almennu viðhorfa í efnahagsmálum, sem nú eru ríkjandi. Má telja, að yfirleitt sé um nokkra mettun að ræða í þessari fjármunamyndun. Ýmsum þeirra verkefna, sem unnið hefur verið að, er nú að verða lokið, eins og t. d. uppbyggingu síldariðnaðarins, og atvinnuvegirnir eru yfirleitt vel búnir hvers konar tækjakosti. Þessi heildarmynd breytir þó ekki því, að þörf sé verulegrar nýrrar fjárfestingar á vissum sviðum, sem ekki hafa verið tök á að sinna sem skyldi á undanförnum árum. Gildir þetta fyrst og fremst um endurnýjun þorskveiðiflotans, þ. e. a. s. bæði togara og minni báta, er þorskveiðar stunda, en þessi endurnýjun hefur setið á hakanum fyrir hinni miklu aukningu þess hluta fiskiflotans, sem einkum fæst við síldveiðar.

Gert er ráð fyrir því, að íbúðarhúsabyggingar aukist úr 1700 millj. kr. á árinu 1966 í 1800 millj. kr. á árinu 1967, hvort tveggja miðað við verðlag ársins 1966. Er þetta aukning um nálægt því 6%. Ástæðan fyrir þessari aukningu er fyrst og fremst framkvæmdir á vegum byggingaráætlunar ríkisins. Á hinn bóginn er það að sjálfsögðu verulegri óvissu undirorpið, ekki sízt við þær aðstæður, sem nú eru ríkjandi, hvort byggingarfyrirætlanir annarra aðila verði að fullu framkvæmdar. Gert er ráð fyrir því, að mannvirki og byggingar hins opinbera aukist úr 1770 millj. kr. á árinu 1966 í 1940 millj. kr. á árinu 1967. Er þetta hvort tveggja reiknað á verðlagi ársins 1966 og án þess að telja með framkvæmdir við Búrfell og í Straumsvík. Er hér um að ræða aukningu um 170 millj. kr. eða því sem næst um 10%. Sú aukning almennra opinberra framkvæmda, sem orðið hefur á undanförnum árum, mun því halda áfram á árinu 1967 og það frekar með auknum hraða heldur en hitt. Þessi aukning verður fyrst og fremst í vega- og brúagerð. Einnig er búizt við nokkurri aukningu í almennum raforkuframkvæmdum, í gatna- og holræsagerð, í byggingu skóla og sjúkrahúsa og í öðrum opinberum byggingum. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að neinar teljandi breytingar verði í hitaveitu- og vatnsveituframkvæmdum, í hafna- og vitagerð, í flugvallagerð, í framkvæmdum pósts, síma og útvarps og byggingu félagsheimila.

Mun ég nú nánar víkja að einstökum greinum opinberra framkvæmda. Áætlað er, að raforkuframkvæmdir, aðrar en Búrfellsvirkjun, muni nema 220 millj. kr. á árinu 1967. Er þetta nokkru hærri upphæð en á árinu 1966, en þá var fjármunamyndun í þessum framkvæmdum um það bil 200 millj. Eru þá báðar upphæðirnar taldar á verðlagi ársins 1966. Þessar framkvæmdir eru aðallega hjá rafmagnsveitum ríkisins, en að nokkru þó hjá öðrum rafveitum og þá fyrst og fremst Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Framkvæmdir rafmagnsveitna ríkisins munu verða svipaðs eðlis og þær hafa verið á undanförnum árum. Kveður eins og á s. l. ári einna mest að byggingu dísilrafstöðva og stendur það fyrst og fremst í sambandi við miklar þarfir á aukinni raforkuframleiðslu á Austfjörðum vegna síldveiðanna þar. Framkvæmdir við sveitaveitur munu halda áfram með svipuðum hætti og verið hefur. Þar mun þó verða um nokkra aukningu að ræða, vegna þess að meira fjár en áður er nú aflað til þessara framkvæmda með lánum heiman úr héruðunum sjálfum. Á næstu árum mun þurfa að verða veruleg aukning í fjármunamyndun hjá rafmagnsveitum ríkisins til þess að sjá fyrir raforkuþörf á svæði Húnaveitu og Skagafjarðarveitu og á Austurlandi. Framundan er einnig ný virkjun fyrir Laxárvirkjunarsvæðið. Þessi mál hafa að undanförnu verið í nákvæmri athugun og munu niðurstöður um hagkvæmustu kosti framkvæmda liggja fyrir mjög bráðlega.

Gert er ráð fyrir, að hitaveitu- og vatnsveituframkvæmdir haldist svipaðar eins og var á árinu 1966 eða um 200 millj. kr. á verðlagi þess árs. Hitaveituframkvæmdir, sem eru fyrst og fremst í Reykjavík, munu haldast svipaðar eins og á undanförnum árum. Framkvæmdum við vatnsveitu á Seyðisfirði er nú lokið, en aftur á móti standa yfir þýðingarmiklar framkvæmdir við Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Framkvæmdir í vega- og brúagerð drógust verulega saman á árinu 1966, eftir að lagningu Reykjanesbrautar lauk. Er talið, að fjármunamyndun í þessari grein hafi numið 145 millj. kr. á árinu 1966, hvort tveggja reiknað á verðlagi þess árs, samanborið við 200 millj. kr. á árinu 1965 og 145 millj. kr. á árinu 1966, miðað við verðlag ársins 1966. Á árinu 1967 munu framkvæmdir við vega- og brúagerð aukast á nýjan leik og er gert ráð fyrir, að fjármunamyndun í þessari grein nái 200 millj. kr. á árinu. Kemur hér til aukning á framlögum til almennra vegaframkvæmda innan ramma framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ársins og að auki ein ný sérstök framkvæmd, lagning vegar frá Mývatni til Húsavíkur vegna kísilgúrverksmiðjunnar. Þegar yfirlit er gefið um vegaframkvæmdir, má til hægðarauka skipta framkvæmdum í tvo meginhópa. Annars vegar eru almennar vegaframkvæmdir, sem unnar eru samkv. vegáætlun og fjár er aflað til með þeim sérstöku tekjustofnum, sem til vegamála renna. Hins vegar eru sérstakar framkvæmdir við hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir, sem nægilegt fé hefur ekki verið veitt til í vegáætlun og ríkisstj. verður að afla lánsfjár til innan árlegra framkvæmda- og fjáröflunaráætlana. Þessar tvær tegundir framkvæmda tengjast þannig, að nokkurs fjár er aflað til hinna sérstöku framkvæmda af almennum tekjustofnum vegáætlunarinnar og greiðslur vaxta og afborgana af þeim lánum, sem tekin hafa verið, verða á sínum tíma að greiðast af almennum tekjum vegasjóðs. Gert

er ráð fyrir, að almennar vegaframkvæmdir á árinu 1967 verði um 131 millj. kr. Þar af eru 67 millj. kr. í nýjum þjóðvegum, en 64 millj. kr. í nýjum brúm. Er hér um verulega aukningu að ræða frá því, sem var árið 1966, þegar sams konar framkvæmdir eru taldar hafa numið um 100 millj. kr., hvort tveggja reiknað á verðlagi ársins 1966. Stafar aukningin af því, að ákveðið hefur verið, að ríkissjóður, innan ramma framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ársins, leggi fram 27 millj. kr. til almennra vegaframkvæmda af tekjuafgangi ársins 1966 og er till. um það í frv. því, sem ég gat um áðan og lagt hefur verið fram í dag, varðandi lántökur vegna framkvæmdaáætlunar. Ætlunin er, að meginhluti þessa fjár eða 19 millj. kr. gangi til brúagerðar og þá fyrst og fremst til endurbyggingar brúa á Jökulsá á Sólheimasandi og Eldvatni. Þá eiga 5 millj. kr. að ganga til áríðandi vegagerðar í ýmsum landshlutum, sem ekki reyndist auðið að sjá fyrir innan vegáætlunar. Endanlegar ákvarðanir um þetta munu að sjálfsögðu verða teknar hér við endanlega samþykkt eða endurskoðun vegáætlunar. Í viðbót við þetta mundu svo 3 millj. kr. ganga til vegagerðar í kaupstöðum og kauptúnum og til sýsluvega, samkv. ákvörðunum vegalaga um það, að ákveðið hlutfall af framkvæmdafé vegasjóðs renni til þeirra þarfa. Framkvæmdir við þær sérstöku vegagerðir, sem aflað er lána til innan fjáröflunar- og framkvæmdaáætlunar ríkisstj., verða svipaðar á þessu ári og á árinu 1966. Er búizt við, að þær verði um 45 millj. kr., samanborið við 42 millj. kr. á s. l. ári. Framkvæmdir við Reykjanesbraut verða nokkru meiri á þessu ári en á s. l. ári, þar sem nú er verið að ljúka lagningu brautarinnar fyrir ofan Hafnarfjörð, sem ekki hafði verið gengið frá áður. Að öðru leyti er ekki um framkvæmdir við þennan veg að ræða. Aftur á móti eru skuldagreiðslur, sem vegurinn getur ekki staðið undir, mjög miklar og verður aflað lánsfjár til langs tíma til að standa undir þeim greiðslum. Munu enn líða nokkur ár, þar til fjárhagur þessa vegar verður kominn í það horf, að vegagjald og framlög á vegáætlun geti staðið undir afborgunum og vöxtum af lánunum. Talsvert mun draga úr framkvæmdum við Siglufjarðarveg og Múlaveg á þessu ári, enda eru þær framkvæmdir nú langt komnar og mun væntanlega ljúka að mestu eða öllu á árinu. Áfram mun haldið framkvæmdum við Suðurfjarðaveg á Austurlandi með sama hætt og verið hefur á undanförnum árum. Þá koma til sögunnar tvær nýjar vegaframkvæmdir í næsta nágrenni Reykjavíkur, annars vegar er Reykjanesbraut við Breiðholt, en sú framkvæmd stendur í sambandi við byggingar í Breiðholti á vegum byggingaráætlunar. Hins vegar er bygging Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi, sem gert er ráð fyrir, að muni hefjast á þessu ári. Ekki er gert ráð fyrir, að um neinar framkvæmdir verði að ræða við Suðurlandsveg og Vesturlandsveg á þessu ári. Í skýrslu þeirri, sem ég gaf á s. l. ári, gerði ég grein fyrir því, að ekki væru að svo stöddu fyrirhugaðar meiri háttar framkvæmdir við lengingu hraðbrauta í nágrenni Reykjavíkur í framhaldi af byggingu Reykjanesbrautar, enda skortir fjárhagsgrundvöll til lagningar hraðbrauta, þar sem teljandi fé væri ekki ætlað til þeirra á vegáætlun og lántökur vegna slíkra framkvæmda kæmu ekki til, nema séð væri fyrir tekjustofnum, er gætu staðið undir greiðslu vaxta og afborgana. Gerði ég einnig grein fyrir því, að sérstakar athuganir væru hafnar á vegum samgmrn. á fjárhagsmálum hraðbrauta og vegaframkvæmdum almennt. Þær ástæður, sem þarna voru greindar, eru enn í fullu gildi. Á hinn bóginn telur ríkisstj. það þýðingarmikið, að nú þegar sé hafinn nægilegur undirbúningur til þess, að áframhaldandi lagning hraðbrauta geti komið til framkvæmda sem fyrst. Hefur nýlega á vegum samgmrn. verið gengið frá nál., þar sem settar eru fram till. um þennan undirbúning og mun samgmrh. væntanlega gera því mikilvæga máli skil, þegar hann gerir Alþ. grein fyrir till. sínum um endurskoðun vegáætlunar.

Gatna- og holræsagerð, sem er algerlega á vegum sveitarfélaga, en þó með almennum fjárhagsstuðningi gegnum vegáætlunina, hefur aukizt gífurlega á undanförnum árum og meira en nokkur önnur grein framkvæmda. Talið er, að á árinu 1966 hafi þessar framkvæmdir numið 275 millj. kr. og var það í við hærri upphæð heldur en á árinu 1965. Gert er ráð fyrir, að enn verði um aukningu á þessum framkvæmdum að ræða árið 1967, þannig að þær nái um 300 millj. kr.

Mikil aukning mun verða á heildarframkvæmdum við hafnir á árinu 1967 samanborið við 1966 eða úr um 170 millj. í 270 millj. kr., hvort tveggja reiknað á verðlagi ársins 1966. Meginhluti þessarar aukningar stafar af byggingu Straumsvíkurhafnar, en gert er ráð fyrir framkvæmdum fyrir um 90 millj. kr. við þá höfn á árinu 1967. Tiltölulega lítil aukning verður í öðrum hafnargerðum. Framkvæmdir við Sundahöfn í Reykjavík, sem hófust á árinu 1966, munu aukast talsvert á árinu 1967. Sömuleiðis munu framkvæmdir við landshafnir í Þorlákshöfn, Keflavík-Njarðvík og Rifi fara vaxandi á árinu. Er gert ráð fyrir því, að framkvæmdir við þessar þrjár landshafnir verði um 35 millj. kr., samanborið við 24 millj. árið 1966. Fjáröflun til almennra hafnargerða innan framkvæmda- og fjáröflunaráætlunarinnar mun verða hin sama og á undanförnum tveimur árum, þ. e. 25 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir, að atvinnuleysistryggingasjóður láni 20 millj. kr. til þessara hafnargerða eins og á undanförnum árum. Þetta hefði að öðru jöfnu átt að tryggja óbreyttar framkvæmdir við þessar hafnargerðir, en þær hafa numið rúmlega 100 millj. kr. á ári að undanförnu. Á hinn bóginn virðist sem skuldir þessara hafnargerða hafi vaxið verulega á s. l. ári og muni þær því

þurfa að nota meira fé til skuldagreiðslna en áður. Má því búast við, að eitthvað dragi úr framkvæmdum þessara hafnargerða, enda þótt jafnmikils fjár sé aflað til þeirra og áður. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu alvarleg vandamál er um að ræða hjá hinum almennu hafnargerðum, bæði vegna mikilla og brýnna þarfa á betri hafnarskilyrðum og vegna mikilla fjárhagsörðugleika flestra hafnarsjóða. Þarfirnar í þessari grein hafa farið mjög vaxandi á undanförnum árum vegna aukningar bátaflotans og stækkunar báta. Þá hafa hinar miklu síldveiðar við Austurland skapað sérstakar þarfir fyrir miklar hafnargerðir í þeim landsfjórðungi. Á hinn bóginn er miklum erfiðleikum bundið að koma við áætlunargerð og skipulegum framkvæmdaháttum í þessari grein, þar sem frumkvæði að framkvæmdum og ábyrgð á þeim er í höndum hlutaðeigandi hafnarsjóða og sveitarfélaga, sem á hinn bóginn skortir bæði fjárhagslegt bolmagn og nauðsynlega yfirsýn yfir þarfir og úrlausnir til að sinna slíku verkefni nema að takmörkuðu leyti. Nauðsyn er mikilla breytinga á fjármálum hafnanna og einnig á því, hvernig að framkvæmdum er staðið og er ekki hægt að búast við, að hægt verði að leysa þau verkefni, sem hér eru fyrir hendi, fyrr en þær breytingar hafa verið gerðar. Það frv., sem gert er ráð fyrir, að lagt verði fram um breytingar á hafnarlögum, stefnir í þessa átt, þótt nákvæmar þurfi að athuga skipulag hafnarframkvæmda.

Mikil aukning varð á flugvallarframkvæmdum á árinu 1965 og 1966. Höfðu þessar framkvæmdir verið mjög litlar um margra ára skeið eða innan við 20 millj. kr. á ári. Jukust framkvæmdirnar á árinu 1965 í 35 millj. kr. og á árinu 1966 í 50 millj. kr., allt reiknað á verðlagi ársins 1966. Er gert ráð fyrir, að flugvallarframkvæmdir á árinu 1967 verði svipaðar og á árinu 1966. Hins vegar má búast við nokkrum breytingum innan þess ramma, þar sem nauðsynlegum framkvæmdum vegna viðgerða á Reykjavíkurflugvelli er nú að mestu lokið, en nú koma til sögunnar nokkrar framkvæmdir við Keflavíkurflugvöll vegna aukinnar umferðar þar. Þá skipta framkvæmdir við Akureyrarflugvöll miklu máli, en þar verður að ganga frá flugskýli og malbikun, til þess að sá flugvöllur sé nothæfur sem varaflugvöllur fyrir hina nýju þotu Flugfélags Íslands. Þá munu framkvæmdir halda áfram við flugvelli á Vestfjörðum eins og á undanförnum árum, sömuleiðis lengingu flugbrauta í Vestmannaeyjum og byggingu flugskýlis á Egilsstöðum. Auk þess koma til ýmsar framkvæmdir við litla flugvelli víða um land. Endurbót öryggiskerfisins mun haldið áfram með svipuðum hætti og á s. l. ári, en þar er um mjög þýðingarmiklar framkvæmdir að ræða, sem eiga að ljúkast á þremur árum.

Framkvæmdir á vegum pósts, síma, útvarps og sjónvarps jukust mikið á árinu 1966 og námu þær það ár 150 millj. kr. Stafaði þessi aukning fyrst og fremst af framkvæmdum sjónvarpsins. Gert er ráð fyrir svipaðri framkvæmdaupphæð á árinu 1967, en þó ívið lægri eða 140 millj. kr.

Skólabyggingar hafa verið mjög miklar á undanförnum árum og farið vaxandi. Námu þessar byggingar, að iþróttamannvirkjum meðtöldum, um 270 millj. kr. á árinu 1966, og er gert ráð fyrir, að þær aukist í 290 millj. kr. á árinu 1967, hvort tveggja reiknað á verðlagi ársins 1966. Framkvæmdir munu halda áfram við menntaskólana á Laugarvatni og í Hamrahlíð í Reykjavík með svipuðum hætti og á s.l. ári. Í viðbót við þetta mun á þessu ári hefjast bygging sérkennsluhúss við Menntaskólann á Akureyri og húss fyrir æfingakennslu Kennaraskólans.

Áætlað er, að framkvæmdir við sjúkrahúsabyggingar aukist úr 137 millj. 1966 í 150 millj. kr. á árinu 1967. Stafar aukningin fyrst og fremst af byggingu eldhúss og þvottahúss við Landsspítalann í Reykjavík. Einnig munu framkvæmdir við viðbyggingu Landsspítalans aukast nokkuð. Gert er ráð fyrir, að framkvæmdir við Borgarsjúkrahúsið í Reykjavík verði svipaðar á þessu ári eins og árinu 1966, en þær hafa verið mjög miklar síðan á árinu 1965 og hefur ríkisstj. veitt aðstoð við öflun fjár til byggingar þess.

Gert er ráð fyrir, að framkvæmdir í félagsheimilum muni nema um 40 millj. kr. árið 1967, en þetta er svipuð upphæð eins og um allmörg undanfarin ár, reiknuð á verðlagi ársins 1966. Það er mikið vandamál, hversu víða félagsheimili standa ófullgerð. Hafa sveitarfélög oft á tíðum hafið framkvæmdir af þessu tagi, sem eru langt umfram þarfir þeirra og fjárhagsgetu, og sem ekki hafa verið samræmdar sams konar framkvæmdum annarra sveitarfélaga í nágrenninu. Ekki hafa enn fundizt úrræði til aukinnar fjáröflunar til þessara þarfa, en mikil nauðsyn er á endurskoðun fyrirætlana um byggingu félagsheimila með það fyrir augum að miða þær byggingar við fjárhagsgetu og eðlilegar þarfir, jafnframt því, sem tekið sé tillit til fyrirætlana um byggingar annarra félagsheimila í héruðum. Enn fremur er nauðsyn athugunar á því, hversu nýta megi betur þau félagsheimili, sem nú hafa verið byggð, og þau, sem í byggingu eru.

Gert er ráð fyrir, að fjármunamyndun í ýmsum öðrum opinberum byggingum muni aukast verulega á þessu ári eða úr 136 millj. kr. í 170 millj. kr., hvort tveggja reiknað á verðlagi ársins 1966. Aukningin stafar fyrst og fremst af byggingu tollstöðvarhússins í Reykjavík. Meðal annarra þýðingarmikilla bygginga, sem í þessum flokki eru, má nefna Rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti og byggingu lögreglustöðvar í Reykjavík.

Framkvæmda- og fjáröflunaráætlunin fyrir árið 1967 nær, eins og sams konar áætlun á undanförnum árum, til þeirra fjárfestingar-

lánasjóða og opinberra framkvæmda, sem þurfa á sérstakri fyrirgreiðslu að halda um fjáröflun umfram eigin tekjur. Þá tekur áætlunin einnig, eins og áður, til nokkurra einstakra atvinnufyrirtækja eins og dráttarbrauta, sem á sams konar fyrirgreiðslu þurfa að halda. Árið í ár er fyrsta starfsár Framkvæmdasjóðs Íslands og tekur hann við þýðingarmiklu hlutverki í sambandi við áætlunargerð og fjáröflun, að því er snertir fjárfestingarlánasjóði og atvinnufyrirtæki. Í samræmi við lög framkvæmdasjóðs hefur Seðlabanki Íslands, er fer með vörzlu sjóðsins, undirbúið þennan hluta áætlunargerðarinnar í samráði við fjmrn. og Efnahagsstofnunina. Mun stjórn framkvæmdasjóðs ganga endanlega frá þessum hluta áætlunarinnar og sjóðurinn síðan sjá um framkvæmd hennar, bæði að því er öflun og ráðstöfun fjár snertir. Á árinu 1966 voru þeir fjárfestingarlánasjóðir, sem áætlunin náði til, 7 að tölu, að meðtalinni veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Voru sjóðirnir þessir: stofnlánadeild sjávarútvegsins, fiskveiðasjóður, stofnlánadeild landbúnaðarins, iðnlánasjóður, ferðamálasjóður og byggingarsjóður verkamanna og auk þess veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Nú er tala þessara sjóða 8, einnig meðtalin veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Fækkað hefur um einn sjóð við samruna fiskveiðasjóðs og stofnlánadeildar sjávarútvegsins, en hins vegar hafa komið til tveir nýir sjóðir, lánasjóður sveitarfélaga og stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja. Þá kemur einnig til sögunnar á þessu ári fjáröflun vegna byggingaráætlunar ríkisins, sem ekki þurfti á sérstakri fjáröflun að halda á s. l. ári.

Fjáröflun vegna einstakra atvinnufyrirtækja er takmörkuð við dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar, en ætlunin er, að ráðstöfun þess fjár fari um hendur fiskveiðasjóðs, að því er dráttarbrautir snertir, en um hendur iðnlánasjóðs að því er skipasmíðastöðvar snertir. Aftur á móti fellur nú niður fjáröflun vegna Kísiliðjunnar hf., er var liður í áætlun s. l. árs. Sé litið á fjárfestingarlánasjóðina eina ásamt dráttarbrautum og skipasmíðastöðvum, en ekki tekið tillit til byggingaráætlunarinnar og til Kísiliðjunnar, til þess að tölurnar séu sem sambærilegastar, kemur í ljós, að á s. l. ári var fjárþörf þessara sjóða ásamt skipasmíðastöðvum og dráttarbrautum áætluð 480 millj. kr. En fé það, sem þeir sjálfir höfðu til ráðstöfunar af eigin tekjum, endurgreiðslum lána og lánsfé, sem þeir öfluðu sér fyrir milligöngu ríkisins, nam samtals 395 millj. kr. Þannig var nauðsynleg fjáröflun vegna þessara sjóða og framkvæmda talin 85 millj. kr. Til viðbótar við þetta kom svo 15 millj. kr. fjáröflun vegna Kísiliðjunnar og var heildarfjáröflun til fjárfestingarlánasjóða og fyrirtækja þannig áætluð 100 millj. kr. Á þessu ári verða tölurnar nokkru hærri. Fjárþörf sjóðanna 8, að meðtöldum þörfum dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, er nú talin 577 millj. kr. eða 97 millj. kr. hærri en á s. l. ári. Það fé, er sjóðirnir hafa til ráðstöfunar af eigin tekjum og endurgreiðslum lána, er hins vegar nú talið hið sama og á s. l. ári, 395 millj. kr. Eykst því sú fjárþörf, er sjá verður fyrir innan fjáröflunaráætlunarinnar jafnmikið og heildarfjárþörfin eða um 97 millj. kr. Í viðbót við þetta koma svo 30 millj. kr., sem afla verður vegna byggingaráætlunar ríkisins, en á hinn bóginn dragast frá þær 15 millj. kr., sem í fyrra var aflað vegna Kísiliðjunnar. Verður því heildarfjárþörf fjáröflunar vegna fjárfestingarlánasjóða og fyrirtækja 212 millj. kr. á þessu ári, samanborið við 100 millj. kr. á s. l. ári. Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga þá skipulagsbreytingu, sem nú er á orðin.

Á s. l. ári fór fjáröflun til stofnlánadeildar landbúnaðarins að nokkru fram fyrir milligöngu Framkvæmdabanka Íslands og var að þessu leyti utan fjáröflunaráætlunar ríkisstj. Nú verður samsvarandi fjáröflun hins vegar innan áætlunarinnar. Þá veitti Framkvæmdabankinn á s. l. ári einnig verulegar upphæðir lána beint til atvinnufyrirtækja, einkum í sjávarútvegi og iðnaði. Sams konar lánveitingar fara nú fram á vegum hinna einstöku fjárfestingarlánasjóða og þá fyrst og fremst fiskveiðasjóðs og iðnlánasjóðs. Aftur á móti mun framkvæmdasjóður beina því fjármagni, sem hann hefur yfir að ráða, til þessara og annarra sjóða. Í raun réttri má telja, að sú aukning fjárþarfar um 100 millj. kr. um það bil, sem að framan var getið, stafi af þessari skipulagsbreytingu fyrst og fremst. Lánveitingar Framkvæmdabankans að meðtöldu því fjármagni, sem bankinn veitti til stofnlánadeildar landbúnaðarins, námu á s. l. ári rúmum 100 millj. kr. Á þessu ári mun framkvæmdasjóðurinn væntanlega geta veitt álíka háa upphæð til hinna einstöku fjárfestingarlánasjóða af eigin ráðstöfunarfé sínu, og heildarfjármunir þeir, sem sjóðirnir fá til umráða, munu aukast í sama mæli.

Ég mun nú gera nokkra grein fyrir fjárþörf og væntanlegri fjáröflun til einstakra fjárfestingarlánasjóða, samkv. þeim áætlunum um það efni, sem Seðlabankinn hefur gert í samráði við fjmrn. og Efnahagsstofnunina. Gert er ráð fyrir, að útlán stofnlánadeildar landbúnaðarins verði þau sömu á þessu ári og þau hafa verið á undanförnum tveimur árum eða um 130 millj. kr. Á hinn bóginn er nauðsynleg fjáröflun til deildarinnar allmiklu meiri en áður. Er hér þá fyrst og fremst um fyrirkomulagsbreytingu að ræða í sambandi við stofnun framkvæmdasjóðs, eins og ég hef áður gert grein fyrir. Þar við bætist, að stofnlánadeildin þarf á þessu ári að endurgreiða 18 millj. kr., er henni var aflað á s. l. hausti til bráðabirgða, til þess að unnt væri að veita viðbótarlán til sláturhúsa og mjólkurvinnslustöðva. Er því gert ráð fyrir, að fjáröflun til deildarinnar nemi 69 millj. kr. á þessu ári, samanborið við aðeins 13 millj. kr. á árinu sem leið. Gert er ráð fyrir aukinni starfsemi veðdeildar Búnaðarbankans og er áætluð fjáröflun til hennar 20 millj. kr., samanborið við 8 millj. kr. á s. l. ári.

Er þessi aukning í samræmi við það samkomulag, sem gert var við samtök bænda á s. l. hausti. Gert er ráð fyrir verulegri aukningu í starfsemi bæði fiskveiðasjóðs og iðnlánasjóðs, eins og áður er getið. Útlán fiskveiðasjóðs á árinu eru áætluð 255 millj. kr. að meðtöldum útlánum til dráttarbrauta. Á s. l. ári voru útlán fiskveiðasjóðs og stofnlánadeildar sjávarútvegsins, að meðtöldum lánum til dráttarbrauta, áætluð 231 millj. kr., en munu í reynd hafa verið 218 millj. Útlán iðnlánasjóðs eru áætluð 95 millj. kr., samanborið við 67 millj. kr. á s. l. ári. Fjárhagur beggja þessara sjóða eflist verulega með hverju ári og eigin ráðstöfunarfé þeirra eykst. Þarf því fjáröflun til þeirra ekki að aukast jafnmikið og aukningu útlána nemur. Er gert ráð fyrir, að fjáröflun til hvors sjóðsins um sig nemi 32 millj. kr. á þessu ári, samanborið við 27 millj. kr. til fiskveiðasjóðs, stofnlánadeildar sjávarútvegsins og dráttarbrauta á s. l. ári og 17 millj. kr. til iðnlánasjóðs. Gert er ráð fyrir, að útlán ferðamálasjóðs verði hin sömu og á s. l. ári eða um 16 millj. kr. Hins vegar hefur sjóðurinn nú meira eigið fé til ráðstöfunar en áður, þannig að fjáröflun til hans verður væntanlega 5 millj. kr., samanborið við 10 millj. kr. á s. l. ári. Útlán byggingarsjóðs verkamanna eru einnig áætluð svipuð og verið hefur eða 25 millj. kr. Fjáröflun er hin sama og áður, 10 millj. kr.

Starfsemi hinna tveggja nýju fjárfestingarlánasjóða, lánasjóðs sveitarfélaga og stofnlánasjóðs verzlunarfyrirtækja, verður að sjálfsögðu á byrjunarstigi á þessu ári. Gert er ráð fyrir, að útlán lánasjóðs sveitarfélaga nemi 30 millj. kr. á árinu. Eigið ráðstöfunarfé hans er 20 millj. kr. og væntanleg fjáröflun 10 millj., útlán stofnlánadeildar verzlunarfyrirtækja eru áætluð 6 millj., eigið ráðstöfunarfé hans er 2 millj. kr. og væntanleg fjáröflun 4 millj.

Eins og ég hef áður gert grein fyrir, mun framkvæmdasjóður framvegis hafa forystuna um að sjá fyrir fjárþörf fjárfestingarlánasjóðanna. Samkv. þeim áætlunum, sem nú liggja fyrir, er gert ráð fyrir, að framkvæmdasjóður geti af eigin ráðstöfunarfé sínu séð fyrir 112 millj. kr. af þeirri 212 millj. kr. heildarfjárþörf, sem hér er um að ræða. Að öðru leyti er gert ráð fyrir, að framkvæmdasjóður semji við bankana um nauðsynlega fjáröflun vegna fjárfestingarlánasjóðanna og standa þeir samningar nú yfir. Á s. l. ári var samið við bankana um það, að 10% af innlánaaukningu gengi til fjáröflunaráætlunar ríkisstj. og var þessi upphæð áætluð 90 millj. kr. Þess hefur nú verið farið á leit við bankana, að sams konar samningur verði gerður á þessu ári og gangi fé eingöngu til fjárfestingarlánasjóðanna fyrir milligöngu framkvæmdasjóðs. Aftur á móti hefur dregið það mikið úr innlánaaukningu upp á síðkastið, að ekki er hægt að gera ráð fyrir, að 10% innlánaaukning nemi meira en 70 millj. kr. á þessu ári. Þá hafa samningar tekizt við atvinnuleysistryggingasjóð um, að hann láni 30 millj. kr. til fjáröflunaráætlunarinnar, er gangi til byggingaráætlunar ríkisins. Á s. l. ári lánaði atvinnuleysistryggingasjóður 20 millj. kr. til áætlunarinnar, sem í það sinn var beint til hafnargerða og dráttarbrauta. Þær opinberu framkvæmdir, sem framkvæmda- og fjáröflunaráætlunin nær til, eru eins og á undanförnum árum allar raforkuframkvæmdir á vegum rafmagnsveitna ríkisins, allar hafnarframkvæmdir á vegum vita- og hafnarmálastjórnarinnar og allar flugmálaframkvæmdir á vegum flugmálastjórnarinnar. Þá tekur áætlunin til lagningar meiri háttar hraðbrauta og þjóðbrauta, sem aflað verður lánsfjár til, en ekki til almennra vegaframkvæmda, sem fjár er aflað til samkv. vegáætlun. Á hliðstæðan hátt tekur áætlunin ekki til almennra skóla- og sjúkrahúsabygginga, heldur aðeins til bygginga ríkisskóla og ríkisspítala, sem lánsfjár er aflað til. Þá tekur áætlunin til einstakra opinberra framkvæmda, sem af sérstökum ástæðum kunna að koma til sögunnar á hverju ári. Á þessu ári eru þetta gufuveita við Mývatn vegna framkvæmda Kísiliðjunnar og vegna lagningar vegar frá Mývatnssveit til Húsavíkur af sömu ástæðum. Þá er einnig um að ræða á þessu ári sérstaka fjáröflun vegna vega- og brúagerða, fyrst og fremst vegna endurbyggingar brúa.

Þar sem það breytist nokkuð frá ári til árs, hvers konar opinberar framkvæmdir þurfa á lánsfé að halda og hverjar ekki, eru opinberar framkvæmdir í framkvæmda- og fjáröflunaráætluninni ekki að fullu sambærilegar frá ári til árs. Nákvæmur samanburður verður að byggjast á heildarframkvæmdum, sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan. Þær opinberu framkvæmdir, sem taldar eru í áætlun ársins 1967, nema samtals 475 millj. kr. Er þetta nokkru hærri upphæð en á s. l. ári, en þá var hún 439 millj. Skuldagreiðslur, sem teknar eru inn í áætlunina, nema 80 millj., samanborið við 59 millj. á s. l. ári. Samtals eru framkvæmdir og skuldagreiðslur 555 millj. kr., samanborið við 498 millj. á s. l. ári. Eigið fé og fjárveitingar, sem þessar framkvæmdir hafa yfir að ráða, eru nú taldar 179 millj., en voru 192 millj. á s. l. ári. Þegar tryggt eða væntanlegt lánsfé er talið 68 millj., samanborið við 93 millj. á s. l. ári. Kemur því hér hvort tveggja til, að framkvæmdir og skuldagreiðslur í áætluninni eru meiri en á s. l. ári og eigið fé og þegar tryggt lánsfé er minna en þá var. Af þessum sökum verður sérstök fjáröflun, sem þessar framkvæmdir þurfa á að halda, mun meiri en á s. l. ári eða um 308.5 millj., samanborið við 214 millj. kr. þá.

Það var snemma ljóst við undirbúning áætlunar fyrir árið 1967, að meiri erfiðleikar yrðu á því að ganga frá henni með viðunandi móti heldur en á undanförnum árum. Annars vegar voru fjárþarfirnar nú taldar meiri en nokkru sinni fyrr og var fastar sótt á um fjáröflun til einstakra greina og framkvæmda en áður hafði verið. Hins vegar voru skilyrðin til fjáröflunar óhagstæðari en áður og þýðingarmikið

að forðast mikla aukningu framkvæmda vegna almenns ástands efnahagsmála. Ríkisstj. ákvað því í upphafi að fylgja þeirri almennu reglu við undirbúning áætlunar ársins, að því er opinberar framkvæmdir snerti, að fjáröflunin skyldi ekki vera meiri til neinnar greinar en hún hafði verið á s. l. ári. Eins og við mátti búast, reyndist ekki unnt að fylgja þessari reglu að öllu leyti. Stafaði þetta einkum af því, að nýjar framkvæmdir komu til sögunnar, er óhjákvæmilegt var að afla fjár til. Yfirleitt hefur þessari reglu þó verið fylgt og er því fjáröflun til flestra greina svipuð og á s. l. ári, ef undanteknar eru sérstakar framkvæmdir, sem ekki voru komnar til sögunnar þá. Fjáröflun til raforkumála er hin sama og 1966, 45 millj. kr. Þess ber þó að gæta, að á s. l. ári gengu 4 millj. kr. af þessari fjáröflun til jarðhitasjóðs og þar sem sá sjóður þarf ekki lengur á sérstakri fjáröflun að halda, gengur öll upphæðin nú til hinna eiginlegu raforkumála. Fjáröflun til hafnargerða er svipuð og á s. l. ári, en þó aðeins meiri, 58 millj. samanborið við 55 millj. þá. Fjáröflun til flugmála er einnig svipuð og á s. l. ári, 23 millj. samanborið við 26 millj. þá, til skólabygginga á nú að afla 17 millj. í stað 15 millj. á s. l. ári og fjáröflun til sjúkrahúsa er lítið eitt hærri en á s. l. ári eða 15 millj. samanborið við 10 millj. kr. þá. Aukning fjáröflunarinnar er fyrst og fremst vegna nýrra framkvæmda, sem ekki voru í áætlun s. l. árs. Er hér um að ræða vegarlagninguna frá Mývatni til Húsavíkur, en fjáröflun vegna hennar er 30 millj. kr., og gufuveitu við Mývatn með 5 millj. kr. fjáröflun. Báðar þessar framkvæmdir standa, eins og kunnugt er, í sambandi við starfsemi Kísiliðjunnar hf. Þá koma framkvæmdir við Keflavíkurflugvöll, 10 millj. kr., og framlag til Búrfellsvirkjunar, 25 millj. kr. Samtals eru þetta 70 millj. Þar að auki kemur svo veruleg aukning fjáröflunar til vegamála. Stafar þessi aukning fyrst og fremst af endurbyggingu Jökulsárbrúar á Sólheimasandi og brúarinnar yfir Eldvatn og enn fremur af nokkrum öðrum vegaframkvæmdum, er mikil nauðsyn var að ráðast í, en ekki reyndist rúm fyrir innan vegáætlunar. Var ákveðið að leggja til að verja 27 millj. kr. tekjuafgangi ríkissjóðs á árinu 1967 til þessara framkvæmda, eins og áður er getið. Fjáröflun til vegamála verður af þessum sökum mun hærri en á s. l. ári eða um 81 millj. kr., samanborið við 60 millj. kr. á s. l. ári og er þá ekki talin með fjáröflun vegna Mývatnsvegar, sem áður var talinn sem sérstakur liður. Þeirra 308.5 millj. kr., sem þannig á skv. áætluninni að afla til opinberra framkvæmda, verður aflað með því móti, sem nú skal greina.

Meginhluti upphæðarinnar mun fást af sölu spariskírteina eins og á undanförnum árum, í von um það að sjálfsögðu, að þau skírteini seljist. Á s. l. ári voru seld spariskírteini að upphæð 100 millj. kr., en að upphæð 75 millj. kr. árið 1965. Nú er gert ráð fyrir, að þessi upphæð hækki í 125 millj. kr. Hefur sala skírteina gengið mjög vel og hefur verið gert ráð fyrir því, að um áframhaldandi aukningu hennar gæti verið að ræða ár frá ári. Til viðbótar þessu kemur, að á árinu 1967 verða endurgreidd lán að upphæð 61 millj. kr., sem veitt hafa verið af því fé, er áður fékkst af sölu spariskírteina. Þar sem ekki er enn þá komið að því, að skírteinin falli í gjalddaga, mun þetta fé verða handbært til nýrra lána. Þá er gert ráð fyrir því, að mótvirðisfé skv. nýgerðum vörukaupasamningi við Bandaríkin geti numið 45 millj. kr. á ári. Er þetta nokkru lægri upphæð en á s. l. ári, en þá var hún 57 millj. króna. Þá koma til greina endurgreiðslur á lánum, sem áður voru veitt af brezka láninu 1962 og unnt er að lána á nýjan leik, þar sem ekki er komið að endurgreiðslu þess láns í Bretlandi. Eru það 25 millj. kr., sem ætlazt er til að gangi til Búrfellsvirkjunar. Loks er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi til fjáröflunaráætlunarinnar 53 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966. Mun þessu framlagi verða skipt þannig, að 27 millj. kr. gangi til vegamála, 13 millj. kr. til skóla og 13 millj. kr. til sjúkrahúsa. Áætluð fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða opinberra framkvæmda nemur þá í heild 521 millj. kr. Er þetta rúmlega 200 millj. kr. hærri upphæð en á s. l. ári, þegar áætluð fjáröflun nam 314 millj. Telja verður, að rúmlega 100 millj. kr. af aukningunni stafi af fyrirkomulagsbreytingu í sambandi við stofnun Framkvæmdasjóðs Íslands og sé því raunveruleg aukning fjáröflunar í kringum 100 millj. kr., en það svarar til aukinnar fjáröflunar vegna opinberra framkvæmda. Þessa aukna fjár verður fyrst og fremst aflað með framlagi úr ríkissjóði með aukinni sölu spariskírteina og endurgreiðslu áður veittra spariskírteinalána. Á hinn bóginn falla nú niður eftirstöðvar af fjáröflun fyrra árs, sem voru verulegar á s. l. ári, en nú eru ekki fyrir hendi.

Við undirbúning þessarar framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar hefur það vakað fyrir ríkisstj., eins og á s. l. ári, að fjáröflunin hefði ekki áhrif til aukinnar þenslu. Af þessum sökum var ákveðið að hagnýta ekki erlendar lántökur umfram mótvirði vörukaupalána, en byggja fjáröflunina fyrst og fremst á sölu spariskírteina og á samningum við bankana um hagnýtingu innlánsaukningar þeirra. Hvoruga þessa fjáröflunarleið mátti hins vegar nýta í þeim mæli, að það truflaði almenna starfsemi bankakerfisins. Einkum og sér í lagi var þýðingarmikið, að þessi fjáröflun torveldaði ekki eðlilega lánveitingu bankanna til rekstrar atvinnuveganna. Vegna hinna miklu þarfa, sem fyrir hendi eru, og vegna þess, hversu erfitt er að fresta framkvæmdum, án þess að alvarlegt tjón hljótist af, reyndist þó ekki unnt að halda áætluninni að öllu leyti innan þess ramma, sem þannig markaðist. Af þessum ástæðum hefur framkvæmda- og fjáröfl-

unaráætlun ársins orðið allhá og hærri en ríkisstj. hafði í fyrstu hugsað sér, að hún yrði. Hefur það vandamál, sem þannig hefur skapazt, fyrst og fremst verið leyst með hagnýtingu nokkurs hluta af tekjuafgangi ríkisins frá árinu 1966.

Í þessari skýrslu hef ég leitazt við að gefa yfirlit um þróun efnahagsmála á þeim fjórum árum, sem fjárhags- og framkvæmdaáætlun 1963—1966 náði til. Á þessum árum hefur hagþróunin verið óvenju hagstæð, þjóðarframleiðsla hefur vaxið örar en á flestum sambærilegum skeiðum og nokkuð örar en búizt hafði verið við. Þar við bættist, að verð útflutningsafurða hækkaði mikið og mun meira en verð innfluttrar vöru. Af þessum sökum jukust þjóðartekjur enn meira en þjóðarframleiðsla. Það aukna ráðstöfunarfé, sem þjóðin hefur þannig haft undir höndum, hefur að nokkru verið hagnýtt til að auka almenna velmegun, en þó umfram allt til aukinnar fjármunamyndunar í atvinnuvegum, íbúðarhúsabyggingum og opinberum framkvæmdum. Mest hefur aukning fjármunamyndunar orðið í atvinnuvegunum og jafnframt mest umfram það, sem gert hafði verið ráð fyrir. Það er í þennan farveg, sem þessi óvænta viðbót við ráðstöfunarfé þjóðarinnar hefur fyrst og fremst beinzt. Aukning fjármunamyndunar umfram það, sem áætlað var, hefur orðið minnst í opinberum framkvæmdum. Þrátt fyrir það hafa þau markmið, sem þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin setti í þessum greinum, að fullu náðst, að öðru leyti en því, að Búrfellsvirkjunin er einu ári síðar á ferðinni en búizt hafði verið við. Í sumum greinum opinberra mannvirkja og þá einkum þeim, sem sveitarfélög sjá um, hefur aukning framkvæmda orðið mun meiri en áætlunin gerði ráð fyrir.

Þá hef ég í þessari skýrslu reynt að gera grein fyrir þeim breyttu viðhorfum í efnahagsmálum, sem tók að gæta á miðju s. l. ári og koma munu fram að fullu á því ári, sem nú er að líða. Mjög dró úr vexti þjóðarframleiðslu á árinu 1966, miðað við það, sem verið hafði næstu fjögur ár á undan, og er ekki hægt að búast við nýrri breytingu í því efni, fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Enn meira máli skiptir það þó, að á s. l. ári hófst mikið verðfall ísl. útflutningsafurða, sem enn er ekki séð fyrir endann á. Á sama tíma og þannig tók fyrir vöxt þjóðarframleiðslu og þjóðartekna, hélt ráðstöfun þjóðartekna til neyzlu og fjármunamyndunar áfram að vaxa með líkum hætti og áður hafði verið á undanförnum árum. Vegna traustrar stöðu þjóðarinnar út á við og góðs fjárhags ríkissjóðs var unnt að mæta þessum miklu erfiðleikum án þess að grípa til róttækra og skjótvirkra aðgerða. Með verðstöðvuninni, sem ákveðin var í nóv. s. l. um eins árs skeið, og með ströngu aðhaldi í peningamálum og fjármálum er stefnt að því, að ráðstöfun þjóðartekna til neyzlu og fjármunamyndunar færist smátt og smátt til samræmis við þau breyttu skilyrði, sem nú eru fyrir hendi. Þau nýju viðhorf, sem þannig höfðu myndazt, hlutu að móta stefnu ríkisstj. um undirbúning framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ársins 1967. Þýðingarmikið var, að framkvæmdir ykjust sem minnst og fjár til þeirra væri aflað með þeim hætti að stuðla að myndun efnahagsjafnvægis. Á hinn bóginn varð ríkisstj. að taka tillit til þess, að ekki var unnt að fresta þýðingarmiklum framkvæmdum, án þess að alvarlegt tjón hlytist af, og þarfir fyrir þessar framkvæmdir voru oft og tíðum mjög brýnar. Í þeirri grg., sem ég hef gefið í þessari skýrslu um væntanlega fjármunamyndun á árinu 1967 og framkvæmda- og fjáröflunaráætlun þess árs, hef ég reynt að gera grein fyrir því, hvernig leitazt hefur verið við að rata skynsamlegt meðalhóf í þessu efni.

Í lok tímabils hinnar fyrstu þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar vil ég að lokum taka það fram, að þrátt fyrir það, að efnahagsþróunin hafi á undanförnum árum reynzt önnur en hægt var að sjá fyrir, þegar áætlunin var samin, og ráðstöfun þjóðartekna hafi ekki sízt af þessum ástæðum orðið nokkuð önnur en upphaflega var gert ráð fyrir, telur ríkisstj. að áætlunargerðin hafi gegnt þýðingarmiklu hlutverki. Þótt ríkisstj. telji ekki tímabært að leggja nú fram nýja þjóðhags- og framkvæmdaáætlun til langs tíma, m. a. vegna þeirrar óvissu um framtíðarþróun efnahagsmála, sem nú er ríkjandi, telur hún eigi að síður þýðingarmikið að áfram sé unnið að undirbúningi slíkrar áætlunargerðar. Í því sambandi er ekki sízt þýðingarmikið, að stuðlað sé að könnun á þróun og vandamálum einstakra atvinnuvega, að traustari áætlunargerð í einstökum greinum opinberra framkvæmda og betri tæknilegum og fjárhagslegum undirbúningi í framkvæmdum.

Helgi Bergs: Herra forseti. Þeim tölulegu upplýsingum, sem fylgja þeirri skýrslu, sem hæstv. fjmrh. hefur nú flutt, var ekki útbýtt fyrr en á þessum fundi og hefur lítið tóm gefizt til þess að kanna þær, þó að ýmsar af þeim tölum hafi að sjálfsögðu áður verið kunnar. Mér sýnist strax augljóst af þeim tölum, sem hér eru ráðgerðar fyrir árið 1967, að um enga stefnubreytingu sé að ræða hjá hæstv. ríkisstj. og að ekki beri mikið á viðleitni hér til þess að spjara sig við að rækja þau opinber framkvæmdaverkefni, sem vanrækt hafa verið á undanförnum árum.

Ég mun þó ekki gera hér að umræðuefni einstakar tölur og einstaka þætti í skýrslu fjmrh. Það er eðlilegt, að þær skýrslur, sem fram hafa verið lagðar, séu athugaðar og það gefast sjálfsagt önnur tækifæri til þess að ræða þær, en á hinn bóginn gefur skýrsla hæstv. fjmrh. tilefni til nokkurra almennra athugasemda.

Óstjórnin í framkvæmdamálum hér á landi hefur ásamt óðaverðbólgunni verið eitt megin-

einkennið á ísl. efnahagslífi undanfarin ár. Í mesta góðæri, sem yfir landið hefur komið, hafa opinberar framkvæmdir lent í megnasta ólestri og orðið fyrir barðinu á hnífnum hjá hæstv. ríkisstj. oftar en einu sinni, þegar hún hefur þurft að gera ráðstafanir til að hella meiri fjármunum í verðbólgufenið.

Þó að hér í landi séu nú orðnar nærri 40 þús. bifreiðar og þó að við flytjum nú inn á ári hverju hátt á fimmta þúsund eða 5 þús. bifreiðar, ef ég man rétt, eru fjölförnustu vegir landsins að verða algerlega ófærir langtímum saman. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir um þetta leyti í fyrra, þegar hann flutti skýrslu af svipuðu tagi, að fjárhagsgrundvöll skorti fyrir framkvæmdir í þessum efnum. Og hann endurtók þá yfirlýsingu hér í skýrslu sinni áðan, þó að hann í öðru orðinu væri nokkuð drjúgur yfir því, að vegaframkvæmdir mundu nú aukast frá því, sem hefði verið. Það er nú ástæða til að benda á það, hver sú aukning raunverulega sé, sem hæstv. ráðh. var svo drjúgur yfir. Í töflu V hér í þessum plöggum, sem útbýtt hefur verið, má sjá, að fjármunamyndun í vegum og brúm hefur á undanförnu 5 ára tímabili numið að jafnaði 182 millj. kr. á ári, miðað við verðlag ársins 1966, og nú er gert ráð fyrir því, að þetta hækki upp í 200 milljónir. Þetta eru nú öll ósköpin. En aftur endurtekur hæstv. ráðh. þá yfirlýsingu, að fjárhagsgrundvöll skorti fyrir bráðnauðsynlegar aðgerðir í vegamálum og skýrir frá því, að hvorki Vesturlandsvegur né Suðurlandsvegur muni koma til neinna framkvæmda á þessu ári.

Skortur á skólahúsnæði í landinu fer vaxandi. Sjúkrahúsmálin hafa verið í sviðsljósinu nú að undanförnu. Hæstv. heilbrmrh. hefur keppzt við að sýna fram á, að sífellt sé eytt til sjúkrahúsabygginga meiru og meiru fé, og hæstv. fjmrh. vildi halda því sama fram hér áðan um skólabyggingar. Ég hef ekki kannað, hvað rétt kann að vera í þeim fullyrðingum, en séu þær réttar, sýnir ekkert betur óstjórnina í framkvæmdamálum en hvað lítið verður úr þeim fjármunum.

Það er enginn vafi á því, að þjóðin finnur mjög til þess og það er flestum ljóst, hversu alvarlegt stjórnleysisástandið í framkvæmdamálum þjóðarinnar er orðið, og hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsflokkar virðast einnig gera sér þetta ljóst, því að nú, þegar kosningar eru að nálgast, verður vart talsverðrar viðleitni af hálfu stjórnarflokkanna og hæstv. ríkisstj. til þess að láta líta svo út sem nú eigi að fara að starfa eitthvað skipulegar en gert hefur verið og nú eigi að fara að taka upp einhvers konar skipulag og áætlanir. Þetta hefur komið fram með ýmsum hætti hér á hæstv. Alþ. að undanförnu. Ég skal ekki eyða tímanum í að rekja það, það má nú nefna þá alkunnu skipulagstiltekt hæstv. ríkisstj., þegar nú er talin á því hin mesta nauðsyn að loka einhverju talsverðu af þeim frystihúsum, sem byggð hafa verið á undanförnum árum. Að vísu teljum við sumir, að þar sé svolítið öfugt að farið og hefði nú átt að hugsa um skipulag svolítið fyrr, en það er nú annað mál. Umr., sem hér urðu á hv. Alþ. fyrir páskana um sjávarútvegsmálin, vörpuðu líka ljósi á það stjórnleysi og skipulagsleysi, sem verið hefur á málum á því sviði. Og í framhaldi af því birtist svo frv. frá allmörgum hv. þm. Sjálfstfl. um að setja nú á stofn nýtt apparat til þess að finna út einhverja stefnu í sjávarútvegsmálum. Einn lið í þessari viðleitni hæstv. ríkisstj. til þess að villa á sér heimildir má nefna frv. til l., sem lagt var fram í hv. Ed. nú fyrir nokkru, um skipulag framkvæmda á vegum ríkisins. Alvaran á bak við það var nú ekki meiri en svo, að þegar til kom, var ekki ætlunin að afgreiða það frv., og það má nú raunar segja í því tilfelli, að það var bættur skaðinn, því þó að meginhugsunin, sem á bak við það frv. liggur, sé rétt og eðlileg, er frv. svo illa úr garði gert, að það var óhugsandi, að hægt væri að samþ. það nema með mjög verulegum breytingum.

Nú, og síðasta viðleitnin frá hæstv. ríkisstj. í *þessu efni er svo sú skýrsla, sem hæstv.* fjmrh. hefur gefið í dag, til þess að láta líta svo út sem hæstv. ríkisstj. ætli að fara að vinna eftir áætlun og nú hefur verið lagt fram það, sem kallað er framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1967, en fjórðungur liðlega af því ári er nú raunar þegar liðinn. Þegar talað er um framkvæmdaáætlun, er þýðingarmikið, að menn geri sér grein fyrir, hvað menn eiga við, þegar um það er talað. Minn skilningur á slíku hefur alltaf verið sá, að þar sé um að ræða áætlun, sem feli í sér stefnumótun — feli í sér markmið, sem keppt skuli að, og þeim tækjum, sem þjóðfélagið ræður yfir, skuli einbeitt skv. þeirri áætlun að þeim markmiðum. Því fer víðs fjarri, að hér sé um slíka áætlun að ræða eða neitt þvílíkt, enda kom það greinilega fram í máli hæstv. fjmrh., að hér er um allt annars konar áætlun að ræða. Hér er um að ræða getgátur um það, hvað muni gerast, ef heldur áfram svo sem horfir. Þetta kom fram í orðalagi hæstv. ráðh. líka, þegar hann var að skýra frá þeim tölum, sem hann birti fyrir árið 1967, þá sagði hann: „eins og telja má sennilegt, að það verði“ í einu tilviki. Í öðru tilviki sagði hann: „Sennilegt er, að þetta muni reynast“ svo og svo. Þetta kalla ég ekki framkvæmdaáætlun. Þetta er getgáta um það, hvað muni verða uppi á teningnum í stjórnleysisástandinu, enda er sannleikurinn sá, að eins og hæstv. ríkisstj. hefur hagað málum, er næsta lítill grundvöllur fyrir gerð framkvæmdaáætlana af því tagi, sem ég er að tala um, sem eitthvert hald eða gagn væri í.

Það hefur komið fram af hálfu forstjóra Efnahagsstofnunarinnar við ýmis tækifæri, en sú stofnun er væntanlega sú eina, sem hugsanlega gæti gert eitthvað í þessa átt, að Efnahagsstofnunin hafi engin tök á því að gera raunverulegar framkvæmdaáætlanir, eins og

hennar högum sé nú háttað. Það hefur heldur ekki farið fram nein rannsókn né athugun á fjárfestingarþörfum eða framkvæmdaþörfum í atvinnuvegunum. Einn alvarlegasti þátturinn í þróun framkvæmdamála á undanförnum árum er það mikla misvægi, sem hefur átt sér stað milli þróunar í einstökum þáttum atvinnulífsins. Hér verður ekki vart við neina tilburði til þess að rétta þann halla af eða leiðrétta það misvægi. Hér er raunar ekki um neina stefnu að ræða. Hér er um að ræða áætlun um það, hvað mikið fé ýmsir opinberir sjóðir þurfi til þess að láta hlutina veltast áfram með svipuðum hætti og gert hefur verið. En útlánastefna er engin, hvorki í þessu né öðru. Hæstv. ríkisstj. hefur haft mikla trú á því hagstjórnartæki, sem hún kallar ráðstafanir í peningamálum, þ. e. a. s. binding sparifjár, útlánatakmarkanir hjá bönkum og lánastofnunum, en að nokkur stefna hafi nokkurn tímann verið lögð um það, hvernig útlánum skuli í rauninni hagað, að hvaða marki lánapólitík í landinu skuli yfirleitt stefna, það hefur aldrei skeð, það er víðs fjarri og slíkt er ekki heldur hér að finna. En kjarni málsins í þessu sambandi er ekki fólginn í þeim krónufjölda, sem látinn er renna í gegnum ákveðna sjóði, til þess að framkvæma eitthvað, sem menn hafa í rauninni ekki gert sér hugmynd um, hvað skuli vera, heldur í hinu, hvernig þeir fjármunir, sem notaðir eru, nýtast.

Í frv., sem ég nefndi áðan, um skipulag á framkvæmdum ríkisins, er að finna nokkra lýsingu á því, hvernig fjármunirnir nýtast í því efnahagsástandi, sem hér hefur ríkt að undanförnu. Þar segir m. a. í skýrslu til fjmrh. frá þeirri n., sem hefur undirbúið það frv.: „Til grundvallar skipunar n. um opinberar framkvæmdir mun hafa legið sú vissa, að opinberar framkvæmdir hér á landi séu að jafnaði dýrari en vera þyrfti. N. telur þessa ályktun rétta og telur liggja til þess fjölmargar orsakir, sem hún telur ógerlegt að gera tæmandi grein fyrir. Viðleitni til að finna slíkar orsakir og fyrirbyggja þær hlýtur eðli málsins samkv. að vera verk, sem er óaðskiljanlegur hluti vinnunnar við undirbúning verka og framkvæmd þeirra, og verður aldrei lokið.“ Enn fremur segir: „Nokkrar helztu orsakirnar vill n. draga saman hér á eftir, orsakir, sem lúta að stefnu í fjármálum opinberra framkvæmda. Ráðizt er í fleiri framkvæmdir í einu en fjármagnið leyfir, sem til þeirra er veitt, svo að unnt sé að halda hverju verkefni áfram með þeim hraða, sem nauðsynlegur er, til að hagkvæm framkvæmd verkanna geti átt sér stað. Þessi aðferð hefur keðjuverkandi áhrif, sem öll leiða til óhæfilegs kostnaðar hvers mannvirkis og fækkunar þeirra mannvirkja, sem lokið er ár hvert. Sífelldur fjárskortur veldur töfum, sem verða beinn kostnaðarauki og draga auk þess verk óeðlilega á langinn og valda þannig óbeinum aukakostnaði. Fjárskortur veldur því, að hugsun þeirra, sem framkvæma verkin, beinist meira að fjáröflun en góðri nýtingu fjárins. Fjárskorturinn leiðir viljandi eða óviljandi til heimildarlausra fjárskuldbindinga og samsafns af reikningum, sem ekki eru tök á að greiða, þegar þeir eru gjaldfallnir.“

Þetta fjallar um framkvæmdir þess opinbera, en það liggur auðvitað í hlutarins eðli, að þetta getur alveg eins átt við ástandið í framkvæmdamálum þjóðarinnar yfirleitt, þegar engin viðleitni er sýnd til þess að raða framkvæmdaverkefnum upp í hæfilega forgangsröð, með tilliti til þarfa þjóðfélagsheildarinnar. Við höfum raunar dæmi um það frá næstliðnum árum, hver áhrif þessa ástands verða hér. Rétt fyrir seinustu kosningar birti hæstv. ríkisstj. þjóðhags- og framkvæmdaáætlun og sú áætlun, eða réttara sagt fjáröflunin í sambandi við hana, var að verulegu leyti byggð á erlendri lántöku. Það eru ófagrar sögur af því, hvernig því láni var í einstökum tilfellum varið. Ég skal nú ekki fara út í það, en víst er um hitt, að þegar það fé var sett út á framkvæmdamarkaðinn, án þess að neinar ráðstafanir væru gerðar til að tryggja, að það þýðingarmesta kæmist fram, þá verkaði þetta auðvitað eins og olía á verðbólgueldinn með svipuðum hætti og lýst var í þeim kafla, sem ég las úr skýrslu n., sem undirbjó frv. um skipulag framkvæmda á vegum ríkisins, hér áðan. Fjármagnið ézt upp í óstjórninni, í verðbólgunni, sem leiðir af skipulagsleysinu, ef ekki er reynt að skapa stefnu og hafa forystu í framkvæmdamálum þjóðarinnar. Ríkisvaldinu er skylt að marka þá stefnu og veita þá forystu.

Sú skýrsla, sem hér hefur verið gefin, og þau plögg, sem henni fylgja, virðast ekki benda til þess, að hæstv. ríkisstj. geri sér þessa staðreynd ljósa. Þess vegna er hér ekki um að ræða framkvæmdaáætlun í þeim skilningi, sem þarf að leggja í það orð, í þessu felst engin stefna, það felast getgátur um það, hvað ske muni, ef haldið er áfram svo sem horfir, og það fer nú að verða fleirum og fleirum ljóst, að ekki verður hjá því komizt að taka þessi mál öðrum tökum en gert hefur verið. Kjarni málsins er ekki fólginn í því, hvort hægt er að kría út innanlands eða utan einhverjar lánskrónur til þess að skrifa á blað, að þessar krónur megi nota fyrir þessu eða hinu. Kjarni málsins er ekki fólginn í því, heldur í hinu, hver framkvæmdageta þjóðarinnar í raun og sannleika er, við hana miðast það, sem við getum komið í framkvæmd. Og á undanförnum árum er það alveg ljóst, eins og greinilega kom fram í því nál., sem ég áðan las, að það hefur verið bruðlað með framkvæmdagetu þjóðarinnar. Framkvæmdagetan markast af því vinnuafli, þeim vélum og þeirri verktækni, sem þjóðin hefur yfir að ráða, og það verkefni, sem við stönd-

um frammi fyrir í þessu sambandi, er tvíþætt, annars vegar að auka framkvæmdagetuna svo sem mest má verða með bættri verktækni, auknum vélbúnaði, og við það verður að miða fjármála- og útlánastefnu í landinu, og hins vegar að tryggja það, að framkvæmdagetan nýtist til fulls við þau verkefni, sem þjóðinni í heild eru nauðsynlegust.

Viðleitni í þessa stefnu hefur ekki komið fram hjá hæstv. ríkisstj., hvorki nú eða í annan tíma. Þess er sjálfsagt ekki af henni að vænta, miðað við það, sem á undan er gengið, en eigi að síður hlýtur að verða að harma það.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú gefið hér mjög ýtarlega skýrslu um ýmsa mikilvæga þætti fjármálalífsins, og er það þakkarvert út af fyrir sig, en þó þykir mér talsverður galli vera á í sambandi við þessa skýrslugjöf.

Ég hef nokkrum sinnum áður fundið að því hér á Alþ., hvernig hæstv. ríkisstj. hefur staðið að því að semja framkvæmdaáætlanir fyrir hin einstöku ár og hver afstaða ríkisstj. hefur verið varðandi þessi verk til Alþ. Þessi ýtarlega skýrsla, sem hæstv. fjmrh. hefur nú gefið, er því aðeins góð og eðlileg, að það gefist eitthvert tækifæri til þess hér á Alþ., að þessi skýrsla verði rædd, og að þm. gefist kostur á því að fá upplýsingar um fjölmörg atriði, sem þessi skýrsla fjallar um og þeir hafa ekki aðstöðu til að ræða við ríkisstj. En mér sýnist alveg augljóst, að eins og staðið er að þessu máli nú, gefst ekki kostur á að ræða þessa skýrslu á þennan hátt. Þessi langa og ýtarlega skýrsla kemur nú á síðustu dögum þingsins, þegar mikið er þó eftir ógert í þinginu og ég þykist alveg vita, að það muni ekki vinnast tími til þess að fá eðlilegar umræður hér á Alþ. um þetta mál.

Þann þátt skýrslu hæstv. ráðh., sem fjallaði um efnahagsþróunina á undanförnum árum, get ég fyrir mitt leyti verið ásáttur um að leiða alveg hjá mér núna, þó að vissulega væri ástæða til að ræða þær ályktanir, sem hann dró þar af ýmsum tölum. Þar er verið að fjalla um það, hvað hafi verið að gerast í efnahagsmálum þjóðarinnar á undanförnum 5 árum, og hæstv. ráðh. var þar að gera nokkurn samanburð á því, hver útkoman hefði orðið í ýmsum greinum, borið saman við það, sem spáð hafði verið í þjóðhagsáætluninni, sem ríkisstj. lagði hér fram fyrir allmörgum árum síðan. Ég býst við, að þessi þáttur verði m. a. ræddur í almennum stjórnmálaumræðum, sem fara fram innan skamms, og mega því gjarnan, eins og komið er a. m. k., liggja hér að mestu milli mála umræður um þann þátt.

En svo var annar þáttur í ræðu hæstv. ráðh., sem fjallaði um framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir yfirstandandi ár, 1967, og það er alveg sérstaklega þessi þáttur, sem ég tel að eigi að ræðast hér á Alþ. og það sé í rauninni vanvirða við Alþ. að bjóða því upp á það ár eftir ár, að Alþ. geti ekki fengið að ræða þennan mikilvæga þátt í fjármálum ríkisins. Sú þróun hefur gengið yfir á undanförnum árum, að fleiri og fleiri þættir, sem varða ríkisbúskapinn, eru raunverulega teknir út af valdsviði Alþ. og Alþ. hefur ekkert orðið með þá að gera, og þar tekur ríkisstj. sér svo að segja sjálfdæmi um það, hvernig skuli ráðstafa stórum fjárfúlgum á hverju ári. Það er nú orðið gert í gegnum þessa framkvæmdaáætlun. Fyrst framan af hafði þessi ríkisstj. þann hátt á, að hún samdi þessar framkvæmdaáætlanir án þess að gera Alþ. einu sinni grein fyrir þeim. Að þessu fann ég á sínum tíma, þegar þingmenn gátu ekki einu sinni fengið í hendur afrit af þessari þýðingarmiklu áætlun. Síðan kom þó það frá hæstv. ríkisstj., að hún fór að gera Alþ. stutta grein fyrir framkvæmdaáætluninni og leggja fram nokkrar tölur til upplýsinga um það, hvað væri að finna í þessari framkvæmdaáætlun, og það var til bóta. En enn er sá háttur hafður á, að ríkisstj. kemur með þessa mikilvægu áætlun og tilkynnir hana þinginu svona um það leyti, sem þingið er að leysast upp og þm. að fara heim. Þetta er ósæmilegt að mínum dómi. Þetta ber að víta. Svona á ekki að vinna að þessum málum.

Reynslan er sem sagt orðin sú, að t. d. fjárveitingar, sem Alþ. hefur ákveðið til hinna ýmsu framkvæmdaþátta í landinu með afgreiðslu fjárlaga, eins og fjárveitingar til hafnargerða, segja ekki nema litla sögu um það, hvað á að gera í hafnarmálum í landinu á viðkomandi ári. Þessi framkvæmdaáætlun, sem kemur á eftir, tekur að vísu sumar af þeim fjárveitingum, sem Alþ. hefur ákveðið til hafnarframkvæmda á hinum ýmsu stöðum. Sumar af þessum fjárveitingum eru teknar og látnar koma inn á framkvæmdaáætlun og ríkið útvegar svo fé annars staðar, þar sem ríkið ræður yfir því og bætir þar við miklu á þennan stað, engu á hinn staðinn o. s. frv., og eftir því skal síðan unnið að hafnarframkvæmdum í landinu á árinu. Þetta kalla ég að draga vald úr höndum Alþ. og það er vitanlega nauðsynlegt að mótmæla því, að þetta sé gert á þann hátt, sem það er gert nú. En þetta er ekki aðeins um hafnarmál. Þessu er einnig svona varið um skólamál, sjúkrahúsabyggingar og vegaframkvæmdir nú orðið, og stórfelldar ráðstafanir í gegn um ýmsa stofnlánasjóði í landinu, en ríkið aflar til þess arna fjár með ýmsum hætti. Það tekur ekki aðeins þær fjárveitingar, sem hafa verið ákveðnar til þessara einstöku þátta í gegnum fjárlög. Nei, nú er t. d. gert ráð fyrir því, að ríkissjóður bjóði út sérstakt skuldabréfalán innanlands upp á 125 millj. kr., með sama hætti og á undanförnum árum, og auðvitað rennur lánið út á nokkrum dögum, því að þetta eru sérstök vildarkjör og ríkisstj. stendur uppi með þessar 125 millj. kr., og svo ákveður hún bara sjálf, 20 millj. af

þessu fara í þetta og 30 millj. í hitt, og hún þykist góð nú orðið að koma og segja Alþ. frá því, að þetta hafi hún gert við peningana, rétt um það leyti, sem Alþ. er að standa upp og fara heim. Og það eru ekki aðeins þessar 125 millj. kr. Hún semur við bankakerfið í landinu, sum árin um það, að bankarnir láni til þess að standa undir framkvæmdum framkvæmdaáætlunarinnar 100 millj. kr., nú er gert ráð fyrir 70 millj. kr., og á þennan hátt ráðstafar ríkisstj. þessu og nokkrir fulltrúar með henni. Og svona er þetta sem sagt gert í fjölmörgum tilfellum.

Hér er um stóran hluta af fjárveitingavaldinu í landinu að ræða, sem ríkisstj. tekur bara í sínar hendur og Alþ. er tekið hér í framhjáhlaupi. Væri sá háttur hafður á, að þessi framkvæmdaáætlun fyrir viðkomandi ár væri lögð fram á Alþ. á eðlilegum tíma í upphafi árs, eins og eðlilegt er vitanlega um áætlun fyrir yfirstandandi ár, og Alþ. fengi að ræða áætlunina og menn fengju að koma fram sjónarmiðum sínum og jafnvel gera till. um hina einstöku liði, og það ynnist einhver tími hér á Alþ. til að ræða og fjalla um málið, væri hér eðlilega staðið að, en þessi vinnubrögð, sem hafa viðgengizt nú um nokkurra ára skeið, tel ég alveg forkastanleg.

Ég er hins vegar ekki á móti því, að slík framkvæmdaáætlun sé gerð, síður en svo, það er til bóta að gera slíka áætlun til að reyna að gera sér sem bezta grein fyrir því, hvað á að gera í hinum einstöku framkvæmdaþáttum og hvernig á þá að útvega nægilegt fé, til þess að hægt sé að standa við þessar áætlanir. Þetta er til bóta, og þetta er alltaf að lagast í rauninni í framkvæmd, en það er bara staðið rangt að þessu og Alþ. er lítilsvirt með þessum vinnubrögðum. Á þetta hef ég bent hér margsinnis áður, og ég hlýt að finna að þessu enn þá einu sinni. En vegna þess að ég veit, að hér er í rauninni ekki ætlazt til langra umræðna um þessi mál, skal ég ekki fara langt út í þau að þessu sinni, enda er komið fram að kvöldmatartíma og fundur á aftur að hefjast hér kl. 9. En það er eitt atriði, sem mig langar til að gera fsp. út af, varðandi þessi gögn, sem við vorum að fá á borðið til okkar í dag, og varðandi þessa mikilvægu áætlun, og það gæti þá verið svona aðeins sem sýnishorn af því, að það sé þörf fyrir þm. að fá að spyrja um einstaka mikilvæga hluti í svona áætlun. Hér í þessum plöggum er minnzt á svonefnda byggingaráætlun ríkisins, sem hæstv. fjmrh. minntist líka nokkuð á, og við vitum, að þar er um að ræða, að ríkisstj. hefur fyrir rúmu ári síðan gert sérstakan samning við verkalýðsfélög hér í Reykjavík og nágrenni um það, að hún skuli sjá um, að efnt verði til sérstakra íbúðarhúsabygginga hér í Reykjavík og byggðar skuli skv. þessari áætlun 250 íbúðir á ári í næstu 5 ár, eða 1250 íbúðir alls, og að lánakjör á þessum íbúðum skuli vera með allt öðrum hætti en nú eru almennt á íbúðum í landinu. En það er gert ráð fyrir með þessum samningi, að ríkið skuli sjá um, að lán fylgi hverri íbúð, sem nemi 80% af stofnkostnaði íbúðarinnar. Nú er gert ráð fyrir því, að á yfirstandandi ári, 1967, verði unnið að fyrsta áfanga þessarar byggingaráætlunar og eftir því, sem mér hefur skilizt, er gert ráð fyrir að byggja á þessu ári 330 íbúðir. Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að 330 íbúðir, sem á að byggja skv. þessum samningi á þessu ári, geta varla kostað undir 280—300 millj. kr., og 80% af þeirri upphæð verða eitthvað talsvert yfir 200 millj., á því er víst enginn vafi, líklega 240—250 millj. kr., sem þarf að útvega að láni skv. þessum samningi. Nú er í þessari grg., sem hér liggur fyrir, dálítið einkennilega farið með upplýsingar varðandi þetta mál. Hér sé ég fyrir framan mig dálk og yfir honum stendur: Á árinu 1967 er áætluð fjárþörf byggingaráætlunar ríkisins 210 millj. kr. Látum nú vera, að það sé nóg, en það þykir ástæða til að setja þessa tölu í sviga, eina allra í öllum þessum upplýsingum. Og svo í næsta dálki á eftir stendur: Til ráðstöfunar eru 180 millj., í sviga. Og svo í næsta dálk þar á eftir segir: Fjárþörf til þessara framkvæmda 30 millj. og upplýsingar eru gefnar um það, að búið muni vera að útvega þessar 30 millj. frá atvinnuleysistryggingasjóði. Nú spyr ég: Hvaðan koma hinar 180, þær sem í sviga standa? Hvaðan kemur þetta fjármagn? Við höfum hvergi fengið neinar upplýsingar um það, hvaðan þetta fé á að koma. Ég læt mér ekki til hugar koma, að ríkisstj. hugsi sér slíka fásinnu, að hún ætli sér að taka þessar sérstöku byggingar, þann kostnað, sem hlýzt af þessum sérstöku byggingum, af því fjármagni, sem almennt hefur verið í húsnæðismálakerfinu til lánveitinga um allt land. Slíkt væri vitanlega algjör svik á því samkomulagi, sem gert var við verkalýðsfélögin, því að þau voru vitanlega að semja fyrir sig um sérstakar framkvæmdir með sérstökum kjörum, en þau voru ekki að semja um að taka það fjármagn af öðrum, sem eru að byggja húsnæði í landinu, sem nú skortir stórlega fé. En þá spyr ég: Hvaðan kemur þetta fé? Á það minntist hæstv. fjmrh. ekki á neinn hátt í sinni ræðu og þau gögn, sem hér liggja fyrir, gefa engar upplýsingar um það, en það er vitanlega full ástæða til þess nú, þegar á að fara að byrja að byggja og það á að byggja svona mikið, eins og hér er um að ræða, eftir sérstökum samningi, og það er beinlínis á vegum ríkisins, að upplýsingar séu gefnar um það. Hvaðan á þetta fé að koma? Hvernig á að útvega þetta fé? Nú spyr ég hæstv. fjmrh. og vænti, að hann gefi hér upplýsingar um það.

Þó hér væri nú margt annað, sem ég vildi gjarnan spyrja um og ræða, skal ég ekki gera það að þessu sinni, vegna þess að ég sé, að það er í rauninni enginn tími til þess nú, en e. t. v. gefst þá tími síðar til þess að ræða þessi mál hér miklu nánar.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 8. apríl, var fram haldið umr. um skýrslu fjmrh.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hélt hér í gær langa ræðu, sem var skýrsla um framkvæmdir væntanlegar á þessu ári, einkum ríkisframkvæmdir og framkvæmdir bæjar- og sveitarfélaga og raunar nokkra aðra fjárfestingarþætti og um fjármál og lánamál, einkum í sambandi við þetta.

Þessi skýrsla gæti auðvitað gefið tilefni til mikilla umr. almennt um fjármála- og lánamálastefnu hæstv. ríkisstj. og stefnu í fjárfestingar- og efnahags- og raunar atvinnumálum einnig, en vegna þess að framundan eru almennar umr. um þessi efni, mun ég ekki ræða hér almennt um þessi mál að neinu ráði.

En ég vil þó láta í ljós þá skoðun mína, að í þessari ræðu hæstv. ráðh. kom ekki fram nein stefnubreyting frá því, sem verið hefur, en þó má segja, að eitt hafi verið sérstaklega fréttnæmt eða sem til tíðinda megi telja í ræðu hæstv. ráðh., og það var sú yfirlýsing hans, að ríkisstj. mundi ekki leggja fram áætlanir fram í tímann, hefði sem sagt gefizt upp við að áætla framkvæmdir fram í tímann og bundið sig eingöngu við þetta ár. Hefði sem sagt horfið frá því að gera áætlanir til lengri tíma.

Mér finnst það mega telja til tíðinda, að hæstv. ráðh. færði fram, að ástæðan væri óvissan um framtíðina, óvissan, sem nú væri ríkjandi um ástandið í efnahags- og verðlagsmálum. Þetta finnst mér vera nokkur tíðindi, þegar þess er gætt, að því hefur verið mjög fast haldið að okkur, að komin væri í gildi verðstöðvun og skilyrði væru sérstaklega glæsileg til þess að hún gæti staðið áfram. En þetta er það, sem við höfum fram að þessu heyrt úr herbúðum hæstv. ríkisstj. og skýtur það nú nokkuð skökku við, þegar hér kemur fram hátíðleg yfirlýsing af hendi hæstv. ríkisstj. um, að hún hafi horfið frá þeirri stefnu að reyna að gera áætlanir fram í tímann vegna óvissunnar, sem ríkir í þessum málum, en það hlýtur að vera átt við óvissuna í verðlagsmálum og grundvallarmálum atvinnulífsins, því að tæpast getur ríkt meiri óvissa heldur en verið hefur og ætíð er um aflabrögð og annað því um líkt. Með óvissunni hlýtur að vera átt við þessa þætti. Ég vek aðeins athygli á þessu, af því að mér fannst þetta helzt til tíðinda í ræðu hæstv. ráðh. og nokkuð athyglisvert, án þess að ég vilji fara út frá þessu að leggja út í nokkrar almennar umr. um þessi málefni. Ég hefði þó raunar ekki kvatt mér hljóðs, ef það hefði ekki verið til þess að benda á annað í leiðinni. Ég hefði vel getað látið það bíða að benda á þessar fréttir, sem þó hljóta að þykja stórtíðindi að vísu, og að vissu leyti marka kannske tímamót í þeim umr., sem framundan eru, og það er þýðingarmikið að hafa þennan grundvöll eða þessa grundvallaryfirlýsingu hæstv. ráðh. til þess að byggja þær umr. á, og hygg ég, að sá grundvöllur að umr. sé miklu traustari en þær fullyrðingar, sem áður hafa komið í gagnstæða stefnu frá hæstv. ríkisstj., og nær sannleikanum í þessum málum. En ég hefði samt getað látið þetta bíða og hefði gert það, ef ekki hefði verið annað aðalerindi.

Hæstv. ráðh. gerði grein fyrir væntanlegri heildarfjárfestingu á þessum liðum, sem hann fjallaði um, og gerði ráð fyrir því, að hún ætti nokkuð að hækka í heild og þá einkum vegna þess, að nú kæmu til greina verulegar framkvæmdir vegna Búrfellsvirkjunar og álverksmiðju. Mig minnir, að hann teldi, að þessar framkvæmdir væru um 960 millj. kr. eða tæpar 1000 millj. og einn aðalþátturinn í því, sem hæstv. ráðh. flutti, var sá, ef ég hef skilið hann rétt, að með þessum framkvæmdum flyttist mikið erlent fjármagn inn í landið og því mætti ekki gera ráð fyrir erlendum lántökum í öðru skyni eða a. m. k. reikna mjög varlega með erlendum lántökum í öðru skyni, og það kæmi tæpast til að flytja inn erlent fjármagn, meira en þetta, inn í kerfið og þess vegna yrði að finna fé innanlands í annað. Ég skildi það svo, að hugsanagangurinn væri þessi. Út frá þessu sjónarmiði sýnist svo hafa verið leitað leiða til þess að ná fé til að standa undir kostnaði við þær framkvæmdir, sem voru á lista hæstv. ráðh.

Vitanlega þýðir þetta það, að ef ekki á að taka nein erlend lán, vegna þess að mikið erlent fjármagn er flutt inn í landið í álverksmiðjuna og Búrfellsvirkjunina, en fjárfesting fyrir utan þessa liði á að halda sér, að það verður að koma fé úr lánakerfinu annars staðar og hvílir þá þyngra á því.

Nú skýrði hæstv. ráðh. frá þeim fyrirætlunum, að ríkisstj. ætlaði að semja við eða réttara sagt láta, ég held að það sé nú réttara að orða það þannig, ætlaði sér að láta viðskiptabankana leggja 10% af sparifjáraukningunni inn í fjárfestingarlánin, en það var gert í fyrra. Jafnframt sagði hæstv. ráðh., að ætlunin væri að bjóða út spariskírteini eða ríkisskuldabréf með sérstökum hlunnindum, sem öruggt er að selja, fyrir 125 millj. eða 25 millj. kr. meira en í fyrra. Nú er það alveg vitað mál, að ef sala þessara spariskírteina vex, þá er það tekið af sparifénu að miklu leyti. Og ef skírteinasalan er aukin, þýðir það í raun og veru að mestu leyti, að viðskiptabankarnir fá þeim mun minna sparifé til sín. Nú er það í þriðja lagi upplýst, að sparifjáraukningin er miklu minni nú en verið hefur, en samt sem áður er viðskiptabönkunum ætlað að leggja 10% í fjárfestingarplanið og auka sölu sparifjárskírteinanna, og þá kemur spurningin: Hvernig eiga viðskiptabankarnir að standast þetta, sem í vændum er, en viðskiptabankarnir eru í raun og veru fyrst og fremst reksturslánabankar, því að þeirra hlutverk er að lána rekstursfé.

Hvernig verða þessar stofnanir útleiknar

eins og nú horfir eða hvernig verða þær búnar undir það að sjá atvinnuvegunum og fyrirtækjunum í landinu og öðrum fyrir því lífsnauðsynlega rekstursfé, sem þarf til þess að halda þjóðarbúskapnum, ekki bara gangandi, heldur í fullu fjöri og fullu lífi, þannig að það verði ekki lömun í atvinnurekstrinum, ef þessar fyrirætlanir ná fram að ganga við minnkandi sparifjárinnlög, tregari aukningu sparifjármagnsins.

Ég sé ekki betur en þessar fyrirætlanir stefni beint að því, miðað við það ástand, sem verið hefur undanfarið, að taka í stórkostlegum mæli rekstursféð frá atvinnuvegunum og frá fyrirtækjunum og frá framleiðslunni og annarri starfrækslu í landinu, taka í stórum stíl rekstursféð frá þessum aðilum og leggja það inn í fjárfestinguna.

Ég vara mjög alvarlega við þessari stórhættulegu stefnu, eins og nú er ástatt um atvinnureksturinn og lánapólitíkina, ekki síst reksturslánapólitíkina og aðstöðu viðskiptabankanna. Ég vara mjög alvarlega við þessari stefnu og ég tel hana óframkvæmanlega, án þess að af verði hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir þjóðarbúskapinn og afkomu þjóðarinnar í heild, og fyrir einstök fyrirtæki, því að þetta getur ekki þýtt annað en það, að mörgum hinum lífvænlegustu fyrirtækjum landsins verði gert nálega ófært að starfa, enda vitum við það, hvernig ástatt er í þessum efnum nú þegar. Hér kreppir skórinn svo alvarlega að varðandi rekstursfé fyrir fjöldann allan af vel stæðum fyrirtækjum, að það er þjóðfélagslegt vandamál og það hlýtur að vaxa stórkostlega á næstu mánuðum, ef þessar fyrirætlanir ná fram að ganga. Ég álít því, að þessi leið sé ófær, og að ekki sé hægt að framkvæma þetta á þessa lund.

Ef hæstv. ríkisstj. ætlar að halda sig við það að láta viðskiptabankana leggja fram þessa peninga og ætlar að gefa út þessi spariskírteini og setja þau inn á markaðinn þrátt fyrir það, hvernig ástatt er með reksturslánin og reksturinn yfirleitt, verður um leið að minu viti að minnka sparifjárbindinguna. Og ég vil koma þessu alveg sérstaklega á framfæri, að þá verður að minnka sparifjárbindinguna. Það er óhugsandi að framkvæma þetta þannig að taka rekstursféð frá fyrirtækjunum og leggja það nú allt í einu inn í fjárfestinguna.

Að vissu leyti er hér um að ræða afleiðingar frá hinu erlenda fjárfestingarfjármagni, sem kemur inn í landið, eins og ég sagði hér áðan, því að vegna þess að mikið erlent fjármagn kemur inn í landið, segir ríkisstj.: Það má ekki taka erlend lán og þá verður að taka þetta fé úr lánakerfinu sjálfu hér innanlands. Látum vera, að það þurfi að taka það úr lánakerfinu, en þá er a. m. k. ekki hægt að taka það frá reksturslánabönkunum eða frá viðskiptabönkunum eins og nú standa sakir, án þess að slá fæturna undan sjálfum sér.

Auðvitað er komið alveg gífurlegt vandræðaástand í landinu, það hlýtur að vera öllum ljóst. En að ætla sér að mjólka á þennan hátt viðskiptabankana og bjarga sér á því, það er svona álíka eins og ætla að spara við mjólkurkýrnar og auka tekjur sínar með því, þegar allt væri komið í vanda.

En ég hygg, að höfuðatriðið sé nú að halda til mjólkurkúnna og það sé í þessu tilfelli að reka skynsamlega reksturslánapólitík og á þann veg, að fullnýta megi alla þá möguleika, sem fyrirtæki landsins hafa til þess að spjara sig, hvort sem þau eru í þjónustugreinum, framleiðslugreinum eða öðrum greinum. Það hygg ég, að sé nú aðalatriðið, en hitt muni bera ógæfuna í sér alveg fullkomlega að ætla sér að kaupa sig út úr þessu með því að þrengja að þessum aðilum. Og ég bendi þess vegna á það, að ef hæstv. ríkisstj. vill ekki hverfa frá þessum fyrirætlunum og taka fjárfestingarfé að einhverju verulegu leyti úr Seðlabankanum í staðinn fyrir að reyna að klípa þetta af rekstrarlánunum, ef hún ekki vill gera það, þá er ekki um neitt annað að ræða en minnka sparifjárbindinguna, minnka það, sem dregið er af sparifjáraukningunni inn í almennan rekstur Seðlabankans eða þá að auka endurkaup á afurðavíxlum og hjálpa þannig til að leysa þennan hnút og taka til að kaupa af iðnaðinum víxla í gegnum viðskiptabankana.

En það er ekki hægt að gera þetta svona, og ég skora á hæstv. ríkisstj. að endurskoða þessi mál og skilja það, að það er ekki hægt að gera þetta á þessa lund og ef hún heldur alveg fast við að taka þetta fjárfestingarfé af viðskiptabönkunum og selja spariskírteinin, þá verður hún að bæta viðskiptabönkunum það upp og þar með atvinnulífinu með því að minnka á móti þá almennu bindingu af sparifjáraukningunni eða breyta endurkaupapólitíkinni þannig, að það sé endurkeypt meira en verið hefur nú um sinn og m. a. tekið til að endurkaupa víxla af iðnaðinum. Einhverjar slíkar ráðstafanir verður að gera.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri meiningin að framkvæma þessi mál þannig, að það truflaði ekki eðlilega starfsemi viðskiptabankanna og það er út af fyrir sig gott að segja slíkt, en ég fullyrði, að það er ekki hægt að gera það á þann hátt, sem þarna er fyrirhugað, þ. e. án þess að trufla hættulega þá starfsemi. Auðvitað veit ég vel, hvað hæstv. ráðh. segja eða þeirra menn. Þeir segja það, að ef það væri eitthvað slakað til í þessu efni, þýddi það meiri þenslu og halla í viðskiptunum við útlönd. En ég segi, að það verði að halda þeim atvinnurekstri við, sem í landinu á að fara fram, og grundvallaratriðið sé þó það að nýta alla þá möguleika, sem við höfum, en láta ekki vanta rekstursfé til þess að það sé hægt, og þetta verður að sitja fyrir og það verður að gera, hvað sem tautar.

Halli verður auðvitað nú, hvernig sem farið verður að. Það er búið að koma þessum málum þannig, að hallinn blasir við, hvernig sem farið verður að. Það verður halli á ríkisbú-

skapnum og áreiðanlega halli í viðskiptunum við útlönd. Það er aðeins, hvernig hægt er að koma því svoleiðis fyrir, að hallinn verði sem minnstur og hann standi sem stytzt, en halli verður á næstunni og hann stórfelldur. Það hefur verið þannig búið í þennan pott, það sjáum við allir, enda linnir ekki yfirlýsingunum úr herbúðum hæstv. ríkisstj. um það, að það hljóti að verða halli á búskapnum allavega.

Það tekur svo alveg steininn úr, ef á að reyna að komast út úr þessu með því að slá undan sér fæturna, en það er að slá undan sér fæturna að þjarma að atvinnurekstrinum og lífvænlegum fyrirtækjum, en þau eru nú þegar í stórkostlegum vandræðum í stórhópum og það jafnvel sum af allra beztu fyrirtækjum landsins og sem bezt hafa þjónað. Þau eru í stórhópum í stórvandræðum vegna rekstursfjárskorts, og sú stefna að klípa af rekstursfénu getur ekki leitt út úr vandanum. Hún skrúfar okkur sífellt dýpra niður í fenið og gerir þeim fyrirtækjum, sem fyrir eru, lítt mögulegt að starfa. Hún skrúfar okkur lengra niður í fenið. Þess vegna þýðir ekki að svara svona uppástungu með því, að þetta sé ekki hægt, því að það auki þenslu og annað slíkt. Hér er um grundvallarmál að ræða, sem verður að leysa.

Og ég segi það að lokum alveg hiklaust sem mína skoðun, að vilji hæstv. ríkisstj. breyta til og fara heldur þá leið að hlífa viðskiptabönkunum og atvinnurekstrinum við þessu á annan hátt en með því að minnka sparifjárbindinguna, t. d. með því að láta Seðlabankann leggja meira fram í fjárfestinguna sjálfa, þá er ég líka fylgjandi þeirri leið og tel hana líka miklu skynsamlegri og á allan hátt eðlilegri eins og nú er komið heldur en það, sem hér er fyrirhugað.

Ég vildi láta þessar aths. koma fram núna strax og þessar ábendingar, m. a. til þess að þessi stefna kæmi greinilega í ljós og einnig, ef svo kynni að fara, að einhver vildi gera eitthvað með þessar ábendingar. En hvað sem því líður, vil ég segja eins og þar stendur, að ekki veldur sá, er varar við þeim afleiðingum, sem af þessari peningapólitík hljóta að verða, ef henni verður framfylgt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það væri vissulega ástæða til þess að ræða margt, sem komið hefur fram hjá þeim hv. þm., sem gert hafa frumræðu mína hér að umræðuefni, en þar sem tími er naumur, skal ég ekki fara langt út í þá sálma. Það væri út af fyrir sig fróðlegt að ræða þær hugmyndir, sem komu fram hjá hv. 6. þm. Sunnl. um áætlunargerð og hvaða marki hún eigi að þjóna. Ég vil ekki fara langt út í það, en aðeins vekja athygli á þeirri staðreynd, að það er alveg hárrétt hjá honum, að það er hægt að haga áætlunargerð með vissu móti og út frá vissum grundvallarsjónarmiðum. Það er engum efa bundið, að það er hægt að hafa meiri áhrif með áætlunargerð, sem byggist á beinum höftum og ríkisafskiptum, og það er rétt, að sú áætlunargerð, sem hefur verið stunduð hér, og það, sem ég gerði hér að umtalsefni á því sviði, er ekki með það sjónarmið í huga, heldur byggist það á því kerfi frjálsræðis í athöfnum og viðskiptum, sem tekið var upp með stjórnarstefnunni 1960 og það er að sjálfsögðu sú meginstefna, sem hefur haft áhrif á það, hvernig áætlunargerðin er útbúin. Hitt er þó ekki rétt, að þetta sé allt látið vera tilviljunum háð. Það er að vísu satt, að það er fyrst og fremst um að ræða hreina áætlun eða við getum sagt ágizkun út frá ýmsum forsendum varðandi það, hvernig þessi stefna í viðskiptamálum og fjármálum, sem tekin hefur verið upp, mundi hafa áhrif á eflingu atvinnuveganna og fjárfestingu innan þeirra á vegum einkaaðila, en að öðru leyti er um að ræða miklu ákveðnari hugmyndir og ákveðna stefnu í sambandi við fjárfestingu hins opinbera. Og það er fyrst og fremst það, sem áætlunargerðin sem slík og fjáröflun á hennar vegum hefur beinzt að. Hún hefur verið tvíþætt, annars vegar fjáröflun til framkvæmdasjóða atvinnuveganna og það hefur verið fengið á vald forráðamanna þeirra sjóða að meta það, hvað auðið væri að gera á sviði einstakra atvinnuframkvæmda og hvert ætti að beina fjármagninu, en ríkisvaldið ekki tekið það að sér í formi neinna sérstakra nefnda, eins og áður var, en á hinn bóginn hefur verið gerð ákveðin fjármagnsáætlun og fjáröflunaráætlun varðandi hinar opinberu framkvæmdir á ári hverju, og það hefur að sjálfsögðu verið um tiltekna áætlunargerð að ræða og röðun framkvæmda innan þess ramma, hvað snertir hið opinbera sjálft. Það er ekkert launungarmál, að á þessu byggist áætlunin og ég held hins vegar og um það fjallaði mín greinargerð, að það sé ekki ástæða til þess, nema síður sé, að gagnrýna það, hvernig þessi stefna hafi reynzt í framkvæmd. Hún hefur að vísu farið langt fram úr ramma áætlunargerðarinnar, sem var eðlilegt vegna þeirrar þróunar, sem verið hefur í okkar efnahagsmálum, en að öðru leyti held ég að ekki sé hægt að segja, að hún hafi þróazt með óeðlilegum hætti eða inn á óeðlilegar brautir, nema síður sé. Ég læt útrætt um það, en eins og ég sagði, þá væri það vissulega viðfangsefni út af fyrir sig að ræða um áætlunargerðir og hugsunina, sem á bak við þær liggur. Það er aðeins nauðsynlegt, tel ég, að gera sér grein fyrir því, að ef menn vilja taka þær upp með nýju formi og á þann veg, sem hv. þm. virtist helzt telja æskilegt, þá verður það ekki gert nema með auknum ríkisafskiptum í einhverju formi.

Hv. 5. þm. Austf. ræddi ýmis atriði málsins og gagnrýndi þó sérstaklega, hvernig að þessari áætlun hefði verið unnið og að þetta hefði verið utan veggja þingsins, sem þessi framkvæmdaáætlun var gerð og þinginu naumast frá henni skýrt. Þetta er að vissu leyti rétt. Þetta er vinnuplan, sem ríkisstj. hefur gert

sér varðandi þær framkvæmdir, sem nauðsynlegt er að sinna, og mat á þeirri fjáröflun, sem er talin óumflýjanleg vegna fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna hverju sinni, og sem ríkisstj. hlýtur, eðli málsins samkvæmt, hverju sinni að verða að sinna, en það er hins vegar ekki rétt, að fram hjá Alþ. sé gengið með þau atriði þessa máls, sem beinlínis varða ríkið og ríkisframkvæmdir, vegna þess að á hverju ári eru lagðar fyrir þingið till. í frv.-formi um þær lántökur, sem nauðsynlegar eru til ríkisframkvæmda, þannig að Alþ. fær að segja til um það, hvort það vill veita ríkisstj. þetta fé og þá til þeirra þarfa, sem tilgreindar eru í þessu frv. Og einmitt nú liggur fyrir Alþ. frv., þar sem óskað er eftir heimild þingsins til þeirra fjárráðstafana, sem nauðsynlegar eru vegna opinberra framkvæmda á árinu 1967. Hvort hægt er að gera Alþ. grein fyrir þessari áætlun fyrr á árinu, eins og hv. þm. lagði áherzlu á, þá kann það að vera, en reyndin hefur þó verið sú, að þetta hefur ekki reynzt kleift. Það hefur verið reynt að vinna að þessum málum eins ötullega og auðið hefur verið, en í rauninni er ekki hægt í alvöru að sinna þessu fyrr en um áramót, eftir að ljóst er um fjárveitingar í fjárlögum og fyrir liggur miðað við reynslu s. l. árs, hvernig er ástatt um fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna. Jafnframt þarf að meta horfurnar á því ári, sem áætlunin fjallar um, enda koma framkvæmdir þær, sem hér er um að ræða, yfirleitt ekki til fyrr en undir mitt ár, þannig að það veldur ekki neinni stöðnun í þeim, þó að þessi vinnubrögð séu við höfð, og ég sé ekki af minni reynslu af þessum málum, að auðið sé að haga þessum vinnubrögðum með öðrum hætti.

Hv. þm. gerði hér sérstaklega eina fyrirspurn varðandi byggingaráætlun ríkisins, þar sem hann taldi það til marks um lítinn áhuga á málinu, að tölurnar í áætluninni væru innan sviga, og sannast sagna þá er e. t. v. vafasamt að taka þetta inn í þessa framkvæmdaáætlun. Ástæðan til þess, að tölurnar eru innan sviga er sú, að hér er um algjöra bráðabirgðaáætlun að ræða, og sú áætlun er einmitt nú í endurskoðun og líkur til, að það fjármagn verði jafnvel ekki svo mikið, sem þarf á þessu ári, eins og þarna er gert ráð fyrir. Það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því, að þetta lenti að einhverju leyti á byggingarsjóði ríkisins, enda ekkert óeðlilegt. Ég tel hins vegar ekki eðlilegt, að fjáröflun til þessara framkvæmda verði til að skerða lánsfé til bygginga, t. d. annars staðar á landinu heldur en þar sem þessi hlunnindi eru veitt. Það hlýtur að sjálfsögðu að létta á öðrum byggingum á Reykjavíkursvæðinu, að þessi stórfellda áætlun er gerð og fyrst og fremst mun það hafa vakað fyrir mönnum að tryggja það, að hér yrði ódýrt húsnæði og tryggja það, að þeir, sem væru efnalitlir, gætu hér fengið húsnæði, en ekki að það mætti með engum hætti nota fé byggingarsjóðs ríkisins til þess að mæta þessum vanda. Að hve miklu leyti það verður gert, skal ég ekki um segja, en það er full ástæða til þess að halda, að það geti verið innan þess ramma, sem er vel viðráðanlegt. Það hefur verið endanlega samið við atvinnuleysistryggingasjóð um þessar 30 millj. kr. Hvort þarf eitthvað meira á því sviði umfram það, sem byggingarsjóður getur lagt fram, skal ég ekki um segja. Það má geta þess einnig, að innan þessa ramma er kostnaðarhluti Reykjavíkurborgar, sem þarna er ekki reiknaður með, en sem Reykjavíkurborg leggur fram, en að öðru leyti vil ég nú ekki á þessu stigi málsins fara nánar út í þetta, vegna þess að svo vill til, að það liggur hér fyrir hv. Alþ. sérstök fsp. um þetta mál, sem hæstv. félmrh. mun svara innan skamms og mun þá gera ýtarlegri grein fyrir þessu máli. Og ég vonast til, að við hv. 5. þm. Austf. getum sætzt á að bíða þeirrar grg., þannig að ég þurfi ekki að fara að rekja það mál í einstökum atriðum hér. En þá má vænta þess, að það komi fram nákvæmar skýringar á því, hvernig ástand og horfur eru varðandi framkvæmdir og fjáröflun á þessu sviði.

Hv. 1. þm. Austf. lagði áherzlu á, að það væru tvö atriði, sem væru sérstaklega mikilvæg í sambandi við það, sem ég hefði sagt í minni ræðu, og væru hvor tveggja merkileg. Annað atriðið, sem hann að því er mér skildist taldi nú merkast, get ég ekki séð, að sé á neinn hátt merkilegt. Og það er, að það sé erfitt að gera nú langtímaáætlun vegna þeirrar óvissu, sem sé ríkjandi. Það gerir það ekkert auðveldara að gera þessa áætlun, þó að samþ. hafi verið og ákveðin verðstöðvun til eins árs. Það vita allir, að það þarf að gera einhverjar ákveðnar ráðstafanir í framhaldi af þeirri verðstöðvun og það þarf auðvitað að nota þetta tímabil til þess að gera sér grein fyrir, hvernig staðan verður varðandi ástand útflutningsframleiðslunnar, þegar að lokum þessa tímabils kemur og vinna að því að fá þá samkomulag þeirra aðila, sem þessi mál varða, um eðlilega þróun í verðlags- og kaupgjaldsmálum að því tímabili loknu, miðað við það ástand, sem útflutningsframleiðslan þá býr við. Þetta held ég, að hljóti að vera ljóst öllum mönnum. Það er hins vegar svo mikil óvissa um framtíðarhorfur varðandi verðlag útflutningsframleiðslunnar, sem hlýtur að sjálfsögðu að hafa áhrif á þróun hennar og inn á hvaða brautir hún fer. Ef um varanlega verðlækkun verður að ræða á einstökum liðum meira en á öðrum liðum, hlýtur þróun framleiðslunnar sjálfrar að breytast og beinast inn á nýjar brautir og vitanlega er það fyrst og fremst forsenda áætlunargerðar sem þessarar að reyna að gera sér grein fyrir, hverjar þjóðartekjur og þjóðarframleiðsla sé, og hvað verði til ráðstöfunar til þess að mæta þeim framkvæmdum, sem áformaðar eru og taldar sennilegar innan ramma áætlunargerðarinnar. Þess vegna held ég ekki, að það geti vakið undrun neinna, þótt sú skoðun komi fram, að það

sé eðlilegt, bæði af þessum sökum og einnig af því, að áætlunargerðinni er ekki þegar lokið og það eru framundan kosningar og rétt, að ríkisstj., sem þá verður, hver sem hún verður, fái þá tækifæri til þess að leggja lokahönd á þá áætlun, að hvort tveggja þetta geri það að verkum, að það sé síður en svo ámælisvert, að þessi næsta fjögurra ára áætlun hafi ekki verið endanlega fullgerð nú, heldur látið nægja að leggja fram fjáröflunar- og framkvæmdaáætlun fyrir yfirstandandi ár. Ég held ekki, að þetta geti verið neinn sérstakur áróðursgrundvöllur í sambandi við framhaldsdeilur um stjórnmálin á næstu vikum og mánuðum. En ef þetta getur þjónað í þá átt að verða einhver punktur í „hina leiðina", er þetta gott og blessað. Ekki mun af veita að fá einhvern efnivið í hana.

En það, sem mér finnst nú merkilegra mál og vissulega rétt að ræða um, er það, sem hv. þm. sagði um bankana og lánakerfið. Hv. 6. þm. Sunnl. sagði að vísu hér í gær, að ámælisvert væri, að það væri sýnilegt, að ekki sætti að sinna mörgum verkefnum í framkvæmdaáætlun þessa árs og taldi, skildist mér, að þar væri of lítið að gert en hitt. Hv. 1. þm. Austf. bendir hins vegar á, að hér sé við að glíma mikinn vanda hjá bönkum landsins og þess vegna verði að hafa hóf í þessum efnum. Vegna reynslu hans og þekkingar geri ég ekki ráð fyrir, að hann sé talsmaður þess að fara hömlulaust að taka erlend lán, nema þá að því marki, sem er beinlínis í þágu aukningar útflutningsframleiðslu þjóðarinnar og það er sú meginstefna, sem fylgt hefur verið við erlendar lántökur á undanförnum árum. Ég geri nú sannast sagna heldur ekki ráð fyrir, að það sé skoðun hans, að það eigi að verja í stórum stíl fé út úr Seðlabankanum, eins og ástatt er, til þess að lána í fjárfestingarframkvæmdir. En látum það vera. Hann vék að því, að með þessum ráðstöfunum væri núna sérstaklega þrengt að bankakerfinu umfram það, sem verið hefði. Þetta er mikill misskilningur. Það er að vísu rétt, að sparifjáraukning er ekki, það sem af er þessu ári, minni heldur en hún var um sama leyti í fyrra, þannig, að maður sér ekki nú, hver útkoman verður á þessu ári. En það, sem er ætlunin að leggja á bankana sem aukin útgjöld í þessu efni, er aðeins 25 millj. kr. aukning í sölu spariskírteina, — að svo miklu leyti sem gera má ráð fyrir, að það sé fé, sem fari út úr bönkunum. En það, sem beðið er um frá bönkunum að öðru leyti, er sama prósenttala eins og í fyrra af aukningu sparifjár og það er áætlað, að það sé mun lægri upphæð í krónutölu, af því að áætlunin er nú ekki hærri en hún er. Hitt er svo aftur á móti rétt að benda á á móti, vegna þess að hv. þm. talaði um, að þessu væri ekki hægt að mæta nema á þann hátt að draga úr bindiskyldu, að bindiskyldan mun mjög minnka á þessu ári af eðlilegum ástæðum. Bindiskyldan var aukin upp í 30% á s. l. ári af innlánsaukningunni, en hámarksbinding er bundin við 20%, og á s. l. ári munu flestar stofnanir hafa greitt 30% bindingu, bindiskyldu, en eins og nú standa sakir munu allar helztu lánastofnanir vera komnar upp í hámark, þannig að bindingin á þessu ári verður ekki nema 20% í staðinn fyrir 30% í fyrra, þannig að hér er beinlínis létt af bankakerfinu af þessum sökum og það er ekki ætlun Seðlabankans að auka bindingu, sem þessu nemur, á þessu ári eða sem sagt gera neina aukningu bindingar, þannig að þegar á þetta er litið, kemur í ljós, að hér léttir verulega á bankakerfinu, þannig að ég mundi segja, að hér væri þegar á heildina er litið, beinlínis um minni kvaðir á bankakerfið að ræða heldur en var á s. l. ári. Það er vitanlega alveg rétt hjá hv. þm., að það eru miklar kvartanir um, að erfitt sé með rekstrarfé. Aftur á móti hygg ég ekki, að okkur hv. 1. þm. Austf. greini á um það, að hin geysilega útlánaaukning bankakerfisins síðustu tvö árin bendi ótvírætt í þá átt, að hér sé ekki eingöngu um rekstrarfjárþörf að ræða, heldur hafi fé farið inn á einhverjar fleiri brautir, sem viðskiptabankarnir hafa lánað. Það er nefnilega síður en svo, að það hafi verið þrengt að með rekstrarlán bankanna eða við skulum segja, útlán bankanna, svo að við orðum það almennt, því að á s. l. ári liggur það fyrir, að útlán bankanna munu hafa hækkað um nálægt 40% og á síðustu tveimur árum nálægt 40% og á s. l. ári jukust útlán bankanna um 200 millj. kr. umfram það, sem þeir höfðu til ráðstöfunar, og sem var því beint útstreymi úr Seðlabankanum umfram bindifé. Það var sem sagt hreint útstreymi úr Seðlabankanum til viðskiptabankanna, sem nam um 200 millj. kr. á s. l. ári. Og útlánaaukning á því ári varð mun meiri heldur en öll sparifjáraukningin á því sama ári. Ég held, að það liggi í augum uppi, að það er miklu fremur hægt að segja, að útlánastarfsemi banka hafi verið ógætileg heldur en hún hafi óeðlilega verið heft á því ári. Hvað kann að vera á þessu ári, skal ég engu um spá, en það er ekkert, sem gefur ástæðu til þess að segja það í dag, að það hafi verið haldið þannig á útlánum bankanna almennt séð, að ráðstöfunarfé þeirra að þessu leyti hafi verið skert. Og það var hinn góði hagur ríkissjóðs, sem hafði sín miklu og góðu áhrif á möguleika bankanna til útlána á s. l. ári og tryggði, að hér var ekki beinlínis um verðbólgumyndandi áhrif í stórum stíl að ræða. Það skal játað, að ekki eru horfur á eins góðum hag ríkissjóðs á þessu ári, þannig að það kann að takmarka á einhvern hátt lánagetu bankanna að þessu leyti eða a. m. k. það, að þeir geti lánað út meira fé heldur en kemur inn í þá.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja um þetta frekar, en ég taldi þó nauðsynlegt, að þetta kæmi fram miðað við þessi einstöku atriði, sem á hefur verið drepið af hv. þm. og skal ekki að öðru leyti taka upp almennar umr. um efnahagsmálin.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki ræða meira um óvissuna, við getum gert það síðar, og verður sjálfsagt gert og þá breyt., sem orðin er á í sambandi við áætlunargerðina. En það hefur ekki mikið verið talað um óvissu í þessum efnum undanfarið, þegar talað hefur verið um slíkar áætlunargerðir, svo að okkur er það ljóst, að eitthvað hefur bilað í einhverju í þessu sambandi og einhvers staðar. Og það verður áreiðanlega rætt um það, hvað það er, sem hefur bilað.

Ég vil svo segja það, að mér urðu það mikil vonbrigði, að mér finnst hæstv. ráðh. ekki hafa nógu góðan skilning á því, hvernig ástatt er um reksturslánaveitingar í landinu um þessar mundir. Ástandið í þeim efnum er alveg geigvænlegt og hættulegt og hefur áreiðanlega stórkostlega hættulegar afleiðingar í för með sér, ef ekki verður úr því bætt. Og ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég tel ekki fært að halda áfram þeirri bindingu, sem nú er, og jafnvel þó að þessar breyt. hafi orðið á henni vélrænt, sem hæstv. ráðh. gat um, þá tel ég, að það sé alveg óhjákvæmilegt að minnka sparifjárbindinguna, breyta reglunum og minnka sparifjárbindinguna frá því, sem nú er, ef á að láta viðskiptabankana leggja inn í fjárfestingarplanið þetta fjármagn, sem fyrirhugað er, og ef ætlunin er að drífa í sölu öll þau sparifjárskírteini, sem talað hefur verið um. Þetta verði að gera til þess að bjarga frá hættulegum afleiðingum þess í atvinnurekstrinum, hjá framleiðslulífinu og hjá þjónustufyrirtækjunum, óhjákvæmilega verði að minnka sparifjárbindingu.

Ef menn alls ekki vilja það, endurtek ég þá skoðun, sem ég setti fram áðan, því að mér fannst, að það hefði eitthvað farið fram hjá ráðh. í því, að ég tel, að það sé heilbrigt, eins og nú standa sakir, og eðlilegt, að í staðinn yrði farin sú leið, að Seðlabankinn legði meira fé beint í fjárfestingaráætlunina en gert er ráð fyrir. Ég endurtek þessa skoðun, og það getur Seðlabankinn gert og er eðlilegt, að hann geri, eins og nú er ástatt vegna þess hversu mikið fé hann tekur frá bankakerfinu inn til sín í bindingunni, og einnig m. a. vegna þess, hve ríkissjóður hefur mokað stórkostlega fé inn í Seðlabankann á s. l. ári eins og mun koma fram, þegar hæstv. ráðh. gefur skýrslu sína hér á eftir um afkomu ríkissjóðs.

Það er ekki aðeins, að Seðlabankinn hafi fengið þetta bindingarfé, sem við þekkjum, heldur hefur einnig verið mokað inn í hann fé með því að leggja skatta á þjóðina langt umfram það, mörg hundruð millj. umfram það, sem ríkissjóður þurfti á að halda og því hefur nálega öllu verið mokað beint inn í Seðlabankann. Ég tel því, að eins og ástatt er núna með okkar efnahags- og fjármál og atvinnumál, sé fullkomlega eðlilegt, að þessi stofnun, sem er orðin svona gífurlega sterk og sem sópað hefur verið inn í fé frá landsfólkinu með sköttum, eins og gert var á s. l. ári, komi með aukið fjármagn í fjárfestinguna. Og eins og nú standa sakir, verði að leita þangað til þess að fjármagna lífsnauðsynlega fjárfestingu og þ. á m. nýjar stórkostlegar ráðstafanir til þess að auka vélvæðni og hagræðingu í atvinnurekstrinum og annað slíkt til þess að komast út úr þeim mikla vanda, sem orðinn er, og ég tel að þangað sé talsverðs fjár að leita í þessu sambandi, enda hefur því verið þangað skóflað með skattaálögum m. a. og með því að taka hluta af sparifénu og leggja inn í þessa stofnun. Og þegar svona er ástatt, endurtek ég það enn, að það nær engri átt að ætla sér að ganga á rekstrarlánabankana eða viðskiptabankana eins og ráðgert er að gera.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru hér nokkur atriði, sem ég vildi víkja að, sem fram hafa komið í þessum umr. Hæstv. fjmrh. vék sér nú undan að svara fsp. minni varðandi byggingarframkvæmdir ríkisins eða framkvæmd á þeim samningi, sem gerður var um byggingu íbúðarhúsa á milli verkalýðsfélaganna og ríkisstj. og hefur nú séð við nánari athugun, að í rauninni áttu þessar tölur ekki heima í áætluninni, sem þar voru birtar. Ég læt mér það nægja, sem hann sagði um þetta mál, í trausti þess, að hér verði gefin skýring á því síðar á þinginu, hvernig ætlað er að afla fjár til þessara framkvæmda, en ég vænti, að það verði svo, sem hér kom fram hjá hæstv. fjmrh., að ekki geti komið til þess, að skert verði það fjármagn, sem ætlað hefur verið að gæti gengið til almennra íbúðarhúsabygginga til annarra staða á landinu heldur en hér til Reykjavíkur í sambandi við þessar framkvæmdir, því það teldi ég auðvitað ósæmilegt með öllu, ef þannig yrði staðið að málinu. Hér hefur nokkuð verið minnzt á það í sambandi við þær upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf hér á fundi í gær um framkvæmdaáætlun ríkisins á yfirstandandi ári, að enn mundi verða þrengt talsvert að viðskiptabönkunum í landinu með þeim ráðstöfunum, sem fyrirhugaðar eru af hálfu ríkisstj., þar sem m. a. er ráðgert, að ríkið gefi út spariskírteinalán upp á 125 millj. kr. og áfram verði samið við viðskiptabankana um að leggja inn í fjárfestingarkerfið 70 millj. kr. Mér fannst hæstv. fjmrh. svara þeim aths., sem hér komu fram í sambandi við þetta, þannig, að hann eiginlega sætti sig við það, að ekki væri þrengt meira að viðskiptabönkunum í þessum efnum heldur en verið hefði. Það kann vel að vera, að það megi setja dæmið þannig upp, en að afgreiða þetta mál þannig, held ég, að sé ekki raunhæft.

Sannleikurinn er sá, að það, sem hefur verið að gerast á undanförnum árum og alltaf í vaxandi mæli, er það, að þessar ráðstafanir hafa leitt meira og meira til þess, að rekstrarlánabankar útflutningsframleiðslunnar, þ. e.

a. s. aðalviðskiptabankar þjóðarinnar, Landsbankinn og Útvegsbankinn, hafa verið að gefast upp í auknum mæli við það verkefni sitt að veita eðlilg rekstrarlán til þess að halda rekstrinum í gangi. Og nú má segja, að þetta sé komið algerlega í þrot. Þessir bankar draga enga dul á það, að þeir geti ekki haldið uppi hliðstæðum lánum til framleiðslufyrirtækja og þeir hafa gert vegna fjármagnsskorts og af þeim ástæðum er m. a. svo komið nú, að svo að segja öll síldariðnaðarfyrirtæki á Austurlandi hafa t. d. verið stöðvuð og eru engar líkur til þess, að þau geti hafið sinn rekstur á venjulegum tíma. Viðskiptabankarnir segja bara einfaldlega, að það skipti ekki máli, hvort hér eiga í hlut fjársterk fyrirtæki í eðli sínu eða ekki, bankarnir hafa ekki fé til þess að binda í framleiðslunni eins og þeir hafa gert. Ég álít, að það sé mjög skammsýnt að ætla í þessum efnum að taka undir eitt allt bankakerfið og tala í sífellu um allt bankakerfið. Sannleikurinn er sá, að það er mikill skilsmunur á hinum einstöku aðilum í bankakerfinu. Sú ráðstöfun á sínum tíma að minnka endurkaupalán út á framleiddar sjávarafurðir úr 67% niður í 55%, þýddi það í framkvæmdinni, að Seðlabankinn tók minni þátt í því að veita fjármagni í framleiðsluvörur landsins til útflutnings, en skyldan ók að sama hluta á viðskiptabönkunum, Landsbankanum og Útvegsbankanum. Þeir urðu að leggja fram meira fé en áður í útflutningsvörubirgðirnar á hverjum tíma. Þróunin hefur einnig orðið sú, að vaxandi hluti af sparifjármynduninni í landinu hefur safnazt fyrir í ýmsum öðrum viðskiptabönkum landsins, tiltölulega nýjum bönkum, sem hafa verið að vaxa upp, sem ekki gegna þeim skyldum að lána rekstrarlán til útflutningsframleiðslunnar, en rekstrarlánabankar útflutningsframleiðslunnar, Landsbankinn og Útvegsbankinn, hafa fengið tiltölulega minni hlut af sparifjármynduninni en áður var og á þann hátt hefur þeirra hlutur einnig verið að þrengjast og möguleikar þeirra að minnka til þess að geta staðið eðlilega undir lánaþörf útflutningsframleiðslunnar. Annað hefur einnig komið til. Eftir því, sem framleiðslan hefur aukizt meir, eftir því er bundið meira fjármagn í útflutningsframleiðslunni á hverjum tíma. Enn fremur er svo það, að vegna þess að rekstrarlánabankar sjávarútvegsins, Landsbankinn og Útvegsbankinn, hafa verið viðskiptabankar þess þáttar í framleiðslulífi landsins, sem hefur haft mest að segja og sem hefur verið mikið um uppbyggingu og framfarir í, þ. e. a. s. í sambandi við hina ýmsu þætti sjávarútvegsins, hafa þessir bankar ekki komizt hjá því að festa a. m. k. um stundarsakir talsvert fjármagn í framkvæmdum á vegum sjávarútvegsfyrirtækja og þannig hefur dregið meira og meira að því, að þeir hafa komizt í fjárþröng. Og af þessu leiðir svo það, að það er vitanlega mjög tilfinnanlegt fyrir þessa rekstrarlánabanka útflutningsframleiðslunnar að standa undir sparifjárbindingu og að verða að leggja fram fé í fjárfestingaráætlanir ríkisstj. Ég held því, að það sé alveg ómögulegt annað en gera sér nú fulla grein fyrir því, að eins og nú er komið, er verið að reka undirstöðuatvinnuvegi landsmanna í strand, ef ekki verður linað eitthvað á þeirri peningapólitík, sem hefur verið ríkjandi gagnvart þessum bönkum alveg sérstaklega.

Hæstv. fjmrh. talaði um, að það mætti jafnvel búast við því, að bindiskyldan hjá bönkunum minnkaði eitthvað frá því sem áður hefði verið, þannig að nú mundu þeir sleppa með 20% bindingu í staðinn fyrir 30 áður. En hann sleppti einu atriði í þessum upplýsingum alveg. Sannleikurinn var nefnilega sá, að þessir viðskiptabankar eða a. m. k. veit ég nákvæmlega um það með annan af þessum viðskiptabönkum, að hann var ekki s. l. ár skyldaður til þess að binda 30% og ekki heldur einu sinni þau 40%, af því að hann varð að semja um 10% til viðbótar til þess að standa undir fjármögnun á fjárfestingaráætlun ríkisstj., ekki aðeins 40%. En það kom enn annað ákvæði þar til og þar segir, að þó skuli bindingin aldrei í neinu tilfelli vera minni en sem nemur 2% af heildarsparifjárinnstæðu eða heildarinnstæðufé í viðkomandi banka, og sparifjármyndunin á árinu varð ekki meiri en svo, að þetta ákvæði kom til framkvæmda og bankinn varð að binda enn meira en þessi 30%. Og þegar svona er komið, sækir vitanlega hratt í það, að þessir rekstrarlánabankar framleiðslunnar geta ekki veitt hin venjulegu og óhjákvæmilegu rekstrarlán. Þá kemur að því, að þessir bankar segja hverjum, sem hafa vill, miskunnarlaust og skýra út sína afstöðu þannig, að þeir séu komnir í yfirdrátt við Seðlabankann og verði að borga þangað 16% í refsivexti. Og út frá þessu kemur svo það, að beinlínis er knúið á framleiðsluna á mjög óeðlilegan og mjög óæskilegan hátt um það að grípa til ýmissa þeirra ráðstafana, sem eru þjóðhagslega óhagstæðar. Ég hef t. d. í huga atriði, sem auðvelt er að leggja fram sannanir um, að mjög fjársterkt fyrirtæki, sem hafði verið rekið með miklum hagnaði í mörg ár, en vitanlega lagt í talsvert mikla fjárfestingu vegna almennrar uppbyggingar, gat ekki fengið að bíða með sínar útflutningsvörur eftir þeim tíma, sem það taldi sér hagstæðast til þess að selja vöruna á, vegna þess að viðskiptabankinn sagði: Ég er kominn í peningalegt krúkk og þessi vara verður bara að fara, hvort sem hún fer á lægra verði eða hærra verði. Við förum eindregið fram á það, að þið seljið vöruna úr landi, til þess að við getum fengið eitthvað inn af okkar peningum, því að við þurfum á þeim að halda. Svona ástand eins og þetta er vitanlega óæskilegt á allan hátt. Þá er farið að grípa til vandræðaráðstafana, sem stafa af því, að það er orðið of þröngt um hendur þeirra, sem hafa með rekstrarlán til framleiðslunnar að gera.

Það kann vel að vera, að það séu einhverjir

möguleikar á því að þrýsta á einhverja þætti í bankakerfinu enn meira heldur en gert hefur verið og taka sem sagt með valdi af þeim það sparifé, sem inn kemur, til þess að standa undir þessum eða hinum framkvæmdum, sem ríkisstj. vill láta vinna að, en ég er ekki í nokkrum vafa um það, að eins og komið er, er enginn möguleiki á því að óbreyttri stefnu í peningamálum, enginn möguleiki á því, að aðalrekstrarlánabankar þjóðarinnar, Landsbankinn og Útvegsbankinn, geti staðið undir eðlilegum rekstrarlánum til framleiðslunnar, ef á að knýja þá til þess að binda fé í Seðlabankanum eins og aðra banka, og ef á að knýja þá til þess að leggja fram fé í framkvæmdaáætlun ríkisins eins og aðra banka, sem aðallega hafa viðskipti sín við þá aðila í þjóðfélaginu, sem sjá um það að eyða peningum þjóðarinnar. Ég geri nefnilega mjög mikinn greinarmun á því, hvort ein regla í peningamálum á að gilda yfir alla línuna eða hvort hún gildir fyrir þá, sem snúa fyrst og fremst að eyðsluþættinum í þjóðfélaginu. Ég held, að við verðum að skapa þeim aðilum nokkurt svigrúm, sem standa undir sjálfri undirstöðunni. Ég tek því undir það, sem hér hefur verið sagt um aðvaranir til ríkisstj. varðandi þessi mál: Óbreytt stefna varðandi afstöðuna til rekstrarlánabankanna í peningamálum hlýtur að leiða til algerra vandræða og það er rétt, að ríkisstj. geri sér grein fyrir því, hvaða ábyrgð hún tekur á sig, ef hún heldur áfram á þessari braut, því að vandinn er þegar kominn upp og kannske orðinn allmiklu meiri heldur en ríkisstj. hefur gert sér grein fyrir.

III. Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var tekin á dagskrá:
Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í upphafi síðasta þings lýsti ég í fáum orðum meginstefnu stjórnarinnar og helztu viðfangsefnum. Þetta var þá eðlilegt vegna þess, hversu langt var liðið frá því, að ríkisstj. hafði tekið við völdum og gefið stefnuyfirlýsingu sína. Yfirlýsingin frá því í fyrra er enn í fullu gildi nema að því leyti, sem lokið er framkvæmd ýmissa þeirra mála, sem þar voru talin. En til viðbótar henni þykir rétt að rifja upp meginstefnu stjórnarinnar og gera í örfáum orðum grein fyrir helztu viðfangsefnum, sem nú blasa við.

Meginstefnan er hin sama og Ólafur Thors lýsti þegar í nóv. 1959: Að tryggja heilbrigðan grundvöll efnahagslífsins, svo að framleiðsla aukist sem örast, atvinna haldist almenn og örugg og lífskjör geti enn farið batnandi.

Vegna þeirra verðlækkana, sem orðið hafa síðustu mánuði á helztu útflutningsvörum landsmanna, eru viðhorfin í efnahagsmálum þjóðarinnar nú önnur en verið hafa undanfarin ár. Hér koma og til greina örðugleikar vegna vaxandi efnivöruskorts hraðfrystihúsanna, sem sprettur af minnkandi afla á veiðieiningu og af samdrætti togaraútgerðarinnar og einbeitingu stórvirkasta hluta bátaflotans að síldveiðum. Að svo vöxnu máli telur ríkisstj., að megináherzlu verði nú að leggja á stöðvun verðhækkana innanlands og helzt, að ekki verði hækkun á innlendu verðlagi frá því, sem var hinn 1. ágúst s. l. Í því skyni að vega upp á móti hækkun búvöruverðs, sem samkomulag varð um í 6 manna nefnd fyrir skemmstu, ákvað ríkisstj. að auka niðurgreiðslur á búvörum og hefur nú til athugunar fleiri ráðstafanir í þá átt til þess að draga úr áhrifum verðhækkana frá 1. ágúst. Skilyrði þess, að stöðvun verðlags fyrir atbeina ríkisvaldsins takist, er, að ekki séu gerðar aðrar ráðstafanir, sem leiða hljóta til verðhækkana og veltur þá á miklu, að í þeim efnum takist samvinna milli ríkisstj. og Alþingis annars vegar og stéttarfélaga, verkalýðs og annarra launþega og atvinnurekenda hins vegar.

Þá þarf og skjótlega að taka ákvörðun um, hvort gera eigi með rýmkun veiðiheimilda innan fiskveiðilögsögunnar ráðstafanir til öflunar efnivöru til hraðfrystihúsanna og þar með létta undir með útgerð minni báta og togaranna jafnframt því, sem gerðar verði nauðsynlegar breytingar til að draga úr reksturskostnaði þeirra.

Af einstökum málum, sem lögð verða fyrir Alþ. eða þegar hafa verið lögð auk fjárlagafrv. og þeirra frv., sem eru í sambandi við það og frv. um staðfestingu á brbl. er þessara að vænta í upphafi þings:

Frv. til l. um Landhelgisgæzlu Íslands, frv. til l. um breyt. á l. um bann við botnvörpuveiði í landhelgi, frv. til l. um breyt. á áfengislögum, frv. til l. um fávitastofnanir, frv. til l. um breyt. á l. um almannavarnir, frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma, frv. til l. um kristnisjóð, frv. til l. um verðjöfnunargjald af veiðarfærum, frv. til l. um námslán og námsstyrki, frv. til skólakostnaðarlaga, frv. til l. um afnám Viðtækjaverzlunar ríkisins, frv. til höfundarlaga, frv. til l. um greiðslur til höfunda vegna útlána úr bókasöfnum, frv. til l. um breyt. á útvarpsl. vegna íslenzks sjónvarps, frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum, það er sams konar hlutdeild sjómannasamtakanna og Landssambands ísl. útvegsmanna, frv. til l. um áframhald heimildar fyrir landanir erlendra veiðiskipa hér við land, frv. til l. um aðild verzlunarfólks að atvinnuleysistryggingum.

Enn fremur verða endurflutt frv. til l. um réttindi skipstjórnarmanna, um samábyrgð Íslands á fiskiskipum og um bátaábyrgðarfélög, svo og frv. til breyt. á laxveiðilögum.

Síðar á þinginu er að vænta frv. til nýrra heildarlaga um tollheimtu og tolleftirlit, frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda og frv. til l. um listamannalaun.

Í athugun eru frv. um eftirlit með opinberum framkvæmdum, um embættisbústaði og frv. til nýrra bókhaldslaga, svo og er í athugun endurskipulagning félagsheimilasjóðs og íþróttasjóðs.

Unnið er að endurskoðun hafnalaga og málefna Skipaútgerðar ríkisins og raforkulaga, enn fremur að till. um öflun nýrra tekna fyrir vegasjóð, svo og breytingu á l. um almannatryggingar vegna fyrirhugaðs afnáms ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, breytingu á orlofslögum, á l. um rétt verkafólks til uppsagnarfrests og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Einnig er unnið að nýrri heildarendurskoðun á l. um opinbera aðstoð við íbúðabyggingar.

Þá er unnið að samningu frv. til l. um jarðakaupasjóð ríkisins og frv. um hagræðingarsjóð landbúnaðarins.

Það er stefna ríkisstj. að halda áfram að styðjast við sem ýtarlegasta áætlunargerð í viðleitni sinni við að halda jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar. Eins og á undanförnum árum mun verða samin áætlun um opinberar framkvæmdir og starfsemi fjárfestingarlánasjóða á árinu 1967 og fjáröflun í því sambandi. Jafnframt er hafinn undirbúningur að þjóðhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 1967—1970. Þá mun haldið áfram að vinna að áætlunum um framkvæmdir og atvinnumál í einstökum landshlutum. Hér er þess og að minnast, að um næstu áramót kemur til framkvæmda löggjöf sú, sem síðasta Alþingi samþykkti um Framkvæmdasjóð Íslands, sem ætlað er að auðvelda samræmda heildarstjórn á opinberri fjárfestingu.

Um till. og ráðstafanir ríkisstj. mun sitt sýnast hverjum nú eins og endranær. Minni háttar ágreiningur skiptir litlu máli miðað við það, að nú megi takast að stöðva verðhækkanir innanlands, ella er afkomu helztu atvinnuvega og framleiðslu þjóðarinnar stefnt í voða og þar með því atvinnuöryggi, sem verið hefur traustasti hornsteinn góðrar afkomu almennings um langt skeið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða að segja hér fáein orð í sambandi við þessa tilkynningu frá hæstv. ríkisstj., sem forsrh. hefur flutt. Hann lét þess getið, að stefna hæstv. ríkisstj. yrði áfram sú sama og verið hefði og vítnaði til orða hæstv. fyrrv. forsrh. í því sambandi, en stefnan hefði verið sú að tryggja heilbrigðan grundvöll efnahagslífsins. Ég saknaði þess raunar, að hæstv. forsrh. greindi ekki nánar en þetta frá stefnuyfirlýsingum hæstv. ríkisstj., þeim fyrri, sem enn eru í gildi að sögn hæstv. ráðh., því að í þeim var æðimikil útfærsla á þessu meginfyrirheiti. M. a. var því heitið og það sett sem eitt aðalstefnumið að stöðva verðbólguna, stöðva dýrtíðina. Enn fremur að afnema uppbótakerfið í öllum þess myndum og að greiða niður smátt og smátt í áföngum skuldir þjóðarinnar út á við, lækka þær, og þyrfti þjóðin að leggja á sig byrðar, sem þá voru á lagðar með það fyrir augum að lækka þessar skuldir árlega, sem væru orðnar of miklar. Fleiri stefnuyfirlýsingar fylgdu einnig í sama anda, sem ég þarf ekki að eyða tíma hv. þm. til þess að rifja upp, en ég saknaði þess, að hæstv. forsrh. hafði ekki þessi fyrirheit með, þegar hann rifjaði upp meginstefnu ríkisstj., eins og hún átti að verða.

En við vitum nokkurn veginn, hvernig farið hefur. Við búum við óðaverðbólgu með öllum þeim stórkostlegu vandkvæðum fyrir þjóðarbúskapinn og öllum þeim stórhættum, sem af því leiða. Því fer svo fjarri, að uppbótakerfið hafi verið afnumið, að niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur, sem hvort um sig er eins og annar endinn á sama prikinu, nema a. m. k. 1 milljarði á ári eins og horfir í dag og verður sjálfsagt drjúgum meira áður en þessum vetri lýkur. Skuldir við önnur lönd hafa að sjálfsögðu ekki lækkað, heldur vaxið hröðum skrefum, þó að því væri heitið, að þær skyldu lækkaðar ár frá ári. Og fleira mætti nefna í þessu sambandi, sem ég mun ekki að þessu sinni rekja nánar, en ég vildi rifja þetta upp til þess að minna á stefnu hæstv. stjórnar, eins og hún átti að verða.

Þá fannst mér það ekki álitlegt, að hæstv. forsrh. gerði hér ekki grein fyrir því geigvænlega ástandi, sem nú ríkir í efnahagsmálum landsins og atvinnumálum, en sannast að segja hefði mér fundizt það vera lífsnauðsyn, að hann hefði gert það í þessari ræðu og þá rakið, hvaða úrræði ætti að nota til bjargar í þeim stórfellda vanda, sem þjóðin er nú stödd, þrátt fyrir óvenjulega góð skilyrði.

Varð ég ekki var við, að hæstv. forsrh. boðaði í þessu efni nein úrræði, sem því nafni væri hægt að nefna, eða neina stefnubreytingu, en hitt hlýtur okkur öllum að vera ljóst, að óbreyttri stefnu getum við ekki haldið, vegna þess að hún er að leiða í hreinan ófarnað og við hljótum að beygja okkur fyrir staðreyndum í því efni. Núv. stefnu er ekki hægt að halda óbreyttri, það verður að taka upp nýja stefnu og nýjar vinnuaðferðir. Það hlýtur okkur öllum að vera ljóst, því að þessar vinnuaðferðir, sem notaðar hafa verið, hafa gefið slæma raun eins og bezt sést á því, hvernig ástandið er í landinu um þessar mundir.

Það má segja, að grundvallaratvinnuvegirnir eða a. m. k. margar stórar greinar grundvallaratvinnuvega landsmanna riði til falls, eins og nú stendur, þrátt fyrir þau góðu skilyrði, sem við búum við. Togaraflotinn er að hverfa úr landinu og ekkert er gert til þess að afla nýrra togara, sem væru þannig gerðir, að von væri til þess að reka þá með góðum árangri. Sumar greinar bátaútvegsins og það ekki neinar smá-

greinar, það má segja útgerð allra báta, sem ekki geta notað nýtízku áhöld á síldveiðum, er bókstaflega lömuð og dregst saman hröðum skrefum og nærri liggur, að rekstur fiskiðnaðarins reki í strand, eins og glöggar lýsingar hafa verið gefnar á af mörgum mönnum utan hv. Alþingis, sem vel vita, hvað þeir eru að segja.

Margar greinar iðnaðarins hafa orðið að hætta rekstri — mörg fyrirtæki, ýmsar greinar hefur orðið að leggja niður og útflutningsiðnaður er auðvitað í sérstakri úlfakreppu allur. Mörg stæltustu og beztu fyrirtæki landsins eru lömuð vegna rekstursfjárskorts og greiðsluvandræði almenn, jafnvel hjá ágætum fyrirtækjum, vegna rekstursfjárskorts, sem að verulegu leyti byggist á þeirri lánastefnu, sem reynt er að beita sem hagstjórnartæki. Landbúnaðurinn berst við þann stórkostlega vanda, að óðaverðbólgan grefur undan útflutningi landbúnaðarafurða og skrúfar upp framleiðslukostnaðinn allan, þannig að fram undan eru hættulegir boðar í rekstri landbúnaðarins.

Nálega engir kjarasamningar eru í gildi í landinu. Þar leikur allt á lausu og ég hygg, að óhætt sé að segja, að launakerfi ríkisins sé í algerri upplausn. Þannig mætti lengi telja til þess að sýna, hvernig ástatt er í hinum ýmsu greinum. Og mætti í því sambandi að lokum nefna ríkisbúskapinn, því að nú er lagt á borð okkar fjárlagafrv., sem gerir ráð fyrir 700 millj. kr. hækkun ríkisútgjaldanna á einu ári, en vantar þó á frv. a. m. k. á annað hundrað millj. kr., sem búið er að gefa fyrirheit um, þannig að raunveruleg hækkun á borðinu er á níunda hundrað millj., en verður þó líklega miklu meiri áður en upp verður staðið. Samt er þannig ástatt, að af þessari ógnarfjárhæð, af á níunda hundrað millj. kr., er aðeins sáralitið, sem á að verja til verklegra framkvæmda og meginhlutinn af því, sem á að fara til verklegra framkvæmda, fer til þess að greiða óreiðuskuldir vegna framkvæmda, sem þegar er búið að vinna. Þannig lækkar það, sem veitt er af sköttum og ríkistekjum til verklegra framkvæmda, óðfluga frá ári til árs. Það er nú svo komið, að segja má, að framlög til ýmissa þýðingarmikilla mála, sem gert er ráð fyrir í löggjöf landsins, eins og t. d. hafnarmála sé að þurrkast út af fjárl., og byggðarlögin verða sjálf að greiða það, sem ríkissjóði er ætlað að greiða. Í þessu sambandi er svo talað um stöðvun. Manni skilst, að þetta sé leiðin til stöðvunar og mun þó öðrum mönnum sýnast annað, og mundi það engu breyta í því efni, þó að hæstv. ríkisstj. reyndi að skrapa saman peninga til þess að leyna um einhverra mánaða skeið, t. d. fram að kosningunum, áframhaldandi vexti dýrtíðarinnar. Verðbólgan vex jafnt fyrir því, þó að henni sé þannig leynt um stundarsakir eins og gert var haustið 1959, þegar vexti verðbólgunnar var leynt í nokkra mánuði, en svo þegar kom fram á vorið, fór lokið af katlinum vegna þeirrar suðu, sem í honum var óbreytt, þrátt fyrir sýndarráðstafanir, sem notaðar voru í þessu skyni.

Ég vil segja það um sjávarútveginn sérstaklega, þær greinar hans, sem erfiðast standa, að ástandið í þeim málum er svo alvarlegt, ástand þessara greina sjávarútvegsins, þ. e. a. s. smærri báta, og fiskiðjunnar er svo hættulegt, að það verður að vera eitt aðalverkefni þessa Alþ. að rétta hlut þessara atvinnugreina og þolir það enga bið.

Mættu menn gjarnan hugleiða, hvernig komið er okkar eigin atvinnulífi í landinu, ef þessi rekstur verður látinn grotna niður, á sama tíma og erlendir aðilar hefja innreið sína í íslenzkt atvinnulíf, eða kannske er það hugsunin að láta þetta rýma fyrir þeim. Ég vil ekki trúa öðru en að það fáist samtök um myndarlegt átak í þessu efni.

Mér fannst mikið á vanta í ræðu hæstv. forsrh., eins og ég tók fram í upphafi þessara orða. Ég hygg, að það stafi sumpart af því, að menn kinoka sér við að ræða í fullri hreinskilni og alvöru hinar raunverulegu rætur vandans í þessum málum. T. d. verður þess vart og það kom raunar óbeint fram í ræðu hæstv. forsrh., að hann virðist telja, að það sé aðeins eitt nauðsynlegt til þess að berjast gegn óðaverðbólgunni, sem sé að halda niðri kaupi og verði á landbúnaðarvörum. Mál þessi eru flutt eins og það sé aðalundirrót verðbólgunnar hér hjá okkur, að kauptaxtar hafi verið hækkaðir of mikið á undanförnum árum og bændur hafi hrifsað of mikið til sín úr þjóðarbúinu gegnum verðlagningu landbúnaðarafurða. Þannig er talað. Það er talað eins og það sé hið eina sáluhjálplega í þessum efnum að halda niðri kaupi og verði á landbúnaðarafurðum og tækist það, væri búið að lækna verðbólguna. En ég skil ekki þennan málflutning, þegar sú staðreynd liggur fyrir, að endurgjald fyrir venjulegan 8 stunda vinnudag hefur ekkert hækkað frá 1959, ef miðað er við raunverulegan framfærslukostnað og nýja húsaleigan tekin inn í dæmið eða kostnaðurinn við að búa í nýju íbúðunum, sem verið er að byggja. Okkar statistik er nú ekki betri en svo, að það er mjög erfitt að komast að niðurstöðu um þetta. En það er sennilega sízt of mikið sagt, að kaupmáttur venjulegs dagkaups hafi lækkað en ekki hækkað, ef miðað er við raunverulegan framfærslukostnað nú og húsnæðiskostnaðurinn tekinn með. Á sama tíma hafa þjóðartekjur vaxið stórkostlega.

Hvernig geta menn, þegar þetta blasir við, haldið því fram, að það séu ógætilegar kauphækkanir og ógætilegar hækkanir á verði landbúnaðarafurða, sem séu hinar raunverulegu orsakir þeirrar óðaverðbólgu, sem við búum við. Það stangast á við allar staðreyndir. Það stangast algerlega á við allar staðreyndir.

Mér sýnist kjarni vandamálsins, sem íslenzka þjóðin stendur frammi fyrir í efnahagsmálum, vera annars vegar sá að finna leiðir til þess að koma þýðingarmestu verkefnunum í framkvæmd í þjóðarbúinu með því framkvæmda-

afli, sem þjóðin ræður yfir. En hins vegar að leysa úr þeirri þraut, sem nú blasir við, að fæstir geta lifað sómasamlega af kaupi fyrir 8 stunda vinnu. Það er þetta, sem blasir við. En mörg þýðingarmestu fyrirtæki landsins ná ekki saman endunum samt sem áður. Þetta er það viðfangsefni, sem nú blasir við og sem ég hafði gert ráð fyrir, að hæstv. forsrh. mundi ræða ýtarlegar en hann gerði.

En þessi vandamál verða ekki leyst og þau hefur aldrei verið hægt að leysa með peningapólitískum ráðstöfunum einum saman eða nánar tiltekið með frystingu sparifjár, tilsvarandi lánasamdrætti, háum vöxtum, auknum álögum til ríkissjóðs til þess að draga fé úr umferð og niðurskurði verklegra framkvæmda, en þetta eru hagstjórnaraðferðirnar, sem núv. ríkisstj. hefur beitt og ætlar að halda áfram að beita og átt hafa að lækna verðbólguna.

En þær hafa ekki læknað verðbólguna. Staðreyndirnar tala sínu máli. Þær hafa ekki skapað heilbrigðan grundvöll fyrir atvinnureksturinn né í efnahagslífinu. Þessar aðfarir, lánsfjárhöft, auknar álögur og vaxtaokur hafa beinlínis torveldað þær framkvæmdir hjá fyrirtækjum landsins, sem nauðsynlegastar eru til að koma á jafnvægi efnahagslífsins.

Er nú svo komið í þessum uppgripum, að fyrirtæki hætta rekstri eða leggja niður þýðingarmikla starfrækslu hvert af öðru, og er ekki sjáanlegt lát á því að óbreyttu.

Þessar hagstjórnaraðferðir eða þessi stefna hefur leitt til þess vanda, sem við búum við. En þetta verkefni, að koma áleiðis þýðingarmestu framkvæmdunum og rétta hlut undirstöðuatvinnuveganna, sem jafnframt er aðalleiðin upp úr sjálfu verðbólgufeninu, er miklu vandasamara nú en oft áður vegna stórfelldra framkvæmda erlendra aðila, sem ákveðnar eru á næstunni. En þó er þetta verkefni alveg sérstaklega erfitt vegna þeirrar upplausnar og þess ótta og vantrausts, sem ríkir í landinu og m. a. byggist á því, að menn gera sér grein fyrir því, að óðadýrtíðin, sem skapazt hefur, er ekki nándar nærri öll enn þá komin upp á yfirborðið.

Dýrtíðin, sem búið er að skapa í efnahagskerfinu, er ekki nándar nærri öll komin upp á yfirborðið og það breytir engu í því sambandi, þótt nú sé látið svo sem verið sé að reyna að stöðva verðbólguflóðið með því að auka niðurgreiðslur um stundarsakir, t. d. fram yfir kosningar, eins og gert var 1959 sællar minningar. Það hvorki breytir bókstaflega neinu um meginkjarna þessa máls né læknar til frambúðar þann stórfellda vanda, sem í hefur verið stefnt, þó að hægt sé að draga úr sárindum í bili með slíku, það læknar ekki vandann.

Hinn ofboðslegi fjárfestingarkostnaður, sem búið er að efna til, er t. d. alls ekki kominn í verðlagið allur og því ekki inn í kaupgjaldið. Nýja íbúðaverðið, sem menn búa við núna, er ekki komið nema að litlu leyti inn í kaupgjaldið og þar af leiðandi ekki nema að litlu leyti inn í verðlagið. Við eigum eftir að fá stórar dýrtíðaröldur upp á yfirborðið, sem stafa af því, sem í undirdjúpunum býr nú þegar í þessu efni. Þetta sést bezt með því að bera saman íbúðarverðið eins og það er núna og húsaleiguna nýju og kaupgjaldið fyrir átta stunda vinnudag, og hvaða maður treystir sér til að halda því fram, að það ástand geti staðið eins og það er til frambúðar, og að hægt sé að láta eins og það sé ekki til og hér sé aðeins spurningin um það, hvort menn vilji nema staðar einhverja stund eða eitthvað því um líkt.

Hér við bætist, að þegar litið er til atvinnuveganna og þjónustugreinanna, sem þjóðfélagið sjálft á að annast, kemur glöggt í ljós, að framkvæmdaþörfin er meiri en nokkru sinni. Hún er meiri en nokkru sinni, vegna þess að sumar framkvæmdirnar eru hreint og beint lífsnauðsynlegir liðir í framkvæmd þeirrar stefnu, sem ein getur leitt okkur út úr sjálfheldunni. Einmitt það, að komast út úr sjálfheldunni, kostar nýjar framkvæmdir í mörgum greinum, og sérstaklega af þeim sökum eru þessi málefni erfiðari viðfangs en ella. En í þessum flokki framkvæmda, sem verða að hafa framgang, ef nokkur von á að vera til þess að komast út úr erfiðleikunum, eru fyrst og fremst hagræðingar- og vélvæðingarframkvæmdir stórfelldar í öllum höfuðatvinnugreinum landsmanna, en þessar framkvæmdir eru undirstaða þess, að mögulegt verði að leysa þann hnút, sem kjaramálin eru komin í og rekstur sjálfra fyrirtækjanna, það er ekki hægt með öðru móti og það þýðir nýjar framkvæmdir og nýjan stórfelldan fjárfestingarkostnað.

Þetta sést bezt, svo ég endurtaki það, sem ég sagði áðan, með því að gera sér grein fyrir, hvaða kaupgjald þarf nú orðið til þess að standa undir íbúðarkostnaði, eins og hann er orðinn, ásamt öðru því, sem þarf til þess að framfleyta fjölskyldu, og kaupgjaldið hlýtur að laga sig eftir þessu, ef menn ætla sér að lifa menningarlífi í landinu framvegis. Kaupgjaldið hlýtur að laga sig eftir því, og atvinnuvegirnir verða að geta borið það, og hvernig eiga þeir að geta borið það, eins og búið er að ganga frá þeim núna? Þeir geta það ekki að óbreyttu. Þetta þýðir, að það verður að taka nýtt átak í þessum efnum, sem kostar áreiðanlega mikla fyrirhyggju, mikinn myndarskap, mikið fjármagn og skynsamlega forustu.

Það þýðir ekki að ætla sér að horfa fram hjá þessu og hugga sig við, að það þurfi ekki að hafa áhyggjur af þessu, vegna þess hvað margir búi í gömlum húsum og hafi ódýra húsaleigu. Það þýðir ekki að miða við slíkt.

Það verður að miða við viðreisnarhúsaleiguna, eins og hún er orðin. Það verður að miða við viðreisnarkostnaðinn við það að koma upp íbúð yfir höfuð sér, eins og nú er ástatt. Við það verður að miða. Við það verður að miða

kaupgjaldið, og við þetta mun framleiðslukostnaðurinn miðast á næstu árum, en ekki hitt, þótt einhverjir hafi verið svo gæfusamir að koma upp þaki yfir höfuðið, áður en núv. hæstvirt ríkisstj. fór að véla um þessi efni.

Þá er enn einn þáttur þessara mála sá, að vonlaust má telja, að út úr þessu verði komizt nema með nýrri stefnu varðandi þýðingarmestu þjónustuframkvæmdir, því að það eru ekki aðeins atvinnuvegirnir, sem koma til greina í þessu sambandi. En með þjónustuframkvæmdum á ég við íbúðarbyggingar, skólamál og samgöngumál t. d. í fremstu röð, svo ég nefni málaflokka, sem miklu skipta. Meira framboð af hentugu og ódýru húsnæði en fæst með ríkjandi skipulagi og aðferðum, er víst óhætt að telja algert undirstöðuatriði þess, að verðbólgan verði lækkuð, — algert undirstöðuatriði þess, að verðbólgan verði lækkuð og að íslenzkir atvinnuvegir geti borgað það kaup, sem menn geta sætt sig við.

Þá blasir líka við, að vænlegur þjóðarbúskapur og farsæll atvinnurekstur í landinu getur áreiðanlega ekki til langframa byggt á því samgöngukerfi, sem nú er búið við. Ekkert sýnir þetta betur en útreiðin á vegunum, því að óbreyttri stefnu verður þeim ekki einu sinni haldið við. En afkastamestu vélarnar til vegagerðar eru látnar liggja aðgerðalausar, að sagt er, til þess að vinna gegn verðbólgunni, þ. e. a. s. til þess að draga úr framkvæmdaþenslu og vinna gegn verðbólgunni eru þessar vélar látnar liggja. Og þá er svo komið, á sjöunda tug tuttugustu aldar, að það er ekki hægt að fá vörur fluttar á sjó eftir þörfum með ströndum fram.

Ef við lítum á skólamálin, sjáum við, að framtíð þjóðarinnar krefst þess, að skólamálin og rannsóknarmálin séu tekin til endurskoðunar frá rótum, því mistakist að búa þjóðina þeirri þekkingu, sem hún þarf til að notfæra sér til hins ýtrasta nútíma tækni og vísindi í þjóðfélagsbúskapnum, mun það fljótt segja til sín á þann veg, að seint verður bætt úr því eða aldrei. En slík endurskoðun þýðir stórauknar framkvæmdir í fræðslu- og rannsóknarmálum.

Fleiri atriði væri freistandi að nefna, en ég ætla af þessu ljóst, að við búum við óðaverðbólgu, en framundan verða að vera vaxandi framkvæmdir í ýmsum greinum, ef vel á að fara, og að mikill þorri þessara framkvæmda, einmitt þessara framkvæmda, er þess eðlis, að þær verða, sjálfar framkvæmdirnar, að mynda stiklurnar út úr verðbólguflóðinu. Einmitt þess vegna er verkefnið ekki auðvelt, og má segja, að hér séu góð ráð dýr. En það ætti þó a. m. k. að fara að verða ljóst, að við þessar aðstæður er ekki heillavænlegt að nota þau úrræði í stríði gegn verðbólgunni að skera niður annars vegar holt og bolt lánsfé, og þar með rekstursfé þeirra atvinnuvega, sem frammi fyrir þessum vanda standa, og hins vegar opinberar þjónustuframkvæmdir, m. a. af því tagi, sem ég hef rætt um og fjölmargar aðrar, sem svipaða þýðingu hafa fyrir þjóðarbúskapinn.

Framkvæmdaafl okkar takmarkast við það, sem menn og vélar geta afkastað. Höfuðúrræðið í þeim stórfellda háska, sem við erum í stödd, á því að vera í því fólgið að raða okkur og vélunum skynsamlega til verka og nota alla möguleika, sem við höfum, til þess að afla okkur nýrri og betri véla og tækja og meiri og meiri þekkingar á því að fara með vélar og vinna haganlega. Nota sem mest þá fjármuni, sem til falla í þjóðarbúskapnum, í þessu skyni hiklaust með fullri ráðdeild. Þessi jákvæða leið er einnig eina leiðin til þess að draga úr verðbólgunni og leggja grundvöll að farsælli þróun í atvinnu- og kjaramálum en við búum nú við.

Til þess að koma þessu í framkvæmd þarf áreiðanlega nýtt viðhorf, nýjan hugsunarhátt. Stjórn landsins verður að hafa forustu um framkvæmd slíkrar stefnu, ekki til þess að draga öll málefni eða öll verkefni í ríkisrekstur, síður en svo, eða til þess að beita endalausum höftum. Þvert á móti á sú forusta fyrst og fremst að vera byggð á samstarfi og samvinnu við einstaklings- og félagsframtak.

Ég nefni sem dæmi um vinnuaðferðir, að menn frá einstaklingsframtaki, félagsframtaki, ríkisvaldi og stéttarsamtökum endurskoði í samstarfi hverja starfsgrein af annarri, hinar ýmsu greinar sjávarútvegs, fiskiðnað, landbúnað, iðnrekstur, íbúðabyggingar, ferðamannaþjónustu o. s. frv.: Hvað skortir til þess að menn fái notið sín við reksturinn og náð fullum árangri? Vélar, nýja tækni, betri aðstöðu, markaðsrannsóknir, markaðsleit eða rekstursfé, eða eitthvað af þessu öllu? Hvað þarf að gera til þess að unnt sé að greiða betra kaup, skila betri árangri og ná betri afkomu fyrir fyrirtækin? Hvað getur ríkið gert til að greiða fyrir atvinnurekstrinum? Það verður hiklaust að leggja miklu meira en gert hefur verið af opinberri hálfu til stuðnings við sjálfan atvinnureksturinn, bæði nýjar greinar og til endurbóta þeirra, sem fyrir eru.

Forusta og samstarf af þessu tagi verður að koma. Í það verða menn að leggja vinnu og aftur vinnu og láta það sitja fyrir öðru. Finna verður leiðir, til að tengja lánapólitíkina og fjármálapólitíkina hæfilega þessu samstarfi ríkisins og einstaklingsframtaksins, svo að það nái fram að ganga, sem þýðingarmest telst, en ekki fari eins og nú, að tækniframfarir komist víða ekki í framkvæmd vegna ósveigjanlegrar lánastefnu, sem byggist á einstrengingslegri frystingu í lánakerfinu.

Í framhaldi af þessari starfsemi og í sambandi við hana þarf að koma á fót samstarfi launþega og atvinnurekenda um framleiðni- og kjarasamninga, ef nota mætti þau orð. En þar á ég við samninga um skiptingu þess ávinnings í atvinnurekstrinum, sem af þessu leiðir, milli atvinnurekandans, starfsfólksins og neytenda. Mætti gera sér vonir um, að umfangs-

mikil og vel skipulögð starfsemi af þessu tagi hjálpaði mjög til þess að leysa kjaramálin farsællega og auka framleiðnina og þjóðartekjurnar.

Úrvalslið framkvæmdamanna, tæknimanna, stéttarfélagamanna og vísindamanna ætti að setja í víðtækt samstarf ríkisins og þessara þjóðfélagsafla. Og árangurinn mundi sýna sig.

Sömu skil þyrfti að gera þýðingarmestu þáttum þjónustuframkvæmdanna, s. s. opinberum framkvæmdum ýmsum og íbúðarbyggingum, og er þetta síðasttalda, íbúðarbyggingarnar, svo þýðingarmikið atriði, að grundvallarvandkvæði íslenzks atvinnu- og efnahagslífs er sjálfsagt ómögulegt að leysa nema með alveg nýrri stefnu í íbúðarbyggingum, þar sem efnt verður til fjöldaframleiðslu hentugra íbúða í stórum stíl.

Skynsamlegur áætlunarbúskapur í þessum anda verður að koma, því að með engu öðru móti fáum við, svo fámenn þjóð í svo stóru landi, ráðið við allt sem við þurfum að gera, án þess að ofbjóða framkvæmdaafli þjóðarinnar. En slíkt leiðir til ofþenslu og meiri verðbólgu en við fáum staðizt.

Allt verður að miða við, að nýta framkvæmdaaflið til fulls, því að hér á ekki að koma til álita að gjalda með atvinnuleysi fyrir jafnvægi í efnahagsmálum, eins og gert er í ýmsum löndum stórkapítalismans, og einmitt þess vegna ber að taka upp skynsamlegan áætlunarbúskap.

Mér er það vel ljóst, að þetta er ekki vandalaust, en það verður að ganga í þetta með atorku og krafti og taka upp nýja stefnu í þessum anda. Verðbólgan verður sem sé ekki læknuð, nema með nýjum jákvæðum aðferðum, þar sem meginkjarninn er sá að auka framkvæmdaafl þjóðarinnar með nýjum starfsaðferðum og nýjum tækjum, en þetta kostar miklar framkvæmdir, eins og ég hef þegar bent á, í mörgum greinum, sem ekki komast í verk, ef leiðir lánsfjárhafta, skipulagsleysis og forustuleysis eru farnar áfram. Það verður því að finna aðferðir, til þess að það sitji fyrir, sem nauðsynlegt er, til þess að komast út úr sjálfheldunni og þess vegna verður stefnan að byggjast á nánu samstarfi ríkisstjórnar, ríkisvaldsins og annarra þjóðfélagsafla.

Sú mynd, sem nú blasir við, eftir sjö einhver hin hagstæðustu framleiðslu- og verðlagsár, sem við höfum lifað, er þannig, hvort sem litið er á stöðu atvinnuveganna, almennt endurgjald fyrir eðlilegan vinnudag eða þau verkefni, sem ríkisvaldið á að annast, eða aðra þætti flesta, að ugg hlýtur að vekja í brjósti hvers hugsandi manns. En þó ætti ekki að vera nein ástæða til þess að kvíða framtíðinni, því möguleikar okkar eru stórfelldir, ef okkur tækist að taka skynsamlegar á þessum málum.

Ekkert minna dugir nú, en að menn geri sér grein fyrir því, að allsherjar úttekt verður að fara fram á þjóðarbúskap okkar og hreinskilið og undandráttarlaust mat á því, hvernig horfir og hvað fram undan er, að óbreyttri stefnu, og því næst verður að snúa inn á nýja leið, því að á rangri leið erum við, það sýnir reynslan ótvírætt.

Framsóknarmenn munu á þessu Alþingi flytja ýmis frv. og þáltill. um einstaka þætti þessara mála, sem miðast við þau meginsjónarmið, sem ég hef lýst í örstuttu máli.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að stefna ríkisstj., eins og henni hefði verið lýst í upphafi, væri enn í góðu gildi, og það væri að tryggja heilbrigðan grundvöll framleiðsluatvinnuveganna og þar með atvinnuöryggi. Það er einmitt þessi stefna, sem allan tímann hefur verið að mislukkast. Og afleiðingin af því, að hún hefur verið að mislukkast allan hennar stjórnartíma, er að koma í ljós í dag. Hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstj. reyna að skjóta sér á bak við þær verðlækkanir, sem nú hafa orðið erlendis á vissum afurðum okkar, en sannleikurinn er, að þessi síðustu fimm til sex ár hefur ríkisstj. fleytt sér á því að fá eindæma verðhækkanir erlendis, og þessi stjórnarstefna hefði verið komin í strand fyrir tveim til þrem árum, ef þær verðhækkanir hefðu ekki dunið yfir.

Nú lýsir hæstv. forsrh. því yfir, að nú verði að stöðva verðhækkanir innanlands. Þetta fyrirheit var gefið sem höfuðboðorð ríkisstj. í upphafi stjórnartímabilsins og meira að segja betur orðað en þetta. Þá var því lýst yfir, að ríkisstj. mundi ekki leyfa verðhækkanir innanlands, þó að kaupgjald hækkaði. Þeir menn, sem hugsuðu þau orð, höfðu auðsjáanlega einhverja hugmynd um atvinnurekstur og að það var eðlilegt, að kaup hækkaði á hverju ári, og að atvinnuréttindastéttin tæki það á sig með því að skipuleggja sinn atvinnurekstur betur. Þetta var hugsunin, sem lá á bak við þá yfirlýsingu, sem var gefin í upphafi stjórnartímabilsins, að ríkisstj. mundi ekki láta verðlag hækka, þó kaupgjald hækkaði. En hvað hefur svo gerzt? Verðlag í landinu hefur tvöfaldazt á síðustu fimm til sex árum, án þess að raunverulegt kaupgjald hafi hækkað. Þessi yfirlýsing hæstvirts ráðh. kemur raunverulega fimm til sex árum of seint eða réttara sagt gerðirnar í þessum efnum. Það hefði verið nær að standa við það 1961, þegar kaupgjaldið var hækkað, að breyta ekki genginu þá og setja verðbólguna af stað. Það er of seint að iðrast eftir dauðann. Ég efast ekki um, að það eru frómar og góðar óskir hjá hæstv. ríkisstj., að hún vill gjarnan reyna að stöðva verðhækkanir, þó að hún sjái það anzi seint, en á slíkri stundu verðum við að reyna að grafast fyrir um, hvernig stendur á þessu, hvernig stendur á, að hæstv. ríkisstj. hefur rekið svona pólitík allan tímann. Af hverju gafst hún upp strax fyrir fimm til sex árum í þessu og fer að tala um þessa hluti núna? Og mín trú er sú, að það mein verði ekki læknað, sem við eigum þarna við að glíma, nema grafizt verði fyrir orsakir þess, hinar pólitísku orsakir þess. Og

þær eru þær, að það er stefna verzlunar- og braskvaldsins í landinu, sem hefur ráðið fyrst og fremst stefnu ríkisstj. allan þennan tíma. Það hefur verið reynt að koma ýmsum öðrum áhrifum að, en það er þessi stefna og það er þetta vald fyrst og fremst, það verzlunar- og braskvald, sem orðið er eins voldugt eins og sjá má á Suðurlandsbraut og víðar hér í Reykjavík, það er það, sem hefur ráðið stefnunni og knúð hana fram. Undir því fagra nafni frelsis eins og frjálsrar verzlunar hefur dýrtíðin verið aukin á 6 árum, þannig að hún hefur tvöfaldazt. Og það, sem hæstv. ríkisstj. lagði fram til þess að þetta gæti gerzt svo að segja á altari verzlunarvaldsins í Reykjavík, var afnám verðlagsákvæðanna og það heyrðist ekki eitt orð um afstöðuna til þess í yfirlýsingu hæstv. forsrh. Það á kannske að borga niður einhverjar vörur, kannske hjá kaupmönnunum líka. En frelsið til álagningar, sem er undirrótin að allri þessari dýrtíð, það er það, sem fyrst og fremst verður að taka til endurskoðunar meira en nokkuð annað.

Í krafti þeirra einkaréttinda, sem verzlunin og braskið hafa fengið á undanförnum 5—6 árum, hefur t. d. eins og nú síðasta ár 40% af öllum nýjum mannafla þjóðarinnar farið til verzlunar og þjónustu. Í krafti einkaréttinda þessa valds hefur meiri hlutinn af allri lánsfjáraukningu t. d. á síðasta ári farið til verzlunarinnar og lengst af öll þessi ár hefur meiri lánsfjáraukning farið til verzlunarinnar heldur en til sjávarútvegs og iðnaðar samanlagt. Það er þetta vald, sem er meinið, sem við eigum þarna við að stríða, það er þetta vald, sem er að sliga framleiðsluatvinnuvegina og hefur smátt og smátt verið að því allan þennan tíma. Og ef menn þora ekki að horfast í augu við það, lækna menn ekkert í þessum efnum. Við skulum reyna að horfast í augu við staðreyndirnar, eins og þær blasa við í dag. Hrunið, sem hæstv. ríkisstj. hefur undirbúið með 5 ára óðaverðbólgu, er hafið. Það er ekki framundan núna það hrun, það er byrjað. Og það er ekki til neins að ætla að skjóta sér á bak við það í dag, að ef verkalýðsfélögin hækka kaupið, kaup, sem ekki hefur raunverulega hækkað í 7 ár, sé þar með verið að gera einhverja ástæðu til hruns, hrunið er byrjað sem afleiðing af 5 ára óðaverðbólgu, sem afleiðing af 5 ára yfirráðum verzlunarvaldsins yfir allri efnahagsstefnu í landinu. Og þetta hrun heldur áfram nú næstu mánuði af fullum krafti, ef ekki verður breytt um stefnu. Iðnaðarfyrirtækin eru að loka nú þegar. Ýmis stærstu og beztu hraðfrystihús, t. d. í Reykjavík og Hafnarfirði, eru nú þegar að loka og eru að segja upp sínu starfsfólki. Helmingur togaraflotans held ég að sé þegar seldur úr landi miðað við það, sem hann var fyrir nokkrum árum síðan, og hinn helmingurinn á kannske að fara sömu leið með að vera lagt. Þar með er kippt gersamlega grundvellinum undan öllum þeim hraðfrystihúsum og þeirri fiskframleiðslu, sem togararnir hafa fyrst og fremst séð fyrir hráefni hér sunnanlands. Þar með er allur grundvöllurinn til reksturs hraðfrystihúsanna hér syðra að brotna. Það þarf enginn að segja mér, að hann hefði brotnað, ef það væri verðlagið 1961. Smærri bátarnir úti um land eru að stöðvast og grundvöllurinn undir rekstri hraðfrystihúsanna þar er að brotna líka. Það er nauðsynlegt að horfast í augu við þessa hluti og vera ekki að tala um, að þetta sé það, sem blasir kannske við í framtíðinni, ef verkamenn fengju eitthvað hækkað kaup. Þetta er staðreynd í dag, sem meira að segja Morgunblaðið getur ekki dulið, hvernig sem það reynir að setja græn augu á sína lesendur í leiðurunum og láta útvarpa þeim. Græn gleraugu geta kannske passað stundum fyrir kýrnar, eins og sagt var í gamla daga, en þau passa áreiðanlega ekki fyrir íslenzka lesendur yfirleitt.

Það er stefna verzlunarvaldsins í landinu, sem er að sliga undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, hefur verið að því í mörg ár, en nú er þessi stefna að brjóta þá niður. Það hefur stundum verið sagt á þessum árum, að það hafi verið eitthvert kapphlaup á milli verðlags og kaupgjalds. Það er ekki rétt. Það kapphlaup hefur ekki verið til í þeirri merkingu, sem venjulega er reynt að telja mönnum trú um. Kaupið á Íslandi hefur frá því 1959 varla haldið í við verðlagið. Það hefur alltaf verið á eftir. Raunverulegt kaupgjald í dag er sízt betra en það var fyrir þá almennu dagvinnu fyrir 7 árum síðan. Verðlagningunni hefur verið sleppt lausri allan þennan tíma. Verzlunar- og braskvaldinu hefur verið selt sjálfdæmi í landinu allan þennan tíma á kostnað sjávarútvegsins og með því um leið að gera íslenzkum iðnaði ómögulegt að keppa við útlendan iðnað hvað neyzlu í landinu snertir. Allar hömlur hafa smátt og smátt verið afnumdar, til þess að verzlunin fengi ekki aðeins að eyða gjaldeyrinum, sem hún fær frá sjávarútveginum, og það oft mjög óskynsamlega, heldur líka að græða á honum. Sjávarútvegur og iðnaður hafa verið látin komast í kreppu og tapa, en verzlunin hefur orðið að blómgast. Það er þessi stefna, sem veldur ófarnaðinum, sem við stöndum frammi fyrir núna. Þetta frelsi með verzlunarálagninguna, sem búið er að básúna út allan þennan tíma sem grundvöll stjórnarstefnunnar, það er það, sem er að koma öllu í strand, sjávarútvegi og iðnaði, og ófarnaðurinn, sem blasir við stafar fyrst og fremst af því. Allar kauphækkanir í 7 ár hafa verið afleiðingar af þeim einkaréttindum, sem verzlunarvaldinu í landinu hafa verið fengin til þess að leggja á þjóðina skatta eins og því þóknast. Og samt hefur aldrei í sögu Íslands verið annað eins tækifæri til þess að láta raunverulegt kaup hækka, raunverulegt dagkaup hækka eins og á undanförnum 5 árum. Í fyrsta lagi vegna stórhækkunar á verðlagi okkar afurða erlendis, í öðru lagi vegna tvöföldunar á því aflamagni, sem okkar sjómenn hafa dregið úr sjó. Við höfum upplifað heila vélbyltingu, heila iðnbyltingu í okkar flota, meira en tvöfaldað afla-

magnið. Verðlagið hefur hækkað erlendis þangað til nú. Náttúran og markaðurinn hafa leikið við okkur. En öllum þeim ávinningi og bættum kjörum, sem t. d. verkamenn og aðrir launþegar gátu haft af þessu, hefur verið fórnað fyrst og fremst á altari verzlunarauðvaldsins.

Það var ekki meining okkar að fara í almennar umr., heldur aðeins að reyna að drepa á það, sem við álítum, að sé aðalatriðið í sambandi við það, sem nú er framundan. Afstaða Alþb. til þessarar ríkisstj. og hennar stefnu er óbreytt eins og hún hefur verið. Það er þessi óheillastefna óðaverðbólgunnar, sem er nú að sigla framleiðsluatvinnuvegunum í strand. Það hefur hins vegar ekki vantað, að jafnt Alþb. sem þau samtök, sem það hefur mikil áhrif í, alþýðusamtökin í landinu, hafi viljað koma í veg fyrir þennan ófarnað og hafi verið og séu reiðubúin til skynsamlegra ráðstafana til þess að bjarga út úr þeim ófarnaði, sem búið er að koma þjóðinni í með þessari stefnu. Alþýðusamband Íslands bauð strax vorið 1964 hæstv. ríkisstj. samstarf um að reyna að stöðva nú verðbólguna. Samtölin voru tekin upp, en samstarfinu var ekki sinnt. Óðaverðbólgan var látin geisa áfram. Því var ekki sinnt, að það þurfti að breyta um stefnu til þess að ekki yrði siglt í strand. Nú erum við að stranda og eigi að vera hægt að draga skútuna út, verður fyrst af öllu að gerbreyta stefnunni, þó að það yrði að draga hana út aftur á bak til að byrja með. Allt svo: gerbreytingin á stjórnarstefnunni er fyrsta skilyrðið til þess að bjarga út úr þeim ófarnaði, sem þegar er kominn yfir okkur vegna stjórnarstefnunnar öll þessi ár.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef með athygli hlýtt á aths. hv. talsmanna stjórnarandstöðunnar og það er sérstaklega eitt atriði þar, sem kom fram hjá þeim báðum, sem gleður mig. Einkanlega verð ég þó að segja, ef þeir láta þar verk fylgja sínum orðum. Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það þyrfti að kanna til hlítar, hverjar væru orsakir verðhækkananna og miða frambúðarráðstafanir við þetta. Hv. 1. þm. Austf. sagði sem sína lokalausn á vandamálum þjóðfélagsins nú, að það þyrfti að fara fram úttekt á þjóðarbúinu. Við höfum að vísu heyrt þá stefnuyfirlýsingu áður, og einhvern veginn fór það nú svo, að úttektargerðin, sem framin var 1956 og 1957, var aldrei birt. Manni var sagt, að hún hefði farið fram, en birting á henni fékkst aldrei. Þegar til átti að taka, virtist svo sem skorti hugrekki til þess að horfast í augu við þær staðreyndir, sem þar blöstu við.

Ég verð að segja það, að hin sama veila virtist nokkuð koma fram hjá þessum hv. þm. báðum enn. Þeir vilja ekki til hlítar viðurkenna, í hverju vandamálin eru fólgin. Hv. 3. þm. Reykv. hefur að vísu eina allsherjar skýringu á þeim vandamálum. Það á að vera hin mikla ágengni verzlunarauðvaldsins í landinu, sem einkanlega lýsi sér í hinum miklu byggingum hér inn með Suðurlandsbraut. Nú er um þær byggingar að segja, að þar er um að ræða atvinnuhúsnæði, sem brýn nauðsyn var fyrir þennan bæ að fá. Sams konar byggingar höfðu verið reistar á haftatímum víðs vegar um landið, sjálfsagt nauðsynlegar þar, en ekki síður nauðsynlegar hér í Reykjavík. En er það þá svo, að verzlunarauðvaldið hafi grætt svo mikið á undanförnum árum? Ég veit, að hv. 3. þm. Reykv. er nákunnugur starfsemi KRON hér í Reykjavík. Er það virkilega svo, að sá öflugi félagsskapur hafi stórgrætt undanfarin ár? Er það virkilega svo, að þau innflutningsfyrirtæki, sem nánir vinir hv. 3. þm. Reykv., sumpart á flokksgrundvelli, hafa efnt til, standi með miklum blóma og hafi stórgrætt? Mér er þetta ekki kunnugt. Hann getur svarað því, ef hann vill sjálfur.

Hann getur spurt nágranna sinn og hálfsálubróður, hv. 1. þm. Austf., varaform. Samb. ísl. samvinnufélaga, sem ég hygg, að sé stærsti innflytjandi á landinu. Er hagur þessa mikla heildsala með sérstökum blóma í dag? Hefur það grætt svo á sínum innflutningi, að það gefi efni til þeirra fullyrðinga, sem hv. 3. þm. Reykv. áðan viðhafði? Um þetta skulum við ekki hafa neinar fullyrðingar og það er ástæðulaust að standa hér þing eftir þing og ár eftir ár og vera með um þetta fullyrðingar. Þetta hlýtur að vera hægt að kanna og skoða.

En það er líka alveg ástæðulaust fyrir hv. 3. þm. Reykv. að fullyrða það, að dagkaupi verkamanna hafi farið hér hrakandi á s. l. árum. Það er til skýrsla, sem er nú alveg nýkomin, var afhent hér held ég, lögð á borð okkar 1. dag þingsins frá kjararannsóknarnefnd, þar sem nokkrir þm. og aðrir oddvitar í þjóðfélaginu eru ábyrgir fyrir, það eru Björn Jónsson, Björgvin Sigurðsson, Helgi Bergs, Hjalti Kristgeirsson, Sigurvin Einarsson og Þorvarður Ólafsson. Hvað segja þeir nú um þá breytingu, sem á hefur orðið í þessum efnum hin síðustu ár? Í þessari skýrslu er á síðu 14 tafla yfir samningsbundið tímakaup í dagvinnu og mér telst til, að frá árinu 1961 til 1965 hafi á því orðið 79% hækkun. En skv. síðu 21 er hækkun á framfærsluvísitölu á sama tíma 59% og ef einungis er tekin vísitala neyzluvöru er hækkunin 63%, þannig að eftir þessari skýrslu, sem þessi góða nefnd með mjög skilríkum fulltrúum í lætur afhenda okkur hér á fyrsta degi þingsins, er það alveg ótvírætt, að kaupmáttur dagkaupsins hefur aukizt á þessu tímabili, sem hér er um að ræða.

Sjálfur hef ég fengið um það óyggjandi upplýsingar, að frá því að júní-samkomulagið var gert þangað til nú í vor, jókst kaupmáttur í lægstu flokkum Dagsbrúnar, kaupmáttur tímakaupsins, 15—20% eða jafnvel meira í einstökum tilfellum. Nú getur verið, að þetta séu rangir reikningar, en þá er að sanna, að þeir séu rangir og upplýsa, í hverju villan er fólgin. Ég hef ekki löngun hér til þess að

standa og segja mönnum rangt frá eða byggja mína hugsun eða aðgerðir á röngum upplýsingum. En menn verða að vita um hvað er verið að tala og hverjar staðreyndirnar eru í raun og veru í þjóðfélaginu. Annars verður ekki við neitt ráðið.

Það tjáir ekki að koma og segja, að vandræðin séu að kenna verzlunarauðvaldinu, vandræði togaraútgerðarinnar, vandræði litlu bátanna, vandræði hraðfrystihúsanna. Í fyrsta lagi, hvar er þessi auður og óhóflegi gróði verzlunarauðvaldsins? Hvað segja þessar skýrslur, sem ég vitnaði hér til? Hvað segir enn fremur skýrsla Efnahagsstofnunarinnar um þessi efni, þar sem berum orðum er fram tekið, á síðu 23, þar sem raktar eru hækkanir síðustu tveggja ára og borið saman í sambandi við áhrif þeirra á nýjan og gamlan vísitölugrundvöll. Þar er sagt berum orðum á síðu 23, ég skal ekki fara að þreyta menn hér með rökstuðningnum, en niðurstaðan segir:

„Enda þótt margar þessara innlendu verðhækkana séu miklar, eru þær þó hér um bil undantekningarlaust minni en hækkun tímakaups á hinu umrædda tímabili, en hún var 36.5%."

Ef þetta er röng fullyrðing, er að sanna, að hún sé röng, koma með gögn fyrir því. En það þýðir ekki að fullyrða alveg það gagnstæða og segja: Af því að togurum gengur illa, af því að litlu bátunum gengur illa, af því að hraðfrystihúsin eru nú í vandræðum, er það vegna þess að verzlunarauðvaldið hefur tekið svo mikið til sín og af því einnig, að kaup verkalýðsins hefur lækkað á þessu umrædda tímabili. Hér er algerlega farið með staðlausa stafi, vægum orðum sagt hringavitleysu, framsetta hjá hv. 3. þm. Reykv. Hún var enn þá skýrari hjá honum, hvernig sem á því nú stóð, heldur en hjá hv. 1. þm. Austf., hvort sem hans hugarfar er nú þokukenndara eða aðrar ástæður eru að verki, en hann hafði fleiri orð og umvafði sína hugsun þess vegna í dálítið ógagnsærri hjúp.

Erfiðleikar togaranna eru miklir. Verðbólgan innanlands á vissulega sinn þátt í því, það er alveg rétt. En við vitum, að það eru allt aðrar ástæður, sem þar ráða úrslitum. Það er útilokun þeirra frá þeirra gömlu veiðimiðum. Það er sú staðreynd, að þeir hafa fleiri menn um borð en sambærileg skip hjá öðrum. Það er vegna þess, að þeir verða sumpart að kaupa dýrari vörur hér innanlands, ekki vegna verðbólgu, heldur vegna verðjöfnunar. Það er vegna þess að þeir verða að sætta sig við toll á erlendum markaði, sem samkeppendur þeirra þar þurfa ekki að bera. Þetta eru ástæður, sem þarna ráða úrslitum og vandræði togaranna verða ekki leyst nema því aðeins, að menn geri sér grein fyrir þessu og hafi kjark til þess að reyna að leysa þessi verkefni.

Alveg eins er það með litlu bátana. Við vitum það, að verulegur hluti minni bátanna bjargar sér nú með fiskveiðum í landhelgi. Þetta vitum við, jafnt ríkisstj. og Alþingi. Það er horft í gegnum fingur um þetta. Ég segi, þessi háttur dugar ekki til lengdar. Menn verða að horfast í augu við, að þarna verður breyting að vera á gerð, það verður að framfylgja l. og ef það er nauðsynlegt, verður að veita þessum bátum aukna veiðiheimild, en fara ekki eins að og nú. Hvort það dugar, er svo annað mál, vegna þess að erfiðleikar litlu bátanna eru auðvitað fyrst og fremst þeir nú, að þeir standa sig ekki í samkeppni við hin nýju, stóru tæki, þar sem stóru bátarnir eru. Það er skuggahliðin af tækniframförunum, sem þarna birtist. Þetta er ekki sérstakt íslenzkt fyrirbæri. Þetta hefur alls staðar átt sér stað, þar sem tæknibylting hefur orðið. Þetta er vandamál og mjög mikið vandamál — og það verður ekki leyst með því að loka augunum fyrir því og kenna það allt öðrum orsökum. Það verður leyst með því að leggja höfuðið í bleyti, hvernig á að leysa þetta sérstaka vandamál og viðurkenna, að það sé vandamálið.

Þessar orsakir aftur á móti, ósamkeppnishæfni og veiðileyfatakmörkun, bæði minni bátanna og togaranna, eiga hins vegar ríkan þátt í því, að hraðfrystihúsin eru nú í erfiðleikum. Nú er vafalaust, að orsök erfiðleika hraðfrystihúsanna í dag er ekki sízt verðfallið erlendis. Það á þar ríkan þátt í. Hversu það er mikið og nær til margra vara og hversu það verður viðvarandi, það fyrra liggur ekki ljóst fyrir enn þá, er ekki upplýst til hlítar enn þá, hið seinna verður ekki séð fyrir í dag. En það er atriði, sem við ráðum ekki við nema að litlu leyti. En þá er það efnivöruskorturinn, sem fyrst og fremst er hraðfrystihúsunum að tjóni nú. Og ég spyr: Hvaða ástæða er til þess fyrir hraðfrystihús að hafa opið og tapa á því að hafa opið, meðan það fær ekki efnivöru og tapar á sínum rekstri? Og hver hefur oftar hér í sölum Alþingis heldur en einmitt hv. 3. þm. Reykv. gert það að umræðuefni, hversu það væri óhagkvæmt að hafa þessi mörgu hraðfrystihús og hversu það væri fjarri lagi að slík hús gætu til frambúðar í raun og veru staðizt eðlilega samkeppni eða veitt þeim, sem að ynnu, eðlileg kjör? Þetta gat gengið, meðan þau fengu mjög mikið af verkefni, sem barst að. Þegar verkefnið fjarar út, af því að segja má, að kjarninn úr flotanum leggur nú stund á aðra atvinnu, sem sagt síldveiðarnar, þá skapast sérstakt ástand hjá hraðfrystihúsunum, ástand sem vissulega er vandamál, sem verður að skoða og skoða út frá orsökum þess vandamáls en ekki í allt öðru ljósi og fela það bak við slagorðið um verðbólgu.

Verðbólgunni er vissulega nógu margt að kenna, þó að ekki séu lagðar á hana aðrar sakir en hún ber. Og það tjáir ekki að ætla að fela margháttaðan óteljandi samanþjappaðan vanda þjóðfélagsins bak við þetta slagorð. Og það er e. t. v. ein af orsökunum til þess, að svo illa hefur gengið í baráttunni við verðbólguna nú í heilan aldarfjórðung, að menn hafa verið að fela ýmis önnur vandamál á bak við þetta orð í staðinn fyrir að gera sér grein

fyrir eðli þess sérstaka vanda, sem hverju sinni varð að leysa.

Hv. 1. þm. Austf. gerir bændum t. d. ákaflega litinn greiða með því, þegar hann segir, að það sé fyrst og fremst verðbólgan, eða þótt hann kalli það óðaverðbólgu, sem er orsök að þeirra erfiðleikum nú í dag. Hitt er því miður miklu nær sanni að segja, að stærsta orsökin til verðbólgunnar á Íslandi, til verðhækkananna, sé landbúnaðurinn. Við skulum bara lesa það, sem hér hefur komið fram við rannsókn um vöruverðshækkanir síðustu tvö ár. Í skýrslu hagráðs segir á síðu 23:

Athyglisvert er, að hve miklu leyti má rekja meginþunga verðhækkunar tveggja undanfarandi ára til tiltölulega fárra liða. Sé ekki tekið tillit til niðurgreiðslna og annarra beinna opinberra aðgerða eru landbúnaðarafurðirnar hér langþyngstar á metunum. Til þeirra má rekja um 45% allrar verðhækkunarinnar samkv. núgildandi grundvelli, en um 33% samkv. nýja grundvellinum. Verðhækkun á fiski og fiskvörum hefur valdið 8% allrar verðhækkunarinnar samkv. núgildandi grundvelli, en 4% samkv. þeim nýja. Opinber þjónustugjöld eru völd að 12% af heildarhækkuninni samkv. báðum grundvöllunum.

Ef þetta er ekki rétt, þarf að afsanna þetta með rökum. Og ég segi: Þetta kemur því máli ekkert við, hvort við viljum hafa landbúnað á Íslandi eða ekki. Ég segi: Ég teldi þann mann halda fram meiri fjarstæðu en svo, að honum þyrfti að svara, sem segði, að það ætti að hætta við íslenzkan landbúnað. Landbúnaður er okkur eins sjálfsagður eins og það, að við séum sjálfstæð þjóð, en það kostar að vera sjálfstæð þjóð og það kostar að halda uppi landbúnaði á þessu landi.

Ég sá, að hv. 1. þm. Austf. kvaddi sér hljóðs, þegar ég var að tala um landbúnaðinn. Hann vildi þá kannske skýra það fyrir mér um leið, þegar hann kemur hér upp, sem stóð í Tímanum ekki alls fyrir löngu. Það hefur vakið athygli, að þar hafa birzt í haust nokkrar óvenjulega skynsamlega skrifaðar greinar eftir ungan pilt, hagfræðing að því er ég hygg eða hagfræðinema, þar sem hann ræddi um skýrslu Efnahagsstofnunarinnar, reyndi að kryfja hana til mergjar. Það skiptir ekki máli, hvort menn eru sammála honum í einu og öllu eða ekki. Hann reyndi að velta málunum fyrir sér, benti á það, að það þyrfti að móta nýja stefnu. Það var eins og hjá hv. 1. þm. Austf., það var meira, að það þyrfti að kanna málin heldur en hann benti á ákveðnar lausnir. En við skyldum nú ætla samkv. upphafi, sögu og venjulegu tali framsóknarmanna, að það væri þó eitt mál, sem þeir kynnu lausn á, eitt mál, sem þeir hefðu markað ákveðna stefnu í og það væru landbúnaðarmálin. En hvað segir í Tímanum hinn 20. september í grein eftir þennan myndarlega pilt? Með leyfi hæstv. forseta:

„Það þarf að móta heildarstefnu í markaðsmálum landbúnaðarins og gera verðlagskerfið svo úr garði, að það lagi framleiðsluna að þörf innlenda markaðarins og að möguleikum á samkeppnishæfum útflutningi og stuðli um leið að eðlilegri þróun og aukinni fjölbreytni í framleiðslu jafnhliða því að veita bændum viðunandi kjör. Hvernig þessi stefna skuli framkvæmd í reynd, er þraut, sem enginn hefur enn leyst."

Þetta stendur orðrétt. Það er ekki ónýtt að hafa svona leiðbeinendur. Og þetta eru mennirnir, sem þykjast kunna öll ráð við vandamálunum. (**Gripið fram í:** Hvað segir Ingólfur?) Hvað segir Ingólfur? Landbúnaðinum hefur aldrei vegnað eins vel eins og síðan Ingólfur Jónsson varð landbrh. og jafnvel framsóknarmenn eru farnir að viðurkenna það opinberlega, að ef þeim lánaðist nú að komast inn í stjórn með íhaldinu, mundu þeir auðvitað halda Ingólfi Jónssyni sem landbrh.

Nei, vandamálin í okkar þjóðfélagi eru ákaflega mörg og margþætt, og því fer auðvitað fjarri, að núv. ríkisstj. hafi tekizt að leysa þau öll. Og það er auðvitað augljóst, að svo glöggur og greinargóður maður sem hv. 1. þm. Austf., sagði margt rétt í sinni ræðu, bæði um það, hverju væri ábótavant og hvað væri hægt að gera, a. m. k. hvað þyrfti að athuga, því að lengra komst hann nú yfirleitt ekki í sínum leiðbeiningum.

En um sumt sýnist hann nú eitthvað hafa villzt af leið. Hann sýnist t. d. ekki vita það, að nú er búið í 1½ ár í samvinnu við verkalýðsfélögin að reyna að gera stórmerka tilraun til að lækka byggingarkostnað hér í Reykjavík. Það var alveg eins og hv. þm. kæmi ofan af fjöllum, þegar hann var að lýsa þörf á þessum aðgerðum. Það var þó upplýst fyrir 1½ ári, að þetta skyldi gert. Að þessu hefur ófluglega verið unnið og ég hygg, að umboðsmaður flokks hv. þm. sé í þeirri n., sem með þessu hefur fylgzt. A. m. k. ætti sá maður, sem vill fylgjast með þjóðlífinu að hafa einhverja hugmynd um þetta.

Eins verð ég að segja við þessa hv. þm. Þeir tala um, að hér séu mörg fyrirtæki að komast í þrot. Auðvitað veit ég það, að fyrirtæki eru misjafnlega árangursrík — vel rekin. Sumum gengur vafalaust miður heldur en öðrum. En hvað eru það nú mörg af meiri háttar atvinnufyrirtækjum, sem hér eru við lýði, sem t. d. við síðustu áramót voru algerlega í þrotum, þannig að það sé hægt að sýna af skattskýrslum og þeim gögnum, sem fyrir liggja, að þessi umsögn þessara hv. þm. fái staðizt? Það er vafalaust hægt að benda á einstök fyrirtæki. Ég efast ekki um það. Svo hlýtur ætíð að verða. En stenzt þetta í heild? Er hægt að færa rök fyrir þessu? Mundi hitt ekki vera sanni nær, að fyrirtæki hér almennt, við skulum ekki tala um þá, sem leggja nú stund á síldveiðar, þá útvegsmenn eða atvinnurekendur, sem þar eiga hlut að máli, en mundi það ekki vera sanni nær, að hraðfrystihúsin hafi yfirleitt staðið sig sæmilega, a. m. k. fram á s. l. vor, og það, sem síðan hefur að þeim kreppt, sé að

kenna ástæðum, sem síðan hafa orðið til, svo sem efnivöruskortinum yfir sumarlagið og svo kvíði og sumpart réttmæt og auðskilin vandræði vegna verðlækkunar eða a. m. k. sölustöðvunar, vegna þess að þeir vilja ekki selja á því verði, sem í boði hefur verið? Mundi þetta ekki vera sönnu nær heldur en láta svo sem öll þessi fyrirtæki, þessi mikilvægi atvinnuvegur, væri kominn að hruni og hrunið væri hafið? Og það leyndi sér ekki, að a. m. k. hv. 3. þm. Reykv. taldi það síður en svo leið tíðindi, að nú skyldi loks að því komið, að ríkisstj. fengi hrunið ofan á sig.

En vita þá ekki þessir menn t. d. um þá gerbreytingu, sem orðið hefur í íslenzku þjóðfélagi frá því að vinstri stjórnin hætti 1958? Vita þeir ekki eða vilja þeir ekki kynna sér það, að örugg gögn eru til um það, að í atvinnuvegunum hafi raunverulegt fjármagn, ekki talið í verðlausum krónum eða í minnkandi krónum, heldur í raunverulegum verðmætum á því stutta árabili, sem síðan er liðið, aukizt um nær 50% frá árslokum 1958 til ársloka 1965? Og ég bið þá að benda á eitthvert annað slíkt vaxtartímabil í íslenzku atvinnulífi. Og ég bið þá líka um að benda á eitthvert annað slíkt vaxtartímabil í framsókn íslenzks almennings eins og á þessu tímabili. Um það eru til óhnekkjandi gögn, að á árinu 1960 fram til 1965 hafa raunverulegar tekjur, ráðstöfunartekjur þjóðfélagsstéttanna í heild aukizt frá þriðjungi og upp yfir 2/5, úr 33 og yfir 40%. Sumt af þessu hefur kannske verið fengið með aukinni vinnu, með ýmiss konar öðru greiðsluformi, hlunnindum, heldur en áður var, en sumpart með auknum kaupkrafti fyrir tímakaupið. Það er óhnekkjanleg niðurstaða, að atvinnustéttirnar, almenningur, verkalýðurinn, bændur, hvernig, sem þið viljið orða það, hafa fengið fyllilega sinn hlut og meira en honum nemur úr þeirri gífurlegu aukningu þjóðartekna, sem á þessu tímabili hefur átt sér stað, þannig að hagur þessa fólks stendur nú svo miklu betur en áður var, að ekki þarf um að deila. Og þessir menn gera sig að hreinu viðundri, þeir ganga um eins og í þoku, ef þeir skilja ekki þetta.

Hitt er svo annað mál, að einmitt vegna þess, hversu almenningur hefur fengið mikinn hlut af þeim arði, sem á land hefur borizt, þola atvinnuvegirnir verr að verða fyrir skakkaföllum, heldur en þeir mundu gera, ef þeir hefðu fengið að halda meiru hjá sér. Þetta liggur í augum uppi. Þess vegna segir verðfallið þegar til sín og skapar atvinnuvegunum örðugleika. En einmitt vegna þessarar öruggu undirstöðu, sem atvinnuvegirnir annars vegar hafa, og hinnar stórauknu velmegunar, sem almenningur á við að búa, er ekki verið að fara fram á neinar fórnir, neitt, sem er ekki í raun og veru hverjum og einum sjálfum helzt til heilla þegar sagt er: Nú skulum við breyttar aðstæður staldra við, til þess að skapa ekki okkur sjálfum örðugleika. Þetta er meginkjarninn í okkar stefnu. Þetta er það, sem gera þarf, og ég vil heita á þessa hv. þm., svo glöggir og greindir menn sem þeir eru: Setjist þeir nú niður, geri fyrst og fremst úttekt á sínu eigin rangsnúna hugarfari, skoði staðreyndirnar í réttu ljósi og þá mun verða hægt við þá að tala og vinna með þeim að lausn þeirra vandamála, sem raunverulega eru fyrir hendi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. talaði um það alveg réttilega, að það ætti ekki að fela vandamálin. Um að gera að ræða vandamálin. Af hverju kom þá hæstv. forsrh. ekki með einu orði inn á það, hvort það hefði eitthvert gildi eða ekki neitt, að það væri frjáls verðlagning á vörum? Af hverju vildi hæstv. forsrh. fela þetta vandamál? Af hverju vildi hann ekki minnast á það, að það að afnema verðlagsákvarðanir, hvort heldur það væri hjá Eimskipafélagi Íslands, heildsölum eða öðrum, það þýðir að gefa þessum aðilum rétt til að skammta sér eins og þeim þóknast úr þjóðarbúinu? Af hverju á að vera að fela vandamálin? Ég þóttist einmitt hafa minnzt á þetta vandamál hérna áðan. Af hverju vill hæstv. forsrh. ekki ræða það? Er það vegna þess, að Morgunblaðið er eign verzlunarauðvaldsins í Reykjavík og búið að vera það í meira en 60 ár eða meira en 50 ár? Er það vegna þess, að sterkasta valdið í Sjálfstfl. er þetta verzlunarvald? Allt svo, við skulum ekki fela þessi vandamál. Þetta eru ökonomisk og pólitísk vandamál, sem þjóðin þarf að horfast í augu við. Ég nefndi það dæmi, að á síðustu 5 árum hefði verðlag tvöfaldazt. Hæstv. forsrh. var að tala hér um vísitöluna í þessu sambandi. Ég hef nú ekki Hagtíðindin hérna við, þau voru ekki inni á skrifstofunni nýrri en frá júlí 1966. Þar er verðlag á vörum og þjónustu miðað við marz 1959, þá er þessi a-liður sem sé, vörur og þjónusta, allar matvörur, hiti, rafmagn, fatnaður, ýmis vara og þjónusta komin upp í 224, miðað við 100 í marz 1959. Allt svo, gerir mun betur heldur en að tvöfaldast. Við skulum segja, að verðlag erlendis hafi dálítið hækkað á þessum tíma. Það mætti draga það frá, það eru kannske 30%, það er kannske eitthvað meira. Engu að síður vil ég leyfa mér að halda því fram, að verðlagshækkanirnar hér innanlands á þessu 7 ára tímabili séu höfuðvaldur þeirrar verðbólgu, sem hér hefur geisað. Og meðan hæstv. forsrh. sér ekki ástæðu í alllangri ræðu hér og ýtarlegri og heitri að minnast á þennan hlut, liggur mér við að segja, að hann sé að fela vandamálin og það höfuðvandamálið, af því að þetta vandamál snertir þá stétt, sem hefur verið voldugust því miður í Sjálfstfl. lengst af nema á örlitlu tímabili.

Síðan reynir hæstv. forsrh. að sýna fram á, að verkamenn hafi nú fyllilega fengið sitt. Hann talar um það gósentímabil, sem verið hafi á undanförnum árum. Ég hef líka minn

útreikning á þessum hlutum og hef lengi lagt hann fram hér í Alþ. og ég held nú næstum því, að hæstv. forsrh. hafi jafnvel stundum gjarnan viljað styðjast við hann líka. Kaupmáttur tímakaupsins, þá var miðað við 1945, var 1959 101, eitt af því hæsta, sem hann hefur komizt. Í nóvember 1965 var hann 93 og miðað við Dagsbrúnartaxtann, ef maður miðar við kaupmátt vikukaupsins, 86. Ég hafði reiknað þetta út man ég eftir, í fyrra. Ef maður reiknar með þeim tilfærslum, sem orðið hafa, að þeir, sem áður voru á fyrsta taxta, hafnarverkamennirnir m. a., væru komnir upp í 3. taxta núna, enn fremur þeim 5%, sem þeir fengju í sínum samningum, þegar þeir væru búnir að vera 2 ár, þótt maður reiknaði allt saman þetta með, allar þessar tilfærslur, kemst maður samt ekki nema upp í það sama. Raunverulegur kaupmáttur vikukaups núna, er sá sami og hann var 1959, þannig að framhjá þessu verður ekki komizt. Það er rétt, að þetta tímabil hefur verið mjög gott tímabil, sérstaklega vegna þess, hve mikil atvinna hefur verið. Það hefur skapað mönnum betri kringumstæður með að fá sér ýmislegt og annað slíkt, en það hefur um leið svipt menn öllu, sem heitir fristundir. Það er rétt, að það lifa máske ekki margir eins vel í Evrópu eins og Íslendingar hafa gert, en það vinnur ekki nokkur verkalýðsstétt í Evrópu eins og Íslendingar hafa gert, eins mikið og eins lengi, svo að við skulum athuga það alveg hreint fyllilega, þegar við erum að ræða um þessi mál. Og svo verður að taka tillit til eins, að í öllum þessum útreikningum, sem við erum með um verðlagið, matvöruna, framfærslukostnaðinn og annað slíkt, er húsaleigan aldrei með. Og ég þarf ekki að ræða um það, við vitum það allir, hvernig hún muni vera fyrir þá, sem núna eru að brjótast í því að afla sér húsnæðis, þannig að raunverulega hefur kaupmáttur tímakaupsins hjá verkamönnum lækkað, ef ætti að taka tillit til húsaleigunnar líka. Ég skal náttúrlega viðurkenna, að þar er mjög misjafnt innan sjálfrar verkamannastéttarinnar. Þeir, sem búa í gömlu húsnæði, standa þarna miklu betur að vígi, en þeir, sem eru að flytja inn í nýjar íbúðir, stynja aftur á móti undir þessum hlutum, enda þrældómurinn alveg gífurlegur fyrir þær fjölskyldur. Hæstv. forsrh. þótti ég tala fulldjarft um, að verzlunarauðvaldið hefði fengið nokkuð mikið í sinn hlut og vildi spyrja, hvernig t. d. KRON vegnaði. Ég vil nú segja honum, að þegar ég tala um verzlunarauðvald, á ég fyrst og fremst við þá stóru heildsala og þá aðila, sem hér hafa alveg sérréttindi, hvað snertir álagningu og slíkt. KRON er fyrst og fremst matvælaverzlun, sem fyrst og fremst miðar við það að reyna að halda verðlaginu niðri og hefur ekki til þess notið neinna fyrirgreiðslna stjórnarvalda eins og tíðkast þó í gegnum alla banka til handa þeim, sem voldugir eru og inn undir. Og KRON hefur reynt að vinna að þessu eftir frekustu getu. KRON er ekki rekið til þess að safna gróða, heldur til þess að reyna að útvega mönnum ódýra vöru. Aftur á móti skal ég gjarnan taka undir það, að það væri nú rétt að athuga, eins og hæstv. ráðh. var að tala um, hvernig væri með þessa gróðaskiptingu. Mér er ekki grunlaust um, að t. d. hjá bílasölum og jafnvel olíusölum, sem kvarta mikið út af rekstursfjárleysi þessa dagana, þar safnist alveg gífurlegur gróði.

Þegar ég minntist á byggingarnar við Suðurlandsbraut, var það nú meira eins og ég hef gert hér áður, til þess að minna á, hve vitlaust þeim gróða er ráðstafað. En það er alveg rétt, að um þetta þýðir náttúrlega ekki að vera að hafa stór orð og deila mikið. Ég vil bjóða hæstv. forsrh. upp á eitt, til þess að úr þessu fáist skorið. Ég vil bjóða honum upp á það, að við látum fara fram í okkar þjóðfélagi algera eignakönnun núna, nú þegar, samþykkja lög um það á þessu þingi, láta fara fram algera harðvítuga eignakönnun, til þess að það sjáist, hvert það fjármagn, sem skapað hefur verið í þjóðfélaginu með vinnu verkamanna og annarra á undanförnum árum, hefur farið. Ég vona, að hæstv. forsrh. taki þessu. Ég vona, að hann álíti ekki, að það sé neinu að leyna hjá neinum manni, sem ríkisstj. eða Sjálfstfl. hefði ástæðu til þess að vernda í þessum efnum. Það er alveg eins gott að fá að vita það, hvert þetta mikla fjármagn hefur farið og í eigu hverra það er. Ég veit, að við slíka eignakönnun mun það koma í ljós, sem er mjög ánægjulegt og er ein afleiðingin af baráttu verkalýðsfélaganna á undanförnum árum, að mikill þorri af verkamönnum hefur eignazt íbúðir, sem þeir ekki áttu fyrr. En þorrinn af þessu er ég hræddur um, að hafi farið á tiltölulega fáa staði. Og það, sem verra er, ég þykist hafa orðið var við það, að það væri meira að segja tilhneiging hjá hæstv. ríkisstj. til þess að leyna því, hvar þessi gróði — hvar þessi auður sé.

Hér hefur á undanförnum árum hvað eftir annað verið sett í gegnum þing ákvörðun um að selja skuldabréf með þeim skilyrðum, að þau séu tryggð gagnvart verðbólgu, að þau fái tiltölulega háa vexti og það þurfi ekki að telja þau fram til skatts og því skuli leynt, hverjir eiga þau. Og ég veit, að þegar slík skuldabréf eru boðin út, eru þau keypt upp á 1½ klukkutíma og ég vil spyrja, hvort menn haldi, að það séu þeir smáu í þjóðfélaginu, sem keyptu skuldabréfin upp. Og ég vildi óska eftir, að þeir menn, sem eru að einhverju leyti að tala um, að gróðinn hafi farið svo víða í þjóðfélaginu, gefi upplýsingar um, í hve marga staði þau skuldabréf fóru, sem seld voru núna fyrir nokkrum dögum eða vikum síðan. Og um leið, hvort mönnum finnst ekki tími til kominn að hætta að gefa út bréf, sem séu fyrst og fremst ætluð skattsvikurum, eða hvort það eigi að vera þáttur í því að fela vandamálin, að það eigi að sjá um, að svo og svo

mikill hluti af auðmannastéttinni geti komið sínum skattsviknu peningum í slík bréf, svo að þeir þurfi aldrei að telja fram framar sínar eignir eins og þær eru. Ég þykist vita, að ef hér ætti að vera eignakönnun í dag, sem ég vona, að hæstv. forsrh. gangi inn á, muni vera tilhneiging til að setja inn í þau lög um eignakönnun ákvæði um, að þessi bréf skuli ekki talin fram, það eigi að koma þeim undan skatti. Því vil ég spyrja: Hverjir eru það, sem vilja leyna því, hvert gróðinn, sem skapazt hefur á Íslandi á undanförnum árum, hefur farið? Það er bezt, að það komi í ljós. Þess vegna vonast ég til þess, að ef hæstv. ríkisstj. vill ekki fela vandamál, gangist hún fyrir löggjöf um eignakönnun, þannig að það komi greinilega í ljós, hvert peningarnir hafa farið.

Hæstv. forsrh. talaði um það, að hraðfrystihúsin væru að loka. Það væri nú, hélt hann, frá mínu sjónarmiði ekki nema ágætt. Ég hefði talað um, að þau væru of mörg. Jú, ég hef leyft mér að benda á það á nokkrum undanförnum árum, að það væri ýmislegt vitlaust í rekstri okkar ágætu kapítalista á Íslandi og hæstv. ríkisstj. hefur ekki tekið mikið tillit til þeirra ábendinga. Henni hefur ekki þótt það neitt undarlegt, þótt þorski væri skipað þannig upp í Reykjavík, að fyrst væri farið með hann nokkra kílómetra út á Seltjarnarnes og síðan væri tekinn hausinn af honum og beinin og keyrt með það alla leið inn að Kletti. Henni hefur fundizt þetta glimrandi fyrirkomulag, þetta væri frjáls samkeppni, svona ætti að stjórna þjóðfélaginu. Svona þorskhausahringavitleysa hefur verið hennar frelsi. Og nú segir hæstv. forsrh., þegar hraðfrystihúsin hérna, þau, sem liggja næst tjörninni, eins og sænska frystihúsið og þau, sem liggja á hafnarbakkanum, eins og Bæjarútgerðin í Hafnarfirði, eru að loka: Nú getur víst hv. 3. þm. Reykv. verið ánægður.

Það þýðir ekki að taka hlutina svona. Við stöndum hér frammi fyrir vandamálum, sem við eigum að reyna að leysa, en ekki vera að tala um, að við því hafi nú verið varað á undanförnum árum, að það kynni að koma til einhvers hruns í þessu, ef ekki væri gætt meiri hagræðingar í sjálfu atvinnulífinu heldur en gert hefur verið. Það er hugmyndin um skipulagsleysið og stjórnleysið í atvinnulífinu, sem Sjálfstfl. sérstaklega hefur beitt sér fyrir, sem er höfuðvandamálið í þessu. Ef menn hefðu ekki gengið með þessar grillur um frjálsa álagningu og frjálsa verzlun og stjórnleysi í atvinnuvegunum, hefði verið hægt á undanförnum árum að hagnýta öll þau uppgrip, sem við höfum haft, miklu, miklu betur. Hæstv. forsrh. sagði um togarana, að vandi þeirra stafaði af því, að þeir hefðu verið lokaðir úti frá sínum beztu miðum. En má ég spyrja, veiða ekki aðrar þjóðir hérna í kringum okkur? Eru ekki aðrar þjóðir að byrja á að byggja sér togara líka til þorskveiða til að veiða fyrir hraðfrystihús? Eru ekki stórfyrirtæki í kringum okkur eins og t. d. Findus í Noregi eða önnur slík að byggja sér alveg hámóðins togara til þess að veiða fyrir sín hraðfrystihús? Heldur hæstv. forsrh., að við gætum ekki gert þetta sama, ef hugsað væri um það fyrirfram, að það þyrftu að vera togarar til á Íslandi og hvers konar togarar það þyrftu að vera? En hæstv. ríkisstj. hefur álitið, að það að kaupa togara til Íslands ætti ekki að vera neinn höfuðverkur einnar ríkisstj. Ríkisstj. ætti ekki að skipta sér af slíku. Það ætti að vera verkefni einkaframtaksins. Það hefur þó ekki verið verkefni einkaframtaksins að heita má í 30 ár á Íslandi að sjá um togarakaup. Togaraútgerðin, sem grundvölluð var á einkaframtaki og hugsun einstakra togaraeigenda, dó eftir 1930 smátt og smátt út. Og þegar togararnir voru endurnýjaðir, var það vegna þess, að ríkisstj. Íslands hugsaði um það og hafði forgöngu um það og keypti þá togara. Og þegar einkaframtakið sýndi ekki meiri skilning en svo, að forkólfar þess voru upphaflega á móti kaupunum og vildu fá kolatogara, en ekki olíu- eða dieseltogara og vildu ekki kaupa þá alla, þegar þeir komu, þá voru stofnaðar bæjarútgerðir til þess að reka þá, bæði í Reykjavík og Hafnarfirði, eða réttara sagt, gamla útgerðin í Hafnarfirði tók marga og það var stofnuð meira að segja í Reykjavík bæjarútgerð til að reka þá.

Það eru 20 ár síðan, og það þurfti að hafa hugsun á því að fara að endurnýja þennan togaraflota, hvort heldur það áttu að vera stórir togarar eða mun smærri og slíkt er verkefni ríkisstj. á Íslandi og ógæfan hjá okkur er ekki sú, að þau væru ekki máske menn í hæstv. ríkisstj., sem mundu vilja hafa þennan hátt á og hugsa um þetta, heldur hitt, að það hefur verið uppi sú kenning, að atvinnulífið ætti að vera eingöngu þannig, að nokkrir einkaframtaksmenn ættu að hugsa um það og sjá um það, hugsa svo að segja fyrir þjóðina. Kenningin hefur verið sú, að helzt ætti að leggja niður bæjarútgerð, leggja niður ríkisafskipti og annað slíkt og það er þessi kenning, sem er að eyðileggja togaraútgerðina í dag. Ef það hefði verið kenning hæstv. ríkisstj., að það væri verkefni ríkisstj. að útvega togara til Íslands og sjá um, hvers konar togarar það yrðu, þá efast ég ekki um, að líka þessi hæstv. ríkisstj. hefði verið búin að hugsa um þetta. Gallinn er sá, að hún byggir í öllu sínu á röngum forsendum, svo að meira að segja, þótt ýmsir innan hennar vildu vel, þá væri það ekki gert. Og þess vegna stöndum við í dag frammi fyrir enn einu skipbroti einkaframtaksins á Íslandi, þess einkaframtaks, sem hélt, að það mundi fara að lifa einhverja nýja gósentíma 1959, en hefur þó eingöngu getað grætt vegna þess, að til kom ný tækni í síldinni og verð á henni hækkaði erlendis, en ekki vegna sinna eigin dáða eða vegna stefnu ríkisstj. Og það, sem við þurfum að sjá, er, að þessa stefnu verður að yfirgefa, af því að hún hefur beðið skipbrot. Ísland og þess atvinnurekstur er því miður ekki stærri en svo,

að þar þurfa allir aðilar að leggjast á eitt til þess að sjá um, að það sé í sífellu atvinnugrundvöllur á Íslandi. Og ef atvinnureksturinn er látinn í hendur nokkurra einkaatvinnurekenda, brotnar grundvöllurinn undan okkar atvinnuöryggi. Í Noregi líta menn svo á, að stórir hringar eigi að sjá fyrir atvinnutækjunum og Findus og þess háttar aðilar gera það. Hér á Íslandi eigum við að líta þannig á, að þetta sé verkefni ríkisins og ef það verður ekki gert, þykist ég alveg sjá, hvað bíður okkar. Það vantar ekki áhuga fyrir að koma upp hraðfrystihúsum á Íslandi, þó að þau loki í Reykjavík og Hafnarfirði. Ég vissi ósköp vel, að þegar verið var að ræða um hugsanlega inngöngu Íslands í Efnahagsbandalagið, þá var áhugi hjá þeim stóru erlendu hringum að koma upp hraðfrystihúsum á vissum stöðum hér, sem lágu vel við fiskimiðunum. Ef íslenzka ríkið ekki hugsar um grundvöll okkar atvinnureksturs, þýðir það að bíða útlendinga, volduga útlenda auðhringa, að sjá um að gera það. Og það er það, sem við viljum forðast. Og frelsiskenningin í þessu efni, skipulagsleysið, áætlanaleysið, fyrirhyggjuleysið þýðir að kasta sér í fangið á þessum útlendu auðhringum.

Það var nú ekki meining mín og ég held, að ég hafi nú ekki talað það langt, að þetta ætti að vera neitt upphaf að eldhúsdegi. Það má bíða síns tíma. Þetta hefur nú spunnizt svona, af því að vafalaust erum við, sem hér höfum talað, miklir skapmenn og margt, sem í mönnum býr og menn vilja segja. En hvernig svo sem okkur greinir á í þessum efnum, er hitt höfuðatriðið, að við virkilega þorum að ræða orsakirnar til ófarnaðarins, horfast í augu við þær. Ef okkur greinir á um, skulum við segja, hvert gróðinn hefur farið, er merguinn málsins, að við þorum að láta rannsaka hann, felum ekkert en látum staðreyndirnar koma í ljós. Og hvernig sem annars gengur hjá okkur á þessum fundi vona ég, að það gæti a. m. k. orðið eitthvert samstarf um að skapa einhvern grundvöll, þó ekki væri þá nema til að deila um, en a. m. k. að við séum ekki með staðhæfingar, sem hvor um sig heldur fram og trúir, að séu réttar, en við getum aldrei fengið hagskýrslu, sem við virkilega getum byggt á.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það voru nokkur orð út af ræðu hæstv. forsrh. Mér finnst það ekki spá góðu, að hæstv. forsrh. vill ekki enn horfast í augu við staðreyndir og þann vanda, sem fyrir liggur. Hæstv. ráðh. gekk svo langt í því að stinga höfðinu í sandinn, að hann sagði, að verðbólgan væri slagorð, sem notað væri og haft að skálkaskjóli. Mætti sá misskilningur ekki festa rætur, að meginvandinn, sem við væri að fást, væri vegna verðbólgunnar, það væru allt aðrar ástæður, sérástæður hér og sérástæður þar og sérástæður alls staðar. En mikil blindni má það vera, ef hæstv. forsrh. meinar þetta, ef hæstv. forsrh. gerir sér ekki grein fyrir því, hvílíkur ógnvaldur verðbólgan er, eins og hún hefur þróazt hér á undanförnum árum og þróast enn, — ef hæstv. forsrh. gerir sér ekki grein fyrir því, að ef ekki hefði á undanförnum árum orðið árlega stórhækkun á útflutningsverði á íslenzkum afurðum á erlendum markaði, væri fyrir löngu strand í hans höndum vegna verðbólgunnar.

Það er því miður ekki hægt að telja til undantekninga, að menn séu í vandræðum með rekstur sinn og afkomu vegna verðbólgunnar, heldur er það að verða almenna reglan. En hæstv. forsrh. segir hér að verðbólgan sé slagorð, sem menn hampi mjög — en ekki stórfellt vandamál. Það séu bara sérstök atriði, sem þurfi að athuga í búskapnum og sem nokkur verulegur vandi sé við að fást.

Ef við íhugum ástand atvinnumálanna í hverri grein af annarri, blasir vandinn við öllum öðrum en hæstv. forsrh. og mér þykir leiðinlegt, að hann skuli ekki viðurkenna það hreinskilnislega, því að ég veit, að hann hlýtur að sjá þetta. Það blasir við, að allur meiri háttar atvinnurekstur á Íslandi er í hinum mesta vanda staddur vegna verðbólgunnar, en fram að þessu hefur mátt taka undan stærstu og beztu síldveiðibátana, sem hafa fullkomnustu tækin. En allir aðrir hafa verið og eru í vaxandi vanda af þessum ástæðum.

Á meðan hæstv. forsrh. viðurkennir ekki þetta hreinskilnislega og skilur, held ég, að það sé lítil von á bata fyrir forgöngu þeirrar hæstv. ríkisstj., sem nú situr, enda mun það sannast mála, að svo er, því jafnvel þó hún vildi breyta til og lagfæra vinnuaðferðir sínar, vantar hana alveg vafalaust það traust, sem þarf til þess að geta komið heppilegri stefnu í framkvæmd. Þetta eru áreiðanlega ekki neinir sleggjudómar.

Ég vil í þessu sambandi vísa í skýrslu Efnahagsmálastofnunarinnar, sem gefin hefur verið út til Hagráðs, þar sem sumum atriðum í þessum efnum er lýst. T. d. er þannig lýst aðstöðu iðnaðarins, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæði fyrirtæki og stjórnarvöld hafa verið of önnum kafin við að glíma við afleiðingar tekju- og verðlagsþróunar.“ Þetta er víst kurteislegt nafn á verðbólgunni hjá embættismönnunum, líklega með tilliti til húsbændanna að þetta orðalag er notað. Á mæltu máli mundi það heita afleiðingar verðbólgunnar, „jafnharðan og þær hafa að höndum borið, til þess að geta látið verkefni af þessu tagi sitja í fyrirrúmi“, sem sagt, af því tagi að leita einhverra varanlegra úrræða til bóta sem sett er inn á undan. „Hefur þessi þróun gengið svo nærri iðnaðinum, að mjög örðug skilyrði hafa skapazt til þeirrar umskipulagningar og endurbóta, sem hér um ræðir. Til þess að iðnrekendur hafi í senn nokkra hvatningu og getu til þess háttar ráðstafana þarf umfram allt að ná betra efnahagsjafnvægi og öðlast þar með nokkra tryggingu fyrir því, að tekjuþró-

unin," — það er enn þá notað þetta kurteislega gerviorð í staðinn fyrir verðbólguna — „kollvarpi ekki þeim árangri, sem beztur getur orðið af slíkum endurbótum."

Þetta er vitanlega sönn lýsing í aðalatriðum, að glíman við verðbólguna, sem hæstv. ríkisstj. hefur matað með vinnuaðferðum sínum, hefur verið þannig, að atvinnureksturinn hefur nálega allan tímann verið í nauðvarnarstöðu og öll orka manna gengið í að reyna að halda nösunum upp úr, ef svo mætti segja. Enn fremur segja þessir sérfræðingar, að þetta eigi við iðnaðinn almennt, en ekki bara einstakar greinar hans. Enn fremur segir hér í lok þessarar skýrslu frá þessum sömu sérfræðingum, þar sem þeir eru að meta horfurnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Samtímis verður að hafa það í huga, að framleiðslukostnaður er orðinn það hár vegna undangenginna launa- og verðhækkana" — það er enn kurteislegt orð yfir verðbólguna, þ. e. a. s. afleiðingar verðbólgunnar — „að flestar greinar framleiðslu eiga örðuga samkeppnisaðstöðu."

Þetta kemur nú ekki heim og saman við það, sem hæstv. forsrh. vill vera láta, að það væru aðeins einstakir aðilar, sem ættu við erfiðleika að stríða. Og loks kemur þessi setning, sem er nálega lokaorðin í þessu sambandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt standa flestar atvinnugreinar frammi fyrir grundvallarvandamálum í skipulagi og rekstri, sem ekki er hægt að glíma við nema jafnvægi skapist."

M. ö. o., að óbreyttu ástandi eins og það er nú eftir nærri 8 ára stjórn þessara flokka segja þessir sérfræðingar, að það sé ekki hægt að glíma við grundvallarvandamál atvinnurekstursins.

Það má segja, að þetta sé eins konar úttekt á bjóðarbúinu að því leyti, að þetta eru niðurstöður þessara embættismanna, og ég býst ekki við, að nokkur mundi vilja væna þá um, að þeir væru að sverta ástandið af hrekk við hæstv. ríkisstj. Vitaskuld alveg öðru nær. Þannig mætti lengi halda áfram að færa fram vitni til sönnunar því, hversu fjarri veruleikanum hæstv. forsrh. stendur í þeim málflutningi, sem hann hafði hér áðan í þessum umr., þar sem hann taldi hinn almenna vanda nálega ekki til, það væru aðeins sérstök, einstök vandamál, sem menn yrðu að glíma við, afmörkuð, og menn mættu ekki blanda því saman við verðbólguna, sem hann kallaði þessu smekklega nafni, slagorð.

Hæstv. ráðh. ræddi hér svo um einstaka þætti örlítið og hann sagði, að bátaútvegurinn t. d. ætti ekki um sárt að binda vegna verðbólgunnar. Hans erfiðleikar stöfuðu ekki af verðbólgunni, heldur stöfuðu þeir af því, hvað stórum bátum hefði gengið vel á síld. Vitanlega er þetta að setja málið í algerlega skakkt ljós, vegna þess að höfuðerfiðleikarnir stafa af verðbólgunni og þeirri upplausn í atvinnumálum og efnahagsmálum, sem í sambandi við hana verður. Það þarf ekki lengi að ræða við þá menn, sem fást við frystihúsarekstur og rekstur hinna smærri báta, en það eru nú kallaðir bátar jafnvel allt upp í 120 tonn, til þess að gera sér grein fyrir því, hvernig verðbólgan og lánastefna ríkisstj. hefur leikið þennan atvinnurekstur. Það er ekki aðeins samkeppnin við hina stóru nýju síldarbáta, sem þarna kemur til greina, eins og hæstv. forsrh. vildi vera láta.

Í sambandi við togarana vil ég á þessu stigi segja, að mér finnst dálítið einkennilegt, að það skuli ekki koma fram hjá hæstv. forsrh., að vitanlega verður aðalúrræðið í sambandi við togaraútgerðina að vera það að eignast betri og heppilegri skip, og sem von er um, að sé hægt að reka, miðað við þær kringumstæður, sem við nú búum við. En það er líklega mjög vonlítið með þau skip, sem við eigum nú og ber að deila á hæstv. ríkisstj. fyrir það, að hún skuli ekki hafa haft forgöngu um kaup á togurum. Skuli hafa horft aðgerðalaus á það, að togaraflotinn hrektist úr landi eða væri lagt, í stað þess að vinna að því skipulega og smátt og smátt að ný skip kæmu í stað þeirra, sem fóru, því að togaraútgerð getum við ekki lagt niður.

Hér er á ferðinni grundvallarmisskilningur á öllum þessum málum af hendi hæstv. ráðh., en hann er á hinn bóginn svo vel gefinn maður og glöggur, að ég trúi ekki öðru en hann sjái þetta í raun og veru, en hann skortir karlmennsku og hreinskilni til þess að viðurkenna hvernig komið er, en það er þó fyrsta skilyrðið til þess að menn hafi sig í að breyta til.

Hæstv. forsrh. var eitthvað að ræða um það, að ég og hv. 3. þm. Reykv. ættum að gefa skýrslu um það, hvert peningarnir hefðu farið, hvert þjóðartekjurnar hefðu farið á undanförnum árum. Við héldum því fram, að fyrirtækin stæðu höllum fæti og það gerðum við og ég hef enn gert það og fært rök fyrir því, enda til margra að vísa í því efni og ekkert um að villast. Og ég benti á það, sem ekki hefur verið vefengt, að það má heita nálega óhugsandi fyrir venjulegan launamann t. d. að lifa sómasamlega af endurgjaldi fyrir 8 stunda vinnu, miðað við núv. húsnæðiskostnað. Það þorir enginn að vefengja þetta. Þó að hæstv. forsrh. væri að tala um ýmsa ranghala þessara mála, vefengdi hann ekki þennan kjarna málsins. En þá segir hann: Ef eitthvað væri til í þessu, eiga þessir ræðumenn eftir að gera grein fyrir því, hvað orðið hefur af peningunum, hvað orðið hefur af þjóðartekjunum. En hverjum ætli væri skyldast að gera grein fyrir því, hvað orðið hefur af þjóðartekjunum? Ætli það sé ekki skyldast, að ráðsmaðurinn á þjóðarbúinu geri grein fyrir því, og hver er hann? Hefur það ekki verið hæstv. forsrh.? Væri ekki rétt fyrir hann að gera grein fyrir því, hvað orðið hefur af þjóðartekjunum og mundi ekki teljast, að það væri hans skylda að gera slíkt? Og það væri verðugra verkefni fyrir hann en að hártoga hér einstök atriði í sambandi við

þá heildarmynd, sem menn hafa þó verið að reyna að bregða upp af þessum málum til þess að átta sig. Framkomu hæstv. forsrh. í þessum umr. má á hinn bóginn miklu fremur líkja við framferði þeirra skipa í hernaði, sem til þess eru sett að leggja reykský um hafflötinn, þannig að menn missi áttirnar og enginn átti sig á því, hvar hann er staddur.

Það var einu sinni sagt við rómverskan hershöfðingja, sem tapaði: Hvar eru herskararnir mínir, Varus? Íslenzka þjóðin mætti segja eitthvað svipað við núv. forsrh.: Hvar eru þjóðartekjurnar? Hvar eru þær? Við sjáum, hvernig ástandið er, en hverjum er skyldara að gera grein fyrir því, hvað af þeim hefur orðið en sjálfum ráðamanninum?

Þá sagði hæstv. ráðh. í sambandi við þessar bollaleggingar og líklega á það að vera til þess að gera það skýrara fyrir mönnum, hvað gerzt hefur og létta þeim að átta sig á verkefnunum, að landbúnaðurinn væri aðalorsök verðbólgunnar. Það var nú einu sinni sagt, gjafir eru yður gefnar o. s. frv. Síðan las hæstv. forsrh. hér upp úr einhverjum töflum, að verðhækkun á landbúnaðarafurðum hafi orsakað 46% af þeirri verðhækkun, sem orðið hefði í landinu á einhverju tímabili. Af þessu dregur þessi leiðtogi okkar, þjóðarinnar, þær ályktanir, að landbúnaðurinn sé aðalorsök verðbólgunnar. En hvers vegna hafa landbúnaðarafurðirnar hækkað? Hefur hæstv. forsrh. aldrei dottið í hug að athuga það? Hvers vegna hafa landbúnaðarafurðirnar hækkað? Hafa þær hækkað vegna þess, að bændur hafi verið að taka í gegnum þessa hækkun óeðlilega mikið af þjóðartekjunum til sín og þannig verið frumorsök að verðhækkuninni? Nei. Þær hafa ekki hækkað vegna þess, því að framleiðni hefur aukizt meira í landbúnaðinum en sennilega nokkurri annarri atvinnugrein og sannleikurinn er sá, að ef hæstv. ríkisstj. hefði staðið við sín fyrirheit og stöðvað verðlagið, eins og hún þóttist ætla að gera, þegar hún tók við, hefðu landbúnaðarafurðir ekki hækkað í verði á Íslandi, vegna framleiðniaukningarinnar í landbúnaðinum. Þess vegna er orsakanna til verðbólgunnar ekki að leita í því, að bændur hafi hækkað verðlagið. Landbúnaðarvörurnar hafa hækkað vegna aukins framleiðslukostnaðar, sem stafað hefur af ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. í fjölmörgum greinum og vegna verðbólgunnar, sem hefur brunað áfram síðustu árin. Það er þess vegna, sem landbúnaðarvörurnar hafa hækkað, og þær hafa einnig hækkað í verði vegna þess, að það var einn liður í landbúnaðarstefnu hæstv. ríkisstj. að draga úr beinum stuðningi við landbúnaðinn, t. d. með því að hækka stórkostlega vexti í landbúnaðinum. Og hæstv. núv. landbrh. stóð hér státinn og sagði: „Menn þurfa engar áhyggjur að hafa af þessu, þetta kemur inn í verðlagið", sem sagt sem hækkandi verð á landbúnaðarafurðum. Verðlagið á landbúnaðarafurðum hefur því hækkað fyrst og fremst vegna verðbólgunnar, gengislækkananna og annars þess, sem yfir hefur dunið af hendi ríkisstj., og vegna þess að hæstvirt ríkisstjórn hefur dregið skipulega úr beinum stuðningi við landbúnaðinn og vísað mönnum á að hækka verð á landbúnaðarvörum í staðinn. Að vísu hefur það náttúrlega ekki náðst nema að litlu leyti, en að einhverju leyti hefur það haft áhrif til að hækka landbúnaðarverðið, en að nokkru leyti hafa bændur orðið að bera þetta sjálfir. En þakkirnar eru þessar, sem bændur fá frá hæstv. forsrh. fyrir að hafa aukið framleiðni sína og afköst, sem þekkist í okkar þjóðarbúskap og leggja þannig stóran skerf til þess að hægt hefði verið að hafa hemil á verðbólgunni, en aukin framleiðni í landbúnaðinum er eitt aðalskilyrðið til að hægt sé að hafa hemil á verðbólgunni. Landbúnaðurinn hefur skilað sínu í þessu tilliti, en það hefur staðið á öðru, það hefur staðið á því, að hafður væri hemill á þessum málum, þannig að verðbólgan hefur magnazt og valdið hækkunum á landbúnaðarafurðunum, sem hér eru svo taldar með röngu orsök, en eru afleiðing.

Satt að segja held ég, að ekki sé mikils bata von, á meðan hæstv. ríkisstj. ræðir efnahagsmálin á þennan hátt eða á þeim grundvelli, sem hér er gert, og fæst ekki til þess að ræða kjarna þessara mála. Og það má í raun og sannleika segja, að hæstv. ríkisstj. sitji algerlega föst í sama farinu. Virðist ekkert hafa lært, en snýst enn í farinu. Hún spólar.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er með öllu þýðingarlaust að fara að kýta hér um þessi vandamál, sem fyrir liggja. Það er líka ánægjulegt, að við höfum allir verið sammála a. m. k. um eitt og það er að hæla hver öðrum fyrir góða greind og skarpskyggni. Og við ættum þá að reyna að nota þessa hæfileika til þess að íhuga þær staðreyndir, sem fyrir liggja.

Ég vil segja það við hæstv. 3. þm. Reykv., að það eru auðvitað margar leiðir án eignakönnunar til þess að átta sig á því, hvert þjóðartekjurnar hafa farið og hvar þær eru. Það er hægt að kanna eftir þeim gögnum, sem fyrir hendi eru og sjá höfuðatriðin í því. Sem betur fer liggur það fyrir, að eignajöfnun er hér meiri á Íslandi en í nokkru öðru þjóðfélagi, sem við þekkjum. Þetta hefur hv. 3. þm. Reykv. viðurkennt áður og ég veit, að hann mun ekki hverfa frá því nú. Við erum báðir stoltir af því að hafa verið í því þjóðfélagi og lifað á þeim tíma, þegar þetta hefur orðið. Ég þarf þess vegna ekki að spyrja hv. 1. þm. Austf. né hv. 3. þm. Reykv., hvert þjóðartekjurnar undanfarið hafa farið. Ég spurði þá: „Er það rétt, að verzlunin hafi fengið þennan gróða?". Hv. 1. þm. Austf., sem hefur nána þekkingu á stærsta verzlunarfyrirtæki landsins, vék sér undan að svara því. En ég svaraði því sjálfur hvert gróðinn hefur farið. Hann hefur farið í meiri atvinnuuppbyggingu í landinu á þessum tíma en nokkru sinni áður hefur átt sér stað, og hann hefur farið til þess að bæta kjör al-

mennings meira en nokkurn tíma hefur átt sér stað. Þarna er gróðinn ekki fólginn, heldur blasir við öllum að sjá.

Varðandi verðbólguslagorðið og það, að ég hafi verið að gefa bændum hér einhverjar gjafir og þakkað þeim lítt þeirra framlag, segi ég það, að ég tek ósköp rólega öllum gífuryrðum um það. Ég sagði það, sem ég meina. Ég tel jafnfráleitt, að Íslendingar geti lifað án sterks landbúnaðar eins og án sjálfstæðis þjóðarinnar, hvort tveggja, landbúnaður og sjálfstæði, er lífæð. Það kostar okkur mikið að vera sjálfstæð þjóð og það kostar okkur að hafa landbúnað, sem eigi að geta keppt við miklu frjórri og betri lönd. Engu að síður viljum við gera þetta, ætlum að gera þetta, ætlum að leggja á okkur það, sem þarf til að gera það. En menn verða þá að skilja, í hverju vandinn er fólginn og einmitt vegna þess, að menn hliðra sér hjá því að útskýra það, er hægt að vekja tortryggni gegn bændum og telja fólki trú um, að þeirra hlutur sé annar og betri en hann er.

Eitt höfuðmein okkar vanda nú, eða höfuðorsök okkar vanda, svo rétt sé sagt, er þessi, hvað þjóðfélagsstéttirnar framleiða ákaflega misjafnlega mikil verðmæti. Þar með er ekki sagt, að þær séu misjafnlega þarfar. Það þarf á þeim öllum að halda, til að við getum haldið áfram sem sérstakt þjóðfélag. En það sjá allir í hendi sér, um leið og þeir leiða hugann að því, að einn höfuðörðugleiki þorskveiðiflotans nú er sá, hversu hann á erfitt með að keppa við síldveiðiflotann. Þorskveiðimennirnir sætta sig ekki til lengdar við að hafa minni tekjur en síldveiðimennirnir. Bændum er beinlínis áskilið með allsherjarsamkomulagi þjóðarinnar að hafa sambærileg kjör við aðrar stéttir í þjóðfélaginu, þó að þeirra framleiðsla verði fyrir þær sakir að verðleggjast hærra en hægt er að fá fyrir hana á erlendum markaði. Sá, sem ekki vill viðurkenna þessar staðreyndir, útskýra það jafnt fyrir bændum og almenningi, er í algerri vonleysu um að ráða við verðbólguna. — Ég endurtek, að ég talaði um verðbólguslagorð. Verðbólgan sjálf er alvarlegt vandamál og ég hef sízt dregið úr þeim vanda, en það er gjörsamlega vonlaust að ráða við þennan vanda, nema menn átti sig á, hve hann er margþættur. Það tjáir ekki bak við verðbólguvandræðin ein að fela meginþorra þeirra vandamála, sem við eigum við að etja á Íslandi, vegna okkar sérstöku þjóðfélagshátta, vegna okkar smæðar, en vegna okkar vilja og einlæga ásetnings til þess að vera sjálfstæð þjóð og gefast ekki upp, þrátt fyrir þessa örðugleika. Ég er ekki að gera lítið úr þessum vanda, ég er þvert á móti að segja, að vandinn er meiri en menn oft hafa viljað vera láta. Hann verður ekki leystur með því að leysa einn þátt í honum, heldur með því að átta sig á þeim vandamálum, sem okkar íslenzka þjóðfélag hefur við að etja til frambúðar, og er það orsökin til þess m. a. og ekki sízt, að þó að allar ríkisstjórnir hafi nú í fullan aldarfjórðung reynt að gera allt, sem þær gátu, til að ráða við verðbólguna, hafa þær ekki ráðið við hana, af því að þær hafa ekki viljað eða getað sundurgreint þessa örðugleika eins og skyldi og líka, að jafnvel þó að þeir séu sundurgreindir og menn reki þetta til hlítar, er þarna um að ræða meiri óstöðugleika, sökum okkar atvinnuvega og vegna þess, hvað þeir gefa meira misjafnt af sér en hjá öðrum þjóðum tíðkast.

IV. Meðferð dómsmála og dómaskipun.

Á 12. fundi í Sþ., 30. nóv., var tekin á dagskrá:
Skýrsla dómsmrh. um athugun og meðferð dómsmála og dómaskipun.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 7. des., var málið tekið aftur á dagskrá.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil leyfa mér með nokkrum orðum að gera hv. Alþ. grein fyrir ástæðum og að nokkru leyti aðalefni þeirrar skýrslu, sem hér er nú á dagskrá og lögð hefur verið fyrir þingið um athugun á meðferð dómsmála og dómaskipun.

Það hafa fyrr og síðar verið uppi hafðar umkvartanir um seinagang í meðferð dómsmálanna og afgreiðslu þeirra. Oft hafa þessar aðfinnslur ekki verið á rökum reistar og ekki tekið tillit til ýmissar sérstöðu, og unnið hefur verið að verulegum umbótum á réttarfarslöggjöf okkar á umliðnum árum og margháttuðum tilraunum til umbóta, sem þó hafa ekki náð fram að ganga og oft af sparnaðarástæðum hér í þinginu, eins og hv. þm. er mætavel kunnugt um. Með þessu vil ég ekki segja, að hér sé ekki þörf fyllstu gagnrýni og umbætur vissulega réttlætanlegar.

Hér var í þinginu 13. maí 1964 samþ. þál. um ráðstafanir til þess að hraða meðferð dómsmála. Þegar dómsmrn. fékk þessa þál. til meðferðar, var spurningin, við hvað átti að styðjast, í hverju lægju meinsemdirnar um meinta hæga meðferð á dómsmálum. Og það fyrsta, sem maður rekur sig á, er það, að statistik eða dómsmálaskýrslur eru ekki fyrir hendi, sem gætu gefið vísbendingu um þetta. Það var þess vegna eftir nokkra athugun málsins hinn 9. okt. sama ár, sem ég sendi bréf frá dómsmrn. til allra dómara landsins, sem ég vil leyfa mér að vitna aðeins stuttlega í. Þar segir m. a.:

„Fram hefur komið fyrr og síðar, að meðferð dómsmála hér á landi taki allt of langan tíma. Eins og kunnugt er, hefur sitthvað verið gert í löggjöf og framkvæmd, sem átt hefur úr að bæta, en ekki talið hafa náð tilætluðum árangri. Síðasta Alþ. afgreiddi þál. um málið, þar

sem fram kemur vilji Alþ. um að leita frekari úrræða. Í dómsmrn. er nú unnið að athugun þessa máls. Til þess að fært sé að lagfæra það, sem betur mætti fara, er frumskilyrði, að fyrir liggi nákvæm rannsókn þess, hversu þessum málum er raunverulega komið. Það er því hér með fyrir yður lagt að gera nákvæmt yfirlit um meðferð dómsmála í embætti yðar og senda rn., og skal yfirlitið taka til þeirra dómsmála, sem lokið hefur verið í embættinu síðustu þrjú árin, þ. e. a. s. árin 1961—1963, og skilgreint, hversu langan tíma meðferð þeirra hefur tekið."

Enn fremur segir þar:

„Til þess að yfirlitið samræmist sem bezt úr öllum hlutaðeigandi embættum landsins, fylgja hér fjögur skýrsluform til útfyllingar", og síðar er nánar gerð grein fyrir þeim, sem ástæðulaust er að rekja. En að lokum var tekið fram: „Hverjar teljið þér helztu orsakir fyrir drætti á meðferð dómsmálanna, og hvaða till. vilduð þér gera um breytta löggjöf, ef þurfa þykir, eða framkvæmdaatriði, er stuðli að skjótari meðferð málanna."

Þetta var upphaf að þeirri skýrslugerð, sem hér liggur fyrir. En eftir að hún lá fyrir um þessi 3 ár og eftir nokkra athugun á henni fannst mér ástæða til að halda málinu áfram, og þess vegna var dómurum landsins enn skrifað 18. febr. 1966 og vitnað til fyrri skýrslugerðar, og þar segir m. a.:

„Skýrslusöfnun þessi var þáttur í athugun á því, hvað hægt sé að gera til þess að hraða meðferð dómsmálanna."

Niðurstöður skýrslusöfnunarinnar hafa að undanförnu verið til athugunar í rn. Enn hafa eigi verið teknar endanlega ákvarðanir um aðgerðir af þessu tilefni. Þó hefur þegar verið ákveðið að stuðla að því, að ljúka megi á greiðari hátt en hingað til meðferð mikils fjölda minni háttar opinberra mála, einkum vegna brota í umferðinni, sem komu til meðferðar á síðasta þingi, sem ég skal nánar víkja að síðar. Hins vegar þykir nauðsynlegt, að haldið verði áfram söfnun skýrslna um meðferð dómsmálanna, og hefur rn. ákveðið, að tekið skuli saman yfirlit um meðferð dómsmálanna við öll héraðsdómaraembætti landsins fyrir árið 1964 og 1965 til viðbótar þeim þremur árum, sem þegar lágu fyrir. Í lok bréfsins segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Tekið skal fram, að rn. tekur fúslega við ábendingum um það, hverjar þér teljið helztu orsakir fyrir drætti á meðferð dómsmálanna, svo og till., sem þér hefðuð fram að færa um breytta löggjöf eða framkvæmdaatriði, er stuðlað geti að skjótari meðferð mála, ef þessi atriði hafa eigi þegar komið fram. Rn. leggur ríka áherzlu á, að skýrslusöfnun þessari verði hraðað. Þegar skýrslurnar hafa borizt rn., er nauðsynlegt, að því gefist nægjanlegt tóm til athugunar á þeim, svo að hægt verði að leggja fyrir Alþ. till., ef þurfa þykir, eða gera því grein fyrir málinu í heild, er það kemur saman á næsta hausti."

Nú lá þessi skýrsla, sem hér liggur fyrir og tekur yfir 5 ára tímabil og er byggð á þessum forsendum, sem ég hef gert grein fyrir, hún lá fyrir í stórum dráttum, þegar þing kom saman, en dróst þó að leggja hana fram fyrir þingið vegna nánari athugunar á málinu og nokkrum drætti á meðferð í prentsmiðju þingsins, eins og oft vill verða. Einnig taldi ég málið vera það umfangsmikið við nánari athugun, að hvorki ynnist tími til af hálfu rn. að leggja fyrir brtt. á réttarfarslöggjöfinni né heldur kannske eðlilegt, það mál þyrfti lengri athugunar og meðferðar, og þess vegna var ákveðið að skipa þá n., sem skýrslan greinir, til þess að vinna í framhaldi af þessari skýrslu að endurskoðun á möguleikum þess að hraða meðferð dómsmála og að tillögugerð um endurbætur á réttarfarslöggjöfinni og annað, sem við þá athugun þætti þess eðlis, að fram skyldi koma annaðhvort í sambandi við löggjöf á Alþ. eða sjálfa framkvæmdastjórnina. Erindi það, sem þessi n. fékk, var í aðalefni þannig:

Jafnframt hefur rn. ákveðið að skipa n. til þess að fjalla um endurskoðun á dómaskipun í landinu. Gert er ráð fyrir, að skýrslan muni geta veitt verðmætar upplýsingar í sambandi við hugsanlegar breytingar á dómaskipuninni, sem til umr. hafa verið, bæði innan Dómarafélags Íslands og á Alþ. Þá er æskilegt, að n. hafi samband við og fylgist með störfum n. þeirrar, sem hæstv. félmrh. skipaði í sumar að till. fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga til þess að endurskoða lagaákvæði um sveitarstjórnarumdæmi í landinu. N. er jafnframt falið að gera till. um þær breytingar á löggjöf varðandi meðferð dómsmála og á starfstilhögun dómstólanna, sem í ljósi fenginnar reynslu yrðu taldar nauðsynlegar.

En eins og fram kemur í skýrslunni, var nefndarskipun þessi hugsuð þannig, að ráðuneytisstjórinn í dómsmrn. yrði formaður þessarar n. Mín skoðun var sú, að með því sköpuðust eðlileg tengsl við þá endurskoðun, sem hér er efnt til og væntanlega tekur nokkuð langan tíma við sjálft dómsmrn., en aðrir aðilar, sem beðnir voru að tilnefna fulltrúa í n., voru hæstiréttur, sem tilnefndi Einar Arnalds hæstaréttardómara, Lögmannafélag Íslands, sem tilnefndi Jón Norðmann Sigurðsson hrl., *Dómarafélag Íslands*, sem tilnefndi Sigurgeir Jónsson bæjarfógeta, og lagadeild háskólans, sem tilnefndi Theódór Líndal prófessor. En gert var jafnframt ráð fyrir því, að yfirborgardómarinn í Reykjavík og yfirsakadómarinn, sem fara með langstærstu dómaraembættin, ættu sæti í nefndinni samkv. embættisstöðu sinni. Síðan, eftir að mér bárust þessar tilnefningar, saknaði ég þess nokkuð, að það var enginn sýslumaður í þessari n., en sýslumannsembættin eru ein þau elztu í landinu og sýslumennirnir hafa hver á sínu sviði farið með meðferð dómsmálanna, og í því felst auðvitað ekki nokkur minnsta gagnrýni á öðrum, sem skipaðir voru í n., en ég tók þá þá ákvörðun að bæta einum manni við í n. og hef síðan

skipað Björn Fr. Björnsson sýslumann til þess að taka til viðbótar sæti í n., og þá skipun hans byggði ég m. a. á áhuga hans á endurskoðun á dómaskipuninni, sem fram kom í flutningi þáltill. í lok síðasta þings, sem hefur verið endurflutt á þessu þingi, en hann er 1. flm. þeirrar þáltill. um athugun á breyttri héraðsdómaskipun.

Þegar um er að ræða að safna skýrslum eða efna til skýrslugerðar eins og þessarar, tekur það meiri tíma en menn skyldu ætla, vegna þess að þetta er ekki í framhaldi af öðrum skýrslugerðum á þessu sviði. Það má þó kannske segja, að þetta hafi tekið nokkurn tíma, það hefur tekið 2 ár, 1965 og 1966, að ná þessari skýrslu saman, en ég vil leyfa mér, þó að nokkur dráttur hafi sums staðar orðið, að láta í ljós þakkir til dómara landsins fyrir þær umsagnir og skýrslugerðir, sem þeir þarna hafa gefið starfsmönnum í dómsmrn., sem unnið hafa mjög ötullega að þessu, og sérstaklega til Sigurðar Líndal hæstaréttarritara, sem ég fékk til þess að vera rn. til aðstoðar við að undirbúa þau skýrsluform, sem út voru send, og vinna úr þeim, eins og þessi skýrsla nú ber með sér.

Þetta eru að vísu ekki fyrstu dómaraskýrslur eða dómsmálaskýrslur, því að hagstofan og aðrir aðilar hafa áður safnað þeim, og ég skal víkja að þeim nokkru nánar. Þær hafa hins vegar verið slitróttar og í nokkuð öðru formi. Þessi skýrsla, sem hér er lögð fyrir, er of umfangsmikil og sérfræðileg til þess að gerast hér ýtarlega að umræðuefni, en ég taldi hana þess eðlis vegna þess áhuga, sem fram hefur komið í þinginu, að hún ætti hins vegar að leggjast fram og allir þm. að hafa aðgang að henni og möguleika til þess að kynnast þeim sjónarmiðum, sem þar koma fram í skoðunum dómaranna og í sjálfri skýrslugerðinni, enda kemur þá væntanlega síðar eins og gert hefur fram til þessa, til kasta Alþ., þegar endskoða á réttarfarslöggjöfina eða dómaskipunina eða annað, sem þar að lýtur, og því væri þm. fengur í því, að slík skýrsla væri lögð fram í þinginu.

En einmitt vegna þess, hversu sérfræðilegt málið er og umfangsmikið, var efnt til þeirrar nefndarskipunar, sem ég gerði grein fyrir áðan. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á einstökum atriðum í þessari skýrslu, þó að ég muni þar fara fljótt yfir sögu.

Í þessari skýrslu um meðferð dómsmála er dregið saman það helzta, sem fram kom í umsögnum þeirra, sem beðnir voru að tjá sig um þál. frá 1964 og síðar í tveim bréfum, sem dómurum og öðrum aðilum, hæstarétti og lagadeild, voru send og dómarafélögum og lögmannafélagi. Í sambandi við niðurstöður tafinanna er smáatriði, sem kannske mætti vekja athygli á, að þar er staðfest, sem einnig kemur fram í bréfum, að dómsmál önnur en lögreglumál eru hverfandi fá í mjög mörgum umdæmum utan Reykjavíkur, og ef litið er á tímabilið, sem athugunin tekur til, það er 5 ára tímabil, má fá eftirfarandi yfirlit um fjölda mála í umdæmunum. Það eru dæmd opinber mál á þessu 5 ára tímabili: í einu lögsagnarumdæmi ekkert, munnlega flutt mál: í 5 lögsagnarumdæmum ekkert, og skriflega flutt einkamál: í 6 lögsagnarumdæmum ekkert. En þegar málafjöldinn er orðinn 1—25, eru dæmd opinber mál í lögsagnarumdæmum af þeim fjölda 1—25 í 10 lögsagnarumdæmum, munnlega flutt einkamál: 1—25 í 17 lögsagnarumdæmum og skriflega flutt einkamál 1—25 í 7 lögsagnarumdæmum. Þegar málafjöldinn er orðinn á þessu tímabili 26—50 mál, eru slík mál dæmd opinber í 5 lögsagnarumdæmum, munnlega flutt einkamál 26—50 í 1 lögsagnarumdæmi og skriflega flutt einkamál 26—50 í 4. Ef málafjöldinn er kominn á 5 ára tímabili upp í 51—100, er slíkur fjöldi dæmdur opinberra mála í 3 lögsagnarumdæmum, munnlega flutt einkamál frá 51—100 í engu lögsagnarumdæmi og skriflega flutt einkamál 1 í lögsagnarumdæmunum af þessari tölu, 51—100. Þegar málin eru orðin 101—500, eru dæmd opinber mál af þeim fjölda í 6 lögsagnarumdæmum, munnlega flutt einkamál í 2 lögsagnarumdæmum og skriflega flutt einkamál af þeim fjölda í 6 lögsagnarumdæmum. Þegar málafjöldinn er kominn yfir 500 og upp í 1000, eru í engu lögsagnarumdæmi dæmd opinber mál af þeim fjölda og engin munnlega flutt opinber mál af þeim fjölda og í einu skriflega flutt einkamál af þeim fjölda. Þegar þau koma yfir 1000, eru dæmd opinber mál af þeim fjölda í einu lögsagnarumdæmi og í einu lögsagnarumdæmi munnlega flutt einkamál og í einu lögsagnarumdæmi skriflega flutt einkamál. Þá erum við komnir að Reykjavík, þegar við erum komnir yfir þann fjölda mála.

Í sambandi við einkamálin má benda á, að allmikil brögð eru að því, að mál, sem eftir almennum varnarþingsreglum ætti að flytja heima í héraði, eru rekin í Reykjavík með samkomulagi aðila, sum frá upphafi, en önnur eru flutt til Reykjavíkur, þegar gagnaöflun er lokið. Það má því segja í raun og veru, að Reykjavík sé aðaldómstóll landsins, og hefur það í sjálfu sér ekki farið neitt leynt. Og þar munu flutt langflest meiri háttar málin.

Í töflu nr. II er dregið saman, á hve löngum tíma málum lýkur í Reykjavík, utan Reykjavíkur og öllu landinu og þar kemur fram, að tiltölulega mörgum málum lýkur innan árs, það eru 83.83% í Reykjavík, 85.55% utan Reykjavíkur, eða 84.62% á öllu landinu. Meðferð mála lýkur þá í svo ríkum mæli innan árs á öllu landinu. Athyglisvert er, að í Reykjavík lækkar hlutfallstalan með hverju ári frá 1962, úr 92%, sem hún var þá, í 73.61%. Einnig er athyglisvert, að á árinu 1963 eru mjög fáir dómar kveðnir upp, þeim fjölgar svo aftur 1964 og 1965, og kann það ef til vill að gefa skýringu á eldri málum þau ár. Þetta m. a. er viðfangsefni til athugunar fyrir þá n., sem nú er skipuð til íhugunar þessara mála.

Í töflu nr. IV er dregið saman yfirlit um meðferð mála: 1) Vegna áfengis- og umferðarlagabrota, þ. e. ölvunar við akstur, án þess að um önnur brot sé jafnframt að ræða. Það eru ekki mál, þegar um persónuslys eða dauða er að ræða, eða t. d. bílþjófnað. 2) Hegningarlagabrot eða öll mál, þar sem hegningarlög koma við sögu. 3) Önnur mál. Og af þessu yfirliti má sjá, að mál vegna annarra brota en hegningarlagabrota virðast ganga hlutfallslega hraðar utan Reykjavíkur, en hins vegar taka mál vegna brota á hegningarlögum lengri tíma utan Reykjavíkur. Athyglisvert er og, að mál út af brotum á hegningarlögunum taka almennt lengstan tíma. Eru þau mál oft stærri um sig og krefjast mikilla rannsókna, og eru það oft þau mál, sem mesta athygli vekja. Kemur þessi niðurstaða heim við ummæli í ýmsum bréfum, t. d. saksóknara, þar sem hann víkur að nauðsyn bættrar bókhaldsrannsóknar í slíkum málum, og þá er rétt að hafa í huga, að málsmeðferð er talin hefjast, þegar mál er tilkynnt yfirvöldum. En ég held og vil segja í þessu sambandi, að einmitt þessi fáu stóru mál, sem dragast á langinn vegna ýtarlegra bókhaldsrannsókna og vekja mikla eftirtekt, hafa komið inn meira en ástæða er til þeirri hugsun almennt, að meðferð dómsmála gangi of seint hér á landi.

Um einkamál, munnlega flutt, er athyglisvert, að þeim fjölgar lítið. Hins vegar er mikil fjölgun skriflega fluttra einkamála, einkum í Reykjavík, og kemur þetta fram í skýrslum á bls. 13—15.

Af töflu nr. VI má sjá, að málsmeðferð er öllu hraðari utan Reykjavíkur en í Reykjavík. Við borgardómaraembættið lýkur 24.77% einkamálanna innan árs, en utan Reykjavíkur er samsvarandi tala 60%. Hlutfallstalan í Reykjavík hefur þó farið hækkandi frá árinu 1962, þegar hún var í lágmarki, eða 13.10%, og var 36.97% 1965. Utan Reykjavíkur hefur hlutfallstalan hins vegar lækkað mjög frá 1961.

Skýring á því, af hverju mál taka lengri tíma í Reykjavík, liggur ekki á lausu. Ef til vill er hún að einhverju fólgin í því, að utan Reykjavíkur fer sami dómari að jafnaði með mál frá upphafi, en svo er að jafnaði ekki í Reykjavík. Hér er þess þó og að gæta, að í Reykjavík er málafjöldinn langsamlega mestur og málin oft flóknari og með meiri gagnasöfnun en utan Reykjavíkur. Oft eru mál flutt til Reykjavíkur, þegar gagnasöfnun er lokið, og þá dæmd þar eða rekin í Reykjavík með samkomulagi aðila. Í sambandi við málsmeðferðina hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík er rétt að hafa í huga, að þar voru 230 mál óafgreidd, tveggja ára og eldri, um síðustu áramót. Af þessum málum var gagnasöfnun talið lokið í 186 málum. En athygli vekur og, að fógetamálin, munnlega flutt, ganga mjög hratt fyrir sig. Lýkur þeim nær öllum innan árs, og um það bil helmingi þeirra lýkur í Reykjavík innan mánaðar. Um þau mál, sem allra styztst standa, er þess að geta, að það geta verið mál, sem flutt eru á milli umdæma tilbúin til flutnings, eða mál, sem eru hafin að lokinni langri, ef til vill margra ára, málsmeðferð, en er síðan stefnt inn að nýju og dómtekin og dæmd þá þegar.

Eins og áður segir, er meðferð fógetamála, sem í úrskurð fara að afloknum málflutningi, nokkuð hagstæð. Um önnur fógetamál fengust ekki fullnægjandi upplýsingar, eins og vikið er að á bls. 16.

Ég sagði áður, að auðvitað væri þessi skýrslusöfnun ekki einsdæmi, og skal víkja að því nokkru nánar. Hagstofan hefur þrisvar gefið út skýrslur um dómsmál. Taka þær yfir tímabilið frá 1913—1918, 1919—1925 og 1946—1952. Skýrslur um dómsmál fyrir fyrri tímabil er að finna í Skýrslum um landshagi á Íslandi 1864—1869. Vegna erfiðleika á innheimtu gagna frá skýrslugefendum og prentunarörðugleika komu engar skýrslur út fyrir árin 1926—1945. Hið fyrra gildir og að nokkru leyti um tímabilið frá 1953. Hagstofan hefur þó hafið undirbúning að því, að söfnun dómsmálaskýrslna verði tekin upp að nýju, og ég vil láta þess getið í þessu sambandi, að það er mín ætlun, að slík skýrslugerð hefjist og haldi áfram í framhaldi af þessari skýrslu, sem nú liggur fyrir.

Ég sagði einnig áðan, að þegar menn dæmdu um meðferð dómsmála, tækju þeir ekki tillit til ýmissa umbóta á löggjöfinni, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum, og ýmissa tilrauna, sem gerðar hafa verið til endurbóta, en strandað kannske einmitt í þinginu, þar sem gagnrýnin einna helzt kemur fram.

Á síðustu árum hafa verið gerðar ýmsar breytingar á réttarfarslöggjöf, og helztu breytingarnar, sem ég vildi nefna, eru þessar: Það eru lög nr. 57 frá 1961, um breyt. á l. um meðferð opinberra mála. Þá var stofnað embætti saksóknara ríkisins, fjölgað sakadómurum í Reykjavík. Lög nr. 98 1961, þá er fjölgað borgardómurum í Reykjavík og heimilað að fjölga borgarfógetum, sem kom til framkvæmda 1963. Það er sett reglugerð nr. 73 1961, um sektargerðir lögreglumanna, sem mjög hafa stuðlað að hraða í meðferð þeirra mála og afgreiðslu þeirra. Lög nr. 7 1962, um framsal sakamanna til Norðurlanda. Lög nr. 57 1962, um Hæstarétt Íslands, og meginbreytingarnar í þeim voru að hraða meðferð mála fyrir hæstarétti, og skal ég víkja lauslega að því síðar. Þá voru sett lög nr. 11 1966, um breyt. á l. um aðför. Þar var hækkuð fjárhæð, sem undanþegin er aðför. Þetta var frv. flutt af prófessor Ólafi Jóhannessyni. Þá voru sett lög nr. 29 1966, um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, á síðasta þingi. Dómara er þá heimilað að gera dómssátt, ef um ökuleyfissviptingu allt að einu ári er að ræða. Lögreglustjórum er heimilað að bjóða bréflega upp á sátt, þegar um kærur um brot á umferðarlögum, áfengislögum, lögum um tilkynningar aðsetursskipta eða lögreglusamþykkt er að ræða og viðurlög mundu ekki fara fram úr

5 þús. kr. Sektarheimild lögreglumanna var hækkuð í 1000 kr. Þá voru einnig sett á síðasta þingi lög um breyt. á umferðarlögunum, og þar er breytt ákvæði um skyldur dómara til þess að taka þegar afstöðu til bráðabirgðaökuleyfissviptingar lögreglustjóra. Þessum lögum á síðasta þingi um breyt. á l. um meðferð opinberra mála og á umferðarlögunum, þeim var báðum ætlað að stuðla að skjótari meðferð, og það eru þegar komin í ljós áhrif þessarar löggjafar. Lög um breyt. á meðferð opinberra mála komu til framkvæmda hjá sakadómaraembættinu í Reykjavík í síðari hluta októbermánaðar, en síðan hefur fulltrúi sá, sem fjallað hefur um þau mál, lokið meðferð dómssátta með ökuleyfissviptingu í 143 málum til dagsins í dag. Aðeins einn aðili hefur á þessum tíma hafnað sátt, og fer það mál til dóms. Um 33 mál liggja nú fyrir, sem falla undir þessa meðferð. Ástæður þess, að þeim hefur ekki verið lokið, eru aðallega fjarvera aðila og þess háttar. Flýtisaukningin á meðferð hinna einföldustu mála þessarar tegundar er algerlega ótvíræð. Einnig eru umferðarlögin að koma til framkvæmda, sem ég hygg að muni stuðla að verulega skjótri og hraðari meðferð þeirra mála, sem þau taka til.

Ég vil svo minna á það, að á árinu 1955 var lagt fram frv. um ný l. um meðferð einkamála. Það frv. náði ekki fram að ganga. Frv. var aftur lagt fram á þingi 1961, lítið eitt breytt. Höfðu höfundar upphaflega frv. þá haft til umsagnar þær aths., sem fram höfðu komið, og frv. dagaði enn uppi í þinginu. Á árinu 1959 var lagt fram frv. til l. um þinglýsingar. Það náði ekki fram að ganga, var endurflutt 1962 og 1963, en dagaði alltaf uppi. Allt þetta eru íhugunarefni þeirrar n., sem nú hefur verið skipuð til frekari athugunar þessara mála. En ég vil benda á, að dómarinn í stærsta dómi landsins í einkamálum, yfirborgardómarinn í Reykjavík, segir einmitt í sinni umsögn á bls. 21 í þessari skýrslu: „En þrátt fyrir ýmsa embættislega ágalla, sem hægt á að vera að bæta úr, verður þó vandaður málatilbúningur og málflutningur af hálfu málflytjanda höfuðatriðið. Ég tel, að frv. það til l. um meðferð einkamála í héraði, sem án árangurs hefur verið lagt fyrir Alþ. og eigi fengið afgreiðslu þar, sé spor í rétta átt og til bóta, ef að l. yrði, enda væri dómstólum landsins fengin nauðsynleg starfsaðstaða til þess að framfylgja ákvæðum þess."

Þarna er vikið að starfsaðstöðunni, og hv. þm., sem hafa haft aðstöðu til að kynna sér þessa skýrslu, sjá í umsögnum dómaranna ýmsar umkvartanir um það, að þá vanti bæði starfsaðstöðu, húsnæðisskortur sé mikill, til þess að hann teljist sæmilegur, og vanti starfslið. En á undanförnum árum hafa þó mörg embætti fengið nýtt og aukið húsnæði fyrir starfsemi sína. Þannig fluttist borgarfógetaembættið í nýtt leiguhúsnæði 1958, borgardómaraembættið mun flytja í Hallveigarstaði og fá þar mjög viðunanlega aðstöðu, sakadómaraembættið flutti í Borgartún 7 á árinu 1963. Í Keflavík og Sauðárkróki hefur verið byggt hús yfir skrifstofur og viðbót á Ísafirði. Nýtt húsnæði hefur verið tekið á leigu í Borgarnesi, á Akureyri, Eskifirði og í Vestmannaeyjum. Varðandi starfslið hefur verið komið til móts við óskir sumra embættismanna um fjölgun starfsliðs, en aðrir hafa ekki fengið úrlausn enn, og þótt heimildir séu fyrir störfum, er þó ekki alls staðar unnt að ráða fólk, þar sem það fæst ekki fyrir þau kjör, sem í boði eru. Ýmsar tilfærslur í launaflokkum hafa þó átt sér stað og frekari till. frá rn. liggja hjá fjmrn.

Ég hef aðeins viljað víkja að þessum atriðum, sem nú eru greind, til þess að reyna að gefa svolitla glöggvun á sjálfri skýrslugerðinni og ýmsu, sem viðurkennt er, að aflaga fari, en ýmsu, sem hefur verið gert til bóta.

Ég skal aðeins taka nokkur atriði til frekari glöggvunar upp úr ýmsum þeim ummælum og umsögnum, sem frá þeim aðilum komu, sem fengu það verkefni að gefa skýrslur og láta í ljós álit sitt.

Um opinber mál sérstaklega koma fram t. d. á bls. 18 eftirfarandi till.: Nauðsyn breyttrar löggjafar. Það er yfirsakadómarinn í Reykjavík, sem gerir ýmsar till. um breytta löggjöf, og skal hér talið það helzta, sem kemur fram hjá honum: a. Aðskilnaður rannsóknarvalds og dómsvalds. b. Að unnt verði að ljúka fleiri málum með dómsátt. Og sú till. kemur einnig fram hjá sýslumanni Dalasýslu. c. Að unnt eigi að vera að ljúka fleiri málum með lögreglusektum. Þá till. gerir einnig saksóknari ríkisins. d. Gera eigi meðferð mála, þar sem játning sökunauts liggi fyrir, einfaldari. Gera eigi meðferð verðlagsmála einfaldari.

Eins og menn hafa tekið eftir af því, sem ég gerði grein fyrir áðan, er ýmislegt af þessu komið til framkvæmda. En sumu hefur verið reynt að koma til framkvæmda, og þar á ég sérstaklega við aðskilnað rannsóknarvalds og dómsvalds, sem e. t. v. er veigamesta till. þessa máls. En það hefur strandað á þinginu, sem hins vegar lætur sig ekkert muna um það að samþykkja þáltill. um að gera ráðstafanir til að bæta og hraða meðferð málanna. En það var hinn 23. júní 1947, að þáv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, skipaði þá dr. juris Einar Arnórsson og hæstaréttardómarana Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, til þess að semja frv. til l. um meðferð opinberra mála. Þeir unnu síðan, eins og vænta mátti, mjög samvizkusamlega að þessu máli, enda allir fróðustu menn hver á sinu sviði. Þetta frv. var svo lagt fyrir þingið 1948 og náði ekki fram að ganga. En í þessu frv. voru einmitt ákvæði um saksóknara ríkisins eða opinberan ákæranda og sérstakan rannsóknardómara.

Í 21. gr. var ákvæði um það, að forseti skipaði opinberan ákæranda, er nefndist saksóknari ríkisins, og í næstu gr. þar á eftir, að saksóknari færi með ákæruvaldið, og í 35. gr., að forseti skipaði rannsóknarstjóra og um það

atriði er nú nánar fjallað í grg., sem hér yrði kannske of langt mál upp að telja, en í aths. við V. kafla, þar sem þessi 35. gr. er, segir svo, sem skýrir það mál nokkuð, með leyfi hæstv. forseta: „Í 35. gr. eru fyrirmæli um lögreglustjórn.“ Og þó er kannske réttara að taka hér nokkrar setningar, sem áður komu um þetta atriði, þar sem segir:

„Í flestum málum, einkum í kaupstöðum, er rannsókn á fyrsta stigi í höndum lögreglumanna. Eru úrslit málsins því oft undir þeirra rannsókn komin, þar sem sakargögn fara oft forgörðum, ef þeim er eigi þegar haldið til haga. Þá er og öryggi almennings mjög undir því komið, að lögreglumenn fari rétt með vald sitt. Það hefur því þótt hlýða að setja ýtarlegri ákvæði um starfsaðferðir lögreglumanna, réttindi þeirra og skyldur.“

Svo heldur áfram, þar sem ég byrjaði áðan:

„Sakadómari í Reykjavík fer nú með stjórn rannsóknarlögreglu þar. En eigi þykir það hentug skipan, enda á sakadómari að meta verk rannsóknarlögreglumanna. Nú á tímum er það og eitt af grundvallaratriðum réttarfars í opinberum málum að skilja glöggt á milli dómsvalds annars vegar og lögreglustjórnar hins vegar. Er því hér það nýmæli sett, að rannsóknarstjóri skuli hafa stjórn þeirra lögreglumanna í Reykjavík, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar, svo og ef þörf þykir og við verður komið stýra rannsókn annars staðar á landinu. Þykir miklu skipta, að maður, er hafi fullkomna menntun og æfingu í lögregluransókn, hafi yfirstjórn hennar, leiðbeini lögreglumönnum og hafi umsjón með kennslu þeirra og þjálfun. Ætlazt er til, að lögreglustjóri í Reykjavík fari með lögreglustjórn þar að öðru leyti, svo sem verið hefur, enda hvorum tveggja ætlað ærið verkefni, með því að bærinn vex og brot færast sífellt mjög í vöxt. Reynt hefur verið í fáum orðum að greina helztu rannsóknaratriði í opinberum málum.“

Og svo er nánar að því vikið. En áður í almennu grg. er búið að leiða rök að því, að hin gamla skipan okkar, að dómari fari með rannsóknarvaldið líka eða rannsókn málsins, sé orðin löngu úrelt skipun hjá grannþjóðum okkar. Þessi rannsóknaraðferð og meðferð er nú lögð af í flestum menningarlöndum. Meginreglur um meðferð opinberra mála eru þær, að ákæruvald og dómsvald eru aðskilin. En engu að síður fór nú eins og ég vildi gera grein fyrir í stuttu máli, að þetta frv. dagaði uppi, og ég er hræddur um, að þar hafi komið til greina sparnaðarviðleitni þingsins og talið leiða of mikinn kostnað af þeim breytingum á þessu sviði, sem ég var nú að gera grein fyrir. En framhaldið af þessu máli er svo, að 1950 er lagt fram aðgreint frv. um opinberan ákæranda og rannsóknarstjóra, sem þá ekki heldur náði fram að ganga, en frv. um meðferð opinberra mála að öðru leyti var samþ. á því þingi. En þá hafði dómsmrh. þá aðferð að skilja sundur málin, og það kom fram einmitt í stuttri grg. fyrir frv. til l. um saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra ástæðan fyrir því, sem ég vildi leyfa mér að vitna til, með leyfi hæstv. forseta:

„Í aths. við frv. það um meðferð opinberra mála, sem lagt var fram á Alþ. 1948 og svo aftur 1949, eru raktar rækilega ástæður fyrir því, að rétt sé að setja lög um skipun opinbers saksóknara hér á landi svo og um skipun rannsóknarstjóra. Vísast til þeirra aths. frv. þessu til stuðnings. En efni þessa frv. hefur verið skilið frá aðalfrv., svo að unnt sé að samþykkja réttarbætur þess frv., án þess að um leið þurfi að taka afstöðu til stofnunar hinna nýju embætta samkv. þessu frv.“

Mér þykir rétt að taka hér fram, að saksóknara er ætlað að sækja opinber mál fyrir hæstarétti án sérstaks endurgjalds og rannsóknarstjóra að sækja þau mál fyrir héraðsdómi í Reykjavík og víðar, og sparast við það þau laun, er annars þyrfti að greiða sækjendum þeirra mála. Það er enn vakin athygli á nauðsyn slíkrar endurskoðunar í skýrslunni um dómsmálin, sem hér liggur nú fyrir, bæði af saksóknara ríkisins og yfirsakadómara í Reykjavík, eins og ég hef vitnað til. Og það verður eflaust eitt af þeim mörgu atriðum, sem koma til álita hjá þeirri n., sem endurskoðun þessara mála fær til meðferðar. Í bréfi Þórðar Eyjólfssonar forseta hæstaréttar, dags. 21. okt. 1964, kemur fram, hann fjallar ekki um það fyrr en málin koma til hæstaréttar eðlilega, en um tímabilið frá því að áfrýjunarstefna til hæstaréttar er úttekin og þar til lögmenn hafa skilað hæstarétti ágripi og grg., þannig að mál sé hæft til flutnings, sbr. III. kafla l. nr. 57 1962, um hæstarétt, sem breytti þá ýmsum reglum í sambandi við hæstarétt til að hraða meðferð málanna, er þetta að segja: Með greindum l. nr. 57 1962, um Hæstarétt Íslands, voru sett ýmis nýmæli, sem eiga að stuðla að greiðari og hraðari málsmeðferð en áður tíðkaðist á því stigi máls, sem hér ræðir um. Skal hér sérstaklega vísað til 41. gr. l. um fresti. Ákvæði þessi munu stuðla að hraðari rekstri dómsmála fyrir hæstarétti. En algert skilyrði þess, að unnt sé að beita ákvæðum 41. gr. um stutta fresti, er það, að afgreiðsla dómsgerða í héraði fari fram án tafar, þegar þess er æskt vegna áfrýjunar málsins. Enn fremur: Eftir að hæstarétti hafa borizt ágrip og grg., þannig að málin séu tilbúin til flutnings er ekki og hefur aldrei verið um neinn drátt á þeim að ræða, en málflutningur ákveðinn með hæfilegum fyrirvara, sbr. 47. gr. l. nr. 57 frá 1962.

Ég hef áður vikið svolítið að, hvað líði hraða á afgreiðslu málanna í Reykjavík, og í framhaldi af því vil ég aðeins taka hér upp úr grg. yfirborgardómarans í Reykjavík, Hákonar Guðmundssonar, um fjölda málanna, sem skýrir þetta kannske, að meðferðin er nokkuð seinni í Reykjavík heldur en utan Reykjavíkur. Hann vitnar í fylgirit á fskj. a og yfirlitsskýrslur, fskj. b, en þær sýna, að samkv. þeim vex fjöldi þingfestra mála við þetta embætti, borgardómaraembættið í Reykjavík, jafnt og þétt. Nægir t. d.

að benda á það, að árið 1957 eru þingfest 1511 bæjarþings- og sjódómsmál, en 1960 2397 mál. Árið 1962 er fjöldi sömu mála 3206 og árið 1964 4077, og árið 1965 eru þingfestingar 4551, á móti 1511 þingfestum málum 1957. Hefur tala þingfestra mála þannig aukizt með jöfnum stíganda frá árinu 1957. Í þessari tölu eru þó hvorki tekin með hjónaskilnaðarmál, sveitfestimál, sjópróf, matsmál né sérstök vitnamál, sem hér koma til afgreiðslu. Tala dæmdra mála sömu ár er þessi: Árið 1957 838, árið 1960 1618, árið 1962 2140 og árið 1964 2736, og 1965 er tala dæmdra mála 3430, 3430 á móti 838 1957. Auk þess eru sætt og hafin mörg mál, og sýnir skýrslan tölu þeirra frá og með árinu 1961. Samtala óafgreiddra dómsmála var 1. janúar 1965 alls 942, og sýnir meðfylgjandi skýrsla, hvernig þau skiptast á árin. Frá árinu 1959 eru 62 mál, frá 1960 36 mál, 1961 39 mál, 1962 112 mál, 1963 175 mál og frá árinu 1964 518 mál, eða alls 942 mál. Talan fyrir 1965 liggur þarna ekki fyrir.

Mér þykir nú ekki ástæða til að taka mikið meira af tíma þingsins til greinargerðar þessarar skýrslu, en ég vil vekja athygli á því, sem fram kemur í umsögn lagadeildar háskólans, þar sem prófessor Theódór Líndal ritar 28. okt. 1965 og segir m.a.:

„Á Norðurlöndum og víðar starfa fastar nefndir á sviði réttarfars. Þeim ber að hafa vakandi auga á því, sem áfátt er um rekstur dómstóla, fylgjast með nýjungum og gera till. til úrbóta. Á sviði refsiréttar hefur verið starfandi n. hér á landi, er gegnir líku hlutverki á sínu sviði. Raunhæfasta leiðin til þess að koma fram endurbótum á rekstri dómsmálanna er sú, að föst n. verði skipuð til þess að annast það hlutverk, sem hér hefur verið vikið að."

Ég get mjög fallizt á þessa skoðun. Það hefur að vísu engin föst n. verið skipuð, en það byrjar nú að starfa að þessum málum sú n., sem ég hef þegar gert grein fyrir og kemur fram í upphafi skýrslunnar.

Ég vil svo aðeins ljúka máli mínu með því að segja, að ég tel fulla ástæðu til þess, að gagnger endurskoðun þessara mála fari fram í landinu, m. a. vegna ýmissa breyttra hátta, þjóðhátta og samgönguskilyrða, lifnaðarhátta þjóðarinnar, og þar inn í falli athugun á endurskoðun dómaskipunarinnar. Þetta er vandasamt verk og ekki ástæða til þess að flaustra því af, en með slíkri endurskoðun er þá höfð nokkur samleið með endurskoðun stjórnsýslunnar á öðrum sviðum. Eins og kunnugt er, hafa nýlega verið sett læknaskipunarlög, og prestakallaskipun og prófastsdæma er til meðferðar hér í þinginu. Og ég vék að áðan, að fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga, sem hélt fund í Reykjavík 10.—11. marz s. l., gerði samþykkt eða ályktun varðandi endurskoðun gildandi lagaákvæða um sveitarstjórnarumdæmi í landinu, og lagði fulltrúaráðið til, að sett yrði á stofn sérstök n. skipuð fulltrúum frá ríkisvaldinu og Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem fái það hlutverk að framkvæma gagngera endurskoðun á skipun sveitarstjórnarumdæma í landinu og gera till. í frv.-formi um þær breytingar, sem n. telur tímabært, að gerðar verði. Þessi n. var skipuð, eins og ég sagði, af hæstv. félmrh. í sumar, og ég tel eðlilegt, að n., sem fjallar um meðferð dómsmálanna og endurskoðun dómaskipunarinnar, hafi fullt samráð við þessa n., og væri mjög æskilegt, að þær vissu nokkuð hvor af annarri, því að þótt málin séu að vissu leyti sitt hvers eðlis, má segja, að þau séu alls ekki óskyld. Þetta er, eins og ég segi, allt nokkuð skylt, nokkuð sama eðlis: kjördæmaskipun landsins, sveitarstjórnarskipun landsins, dómaskipun landsins, læknaskipun landsins, prestakallaskipun og annað slíkt, enda hefur verið á margan hátt að endurskoðun þessara mála unnið á undanförnum árum.

Ég vona, að hv. þing hafi ekki talið, að ég tæki of mikið af tíma þess til þess að gera grein fyrir þessari skýrslu, en taldi eftir atvikum eðlilegt að viðhafa nokkurn formála og grg. fyrir framlagningu hennar.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mér þykir við eiga að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þá skýrslusöfnun, sem hér hefur átt sér stað, og fyrir framlagningu þessarar skýrslu hér. Ég vil enn fremur leyfa mér að þakka þeim, sem unnið hafa að þessari skýrslusöfnun. Hér hefur gott og mikið verk verið unnið. Þetta vil ég því fremur gera, sem það má a. m. k. að öðrum þræði rekja þessa skýrslusöfnun, sem hér hefur átt sér stað, til þál., sem samþ. var hér á Alþ. 13. maí 1964 og ég ásamt fleirum stóð að.

Þessi skýrsla, sem hér liggur fyrir, geymir margvíslegan fróðleik, og í henni er ýmsar verðmætar upplýsingar að fá um meðferð dómsmála, eins og hæstv. dómsmrh. hefur líka gert grein fyrir í ræðu sinni hér á undan. Reyndar má segja, að þessi skýrsla færi mönnum ekki mikinn nýjan sannleika. Hún staðfestir raunar í aðalatriðum það, sem áður var vitað, að hér á landi væri því miður of mikill seinagangur á meðferð dómsmála. Hins vegar má segja, að það sé gott að fá það staðfest með jafn ýtarlegri og viðamikilli skýrslu sem þeirri, er hér liggur fyrir, enda þótt mönnum hafi almennt verið nokkuð ljóst áður, að svona væri þessu háttað.

Þessi skýrsla, sem hér liggur fyrir, er, eins og ég sagði, góðra gjalda verð og geymir ýmsar markverðar upplýsingar. Hins vegar geymir hún ekki allar þær upplýsingar, sem æskilegt hefði verið að fá í þessu sambandi, og má því til styrktar vísa til skýrslunnar sjálfrar, þar sem það kemur einmitt fram og er ekki dregin nein fjöður yfir það á bls. 3—4, að það hafi ekki tekizt að fá allar þær upplýsingar, sem æskilegt hefði verið, enn fremur að sú mynd, sem kemur fram í þessari skýrslu, sé e. t. v. eitthvað örlítið fegruð frá því, sem raunveruleikinn er. Um það segir, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 3.

„Hafa ber í huga, þegar töflurnar eru lesnar,

að þær gefa að nokkru leyti fegraða mynd. Líklegt má telja, að ýmis þau mál, sem skemmst hafa staðið, hafi verið flutt milli umdæma og meðferð þeirra í heild staðið lengur en töflur gefa til kynna, þar sem þær eru miðaðar við meðferð í hverju umdæmi fyrir sig. Yrði það mikil fyrirhöfn að kanna til hlítar gang slíkra mála og mundi þó naumast svara kostnaði, þar eð hér er ekki um ýkjamörg mál að tefla."

Síðan segir, eins og drepið var á, að ekki hafi tekizt að afla allrar þeirrar vitneskju, sem reynt var og æskilegt hefði verið. Síðan eru rakin í framhaldi þar af á bls. 3 og 4 helztu atriði, sem ekki hafi tekizt að fá upplýsingar um. Ég vil ekki þreyta hv. þm. á því að vera að lesa það upp, þar sem skýrslan er öllum tiltæk, en vil þó aðeins benda á atriði, sem þar koma fram, og m. a. það, að ekki hafi tekizt að flokka málin eftir tegundum, en dómsmál eru auðvitað mjög mismunandi og sum eru þess eðlis, að þau taka auðvitað skamman tíma. Það datt mér reyndar í hug í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði varðandi málaskýrsluna hér frá Reykjavík, því að auðvitað er það, að mikill fjöldi þeirra mála, sem hér er dæmdur, er t. d. víxilmál, og það er auðvitað ekki hægt að gera ráð fyrir því, að slík mál taki langan tíma, en þegar þau eru tekin með í heildartölu, geta þau í raun og veru skekkt myndina af raunverulegum dómsmálum. Í annan stað vil ég benda á, að það er upplýst hér í skýrslunni, að það hafi ekki, eins og óskað var eftir, tekizt að fá upplýsingar um það, í hversu mörgum opinberum málum sakir fyrntust vegna dráttar á meðferð þeirra, en það kemur fram í umsögn frá vissum embættum, að þau komi fyrir eða jafnvel að eitthvað kveði að því. Það má segja, að það sé bagalegt að fá ekki upplýsingar um slík atriði sem þetta.

Þó að ég bendi á þessi atriði og þarna séu fleiri slík atriði, má ekki skoða það út af fyrir sig sem gagnrýni af minni hálfu á þessari skýrslu. Ég bendi aðeins á þetta, að þarna eru viss atriði, sem þrátt fyrir alla viðleitni hafa ekki fengizt fullkomlega upplýst, eins og óskað var eftir af rn. hálfu.

Það geta sjálfsagt verið eitthvað skiptar skoðanir um það, hvaða rannsóknaraðferð hefði átt að beita í tilfelli sem þessu. Þarna hefur þeirri rannsóknaraðferð verið beitt, sem má segja að liggi nokkuð nærri, að leita til sjálfra embættanna og spyrjast fyrir um það hjá þeim, hvernig þessum málum sé háttað, og er ekki að efa, að sú mynd, sem þau gefa í því efni, sé rétt. En hins vegar getur maður náttúrlega ímyndað sér, að þegar spurt er að því, hvaða orsakir valdi dráttinum, og þeir eru sjálfir að því spurðir embættismennirnir, þá sé nokkur afsökunarblær á þeim ástæðum, sem þar eru færðar fram, enda kom það að nokkru leyti fram hjá hæstv. dómsmrh., þegar hann gerði grein fyrir því, hvað helzt væri talið valda dráttinum og hverju væri ábótavant.

Ég skal ekkert finna að því, að þessi aðferð hefur verið höfð, og eins og allt hefur verið í pottinn búið, hefur kannske verið erfitt að fara að á annan veg, þar sem því er svo háttað, eins og hann gerði grein fyrir, hæstv. dómsmrh., að það eru ekki fyrir hendi tölfræðilegar upplýsingar um þessi efni, svo sem æskilegt væri. Ég vil alveg sérstaklega fagna þeirri yfirlýsingu hans, að það verði haldið áfram á sömu braut eins og hér hefur verið farið inn á og það verði áfram haldið að safna slíkum upplýsingum sem þessum og skýrslum og að úr þeim verði framvegis unnið, en það álít ég út af fyrir sig mjög mikilsvert.

Sú þáltill., sem hér var samþ. 13. maí 1964, var nú, eins og fram kemur reyndar í þessari skýrslu, ekki beint um skýrslusöfnun sem þessa, heldur um ráðstafanir til þess að hraða meðferð dómsmála, var ef ég man rétt, áskorun til dómsmrn. um að gera þær ráðstafanir, sem tiltækar þættu, til þess að hraða meðferð dómsmála. Það er ekki aðfinnsluvert að mínum dómi, þó að þessi háttur hafi verið hafður á, sem hér hefur verið hafður á, að fá staðfestar upplýsingar um þessi efni, áður en hafizt væri handa um ráðstafanir, því að það er rétt, eins og hæstv. dómsmrh. sagði, að þó að það hafi verið nokkuð sterkur almannarómur, að meðferð dómsmála drægist oft og einatt meira en góðu hófi gegndi og löggæzlan væri stundum ekki eins skilvirk og helzt þyrfti að vera, er alltaf hæpið að byggja á slíkum almannarómi. Það er æskilegra að fá það staðfest með öruggum hætti, enda ekki alltaf rétt, sem í daglegu tali er sagt um slík mál. Þess vegna er það út af fyrir sig eðlilegt að byrja á því að leggja þann grundvöll, sem hér hefur verið gert, að fá það upplýst, hvernig þessum málum sé í raun og veru háttað.

Eftir að þessi rannsókn hefur farið fram, og þessi skýrsla hefur hér verið lögð fram, þá er vitaskuld enn eftir óleyst það verkefni, sem þáltill. frá 13. maí 1964 fjallaði um, sem sagt að gera ráðstafanir til að hraða meðferð dómsmála. Það má vissulega segja, að á grundvelli þessarar skýrslu, sem hér liggur fyrir, sé þægilegra eftir en áður að gera þvílíkar ráðstafanir, því að vissulega koma þar fram ábendingar, eins og ég minntist á áðan, að vísu frá þeim mönnum, sem hér eiga beint hlut að máli, um hvað það sé, sem einkum valdi þeim drætti á meðferð dómsmála, sem talinn er nú eiga sér stað.

Þessi skýrsla er mjög góð, en hún leysir ekki þann vanda að hraða meðferð dómsmála. Nú hefur hæstv. dómsmrh. frá því skýrt og er að því komið í þessari skýrslu, að hann hafi ákveðið og reyndar þegar skipað sérstaka n. embættismanna, dómara, til þess, eins og segir í skýrslunni, að athuga breyt., sem mætti gera á dómaskipuninni og til bóta mættu teljast, og jafnframt að athuga og gera till. um breyt. á löggjöf og framkvæmd varðandi meðferð dómsmála í landinu.

Mér skilst, að það sé eitt höfuðverkefni þess-

arar n. að athuga sjálfa umdæmaskiptinguna, athuga dómaskipunina. Það er þarft verk. Það er, eins og hæstv. dómsmrh. vék að hér áðan, mjög vandasamt verk, og það er líklegt, að það taki langan tíma, því að það þarf að mörgu að hyggja í því sambandi. Þó að ég sé algerlega sammála um þessa nefndarskipun og telji það vel farið, að hún hefur átt sér stað, er ég hræddur um, að það geti orðið of langt að bíða eftir umbótum frá hennar hálfu varðandi það atriði, sem ég hef lagt áherzlu á, það er sem sé, að ráðstafanir séu gerðar til þess að hraða meðferð dómsmála. Að vísu er þessari n. falið bæði að athuga og gera till. um þær breyt. á löggjöfinni, sem nauðsynlegar gætu talizt eða til bóta gætu talizt, svo og að athuga framkvæmdaatriði. Það er ljóst mál, að ef þörf er breyt. á löggjöfinni að verulegu leyti til þess að hraða meðferð dómsmála, hlýtur það að taka sinn tíma, og frá því sjónarmiði hef ég ekkert að athuga við það, að n. taki þann þátt til meðferðar og þá væntanlega, eins og hæstv. dómsmrh. vék að, t. d. sérstaklega einkamálalögin og athugi það, hverjar breyt. þurfi þar á að gera, og þá m. a. þær, sem mættu stuðla að hraðari rekstri dómsmála. Það er mín skoðun, að það megi gera ýmsar ráðstafanir til að hraða rekstri dómsmála, án þess að til breyt. á nokkurri löggjöf komi, og ég álít raunar, að það sé nægilegur grundvöllur fyrir hendi, m. a. í þessari skýrslu, til þess og það sé ekki út af fyrir sig ástæða til þess að bíða eftir árangri af starfi þessarar n., sem skipuð hefur verið, til þess að gera þær ráðstafanir. Má líka vel vera, að það sé ekki ætlunin. En mér fannst það ekki koma skýrt fram hjá hæstv. dómsmrh. Í þessari skýrslu eru einmitt dregin saman ýmis þau atriði, sem þessir ágætu embættismenn, héraðsdómararnir, benda á, sem þeir telja höfuðástæðurnar fyrir þeim drætti, sem verður stundum, því miður, á meðferð dómsmála. Það er tekið fram í skýrslunni á bls. 17—18. Þar er í fyrsta lagi talin vöntun á starfsliði og þá bæði átt við löglærða fulltrúa og annað skrifstofulið. Í öðru lagi er sérstaklega bent á lélega aðstöðu, eins og t. d. óhentugt húsnæði. Í þriðja lagi er bent á ófullnægjandi tækjaútbúnað og úrelt vinnubrögð. Það er ekki, að ég held, þörf á neinni löggjöf út af fyrir sig, til þess að hægt væri að bæta úr þessum atriðum. Nú gerði hæstv. dómsmrh. að vísu í sinni ræðu nokkra grein fyrir því, að hann teldi a. m. k. í sumum tilfellum, að úrbætur hefðu átt sér stað í þessum efnum, eins og t. d. að því er varðaði húsnæðismál tiltekinna embætta. Ég vil undirstrika það, að ég held það sé hægt að gera hér ýmsar breyt. til lagfæringar, án þess að breyta þurfi löggjöf. Mönnum verður það gjarnan á, þegar umr. verður um þessi mál, að skírskota til þess, að þörf sé breyt. á l. um meðferð einkamála og að fyrir Alþ. hafi legið oftar en einu sinni frv. til breyt. á þeim l. Það er rétt, þær breyt. hafa ekki náð fram að ganga, mér skilst vegna vissrar andstöðu frá sumum þeim aðilum, sem um þessi mál sérstaklega fjalla eða hafa með þau að gera. En ég er alls ekki sannfærður um, að það þurfi að gera þessar breyt. á l., til þess að hægt sé að hraða meðferð dómsmála. Þegar einkamálalögin voru sett 1935, fólst í þeim breyt. frá eldra réttarfari. Eitt höfuðmarkmiðið með þeim breyt. var að koma hér á hraðari meðferð dómsmála. Þess var því miður ekki gætt þá að hafa sama hátt á og t. d. í Danmörku. Hér var hafður tiltölulega skammur gildistökufrestur á þessum stórkostlega lagabálki. Þeir, sem áttu að fara að framkvæma l., dómarar og sýslumenn, voru vanir allt öðru réttarfari heldur en fólst í þessum nýju l., og þeir fengu, ef ég svo má segja, ekki nægilegan aðlögunartíma til þess að átta sig á þeim nýju reglum, sem fólust í þessum lögum. Þess vegna held ég, að í raun og veru hafi einkamálalögin aldrei komizt til framkvæmda eins og til var ætlazt. Menn héldu áfram eftir sem áður um langa stund að fara eftir hinum eldri reglum að meira eða minna leyti, og þó að síðar hafi þar á orðið nokkur breyting, þá er þó a. m. k. vafamál, að ekki sé meira sagt, að þeir menn, sem fara með þessi mál, hafi nokkru sinni að fullu tileinkað sér reglur einkamálalaganna að þessu leyti til. Í Danmörku t. d., þegar hliðstæð l. voru lögleidd, var miklu lengri gildistökufrestur og eins höfð þessi skipan á, sem bent er á í bréfi lagadeildarinnar, að það var sett á stofn sérstök n., sem átti að fylgjast með framkvæmd l., og hefur verið starfandi æ síðan.

Á þetta vildi ég aðeins leyfa mér að benda og get sem sagt ekki fallizt á það í eins ríkum mæli og sumir vilja vera láta, að þau séu einkamálalögin, eins og þau nú eru, sem standi í vegi fyrir nauðsynlegum breyt. að þessu leyti. En hitt er svo rétt, eins og hæstv. dómsmrh. gerði grein fyrir, að ekki alls fyrir löngu var gerð breyt. á hæstaréttarlögunum, 1962, sem miðar að því einmitt að hraða meðferð mála fyrir hæstarétti, og þess er að vænta, að það beri og hafi borið árangur, og kemur það reyndar fram líka í bréfi frá þáverandi forseta hæstaréttar, sem birt er í skýrslunni, að á þessu tímabili, sem um er að tefla, hafi það verið svo, að eftir að hæstarétti hafi borizt ágrip og grg., þannig að málin séu tilbúin til flutnings, sé ekki og hafi aldrei verið um drátt að ræða á þeim, en málflutningur ákveðinn með hæfilegum fyrirvara. Þetta er alveg tvímælalaust rétt. En þetta á aðeins við, eftir að ágrip og grg. hafa borizt. En það gæti náttúrlega verið, að það hafi stundum orðið einhver dráttur á því, að grg. og ágrip bærust hæstarétti. Um þau atriði og um það atriði, hvernig mál hafa gengið fyrir hæstarétti, sem og hver hefur verið hraði þeirra fyrir undirrétti, er mjög auðvelt að fá upplýsingar að því er hæstaréttarmál varðar, vegna þess að hæstaréttardómar eru birtir, og þar eru upplýsingar um þetta, og það má reyndar segja, að maður sakni þess í þessari skýrslu, að þau

atriði skuli ekki hér hafa einnig verið tekin til meðferðar.

Ég skal svo ekki, herra forseti, þreyta hér með langri ræðu. Ég tel þetta svo merkilegt mál í sjálfu sér, sem hér er um rætt, að ég vildi ekki alveg láta það fara þegjandi hér fram hjá, eftir að hæstv. dómsmrh. hafði lokið sinni löngu og ýtarlegu ræðu, og ég get endurtekið þakkir fyrir þessa skýrslu út af fyrir sig. Hér á eftir eða næst á dagskránni er till. til þál. um nefndarskipun til þess að fjalla einmitt um dómaskipun eða umdæmaskipun. Það má segja, að það verkefni hafi að nokkru a. m. k. verið fengið þeirri n., sem nú hefur verið skipuð og frá er skýrt hér í skýrslunni. En ég vil samt taka það alveg skýrt fram, að ég álít, að þeirri þáltill. megi ekki á nokkurn hátt blanda saman við þá þáltill., sem að nokkru leyti var tilefni til þessarar skýrslusöfnunar, till. frá 13. maí 1964 um ráðstafanir til að hraða dómsmálum. Það er allt annað, sem liggur til grundvallar hvorri fyrir sig. Til grundvallar þeirri till., sem hér verður væntanlega rædd á eftir, liggur réttaröryggissjónarmið, það sjónarmið, að það sé þörf á því út frá réttaröryggissjónarmiði að greina betur á milli meðferðar dómsmála og stjórnsýslumálefna. En hér hefur þessum málum verið þannig farið, að einn og sami embættismaður hefur mjög víða farið með báða þessa málaflokka, en það þykir víðast hvar annars staðar ófært og er algerlega skilið á milli og stefnt að því víðast hvar, eftir því sem verða má, að sá, sem með dómsvald fer, hafi aðeins dómsstörf á hendi. En það, þó að horfið væri að því ráði að breyta umdæmaskipuninni og skipa nýja dómstóla, sem eingöngu færu með dómsmál, en þyrfti út af fyrir sig ekki neitt að hraða meðferð dómsmálanna, en það á að tryggja öruggari meðferð þeirra. Það er þess vegna rétt að taka það skýrt fram, að það er sitthvað, sem liggur þarna til grundvallar. En auðvitað er það, að þó að maður leggi áherzlu á nauðsyn þess að hraða meðferð dómsmála svo sem kostur er, verður að gæta hófs í því skyni, og auðvitað má aldrei fórna réttarörygg««u á altari hraðans, þannig að það verður þó auðvitað alltaf að vera aðalatriðið, að það sé gætt fyllsta réttaröryggis. En þetta vildi ég aðeins taka fram, ef menn skyldu álíta, að þarna væri það sama, sem liggur til grundvallar. Það er náttúrlega alls ekki. Það má kannske segja, að að einhverju leyti sé þessu steypt saman hjá þessari n., sem fær þessi mál til meðferðar. En henni er ætlað, eftir því sem segir í hennar erindisbréfi, æði víðtækt verkefni, þar sem henni er bæði ætlað að fjalla um dómaskipunina, æskilegar breytingar í löggjöfinni og framkvæmdaatriði. Það er mjög stórt verkefni og ekki ólíklegt, að það taki langan tíma að skila því verkefni.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er í raun og veru sáralítið, sem ég þarf fram að taka. Ég þakka fyrir þau viðurkenningarorð, sem þeir menn, sem hafa unnið að þessari skýrslu, hafa fengið og það verk, sem í henni felst, frá hv. þm., 3. þm. Norðurl. v. Það er aðeins eitt atriði, sem ég vil vara við, að það gæti valdið nokkrum misskilningi, túlkun hans á málinu, hvað hann virðist leggja mikið upp úr annars vegar endurskoðun á dómsskipuninni og hins vegar hraða dómsmálanna, því að það er einmitt mín meining með þessari n., að hvort tveggja sé til meðferðar hjá n., og það hélt ég, að þeir menn þyrftu ekki að fara í neinar grafgötur um. Og ég gæti einmitt vel hugsað mér, að í sambandi við framkvæmdaatriði gæti ýmislegt komið fram á þeim tíma, sem slík n. eins og þessi situr, þó að hún ljúki ekki till. sínum um endurskoðun löggjafar í stórum stíl. Og það má segja, að það var nokkuð það, sem fyrir mér vakti með því að hafa ráðuneytisstjórann í dómsmrn. formann í slíkri n., til þess að tengja saman hið raunhæfa starf, sem verður að segja, að á að vinnast frá degi til dags í dómsmrn. um eftirlit með meðferð dómsmála og umbótum á því sviði, þar sem misfellur eru, enda hefur strax komið fram, að meðan á þessari skýrslusöfnun hefur staðið, hefur þegar verið lögð fyrir þingið breyting á löggjöf, sem stuðlar að skjótari afgreiðslu dómsmálanna, eins og ég vitnaði til, með löggjöf með breytingu á umferðarlögum og opinberum málum á síðasta þingi, sem þegar er komin til framkvæmda. Og einnig hafa komið til framkvæmda ýmis atriði í sambandi við starfsskilyrðin, eins og ég vék einnig að, bæði varðandi húsnæði og starfskrafta. Ég veit, að þetta veldur nú engum ágreiningi, en vildi þó aðeins til frekari áréttingar hafa látið þetta í ljós.

V. Fjárhagsafkoma ríkissjóðs árið 1966.

Á 32. fundi í Sþ., 8. apríl, var tekin á dagskrá:
Skýrsla fjmrh. um fjárhagsafkomu ríkissjóðs árið 1966.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Útbýtt hefur verið til hv. þm. bráðabirgðayfirliti um afkomu ríkissjóðs á árinu 1966. Er þar að finna sundurliðun tekna og gjalda ríkissjóðs á rekstraryfirliti, sundurliðað eftir fjárlagagreinum, sundurliðun eignahreyfinga og loks sjóðsyfirlit um síðustu áramót og sundurliðað yfirlit um það, hvernig greiðslujöfnuður ríkissjóðs á árinu er bundinn. Til þess að geta betur áttað sig á þessum tölulegu upplýsingum, tel ég rétt að láta fylgja nokkrar skýringar. Fyrst og fremst tel ég nauðsynlegt að leggja á það áherzlu, að hér er um bráðabirgðayfirlit að ræða. Reikningum var að vísu formlega lokað um áramót samkv. gildandi l., en engu að síður tekur það nokkra mánuði að vinna úr skilagreinum stofnana og embætta ríkisins og

ýmsar tekjur koma ekki inn fyrr en alllöngu eftir áramót. Þótt ekki séu líkur til, að heildarniðurstöður breytist svo að nokkru nemi, tel ég nauðsynlegt að hafa hér á fyrirvara varðandi einstaka liði. Það er föst venja, að endanleg greinargerð um afkomu ríkissjóðs næstliðið ár er ekki gefin fyrr en við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Mun það að sjálfsögðu einnig verða gert í ár og mun ég því ekki í þessum skýringum mínum ræða ýtarlega einstaka liði, heldur gefa heildaryfirlit, sem á þó að geta sýnt í meginatriðum raunhæfa mynd af afkomu ríkissjóðs á árinu 1966.

Tekjur á rekstrarreikningi ríkissjóðs árið 1966 urðu 4 milljarðar, 642.2 millj. kr. og fóru því 847.8 millj. kr. fram úr áætlun. Munar þar mest um aðflutningsgjöld og söluskatt. Aðflutningsgjöld fóru 377.6 millj. kr. fram úr áætlun og söluskattur 242.6 millj. Stafar þetta af auknum innflutningi og aukinni viðskiptaveltu. Gjald af bifreiðum og bifhjólum fór 70.2 millj. kr. fram úr áætlun, enda óx innflutningur bifreiða stórlega frá næsta ári á undan. Þá fóru tekjur af ríkisstofnunum 94.9 millj. kr. fram úr áætlun og veldur því mjög aukin sala Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins. Er enginn vafi á því, að ólöglegur innflutningur áfengis hefur verulega minnkað og á það stóran þátt í aukningunni, þótt neyzla innanlands muni einnig hafa vaxið nokkuð. Loks fór tekju- og eignarskattur 63.5 millj. kr. fram úr áætlun og stimpilgjöld 11.4 millj. kr. Áætlun fjárlaga um gjöld af innlendum tollvörutegundum, lestagjald af skipum, vitagjald, hluta ríkissjóðs af þóknun af gengismun gjaldeyrisbankanna og aðrar tekjur stóðst svo til alveg, en aukatekjur urðu aðeins 54.2 millj. kr. í stað 70 millj., sem áætlað var. Með l. frá 22. des. 1965 voru aukatekjur ríkissjóðs hækkaðar allverulega og var gert ráð fyrir, að þessi hækkun mundi gefa um 22 millj. kr. í auknar tekjur. Mjög erfitt var að gera um þetta raunhæfa áætlun og auk þess mun það hafa ráðið nokkru, að hækkun þinglýsingargjalda var ekki látin ná til lánsskjala, sem afgreidd höfðu verið fyrir áramót, en komu ekki til þinglýsingar fyrr en eftir áramót.

Gjöld á rekstrarreikningi ríkissjóðs árið 1966 urðu 3 milljarðar, 928.7 millj. kr. og fóru því 320.5 millj. kr. fram úr áætlun. Helztu skýringar þessara umframgjalda eru launahækkanir, auknar niðurgreiðslur, auknar útflutningsuppbætur og útgjöld vegna sérstakra laga. Launahækkanir þeirra, er taka laun eftir launakerfi ríkisins, eru taldar hafa numið 134 millj. kr. umfram það, sem áætlað var á einstökum fjárlagaliðum. Er þar bæði um að ræða afleiðingar af kjaradómi frá ársbyrjun 1966, þar sem kveðið var á um 7% hækkun grunnlauna opinberra starfsmanna, nokkrar launatilfærslur, sem síðan hafa verið gerðar, og afleiðingar vísitölubreytinga. Hér við bætist svo um 40 millj. kr. hækkun, sem er vegna launahækkana annars starfsfólks og launa nýrra starfsmanna, sem nefnd samkv. l. um eftirlit með starfsmannafjölgun, hefur heimilað. Á 19. gr. voru veittar sérstaklega 107 millj. kr. til þess að mæta væntanlegum launahækkunum, þannig að raunveruleg umframgreiðsla á launaliðum er um 67 millj. kr. Þá hefur framlag til eftirlauna og tillag til lífeyrissjóðs hækkað um rúmlega 14 millj. kr. umfram áætlun fjárl. Útgjöld til félagsmála hafa einnig orðið um 15 millj. kr. umfram fjárlagaáætlun og stafar það einkum af launahækkunum.

Niðurgreiðslur fóru 54 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. Stafar það annars vegar af hinni miklu hækkun niðurgreiðslna á s. l. hausti í sambandi við verðstöðvunina og hins vegar af því, að bókfærðar eru á árið 1966 rúmar 37 millj. kr., sem inntar voru af hendi á því ári, en eru raunverulega niðurgreiðslur vegna ársins 1965. Niðurgreiðslur, er námu 62 millj. kr. vegna ársins 1966, sem fram fóru eftir s. l. áramót, eru hins vegar taldar með í bráðabirgðayfirliti um gjöld ríkissjóðs árið 1966 og tekið tillit til þess í bráðabirgðayfirliti um greiðslujöfnuðinn. Raunveruleg hækkun niðurgreiðslnanna er þó mun hærri en þessar tölur sýna, því að áformað hafði verið að mæta útgjaldaauka ríkissjóðs vegna aðstoðar við sjávarútveginn á þann hátt að lækka niðurgreiðslur. Voru niðurgreiðslur í þessu skyni lækkaðar verulega nokkru fyrir mitt ár, m. a. afnumdar niðurgreiðslur á fiski. En hinir miklu erfiðleikar, sem tóku að steðja að útflutningsframleiðslunni síðari hluta ársins sökum mikils verðfalls á erlendum mörkuðum, leiddu til þess, að hverfa varð frá þessum ráðstöfunum og taka í þess stað upp auknar niðurgreiðslur til þess að koma í veg fyrir aukinn tilkostnað útflutningsframleiðslunnar. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir fóru 34 millj. kr. fram úr áætlun, sem stafar fyrst og fremst af því, að greiðslur færðust á milli ára og útgjöld samkv. heimildarlögum og sérstökum lögum námu samtals um 92 millj. kr. Stafa þessi útgjöld öll af hinum sérstöku ráðstöfunum vegna sjávarútvegsins. Annars vegar voru greiddar 14.3 millj. kr., sem voru eftirstöðvar af áætluðum framlögum til sjávarútvegsins á árinu 1965, og 77.6 millj. kr. hins vegar, sem veittar voru til aðstoðar sjávarútveginum með l. nr. 16 frá 1966. Af þeirri upphæð runnu 50 millj. til framleiðniaukningar í frystihúsum, 20 millj. kr. til uppbóta á línu- og handfærafiski og 7.8 millj. kr. til verðuppbóta á skreið o. fl. Þar sem hverfa varð frá lækkun niðurgreiðslna til þess að mæta þessum aukaútgjöldum ríkissjóðs, var hér um hreinan útgjaldaauka að ræða. Alls nema umframgreiðslur vegna þeirra liða, sem nú hafa verið taldir, um 275 millj. af áðurnefndum 326.5 millj. kr. umframgreiðslum. Aðrar umframgreiðslur dreifast nokkuð á ýmsa liði, en erfitt er að gera grein fyrir þeim í einstökum atriðum, þar sem endanlegum frágangi reikninga er víða ólokið.

Þegar bráðabirgðayfirlitið er skoðað, ber að hafa í huga, að launahækkunum þeim, sem veittar voru í einu lagi í 19. gr. fjárl., hefur verið skipt niður á viðeigandi fjárlagagreinar, sem

á við um mikinn hluta launaskatts, þannig að lítill hluti hans kemur fram á 19. gr., þó að hann hafi allur verið áætlaður þar í fjárl. Skýrir það í mörgum tilvikum að verulegu leyti mun fjárlagatölu og reikningstölu, einkum á þeim gjaldagreinum, þar sem laun eru hlutfallslega mjög stór liður. Má í því sambandi nefna stjórnarráðið, dómgæzlu- og lögreglustjórn, tollheimtu og skattheimtu, heilbrigðismál og fleiri liði. Kostnaður vegna stjórnarráðsins fer nokkuð fram úr áætlun vegna vanáætlunar og einnig kostnaður við skattkerfið, m. a. vegna athugunar á staðgreiðslukerfinu. Einnig fer kostnaður um heilbrigðismál töluvert fram úr áætlun, sem einkum stafar af þeim kjarasamningum við lækna, sem gerðir voru á árinu. Útgjöld vegna samgangna á sjó fara rúmlega 10 millj. kr. fram úr áætlun, enda var raunar vitað fyrirfram, að þessi liður var vanáætlaður, því að til Skipaútgerðar ríkisins voru aðeins veittar 24 millj. kr., en reksturshalli þess fyrirtækis hafði orðið 42 millj. kr. á árinu 1965. Reksturshalli Skipaútgerðarinnar varð á árinu 1966 35.2 millj. eða 7 millj. kr. lægri en árið áður og er það fyrst og fremst að þakka endurskipulagningu á starfsemi fyrirtækisins. Lögbundin framlög til fiskveiðasjóðs og aflatryggingasjóðs reyndust 6.5 millj. umfram áætlun og styrkir vegna jarðræktarlaga urðu 6 millj. kr. umfram áætlun. Halli þjóðleikhúss og sinfóníuhljómsveitar umfram áætlun var um 3 millj. kr. og ýmis rekstursútgjöld ríkisstofnana hækkuðu umfram áætlun fjárl. um 13 millj. kr. Óviss útgjöld urðu 19.3 millj. kr., en voru áætluð í fjárl. 19.1 millj.

Meðtalinn er hér kostnaður vegna skiptimyntar, 2.3 millj., sem eru alger bráðabirgðaútgjöld. Venjulega hefur verið hagnaður á skiptimyntinni, en þannig hefur staðið á sendingum árið 1966, að halli hefur orðið. Að þessum lið frátöldum eru óviss útgjöld því 2.1 millj. kr. undir áætlun. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. þarfnast ekki margra skýringa. Tekin lán á árinu námu 126 millj. kr., en þar af eru spariskírteinalán rúmlega 100 millj. Voru öll þessi lán tekin innan ramma framkvæmdaáætlunar ríkisins fyrir árið 1966 og fénu öllu ráðstafað í árslok að undanskildum 12.1 millj. af spariskírteinaláni. Veitt lán eru alls rúmlega 50 millj. kr. á árinu. Þar af er rúmlega helmingur tollalán, sem veitt hafði verið Rafmagnsveitum ríkisins og Landsvirkjun samkv. sérstökum lagaheimildum, og tæplega 7 millj. kr. hafa verið lánaðar til Borgartúns 7, sem er skrifstofubygging í eigu ríkisins með sérstöku reikningshaldi. Önnur lán eru öll skyndilán vegna ýmissa framkvæmda eða stofnana á vegum ríkisins og eru hæst þeirra lána 3 millj. vegna rannsóknastofnana atvinnuveganna að Keldnaholti, 2 millj. vegna atvinnumálanefndar Norðurlands, 2 millj. vegna Iceland Food Centre, 3.4 millj. vegna kalnefndar og 1.5 millj. vegna Sementsverksmiðjunnar. Eru lán þessi annaðhvort þegar greidd eða verða greidd alveg á næstunni.

Útgjöld til hinna ýmsu framkvæmdaliða á 20. gr. hafa farið 15 millj. kr. fram úr áætlun. Hafa þau umframútgjöld verið óumflýjanleg af ýmsum ástæðum. Skiptast þessar umframgreiðslur á allmarga liði og tel ég ekki ástæðu til þess að rekja sérstaklega orsakir þeirra nema sérstakt tilefni gefist til.

Greiðsluafgangur ríkissjóðs á árinu 1966 varð 474 millj. kr. alls, samkv. bráðabirgðaniðurstöðu, en er samkv. reglum Seðlabankans ekki talinn vera nema um 400 millj. Greiðsluafgangur kemur þannig fram við uppgjör við áramót, að sjóður hjá ríkisféhirði hefur aukizt um 1.4 millj. kr., staðan á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum hefur batnað um 398 millj. og bankainnstæður hafa hækkað um 15.8 millj. Sjóðs- og bankainnstæður hafa þannig aukizt um 415.2 millj. kr. á árinu. Þegar saman eru taldir allir viðskiptareikningar ríkissjóðs og ríkisstofnana í Seðlabankanum, var nettóinnistæða á þessum reikningum í árslok 1966 samtals 434.3 millj. í stað 103.1 millj. í árslok 1965. Heildarstaða ríkisins við Seðlabankann batnaði því á árinu um 331.2 millj. kr. Innistæður ríkissjóðs hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og innheimtumönnum hafa vaxið um 91.5 millj. kr., en meginhluti þess fjár hefur komið inn á fyrstu mánuðum þessa árs. Þá hafði ekki verið skilað tekjum af rekstri Keflavíkurflugvallar, sem nam um 9 millj. kr.

Fyrirframgreiðslur vegna fjárl. 1967 hafa verið 96.1 millj. kr. hærri en fyrirframgreiðslur voru vegna fjárl. 1966. En geymdar fjárveitingar frá fjárl. 1966 og eldri fjárl. hafa hækkað um 161.3 millj. kr. miðað við geymt fé í ársbyrjun 1966. Helztu fyrirframgreiðslur vegna fjárl. 1967 eru 40 millj. kr. til styrktar togurunum, því að vegna vaxandi rekstursörðugleika þeirra á s. l. ári, var fallizt á að greiða til þeirra fyrirfram alla fjárveitinguna á árinu 1967, sem raunar var rekstursstyrkur til togaranna fyrir árið 1966, en styrkurinn hefur alltaf verið greiddur ári eftir á. Þá voru alls 20 millj. kr. greiddar fyrirfram vegna rekstrarkostnaðar skóla, 6.5 millj. kr. vegna vita- og hafnarmála, 3.5 millj. vegna kaupa á húsi í Vonarstræti og nokkrar millj. kr. til þess að geta staðið við greiðslur samkv. verksamningi í sambandi við byggingu Menntaskólans í Hamrahlíð og Menntaskólans á Laugarvatni. Þá var og ráðstafað fyrir áramót samkv. heimild í fjárl. 23.4 millj. kr. af greiðsluafgangi 1966. Eru það greiðslur í framleiðnisjóð landbúnaðarins og til aðstoðar við bændur á kalsvæðum 1965.

Starfsemi ríkisábyrgðasjóðs var með svipuðum hætti og verið hefur s. l. ár. Fjöldi nýrra ábyrgða var svipaður og næstu ár á undan, en upphæð þeirra hins vegar miklu hærri. Munar þar einkum um hin erlendu lán, sem tekin voru vegna virkjunar Þjórsár. Einnig voru veittar stórar ábyrgðir vegna kaupa á flug-

vélum og síldarflutningaskipum. Greiðslur vegna vanskila á lánum með ríkisábyrgð hafa farið stöðugt lækkandi þau ár, sem ríkisábyrgðasjóður hefur starfað, og varð lækkunin um 20 millj. kr. á s. l. ári frá því, sem var 1965. Þrjú síðustu ár hafa greiðslur verið sem hér segir í millj. kr.: 1964 voru innleystar kröfur 155 millj. og endurgreiðslur skuldara 46 millj. eða nettógreiðslur 109 millj. 1965 voru innleystar kröfur 179 millj., endurgreiðslur skuldara 124 millj. og nettógreiðslur 55 millj. Og 1966 voru innleystar kröfur 108 millj., endurgreiðslur skuldara 73 millj. og nettógreiðslur 35 millj. Meðtaldir í nettógreiðslum eru vextir, sem reiknaðir hafa verið á vanskilaskuldir, en þeir voru 8 millj. kr. 1964, 6 millj. kr. 1965 og 4 millj. kr. 1966. Tölur þær, sem að framan getur, taka til allra þeirra greiðslna, sem ríkisábyrgðasjóði ber að standa straum af, þ. e. greiðslna vegna ríkisábyrgðalána og greiðslna vegna endurlána á lántökum ríkissjóðs. Greiðslur eru að heita má eingöngu vegna lána með sjálfskuldarábyrgð, en eftir því, sem þeim fækkar, ætti greiðslubyrði ríkisábyrgðasjóðs að léttast. Greiðslur sjóðsins skiptast í höfuðatriðum þannig árið 1966, en til samanburðar eru hliðstæðar tölur fyrir árið 1965:

Vegna hafnarlána 7 millj. árið 1966, en 12 millj. 1965. Vegna lána til fiskiðnaðar, síldar- og fiskimjölsverksmiðja 14 millj. á árinu 1966, en 15 millj. á árinu 1965. Vegna togaralána 6 millj. á árinu 1966, en 18 millj. á árinu 1965 og vegna annarra lána 8 millj. árið 1966 á móti 10 millj. 1965.

Af þessu sést, að það eru einkum greiðslur vegna hafnarlána og togaralána, sem dregizt hafa saman, en greiðslur vegna annarra lána hafa sem næst staðið í stað.

Árin 1962 og 1963 var verulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, 161 millj. 1962 og 124 millj. 1963. Var þessum greiðsluafgangi ýmist varið til skuldagreiðslna eða til annarra þarfa og af greiðsluafgangi 1962 voru sérstaklega lagðar til hliðar 100 millj. kr. í jöfnunarsjóð, er nota skyldi, ef um greiðsluhalla yrði að ræða. Á árinu 1964 varð verulegur greiðsluhalli hjá ríkissjóði, 257.8 millj. kr. af ástæðum, sem ég hef áður skýrt í fjárlagaræðu 1965. Á árinu 1965 varð enn 90.7 millj. kr. greiðsluhalli, en á því ári voru sérstakar ráðstafanir gerðar til að koma ríkisbúskapnum aftur í jafnvægi. Með því að nota jöfnunarsjóðinn frá 1962 að fullu upp í greiðsluhallann, verða eftirstöðvar hans um 247 millj. kr. Það hlýtur að vera eðli málsins samkvæmt, enda hin brýnasta nauðsyn á þenslutímum, að jafna yfirdráttarskuldir vegna greiðsluhalla strax og hagur ríkissjóðs leyfir. Sú nettóupphæð er til ráðstöfunar getur verið á greiðsluafgangi ársins 1966, er því tæplega 230 millj. kr. og er þá ekkert tillit tekið til aukinnar rekstursfjárþarfar. Af þessu er hv. þm. væntanlega ljóst, að greiðsluafgangi ársins hefur þegar verið ráðstafað að fullu. 140 millj. hafa verið lagðar til verðtryggingasjóðs vegna sjávarútvegsins, 30 millj. varið til hagræðingarsjóðs landbúnaðarins, 3.2 millj. vegna aðstoðar við bændur á kalsvæðum og 53 millj. kr. er lagt til að verja til vega og skóla og sjúkrahúsa innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar 1967. Loks mun ekki verða hjá því komizt að færa 20 millj. af fyrirframgreiðslu til togaranna á s. l. ári sem umframgreiðslu á því ári, til þess að auðið verði að greiða til þeirra á miðju þessu ári 20 millj. vegna úthaldsins fyrri hluta ársins.

Vitanlega hefði verið skynsamlegast að leggja greiðsluafganginn nú að verulegu leyti í jöfnunarsjóð, því að ekki þarf mikið út af að bera, svo að reksturshalli geti orðið 100—200 millj. kr., miðað við hina miklu veltu ríkissjóðs og margs konar óvissu um afkomu hans þegar á þessu ári. Þetta var þó ekki talið auðið, fyrst og fremst vegna hinnar brýnu nauðsynjar að geta veitt útflutningsframleiðslunni aðstoð án nýrrar skattlagningar. Það má líka teljast talsvert mikilvægt spor að hafa getað jafnað að fullu halla áranna 1964 og 1965, þannig að hreint borð sé að þessu leyti við Seðlabankann.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í tilefni af skýrslu hæstv. fjmrh., þykir mér rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi, að tekjur umfram áætlun fjárl. á árinu 1966 eru 842 millj. kr. Það er lítið eitt lægri upphæð heldur en vinstri stjórnin hafði til ráðstöfunar á fjárl. 1958. En ég vil minna á það, að þegar var verið að afgreiða fjárl. fyrir árið 1966, fór hæstv. ríkisstj. víða til að afla fanga og tíndi saman skatta hér og skatta þar. Og við gerðum á sínum tíma aths. við þessa skattaherferð hæstv. ríkisstj., sem hefur einkennt hana allt hennar stjórnartímabil.

Ég vil einnig minna á það, að þá var lagður á rafmagnsskattur, um 40 millj. kr. Hvaða afleiðingu hafði sá skattur? Hann hafði þá afleiðingu, að rafmagnsverðið hækkaði um allt land í næsta mánuði á eftir. Það var ekki fært, að ríkissjóður greiddi fé það til vegamála, sem samið hafði verið um við afgreiðslu vegalaganna, 47 millj. kr. Til þess að vegasjóður biði ekki meira tjón heldur en orðið var og til þess að hann hefði jafnmargar krónur til ráðstöfunar, var benzínskatturinn hækkaður og þungaskatturinn einnig. Jafnhliða hækkuðu svo farmgjöld og flutningsgjöld um landið. En vegirnir fengu ekki meira fé. Ríkissjóður hafði ekki efni á að leggja 47 millj. kr. á árinu í vegamál, árinu, sem hafði 342 millj. kr. umfram áætlaðar tekjur fjárlaga. Á þessu ári, við afgreiðslu þessara fjárlaga, var lagður á gjaldeyrisskattur upp á 30—40 millj. kr. Aukatekjur ríkissjóðs voru margfaldaðar og sömuleiðis stimpilgjöldin. Þannig voru tíndar saman tekjur til ríkissjóðs, sem þá voru áætlaðar 200—300 millj. kr. Sjá nú hv. alþm. greinilega, hversu augljóst það hefur verið, hver þörf var á þessari smalamennsku. Það var talið hið

mesta ábyrgðarleysi af okkur Framsfl.-mönnum, þegar við lögðum til þá eina útgjaldatill. að greiða til vegasjóðsins 47 millj. kr. Það var ekki framkvæmanlegt, nema við legðum einnig til tekjustofn á móti eða viljið þið standa fyrir því að hækka skatta, var svarið þá. En fleira var að gert af hæstv. ríkisstj. til þess að ná tekjum í ríkissjóð á árinu 1966. Um það leyti, sem Alþ. hætti þá um vorið, var hætt við niðurgreiðslu á saltfiski og smjörlíki, til þess að ríkissjóður þyrfti ekki að annast greiðsluna, sem talið var að hann gæti ekki staðið undir vegna fjárskorts. Það var óhætt að bæta á dýrtíðina í landinu ofan á hækkað rafmagnsverð, hækkuð flutningsgjöld og farmgjöld og annað fleira. Þannig var staðið að fjármálunum á árinu 1966. Það var í öllum greinum stefnt að því að auka dýrtíðina í landinu og hirt um það eitt að ná sem mestum tekjum í ríkissjóð.

Í framhaldi af þessu, svo sem til viðbótar við afgreiðslu á vegamálum á því ári, voru svo upptekin leyfisgjöld, sem ekki höfðu verið greidd af jeppabifreiðum. Ríkissjóður hafði svo í tekjur af leyfisgjöldum af bifreiðum á árinu 1966 194 millj. kr. Það hefði munað um að fá þá fjárhæð í vegina í landinu. Þá væri e. t. v. ekki ófær vegur upp að Lágafelli, eins og nú er. En ríkissjóður mátti ekkert missa. Hann þurfti á öllu sínu að halda, enda hafði hann ekki nema 840 millj. fram yfir áætlun. Þannig var stefna hæstv. ríkisstj. á s. l. ári gagnvart fjármálum ríkissjóðs og gagnvart skattheimtu á þjóðina. Það hefði mátt ætla, þegar þannig var að staðið, að þá hefði verið hægt að standa fyrir þeim verklegu framkvæmdum, sem framkvæmdar voru árið 1966 með framlögum af tekjum þess árs. Það var ekki framkvæmanlegt. Framkvæmdalán var tekið upp á 100 millj. kr., eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. Það hefði líka mátt ætla, þegar áraði svo vel eins og gerði árið 1966, að þá hefði verið hægt að greiða úr fyrir sveitarfélögum, sem stóðu í framkvæmdum í höfnum, í skólum og slíkum stórframkvæmdum, sem knýja á dag frá degi. En í staðinn fyrir það að bæta hag sveitarfélaganna til þessara framkvæmda, er nú svarað með því að lækka fé til þessara framkvæmda á árinu 1967 um 10% frá því, sem gert er ráð fyrir í yfirstandandi fjárl., og taka einnig af hluta þeirra af jöfnunarsjóði. Þannig er búið að þeim eftir hið mesta góðæri, sem yfir ríkissjóð hefur gengið. Þess vegna er það svo, að í lok þessa árs munum við skulda um 1 milljarð í þeim framkvæmdum, sem við höfum gert í vegamálum, hafnamálum, skólamálum og raforkumálum. Það verður arðurinn frá góðærinu, sem við skilum næsta kjörtímabili. Hver er svo afleiðing af skattheimtu hæstv. ríkisstj. og góðærinu s. l. ár? Afleiðingin blasir við. Við hana er verið að fást hér á degi hverjum. Afleiðingin er sú óðadýrtíð, sem nú lamar allt atvinnu- og viðskiptalíf þjóðarinnar og bezt var lýst hér af hæstv. fjmrh. í gær, þegar hann taldi ekki fært að gera framkvæmdaáætlun til næstu fjögurra ára vegna ástandsins í þjóðmálunum nú. Afleiðingin er sú, að nú verður varið á þessu ári um 200—250 millj. kr. meira til niðurgreiðslna heldur en gera átti á árinu 1966, þó að haldið verði sama verðlaginu og þá var. Þetta er afleiðingin af skattheimtunni. Afleiðingin af skattheimtunni er einnig sú, að nú þarf að verja hundruðum millj. til þess að aðstoða sjávarútveginn og fiskiðnaðinn í landinu umfram það, sem var á s. l. ári, vegna skattheimtunnar, sem ríkissjóður hefur staðið fyrir. Þannig hefur þessum umframtekjum verið náð og hæstv. ríkisstj. kemur svo hér á hv. Alþ. og tilkynnir, hvernig hún hafi ráðstafað því. Ég minnist þess, frá umr. um fjárlög undanfarin ár, að þegar við höfum deilt hér um útgjaldatill., sem við í stjórnarandstöðunni höfum verið að flytja, hefur ríkisstj.-liðið alltaf haldið því fram, að þetta væri ábyrgðarleysi og við yrðum þá að koma með tekjurnar. Við höfum hins vegar bent á það, að hæstv. ríkisstj. hefur ráðstafað hundruðum millj. og nú sennilega 1—2 milljörðum umfram þær tekjur, sem hún gerði ráð fyrir á fjárl., án þess að Alþ. hefði þar nokkuð um að segja. Það væri þetta, sem við vildum koma í veg fyrir, og hefur þó dæmið aldrei orðið jafnstórstígt eins og á árinu 1966. En afleiðingin af skattheimtunni og ráðsmennskunni og framsýninni, sem kom fram í ráðstöfun hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálunum 1966, er nú augljós hverjum manni og sjá nú allir, hve illa hefur til tekizt.

VI. Framkvæmd vegáætlunar 1966.

Á 21. fundi í Sþ., 2. febr., var tekin á dagskrá:
Skýrsla samgmrh. um framkvæmd vegáætlunar 1966.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í nóvembermánuði s. l. var lögð fram hér í hv. Alþ. skýrsla um framkvæmd vegáætlunar 1966. Vegna anna tókst ekki að taka skýrsluna til umr. fyrir þinghléið. Fer því vel á því, að skýrslan sé nokkuð rædd í byrjun þingsins, eftir að það kemur saman til funda á nýja árinu. Á árinu 1965 var nokkur halli á vegáætluninni eða 5.9 millj. kr. Þessi halli var aðallega af auknu viðhaldi, sem stafaði af stórfelldum skemmdum á vegum og brúm vegna mikilla vatnavaxta á Suður- og Vesturlandi haustið 1965. Hallinn hefur verið jafnaður með framkvæmd vegáætlunar 1966, en á því ári hefur orðið hagstæður greiðslujöfnuður hjá vegasjóði, sem nemur um 2 millj. kr. Með breyt. á vegal., sem tók gildi 1. jan. 1966, var benzíngjald hækkað um 90 aura pr. lítra. Þungaskattur af dísilbifreiðum var einnig hækkaður um 30—35%. Var áætlað, að tekjur vegasjóðs á árinu 1966 myndu hækka um 56.5 millj. kr., en ráðstöfunarfé aukast um 9.5 millj., þar sem felld var niður úr fjárl. 47 millj. kr. fjárveit-

ing til vegasjóðs, sem áður hafði verið gert ráð fyrir í vegáætlun. Með því að ráðstöfunarfé nam 9.5 millj. kr. meira en sú upphæð, sem tekin var út af fjárl., var mögulegt að ljúka þeim framkvæmdum á árinu 1966, sem frestað hafði verið á árinu 1965 samkv. sérstakri heimild í fjárl. fyrir það ár. Verðhækkanir urðu nokkrar á árinu 1966 og hafði það að sjálfsögðu áhrif á framkvæmdir í vegáætlun, sem kostuðu talsvert meira heldur en áætlað hafði verið. Það kom þó ekki að sök, vegna þess að tekjur vegasjóðs urðu nokkru hærri heldur en áætlað var og tókst því að mæta þeim aukna kostnaði, sem af kaupgjalds- og verðhækkunum leiddi. Veðurfar og náttúruhamfarir hafa oft gert stórspjöll á vegum og brúm víðs vegar um land. Þannig var það haustið 1965, að skemmdir urðu mjög miklar, en þar sem komið var langt fram á haust, var ekki unnt að gera fullnaðarviðgerð fyrr en á árinu 1966 og kom aukakostnaðurinn því til útgjalda á því ári. Snjóþyngsli valda oft miklum aukakostnaði, þar sem nauðsyn ber til að halda aðalvegunum opnum eftir því, sem kostur er á. Kröfur eru uppi um það, að vegagerðin annist snjómokstur umfram það, sem verið hefur, á ýmsum héraða- og hliðarvegum. Verði orðið við þeim kröfum, sem uppi eru um þetta, hefur það aukinn kostnað í för með sér fyrir vegagerðina. Eigi að síður er sjálfsagt að taka þetta mál til nákvæmrar íhugunar og ganga eins langt og hægt þykir til móts við óskir héraðanna.

Snjómokstur veturinn 1966 kostaði vegagerðina um 17 millj. kr. eða 10 millj. kr. meira en árið áður. Á s. l. ári var benzínsalan 4% umfram það, sem áætlað var. Tekjur af gúmmígjaldi mun hafa orðið um 7% umfram áætlun og tekjur af þungaskatti hafa orðið rúmlega eins og reiknað var með. Tekjur vegasjóðs hafa því orðið nokkru hærri heldur en áætlað var eða rúmlega 311 millj. kr. Unnið hefur verið að einstökum framkvæmdum vega og brúa samkv. áætluninni og viðhald veganna hefur miðast við það fjármagn, sem til ráðstöfunar var. Lán til framkvæmda miðast við heimild vegáætlunar 1966 og framkvæmdaáætlun ríkisstj. og rekstraráætlun til lagningar nokkurra þeirra vega, sem tilgreindir eru í III. kafla vegáætlunar 1966. Þannig voru föst lán til hraðbrauta 30.1 millj., til þjóðbrauta 32.3 millj. og landsbrauta 4.5 millj. eða samtals 66.9 millj. kr. Um skiptingu lána þessara vísast til grg. um framkvæmdir á einstökum vegum, sem sjá má í skýrslu þeirri, sem lögð hefur verið fram og þm. hafa á borðum sínum.

Vegna þess hve oft er rætt um lán til vegaframkvæmda, er rétt að gera sér grein fyrir þeim föstu lánum, sem tekin hafa verið til vegaframkvæmda. Í árslok 1966 námu föst lán til hraðbrauta 237.8 millj. kr. Þar af lán til Reykjanesbrautar 232.4 millj. kr. Lán til þjóðbrauta námu í árslok 60 millj. kr. og til landsbrauta 9.7 millj. eða alls 307.5 millj. kr. Þá er rétt að geta bráðabirgðalána, sem tekin hafa verið á s. l. ári til ýmissa framkvæmda vegna óska sýslu- og sveitarfélaga. Þeir aðilar, sem njóta framkvæmdanna, standa undir vöxtum af þeim lánum. Það hefur viðgengizt í áratugi, að hvers konar lán hafi verið tekin til þess að flýta framkvæmdum. Í árslok 1965 námu bráðabirgðalánin kr. 11 millj. 296 þús., en í árslok 1966 9 millj. 237 þús. kr. Hafa bráðabirgðalánin því lækkað á árinu um rúmlega 2 millj. kr. Viðhaldskostnaður þjóðveganna fer ört vaxandi, vegna þess að vegakerfið lengist árlega og umferðin vex hröðum skrefum. Við það bætast verðhækkanir, sem að sjálfsögðu hafa áhrif á kostnaðinn. Til vegaviðhaldsins var á árinu 1966 varið um 125 millj. kr. á móti tæplega 100 millj. kr. 1965. Þrátt fyrir þessa hækkun hefði vissulega verið þörf á auknu fé til viðhaldsins, til þess að vegirnir væru betri til umferðar. Á s. l. vetri gekk frostið mjög langt í jörð niður og sagði það til sín á s. l. vori, þegar hlýna tók í veðri og vegirnir fóru því mjög illa, meðan klakinn var að fara úr þeim.

Þjóðvegirnir munu vera um það bil 10 þús. km að lengd, sýsluvegir um 2 þús. km, en af þjóðvegunum teljast til hraðbrauta 350 km. Það er löngu viðurkennt, að þar sem umferðin er mest, verði vegunum ekki haldið í sæmilegu ásigkomulagi með því að bera ofan í þá möl eða annað laust efni. Aðeins varanlegt slitlag dugar á hraðbrautum. Reykjanesbrautin sýnir, hvernig vegirnir eiga að verða og sú framkvæmd ber vitni um það, hvað mögulegt er að gera í vegamálum hér á landi, þótt því fylgi mikill kostnaður. Það munu flestir vera sammála um, að verkefni næstu ára hljóti að vera varanleg gatnagerð, þar sem umferðin er mest og endurbygging og lagfæring vega annars staðar á landinu, þar sem ekki þykir að sinni fært að gera vegi með varanlegu slitlagi. En nú er verið að ræða um skýrslu framkvæmda s. l. ár, en ekki framtíðarverkefni. Um það mun verða rætt frekar við annað tækifæri.

Á árinu 1966 var gerð umferðartalning með sama sniði og undanfarin ár. Leiddi hún í ljós, að umferðin s. l. sumar var 10—20% meiri á ýmsum vegum en árið 1965. Umferð um Reykjanesbraut var í ágúst—sept. 1965 1350 bílar á dag, en á sama tíma 1966 1540 bílar. Á Vesturlandsvegi sunnan Þingvallavegamóta var umferðin 2020 bílar á dag 1965, en 2540 bílar 1966. Unnið hefur verið að því að setja upp vegamerki samkv. umferðarlögum. Vantar mikið á, að því sé lokið, þótt mikið hafi verið af því gert síðustu árin. Vegamerkin geta komið í veg fyrir slys og auka öryggi á vegunum. Fjárveiting til þessara framkvæmda þyrfti að hækka, til þess að vegmerkingunni mætti ljúka á næstu 2 árum.

Reykjanesbrautin hefur kostað um 270 millj. kr. og eru lán vegna þessara framkvæmda, eins og áður var á minnzt, 232.4 millj. kr. Vegurinn var opnaður til umferðar 26. okt. 1965 og þá jafnframt hafin innheimta umferðargjalds

samkv. reglugerð frá 18. okt. 1965, sem sett var með heimild í 95. gr. vegal. Gert var ráð fyrir, að nettótekjur af umferðargjaldinu næmu á árinu 1966 um 13 millj. kr. og hefur sú áætlun staðizt. Nokkur úlfaþytur varð í byrjun vegna umferðargjaldsins, en nú virðast flestir hafa áttað sig á því, að það er eðlilegt að taka þetta gjald og þeir, sem nota veginn, þéna vel á því, miðað við að fara vonda vegi, eins og flestir verða að sætta sig við. Umferðargjaldið stendur ekki nema að litlu leyti undir vöxtum og afborgunum af þeim lánum, sem á veginum hvíla, eins og augljóst er. Nokkuð var unnið við Þrengslaveg eða Suðurlandsveg á árinu eða samtals fyrir 8.3 millj. kr. og má telja, að undirbyggingu Þrengslavegar sé lokið. Á Suðurlandsvegi er nú verið að vinna að undirbyggingu 3 km kafla ofan Sandskeiðs. Vesturlandsvegur og Austurvegur hafa það mikla umferð, að ekki má langur tími líða, þangað til átak verður gert, sem um munar, til þess að koma varanlegu slitlagi á þessa vegi. Það verk þarf að vinnast á stuttum tíma, eftir að það hefur verið undirbúið og nákvæmar áætlanir gerðar um framkvæmdirnar. Í skýrslum þeim, sem hér er um að ræða, eru tilgreindar framkvæmdir á þjóðbrautum og þarf því ekki að skilgreina það nánar en þar er gert og sjá má í skýrslunni. Sama máli gegnir með landsbrautirnar, að gerð er grein fyrir hverri framkvæmd fyrir sig í skýrslunni. Þá er og gerð grein fyrir fjallvegum, reiðvegum og því fé, sem varið hefur verið til ferjuhalds. Margar brýr voru byggðar á árinu 1966. Unnið var að brúargerð á Jökulsá á Breiðamerkursandi. Verður því verki væntanlega lokið n. k. sumar. Verður það mikið mannvirki og samgöngubót. Eru nú margir farnir að hugsa í alvöru um hringveg um landið og má nú segja, að Skeiðará sé aðalfarartálminn. Sá tími kemur, að unnið verður á þeim farartálma og leiðin opnast. Margar fleiri brýr voru byggðar á árinu, bæði stórar og smáar, og er það nánar tilgreint í þeirri skýrslu, sem liggur frammi. Þess skal geta, að 1965 var lengd þeirra brúa, sem byggðar voru, 493 m, en 1966 601 m, og eru það mestu brúarframkvæmdir á einu ári.

Með nýju vegalögunum voru sýsluvegasjóðirnir mjög efldir frá því, sem áður var. Tekjur þeirra hafa margfaldazt og er það þegar komið í ljós, að viðhald og gerð sýsluvega hefur stórum batnað síðan fjárlög til þeirra voru aukin. Var unnið í sýsluvegum á s.l. ári fyrir um 17 millj. kr. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum var varið á árinu rúmlega 35 millj. kr. Hefur það komið sér vel fyrir kaupstaði og kauptún að fá þetta fé til gatnagerðar, en það nýmæli var upp tekið í vegalögum 1963 að verja nokkrum hluta af tekjum vegasjóðs til vegagerðar í þéttbýli. Véla- og áhaldakaup hafa verið aukin hjá vegagerðinni síðustu árin. Þess gerðist og mikil þörf að endurnýja og auka vélakost vegagerðarinnar. Er enginn vafi á því, að vinnuafköstin verða miklu meiri, þegar vélarnar eru í góðu lagi og á þær má treysta. Gömlu og slitnu vélarnar, sem vegagerðin varð lengi að sætta sig við að nota, gerðu hvort tveggja að tefja vinnuafköstin og til þeirra varð að verja allt of miklu fé til viðhalds og viðgerða. Á árinu 1966 voru keyptar vélar til vegagerðarinnar fyrir rúmlega 18 millj. kr.

Tilraunir við vega- og gatnagerð voru gerðar á árinu og til þess varið um 2.5 millj. kr. Tilraunir voru gerðar með olíumöl á 2 km kafla á Álftanesveginum og 300 m kafla á Suðurlandsvegi í Svínahrauni. Enn sem komið er sér ekki slit á vegarkaflanum í Svínahrauni, sem sérstaklega var ætlað að sýna, hver áhrif akstur á keðjum hefði á olíumöl. Það er mikilvægt atriði, ef það sýnir sig, að olíumöl reynist vel, þar sem umferð er tiltölulega mikil. Olíumöl er miklu ódýrari heldur en malbik, en um það skal ekkert fullyrt hér, hver árangur verður af þeim tilraunum, sem nú eru hafnar. Ýmsar fleiri tilraunir hafa verið gerðar að tilhlutan vegagerðarinnar og rannsóknir á ýmsum efnum, sem til greina koma í vegagerð. Hér hefur verið gerð lítillega grein fyrir vegaframkvæmdum á s. l. ári og eins og sagt hefur verið, hefur vegáætluninni verið fylgt. Tekjur vegasjóðs hafa reynzt nokkru meiri heldur en áætlað var og hefur aukinn tilkostnaður því ekki dregið úr framkvæmdum. Útgjöld vegasjóðs á árinu, að meðtöldum lánum, námu alls 340 millj. kr. Nú, þegar tímabil vegáætlunar er hálfnað, verður að gera ráðstafanir til að endurskoða áætlunina og umreikna ýmsa liði hennar miðað við þær tekjur, sem vegasjóður hefur til umráða, og lagfæra annað með hliðsjón af verðbreytingum, sem orðið hafa. Þá er það einnig til athugunar hjá ríkisstj., hvort tekjur vegasjóðs verða auknar að þessu sinni í sambandi við þá endurskoðun og umreikning, sem fram verður að fara. Enda þótt vegafé sé nú tiltölulega meira en áður og þótt framkvæmdir í vegamálum hafi síðustu árin verið mun meiri en fyrr, geta allir verið sammála um að gera ráðstafanir til þess að flýta ýmsum framkvæmdum, sem bíða. Má þar nefna m. a. að gera varanlegt slitlag á hraðbrautir og lagfæra ýmsa vegi í ýmsum héruðum landsins, sem enn eru ekki í góðu ásigkomulagi.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Mér þykir rétt í sambandi við þá skýrslu, sem hæstv. samgmrh. hefur mælt hér fyrir, um framkvæmd vegáætlunarinnar, að vekja athygli á nokkrum atriðum, sem mér finnst, að þessi skýrsla sanni. Og ekki sízt vegna þess, að síðar á þinginu hér í vetur mun Alþ. fjalla um endurskoðun vegáætlunarinnar og nauðsyn ber til þess, að hv. þm. geri sér grein fyrir því verkefni, sem þar er við að fást, eða verður við að fást og þeim verkefnum, sem við er að fást í vegagerðinni í landinu. Það sýnist augljóst af þeirri skýrslu, sem hér liggur fyrir, að vegasjóðurinn ræður ekki við þau verkefni, sem honum voru ætluð. Ástæðan til þess, að svo er, er í fyrsta lagi, að verðhækkun hefur nokkur orðið frá því að vegáætlunin

var gerð og vegasjóðnum falið að leysa þau verkefni, sem í áætluninni var til ætlazt. Að vísu fóru tekjur sjóðsins fram úr áætlun á árinu 1966 og mætti það þess vegna þessum lið, en fleira kom þar til, sem hefur meiri áhrif, og það er hin geysilega aukning á umferðinni á vegum landsins. Eins og kemur fram hér í skýrslu vegamálastjórnarinnar, hefur umferðin aukizt mjög á árinu 1966, og á bls. 4 er skýrt frá þessu og sýnt fram á það, að umferðaraukningin í landinu er meiri en bílaaukningin, sem þó er geysilega mikil á árinu 1966. Telur vegamálastjórnin, að umferðaraukningin sé 10—20%. Á árinu 1966 munu hafa bætzt við yfir 5 þúsund nýir bílar, og samkv. þeirri áætlun, sem gerð var um tekjur af leyfisgjöldum bifreiða á fjárlögum fyrir árið 1967, er gert ráð fyrir, að innfluttir bílar verði yfir 6 þús. Nú munu bifreiðir landsmanna, þær sem í umferð eru, vera um 39—40 þús. og sjá því allir, að aukningin á vegunum er geysilega mikil. Þar við bætist, að bílarnir stækka ár frá ári. Vöruflutningabílar, sem þóttu stórir fyrir einum 4—5 árum, eru nú að verða of litlir og sama er að segja um fólksflutningsbílana. Þetta veldur því að umferðin í landinu eða álagið á vegina eykst svo geysilega, eins og fram kemur í þessari skýrslu, og vegasjóðurinn getur ekki valdið því verkefni að taka á móti þessari auknu umferð.

Það kemur einnig fram í skýrslu vegamálastjórnarinnar, að samkv. vegatalningu eru 350 til 400 km vega í landinu farnir vegna umferðarinnar að tilheyra hraðbrautum. Það þýðir, að ef vegalögin væru framkvæmd eins og þau mæla fyrir um, eiga þessir vegir að vera gerðir úr varanlegu efni, með tvöföldum akbrautum. Hér er um að ræða verkefni upp á milljarða og sjá allir, hvernig við erum á vegi staddir til þess að mæta því verkefni, þegar það er haft í huga, að við erum búnir að byggja upp eina hraðbraut, sem er Keflavíkurvegurinn, sem kostar um 270 millj. kr., en vegagerðin skuldar, vegna framkvæmda í hraðbrautum og landsbrautum, um 307 millj. kr. eða hærri fjárhæð en kostnaður við Keflavíkurveginn er. Hér er því augljóst, að sjóðurinn veldur ekki verkefninu. Í vegalögunum stendur, að ríkissjóður eigi að leggja vegasjóði til fé á fjárlögum hverju sinni, og það er alveg augljóst mál, að vegasjóðurinn getur ekki mætt aukinni vegaþörf, nema ríkissjóður leggi honum til tekjur. Samkv. vegalögunum er það hugsað svo, að ríkissjóður jafni metin á milli þarfanna og hinna föstu tekjustofna. Ef ríkissjóður sinnti þessu verkefni, mundi vegasjóður að sjálfsögðu ráða betur við verkefnin en nú er, en fjarri er það því, eftir að ríkissjóður er hættur að leggja vegasjóðnum til nokkurt fé. Afleiðingin af þessu fjármagnsleysi vegasjóðs er sú, að vegasjóðurinn skuldar, eins og ég drap á áðan, stórar fjárhæðir eða vegna hinna stóru verkefna, Keflavíkurvegarins og Siglufjarðarvegarins, yfir 300 millj. kr., og auk þess eru svo smærri skuldir í landsbrautum, sem stofnað hefur verið til áður, og hafa þær heldur lækkað á s. l. ári, en þar er um að ræða endalok í ýmsum þeim vegum, sem þar voru til framkvæmda og hefur alltaf verið til staðar, að slík lán hafi fengizt.

Það kemur fram í þessari skýrslu vegamálastjórnarinnar, hvernig þessum fjárhag er komið og í bréfi, sem vegamálastjóri skrifaði samgmn. hv. Ed. 30. marz 1966, kemur fram að rúml. 54% þeirrar fjárhæðar, sem varið er til þjóðvega- og brúagerðar í landinu, fer í að greiða skuldir og vexti og afborganir af þeim lánum, sem nú hvíla á vegagerðinni. Sjá þá allir, hvernig fer um framkvæmd í þessum málum, ef svo fer sem nú horfir, að yfir 50% af framkvæmdafénu fari í að greiða vexti og afborgun af lánum vegna þeirra framkvæmda, sem við höfum þegar gert, enda var svo komið á s. l. ári, að vegagerðin varð að taka lán hjá Landsvirkjun, 5½ millj., til þess að leggja í viðhald í veg austur í Flóa, og samkv. því samkomulagi, sem gert var þar um, á að endurgreiða þetta fé á næstu þrem árum af því fé, sem varið er til vegaviðhalds í landinu á því tímabili.

Nú er það öllum ljóst, og það kemur greinilega fram í skýrslu vegamálastjórnarinnar, að vegaviðhaldið er víða orðið þannig, að það er algerlega orðið vonlaust að halda fjölförnustu vegunum við sem malarvegum, enda er það hverju orði sannara, að ástand ýmissa þjóðvega hér á landi er að verða þannig ekki síst þeirra, sem mest er farið um, að þeir eru orðnir lítt færir, bæði að sumrinu til og einnig á veturna. Þegar þetta er haft í huga, er það augljóst, sem ég drap á í upphafi máls míns, að vegasjóðurinn veldur ekki verkefninu. Það verður að vera eitt af verkefnum þessa þings, við endurskoðun vegáætlunarinnar, að gera sér grein fyrir því, hvernig á að taka á verkefnum vegasjóðs, hvernig á að leysa úr fjárþörf hans til þess að hann geti tekið á verkefnunum. Við verðum á næstu árum að byggja hraðbrautir, við verjum til þeirra núna 10 millj. kr. og þær skulda 236 millj. kr. og sjá þá allir, hvernig á að leysa verkefnin, sem á að vinna að, þegar 10 millj. kr. á ári eru til þess að mæta greiðslum vaxta og afborgana af þeim lánum, sem búið er að taka. Við getum heldur ekki leyst verkefni þjóðbrautanna og landsbrautanna með 46% af fjárveitingu, sem til þeirra er varið, eins og nú á sér stað. Við getum ekki næstu tvö ár látið vegaviðhaldið vera eins og það er nú með þeirri þróun, sem verður í umferðinni í landinu, auknum bílaflota og stærri bílum og meiri þungavöruflutningum á landleiðunum en áður. Þannig er stefnan, þess vegna verðum við að gera okkur grein fyrir því, að vegasjóður veldur ekki verkefninu. Við megum ekki slíta tengslin á milli hans og ríkissjóðs, og við verðum að búa okkur undir það að ganga þannig frá fjármálum vegasjóðsins, að hann geti leyst aðkallandi verkefni, eins og framtíðin mun krefja hann um.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þetta mál kemur að sjálfsögðu síðar til umræðu á þessu þingi, og skal ég ekki vera margorður um þessa skýrslu. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðh. hér um ein þrjú atriði, sem snerta vegi á Vestfjörðum. Það er í fyrsta lagi í skýrslunni á bls. 12, vegur nr. 44, Svalvogavegur. Geymslufé 250 þús. kr., framkvæmdum frestað til næsta árs. Hvers vegna var þessum framkvæmdum frestað? Ég held að af þessari upphæð sé nærri helmingurinn eða allverulegur hluti af henni gamalt geymslufé, meira að segja margra ára, mig minnir 85 þús., og svo eru nú á vegáætluninni 135 þús., svo að það verða 230 þús., sem eru geymd, og alltaf er geymt þetta fé. Af hverju er því ekki komið í verk að vinna fyrir þetta fé, þó ekki sé meira? Það er vegarkafli lítt fær og stórhættulegur, framan í skriðum á milli Haukadals og Keldudals, sem ekki er hreyft við, en peningarnir fyrir hendi. Hvernig má þetta vera, hvernig stendur á þessu?

Á sömu síðu í áætluninni stendur: nr. 47, Súgandafjarðarvegur. Fjárveiting 400 þús. kr., framkvæmdum frestað til næsta árs. Ég vil gjarnan spyrja að því sama: Hvernig stendur á því, að það er ekki unnið fyrir féð? Þá stendur á bls. 13, nr. 51, Snæfjallastrandarvegur. Fjárveiting 200 þús. kr., greidd var skuld frá fyrra ári, 17 þús. kr., varnargarðar við Mórillu voru styrktir og vegur sunnan brúarinnar endurbættur. Ég get ekki betur séð en þarna hafi fjárveitingu til nýbygginga verið varið til viðhalds. Það er verið að tala um, að fénu hafi verið varið til að styrkja varnargarð og endurbæta veginn, sunnan brúarinnar. Þetta er ekkert annað en viðhald á veginum. Og mér sýnist ekki heimilt að taka nýbyggingarfé í viðhald. Auk þess er þarna ólagður kafli frá brúnni norður á Lónseyri á Snæfjallaströnd, sem ekki er hreyft við, af því að fénu er varið í viðhald. Þannig lít ég á þetta og sé það nokkurn veginn skýrum stöfum í þessari skýrslu, að þarna hefur nýbyggingarfé verið varið til viðhalds og látið ógert að leggja kafla, sem féð átti að fara í.

Ég hef hreyft því áður við umræður um vegamálin, að þörf væri á því, að þinginu væri gerð grein fyrir, hvernig viðhaldsfénu hefði verið skipt á milli hinna einstöku byggðarlaga eða aðalvega í landinu. Hæstv. ráðh. hefur tekið þessu vel, þegar ég hef minnzt á þetta hér áður, en það bólar ekki á því, að þinginu sé gerð nein grein fyrir því, hvernig viðhaldsfénu hefur verið skipt á milli hinna einstöku aðalvega eða byggðarlaga í landinu. Ég tel mikla þörf á því, að þm. fái yfirlit yfir þetta alveg eins og hvernig nýbyggingarfénu er varið, viðhaldsféð er svipuð upphæð og þó í raun og veru meira, þó að lítið sé, og það skiptir ekki minna máli að fá vitneskju um það, hvernig því er skipt, en nýbyggingarfénu. Sama er að segja um fé, sem varið er til snjómoksturs. Ég held, að það sé ekki nema sanngjarnt mál, að þm. sé gerð grein fyrir því, í hvaða vegi þetta fé til snjómoksturs fór. Nú er það ákaflega hæpið að færa snjómokstur undir viðhald vega, ég sé ekki, að vegirnir batni neitt við það, þó að snjónum sé mokað. En látum það nú vera. Ég vildi fara fram á það við hæstv. ráðh., ef hann sér þess nokkur tök, að hann síðar á þessu þingi gefi þingheimi skýrslu um þetta, svona í stórum dráttum, hvernig viðhaldsfé skiptist og hvernig fé til snjómoksturs skiptist á hin einstöku byggðarlög eða hina einstöku aðalvegi í landinu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru nú aðeins örfá orð sem tilefni er til þess að segja í sambandi við ræður þessara tveggja hv. þm., sem hér hafa talað.

Fsp. frá hv. síðasta ræðumanni á ég nú erfitt með að svara, vegna þess að það hefur alls ekki verið borið undir mig, hvers vegna þessum framkvæmdum hefur verið frestað. Ég hygg, að það hafi verið gert af hagkvæmnisástæðum, eins og kemur fram, að því er frestað til næsta árs á einstökum vegum, sem þm. nefndi. Þá er það af hagkvæmnisástæðum, þá verður unnið fyrir meiri upphæð á næsta ári, féð nýtist betur. Það er um talsverðan veg að fara með vinnuflokk og vélar, og ég hygg, að þetta sé nú ástæðan, og ég hefði nú haldið, að hv. þm. væri samþykkur þessum vinnubrögðum, sem vegamálastjóri hefur talið vera rétt. Og þetta ætti heldur ekki að tefja fyrir því, að vegurinn eða vegirnir þarna vestra yrðu bættir, ef unnið er á næsta ári fyrir meira fé, það, sem hefði að nokkru leyti mátt vinna á síðasta ári. Það fæst meira verk fyrir peningana með því að haga því þannig, og einstakar framkvæmdir, hinar smærri, eru ekki bornar undir ráðh. Og ég treysti vegamálastjóra alveg til þess, að hafa gert þetta af hagkvæmnisástæðum, og oft er það nú held ég þannig, að hv. þm. hafa samband við vegamálastjóra um annað eins og þetta. Og ég hefði nú haldið, að hv. þm. Sigurvin Einarsson hefði nú haft kjark til þess og elju að fylgjast með þessu fyrir sitt kjördæmi. Að gefa hv. Alþ. skýrslu um skiptingu á viðhaldsfénu í einstaka vegi og landshluta, svo og snjómokstur, það er vitanlega vel hægt, eins og hér hefur verið sagt áður. Ég minntist á þetta við vegamálastjóra, hann hefur tekið því ágætlega og mun alls ekki færast undan að gera það ef það verður lagt fyrir hann, því að þetta liggur vitanlega allt fyrir á skrifstofu vegagerðarinnar. En þetta er vitanlega mjög breytilegt frá ári til árs, viðhaldið á hinum ýmsu vegum. Sumir vegir verða fyrir skakkaföllum á þessu ári, og þá verður að gera við það, snjómoksturinn er misjafnlega mikill, því að snjór fellur misjafnlega niður í hinum ýmsu landshlutum, þannig að það er vitanlega engin föst regla, sem hægt er að fylgja í þessu efni, en í bókhaldi vegagerðarinnar liggur þetta fyrir og ef hv. alþm. telja ástæðu til, þá er vitanlega hægt að leggja skýrslu fram um þetta.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að vegasjóður hefði nú ekki lengur vald á því verk-

efni, sem honum var ætlað. Það var að annast vegaviðhald og endurbyggingu vega í landinu. Það hefur þó verið tekið fram, að vegasjóður hefur annað því að fylgja þeirri áætlun um vegagerð og viðhald í landinu, sem gerð hefur verið, þrátt fyrir hina auknu umferð, sem talað hefur verið um. Það hefur ekki verið brugðið út af áætluninni, og þess vegna er rangt að segja, að vegasjóður valdi ekki verkefninu, t. d. vegna verðhækkana. Það hefur ekki þurft að draga úr framkvæmdum vegna verðhækkana, vegna þess að tekjur vegasjóðs hafa aukizt a. m. k. eins og verðhækkunum nemur og viðhaldsfé á árinu 1966 var 125 millj. kr. á móti tæplega 100 millj. 1965. Og nýbyggingarframkvæmdir eru ekki minni en áætlað var. Hitt er svo rangt, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að 54% af nýbyggingarfénu færu til greiðslu á vöxtum og afborgunum. Þetta er algerlega rangt. Það eru réttar 40 millj., sem fara í greiðslur vaxta og afborgana af lánum, þegar búið er að reikna með tekjum af veggjaldinu á Reykjanesbraut, og þá geta hv. þm. reiknað út, hvort hv. 3. þm. Vesturl. hefur farið hér rétt með.

Hv. þm. talar mikið um skuldir vegasjóðs, skuldir vegna Reykjanesbrautar og skuldir vegna margs konar framkvæmda, en þegar gengið var frá vegáætluninni, var gert ráð fyrir að taka lán til þessara framkvæmda, og vegasjóður gæti vel valdið verkefninu, ef vegaframkvæmdum í dag væri hagað eitthvað í líkingu við það, sem var hér áður, með því að hafa framkvæmdirnar litlar. Til skuldanna hefur verið stofnað, vegna þess að það var lokið við að gera Reykjanesbrautina og það var lokið við að gera veginn fyrir Ólafsvíkurenni. Það er verið að ljúka við að gera Strákaveginn. Það er þegar lokið við Múlaveginn. Það er verið að vinna að Vestfjarðaáætluninni. En samkv. vegáætluninni, sem hv. alþm. samþ., var gert ráð fyrir að vinna þetta fyrir lánsfé. Hvort var nú betra að hafa unnið þetta fyrir lánsfé eða láta það ógert? Þessar framkvæmdir, sem ég taldi hér upp, hafa verið á dagskrá hér í hv. Alþ. í nærri 20 ár. En það var ekki hægt að framkvæma þetta fyrr en núna. Og hv. 3. þm. Vesturl. getur jafnvel spurt sjálfan sig að því, hvers vegna það var gert núna, en ekki áður. Það er vegna þess, að það hefur verið staðið betur að þessum málum í seinni tíð heldur en áður, enda þótt við séum sammála um, að mörg verkefni bíði, sem við teljum eðlilegt að flýta og framkvæma. En það dugar ekki fyrir hv. 3. þm. Vesturl. að tala hér eins og það hafi nú orðið einhver kyrrstaða í framkvæmdum vegamála, eins og það hafi yfirleitt alltaf áður gengið með einhverju sérstöku hraði að leggja vegi og viðhaldið hafi alltaf áður verið í stakasta lagi, það sé fyrst núna, sem Íslendingar kynnast slæmum vegum. Ég held, að hv. þm. ætti að líta til baka og yfir okkar athafna- og framkvæmdasögu og þá verður honum ljóst, að það hefur alltaf verið varið minna til vegaframkvæmdanna heldur en æskilegt hefði verið og heldur en þm. yfirleitt á hverjum tíma hefðu óskað og það er vegna þess, að það fjármagn, sem hefur verið til umráða, hefur alltaf verið takmarkað og þetta er eðlilegt, og þó að hv. 3. þm. Vesturl. segi nú: Ja, ríkissjóður á að leggja fram fé, ríkissjóður á að leggja fé til viðbótar því, sem vegasjóður nú hefur, nokkur hundruð millj. kr. á ári, þá komum við alltaf að þessu sama: Hvar á að taka það fé? Hvað á að spara? Eða á að leggja á nýja skatta? Ég veit, af því að hv. þm. hefur beðið um orðið aftur, að hann mun segja, eins og hann hefur svo oft sagt áður: Vegasjóður á að fá það, sem ríkissjóður fær af umferðinni, leyfisgjöld af bifreiðum og allar tekjur, sem hann getur talið upp, að komi í ríkiskassann af umferðinni. Þessar upphæðir hafa verið misjafnlega háar, þegar hv. 3. þm. Vesturl. hefur verið að tala um þær. Stundum hafa þær verið 300 millj. og þegar hann hefur svona sleppt lausum taumum og farið á skeið, hefur þessi upphæð komizt upp í 800 millj., sem ríkissjóður ætti að borga til vegasjóðs. Og víst væri það æskilegt, að þetta fé væri laust, þetta fé væri fyrir hendi. Það væri mjög æskilegt. En ég held, að það færi nú vel á því, þegar þessi mál eru rædd, að við gerum það með það fyrir augum að koma þessum málum í það eðlilega horf, sem raunsæi leyfir, og þá vitanlega komum við að því, sem við erum sammála um, að þoka þessu áfram eftir því, sem fjárhagurinn leyfir og möguleikar eru fyrir hendi. En við skulum ekki vera að tala, eins og við séum bara með grín, að ríkissjóður eigi allt í einu að láta af hendi nokkur hundruð millj. án þess að gera sér grein fyrir því, hvar hann á að fá það fé aftur, til þess að fjárl. séu hallalaus.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa öllu fleiri orð um þetta að sinni. Eins og ég sagði áðan, gefst víst tækifæri til þess að ræða um þessi mál síðar á þessu þingi, en ég vildi aðeins með nokkrum orðum leiðrétta það, sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Vesturl.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég hagaði máli mínu svo áðan, að ég gerði ekki ráð fyrir, að neinar deilur yrðu um það, sem ég þá sagði. Ég benti aðeins á augljósar staðreyndir, verkefni, sem Alþ. kæmist ekki fram hjá, þegar þetta mál verður til meðferðar síðar á þessu þingi, en var ekki með ádeilur, hvorki á hæstv. ráðh. né aðra og gerði þess vegna ekki ráð fyrir því, að umr. yrðu um málið. En ég kemst ekki hjá því, út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að gera hér nokkra aths. við og sé heldur enga ástæðu til annars heldur en það verði gert. Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði hér um það, sem ég hafði eftir vegamálastjóra um prósentuna af fénu til þjóðvega og brúagerða, vil ég leyfa mér að lesa orðrétt upp úr bréfi, sem vegamálastjóri sendi samgmn. hv. Ed. hinn 30. marz 1966, eins og ég gat um áðan. Þar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum 4 árum hefur verið unnið töluvert að vegaframkvæmdum fyrir lánsfé til

langs tíma, og námu slík lán um s. l. áramót 268 millj. kr. Þar af voru 229 millj. kr. vegna Reykjanesbrautar. Hitt eru lán vegna Ólafsvíkurvegar um Enni, Siglufjarðarvegar um Stráka, Ólafsfjarðarvegar um Múla og nokkrir vegir samkv. Vestfjarðaáætlun. Vextir og afborganir þessara lána munu því nema í ár 44.3 millj. kr. eða 54% af því fé, sem á vegáætlun í ár verður varið til nýrra þjóðvega og brúagerða."

Þetta er að finna í þessu bréfi og eru ekki mín ummæli, heldur vegamálastjóra. Og ég veit ekki betur en þær skýrslur og þau gögn, sem hann hefur lagt fyrir hér á hv. Alþ., hafi mátt taka alvarlega og treysta fullkomlega og ég vona, að svo sé einnig í þessu tilfelli og svo ekki meira um það. Hæstv. ráðh. sagði, að það mætti láta vegasjóðinn bera sig með því að gera nógu lítið og vildi láta liggja að því, að ég hefði verið að deila á framkvæmdirnar. Ég var ekki með neinar ádeilur hér áðan á eitt né neitt og sízt af öllu á framkvæmdirnar. Ég var hins vegar að benda á þær staðreyndir, að við skulduðum meira í hraðbrautum og þjóðbrautum heldur en allri þeirri upphæð nemur, sem við hefðum eytt í stórátak eins og Keflavíkurveginn. Þessi vegur kostar í árslok 1966 276 millj. kr., en við skuldum í hraðbrautum og þjóðbrautum 307 millj. kr. Við höfum því af eigin fé gert þar minna en ekki neitt. Það er þetta, sem ég sýndi fram á, að yrði að horfast í augu við, því að við gætum ekki leyst verkefnið án þess að hafa til þess nægá fjármuni.

Hæstv. ráðh. vildi enn einu sinni fara inn á það, að lítið hefði verið gert í vegamálunum áður í tíð Framsfl. Ég hef áður bent hæstv. ráðh. á það, en tel ekki eftir mér að endurtaka það, að vegakerfið í landinu var byggt upp á tímabilinu 1927—1958. Á því tímabili réð enginn flokkur meiru í landsmálum heldur en framsfl. Enginn flokkur átti vegamálaráðh. lengur en Framsfl. Það er því vegakerfið í landinu, sem Framsfl. hafði forustu um að byggja upp, en núv. vegamálastjórn getur ekki látið viðhalda því. Þetta eru staðreyndir, og ég get endurtekið þær eins oft og hæstv. ráðh. óskar. Þá spyr hæstv. ráðh.: Af hverju á að gera meiri kröfur til vegagerðar í landinu nú heldur en áður? Af hverju á að gera þá kröfu til ríkisstj., að hún taki á verkefnunum, sem eru til viðfangs á þeim tíma, sem hún situr? Það er eðlilegur hlutur, að hver ríkisstj. á að fást við þau verkefni, sem eru til úrlausnar á þeim tíma, sem hún situr, en ekki verkefni, sem voru hjá þeim ríkisstj., sem sátu áður. Það skiptir máli, hvort bílafjöldinn í landinu er 10 þús. eða 40 þús. Það þarf betri vegi og sterkari vegi, þegar bílafjöldinn er orðinn 40 þús. heldur en þegar þeir voru 10 þús. Það þarf líka betri vegi og sterkari vegi, þegar vöruflutningar fara meira og minna inn á landleiðir, eins og nú er orðið. Það þarf líka betri vegi og sterkari vegi, þegar bílarnir stækka ár frá ári, eins og nú á sér stað. Og það er líka ástæða til að gera meiri kröfur til hæstv. ríkisstj. nú heldur en áður, vegna þess að Alþ. hefur afgreitt oftar en einu sinni nýja hækkun á tekjustofnum til vegagerðarinnar í landinu, 100 millj. 1963 og 50—60 millj. 1965. Auk þess er það á allra vitorði, að á árunum fram til 1955 varð ríkissjóður að leggja fram af öðrum tekjustofnum fé til vegagerðarinnar í landinu en þeim, sem kom frá vegagerðinni sjálfri, en nú fær ríkissjóður, það er sannanlegt, stórkostlegar fjárhæðir, vegna þess að það eru vegir í landinu og bílar, sem fara um þá.

Hæstv. ráðh. sagði, að þetta væru nú mismunandi tölur eftir því, hvort ég væri á skeiði eða öðrum gangi í ræðum mínum. Nú hélt ég, að tölurnar, sem ríkissjóður hefði af umferðinni í landinu, færu ekki eftir því, hvernig mér tækist ræðuflutningur og ég er orðinn meiri áhrifamaður heldur en ég hélt mig vera, ef svo er. Ég hef hins vegar haldið mig við staðreyndir, og þá hef ég sýnt fram á það, að ríkissjóður hafði minni tekjur af umferðinni í landinu 1958 heldur en 1960 og meiri tekjur 1962 heldur en 1960, meiri tekjur 1964 heldur en 1962 og meiri tekjur 1966 heldur en 1964, vegna þess að bílunum hefur fjölgað stórkostlega. Þetta eru einfaldir hlutir. Og þá fer það svo, að ríkissjóður fær þeim mun meiri tekjur, sem bílunum fjölgar og t. d. ef hæstv. ráðh. vildi líta á fjárl., en hætta að hugsa um, hvernig mér tekst ræðuflutningur, getur hann séð það, ráðh., að fjmrh. ætlar sér meiri tekjur af bílainnflutningi 1967 heldur en 1966 og meiri 1966 heldur en 1965, í leyfisgjöldunum einum. En hvað heldur hæstv. ráðh. að sé þá í tolltekjunum, söluskattinum, sem hann hefur af bílunum og varahlutum til þeirra?

Hæstv. ráðh. sagði, við eigum ekki að tala um vegamál upp á grín. Nei, við eigum ekki að tala um vegamál upp á grín. Vegamálin eru að verða mikið alvörumál. Skýrslan, sem ráðh. er að tala fyrir hér, segir, það eru orðnir vissir vegir á landinu, sem ekki er hægt að viðhalda sem malarvegum. Ef hæstv. ráðh. fer hér upp að Álafossi, finnur hann, að það er sjaldnast fær vegur. Umferðin er orðin svo mikil, að það er ekki hægt að halda þeim vegi við, og það þýðir ekki að tala upp á grín. Ef vegaviðhaldið í landinu, þróunin í því verður álíka næstu 2 ár og hefur verið síðustu 2 ár, brestur það. Hvernig halda hv. alþm., að hægt sé að láta nýju stóru bílana, sem eru að koma inn á vegina, fara inn á gömlu brýrnar eins og brýrnar undir Hafnarfjalli og í Seleyrargilinu, sem hrundi til hálfs í sumar? Hvað halda hv. þm., að verði mörg ár þangað til margar brýr sligast niður eins og þessar brýr gerðu í sumar? Það er ekki hægt að tala um vegamál upp á grín, því að þau eru staðreynd. Og það er ekki hægt annað en að tala um verkefnin, eins og þau liggja fyrir nú, en ekki eins og þau lágu fyrir fyrir 20—30 árum. Þeir, sem

þá sátu í ráðherrastólunum, Framsóknarráðh., leystu verkefnin þá og byggðu upp vegakerfið í landinu.

Nú segi ég: Það á að krefjast þess af hæstv. ríkisstj., sem hefur haft miklu meiri tekjur af umferðinni en nokkur önnur ríkisstj. og leyfir sér að taka í almenna eyðslu ríkissjóðs nokkur hundruð millj. kr. af vegamálum í landinu, að það sé séð fyrir verkefnunum eins þau liggja fyrir og ekki tekið á vegamálunum, eins og sé tekið á þeim upp á grín. Þetta eru alvörumál, sem þjóðin kemst ekki hjá að taka á með eðlilegum hætti, þó að hæstv. ráðh. reyni að tala um þau mál upp á grín, það mun enginn skilja það tal hans.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú aðeins af einu atriði, að ég tek til máls aftur. Það var út af bréfi, sem hann las upp, hv. 3. þm. Vesturl., frá vegamálastjóra. Þar talar vegamálastjóri um þjóðbrautir og brýr, en ég heyrði ekki betur en hv. 3. þm. Vesturl. hefði í fyrri ræðu sinni talað um framkvæmdir, að það væru 54% af vegaframkvæmdum. Og það er allt annað. Vegasjóður hafði á s. l. ári um 311 millj. kr., til vegaviðhaldsins fóru 125 millj., við köllum það ekki framkvæmdir, drögum það frá, þá eru 185 millj., sem hafa farið í framkvæmdir, en vextir og afborganir eru, eins og ég áðan sagði, 40 millj., þ. e. 40 millj., en ekki 44 samkv. síðustu útreikningum vegamálastjóra, og það sjá allir, að 40 millj. af 185 eru ekki 54% og það var þess vegna, sem ég vildi leiðrétta, en það má vera, að hv. 3. þm. Vesturl. hafi meint hitt og vitanlega hefur hann ekki ætlað sér að fara með rangar tölur, það veit ég, að hann hefur ekki ætlað sér að gera, en þetta kom nú þannig út, að það var ekki hægt annað en gera aths. við það.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að það væri alveg sjálfsagt að gera kröfur til þessarar ríkisstj., og það lá í orðunum, að það ætti að gera hærri kröfur til þessarar ríkisstj. heldur en þeirra, sem áður hefðu setið, og þetta er alveg ágætt fyrir ríkisstj., því að það gerir enginn háar kröfur til þeirra manna eða til þeirra ríkisstj., sem ekki er treyst, og vitanlega hefur hv. 3. þm. Vesturl. ástæðu til þess að gera kröfu til núv. ríkisstj. í framkvæmdum vegamála. Reynslan hefur sýnt, að það hefur verið framkvæmt í vegamálum á síðustu árum, sem ekki var unnt að framkvæma áður. Og það er ekki vegna aukinnar bílaumferðar, að ráðizt er í það núna að gera Strákaveginn, Múlaveginn, veginn fyrir Ólafsvíkurenni. Það var ekki vegna þess að bifreiðunum hafi fjölgað svo mikið í landinu, heldur vegna þess, að það var talið eðlilegt að verða við óskum þessara byggðarlaga, sem þau hefur dreymt um seinustu áratugi. Og vitanlega er sjálfsagt að halda áfram og vinna við þessi verk, sem öðrum ríkisstj. tókst ekki að koma fram. Hv. þm. hefur oft talað um það, að framlag til vegamála væri tiltölulega minna nú heldur en t. d. 1958, þegar hans flokkur fór með fjármál og vegamál. En þá voru það aðeins 4.8% af útgjöldum ríkissjóðs og útflutningssjóðs, en 1966 7.5%. Og þetta hlutfall hefur orðið vegunum í hag, enda þótt útgjöld til félagsmála og annarra framkvæmda, heilbrigðismála og menntamála hafi verið á árinu langt umfram það, sem verðhækkun og fólksfjölgun í landinu nemur.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri í sambandi við þessa skýrslu, en ég taldi nauðsynlegt að leiðrétta það, sem hefði mátt misskilja út af því bréfi, sem hv. 3. þm. Vesturl. las upp.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég bar fram fáeinar fsp. til hæstv. ráðh. áðan, þarf nú ekki að endurtaka það að vísu, en þær voru: hvers vegna hafði verið frestað framkvæmdum, þar sem fjárveiting var fyrir. Hann sagði, að þetta hefði ekkert verið lagt fyrir ráðh. og ég gæti eiginlega spurt vegamálastjóra að þessu. Við erum að ræða skýrslu, sem ráðh. leggur fyrir Alþ., og við eigum þess vegna að spyrja ráðh., en það er ekki hægt að vísa okkur til einhverra embættismanna úti í bæ. Þetta er skýrsla hans og því er eðlilegt, að við spyrjum hann um eitt eða annað úr þeirri skýrslu. Nú getur vel verið, að það sé svo hvað snertir Súgandafjarðarveg, að það sé af hagkvæmnisástæðum eins og ráðh. var að gizka á, hann vissi það ekki, að þar er frestað 400 þús. kr. framkvæmd. En hvernig stendur á þessu með Svalvogaveg, þar sem helmingurinn af upphæðinni er búinn að liggja, að ég ætla, í 3—4 ár óhreyfður og ekki hreyft við veginum? Hvaða hagkvæmnisástæður eru það? Eða hvað á að liggja lengi með slíkar fjárveitingar, fyrst þær eru veittar? — Hann minntist ekkert á Snæfjallastrandarveginn. Ég held því fram og ég endurtek það, að ég sé ekki betur af skýrslu ráðh. sjálfs en það hafi verið tekið nýbyggingarfé til viðhalds og afleiðingin sú, að ólagður er vegurinn frá Mórillubrú út að Lónseyri, af því að fé hafi verið tekið í viðhald. Og ég hef fyrir mér orð skýrslunnar sjálfrar, þar sem segir: „Varnargarðar við Mórillu voru styrktir og vegur sunnan brúarinnar endurbættur.“ Þetta er hreint viðhald, og í þetta hefur hér um bil öll fjárveitingin farið, en vegurinn ólagður frá brúnni og út að Lónseyri. Ég er ekki að krefjast þess, að hæstv. ráðh. svari þessu núna. Ég veit, að það er óþægilegt fyrir hann að eiga að gera það, aðeins að hann svari því síðar á þinginu, t. d. þegar vegalög koma aftur til umr., þá er ég ánægður. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að hann geti svarað þessu öllu fyrirvaralaust, það skal ég fúslega viðurkenna.

Út af þeirri skýrslu, sem ég tel nauðsynlegt, að þm. fái, um hvernig viðhaldsfénu hefur verið skipt milli einstakra byggðarlaga eða aðalvega, svo og fé því, sem varið væri í snjómokstur, er það sama um að segja. Ráðh. tekur þessu vel, hann hefur gert það áður, hann hefur tekið því vel og talið mjög eðlilegt, að þm. fengju slíkt yfirlit. Hann segir það sama

enn. Hann segist hafa rætt um það við vegamálastjóra. Vegamálastjóri segir, að það sé ekkert á móti því. En á hverju stendur? Það kemur hver skýrslan á fætur annarri fyrir Alþ. Aldrei bólar á nokkurri grg. yfir þetta. En nú tek ég orð hæstv. ráðh. þannig, að hann ætli að sjá um, að við fáum síðar á þessu þingi yfirlit yfir þetta, hvernig viðhaldsfé hefur skipzt og hvernig fé hefur verið varið á einstaka vegi eða byggðarlög við snjómokstur.

VII. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 10. fundi í Nd., 1. nóv., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera fram fsp. og tilmæli til hæstv. menntmrh. út af atburði, sem gerzt hefur í Háskóla Íslands. Svo er mál með vexti, að Stúdentafélag háskólans hafði farið fram á að fá 1. kennslustofu háskólans til þess að sænska skáldkonan Sara Lidman mætti halda þar erindi og vararektor háskólans hefur neitað Stúdentafélaginu um þetta. Nú er það svo, að stúdentar háskólans hafa ekki sjálfir umráð yfir neinu félagsheimili eða slíku og háskólayfirvöld hafa fram að þessu verið, hvað á maður að segja, furðu frjálslynd í því að lána jafnvel félögum, sem eru algerlega utan háskólans meira að segja sjálfan háskólasalinn til fyrirlestrahalds og fundahalda. Stúdentafélag háskólans er nú endurvakið og ef það tekst að gera það að því, sem stúdentafélög háskóla eiga að vera, þannig að þar sé mjög frjáls ræðustóll fyrir allar mögulegar skoðanir, þarf að koma því inn frá upphafi í háskólayfirvöldin, að þau sýni frjálslyndi í slíkum málum og veiti stúdentum aðgang ýmist að sal háskólans sjálfum eða fyrirlestrasal, til þess að hægt sé að ræða slík mál. Ég álít þess vegna mjög illa farið, ef háskólayfirvöld, og þar á ég fyrst og fremst við vararektor háskólans, hafa ekki kjark í sér til þess að sýna slíka gestrisni og slíkt frjálslyndi. Hæstv. forsrh. hefur nýlega verið á ferð í Svíþjóð og mætt þar allri gestrisni, og hér kemur nú ein frægasta skáldkona Svíþjóðar, og þá eru þetta móttökurnar frá okkar æðstu menntastofnun.

Ég vildi beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvort hann hafi nokkuð um þetta vitað eða nokkurt samráð hafi verið við hann haft. Og satt að segja hef ég ekki trú á, að slíkt hafi verið gert, og komi það í ljós, vil ég bera fram þau tilmæli til hæstv. menntmrh., að hann beiti sínum áhrifum við viðkomandi háskólayfirvöld, svo að þau breyti þarna um stefnu og sýni það frjálslyndi, sem þarna á að eiga heima, og leyfi Stúdentafélaginu að halda þann fund, þann fyrirlestur og þau erindi, sem Stúdentafélagið hafði beðið sænsku skáldkonuna Söru Lidman um.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér var ekki kunnugt um þetta mál fyrr en ég las um það í blöðum í morgun. Ég tel mig hvorki hafa rétt né skyldu til afskipta af því, hvernig háskólaráð eða háskólarektor ráðstafa húsnæði háskólans. Þess vegna er það í fullu samræmi við fyrri venju um þetta, að um þetta mál voru engin samráð höfð við mig. Það hefur heldur ekki átt sér stað áður, þegar húsnæði háskólans hefur verið ráðstafað eða lánað aðilum utan háskólans. Ég tel hins vegar sjálfsagt, að háskólinn fylgi föstum reglum eða einhverri fastri reglu varðandi það, hvaða aðilum og undir hvaða kringumstæðum háskólayfirvöld leyfa öðrum aðilum eða aðilum innan háskólans afnot af húsnæði hans. En vegna þessarar fsp. skal ég með ánægju ræða þetta mál við vararektor, skýra honum frá þessari fsp. og ræða málið almennt við hann.

Á 56. fundi í Nd., 20. marz, utan dagskrár, mælti

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ef ég man rétt, mun það vera lögfest, að vegáætlun skuli takast til endurskoðunar á þessu þingi. Þótti fyrirsjáanlegt, þegar hún var afgreidd hér í fyrsta sinn, þó að gert væri ráð fyrir, að vegáætlun væri afgreidd til fjögurra ára, að í fyrsta sinn væri réttara að gera ráð fyrir því, að hún þyrfti endurskoðunar við eftir 2 ár. Ég hygg, að reynslan hafi leitt það í ljós, að endurskoðunar er full þörf. Ýmislegt þarf að lagfæra, ýmsu að breyta út frá breyttum viðhorfum síðan hún var sett, og þykir mér nú vafasamt, að við þetta verði staðið, þar sem svo langt er á þingtíma liðið. Má þó vera, að hún sé rétt ókomin. En þá verður a. m. k. frekar naumur tími til athugunar á henni og til þeirrar endurskoðunar, sem fara skal fram.

Nú vil ég ekki hafa um þetta fleiri orð, heldur beina þeirri fsp. til hæstv. samgmrh., hvort ekki verði við það staðið, að vegáætlunin komi til endurskoðunar á þessu þingi og geti fengið sína afgreiðslu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 5. þm. Vestf. segir, að það er gert ráð fyrir að endurskoða vegáætlunina á tveggja ára fresti. Það segir í vegalögum: „Vegáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.“ Það segir náttúrlega ekkert um það, hvernig þeirri endurskoðun skuli háttað, og til upplýsinga fyrir fyrirspyrjanda og aðra hv. alþm. vil ég segja það, að vegáætlunin verður endurskoðuð eins og lög mæla fyrir og er verið að vinna að því. Vegamálaskrifstofan er, að ég ætla, langt komin með það að umreikna ýmsa liði vegáætlunar og samræma þá breyttum kostnaði, sem á hefur orðið síðan veg-

áætlun var samþ. o. s. frv. En því miður verður það ekki fyrr en eftir þinghléið, sem till. til endurskoðunar verður lögð fram.

Á 65. fundi í Nd., 13. apríl, utan dagskrár, mælti

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér tækifæri til þess að beina einni fsp. til hæstv. viðskmrh. En þannig er mál með vexti, að á Alþ. 23. febr. 1966 var samþ. þáltill. frá mér og nokkrum öðrum flokksbræðrum mínum um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga í samráði við fulltrúa atvinnuveganna á hvern hátt megi efla markaðsrannsóknir og markaðsleit í þágu útflutningsatvinnuvega þjóðarinnar og verði niðurstöður þessarar athugunar lagðar fyrir næsta reglulegt Alþ."

Ég geri ráð fyrir og veit raunar, að rannsókn þessari af hálfu rn. er fyrir nokkru lokið, og vil því fara þess á leit við hæstv. ráðh., að hann skýri hv. d. frá niðurstöðum hennar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í framhaldi af samþykkt Alþ. á þeirri till., sem hv. fyrirspyrjandi las í orðum sínum hér áðan, tók viðskmrh. að sér að semja skýrslu um mál þetta. Er því verki lokið, en ætlunin var að senda skýrsluna til samtaka útflytjenda áður en málið yrði lagt fyrir hið háa Alþ. Ég skal hins vegar með ánægju verða við tilmælum hv. þm. um að skýra frá aðalefni þeirrar skýrslu, sem þegar hefur verið samin. En ég mun nú á næstunni ræða hana við samtök útflytjenda.

Hugmyndir þær, sem settar eru fram í skýrslunni, eru því ekki endanlegar, og má vel vera, að skoðanir rn. breytist við viðræður við samtök útflytjenda. Við gerð skýrslunnar leitaði viðskmrn. álits samtaka útflytjenda, sem ekki höfðu áður sent Alþ. álit sitt á málinu. Einnig var leitað álits sendiráða Íslands erlendis. Í skýrslunni er rakinn þáttur hins opinbera í markaðsrannsóknum og markaðsleit til þessa, birt álit útflytjenda og sendiráða Íslands erlendis á málinu og að lokum lagðar fram hugmyndir um nýjar ráðstafanir á þessu sviði. Kaflinn í skýrslunni um þátt hins opinbera fer hér á eftir:

Af hálfu hins opinbera eru það einkum þrír aðilar, sem látið hafa markaðsathuganir til sín taka: utanrrn., viðskmrn. og fiskimálasjóður. Skal nú vikið nokkuð að þætti hvers þessara aðila um sig.

Sendiráð Íslands erlendis hafa safnað upplýsingum um erlenda markaði, einkum þau atriði, er varða útflutningsafurðir Íslendinga. Hafa þau sent utanrrn. skýrslu um þau mál. Er starfsmönnum utanríkisþjónustunnar falið þetta verkefni í leiðbeiningabók fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem gefin var út í umsjá Agnars Kl. Jónssonar ráðuneytisstjóra. Starfsemi sendiráðanna á þessu sviði hefur þó hvergi nærri verið næg vegna skorts á starfsmönnum við sendiráðin. Ber brýna nauðsyn til þess að auka þessa starfsemi utanríkisþjónustunnar, eins og síðar mun nánar verða vikið að.

Viðskmrn. hefur aðstoðað utanrrn. um gerð viðskiptasamninga við önnur ríki og við rn. hefur starfað sérstök útflutningsdeild. Einnig hefur alþjóðleg efnahagssamvinna heyrt undir viðskmrn. Af þessum sökum hefur rn. fylgzt með þróun markaðsmála erlendis, þ. á m. myndun og þróun markaðsbandalaga, og má líta á starf viðskmrn. á þessu sviði sem markaðsathuganir. Í sambandi við undirbúning nýrra viðskiptasamninga við erlend ríki er ávallt unnið mikið starf í rn., svo sem upplýsingasöfnun um erlenda markaði og gerð skýrslna og taflna um viðskipti okkar á mörkuðum þessum. Er þessum upplýsingum öllum haldið til haga. Eftir að markaðsbandalögin í Evrópu höfðu verið mynduð, var sérstökum mönnum í viðskmrn. falið að fylgjast með þróun þeirra með sérstöku tilliti til hagsmuna Íslands. Hafa margar skýrslur verið samdar í rn. um bandalög þessi og um vandamál þau, sem bandalögin valda á Íslandi. Hefur rn. safnað miklum upplýsingum erlendis frá um bandalögin, bæði fyrir milligöngu sendiráða Íslands erlendis og beint frá ýmsum aðilum. Þá hefur rn. fylgzt með þróun GATT, alþjóðatollamálastofnunarinnar, og síðan 1964 hefur Ísland verið aðili þar að og tekið margvíslegan þátt í störfum stofnunarinnar, m. a. í Kennedy-viðræðunum, sem varða viðskiptahagsmuni Íslands. Hefur þátttaka Íslands í GATT svo og öðrum alþjóðlegum stofnunum, eins og alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Efnahags- og framfarastofnuninni í París, fært þjóðinni margvíslegan fróðleik um erlenda markaði. Útflutningsdeild viðskmrn. annast leyfisveitingar fyrir allar útfluttar vörur. Verkefni deildarinnar er að fylgjast með verði á útflutningsafurðum Íslendinga erlendis í því skyni að koma í veg fyrir undirboð útflytjenda. Ákveður deildin lágmarksverð hverju sinni. Í því skyni að rækja þetta hlutverk sitt, hefur útflutningsdeildin orðið að fylgjast náið með mörkuðum fyrir íslenzkar afurðir erlendis. Hefur hún gert það með því að hafa samband við kaupendur íslenzkra afurða erlendis, seljendur þeirra og sendiráð Íslands ytra. Einnig hefur deildin iðulega sent fulltrúa til útlanda til þess að kynna sér þessi mál. Útflutningsdeildin hefur einnig verið nokkurs konar upplýsingaskrifstofa fyrir útflytjendur. Á vegum viðskmrn. starfar vörusýninganefnd, en hún sér um þátttöku Íslands í erlendum vörusýningum, sem er mikilvægur liður í markaðsleit og sölustarfsemi. Hefur vörusýninganefnd fengið sérstakt fjárframlag á fjárl. til starfsemi sinnar, en auk þess hefur hún iðulega fengið framlög úr fiskimálasjóði.

Um álit útflytjenda á markaðsrannsóknum og markaðsleit segir svo í skýrslunni:

Öll helztu samtök íslenzkra útflytjenda eru sammála um það, að auka þurfi starf á sviði markaðsrannsókna og markaðsleitar. Hins vegar greinir samtökin nokkuð á um það, hvaða leið sé vænlegust til árangurs í þessu efni. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna telur, að koma ætti á samstarfi sölusamtaka framleiðenda og hins opinbera um auknar markaðsrannsóknir og markaðsleit. Telur Sölumiðstöðin, að skipuleggja ætti sameiginlega þjónustu á þessu sviði. Í því skyni þyrfti einhver einn aðili að hafa yfirumsjón með starfseminni, og væri því sérstök stofnun í einni eða annarri mynd óhjákvæmileg. Samband ísl. samvinnufélaga telur, að ríkisvaldið eigi að gangast fyrir því, að útflytjendur sameini krafta sína á sviði markaðsrannsókna og markaðsleitar. Álítur S.Í.S., að vaxandi þörf sé á markaðsrannsóknum í stærri stíl en líklegt sé, að einstakir útflytjendur hafi tök á. Félag ísl. iðnrekenda telur nauðsynlegt að efla markaðsstarfsemi og færa hana yfir á víðtækara svið, enda þótt mikilvægt starf hafi þegar verið unnið á þessu sviði. Bendir Félag ísl. iðnrekenda á, að Íslendingar ættu að hagnýta sér reynslu annarra þjóða í þessu efni, t. d. Norðmanna og Dana. Yfirleitt eru öll samtök útflytjenda þeirrar skoðunar, að æskilegt væri að auka starfsemi sendiráða Íslands erlendis á sviði markaðsrannsókna og markaðsleitar. Benda sum þeirra á, að ráða þyrfti sérstaka viðskiptafulltrúa við sendiráðin til þess að hafa þessa starfsemi með höndum. Sendiráð Íslands erlendis eru þeirrar skoðunar, að auka þurfi verulega starfsemi á sviði markaðsrannsókna og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna. Telja þeir nauðsynlegt, að ráðnir verði viðskipta- og efnahagsfulltrúar við sendiráðin, til þess að þau verði betur fær um að sinna þessu verkefni. Einnig telja sendiráðin, að auka þurfi starfsemi á þessu sviði heima fyrir.

Niðurstöður skýrslunnar eru þessar:

Augljóst er af því, sem fram kemur í álitsgerðum útflytjenda og sendiráða Íslands erlendis, að nauðsynlegt er að stórauka starf á sviði markaðsrannsókna, markaðsathugana og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna. Það þarf að auka þessa starfsemi, bæði á vegum útflytjenda sjálfra og hins opinbera. Undirbúa þarf betur en verið hefur sölustarfið, áður en hafin er framleiðsla nýrra vara til útflutnings. Framleiðendur og sölusamtök, er framleiða og selja vörur í harðri samkeppni á frjálsum mörkuðum erlendis, þurfa að sinna betur hinum ýmsu þáttum nútímasölutækni, eins og auglýsingum og markaðsaðlögun. Opinberir aðilar, rn. og sendiráðin geta veitt útflytjendum og samtökum þeirra margvíslega aðstoð á sviði markaðsmála og má stórauka hana með bættu skipulagi.

Í skýrslunni eru að síðustu settar fram eftirfarandi hugmyndir um framkvæmdir:

1. Komið verði á fót útflutningsráði, er heyri undir viðskmrn., með fulltrúum útflytjenda. Útflutningsráðið skal vera ríkisstj. til ráðuneytis um útflutnings- og markaðsmál. Einnig skal það vera vettvangur fyrir umr. um þessi mál.

2. Starfsemi viðskmrn. á sviði markaðsathugana verði aukin. Lögð verði aukin áherzla á söfnun upplýsinga úr erlendum skýrslum, upplýsingaritum, blöðum og tímaritum um viðskiptamál, svo og skýrslum íslenzkra sendiráða um þessi mál. Athugað verði, hvort unnt sé að hefja útgáfu fréttabréfs um markaðs- og viðskiptamál í því skyni að miðla útflytjendum auknum fróðleik um þessi mál. Útflutningsdeildinni verði gert kleift að auka upplýsingastarfsemi sína.

3. Starfsemi utanríkisþjónustunnar á sviði viðskipta- og markaðsmála verði aukin. Ráðnir verði viðskiptafulltrúar við sem flest af sendiráðum Íslands erlendis; í fyrstu við sendiráðið í London, Washington og París. Komið verði föstu skipulagi á upplýsingasöfnun sendiráðanna á þessu sviði og upplýsingar sendar reglulega heim.

4. Vörusýninganefnd fái aukið fjármagn til starfsemi sinnar, svo að hún geti undirbúið þátttöku Íslands í fleiri alþjóðlegum vörusýningum og kynnt íslenzkar vörur erlendis.

5. Bein sölustarfsemi og markaðsleit fari fyrst og fremst fram á vegum útflytjenda sjálfra. Útflutningsráð fjalli um það, í hversu ríkum mæli sé rétt, að hið opinbera styrki starf í þágu markaðsleitar, t. d. auknar auglýsingar erlendis. Haldið verði áfram að veita opinber fjárframlög til markaðsleitar ytra, en ekki verði sú aðstoð bundin við markaðsleit fyrir sjávarafurðir einar, eins og verið hefur, heldur verði einnig veittur stuðningur við markaðsleit fyrir íslenzkar landbúnaðar- og iðnaðarvörur.

Herra forseti. Ég vona, að hv. fyrirspyrjandi telji, að með þessum orðum mínum hafi fsp. *hans verið nægilega svarað.*

VIII. Fundarsókn þingmanna.

Á 64. fundi í Nd., 11. apríl, utan dagskrár, mælti

forseti (SB): Að gefnu tilefni vill forseti minna á 1. mgr. 33. gr. þingskapa, en þar segir:

„Skylt er þm. að sækja alla þingfundi, nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina. Heimilt er forseta að veita þm. brottveruleyfi, þó eigi lengur en tvær nætur að nauðsynjalausu, nema deildin samþykki."

Vænti ég, að hv. þdm. leggi sér þetta ákvæði á minni og mæti vel og stundvíslega á fundum hv. þd. það, sem eftir er þingtíma.

IX. Þingmennskuafsal.

Á 34. fundi í Sþ., 12. apríl, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 12. apríl 1967.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Davíð Ólafssyni, 6. landsk. þm.:

„Með því að ég hef í huga að taka að mér starf, er ekki getur samrýmzt þingmennsku, leyfi ég mér hér með að tilkynna yður, herra forseti, að ég hef ákveðið að afsala mér þingmennsku frá og með deginum í dag að telja."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta Sþ."

X. Minning látinna fyrrv. alþingismanna.

Á 9. fundi í Sþ., 14. nóv., mælti

forseti (SÁ): Sú harmafregn hefur borizt, að Steingrímur Steinþórsson fyrrv. búnaðarmálastjóri og forsrh. hafi andazt í morgun í sjúkrahúsi hér í bæ. Hann var á 74. aldursári, hafði fyrir nokkrum árum dregið sig í hlé frá opinberum störfum eftir athafnasama og gagnmerka starfsævi. Ég vil leyfa mér að rekja hér nokkur helztu atriði úr æviferli hans.

Steingrímur Steinþórsson fæddist 12. febrúar 1893 í Álftagerði við Mývatn. Foreldrar hans voru Steinþór bóndi þar Björnsson bónda á Bjarnarstöðum Björnssonar og kona hans, Sigrún Jónsdóttir bónda og alþm. á Gautlöndum Sigurðssonar. Hann lauk prófi við bændaskólann á Hvanneyri 1915, vann á búi foreldra sinna á Litlu-Strönd við Mývatn 1915—1917 og var fjármaður á Hvanneyri 1917—1920. Því næst fór hann utan til frekara náms í búfræði og lauk prófi við búnaðarháskólann í Kaupmannahöfn 1924. Hann var kennari við Bændaskólann á Hvanneyri 1924—1928 og skólastjóri Bændaskólans á Hólum 1928—1935. Búnaðarmálastjóri varð hann á miðju ári 1935 og gegndi því embætti til ársloka 1962, að undanskildum þeim tímabilum, er hann átti sæti í ríkisstjórn.

Auk þeirra aðalstarfa, sem hér hafa verið rakin, kom Steingrímur Steinþórsson víða við sögu og sinnti margvíslegum ábyrgðarstörfum á sviði félagsmála og þjóðmála. Hann var nýbýlastjóri á árunum 1936—1941, átti sæti í nýbýlastjórn frá 1941 til æviloka og gegndi þar um skeið formannsstörfum. Í skipulagsnefnd atvinnumála var hann 1934—1937, átti sæti í veiðimálanefnd frá 1935, var settur forstjóri landbúnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans 1937—1941 og átti sæti í sýningarráði Íslandsdeildar heimssýningarinnar í New York 1938—1940. Hann var formaður mþn. í tilraunamálum landbúnaðarins 1938—1939 og átti síðan sæti og var formaður í tilraunaráði landbúnaðarins. Í nýbyggingarráð var hann skipaður 1944. Hann átti sæti í bankaráði Landsbanka Íslands frá 1957. Á árinu 1957 var hann skipaður í orðunefnd og var jafnframt formaður hennar. Hann tók sæti í náttúruverndarráði 1956 og dýraverndarnefnd 1957. Hann átti lengi sæti á Alþ., var þm. Skagfirðinga á tímabilinu 1931—1959, þó ekki samfleytt, en hann sat á 26 þingum alls. Hann var kjörinn forseti sameinaðs Alþingis haustið 1949, en lét af því starfi 14. marz 1950, er honum var falin myndun ríkisstj. Var hann síðar forsrh. og félmrh. til 11. sept. 1953, en tók þá sæti landbrh. og félmrh. í nýrri ríkisstj., er sat til 24. júlí 1956.

Þótt hér hafi verið getið margra mikilvægra starfa Steingríms Steinþórssonar, er enn ótalið margt af því, sem hann vann á sviði landbúnaðarmála og annarra félagsmála. Á starfsárunum í Borgarfirði og Skagafirði kvað mjög að honum á vettvangi félagsstarfa í héraði, og var hann þar víða valinn til forustu. Eftir að hann gerðist búnaðarmálastjóri, var hann oft kvaddur til starfa í nefndum til að vinna að samningu lagafrv. um landbúnaðarmál. Hvarvetna þar, sem hann lagði hönd og hug að verki, þótti vel skipað málum.

Steingrímur Steinþórsson átti skammt ættir að rekja til gáfaðra og mikilhæfra manna og var gæddur mörgum beztu kostum ættar sinnar. Umhverfi það, sem hann ólst upp í, var þroskavænlegt gáfuðum og þróttmiklum unglingi. Bókmenning var þar mikil og ríkur áhugi á félagsmálum. Hann var vel að heiman búinn, er hann hóf búnaðarnám tvítugur að aldri, þótt efnahagur foreldra hans hafi verið fremur þröngur. Með atorku sinni og hæfileikum brauzt hann síðan áfram til frekara náms. Að námi loknu var honum ekki starfa vant, svo sem ráða má af því, sem rakið hefur verið hér að framan. Hann stundaði fjármennsku af alúð, meðan hann bjó sig undir utanferð, kennsla og skólastjórn fór honum með afbrigðum vel úr hendi, en um störf hans síðar í forustu landbúnaðarmála og þjóðmála er ekki þörf að fjölyrða, svo alkunnugt er, hvernig þau voru af hendi leyst.

Steingrímur Steinþórsson var svipmikill og skörulegur. Hann var vel máli farinn, rökfastur og fylgdi fast fram þeim málum, sem voru honum hugfólgin. Skapmaður var hann, en hafði vald á skapi sínu. Hann var ósérhlífinn samherji og drenglyndur andstæðingur, fús til samstarfs að þeim málum, sem hann taldi horfa til heilla. Við fráfall hans á bændastétt lands vors á bak að sjá mikilhæfum forustumanni og þjóð vor öll merkum þjóðskörungi.

Ég vil biðja hv. alþm. að votta Steingrími Steinþórssyni virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 25. fundi í Sþ., 24. febr., mælti

forseti (BF): Áður en gengið verður til dagskrár, vil ég minnast nokkrum orðum fyrrv. alþm., séra Sigurðar Einarssonar í Holti, sem lézt í gær í sjúkrahúsi hér í borg, 68 ára að aldri.

Sigurður Einarsson var fæddur 29. okt. 1898 á Arngeirsstöðum í Fljótshlíð. Foreldrar hans voru Einar bóndi þar og síðar í Móakoti í Garðahverfi Sigurðsson bónda á Fagurhóli í Landeyjum Einarssonar og kona hans, María Jónsdóttir bónda á Arngeirsstöðum Erlendssonar. Hann lauk stúdentsprófi frá menntaskólanum í Reykjavík vorið 1922, stundaði síðan guðfræðinám við Háskóla Íslands og lauk prófi snemma árs 1926. Þá um vorið varð hann sóknarprestur í Flatey á Breiðafirði, en fékk lausn frá því embætti síðla árs 1928. Snemma á því ári fór hann utan til námsdvalar og kynnti sér uppeldis- og skólamál í ýmsum löndum Evrópu um nær tveggja ára skeið. Hann var eftirlitsmaður með kennslu í æðri skólum 1929—1930, kennari við Kennaraskólann 1930—1937, dósent í guðfræði við Háskóla Íslands 1937—1944, skrifstofustjóri fræðslumálaskrifstofunnar 1944—1946 og loks sóknarprestur í Holti undir Eyjafjöllum frá 1946 til dauðadags. Jafnframt þessum aðalstörfum var hann fréttamaður erlendra frétta ríkisútvarpsins 1931—1937 og fréttastjóri ríkisútvarpsins 1937—1941. Í útvarpsráði átti hann sæti 1943—1947. Hann var landsk. alþm. fyrir Alþfl. 1934—1937, sat á fjórum þingum alls.

Sigurður Einarsson var þjóðkunnur af störfum sínum við ríkisútvarpið á fyrstu árum þess. Hann flutti þar mál sitt af þrótti og mælsku, og orðsins list lá honum létt á tungu. Þessum hæfileikum beitti hann í ríkum mæli í öllu ævistarfi sínu, í kennslustofum, útvarpi, í sölum Alþingis og í kirkjum. Hann var einarður og djarfmæltur og stóð fyrrum styrr um ýmsar skoðanir hans, er hann sótti mál sitt og varði í ritdeilum og kappræðum. Hann átti sæti í fjvn. og menntmn. Alþingis og lét þar mörg málefni til sín taka. Ritverk hans eru mikil að vöxtum og margvísleg. Hann samdi kennslubækur, ritgerðir um ýmis málefni líðandi stundar, skáldsögur og leikrit og orti ljóð. Einnig var hann mikilvirkur þýðandi erlendra bóka. Hann var víðförull og miðlaði löndum sínum óspart í ræðu og riti fróðleik um framandi lönd og þjóðir.

Sigurður Einarsson var afburða kennari og kennimaður, vinsæll og dáður af flutningi talaðs orðs í útvarpi og á öðrum vettvangi, snjall rithöfundur, ágætt skáld og skemmtilegur í viðræðum. Við fráfall hans á þjóð vor á bak að sjá miklum hæfileikamanni.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Sigurðar Einarssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

XI. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 12. fundi í Nd., 7. nóv., mælti

forseti (SB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 7. nóv. 1966.

Samkv. beiðni Matthíasar Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., sem er erlendis í opinberum erindum, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans, Oddur Andrésson bóndi, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Þorv. Garðar Kristjánsson."

Oddur Andrésson hefur áður átt sæti á Alþ. á þessu kjörtímabili, og kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Býð ég hann hér með velkominn til setu í hv. þd.

Á 14. fundi í Nd., 10. nóv., mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 9. nóv. 1966.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, mælist ég til þess, að sökum forfalla 1. varamanns taki 3. varamaður landsk. þm. Alþfl., Hilmar Hálfdánarson verðgæzlumaður, Egilsstöðum, sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni, og vísa ég í því sambandi til 138. gr. kosningalaga. Það skal tekið fram, að 2. varamaður landsk. þm. Alþfl., Pétur Pétursson forstjóri, situr nú á Alþ. í fjarveru Benedikts Gröndals.

Birgir Finnsson,

2. landsk. þm."

Enn fremur liggur fyrir svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 9. nóv. 1966.

Vegna mikilla anna í skyldustarfi mínu hef ég því miður ekki tök á að taka sæti á Alþ. næstu tvær vikur í forföllum Birgis Finnssonar alþm., og óska þess hér með, að næsti varamaður landsk. þm. Alþfl. verði kvaddur til setu á Alþ. í minn stað.

Virðingarfyllst,

Unnar Stefánsson.

Til forseta Nd."

Hilmar Hálfdánarson hefur áður átt sæti á Alþ. og hefur undirritað kjörbréf og býð ég hann því velkominn til að taka sæti að þessu sinni í hv. þd.

Á 15. fundi í Nd., 14. nóv., mælti

forseti (SB): Forseta hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 9. nóv. 1966.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opin-

berum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Hjörtur Eldjárn Þórarinsson bóndi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Ingvar Gíslason,
5. þm. Norðurl. e."

Hjörtur Eldjárn Þórarinsson hefur áður átt sæti á Alþ. og kjörbréf hans verið rannsakað. Ég leyfi mér því að bjóða hann velkominn til þingsetu í hv. þd.

Þá hefur enn fremur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. nóv. 1966.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Matthías Bjarnason,
11. landsk. þm."

Ragnar Jónsson skrifstofustjóri hefur áður átt sæti á Alþ. á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið rannsakað. Býð ég hann velkominn til þess að taka sæti í hv. þd.

Á 25. fundi í Nd., 12. des., mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 9. des. 1966.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Ragnar Guðleifsson kennari, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Emil Jónsson,
2. þm. Reykn."

Ragnar Guðleifsson hefur áður átt sæti á Alþ. á þessu kjörtímabili, og hefur kjörbréf hans verið rannsakað. Leyfi ég mér því að bjóða hann velkominn til setu í hv. þd.

Á 20. fundi í Sþ., 1. febr., mælti

forseti (BF): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 31. jan. 1967.

Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna veikinda, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Jón Kjartansson forstjóri, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Varamaður hv. 1. þm. Norðurl. v., Jón Kjartansson, hefur áður setið á þingi og kjörbréf hans verið rannsakað. Tekur hann nú sæti á þinginu í forföllum Skúla Guðmundssonar, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 37. fundi í Nd., 9. febr., mælti

forseti (BGr): Borizt hefur bréf:

„Samkv. beiðni Hannibals Valdimarssonar, 5. þm. Vestf., sem verður erlendis næstu vikur í opinberum erindum, leyfi ég mér að óska þess, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að 1. varamaður Alþb. í Vestfjarðakjördæmi, Steingrímur Pálsson símstöðvarstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru hans.

Lúðvík Jósefsson,
formaður þingflokks Alþb."

Steingrímur Pálsson hefur áður undirritað eiðstaf og kjörbréf hans verið samþ. Býð ég hann velkominn til starfa.

Á 49. fundi í Nd., 6. marz, mælti

forseti (BGr): Borizt hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Davíð Ólafsson,
6. landsk. þm."

Ragnar Jónsson hefur setið á þingi áður, og býð ég hann velkominn til starfa á ný.

Á 50. fundi í Nd., 7. marz, mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 6. marz 1967.

Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna veikinda, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Sverrir Hermannsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum.

Jónas Pétursson,
3. þm. Austf."

Sverrir Hermannsson viðskiptafræðingur hefur áður átt sæti á Alþ. á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið rannsakað. Ég leyfi mér að bjóða hann velkominn til setu í hv. þd.

Á 30. fundi í Sþ., 6. apríl, mælti

forseti (BF): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 5. apríl 1967.

Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna embættisanna heima í héraði, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Óskar Jónsson fulltrúi, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Benedikt Gröndal,
forseti Nd.

Til forseta Sþ."

Óskar Jónsson fulltrúi, varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, hefur áður átt sæti á Alþingi og kjörbréf hans verið rannsakað. Hann tekur nú sæti 4. þm. Sunnl. í forföllum Björns Fr. Björnssonar, og ég leyfi mér að bjóða hann velkominn til þingstarfa.

Á sama fundi var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 5. apríl 1967.

Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna sérstakra anna heima fyrir, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Jón Ísberg sýslumaður, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti Nd."

Kjörbréf Jóns Ísbergs liggur einnig hér fyrir, og vil ég leyfa mér að biðja kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert 10 mín. fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Jóns Ísbergs, varaþingmanns Sjálfstfl. í Norðurl. v., en kjörbréfinu hefur verið vísað til n. Kjörbréfanefnd mælir einróma með því, að kosning varaþingmannsins verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 33 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (BF): Jón Ísberg hefur nú undirritað eiðstaf og tekur sæti á Alþingi sem 2. þm. Norðurl. v. Leyfi ég mér að bjóða hann velkominn til þingstarfa.

Á 64. fundi í Ed., 14. apríl, mælti

forseti (SÓÓ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. apríl 1967.

Þar sem ég er á förum út á land í opinum erindagjörðum og get því ekki sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm., Alþfl., Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jón Þorsteinsson,
4. landsk. þm.

Til forseta Ed."

Unnar Stefánsson hefur áður átt sæti á þingi, og kjörbréf hans hefur verið rannsakað, og tekur hann því sæti hér í þessari hv. deild nú sem 4. landsk. þm., og býð ég hann velkominn til starfa.

XII. Kosningar.

1. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1968, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Ó. Ólafsson alþm. (A),
Halldór E. Sigurðsson alþm. (B),
Haraldur Pétursson safnhúsvörður (A).

2. Endurskoðendur Búnaðarbankans.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá **kosning tveggja endurskoðenda Búnaðarbanka Íslands til tveggja ára, frá 1. jan. 1967 til 31. des. 1968, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 48 1960, um breyt. á l. nr. 115 1941, um Búnaðarbanka Íslands.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á

hvorum. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Einar Gestsson bóndi (A),
Guðmundur Tryggvason fasteignasali (B).

3. Stjórn Áburðarverksmiðjunnar.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja manna í stjórn Áburðarverksmiðjunnar h/f til fjögurra ára, frá 6. febr. 1967 til jafnlengdar 1971, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 3. mgr. 13. gr. l. nr. 40 1949.**

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu tveir listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Pétur Gunnarsson tilraunastjóri (A),
Steingrímur Hermannsson verkfræðingur (B),
Tómas Vigfússon byggingameistari (A).

4. Endurskoðendur Landsbankans.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá **kosning tveggja endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. marz 1967 til jafnlengdar 1969, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. l. nr. 11 29. marz 1961, um Landsbanka Íslands.**

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Ragnar Jónsson skrifstofustjóri (A),
Guðbrandur Magnússon fyrrv. forstjóri (B).

5. Endurskoðendur Útvegsbankans.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá **kosning tveggja endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. marz 1967 til jafnlengdar 1969, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. l. nr. 12 1961.**

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Björn Steffensen endurskoðandi (A),
Karl Kristjánsson alþm. (B).

6. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá **kosning fimm fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þm. í Norðurlandaráð, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.**

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var kosningin tekin til meðferðar.
Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Sigurður Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Sigurður Ingimundarson; á B-lista Ólafur Jóhannesson, Ásgeir Bjarnason; á C-lista Einar Olgeirsson. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:
Sigurður Bjarnason alþm.,
Ólafur Jóhannesson alþm.,
Matthías Á. Mathiesen alþm.,
Sigurður Ingimundarson alþm.,
Ásgeir Bjarnason alþm.
Við kosningu varamanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Ólafur Björnsson, Jónas G. Rafnar, Birgir Finnsson; á B-lista Helgi Bergs, Jón Skaftason; á C-lista Hannibal Valdimarsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:
Ólafur Björnsson alþm.,
Helgi Bergs alþm.,
Jónas G. Rafnar alþm.,
Birgir Finnsson alþm.,
Jón Skaftason alþm.

7. Nýbýlastjórn.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá **kosning nýbýlastjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1967 til 31. des. 1970, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 24. gr. l. nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.**

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var kosningin tekin til meðferðar.
Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Benedikt Gröndal; á B-lista Jónas Jónsson, Haukur Jörundsson; á C-lista Ásmundur Sigurðsson. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:
Jón Pálmason fyrrv. alþm.,
Jónas Jónsson jarðræktarráðunautur,
Jón Sigurðsson fyrrv. alþm.,
Benedikt Gröndal alþm.,
Ásmundur Sigurðsson fyrrv. alþm.
Við kosningu varamanna komu fram þrír listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Gunnar Gíslason alþm. (A),
Haukur Jörundsson skólastjóri (B),
Jónas Pétursson alþm. (A),
Pétur Pétursson forstjóri (A),
Stefán H. Sigfússon búfræðingur (C).

8. Stjórn og endurskoðendur Byggingarsjóðs verkamanna.

Á 38. fundi í Sþ., 19. apríl, var tekin til meðferðar

kosning stjórnar Byggingarsjóðs verkamanna, fimm manna, og tveggja endurskoðenda reikninga sjóðsins, allra til 21. apríl 1970, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. og 9. gr. l. nr. 60 21. apríl 1962, um verkamannabústaði.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Gunnar Helgason, Eggert G. Þorsteinsson; á B-lista Eysteinn Jónsson, Þráinn Valdimarsson; á C-lista Finnbogi R. Valdimarsson. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþm.,
Eysteinn Jónsson alþm.,
Gunnar Helgason framkvæmdastjóri,
Eggert G. Þorsteinsson félmrh.,
Finnbogi R. Valdimarsson fyrrv. alþm.

ATKVGR.

Till. um kosningu varamanna samþ. með 50 shlj. atkv.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Pétur Sigurðsson alþm. (A),
Þráinn Valdimarsson erindreki (B),
Ragnar Kjartansson framkvæmdastjóri (A),
Björgvin Vilmundarson aðstoðarbankastj. (A),
Björn Jónsson alþm. (C).

Við kosningu endurskoðenda sjóðsins komu fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Bjarni Bachmann kennari (A),
Þórarinn Sigurðsson erindreki (B).

9. Orkuráð.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning fimm manna í orkuráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, til fjögurra ára, frá 1. júlí 1967 til jafnlengdar 1971, samkv. 69. gr. nýafgreiddra orkulaga.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Ingólfur Jónsson, Magnús Jónsson, Bragi Sigurjónsson; á B-lista Daníel Ágústínusson, Skúli Guðmundsson; á C-lista Einar Olgeirsson. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ingólfur Jónsson landbrh.,
Daníel Ágústínusson fyrrv. bæjarstjóri,
Magnús Jónsson fjmrh.,
Bragi Sigurjónsson bankastjóri,
Einar Olgeirsson alþm.

10. Úthlutunarnefnd listamannalauna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning sjö manna nefndar til að skipta fjárveitingu í fjárlögum til listamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. nýafgreiddra laga um listamannalaun, fyrir tímabilið frá gildistöku laganna til næsta þings að afloknum alþingiskosningum.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Andrés Björnsson lektor (A),
Halldór Kristjánsson bóndi (B),
Hjörtur Kristmundsson skólastjóri (A),
Magnús Þórðarson blaðamaður (A),
Andrés Kristjánsson ritstjóri (B),
Einar Laxness cand. mag. (C),
Helgi Sæmundsson ritstjóri (A).

11. Bankaráð Landsbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning varamanns í bankaráð Landsbanka Íslands til ársloka 1968 í stað Skúla Guðmundssonar, sem varð aðalmaður, er Steingrímur Steinþórsson fyrrv. forsrh. andaðist 14. nóv. 1966.

Aðeins einn maður var tilnefndur, og lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Kristinn Finnbogason framkvæmdastjóri.

12. Stjórn Sementsverksmiðjunnar.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning eins manns í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins til 6. febr. 1969 í stað Helga Þorsteinssonar framkvæmdastjóra, er andaðist í s. l. febrúarmánuði.

Aðeins einn maður var tilnefndur, og lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Daníel Ágústínusson fyrrv. bæjarstjóri.

13. Stjórn Kísiliðjunnar.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning þriggja fulltrúa ríkisins og jafnmargra varamanna í stjórn framleiðsluráðs Kísilgúrverksmiðjunnar h/f til fjögurra ára, frá 20. apríl 1967 til jafnlengdar 1971, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 3. gr. l. nr. 60 13. maí 1966, um breyt. á l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 21. maí 1964.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Magnús Jónsson fjmrh. (A),
Karl Kristjánsson alþm. (B),
Pétur Pétursson forstjóri (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með þremur nöfnum samtals. Sam-

kvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Ingvar Þórarinsson bóksali (A),
Stefán Sörensson lögfræðingur (B),
Einar M. Jóhannesson verksmiðjustjóri (A).

14. Nefnd til að athuga staðgreiðslukerfi opinberra gjalda.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning sjö manna nefndar, er haldi áfram athugun á því, hvort hagkvæmt muni að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. nýafgreiddri þál. um staðgreiðslu opinberra gjalda.**

Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Ólafur Björnsson prófessor (A),
Guttormur Sigurbjörnsson endurskoðandi (B),
Páll Lindal borgarlögmaður (A),
Guðjón Sigurðsson formaður Iðju (A),
Sigurður Ingi Sigurðsson oddviti (B),
Eðvarð Sigurðsson alþm. (C),
Sigurður Ingimundarson alþm. (A).

XIII. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Prófarkalestur:
Jón G. Friðjónsson, Björn Theódórsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Sigtryggur Jónsson (aðstoðarskjalavörður).

Lestrarsalsgæzla:
Halldóra B. Björnsson, Ingunn Jónsdóttir, Svanbjörg Einarsdóttir, Sesselja Sigurðardóttir.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Starfsmenn frá Radíó- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

Ræðuritun:
Fastavinna um þingtímann: Jón Ólafsson, Ásgeir B. Friðjónsson, Halldóra Jónsdóttir.
Tímavinna: Guðrún S. Gunnarsdóttir, Björg Sölvadóttir, Ragnhildur Smith, Erla Ólafsdóttir.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Einar Eymann (til 5. des.), Albert Guðmannsson, Guðjón Sigurjónsson, Jón Sumarliðason, Stefán Ólafsson, Baldur Guðmundsson, Markús Jónsson, Bjarni Einarsson, Jens Eyjólfsson, Ármann Kr. Eyjólfsson, Guðbrandur Benediktsson, Þórður Auðunsson (frá 1. febr.), Hannes Friðsteinsson (frá 1. febr.).

Þingsveinsstörf:
Loftur Ólafsson, Ólafur Arnalds, Guðmundur Kr. Jóhannesson, Jakob Gunnarsson, Trausti Þór Guðmundsson, Ólafur Ísleifsson, Páll Baldvinsson (til 30. nóv.), Ásgeir Gunnarsson (jan.—febr.), Gísli R. Ragnarsson (frá 31. jan.), Magnús S. Magnússon (til 16. jan.), Jón Friðgeirsson.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Ella Guðmundsdóttir, Sigurbjörn Björnsson.

Fatagæzla:
Kristín Ingileifsdóttir, Margrét Þórðardóttir, Margrét Benediktsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Bragi Steinarsson.

XIV. Þingfrestun og setning þings að nýju.

Á 33. *fundi í Ed., 17. des., mælti*

forseti (SÓÓ): Þetta verður síðasti fundur þessarar hv. d. fyrir þinghlé. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. þdm. ánægjulega samveru og samvinnu það sem af er þessu þingi. Ég óska þingmönnum utan af landsbyggðinni góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Ykkur öllum og fjölskyldum ykkar óska ég gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Sömu óskir færi ég öllu starfsfólki Alþingis. Megum við svo öll heil hittast að afloknu þinghléi.

Karl Kristjánsson: Ég leyfi mér að gerast svo djarfur fyrir hönd hv. þdm. að flytja hæstv. forseta þakkir fyrir hans hlýju kveðjuorð, sem hann flutti okkur. Ég vil fyrir okkar hönd þakka honum fyrir samstarfið og prúðmannlega og réttláta forsetastjórn. Ég vil óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Og ég vil svo að lokum lýsa þeirri ósk, að við megum öll hljóta gleðileg jól og fagnaðarríkt nýár og hittast heil hér í þingsölunum eftir þinghléið.

Ég bið ykkur, hv. þdm., að gjöra svo vel að taka undir efni þessara orða minna með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og

fjölskyldu minnar og endurtek óskir mínar til ykkar allra um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Á 34. fundi í Nd., 17. des., mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd., áður en þinghlé verður gert, leyfi ég mér að óska öllum hv. þdm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og nýárs. Enn fremur þakka ég hv. þm. ánægjulega samvinnu við mig sem forseta á þessu ári. Að lokum óska ég utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og læt í ljós þá von, að vér megum allir heilir hittast á nýju ári.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir vinsamleg orð og góðar óskir í okkar garð. Ég þakka honum gott samstarf við okkur á þessu þingi og góða fundarstjórn um leið og ég flyt honum og fjölskyldu hans óskir um gleðilega jólahátíð og gott og farsælt komandi ár.

Ég bið hv. þm. að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 5. þm. Austf. fyrir hlýleg orð í minn garð og minnar fjölskyldu og öllum hv. þm. fyrir að hafa tekið undir þau. Ég endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þdm. og segi fundinum slitið.

Á 19. fundi í Sþ., 17. des., mælti

forseti (BF): Það er nú komið að því, að störfum Alþingis verði frestað um sinn vegna jólahátíðarinnar og áramótanna. Ég óska öllum hv. þm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýja árinu. Ég þakka þeim samveruna og góða samvinnu á árinu, sem er senn á enda. Utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og ég óska þess, að við megum öll hittast hér heil, þegar þing verður kvatt saman til fundar á ný. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþ. óska ég einnig gleðilegra jóla og farsæls nýárs og þakka jafnframt vel unnin störf og ánægjulega samvinnu.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir hans í garð okkar alþm. Ég vil þakka honum fyrir árið, sem er að líða. Ég vil óska honum og hans fólki alls góðs á því ári, sem senn hefur göngu sína. Ég óska honum gleðilegra jóla og góðrar heimferðar og vona, að við eigum eftir að sjá hann hér heilan á húfi, þegar við tökum til starfa á ný á næsta ári.

Ég bið þingheim að taka undir þessi orð og þessar óskir í garð hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir vingjarnleg orð og hlýjar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. þm. öllum þakka ég fyrir undirtektir þeirra. Svo endurtek ég óskir mínar um gleðileg jól og farsælt nýár.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 87. löggjafarþings, frá 17. des. 1966 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til funda á ný eigi síðar en 1. febrúar 1967.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis, 87. löggjafarþings, er frestað frá 17. des., og verður þingið kvatt til funda á ný eigi síðar en 1. febr. 1967. Vonast ég þá til, að við hittumst allir heilir, glaðir og reifir.

Leyfi ég mér að árna hv. alþm. og starfsmönnum þingsins, svo og landslýð öllum, gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

Forseti (BF): Ég leyfi mér fyrir hönd þingheims að þakka hæstv. forsrh. jóla- og nýársóskir hans.

Á 20. fundi í Sþ., 1. febr., mælti

forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hinn 23. janúar 1967 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkv. till. forsrh., að Alþingi, 87. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar miðvikudaginn 1. febrúar 1967, kl. 14.00.

Gjört að Bessastöðum, 23. janúar 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar."

Samkv. þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta og hv. alþm. og starfsfólki Alþ. gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa á ný og læt í ljós þá ósk og von, að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (BF): Samkv. forsetabréfi því, sem hæstv. forsrh. hefur nú kunngjört, hefjast fundir Alþingis að nýju. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir hans í minn garð og hv. alþm., og ég óska honum og þingheimi öllum velfarnaðar á nýbyrjuðu ári.

XV. Þinghlé.

Á 56. fundi í Ed., 21. marz, mælti

forseti (SóÓ): Þetta verður síðasti fundur þessarar hv. d. fyrir páskahlé. Næsti fundur d. verður að öllu forfallalausu fimmtudaginn 6. apríl n. k. á venjulegum fundartíma og verður boðaður með dagskrá þá. Ég vil geta þess, hv. þdm. til athugunar, að gert er ráð fyrir, að þingfundir verði einnig 7. og 8. apríl, þ. e. föstudag og laugardag.

Ég óska ykkur öllum, hv. þdm., og fjölskyldum ykkar gleðilegrar páskahátíðar. Sömu óskir færi ég skrifstofustjóra og öðru starfsfólki Alþ. og fjölskyldum. Þm. utan af landi óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Og hittumst svo heil að þinghléi loknu.

Karl Kristjánsson: Ég leyfði mér að kveðja mér hljóðs til þess að taka mér leyfi til þess fyrir hönd hv. þdm. að þakka hæstv. forseta af alúð fyrir hans hlýju óskir í okkar garð. Um leið vil ég líka taka undir óskir hans til starfsfólks þingsins. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegra páska og segi svo: Njótum öll páskanna vel og hittumst hér heil að páskahléi loknu.

Ég bið ykkur, hv. þdm., að gera svo vel að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SóÓ): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir hans góðu óskir og hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar. Ég vil svo endurtaka óskir mínar til hv. þdm. um gleðilega páskahátíð. — Fundinum er slitið.

Á 58. fundi í Nd., 21. marz, mælti

forseti (SB): Þá er dagskrá þessa fundar þrotin. Næsti fundur hv. þd. verður væntanlega haldinn á venjulegum tíma fimmtudaginn 6. apríl og verður boðaður með dagskrá. Verða þá haldnir fundir í báðum þd. Enn fremur verða deildafundir föstudag og laugardag 7. og 8. apríl.

Þar sem þetta verður síðasti fundur hv. þd. fyrir páskahelgi, leyfi ég mér að óska öllum hv. þdm. gleðilegrar páskahátíðar. Utanbæjarþingmönnum árna ég góðrar heimferðar og heimkomu. Að lokum vil ég láta þá ósk í ljós, að hv. þdm. megi hér allir heilir hittast að loknu páskafríi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta hlýjar óskir í garð okkar þingmanna. Þá vil ég fyrir hönd þdm. þakka forseta gott samstarf og réttláta og röska fundarstjórn. Og það veit ég einnig, að ég mæli fyrir munn okkar allra þdm., að við óskum forseta og fjölskyldu hans gleðilegrar páskahátíðar og honum góðrar heimkomu. Og þess óskum við að lokum, að við megum allir heilir hittast, þegar þingið kemur aftur saman til starfa að loknu páskahléinu.

Ég vil biðja hv. þdm. að taka undir þessar þakkir mínar og óskir til forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir hlýjar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þær.

Ég endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þdm. og segi fundinum slitið.

XVI. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 73. fundi í Ed., 18. apríl, mælti

forseti (SóÓ): Þá er þessu þingi senn að ljúka, þingi, sem er hið síðasta á yfirstandandi kjörtímabili. Þetta verður síðasti fundur þessarar hv. d. fyrir þinglok. Í hönd fara kosningar til Alþingis. Margir af núv. alþm. koma til með að eiga sæti á næsta þingi, en þó eru nokkrir, sem hverfa nú af þingi, þar sem þeir verða ekki í kjöri við næstu kosningar. Og í þessari hv. d. munu vera nokkrir alþm., sem þannig er ástatt um. Þar sem ég er einn í þeirra hópi, sem ekki verða í kjöri við næstu alþingiskosningar, hef ég sérstaka ástæðu til að þakka hv. þdm. fyrir ánægjulega samveru og samvinnu á undanförnum árum. Þar má segja, að aldrei hafi fallið skuggi á. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka ykkur góða fundarsókn, stundvísi, umburðarlyndi við mig sem forseta og leiðbeiningar veittar, þegar eitthvað hefur farið úrhendis hjá mér í starfi. Þetta vildi ég segja við ykkur alla, hv. þdm. Þá vil ég þakka varaforsetum d. fyrir þá hjálp og aðstoð, sem þeir hafa veitt mér, þegar ég hef þurft á að halda. Skrifurum d. vil ég sérstaklega þakka þeirra ágæta starf, skyldurækni og stundvísi. Það má segja, að þeir hafi ávallt verið komnir í sæti sín, þegar fundir hefjast, og sem sagt ekki vikið frá nema óska leyfis. Þeir eiga ekki svo lítinn þátt í því, að þingstörf gangi greiðlega, og fyrir það ber að þakka, sem ég geri hér með. Þá vil ég þakka skrifstofustjóra Alþingis fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum, þakka honum leiðbeiningar mér veittar sem forseta

og alla samvinnu, sem hefur verið hin ánægjulegasta í alla staði. Öðru starfsfólki Alþingis öllu þakka ég góða og ánægjulega samvinnu. Að lokum vil ég óska ykkur, hv. þdm., og fjölskyldum ykkar og starfsliði Alþingis öllu gleðilegs komandi sumars og allra heilla í framtíðinni. Þm. utan af landsbyggðinni óska ég góðrar ferðar heim og ánægjulegrar heimkomu, og þeim ykkar, sem nú taka þátt í kosningabríðinni, óska ég góðs gengis.

Karl Kristjánsson: Vegir skiljast, eins og hv. forseti sagði, og býsna margvíslega, þannig er það allajafna við og við.

Ég vil fyrir hönd þd. þakka hæstv. forseta fyrir hans alúðlegu þakkar- og kveðjuorð. Hann hefur verið forseti þessarar d. í 8 ár, og ýmsir okkar hafa setið með honum hér í d. og verið undir stjórn hans öll þessi ár. Ég tel sérstaka ástæðu til þess að þakka honum fyrir einstaklega prúðmannlega forsetastjórn, sanngjarna og góða undir að búa, og ég óska honum og fjölskyldu hans allra heilla. Það er ekki nema augnablik til sumarsins. Við göngum út í sumarið, sumir til þess að stríða í kosningum. Ég sleppi öllum óskum í því sambandi, en hitt vil ég segja, að ég óska öllum — og vil mælast til, að þið gerið það að gagnkvæmum óskum — gleðilegs sumars og farsældar á komandi sumri. Ég tek undir óskir hæstv. forseta til starfsmanna Alþingis, árna þeim allra heilla á komandi sumri og þakka þeim góð störf. Svo bið ég ykkur, hv. þdm., að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir hlý og góð orð í minn garð og minnar fjölskyldu og þakka honum hans heillaóskir mér til handa. Ég þakka einnig hv. þdm. fyrir það að taka undir þessar óskir hans til mín og fjölskyldu minnar. Svo vil ég endurtaka það, að ég óska ykkur öllum, hv. þdm., gleðilegs sumars og góðs gengis í framtíðinni.

b. Í neðri deild.

Á 73. fundi í Nd., 18. apríl, mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd. að þessu sinni, leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. góða og drengilega samvinnu við mig sem forseta á liðnum vetri og því kjörtímabili, sem nú er á þrotum. Jafnframt leyfi ég mér að óska hv. þdm. og fjölskyldum þeirra alls velfarnaðar. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Að lokum vil ég óska öllum hv. þdm. gleðilegs sumars, árs og friðar.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Ég vil þakka honum fyrir gott samstarf við okkur þm. og góða og röggsamlega fundarstjórn. Ég vil óska honum og fjölskyldu hans gleðilegs og góðs sumars og bið hv. þm. um að taka undir óskir mínar til forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 5. þm. Austf. fyrir hlýleg orð í minn garð og minnar fjölskyldu og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þær, endurtek svo árnaðaróskir mínar í garð hv. þdm. og segi fundinum slitið.

XVII. Þinglausnir.

Á 39. fundi í Sþ., 19. apríl, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 10. okt. til 17. des. 1966 og frá 1. febr. til 19. apríl 1967, alls 147 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	73
Í efri deild	73
Í sameinuðu þingi	39
Alls	185

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	30		
b. — — efri deild	29		
c. — — sameinað þing	2		
		61	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	56		
b. Borin fram í efri deild	16		
		72	
			133

Í flokki þingmannafrumvarpa er talið 1 frumvarp, sem nefnd flutti að beiðni ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	48	
Þingmannafrumvörp	13	
		61
b. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga samþ.		1
c. Afgreitt með rökstuddri dagskrá:		
Þingmannafrumvarp		1
d. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	10	
Þingmannafrumvörp	60	
		70
		133

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi	49	
b. — — — neðri deild	3	
		52
Úrslit urðu þessi:		
a. Ályktanir Alþingis	11	
b. Ályktun neðri deildar	1	
c. Felld í neðri deild	1	
d. Afgreidd með rökstuddri dagskrá	1	
e. Ekki útræddar	38	
		52

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 30, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema	16
Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar nema fimm.	
Mál til meðferðar í þinginu alls	201
Tala prentaðra þingskjala alls	631

Síðan mælti

forseti (BF): Þetta yfirlit sýnir, að þingið hefur verið athafnasamt, og veit ég, að allir hv. þm. óska þess, þrátt fyrir skoðanamun í einstökum málum, að störf Alþ. verði þjóðinni til heilla og farsældar.

Við lok þessa kjörtímabils er þess að minnast, að meiri mannaskipti hafa orðið í hópi þm. en venjulegt er. Hafa 5 þm., sem hér áttu sæti við upphaf kjörtímabilsins, horfið úr hópnum, en þeir eru þessir: Ólafur Thors, 1. þm. Reykn., lézt 31. des. 1964. Sæti hans á Alþ. tók Axel Jónsson fulltrúi. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv., afsalaði sér þingmennsku eftir þinglok 12. maí 1965. Sæti hans á Alþ. tók Sveinn Guðmundsson vélfræðingur. Guðmundur Í. Guðmundsson, 4. landsk. þm., afsalaði sér þingmennsku 22. sept. 1965. Sæti hans á þingi tók Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti. Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v., afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. febr. 1966. Sæti hans á þingi tók Óskar E. Levý bóndi. Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm., afsalaði sér þingmennsku frá og með 12. apríl 1967. Sæti hans á Alþ. tók Ragnar Jónsson skrifstofustjóri. Hefur þannig komið maður í manns stað, og að afstöðnum þeim kosningum, sem í hönd fara, munu einnig verða veruleg mannaskipti á þinginu.

Þá hverfa héðan margir þjóðkunnir menn, sem lengi hafa haft forystu í stjórnmálabaráttunni og á fleiri sviðum þjóðlífsins. Sumir þeirra hafa um langt árabil sett sterkan svip á störf Alþ. og verður þeirra ávallt minnzt sem merkra manna og mikilhæfra. Veit ég, að ég mæli fyrir munn allra, sem enn hyggjast halda áfram þingmennsku, er ég óska hinum, sem nú draga sig í hlé, alls góðs í framtíðinni og votta þeim þakkir fyrir samveru og samstarf hér á Alþ.

Síðustu vikurnar hefur verið mikið annríki á þinginu, eins og oft vill verða í þinglok. Leyfi ég mér fyrir hönd þingforsetanna að þakka hv. alþm. hið ágæta samstarf, sem hefur leitt til þess, að unnt er að ljúka þinginu í dag. Einnig þakka ég hæstv. ríkisstj. og öllum hv. alþm. ágætt samstarf í hvívetna á þingtímanum og kjörtímabilinu. Ég þakka það traust, sem mér var sýnt með því að trúa mér fyrir forsetastörfum. Einnig þakka ég þingheimi fyrir það umburðarlyndi og hjálpsemi, sem ég hef orðið aðnjótandi við störf mín í þessu sæti. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum, sem jafnan hafa fúslega veitt mér hina ágætustu aðstoð. Ég þakka skrifurum þingsins eljusemi og kostgæfni í störfum, og skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþ. þakka ég fyrir mikið og gott starf og ánægjulega samvinnu. Öllum hv. þm. óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu. Megi þeim og fjölskyldum þeirra vel farnast. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis færi ég sömu óskir. Fyrir hönd Alþ. óska ég öllum Íslendingum heilla og farsældar og gleðilegs sumars.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð hans í garð þm. og árnaðaróskir. Ég flyt hæstv. forseta beztu þakkir fyrir ágætt samstarf á fundum Sþ. og góða samvinnu við þinghaldið. Ég flyt einnig hæstv. forseta og fjölskyldu hans hinar beztu árnaðaróskir okkar allra, óska honum góðrar heimferðar og gleðilegs sumars. Ég veit, að ég mæli þessi orð fyrir munn allra hv. alþm., og ég vil biðja þá að staðfesta það með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir hlý orð og vinsamleg í minn garð og minnar fjölskyldu og öllum hv. alþm. þakka ég þeirra undirtektir. Ég endurtek óskir mínar um gæfu og gengi þingheimi til handa á komandi sumri og um alla framtíð.

Nú tekur til máls forseti hæstaréttar, Gizur Bergsteinsson, fyrir hönd handhafa forsetavaldsins.

Forseti hæstaréttar (Gizur Bergsteinsson): Handhafar valds forseta Íslands hafa gefið út svofellt bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands samkv. 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsrh., forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar, gjöra kunnugt:

Þar eð Alþ. það, er nú situr, 87. löggjafarþing, hefur samþ. frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, ber samkv. 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi nú þegar og stofna til almennra kosninga að nýju.

Samkv. þessu er Alþingi hér með rofið frá og með 11. júní 1967. Jafnframt er ákveðið, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram nefndan dag, sunnudaginn 11. júní 1967.

Alþingi, er nú situr, mun væntanlega ljúka störfum 19. þ. m. Veitum vér hér með forseta hæstaréttar, Gizuri Bergsteinssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 87. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Gjört í Reykjavík, 19. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson,
Birgir Finnsson,
Gizur Bergsteinsson.

Bjarni Benediktsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um þingrof, almennar kosningar til Alþingis og þinglausnir.“

Samkv. þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég óska þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþm. að minnast forseta Íslands og fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Bjarni Benediktsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þm. undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.